Alþingi 1947.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1947, miðvikudaginn 1. október, var sextugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það 50. aðalþing í röðinni, en 82. samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigurjón Árnason steig í stólinn og lagði út af Lúk. 1. kap. 49.—50.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm.
2. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Benediktsson, 10. landsk. þm.
6. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
7. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm.
8. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
10. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Gísli Jónsson, þm. Barð.
14. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
15. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
16. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
17. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N.-M.
18. Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv.
19. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
20. Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm.
21. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv.
22. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
23. Jón Gíslason, þm. V.-Sk.
24. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
25. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
26. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
27. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
28. Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm.
29. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
30. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M.
31. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
32. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
33. Pétur Magnússon, 1. þm. Reykv.
34. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
35. Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv.
36. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
37. Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv.
38. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
39. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
40. Sigurjón Á. Ólafsson, 1. landsk. þm.
41. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
42. Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.
43. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
44. Steingrímur Aðalsteinsson, 6. landsk. þm.
45. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
46. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.

Ókomnir voru til þings:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
4. Hermann Jónasson, þm. Str.
5. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
6. Ólafur Thors, þm. G.-K.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls. Las hann upp forsetabréf, dags. 19. sept. 1947, er stefnir reglulegu Alþingi til fundar miðvikudaginn 1. október 1947.

Samkvæmt þessu forsetabréfi lýsti forseti yfir því, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Frá endurreisn Alþingis fyrir 104 árum er þetta 82. samkoma þess, en frá því er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 73 árum, er þetta þing hið 67. í röðinni, en 50. aðalþing.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.“

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, mælti: „Lifi Ísland.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forseti kvaddi nú elzta þingmanninn, Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings. Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls, tók við fundarstjórn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., og Skúla Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Minning látinna þingmanna.

Aldursforseti (BK): Frá því að síðasta þing sleit hafa tveir alþingismenn látizt, þeir Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyfirðinga, sem var einn margra, er fórust, þegar flugslysið mikla varð nálægt Héðinsfirði 29. maí síðastliðinn, 5 dögum eftir þinglausnir, og Ingvar Pálmason, fyrri þm. Sunnmýlinga, sem andaðist að heimili sínu í Neskaupstað 23. júní síðastl. — Um leið og þingið tekur nú til starfa vil ég minnast þessara manna nokkrum orðum.

Garðar Þorsteinsson fæddist 29. október 1898 að Víðivöllum í Fnjóskadal, sonur Þorsteins bónda og skipstjóra, síðar í Svínárnesi, Gíslasonar bónda í Hrísgerði í Fnjóskadal Jónssonar og konu hans Maríu Guðrúnar Guðjónsdóttur bónda á Þórustöðum í Kaupangssveit Einarssonar.

Garðar lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1917 og stúdentsprófi í Reykjavík 1920, settist síðan í lagadeild háskólans og lauk þar lögfræðiprófi 1925. Næstu 7 árin gegndi hann fulltrúastarfi í málaflutningsmannsskrifstofu hér í bænum, en 1932 varð hann hæstaréttarlögmaður og setti á fót sjálfstæða skrifstofu, sem hann stjórnaði síðan. Hann gerðist brátt jafnframt lögfræðistörfunum ötull og umsvifamikill fésýslumaður, átti m. a. þátt í ýmsum útgerðarfyrirtækjum og var annar aðaleigandi kvikmyndahússins Gamla Bíó í Reykjavík. Um skeið, 1933, var hann settur borgarstjóri í Reykjavík. Landskjörinn þingmaður var hann 1934—1942, en síðan 2. þm. Eyfirðinga til dauðadags og átti því sæti á Alþingi í samtals 13 ár.

Garðar Þorsteinsson var maður vel viti borinn, góður lögfræðingur og hygginn fjármálamaður. Á þingi var hann enginn málrófsmaður, en einbeittur í skoðunum og ljós og rökvís í ræðum, beitti sér fyrir fjölmörgum hagsmunamálum héraðs síns og var laginn að koma þeim fram, enda leitaði hann um þau samstarfs jafnt við andstæðinga sína sem flokksbræður. Síðustu árin var hann fyrri varaforseti neðri deildar og gegndi störfum aðalforseta í fjarveru hans síðustu vikur þingsins í vor sem leið, þegar stórmálin hrúguðust upp til umræðu og meðferðar í deildinni, en aformað var að slíta þinginu fyrir hvítasunnu. Oss þingmönnum er minnisstæður dugnaður hans þá og skörungsskapur í fundarstjórn og glöggskyggni í úrskurðum, samfara lipurð og sanngirni á alla bóga.

Vér hörmum sviplegt fráfall þessa manns á bezta aldri.

Ingvar Pálmason fæddist 26. júlí 1873 á Litla-Búrfelli í Ásum í Húnavatnssýslu, sonur Pálma bónda þar, síðar á Yztagili í Langadal, Sigurðssonar bónda í Rugludal Helgasonar, og konu hans Guðrúnar Bjargar Sveinsdóttur bónda á Yztagili Jónssonar. Eftir fermingaraldur fór Ingvar í vinnumennsku og var annarra hjú næstu 10 árin, fluttist á þeim árum, 1891, að Nesi í Norðfirði, reisti þar bú 1896 að Ekru og rak það til dauðadags, en lagði jafnframt stund á útgerð lengst af. Hann gerðist brátt einn helzti forvígismaður sveitunga sinna þar eystra í félagsmálum, og fólu þeir honum hvers konar trúnaðarstörf. Hann var hreppsnefndarmaður og síðar bæjarfulltrúi á Nesi í Norðfirði 1901—1938 og oddviti hreppsnefndar um langt skeið. Sýslunefndarmaður var hann í rúm 20 ár. Hann átti og þátt í stofnun ýmissa framfarafyrirtækja, svo sem Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga árið 1905 og Ishúsfélags Norðfirðinga 1921, var formaður þeirra lengst af. Hann var og einn af stofnendum Sparisjóðs Norðfjarðar 1920 og átti upp frá því sæti í stjórn sjóðsins. Sunnmýlingar kusu hann á þing 1923, og var hann fulltrúi þeirra síðan til dauðadags eða í samfleytt 24 ár, en sat ekki á síðari hluta aukaþings 1946 né á aðalþinginu 1946—47 sakir heilsubrests. Aldursforseti þingsins var hann síðustu 10 árin. Af öðrum störfum, er hann hafði á hendi, má nefna, að hann var einn þriggja framkvæmdastjóra Síldareinkasölu Íslands 1928—30.

Ingvar Pálmason var í senn ötull fulltrúi bænda og sjávarútvegsmanna. Hann átti sæti í sjávarútvegsnefnd öll þau ár, sem hann sat á þingi, og lét mjög til sín taka í margháttaðri löggjöf um fiskveiðimál, enda var hann þeim hnútum kunnugur af langri reynslu. Góðvild, rósemi, gætni og prúðmennska einkenndu alla framkomu hans. Í ræðum sínum á þingi hélt hann sér jafnan við efni málanna. Þó að hann væri fastur fyrir og hvikaði ekki frá skoðunum, var hann orðvar og óáleitinn, enda lenti hann sjaldan í illvígum orðasennum.

Sunnmýlingar eiga á bak að sjá mikilhæfum málsvara og forustumanni þar sem Ingvar Pálmason er, og öllum þykir oss skarð fyrir skildi, er þessi hógláti og virðulegi fulltrúi er horfinn úr þingsölunum, þar sem hann átti svo lengi sæti.

Ég vil biðja hv. þingmenn að votta minningu þessara látnu þingbræðra vorra virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Að þessu loknu mælti

aldursforseti (BK): Þinginu hefur borizt skeyti frá hv. 3. landsk. þm., svo hljóðandi:

„Get því miður ekki komið fyrr en á laugardag.
Hannibal Valdimarsson.“

Rannsókn kjörbréfs.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁÁ, ÁS, EmJ, GJ, GÞG, HV, JPálm, JJ, KTh, LJós, ÓTh, PÞ, PM, SB, SG, SK, SÁÓ, StgrA.

2. kjördeild:

ÁkJ, BG, BBen, EOl, EystJ, HermG, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, PZ, PO, SigfS, ÞÞ.

3. kjördeild:
BSt, BÁ, BK, BrB, EE, FJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Jóns Gíslasonar, þm. V.-Sk., og fékk 3. kjördeild kjörbréfið til rannsóknar.

Varð nú fundarhlé í 5 mínútur, er kjördeildin gekk út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum haldið áfram.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): 3. kjördeild hefur rannsakað kjörbréf hins nýja þm. V.-Sk., Jóns Gíslasonar, og hefur ekki fundið neitt við það að athuga. Leggur hún því til, að kosning hans verði tekin gild.

ATKVGR.

Samþ. með 36 shlj. atkv. að taka gilt kjörbréfið.

Drengskaparheit unnið.

Síðan undirritaði hinn nýi þm. drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Aldursforseti (BK): Ríkisstj. hefur óskað þess, að ekki verði gengið til forsetakjörs í dag. Verður það sennilega á morgun og þá auglýst með dagskrá. Fleira verður ekki tekið fyrir að þessu sinni.

Fimmtudaginn 2. október, kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið. Áki Jakobsson, þm. Siglf., og Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., voru nú til þings komnir, og sóttu fundinn allir þingmenn, sem til þings voru komnir.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sigurð Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Kosning forseta.

Þá lét aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.,

með 25 atkv., en 23 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 21 atkv. — Finnur Jónsson, þm. Ísaf., fékk 1 atkv., en 26 seðlar voru auðir. [Fundarhlé.]

Þá var kosinn annar varaforseti

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 23 atkv., en 22 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SK, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu fjórir listar. Á A-lista var ÁÁ, á B-lista HermJ, á C-lista SG og á D-lista LJóh og ÞÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Lárus Jóhannesson,
Hermann Jónasson,
Sigurður Guðnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 4. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Gísli Jónsson (D),
Helgi Jónasson (B),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Sigurður Kristjánsson (D),
Sigurjón Á. Ólafsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Pétur Ottesen (D),
Lúðvík Jósefsson (C),
Ingólfur Jónsson (D).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Ólafur Thors (D),
Hermann Jónasson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Pétur Magnússon (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Gunnar Thoroddsen (D).

Varamenn:
Bjarni Benediktsson (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Jóhann Jósefsson (D),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Jóhann Hafstein (D).

3. Allsherjarnefnd.

Ingólfur Jónsson (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Jón Sigurðsson (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Jón Gíslason (B),
Sigurður Bjarnason (D).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu fjórir listar, er á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Sigurður E. Hlíðar (D),
Hannibal Valdimarsson (A).

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Birni Kristjánssyni. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Benediktsson, 10. landsk. þm.
4. Björn Kristjánsson, þm. N-Þ.
5. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm.
6. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
7. Gísli Jónsson, þm. Barð.
8. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
9. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
10. Hermann Jónasson, þm. Str.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
14. Pétur Magnússon, 1. þm. Reykv.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 1. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 6. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Allur þorri þdm. var á fundi. Hermann Jónasson var ókominn til þings.

Aldursforseti frestaði fundi samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar.

Föstudaginn 3. okt., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Eirík Einarsson og Bernharð Stefánsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 9 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 3 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.,

með 8 atkv. — Páll Zóphóníasson fékk 2 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.

með 8 atkv. — Páll Zóphóníasson fékk 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BK, á B-lista EE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Björn Kristjánsson, þm. N-Þ., og
Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Forseti (BSt): Ég legg til, að sætahlutun verði látin niður falla að þessu sinni og þingdeildarmenn haldi þeim sætum, sem þeir hafa þegar tekið sér. Mun ég leita afbrigða fyrir till.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 7:2 atkv. og till. sjálf samþ. með 7:2 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 4. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (BSt): Það hefur verið venja á allmörgum undanförnum þingum, að fimm menn hafa verið kosnir í hverja n. Ef enginn ber fram till. um annað, mun því einnig verða fylgt nú.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Pétur Magnússon (D),
Hermann Jónasson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Eiríkur Einarsson (D),
Björn Kristjánsson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Eiríkur Einarsson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Jónsson (D),
Björn Kristjánsson (B),
Pétur Magnússon (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Sigurjón Á. Ólafsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Jónsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Sigurjón Á. Ólafsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Lárus Jóhannesson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Gísli Jónsson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Pétur Magnússon (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Eiríkur Einarsson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Áki Jakobsson, þm Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
10. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
11. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
12. Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv.
13. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
14. Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm.
15. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
16. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv.
17. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
18. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
19. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
20. Jónas Jónsson, þm. S-Þ.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm.
23. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
24. Ólafur Thors, þm. G-K.
25. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
26. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
27. Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv.
28. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
29. Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv.
30. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
31. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema þm. S-Þ (JJ) og þeir tveir deildarmenn, sem ókomnir voru til þings (þm. V-Ísf. (ÁÁ) og þm. G-K. (ÓTh)).

Aldursforseti deildarinnar, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ingólf Jónsson, 2. þm. Rang., og Pál Þorsteinsson, þm. A.-Sk.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosninguna varð að þrítaka. Við fyrstu atkvgr. hlaut Barði Guðmundsson 14 atkv., Jörundur Brynjólfsson 11 atkv. og Sigfús Sigurhjartarson 6 atkv., en einn seðill var auður.

Þar sem enginn hafði hlotið meira en helming greiddra atkvæða, lét forseti endurtaka kosninguna, og hlaut þá Barði Guðmundsson 14 atkv., Jörundur Brynjólfsson 10 atkv., Sigfús Sigurhjartarson 6 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þar sem enginn hafði enn fengið meira en helming greiddra atkvæða, lét forseti fram fara bundna kosningu um þá tvo, er flest atkv. höfðu fengið. Hlaut kosningu

Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.,

með 15. atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk 10 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og frestaði fundi samkv. ósk ríkisstjórnarinnar.

Föstudaginn 3. okt., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið.

Var þá fyrst gengið til kosningar fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.,

með 9 atkv. — 19 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

Því næst fór fram kosning annars varaforseta. Kosinn var

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 14 atkv. — Skúli Guðmundsson fékk 9 atkv., 9 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, en á B-lista IngJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og
Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Einar Olgeirsson,
9. — — Hermann Guðmundsson,
10. — — Sigurður Bjarnason,
11. — — Sigurður E. Elíðar,
12. — — Gylfi Þ. Gíslason,
13. — — Áki Jakobsson,
14. — — Katrín Thoroddsen,
15. — — Finnur Jónsson,
16. — — Halldór Ásgrimsson,
17. — — Sigfús Sigurhjartarson,
18. — — Sigurður Kristjánsson,
19. — — Stefán Stefánsson,
20. — — Sigurður Guðnason,

21. sæti hlaut Pétur Ottesen,
22. — — Lúðvík Jósefsson.
23. — — Jón Gíslason,
24. — — Jörundur Brynjólfsson,
25. — — Helgi Jónasson,
26. — — Hallgrímur Benediktsson,
27. — — Ásgeir Ásgeirsson.
28. — — Ólafur Thors,
29. — — Steingrímur Steinþórsson,
30. — — Jóhann Hafstein,
31. — — Jón Sigurðsson,
32. — — Skúli Guðmundsson,
33. — — Jón Pálmason,
34. — — Gunnar Thoroddsen,
35. — — Jónas Jónsson.

1. Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 4. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram fjórir listar, A, B, C og D, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Thors (D),
Skúli Guðmundsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Hallgrímur Benediktsson (D).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (D),
Jón Gíslason (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Barði Guðmundsson (A),
Stefán Stefánsson (D).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Pálmason (D),
Steingrímur Steinþórsson (B),
Sigurður Guðnason (C),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Jón Sigurðsson (D).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Kristjánsson (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Áki Jakobsson (C),
Finnur Jónsson (A),
Pétur Ottesen (D).

5. Iðnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Hermann Guðmundsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Sigurður E. Hlíðar (D).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður E. Hlíðar (D),
Helgi Jónasson (B),
Katrín Thoroddsen (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Jóhann Hafstein (D).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Barði Guðmundsson (A),
Sigurður Bjarnason (D).

8. Allsherjarnefnd.
Jóhann Hafstein (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Áki Jakobsson (C),
Finnur Jónsson (A),
Stefán Stefánsson (D).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Útgáfa krónuseðla.

Á 1. fundi í Ed., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 44).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv. krefst ekki langrar framsögu. Það er, eins og frv. hér á undan, lagt fram til staðfestingar brbl. áður útgefnum. Breyt. miðar að því að tvöfalda þá fúlgu, sem gefin er út í krónuseðlum. Það leiðir af sjálfu sér, að eftir því sem kaupmáttur krónunnar er minni, því fleiri peninga þarf að hafa í gangi. Ég vildi hér einnig gera það að till. minni, að seðlarnir yrðu hafðir úr betra efni, því að úr því efni, sem þeir eru nú, verða þeir að druslum í vösum manna og pyngjum, nema því betur sé með þá farið. Annars er fjhn. sammála um að mæla með frv. óbreyttu, og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 84).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar og skilað um það nál. á þskj. 84. Frsm. n. í þessu máli var kosinn hv. 3. þm. Reykv., en hann er nú fjarstaddur, hefur fjarvistarleyfi, og hefur beðið mig að gera grein fyrir till. n.

Frv. er um það, að í stað þess að heimilt er samkv. l. frá 1941 að gefa út krónuseðla að upphæð samtals 500 þús. kr., megi upphæðin vera 1 millj. kr., og voru sett um þetta brbl. 8. júlí s. l. Brbl. munu hafa verið sett vegna þess, að hæstv. fjmrh. taldi, að vegna vöntunar á skiptimynt yrði ekki hjá því komizt að auka þessa krónuseðla í umferð. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessir krónuseðlar verði innleystir, þegar málmskiptimynt er nægjanleg. Og samkvæmt því, sem segir hér á þskj. 4 í grg. ríkisstj., sem fylgt hefur brbl., á ráðuneytið í pöntun einnar og tveggja króna peninga, sem gert er ráð fyrir, að komi til landsins í haust eða innan skamms.

Ég sé ekki, að þörf sé að skýra þetta mál nánar, en n. leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 112).

2. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum (stjfrv., A. 21).

Á 5. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 41).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — N. hefur athugað þessi brbl., sem sett voru í sumar vegna nauðsynjar. Það var svo, að sú n., sem átti að ákveða afurðaverð eftir l. um framleiðsluráð landbúnaðarvara, markaðsverð o. fl., var ekki búin með álit sitt og till., þegar 1. ágúst kom. En svo er ráð fyrir gert í þeim l. Varð því óumflýjanlegt að veita frest. Og þessi breyt. er innifalin í því, að ekki er gert ráð fyrir, að nauðsynlegt sé að ljúka þessum störfum fyrr en 30. ágúst.
Þá er það svo um 7. gr., að ef það reynist nauðsynlegt að slátra sauðfé til að fullnægja eftirspurn neytenda fyrir 15. sept., þá skuli það verð, sem búið er að ákveða sem haustverð, lagt til grundvallar, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu. Þetta lá ekki fyrir í haust. Þess vegna var 2. gr. breytt, og á þá leið, að bæta við ákvæðinu um framleiðslukostnaðinn í 3. línu gr. Að öðru leyti er hún óbreytt frá því, sem var í l. áður.
Nú mætti segja, að þó að breyt. þessi hafi verið nauðsynleg í sumar, sé óvíst, að þörf sé þessarar breyt. fyrir framtíðina, l. séu búin að gera sitt gagn. En maður veit ekki, hvað framtíðin ber í skauti sínu. Og þar sem ekki kemur að neinni sök, hvernig sem á allt er litið, þó að þessi breyt. sé sett í l., sá n. ekkert athugavert við þetta og leggur þess vegna til, að þetta frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., 28. okt., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 21, n. 85).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa mörg orð um frv. þetta, sem er staðfesting á brbl., sem ríkisstj. setti í sumar, og frv. hefur gengið í gegnum hæstv. Ed. óbreytt. Eins og hv. þm. sjá, þá er fyrri l. svo breytt í þessu frv., að færður er aftur sá tími, sem ákveðið var, að verðlag á landbúnaðarafurðum ætti að ganga í gildi. Landbn. beggja þingd. hafa orðið sammála um að leggja til, að staðfesting þessara brbl. verði samþykkt, og leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 21, 106).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. — Milli umræðna hefur landbn. gert brtt. við þetta frv., sem er á þskj. 106 og útbýtt nú meðal dm. Þessi brtt. er fram komin vegna þess, að framleiðendur eggja og sölusamlag eggjaframleiðenda höfðu farið fram á það, að framleiðsluráð landbúnaðarins tæki að sér verðskráningu á eggjum á sama hátt og flestum öðrum landbúnaðarafurðum. Fulltrúi frá þessum samtökum talaði við landbrh. um að flytja þetta mál. Ráðh. talaði við landbn., og féllst n. á, að sjálfsagt væri að heimila í l., að hægt væri að koma eggjaframleiðslunni undir verðlagsákvæði þessara l. Varð samkomulag innan n., að hægt væri að gera það á þann hátt að bæta aftan við 34. gr. l. frá í fyrra um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl. Þessi málsgr., eins og hún hljóðar, er um það, að heimilt sé að ákveða með reglugerð, að sölusamlög eggja- og grænmetisframleiðenda geti komið undir verðlagsákvæði þarna. N. taldi, að úr því að farið væri að heimila, að undir ákvæði l. kæmi landbúnaðarframleiðsla, sem ekki var ákveðið fyrr, þá ætti það að taka meira en til eggjanna og þá sömuleiðis til grænmetis. Þó eru

kartöflur verðlagðar af framleiðsluráði eins og nú er. Eins og till. ber með sér, þá er það á valdi landbrh. í samráði við framleiðsluráð að ákveða þetta.

Ég vil geta þess, að það er einnig ósk frá eggjaframleiðendum, að eiga fulltrúa í framleiðsluráði. N. taldi það ekki fært, að taka það upp að svo komnu máli, vildi hins vegar láta það fylgja, að rétt þætti, að þessir framleiðendur hefðu fulltrúa í framleiðsluráði, þegar verðlögð er þeirra framleiðsla, án þess að þeir hafi atkvæðisrétt. Það er ástæðulaust að taka það upp í l., en álit n. er, að það sé sett með reglugerð, ef það verður heimilað, sem hér er farið fram á.

Ég hef ekki fleira að segja, en mæli með, að þessi brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 106 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 113).

Á 20. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Þetta frv. er komið hér á ný, eftir að nokkrar breyt. hafa verið gerðar á því í Nd., sem sjá má á 3. gr. frv., sem er breyt. við 34. gr. l. Í henni felst, að ráðið geti verðlagt egg og grænmeti, ef eggjasamlag óskar þess og stjórn sölufélags garðyrkjumanna óskar þess. Þetta var ekki í l. í upphafi. Hvað grænmeti snertir, þá er það þannig vara, að það hlýtur að þurfa að breyta verði á því mjög oft, eins og aðstæður eru nú. Grænmeti eru vörur, sem þola mjög skamma geymslu og leiðir það af sér, ef mikið berst á markaðinn, að lækka þarf verðið til þess að reyna að tryggja sem fljótasta sölu þess. Hefur því af eðlilegum ástæðum verið haldið fram, að framleiðsluráðið hefði ekki tök á því að ákveða verð á grænmeti, að hækka og lækka verð þess með svo skömmu millibili, sem stundum mundi vera þörf. Hefur því þess vegna verið haldið fyrir utan. Hins vegar ef framleiðendur eða sölusamtök þeirra óska þess, að framleiðsluráðið ákveði verð á þessum vörum, þá er það heimilt eftir þessa breytingu. Sama er með eggin, að þau eru vara, sem mjög mismikið hefur verið af á markaðinum og því misjöfn eftirspurn og misjafnt verð á; þau ýmist lækka eða hækka. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að hyggilegt mun vera að láta vöruverð ekki breytast mikið, þótt nokkur mismunur verði á eftirspurninni. Vandalaust er að hækka vöruverð, en venjan hefur verið sú að hreyfa vöruna ekki, þótt eftirspurn hafi aukizt um stund. Gagnstætt þessu er þó um margar aðrar vörur en landbúnaðarvörur, og getur oft verið um mjög skiptar skoðanir að ræða. Margur telur réttara að selja t. d. mjólk hærra verði að haustinu en setja hana svo niður síðari hluta vetrar, þegar mjólkurmagnið vex. Ég hef alltaf fylgt föstu verði í því efni, þótt það sé fráhverft sjónarmiði framleiðenda, sem vilja fá sem mest upp úr sinni vöru. — Og það er vitað mál, að það mætti selja mjólk miklu hærra verði hér í Reykjavík nú en gert er. Það er því rétt að gera sér það ljóst, að ef landbúnaðarvörurnar væru frjálsar, þá yrði verð þeirra meira hreyfanlegt. Aftur á móti hef ég oft greitt atkv. á móti því, að verðskráning landbúnaðarvaranna færi eftir framboðinu, og mitt atkv. hefur stundum ráðið hér um. Þótt ég hafi látið þessi orð falla, þá er ég ekki á móti frv. og legg til, að það verði samþ., en hv. landbn. hefur ekki tekið málið fyrir, síðan það var afgreitt frá Nd., og veit ég því ekki um skoðun hv. nm.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega, en ef frv. verður samþ. nú, þá finnst mér óheppilegt orðalag í niðurlagi 3. gr. frv., og leyfi ég mér að leggja fram skriflega brtt., að í stað orðanna „ákveðið það í samráði við framleiðsluráð með reglugerð“ komi: ákveðið það með reglugerð í samráði við framleiðsluráð. — Þetta er aðeins orðalagsbreyting.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við frv., sem hér liggur fyrir, frá hv. þm. Barð., við 3. gr., að í stað orðanna „í samráði við framleiðsluráð með reglugerð“ í niðurlagi gr. komi: með reglugerð í samráði við framleiðsluráð. — Þessi brtt. þarf afbrigði vegna þess að hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Ástæðan til þess, að þessi nýja gr. er komin inn í þetta frv., er sú, að fyrir nokkru, þegar málið var langt áleiðis komið í hv. Ed., komu til okkar á fund menn úr stjórn eggjasölusamlagsins, sem nær hér yfir Reykjavík og nágrenni og austur um sveitir, og er sá félagsskapur alltaf að ná yfir stærra og stærra svæði. Þessir menn óskuðu eftir því, að framleiðsluráði yrði falið að hafa með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra. Þeir færðu fyrir því ýmis rök. Ég tók þessari málaleitun þeirra vel og lagði hana fyrir hv. landbn. Nd., sem féllst á að taka þessa heimild inn í l.

Þeir fóru nú fram á það að vísu um leið, að þegar þetta væri ákveðið, þá væri um leið ákveðið, að þeir fengju sinn fulltrúa inn í framleiðsluráð, en hv. landbn. og ég vorum sammála um, að það væri of mikil röskun á þessu fyrirkomulagi að taka slíkt inn í l., en þeim var bent á, að það væri sjálfsagt, að þegar mál eggjaframleiðenda væru til meðferðar í framleiðsluráði, ættu þeir þar fulltrúa til þess að flytja sitt mál þar. Við töldum, að slíkt væri hægt að ákveða með reglugerð, en ekki beint ástæða til þess að ákveða það með l.

Það er rétt, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. N.-M., að þegar þessi mál voru í undirbúningi, þá var talað um það, hvort ætti að taka grænmetisframleiðsluna og jafnvel eggjaframleiðsluna inn í þessi sölumeðferðarákvæði. En það þótti þó réttara á þessu stigi málsins að sleppa þessu hvoru tveggja, og ekki sízt grænmetisframleiðslunni, af þeirri ástæðu, sem hv. þm. tók fram, að á

vissum tímum er svo mikil og stöðug breyting á verðlagi grænmetis eftir því, hve mikið berst á markaðinn, að það þarf oft að setja vöruna niður, af því að hún þolir ekki geymslu og verður að seljast fljótlega. Það þótti því of þunglamalegt að fela framleiðsluráði verðskráningu á þessari vöru. Hitt þótti þó rétt, úr því að ósk kom um það frá eggjaframleiðendum, að taka þetta inn á verksvið framleiðsluráðs, að um leið væri gefið leyfi til þess, að grænmetisframleiðslan yrði verðskráð á sama hátt, ef óskir um það kæmu síðar frá sölufélagi grænmetisframleiðenda, þó að það sé ekki vitanlegt nú sem stendur, að búizt sé við þeirri ósk. Það var rætt um það á sínum tíma, að ef grænmeti væri tekið til verðskráningar, þá væri á sama hátt og með eggjaframleiðendur fulltrúum grænmetisframleiðenda gefinn kostur á því, þó að þeir ættu ekki sæti í framleiðsluráði, að mæta á fundum þess til leiðbeiningar og tillagna, ef slík mál kæmu þar til meðferðar. Ég vildi aðeins skýra frá því, hvers vegna þessi gr. er komin í frv.

Ég skal taka það fram, að brtt. hv. þm. Barð. tel ég sjálfsagða orðalagsbreytingu, en þar er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, því að það er sama sem vakir fyrir hv. þm. og n., og tel ég orðalag brtt. betra. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að taka þetta sem leiðréttingu á orðalagi, til þess að ekki þurfi að flækja málinu til annarrar d. vegna þessarar sjálfsögðu breytingar.

Forseti (BSt): Ég álít rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði, að í þessari skriflegu brtt. felst engin efnisbreyting, og mun því mega skoða hana sem aðeins leiðréttingu á orðalagi, og ætti að mega skoða það samþ. svo án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég get vel tekið brtt. til baka, með því að hæstv. forseti hefur lýst því yfir, að hann geti látið gera þessa leiðréttingu á gr. án atkvgr. Ég sé því ekki ástæðu til annars en að taka þessa brtt. til baka.

Forseti (BSt): Eins og ég tók fram áðan, álít ég, að megi skoða þetta sem leiðréttingu, og mun ég sjá um, að breytt verði í skjalaparti orðaröðinni í niðurlagi 3. gr. á þskj. 113 í samræmi við brtt. En ef óskað er eftir, að brtt. verði borin undir atkv., þá er það sjálfsagt. (GJ: Ég óska ekki eftir því.)

ATKVGR.
Skrifl. brtt. tekin aftur.
Frv. (með orðaraðarbreyt. í niðurlagi 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 118).

3. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum (stjfrv.).

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum (stjfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 22, n. 40).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er um frv. þetta að segja, að landbn. tók það til athugunar og fékk á fund með sér formann verkfærakaupan. Frv. þetta liggur nú fyrir þannig breytt, vegna þess að n. taldi það ekki koma til mála að veita tvisvar sinnum styrk úr ríkissjóði til kaupa á sama verkfæri. Hins vegar er þörf mikil á því að ná í sem mest af ræktunaráhöldum í þágu landbúnaðarins, og mér er tjáð, að eitthvað sé til af notuðum verkfærum hjá hernum, og mundu þau fáanleg. Mér virðist, að ekki sé hægt að setja sig á móti því, að styrkur sé veittur út á þessar vélar, en að sjálfsögðu yrði fylgzt gaumgæfilega með ásigkomulagi þeirra, og ekki veittur styrkur út á neinar aðrar vélar en þær, sem reyndust í nothæfu standi. Þess vegna taldi n. sjálfsagt, að vélarnar yrðu virtar upp á nýtt og styrkurinn miðaður við verð, sem verkfæranefndin telur hæfilegt eftir aldri og ásigkomulagi vélarinnar, miðað við verð nýrra véla af sömu gerð.
Þetta er ekki margbrotið, og mun ég ekki orðlengja það frekar. Við nm. teljum rétt og sjálfsagt að samþ. frv. með áorðinni breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 40 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 52).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 105).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. — Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var fyrst lagt fram sem stjfrv. og gerðar á því örlitlar breyt. í Ed. Annars virðist það hafa verið afgreitt þar með samhljóða atkvæðum, og landbn. þessarar d. hefur mælt með því, að frv. verði afgreitt óbreytt.

Ég vil aðeins geta þess um efni þessa frv., að það kom í ljós, þegar farið var að framkvæma l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að nokkur vandkvæði voru á því að fá nægan verkfærakost handa ræktunarsamböndunum, því að það er svo til ætlazt, að þar, sem settar hafa verið ræktunarsamþykktir, eigi að útvega mönnum með aðstoð þess opinbera hæfilegan verkfærakost til þess að koma í framkvæmd þeim jarðræktarframkvæmdum, sem ráðgerðar eru á viðkomandi samþykktarsvæðum. Til þess þyrfti geysimikinn verkfærakost stórvirkra vinnuvéla, en erfitt hefur verið að flytja inn nægilega mikið af þeim, og þess vegna þarf að grípa til þess að nokkru leyti að nota eldri tæki, sem inn voru flutt rétt áður eða um það bil sem þessar samþykktir voru settar. En samkvæmt l. eins og þau voru var tæplega hægt að fá jarðræktarframkvæmdir viðurkenndar, nema að þeim væri unnið með nýjum vélum. Það hefur því undir framkvæmd l. þótt nauðsynlegt að viðurkenna vélar og verkfæri, þó að þau hafi verið keypt áður, ef þau væru jafnhæf nýjum vélum hvað verkhæfni snertir. Þetta frv. fer aðeins fram á, að slíkt sé heimilað. Eins og frv. ber með sér, er meiningin, að ekki verði aðrar vélar viðurkenndar sem styrkhæfar á ræktunarsvæðunum en þær, sem eru nýjar eða hafa nýja mótora og eru lítið sem ekkert notaðar.

Landbn. mælir eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. Það er þegar farið að koma í ljós, að þessi l. munu hafa stórkostlega byltingu í för með sér hvað umbætur snertir í þessum efnum, og hafa nú í flestum héruðum landsins hafizt stórkostlegar, skipulagðar framkvæmdir með nýtízku jarðvinnsluvélum, og er ekki nokkur vafi, að þessar vélar koma til með að valda straumhvörfum í jarðræktarframkvæmdum hjá okkur. En nú sem stendur er erfitt að fá vélar frá útlöndum og erfitt að fá þær greiddar, þótt þær fengjust, og hygg ég, að þessi litla breyt., sem hér er farið fram á, sé í alla staði sjálfsögð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 128).

4. Eignakönnun (peningaskipti).

Á 1. fundi í Ed., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 67 1947, um eignakönnun (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 43).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta er lagt fram til staðfestingar bráðabirgðalaga áður útgefinna.

Það er að vísu ekki lítill kostnaður við að gefa út nýja mynt og slá nýja 1—2 kr. peninga. Ég hygg þó, eftir þeim fréttum, sem mér hafa borizt, að ríkisstj. vilji leggja út í þann kostnað, þar eð heyrzt hefur, að nokkrir menn séu farnir að safna þessum peningum með það fyrir augum að koma þannig undan eignum sínum. Þegar hefur verið gerð ráðstöfun til þess, að ný mynt sé til staðar, og töldum við nm., — allir þeir, er viðstaddir voru, en einn nm., BrB, var ekki viðstaddur, er n. afgreiddi málið, — ekki ástæðu til að gera breyt. á þessu og leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Pétur Magnússon: Þegar á öndverðu ári 1946 var gerð ráðstöfun til þess að láta slá nýja einnar og tveggja króna peninga. Þá voru umr. um það í fjvn. að láta slá 4 og 5 króna málmpeninga. Það var ekki gert þá og þótti rétt að láta 2 kr. peningana ganga fyrir, þar sem aðkallandi var að fá þá og séð var fyrir, að mikill dráttur yrði á, að peningar fengjust, en þetta var þá í athugun í fjvn. Ég er ekki viss um, hvort það er hægt vegna laga Landsbankans að láta slá 5 kr. skiptimynt, nema með samkomulagi við bankann. Og ég held, að það yrði auðfengið, því að útgáfa á 5 kr. seðlum hefur ekki borið sig hjá bankanum. 4 kr. er vafalaust heimilt að láta slá án þess að breyta lögum Landsbankans. Verðgildi á peningum er ekki mikið nú, og meðferð á seðlum er slæm hér, og væri hagkvæmt að láta gera þetta. Ég kvaddi mér hljóðs í því skyni að benda hæstv. fjmrh. á það, hvort ekki væri rétt að athuga þetta nánar, og ef hann kæmist að þeirri niðurstöðu, að þetta væri hagkvæmt, þá verði séð um að fá slegna 4 eða 5 kr. peninga.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég minnist ekki, að þetta hafi komið til tals í ráðuneytinu, en skal

á hinn bóginn gjarnan fara að orðum hv. 1. þm. Reykv. og láta athuga þessa hlið málsins. Í þessu sambandi er rétt að athuga, hvort fullkomin heimild muni vera fyrir því, að sú nýbreytni yrði tekin upp, og hvort það kosti þá ekki einhverja orðabreytingu. Það er að vísu 3. umr. í þessari d. nú, en það ættu ekki að þurfa að verða nein vandræði, þó að málið kæmi aftur til einnar umr. síðar.

Forseti (BSt): Þar sem þetta er 3. umr., þá virðist fara betur á því að fresta umr. nú og fjhn. taki þetta mál til athugunar betur, áður en það kemur til atkv. **(Fjmrh.:** Ég er ekki á móti því.) Er þá umr. um málið frestað og það tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Ed., 31. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 140).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Ég hef ekki annað að segja en að n. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 166).

5. Gjaldaviðauki 1948.

Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka (stjfrv., A. 62).

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég þarf nú í raun-inni ekki að taka til máls, því að í aths. er skýrt frá, hver tilgangurinn er með frv., sem er sá sami sem með frv. næst á undan. Þetta eru lagaákvæði, sem eru framlengd frá ári til árs, og er enn farið fram á, að svo sé gert.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja, en óska, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 92).

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þetta frv. á þskj. 62 er borið fram af hæstv. ríkisstj., og er aðalefni þess, að ríkisstj. sé heimilt að innheimta á næsta ári með 100% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs samkv. l. nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkv. l. nr. 75 27. júní 1921 og síðari l., sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald, enn fremur að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkv. l. nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum og eignarskatt samkv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

Fjhn. þessarar d. hefur haft málið til athugunar, og samkv. nál. á þskj. 92 hefur hún einróma lagt til, að málið nái fram að ganga. Þess skal þó getið, að tveir nm. voru ekki viðstaddir, þegar málið var rætt í fjhn., og hafa því óbundnar hendur um afgreiðslu frv.

Það er að vísu ljóst, að allt er enn í óvissu um, hvernig fullnægt verði tekjuþörf ríkissjóðs á næsta ári. Fjárlagafrv. liggur fyrir Alþ., og vafalaust verða gerðar á þessu þingi einhverjar ráðstafanir, sem geta haft meiri eða minni áhrif á tekjuþörf ríkissjóðs, en hins vegar er fjhn. samt sem áður á einu máli um það, að engar líkur séu til, að ríkissjóður muni á næsta ári vera undir það búinn að sleppa þeim tekjuauka, sem frv. ráðgerir, sem er ekki annað en framlenging á gildandi ákvæðum óbreyttum, eins og er á þessu ári, og þykir því ástæðulaust að draga afgreiðslu þessa máls.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég býst við, að ekki verði ágreiningur um tekjuþörfina, og legg til f. h. n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 141).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. með breyt. Á síðasta þingi bar n. fram breyt. við sams konar frv., og hún var þá samþ. mótatkvæðalaust. En nú hafa orðið þau mistök, er frv. var borið fram aftur, að prentað hefur verið hið upprunalega frv. án þeirrar breyt., sem búið var að samþykkja í fyrra. N. leggur því til, að frv. verði nú samþ. með þessari breyt., sem er raunverulega ekki breyt. frá gildandi l., þó að það líti út sem breyt.

ATKVGR.

Brtt. 141 samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 151).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 29. fundi í Ed., 9. des., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 176).

---

6. Menntaskólar.

Á 1. fundi í Ed., 3. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1946, um menntaskóla (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með l. þeim, sem sett voru á síðasta þingi um menntaskóla, voru þeir menn, sem tekið höfðu kennara- eða meistarapróf við Háskóla Íslands eða hliðstæð próf við sambærilega stofnun, sviptir réttindum til að geta verið kennarar við menntaskóla eða gagnfræðaskóla, nema þeir hefðu stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum sérstaklega. Það þótti nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðal. til þess að breyta þessu ákvæði, og var það gert, og liggur hér nú fyrir frv. til staðfestingar á þeim bráðabirgðal. En efni þeirra er það, að þessir menn hafi réttindi áfram til að vera kennarar við menntaskóla, ef þeir hafa nú lokið prófi frá háskólanum eða hafa lokið slíku prófi fyrir árslok 1948, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 93).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. — Menntmn. hefur athugað þetta frv. um breyt. á l. um menntaskóla.

Þegar l. voru sett 1946, þá var í 5. kafla l. allýtarlegur kafli um, hvaða skilyrðum þeir yrðu að fullnægja, sem hefðu rétt til að gerast fastir kennarar við menntaskóla. Þar segir í 15. gr., að þeir skuli hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar. Það mun hafa komið í ljós, þegar átti að framkvæma l., að mjög mikill skortur yrði á kennurum í landinu, sem fullnægðu þessum ströngu skilyrðum, sem sett voru í l. upphaflega, og sá hæstv. kennslumrh. sér ekki annað fært en að fá að setja bráðabirgðal., sem slökuðu til á a. m. k. þessu atriði að því leyti, að þeir kennarar, sem lokið hefðu prófi við háskólann fram til þessa og ekki haft aðstöðu til að fullnægja skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og að stunda kennsluæfingar, gætu gerzt fastir kennarar við menntaskóla án þess að uppfylla þetta skilyrði laganna.

Menntmn. gat ekki annað en fallizt á, að brýna nauðsyn hefði borið til, að þessi bráðabirgðal. voru sett og því ákvæði skotið inn í l., að þeir, sem lokið hefðu fullnaðarprófi fyrir árslok 1948, skyldu vera undanþegnir því skilyrði að hafa lagt stund á uppeldisfræði og kennsluæfingar, en þeir, sem síðar útskrifast frá háskólanum, eiga kost á að njóta tilsagnar í kennslufræðum og kennsluæfingum. Við teljum sjálfsagt, að þessi bráðabirgðal. verði staðfest og frv. afgr. sem breyt. á l. um menntaskóla.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið. Það er aðeins eitt atriði, sem frv. fjallar um. Það er sjálfsagt réttlætismál og sjálfsagt, að úr því verði bætt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 153).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samhljóða brbl., sem sett voru s. l. haust. Í gildandi l. um menntaskóla er svo fyrir mælt, að þeir einir geti orðið fastir kennarar við menntaskólana, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna, og einnig numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar. Þó er veitt undanþága í þessum l. vegna þeirra, sem störfuðu í skólunum, þegar þessi lög öðluðust gildi. Þá eru og ákvæði í þessum l. um, að undanþágur frá þessum ákvæðum l. um uppeldisfræðinám og kennsluæfingar megi enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. — Þetta frv. fer fram á að færa nokkuð út þessa undanþágu frá því, sem nú er gert ráð fyrir í gildandi l. Og þótti jafnvel svo mikla nauðsyn bera til þess, að brbl. voru gefin út um þetta efni á s. l. hausti, um það leyti er skólar tóku til starfa. — Í þeirri grein, sem nú er farið fram á að lögfesta hér, er gert ráð fyrir, að undanþáguákvæðið verði orðað þannig, að heimilt sé að skipa þá kennara við menntaskólana, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, þótt þeir hafi ekki uppfyllt það skilyrði að stunda nám í uppeldis- og kennslufræðum nú þegar eða fyrir 1. janúar 1949. — Menntmn. hefur athugað og rætt þetta frv. og leggur einróma til, að frv. verði samþ. án breytinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 29. fundi í Nd., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 185).

---

7. Gagnfræðanám.

Á 1. fundi í Ed., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1946, um gagnfræðanám (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru hliðstæð ákvæði í þessu frv. eins og í hinu, sem nú var vísað til menntmn. Hér er um að ræða breyt. á l. um gagnfræðanám, en í hinu tilfellinu um menntaskóla. Ég legg til, að þessu máli verði einnig vísað til menntmn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 10 nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 94).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. — Það er nákvæmlega eins ástatt um þetta mál og það, sem var hér síðast til umr. (frv. um breyt. á l. um menntaskóla). Í 5. kafla l. um gagnfræðanám eru allströng skilyrði sett, sem fullnægja ber til að geta orðið fastur kennari við skóla gagnfræðastigsins. Þar á meðal er í a-lið 37. gr. skilyrði um það, að þá eina megi setja fasta kennara við skóla þessa stigs, að þeir hafi almenna kennaramenntun og stúdentsmenntun og hafi þar til viðbótar numið uppeldisfræði og kennslufræði, er fræðslumálastjóri meti gilt.

Þegar átti að framkvæma þessi l., kom í ljós, að kennarar voru ekki nægilega margir fyrir hendi, sem fullnægðu þessum skilyrðum, og sá hæstv. kennslumrh. ekki annað fært en að mega setja bráðabirgðal., sem bættu úr þessu, og felst það í innihaldi þessara bráðabirgðal. og þessu frv., að aftan við a-lið 37. gr. l. nr. 48 1946, um gagnfræðanám, bætist: Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum. Þegar búið er að brúa þetta, á vandinn að vera leystur, því að eftir árslok 1948 á háskólinn að geta útskrifað menn í kennslufræðum og þannig fullnægt skilyrðum laganna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið. Það er sama eðlis og hitt frv., að það á að bæta úr framkvæmd l., svo að þeir, sem nú eru kennarar við skólana, og þeir, sem taka próf fram til ársloka 1948, skuli geta öðlazt full réttindi við skóla gagnfræðastigsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 152).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Um þetta mál gildir í raun og veru alveg það sama og um það mál, sem nú var síðast hér til umr., sem var frv. um breyt. á l. um menntaskóla. Sú efnisbreyt., sem farið er hér fram á að gera gagnvart skipun kennara við gagnfræðaskóla, er alveg sama eðlis og sú, sem ég var að skýra frá viðvíkjandi menntaskólum. — Ég hef ekkert sérstakt að taka fram þar fram yfir viðkomandi þessu máli annað en það, að menntmn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það liggur hér fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 29. fundi í Nd., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20. shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 186).

---

8. Ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Á 36. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946 (stjfrv., A. 224).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Frv. þetta skýrir sig sjálft. Það er um það, að þau fríðindi, sem Færeyingum voru veitt, sem voru að vísu mjög óveruleg, um fiskveiðar við Ísland, verði framlengd fyrst um sinn, þó ekki lengur en til ársloka 1948. Meiningin er, að þau verði framlengd að minnsta kosti, meðan samningaumleitanir standa yfir milli Íslendinga og Dana í sambandi við skilnað landanna. Þeim samningaumleitunum varð ekki lokið nú þetta ár. Það var talað um, að þær yrðu teknar upp í haust. En þá stóð svo á, að menn áttu nú ekki heimangengt, sem upphaflega höfðu verið í samningan. Það hefur því orðið úr, að sendiherra Íslands, Jakob Möller, hefur verið falið að vinna að þessum samningum. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað hafi dregið úr þessum samningaumleitunum af Dana hálfu vegna kosninga og stjórnarskipta, en eins og ég sagði áðan, hafa þessar viðræður verið teknar upp að nýju.
Ég tel óviðkunnanlegt, að á meðan þessar samningaumleitanir standa yfir, verði þessi litla heimild til handa Færeyingum felld niður. Þetta tímatakmark er miðað við árslok 1948.
Ég held, að samþ. þessa frv. sé ekki nema rökrétt afleiðing þess tilsvarandi frv., sem samþ. var í fyrra, og við getum varla fellt heimildina niður á þessu stigi málsins. — Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja til, að hv. d. samþykki þetta frv. óbreytt og helzt láti það ganga nefndarlaust áfram, svo að það sé öryggi fyrir því, að það verði samþ., áður en þingi er nú frestað, en til þess þarf sérstakan velvilja hæstv. forseta til þess að hrinda málinu áfram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins spyrja, af því að ég var ekki á fundi, hvort þetta frv. hafi ekki verið sent til n. Mér er kunnugt um, að utanrmn. hefur ekki fjallað um það. En ég kynni betur við, að t. d. sjútvn. fengi að líta á það. **(Forseti:** Þetta mál er nú til 3. umr.) Það er þá hægt að athuga það í hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Þetta litla frv. var afgr. frá hv. Nd. núna áðan. Vonast ég til þess, að hæstv. forseti þessarar d. og þessi hv. þd. láti það njóta sama velvilja og það naut í hv. Nd. við afgreiðslu þar. — Frv. þetta er um að framlengja í mesta lagi um eins árs bil þau litlu hlunnindi, sem Færeyingum voru veitt í sambandi við íslenzka landhelgi á s. l. ári. Ég held nú, að þessi réttindi séu tiltölulega lítils virði, a. m. k. ekki til stórs skaða fyrir okkur Íslendinga. Og ég held, að það væri beinlínis óheppilegt fyrir málefni landsins, ef heimild þessi, sem hér er um að ræða, væri felld niður og Færeyingum þannig ekki heimilað að njóta þessara litlu hlunninda, sem um er að ræða, meðan samningar við Dani standa yfir um nokkur smáatriði í sambandi við fullnaðarskilnað landanna. Það hafði verið ráðgert, að þeim samningum yrði lokið nú í haust s. l. En svo var það, að þeir menn, sem í samninganefndinni voru, áttu ekki heimangengt, þegar samningarnir skyldu upp teknir, og var þá Jakob Möller sendiherra falið að annast samningana fyrir Íslands hönd, — og í öðru lagi urðu kosningar í Danmörku og síðan stjórnarkreppa, sem ég geri ráð fyrir, að hafi tafið málið af Dana hálfu. Þessir samningar eru þess vegna nýbyrjaðir, og þeim verður ekki lokið fyrir næstu áramót. — Ég held, að það yrði ekki okkar málefnum til framdráttar í sambandi við þessa samninga, sem ég hygg, að séu þó ekki ýkja þýðingarmikil í þessu sambandi, ef hlunnindi Færeyinga, sem vísað er til í frv., féllu niður, meðan á samningaumleitunum þeim stæði, sem ég gat um. — Frv. þetta er ákaflega einfalt. Það er eingöngu um að framlengja þá heimild um eitt ár, sem ríkisstj. hefur í þessu efni. Tel ég, að ekki sé þörf á, að n. athugi þetta mál hér frekar en í hv. Nd. Legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Það er ekki af því, að ég sé andvígur því, að þau réttindi, sem í frv. þessu eru ákvæði um, verði framlengd, að ég kvaddi mér hljóðs, heldur vildi ég vita, hvað veldur þeim sífellda drætti, sem orðið hefur í sambandi við samninga um skilnað Íslands og Danmerkur. Hæstv. ráðh. kom að því í ræðu sinni, að dráttur hefði orðið á þessum samningum vegna kosninga í Danmörku, og skýrir það málið að nokkru. Hins vegar vildi ég vita, hvort Íslendingar ættu þátt í þeim drætti, sem á þessu hefur orðið. Enn fremur vildi ég vita, hver þessi ýmis atriði eru í sambandi við samninginn milli Íslands og Danmerkur, sem ekki hefur enn náðst fullkomið samkomulag um.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það má kannske segja, að það sé Íslendinga sök, að þessir samningar hafa ekki gengið hraðar en raun hefur á orðið, því að ég hygg, að Danir hafi verið reiðubúnir til að taka á móti mönnum héðan til þess að semja fyrir okkar hönd frá því í seinni hluta ágústmánaðar s. l. eða fyrri hl. septembermánaðar á þeim tíma, sem þeir, sem voru í gömlu n., áttu ekki heimangengt. Og sendiherra Dana var hér í frii í sumar. Síðan voru stjórnarskipti í Danmörku, og án þess að mér sé kunnugt um það — af því að ég tel þetta ekki svo mikils vert —, af hverju drátturinn hefur orðið á þessu, þá geri ég ráð fyrir, að drátturinn sé eitthvað í sambandi við það. En þessi atriði, sem semja þarf um, eru ákaflega lítils verð atriði, a. m. k. af okkar Íslendinga hálfu. Ég held, að það sé ekkert atriði, sem þarfnast nýrrar löggjafar af okkar hálfu í sambandi við þetta, nema þá helzt áframhaldandi réttindi Færeyinga til fiskveiða hér við land, sem við höfum ekki viljað veita, eins og menn vita, nema því aðeins, að einhver réttindi á Grænlandi kæmu á móti. En Danir munu telja það ósambærilegt, og hafa þess vegna ekki viljað á það fallast. — Þau réttindi, sem veitt eru með þessu frv., eru hins vegar lítil. Þó tel ég óheppilegt að fella þau niður, eins og sakir standa, og ég tel þau naumast umtalsverð. Ég hygg, að Danir hafi ekki til hlítar gengið enn af sinni hálfu frá réttarstöðu þeirra manna íslenzkra, sem notið hafa jafnréttis við Dani þar í landi, þó að samkomulag sé um þetta í meginatriðum, hvernig því skuli háttað, og Íslendingar hafi ákveðið það með l. af sinni hálfu gagnvart Dönum.

Það hefur verið ráðgert, að teknir verði upp verzlunarsamningar milli landanna. Það var jafnvel talað um, að þeir færu fram hér. Það síðasta, sem skeði í því, var, að ég talaði við utanrrh. Dana í sumar, þegar ég hitti hann, um að Danir semdu till. um þetta. Danir höfðu farið fram á, að við semdum fyrstu till. Hann féllst á það þá, að Danir gerðu þetta. Síðan hefur ekkert heyrzt frá honum um þetta.

Svo er handritamálið, sem n. tók upp í sambandi við þetta mál. Og eins og staðið hefur í blöðum nýlega, þá er ekki von á skýrslu um það mál fyrr en á næsta ári, og var það tekið fram af einhverjum prófessor, að þetta hefði dregizt beinlínis vegna kosninganna. Nú held ég, að handritamálið sé þess eðlis, að ákaflega varasamt sé að blanda því inn í þau litlu formsatriði, sem varða skilnað Íslands og Danmerkur, sem við út af fyrir sig erum búnir að leysa af okkar hálfu og sjáum ekki ástæðu til neins dráttar um. En ég fer ekki dult með það, að ég hef ekki trú á því, að handritamálið leysist í þessum samningum, heldur verði að koma einhliða ákvörðun um það af Dana hálfu. En ég er sannfærður um, að ef við neituðum að afgreiða hin málin, þ. e. sem snerta skilnað Íslands og Danmerkur, nema með því að blanda handritamálinu þar í, þá mundi það verka illa eða egnandi hjá Dönum. — Ég vonast til þess, að ég hafi svarað hv. þm. (HV: Þökk fyrir.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244).

---

9. Dýrtíðarráðstafanir (heildarlög).

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir (stjfrv., A. 190).

Að lokum sama fundar, er boðaður hafði verið næsti fundur, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég sé, að það mun vera meiningin að halda fund þegar að loknum þessum fundi og taka þar fyrir frv. um dýrtíðarráðstafanir, sem nú hefur verið útbýtt.
Frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir er langur lagabálkur upp á 9 síður með mjög flóknum ákvæðum í, sem ríkisstj. og hennar sérfræðingar munu hafa unnið að um lengri tíma. Þessu frv. er nú útbýtt meðal þm. Og eins og að líkum lætur verður þessi 1. umr. í raun og veru aðalumr. þess. Ég tel ófært að ætla að láta 1. umr. þessa máls fara fram án þess að þm. gefist kostur á svo mikið sem lesa þetta frv. yfir.
Ég vildi eindregið mælast til þess, að þeim fundi, sem boðaður hefur verið að loknum þessum fundi í dag, verði frestað og verði heldur á morgun, til þess að þm. gefist tækifæri til þess að kynna sér þetta mál. Slík er líka venja um öll mál, og þm. eru búnir að bíða eftir þessu frv. í tvo og hálfan mánuð, og það er réttlát krafa, að ekki verði styttri tími en til er tekinn í þingsköpum til þess að þm. fái að athuga frv., sem fram koma um stóra lagabálka.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Ég vil fyrir hönd ríkisstj. óska þess, að þetta mál verði tekið fyrir á þessum fundi, sem boðaður hefur verið.
Þó að hér sé um nokkuð langan lagabálk að ræða, þá held ég, að við framsögu málsins muni það yfirleitt upplýsast það vel, að hv. þm., sem hafa hugsað mikið um það og rætt það í sambandi við önnur mál, eigi auðvelt með að taka þátt í umr. um það, eftir því sem ástæður eru til.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég vil endurtaka ósk mína og vísa til þess, að hér er um löng og flókin ákvæði að ræða, að minnsta kosti tveir kaflar, sem enn hafa ekki legið fyrir í öðru formi, þó að hér séu líka kaflar, sem skyldir eru því, sem borið hefur verið fram í öðrum frv.
Ég mælist til þess, að hæstv. forseti verndi rétt þm. samkvæmt þingsköpum og þeir fái tækifæri til þess að athuga málið áður en umr. hefjast.

Forseti (BG): Ósk hv. 2. þm. Reykv. um það, að fundur verði ekki látinn fara fram í dag, sem boðaður hafði verið, þar sem ræða á frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, verður borin undir úrskurð hv. þdm.

ATKVGR.
Samþ. með 14:5 atkv., að nýr fundur yrði þegar haldinn um málið.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:2 atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Þegar núverandi ríkisstj. tók við störfum, þá lýsti hún yfir því, hér á Alþ., að það væri stefna ríkisstj., að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmustum og arðbærustum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar og unnið verði að því að stöðva hækkun á vísitölunni og framfærslukostnaði. Enn fremur að vinna að því að athuga möguleika á lækkun vísitölunnar. Í því skyni hefur verið leitað til sjómannastéttarinnar og til samtaka framleiðenda til sjávar og sveita til þess að gera frekari ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni; og loks varð að samkomulagi milli stjórnarflokkanna að greiða enn um sinn fé úr ríkissjóði, þannig að vísitalan hækki ekki frá því, sem nú er.
Þegar núverandi stjórn tók við störfum í byrjun febrúar 1947, hafði verið reiknuð út verðvísitalan eftir verðlagi 1. febrúar 1947, og reyndist hún þá vera 316 stig. Gegn þessari hækkun vísitölunnar varð ekki unnið af núverandi ríkisstj., og kom hún því til framkvæmda á þann hátt, að í marz 1947 var stigatalan 316. Strax við næsta útreikning verðvísitölunnar gerði ríkisstj. ráðstafanir til þess að greiða þetta niður á vissum nauðsynjavörum, sem orkuðu þannig á vísitöluna, að hún fór niður í 310 stig eftir verðlagi, sem var í marz 1947. Úr því hélzt verðvísitalan óbreytt, þannig að hún var í marz, apríl, júní og júlí 310 stig, í maí 311 stig og í ágúst og september 312 stig, og nú síðustu þrjá mánuðina hefur hún verið svipuð, eða í október 325 stig, í nóvember 326 stig og í desember 328 stig. Útreikningur á vísitölu, sem á að koma til framkvæmda í sambandi við launagreiðslur í janúar 1948, ef engin breyting verður gerð, verður svipaður.
Ríkisstj. gerði því þær ráðstafanir að halda niðri verðvísitölu á því stigi, sem hún hafði tilgreint, um 310 stig. En þegar kom fram á haustmánuðina, urðu svo hraðar breytingar til hækkunar af tekniskum og fjárhagslegum ástæðum, að varla þótti fært að hækka svo niðurgreiðslu vísitölunnar, að hún héldist í 310 stigum, enda

hafði ríkisstj. ekki lýst öðru yfir en að hún gerði fyrst um sinn þær ráðstafanir, sem hún gerði, *og hefur fullkomlega við það staðið.*

Menn höfðu haft þær vonir á síðasta sumri, þar sem verð á síldarafurðum var talsvert hátt, að útlit gæti verið til þess, að sæmileg veiði yrði og það mundi nokkuð bæta úr til bráðabirgða. Menn ólu þessar vonir í brjósti, og var ekki annað að skilja á mönnum en að þeir væru lítt mót*tækilegir fyrir nokkrar* þær ráðstafanir, sem hertu að í þessum efnum, meðan ekki væri séð fyrir endann á því, hvernig gengi með síldveiðarnar og sölu á þeim afurðum, sem gæti að minnsta kosti til bráðabirgða bjargað því, sem þá var sýnilega fram undan, vöntun á erlendum gjaldeyri, sem þyrfti að nota jafnvel til hinna nauðsynlegustu atvinnugreina í landinu.

Þær góðu vonir, sem menn gerðu sér um þessa hluti, brugðust, síldveiðarnar urðu mjög litlar, og í staðinn fyrir það að gefa nú sjómönnum og útvegsmönnum möguleika til þess að bæta upp það, sem þurfti vegna síldarleysisins í fyrra, urðu þeir fyrir vonbrigðum og erfiðleikum. Og vonir manna um það, að úr gjaldeyrisörðugleikunum mundi eitthvað rætast til bráðabirgða, hurfu líka. Það var því augsýnilegt, að því yrði ekki frestað lengur að grípa til ráðstafana, sem gætu gefið vonir um, að íslenzkur atvinnurekstur gæti haldizt í horfinu og unnt væri að afla nægilegs gjaldeyris til þess að kaupa nauðsynjavörur til almennings og til framleiðslunnar í landinu.

Strax á síðasta hausti tók núv. ríkisstj. til alvarlegrar athugunar það viðhorf, sem að vísu hafði orðið enn hvassara fyrir það, hve síldveiðin hefur gengið illa. En það var á vitund allra, sem fylgdust sæmilega með, að það hlaut að koma til þess fyrr eða síðar, að gera yrði einhverjar ráðstafanir til viðréttingar atvinnuvegunum í landinu, jafnvel þó að síldarafurðir og sala þeirra bætti eitthvað úr til bráðabirgða. Einmitt þegar það kom í ljós að loknum síldveiðum, að þær vonir um bráðabirgðalagfæringu — ég undirstrika bráðabirgðalagfæringu — brugðust, kom það í ljós, sem allir vissu, sem eitthvað höfðu kynnt sér þessi mál, að nú var mjög að herðast að *því, að erlendur gjaldeyrir væri fyrir hendi* til þess að standa straum af innkaupum til landsins.

Rannsókn, sem fram fór hjá fjárhagsráði, og skýrslur frá Landsbankanum gáfu til kynna, að fara yrði mjög sparlega með þann litla gjaldeyri, sem eftir væri, og að nauðsynlegt væri að gera þegar einhverjar nýjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir algert öngþveiti vegna gjaldeyrisskorts. Þess vegna var skömmtun á vörum tekin upp í sumar til þess að draga úr innflutningi á ýmsum vörum, sem við verðum að fá frá útlöndum. En það var augsýnilegt, að þótt þessari skömmtun yrði haldið áfram og hún framkvæmd til fyllstu hlítar, þá mundi slíkt ekki duga og útvegun gjaldeyris útilokuð og útlit fyrir, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar mundu stranda ekki síðar en um næstu áramót, ef ekki yrði eitthvað að gert.

Að vísu var flokkur í landinu, sem þráfaldlega hélt því fram á þeim tíma, að allar slíkar ráðstafanir væru staðleysur og að það væri allt í stakasta lagi með þjóðarbúskapinn yfirleitt, ef við hefðum ekki svona slæma stjórn í landinu, *sem ekki vildi selja íslenzkar afurðir við því háa* verði, sem löndin í austri væru fús að greiða fyrir þær. Að vísu var þessi kenning frá upphafi alröng fullyrðing út í loftið, er ekki fær staðizt, og hefur verið hér á Alþ. margsýnt fram á, að svo er. En svo breyttist þetta síðar í meðförum kommúnista á dýrtíðarmálunum, að í staðinn fyrir að halda því fram, að allt sé í lagi og ekkert að gera annað en semja í Austur- og Mið-Evrópu, þá er nú komið annað hljóð í strokkinn. Nú segja þeir, að það þurfi að gera ráðstafanir gegn stöðvun atvinnuveganna og yfirvega það mál mjög rækilega.

Nú var óhjákvæmilegt að gera einhverjar ráðstafanir að undangenginni svo ýtarlegri rannsókn sem unnt væri að láta fara fram til þess að sjá, hvað væri hægt að gera til þess að skerða sem minnst kjör fólksins í landinu eða hvort þess væri kostur að gera slíkar ráðstafanir, án þess að yfirleitt þyrfti að skerða kjör almennings. Þessi ýtarlega rannsókn, sem fram hefur farið að tilhlutan ríkisstj., tók að sjálfsögðu talsvert langan tíma, en hún leiddi í ljós, svo óvefengjanlegt var, að engar vonir stæðu til þess, að hægt væri að reka innlendan sjávarútveg hallalaust, án þess að gerðar væru ráðstafanir til annars hvors eða hvors tveggja að lækka framleiðslukostnaðinn og setja lágmarksverð á íslenzkar sjávarafurðir. Spurningin gat aðeins verið sú, hversu mikið þyrfti að lækka framleiðslukostnaðinn og hve háu verði þyrfti að taka ábyrgð á, til þess að öruggt mætti teljast, að sjávarútvegurinn yrði rekinn, án þess að fyrirsjáanlegt tap yrði á honum.

Eins og ég sagði áðan, tók þessi rannsókn mjög langan tíma, enda kostaði ríkisstj. kapps um, að rannsóknin yrði sem *allra* nákvæmust, og var leitað upplýsinga hjá ýmsum aðilum, sem með sjávarútgerð hafa að gera, um álit þeirra á þessum málum og um það, hvað gera þyrfti, til þess að sjávarútvegurinn gæti gengið á næsta ári.

Þessar rannsóknir leiddu ótvírætt í ljós, að hefjast yrði handa til þess að stemma stigu við *áframhaldandi verðbólgu og fjárhagshruni* og að ekki yrði gengið móti verðbólgunni, nema þjóðin tæki á sig byrðar um tíma, meðan verið væri að komast á öruggan grundvöll. Þessi staðreynd fannst ríkisstj. blasa við, eftir að þessi rannsókn hafði farið fram, og að gera þyrfti ráðstafanir til þess að lækka framleiðslukostnaðinn, samtímis því sem öll þjóðin — hver eftir sinni getu — yrði að leggja nokkuð af mörkum fyrst um sinn til þess að mæta erfiðleikunum.

Höfuðsjónarmið ríkisstj. í sambandi við úrlausn málsins voru þau, að byrðar þær, sem þjóðin yrði að taka á sig, kæmu sem réttlátast niður á þjóðfélagsþegnana, þannig að þeir, sem minnst mega, tækju minna, en þeir, sem mest gætu, tækju hlutfallslega mest í sinn hlut.

Eftir að það, sem ég hef getið um, hafði verið leitt í ljós með ýtarlegri rannsókn og athugunum, kom það til kasta ríkisstj. sjálfrar í samráði við stuðningsflokka sína að finna þær aðgerðir, sem úr mættu bæta eftir þeim höfuðsjónarmiðum, sem ég hef nú drepið á, og höfuð-

sjónarmiðið er að sjálfsögðu það að tryggja áframhaldandi atvinnurekstur þjóðarinnar og koma í veg fyrir atvinnuleysi, en eins og ég sagði áðan, leiddi rannsókn það óvefengjanlega í ljós, að ekki væri hægt að framkvæma þessar aðgerðir með öðru móti en því, að þjóðin öll tæki á sig einhverjar fórnir til bráðabirgða.

Það var gefið, að innan ríkisstj. mundi þurfa að samræma talsvert ólík sjónarmið, þar sem 3 flokkar standa að henni með nokkuð ólíkar skoðanir, og þetta frv., sem fyrir liggur, er ekki stefna neins ákveðins flokks, heldur stefna þriggja flokka, þar sem reynt hefur verið að ná saman endunum eftir þeim höfuðsjónarmiðum, sem ég hef nefnt, en sjálfsagt mundi hver þessara þriggja flokka hafa lagt fram frv. í nokkuð annarri mynd en það frv., sem ríkisstj. nú leggur fram. Þetta vildi ég segja fyrir hönd okkar allra, að við höfum orðið af eðlilegum ástæðum að hnika til til þess að ná samkomulagi. En ríkisstj. var ljóst, að ekki varð hjá því komizt að gera ráðstafanir, og nauðsynin á því, að ráðstafanirnar væru gerðar, rak á eftir því og studdi að því, að stj. gæti náð samkomulagi.

Frv. á þskj. 190 er því ávöxtur þeirra rannsókna og athugana, sem gerðar voru, og þess samkomulags, sem að lokum var gert innan stj. um lausn þessa vandasama viðfangsefnis.

Ég skal geta þess, áður en ég vík að einstökum köflum frv., að það er eftirtektarvert, ef þetta frv. er borið saman við frv. það, sem kommúnistar hafa flutt fyrir nokkru hér á Alþingi, að það er tvennt, sem segja mætti að væri eins í báðum þessum frv., þótt það sé sitt með hvoru móti. Annað er það, að í frv. kommúnista, í grg., segir, að nauðsynlegt sé að stöðva vísitöluna og hafa hana ekki hærri en 300 stig. Þessi nauðsyn er viðurkennd í grg., en ekki er í frv. sett nokkurt ákvæði, til þess að hægt sé að framkvæma þetta nauðsynlega atriði. Ríkisstj. var á þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri, að vísitalan væri föst og stæði ekki hærra en í 300, en stjórnin dró rétta ályktun af þessari skoðun sinni og hefur þess vegna lagt til, að hærri vísitala yrði ekki greidd á laun.

Annað atriði er eins í frv. ríkisstj. og kommúnista, en það er um ábyrgðina til sjávarútvegsins. Þetta er nákvæmlega eins í báðum frv. En það er eins og fyrra atriðið, að ríkisstj. dró réttar ályktanir af því, að þessa ábyrgð þyrfti að taka á sig, en flm. hins frv. drógu hins vegar enga ályktun af þessu. Því hefur stjórnin lagt til, að ríkissjóði verði aflað tekna til þess að standa undir þeirri ábyrgð, sem ríkið þarf að taka á sig fyrir íslenzkar sjávarafurðir, og verður að áætla í það ekki minna en um 20 millj. kr. Það er líka álit stjórnarinnar — og að mér skilst einnig gengið út frá því í frv. kommúnista —, að ekki skuli hætta niðurgreiðslum á nauðsynjavörum, til þess að verðlagið hækki ekki. Til þess að standa undir þeim greiðslum af hálfu ríkissjóðsins þarf líka að afla tekna.

Ég vildi aðeins nefna þessi tvö atriði, sem eru eins í báðum frv., að vísitalan verði stöðvuð og að það verði að taka ábyrgð á fiskverðinu eins og í fyrra, en ef menn viðurkenna það, verða menn að draga af því réttar ályktanir.

Eftir þessi almennu inngangsorð, skal ég leyfa mér að snúa mér að sjálfu frv.

1. gr. er aðeins um það, hvað í l. felist, að þau séu sett til þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar. Þetta er höfuðatriðið, sem stjórnin ætlaðist til að næðist með þessari löggjöf. Það að tryggja sjávarútveginn, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðsluna til gjaldeyrisöflunar.

Í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ég gaf út frá því, sem ég almennt ræddi um dýrtíðarmálin, er settur II. kafli frv. um, að lagður skuli á sérstakur eignaraukaskattur. Gert er ráð fyrir því, að enginn þegn þjóðfélagsins skuli komast hjá því að taka á sig fórnir til þess að rétta við atvinnulíf landsins, og er ætlazt til þess, að menn greiði skatt af þeim eignarauka, sem þeir hafa fengið á tímabilinu 1940—1947.

Í 2. gr. er skattstiginn, eins og hann er settur upp, en fyrst koma nokkrar undantekningar um aðila, sem eru undanþegnir eignaraukaskatti, en undanþegin eru: 1. Eimskipafélag Íslands h/f. 2. Fé það, sem félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, hafa lagt í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af. 3. Fé það, sem samvinnufélög hafa lagt í varasjóði samkvæmt ákvæðum laga um samvinnufélög eða tekjuskattur hefur ekki verið greiddur af.

Hvað Eimskipafélaginu viðvíkur, má segja til stuðnings þeirri undantekningu, að þótt það hafi að vísu grætt mikið á undanförnum árum, er það þó sá félagsskapur í íslenzku þjóðfélagi, sem nauðsynlegast er, að geti staðið undir sínu hlutverki til þess að geta rekið flutningaskipaflota bæði fyrir flutninga til landsins og flutninga á afurðum okkar til annarra landa. Eimskipafélagið er eign fjölda manna um allt land, og arður af hlutabréfum þess er ekki greiddur hærri en 4%, svo að ekki getur ágóðinn verið hvatning fyrir hluthafana, heldur hitt, að hér er um nauðsynjafyrirtæki að ræða.

Um einstaklinga og félög, sem stunda útgerð, er það yfirleitt í samræmi við það skattfrelsi, sem þessi aðilar hafa haft, að láta þá ekki heldur greiða eignaraukaskatt.

Hvað snertir samvinnufélögin, eru varasjóðir þeirra óskiptanlegir og eiga, ef félögin, sem eiga þá, verða leyst upp, að geymast, þangað til annar sams konar félagsskapur verður stofnaður á félagssvæðinu.

Því næst kemur skattstiginn, og er hann frá 5% upp í 30%. 100 þús. kr. eignarauki er skattfrjáls, en eftir það er skattur frá 5% upp í 30%. Það er líka höfuðregla samkvæmt þessum kafla, að eignir, sem menn hafa átt allt tímabilið, eins og fasteignir, skuli ganga inn og út með sama verði, að ekki skuli gjalda af þeim eignaraukaskatt, þótt þær hafi hækkað í verði af konjunkturástæðum á þessu tímabili. Um skattstigann sjálfan skal ég ekki hafa fleiri orð, en í niðurlagi gr. er ákveðið, að reikna skuli á sérstakan hátt eignaraukaskatt hjá samvinnufélögum og félögum og einstaklingum, sem hafa sjávarútveg að atvinnurekstri.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þennan kafla nánar. Þetta eru höfuðatriði hans, sem ég hef nefnt, en ég skal geta þess, að skattur þessi á að renna í framkvæmdasjóð ríkisins samkv. l. nr. 55/1942. Þessi skattur á ekki að verða eyðslueyrir, heldur á það að vera hlutverk hans að standa undir nýbyggingum og nytsömum framkvæmdum í þjóðfélaginu.

Um III. kaflann er það að segja, að í 12. gr. er svo fyrir mælt, að þar sem miðað er við verðlagsvísitölu, má ekki miða við hærri vísitölu en 300, á meðan þessi l. eru í gildi. Þetta er hvort tveggja, niðurskurður á vísitölunni og stöðvun hennar í vissu marki. Ég skal segja það hreint og ljóst, að þessi niðurskurður er ekki nema um 8%, og eftir útreikningi hagstofunnar um það, hvað ætla mætti, að þetta mundi nema miklu í lækkun launa, mætti ætla, að það yrði um 5%. Það er að vísu ekki ánægjulegt að leggja fram frv. um það, að laun allra launamanna í landinu eigi að lækka um 5%, en þegar það er athugað, að ef ekkert er að gert og engar ráðstafanir gerðar, er víst og áreiðanlegt, að af því mundi leiða hrun og atvinnustöðvun, slík atvinnustöðvun mundi fyrst og fremst lenda á launafólkinu í landinu, og álít ég því, að það megi skoða þessi 5% sem eins konar vátryggingarpremíu til þess að tryggja sér áframhaldandi örugga atvinnu í landinu. Ég tel, að þetta vátryggingariðgjald verði að greiða af höndum, ef áfram á að haldast örugg atvinna í landinu og fólk á ekki að þurfa að óttast atvinnuleysi. Um þetta atriði vildi ég láta þessi orð falla. Ég veit, að það verður sagt — og það með réttu —, að hér sé verið að rýra kjör launafólksins. En við drögum enga dul á það í stjórninni, að við höfum ekki séð okkur annað fært til þess að tryggja framþúðarkjör þessara stétta en að láta þær nú um skeið draga af launum sínum og til þess að tryggja áframhaldandi atvinnu fyrir þetta fólk.

Í 13. gr. eru aðeins ákvæði um það, að ef föst laun eru greidd, án þess að miðað sé við verðlagsvísitölu, skuli þau lækka hlutfallslega við vísitöluna.

Í 14. gr. er lagt til að afnema skattfrelsi af áhættuþóknun. Það er nú orðið svo, að ég býst við, að þær stéttir, sem hafa áhættuþóknun, sjái það — ekki að ófyrirsynju —, að sá tími er á enda, þar sem það skattfrelsi getur átt sér stað. Sérstaklega er það af því, að í hópi þeirra manna, sem njóta þessa, eru þeir menn, sem hafa hæst laun allra landsmanna, þar sem eru skipstjórar með 100—200 þús. kr. í árslaun, stýrimenn og vélstjórar, sem hafa geysihá laun, og ýmsar aðrar stéttir, sem njóta þessara hlunninda. Stjórninni finnst líka, að ekki megi svo til ganga að láta menn njóta lengur þessa skattfrelsis. Hins vegar eru þessum mönnum og öðrum ákvörðuð ýmis fríðindi, sem aðrir ekki hafa, sem sé, að þegar maður hefur fæðishlunnindi, skuli það ekki teljast honum til skattskyldra tekna, ef það er forsvarsmaður heimilis, sem hefur þessi kjör. Sama er um menn, sem leita vinnu utan heimilis og verða að sjá sér sjálfir fyrir fæði, þá skal frá tekjum þeirra dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður. Með þessu finnst stjórninni vera skapað réttlæti gagnvart þeim mönnum, sem sjó stunda, sem sækja frá verstöðvum og vinna við vegagerðir, brúargerðir, hafnargerðir o. s. frv. Ég tel, að þetta ætti að teljast réttlátt.

Í 15. gr. er fyrirskipað, að verðlagsyfirvöldin skuli, strax þegar l. þessi öðlast gildi, gera ráðstafanir til þess að lækka verðlag, þar sem vinna og vinnulaun orka á verðlagið. Þetta á jafnt að ná til einstaklinga og hins opinbera, t. d. um rafmagn, sem selt er af opinberum aðilum. Þetta er sjálfsagt og eðlilegt og einn þátturinn í því, sem lýst hefur verið yfir af hálfu stjórnarinnar, að hún mun leggja höfuðáherzluna á að halda niðri verðlaginu svo sem unnt er, þannig að tjón þeirra manna, sem vísitölulækkunin snertir, verði sem allra minnst, og þeim mun minna, sem lengra líður frá.

Þá er í 2. málsgr. 15. gr. ríkisstj. veitt heimild til þess að fyrirskipa húsaleigunefndum að lækka húsaleigu í húsum, sem reist hafa verið eftir 1941, um allt að 10%, og einnig í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941, þ. e. þar sem komnir eru nýir leigjendur eftir 1941.

Þá er í 16. gr. frv. gert ráð fyrir, að framleiðsluráð landbúnaðarins verðskrái landbúnaðarvörur að nýju, og er í gr. ákveðið, að verð þeirra vara haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna sumarið 1947, þangað til ný landbúnaðarverðlagsvísitala hefur verið ákveðin samkv. gildandi l.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um III. kafla, sem er í raun og veru mjög stór kafli í frv. III. kaflinn er að því leyti þungamiðjan í frv., að þar eru gerðar ráðstafanir til að stöðva verðbólguna, svo að hún hætti að vaxa áframhaldandi, sem aftur yrði til þess að örvggja rekstur atvinnuveganna. En eins og ég sagði, þá er ráð fyrir því gert í sambandi við þessa stöðvun og lækkun á verðbólgunni, að það *þurfi að færa nokkrar fórnir af þeim mönnum*, sem ákvæði þessi ná til.

IV. kafli þessa frv. er um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., og þarf ég ekki að fara um hann mörgum orðum, því að í þeim kafla er gert ráð fyrir sömu ábyrgð á verði þessara vörutegunda eins og á því ári, sem nú er að líða. Miðað við það, að verðvísitalan verði þó a. m. k. 10 til 15 stigum lægri við framleiðslu næsta árs heldur en hún var við framleiðslu ársins 1947, þá ætti þetta ábyrgðarverð að verða þeim mun betra, sem kostnaður við framleiðsluna að þessu leyti er minni. Meðaltalsverðvísitala ársins, sem er að líða, er nákvæmlega 315 stig. Og mundi þá mega reikna með því, að fyrirtæki, sem ynnu að sams konar framleiðslu á næsta ári eins og í ár, ættu við að búa 15 stigum lægri dýrtíð. Þá ætti ábyrgðarverðið með því móti að geta orðið á þann veg, að atvinnureksturinn ætti að bera sig.

Í 22. gr. frv., sem er í IV. kaflanum, er gert ráð fyrir, eins og í 1. málsgr. segir, að við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skuli þess gætt, að sem bezt söluverð fáist fyrir, og er ríkisstj. heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð. Eins og allir vita, sem nokkuð þekkja til

sölu á íslenzkum afurðum erlendis, er misjafnlega mikil eftirspurn eftir þeim tegundum af sjávarafurðum, sem við sérstaklega framleiðum. Í ár, og væntanlega á næsta ári, verður mest eftirspurn eftir ýmiss konar feitmeti, svo sem lýsi, og sömuleiðis er útlit fyrir, að eftir fiskimjöli og síldarmjöli verði nokkur eftirspurn. En hins vegar er nokkurn veginn víst, að með þeim tilkostnaði, sem verið hefur á frystum og söltuðum fiski, er mjög erfitt — að ég ekki segi alveg útilokað — að selja þann fisk á erlendum markaði fyrir það verð, sem framleiðendur telja sig þurfa að fá og ríkið ábyrgist. En þetta mætti þá nokkuð laga með því að selja saman þær vörur, sem mest eru eftirsóttar erlendis, og hinar, sem minna eru eftirsóttar, þó að ekki væri með verðjöfnun á vörum hækkað verð þeirra vara, sem minna eru eftirsóttar eða m. 5. o. standa í tiltölulega lágu verði. Þótti ríkisstj. því sjálfsagt að hafa þessi ákvæði hér í frv.

Þá er í 25. gr. frv. gert ráð fyrir, að verðlag á beitu verði tekið til sérstakrar athugunar með það fyrir augum, að það verði lækkað, og að ríkisstj. geti bundið niðurfærslu á verði beitunnar því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, sem ríkisstj. telur heppilegar til þess að spara útgjöld við beitu. Þarna er átt við það, sem er skoðun margra manna, að á seinni árum hafi beitan verið skorin óþarflega stórt niður, og að þannig hafi eyðzt óþarflega mikið í beitu á undanförnum árum, með því að hver síld hafi dugað á tiltölulega fáa öngla. En nú á að ná samkomulagi, ef unnt er, við útvegsmenn um að spara meir beituna en gert hefur verið, ef þeir þá fengju beituna ódýrari. Þess vegna er í 25. gr. frv. gert ráð fyrir, að ef útvegsmenn setja samþykktir um sparnað á beitu, þar sem allir útvegsmenn í viðkomandi verstöð á hverjum stað hafa verið kvaddir til fundar, þá bindi slík samþykkt alla útvegsmenn í þeirri verstöð, er ráðh. hefur samþ. slíka fundarsamþykkt. Og þá er þessi samþykkt bindandi fyrir þá, sem voru á móti henni eða ekki sóttu fundinn. Og þegar útvegsmenn þannig gera þær ráðstafanir, sem ríkisstj. telur heppilegar til að spara beitu, getur hún fært niður verðið á henni og bundið niðurfærsluna því skilyrði, að útvegsmenn geri ráðstafanir til sparnaðar á beitunni. Ætti þetta hvort tveggja að geta orðið til þess að lækka einn af þyngstu og stærstu kostnaðarliðum línubátaútgerðarinnar, mótorbátanna, sem er beitukostnaðurinn.

Þá er V. kafli frv. um aðstoðarlán til útvegsmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1947. Margir útvegsmenn urðu svo hart úti s. l. sumar, að þeir gátu ekki gert upp við sjómennina á skipunum, ekki greitt þeim kaup þeirra, svo að sjómenn urðu að gera tilraunir til þess að ganga að sjóveðum sínum til þess að fá kaup sitt greitt. Að vísu kann vetrarsíldin að hafa lagfært fyrir einstökum mönnum í þessu efni. En mjög er hætt við, að margir útvegsmenn, sem hafa orðið illa úti á s. l. sumri, og sérstaklega þeir, sem komust seint til veiðanna og komu með dýra báta, fái ekki undir því risið, hve síldveiðin á s. l. sumri gekk illa, og að það verði því að veita þeim aðstoðarlán, eins og gert var á síðasta ári. Er þessi kafli að öllu leyti sniðinn eftir þeim l., sem sett voru hér á síðasta ári vegna þeirra útvegsmanna, sem verst fóru út úr síldveiðunum árið 1946. Þykir eðlilegt og nauðsynlegt að hafa þennan kafla með í þeim allsherjaraðgerðum, sem af hálfu ríkisstj. eru gerðar til viðréttingar og tryggingar því, að íslenzk sjávarútgerð verði rekin til fullnustu, eftir því sem framleiðslutæki eru fyrir hendi.

Þá er VI. kafli frv., sem er um framlengingu á ákvæðum l. frá 1947 um hækkun á aðflutningsgjöldum, og þarf ég ekki mörgum orðum um hann að fara, þar sem hann er í samræmi við l., sem samþ. voru á síðasta þingi, hvað snertir þessa tolla. En vegna þess að útlit er fyrir með tilliti til þess, hvernig fjárlagafrv., sem fyrir þinginu liggur, er, þar sem það er með 20 millj. kr. greiðsluhalla, að það þurfi að verja til niðurgreiðslna á nauðsynjavörum — við skulum segja milli 20 og 30 millj. kr. og að það þurfi að greiða vegna ábyrgða ríkisins á ákveðnu verðlagi á íslenzkum sjávarafurðum — við skulum segja 20 millj. kr., þá ber brýna nauðsyn til þess, að aflað sé tekna, til þess að ríkissjóður geti staðið undir slíkum skuldbindingum. Þess vegna er lagt til, að þessi tollur, sem settur var á síðasta þingi, verði framlengdur.

Svo kemur VII. kaflinn, um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum. Þar er lagt til, að lagður sé á sérstakur söluskattur, sem af heildsölu og umboðssölu sé 2%, en af smásölu 1½% og af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem á annað borð eiga að greiða þennan söluskatt (skv. 40. gr. frv.), 1½%. Undanskilin þessum skatti eru öll fyrirtæki, sem áður voru undanskilin veltuskattinum, sem hér var í gildi samkv. l. En auk þess er undanskilin söluskatti sala veiðarfæra, salts og olíu og viðgerðir á skipum, til þess að auka ekki kostnað við sjávarútveginn með þessum skatti. — Eftir 45. gr. frv. má verð á vörum hækka, sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna skattsins sjálfs. Að þessu leyti er söluskatturinn ólíkur veltuskattinum, þ. e. að því leyti, sem segir í 45. gr. frv.

Í 48. gr. frv. eru ákvæði um, að ríkisstj. láti gera till. um árlegan vísitöluútreikning, miðað við magn og verðmæti útflutningsframleiðslunnar. Þetta er aðferð, sem oft hefur verið stungið upp á hér á Alþ., og þykir nú rétt að fyrirskipa, að framkvæmd verði, til hvers sem það kann að verða notað, þegar þar að kemur.

Ég hef þá, bæði með nokkrum almennum orðum í upphafi ræðu minnar lýst, hvers vegna frv. þetta er fram komið og hve lengi það dróst, að frv. skyldi koma fram, og síðan tekið fram, hver eru helztu efnisatriði frv. Vildi ég mega vænta þess, að allur hv. þingheimur viðurkenni nauðsynina á því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að tryggja áframhaldandi atvinnurekstur landsmanna, þannig að hann sligist ekki af dýrtíð, og einnig nauðsynina á því að vel yfirveguðu ráði, að allir þjóðfélagsþegnar verði þar eitthvað af mörkum að leggja í bráð, hver eftir sinni getu, til þess að þær framkvæmdir verði gerðar í þjóðfélaginu, sem skapa þegnunum meira öryggi til framhaldandi atvinnu, til þess að þeir

geti séð sér og sínum farborða. Vildi ég því mega vænta þess, að þetta frv. gæti gengið fljótt í gegnum Alþ., því að þörf er á því, að þetta mál verði afgreitt fyrir áramót. Mál það, sem frv. fjallar um, er þrautrætt meðal manna innan þings og utan, og um þau meginregluatriði, sem skoðanir kunna að vera skiptar um, verða atkvæði úr að skera, eins og venja er, þegar skoðanir eru skiptar um afstöðu til mála. Enginn greinir á því, að mál þetta sé tafið, og allra síst þar sem allir viðurkenna nú orðið, að gera þurfi ráðstafanir til að öryggja áframhaldandi atvinnurekstur og hindra atvinnuleysi í landinu. Vildi ég því mega vænta þess, að þrátt fyrir þær misjöfnu skoðanir, sem kynnu að vera um einstaka kafla frv. — á ég þar að sjálfsögðu við stjórnarandstöðuna —, að þetta mál yrði ekki þæft endalaust, heldur yrðu atkv. látin skera úr, eftir að rök hafa verið færð fram helzt með ekki óþarflega löngum ræðum, því að ræður eru ekki meir sannfærandi, þótt langar séu og endurteknar, heldur en styttri ræður og gagnorðari. Mest er um vert að koma fram þeim röksemdum, sem menn hafa á hjarta fyrir þeim brtt., er menn kunna að bera fram, og síðan láta atkv. á Alþ. skera úr.

Ég leyfi mér að leggja til, að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Þá er nú loksins komin stundin, sem hæstv. forsrh. var að boða, að væri að nálgast, hér um daginn, og við gætum ætlað eftir þeim tíma, sem hæstv. forsrh. hefur haft til að búa sig undir þessa stund, að hann hefði getað haldið eitthvað ofurlítið skárri framsöguræðu en hann hélt áðan. Satt að segja er þunnt að bjóða þm. upp á það að fá ekki einu sinni í framsöguræðu hæstv. forsrh. sæmilega gerða grein fyrir frv. ríkisstj., þannig að tilgreint væri, hvað tekjurnar af þessum sköttum mundu nema miklu — hvað mikið þetta mundi gera. Hæstv. forsrh. reyndi ekki einu sinni í framsöguræðu fyrir þessu frumvarpi að færa nokkur rök að því, hvað þetta frv. mundi gefa í ríkissjóðinn eða annað slíkt. Það liggur næst að halda, að þrátt fyrir langan undirbúningstíma hafi ríkisstj. ekki undirbúið málið betur en þetta. En fyrst hæstv. forsrh. kemur með tilmæli um að hafa ekki langar umr., þá hefði hann sjálfur átt að hefja sína ræðu dálítið skár, svo að menn kæmust hjá því að spyrja hann í þaula um það, hvað felist í einstökum ákvæðum frv., og þegar hvorki er í grg. né framsöguræðu gerð grein fyrir þessu, þá er ég hræddur um, að hæstv. forsrh. komist ekki hjá því að taka aftur til máls. Ég hef áður mótmælt því, að málið verði nú þegar tekið til umr. Það er ósvinna að ætlast til, að þm. hafi getað athugað frv. á svona stuttum tíma, og á sama tíma og ætlazt er til slíks af þm., þá gerir einn af ráðh. sig sekan um það að fara út fyrir þinghelgina til að segja frá frv. á opinberum eða hálfopinberum fundi og lætur síðan birta þau ummæli í blaði, áður en þm. fá að sjá frv. Ég á hér við hæstv. dómsmrh., sem sagði frá frv. á Varðarfundi í gær, og þau ummæli eru svo birt í Vísi í dag, þannig að frásögnina er búið að prenta, áður en þm. fá að sjá frv. Þetta eru nokkur orð um það, hvernig þetta frv. ber hér að og að sjálf framlagningin hér á Alþ. tekst með endemum, sem hæfir innihaldi frv.

Þá er sem sé loksins komið að því, að úrræði hæstv. ríkisstj. eru komin fram í frv.-formi hér á Alþ. — úrræði, sem hefðu átt að vera ákveðin, þegar ríkisstj. tók við, því að til þess hafði þessi ríkisstj. 23 daga umhugsunarfrest við tilraunir til að koma sér saman í janúar s. l., að hún gæti komið sér niður á að finna úrræði til lausnar á vandamálum þjóðarinnar. Þau eru ekki svo ný, að hún gæti ekki vitað, hvað við átti. Ég hef áður rakið það hér á þingi og skal ekki endurtaka það nú, þó að tilefni væri til, þvílíkur ónytjungsháttur hefur verið hjá ráðh. sem starfsmönnum þings og þjóðar, hvað snertir allan undirbúning málsins. Fyrst hún ekki kom sér saman um þessi úrræði, þegar hún tók við völdum, þá skuli hún hafa þurft 10 mánuði rúml. til þess loksins að koma sér niður á þetta frv., sem nú liggur fyrir, og það er vitanlega fjarri því, að nokkur stefna væri ákveðin hjá ríkisstj. í þessu máli, þegar hún tók við, því að það er kunnugt, að hún hefur verið, hvað úrræði snertir, að hrökklast úr einu í annað. Eina vikuna hefur hún verið með gengislækkun sem aðalúrræði viðvíkjandi dýrtíðinni, aðra vikuna hefur hún verið með gjaldeyrisskatt sem aðalúrræði gegn dýrtíðinni, svo hefur hún horfið frá þessum úrræðum, þegar sagt hefur verið frá því af stjórnarandstöðunni, að þetta væri það, sem hún helzt hugsaði um, hún hefur óttazt dóma almennings og þess vegna ekki þorað að koma fram með þau. En stjórnin sá, að einhverju varð hún að reyna að koma saman, einhverri mynd eða ómynd varð að koma á — einhverju varð að klöngra saman, hvers konar óbermi sem það væri, og nú er það komið. Þetta frv., það einkennist þess vegna fyrst og fremst af skorti á hugkvæmni um úrræði, á heiðarleik og réttlæti gagnvart þjóðfélagsþegnunum og ónytjungshætti í því að undirbúa málið þannig fyrir þingið, að hægt sé sæmilega að ræða það. Það, sem nýtilegast er í þessu frv., liggur fyrir þinginu í öðru frv., og sjálft er þetta frv. í rauninni aðeins yfirskin þess að berjast á móti dýrtíðinni í landinu, en gerir ráðstafanir til þess að stórauka dýrtíðina, en yfirskin þess og aðalatriði er launalækkun — árás á kjör alþýðu, og það er sá raunverulegi tilgangur með þessu frv. Þetta þykja kannske ljótar staðhæfingar, en ég mun leitast við að færa rök að þeim og sanna það með þessu frv., að þetta er það, sem ríkisstj. stefnir að, og hér séu engin raunveruleg úrræði á móti dýrtíðinni í þessu frv. önnur en þau, sem áður liggja hér fyrir í frv.-formi, en hins vegar gerðar stórkostlegar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina með frv. og raunverulega innihaldið sé launalækkun. Þetta ætla ég nú að reyna að sýna fram á með því að taka fyrir einstaka kafla frv.

Aðalatriðið fyrir ríkisstj., eins og hæstv. forsrh. líka viðurkenndi, er III. kafli frv., þar sem bannað er að miða greiðslu launa eða aðrar greiðslur við hærri vísitölu en 300. Þarna er m. ö. o. lagt til, að Alþ. eyðileggi þá frjálsu samninga, sem atvinnurekendur og launþegar í

landinu hafa gert á milli sín, og fyrirskipaður rangur útreikningur á visitölunni, sem hefur í för með sér til að byrja með 8½% launalækkun fyrir alþýðu og með þeim ráðstöfunum, sem að öðru leyti eru gerðar í frv., meiri launalækkun þegar lengra líður. Þetta er hvorki meira né minna en raunverulegur þjófnaður. Það er verið að stela af launum launþeganna í landinu til þess að veita það þeim ríkustu í þessu landi. — Það er verið að taka af því launafé, sem launþegarnir hafa tryggt sér ýmist með samningum eða l., og nota það til þess að gefa það þeim ríkustu og tekjuhæstu í landinu, sem bezta möguleika hafa til að standa undir ráðstöfunum gegn dýrtíðinni.

Í fyrsta lagi vildi ég viðvíkjandi þessum kafla segja það, að hugkvæmnin er ekki sérstaklega mikil hjá þessari hæstv. ríkisstj. Þessi leið, sem hún finnur til þess að minnka launin, það er nákvæmlega sama leiðin og utanþingsstjórnin lagði fyrir í frv.formi hér á Alþ. í sept. 1944, sem hét frv. til l. um ráðstafanir vegna dýrtíðarinnar. Þá var lagt til af ríkisstj. Björns Þórðarsonar samkv. 2. gr., að verðlagsuppbót mætti ekki miða við hærri vísitölu en 270, það var m. ö. o. lagt til, að binda vísitöluna við 270 stig. Þetta var nú leiðin, sem þáverandi utanþingsstjórn sá. Nú eru liðin þrjú ár síðan, og þeir þjóðstjórnarflokkar, sem hafa sett saman þessa ríkisstj. og búið til þetta frv., þekkja ýmsar aðrar aðferðir frá því áður fyrr til þess að lækka launin, svo sem gengislækkun, gerðardóm og annað slíkt. Þeir hafa nú viljað láta sér hugkvæmast eitthvað nýtt, en hafa ekki komizt lengra en að taka upp nokkuð breyttar till. utanþingsstj. frá 1944. Þá sáu þessir flokkar ekki marga aðra möguleika en að ráðast á launakjörin. Þegar það frv. var lagt fram, þá bentum við sósialistar á aðra leið út úr ógöngunum, sem þessir flokkar töldu, að þjóðin væri komin í, leið, sem þjóðin síðan fór, og það hefur sýnt sig, að það var hægt að hækka launin og bæta kjör alþýðu vegna þess, að okkar leið var farin. Þá treystust þessir flokkar ekki til þess að fylgja því frv., sem þá var lagt fram. Nú hafa þeir eftir þriggja ára umhugsun um dýrtíðina komizt að þeirri niðurstöðu, að engin önnur ráð sé hægt að finna en að höggva nú í sama knérunn eins og áður var gert í gerðardómsl. og reyna að lækka laun hjá launþegum á sama hátt eins og lagt var til 1944 og afstýrt þá. Það er fyrsta stjórnin, sem Alþfl. hefur myndað, sem nú situr að völdum, og hugkvæmni hans hefur þá verið svona mikil. Mér liggur við að segja, að það hafi aldrei neinir fulltrúar auðmanna verið eins fátækir af hugsun eins og þeir hæstv. ráðh., sem nú sitja, og mér finnst andleg eymd Alþfl. nokkuð mikil, þegar hann ofan á svo snauða siðgæðiskennd hefur ekki einu sinni hugkvæmni til að finna ný ráð handa herrum sínum til þess að skýla sinni andlegu nekt. Þetta var nú viðvíkjandi hugkvæmninni og ráðunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur þurft 10 mánuði til að leita að, en eru búin að standa þrjú ár prentuð í bókum þingsins.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að meiningin með þessu væri að stöðva verðbólguna. En hvað er það raunverulega? Stöðvar þetta dýrtíðina? Nei, hún heldur áfram að vaxa jafnt fyrir þessu. Í fyrsta lagi kemur verð á allri útlendri vöru til með að hækka, það hefur farið hækkandi allt þetta ár og kemur til með að fara hækkandi um þó nokkurt skeið. Og viðvíkjandi því öðru, sem almenningur þarf að greiða: Hvernig er það með húsaleiguna? Húsaleigan fer enn sem komið er hækkandi á svarta markaðnum, og það er engin ráðstöfun gerð í þessu frv. til að hindra þá hækkun. Það er vitanlegt, að fjöldi manna býr við hærri húsaleigu en reiknað er með í visitölunni, og því færri hús sem byggð eru, því meir kemur þessi svarti markaður til með að hækka. Það er þess vegna gefið, að það er verið að gera mönnum ókleifara að ráða við dýrtíðina einmitt með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. gerir. Því meira sem byggt er af nýjum húsum, því fleiri verða þeir, sem búa í nýjum og dýrum húsum og búa við háa húsaleigu, sem ekki kemur inn í húsaleiguvísitöluna. Jafnframt er það vitanlegt, að ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til þess að gera færri mönnum kleift að byggja hús yfir sig samkv. l., sem áttu að tryggja það, því að þau l. eru ekki framkvæmd. Þeir fá ekki leyfi til þess að byggja, sem eiga að fá það samkv. l., ef þau væru framkvæmd. Þeir menn, sem hafa lagt í húsbyggingar, verða að standa undir dýrum stofnkostnaði og háum vöxtum, og afleiðingin verður sú, hvað snertir húsaleiguna, að dýrtíðin heldur áfram að vaxa, því að gagnvart svarta markaðnum eru engar ráðstafanir gerðar. Hvað snertir vextina, sem eru mjög mikill þáttur, ekki aðeins í húsaleigunni, heldur í öllum rekstrarkostnaði Íslendinga, þá gæti maður bezt trúað, að frekar væri hugmyndin að hækka þá en lækka. Það er ekkert, sem bendir til þess hér, að það eigi að hafa eftirlit með bönkunum viðvíkjandi vöxtunum, og ef þeir hækka, samtímis því sem bundnar eru og lækkaðar þær launafúlgur, sem launþegar fá greiddar, þá þýðir það raunverulega rýrnun í viðbót á kjör þeirra. Svo er þar að auki auðséð, að ríkisstj. gerir sjálf í þessu frv. ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Samkv. þessu frv. er ekki aðeins framlengd tollahækkunin frá því í vor, heldur er líka lagður á sérstakur söluskattur, sem leggst allur á almenning og eykur þannig dýrtíðina. Enn fremur kæmi mér það ekki alveg á óvart, þó að ríkisstj. í vandræðum sínum með að finna tekjustofna fyrir ríkissjóð — tekjustofna, sem ekki koma við auðmennina — gripi til þess ráðs að hafa ekki niðurgreiðslurnar alveg eins miklar, þegar næstu fjárl. verða afgr., eins og verið hefur undanfarin ár og hækki þannig raunverulega visitöluna. Ég er hræddur um, að það yrði mikil freisting hjá fulltrúum auðmannanna í þessari ríkisstj. að notfæra sér það að geta lofað visitölunni að hækka án þess að það komi fram í launum. Hér eru sem sagt í þessu frv. gerðar beinar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu og það mjög verulega, en hins vegar er ætlazt til, að visitalan hækki ekki neitt. Þess vegna er það gefið, þar sem 12. gr. þessa frv. mælir svo fyrir, að ekki megi reikna með hærri vísitölu en 300, að það þýðir lækkun launa í landinu til að byrja með um 8½%, ekki 8%, eins og hæstv. forsrh. sagði. Það er auðséð, að strax og ráðstafanir frv. fara að verka, þá kemur dýrtíðin til með að

fara hærra en hún er og hin raunverulega vísitala einnig. Hæstv. forsrh. sagði, að þessi launalækkun, sem almenningur ætti að taka á sig, ætti að verða eins konar vátryggingargreiðsla — framlag frá launafólkinu til þess að tryggja sér áframhaldandi atvinnu í landinu. Þetta hljómar ósköp fallega. En hvar er trygging í þessu frv. fyrir áframhaldandi atvinnu? Reyndi hæstv. forsrh. með einu orði að sýna fram á, að þessi trygging væri til í frv.? Nei, það er ekki eitt einasta ákvæði í þessu frv. um það að tryggja atvinnu í landinu, þvert á móti má gera ráð fyrir, að það þýði aukið atvinnuleysi í landinu, ef ríkisstj. og fjárhagsráð halda áfram á þeirri braut, sem þau hafa verið á undanfarið. Það er öllum vitanlegt, að hér væri komið á stórkostlegt atvinnuleysi nú, ef síldarhlaupið hefði ekki komið. Atvinnuleysi virðist vera bein ráðstöfun af hálfu ríkisstj. til þess að skapa ótta hjá almenningi — til þess að geta beygt almenning undir þá launalækkun, sem hér er heimtuð af fólkinu í landinu. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að ráðstafanir ríkisstj. til þess að skapa atvinnuleysi í landinu hafi verið gerðar af ráðnum hug til þess að geta þannig fylgt eftir launalækkunartillraununum, sem hún ætlar að gera með þessum þrælalögum. Henni hefur þótt óárennilegt að ætla að lækka launin við almenning í landinu, svo framarlega sem allir hefðu vinnu, enda sparaði ekki hæstv. forsrh. að ógna með atvinnuleysi. Ríkisstj. hefur þótzt þurfa að vera örugg um, að atvinnuleysi kæmi, svo að menn mundu eftir, hvernig það væri. Í þessu frv. er ekki gerð ein einasta ráðstöfun til þess að tryggja verkamenn gegn atvinnuleysi, hvorki með framkvæmdum, sem lögskipaðar séu í þessu frv., né atvinnuleysistryggingum. Þvert á móti hefur ekki nokkur skapaður hlutur heyrzt frá ríkisstj. um það, hvaða framkvæmdir hún ætli að láta gera á næsta ári eða hvaða framkvæmdir verði gerðar af einstaklingum eða einstökum samtökum í landinu. Það ríkir alger óvissa um allt, sem snertir atvinnulífið á næsta ári. En eitt er víst. Svo framarlega sem þessi ríkisstj. situr áfram að völdum og hennar fjárhagsráð, þá verður hin dauða hönd afturhaldsins lögð yfir atvinnulífið í landinu eins og síðari hluta þessa árs.

Belgingur hæstv. forsrh. um, að alþýðan í landinu væri með því að taka á sig þessar fórnir, að tryggja sig gegn atvinnuleysi, er því hreinasta blekking, enda reyndi hann ekki að rökstyðja það með einni einustu tilvitnun. Það er t. d. alveg víst, að lýsisherzluverksmiðjan, sem fyrrv. stjórn sagði, að ætti að halda áfram, verður stöðvuð af ríkisstj. Meira að segja var af einum fulltrúa flokks hæstv. forsrh. á alþýðusambandsþingi kallað fram í, þegar rætt var um, að nýsköpunin væri að stöðvast, og sagt, að togararnir fengju þó að koma til landsins. Sem sé, eina framhaldið á nýsköpuninni er það, að ríkisstj. treystir sér ekki til að fara að ráðum, sem einum af bankastjórum Landsbankans einu sinni hefur dottið í hug: að senda nýju togarana úr landi. Nei, frv. er svo aumlegt, hvað snertir tryggingu fyrir atvinnu, að ekki einu sinni hæstv. forsrh. leyfir sér að lýsa yfir því í framsöguræðu sinni, að útgerðin fari af stað eftir áramótin, svo framarlega sem þessi l. nái fram að ganga. Það væri þó það minnsta, fyrir Alþ., að ríkisstj. gæfi hér yfirlýsingu um það, að útgerðin færi af stað með þessu móti — að það væri öruggt, að hver einasta fleyta væri í gangi — það lægi fyrir yfirlýsing frá L. Í. Ú. um það, að það treysti sér til að gera út, ef þetta frv. væri samþ. En það er ekki einu sinni, að hæstv. forsrh. treysti sér til að lýsa yfir þessu hér við 1. umr. málsins eftir endalausar umr. um þessi mál við L. Í. Ú. og aðra aðila og fulltrúa innan ýmissa stétta. Það er ekki svo mikið sem trygging fyrir því, að útgerðin fari af stað, hvað þá að önnur atvinna haldist. Þvert á móti er fjárhagsráð látið sjá um, að ekkert hráefni sé til að vinna úr, og búið er að nota allt byggingarefni. Hæstv. forsrh. lýsti hrærður yfir því, að það væru ósannindi, að stjórnin ætlaði að skapa atvinnuleysi og láta fleiri launalækkanir sigla í kjölfarið, það ætti aðeins að bjarga atvinnuvegunum. Í því sambandi má bera saman dýrtíðarfrumvarp okkar sósíalista og frv. það, sem hér liggur fyrir, með tilliti til framhaldsrekstrar hraðfrystihúsanna til dæmis.

Dæmi: Maður suður með sjó á hraðfrystihús. Hann borgar 300 þús. kr. í laun á ári, og hann borgar 100 þús. kr. í vexti. Launalækkunin samkvæmt þessu frv. hér mundi þýða 15 þús. kr. fyrir hann, sem hann sparaði á „fórninni", sem hæstv. forsrh. vill láta færa og er alltaf að tala um. Hins vegar er einn liðurinn í okkar frv. sá, varðandi lækkun útgerðarkostnaðar, að lækka vextina um helming, úr 5% niður í 2½%, og það mundi þýða 50 þús. kr. fyrir þennan mann, sem framleiðslukostnaðurinn minnkaði um, í stað 15 þús. kr. með launalækkunarframkvæmd þessa stjfrv., sem þó á að vera til þess að hjálpa atvinnuvegunum af stað og halda þeim við.

Þetta og fleiri dæmi sýna og sanna, að það er blekking, að þetta frv. tryggi það, að atvinnuvegirnir beri sig. Annar kostur þess á að vera sá, að í því felist öryggi gegn atvinnuleysi, en það er sama blekkingin, og loks á það að vera barátta gegn dýrtíðinni, og það á að réttlæta fórnir launamanna, en í þessu frv. felst engin trygging gegn atvinnuleysi eða vaxandi dýrtíð, nema síður sé.

Heildarlaunatekjur launþega hér á landi munu að líkindum vera um 500 millj. kr. á ári, eða hafa verið á síðasta ári, og ég gæti trúað, að heildartekjurnar hafi verið heldur meiri en minni undanfarin ár. Um það eru þó ekki til nákvæmar skýrslur, en segjum 500 milljónir. Launalækkunin þýðir til að byrja með 8½%, en með viðbótarlaunalækkun og hækkuðu verði á aðfluttum vörum er óhætt að reikna með 10% launalækkun í heild, og það mundi þýða, ef miðað er við heildartekjur launþega s. l. ár og gert ráð fyrir, að þær séu 500 milljónir, að teknar væru 50 millj. kr. úr vasa launþega á Íslandi á ári með þessu lagaboði. Þetta lagaboð sviptir starfsmenn ríkisins þeim kjarabótum, sem þeim tókst að ná, að mestu leyti í tíð fyrrv. ríkisstj., og það sviptir verkamenn öllum kjarabótum síðustu ára. Þetta er enginn smáskattur, sem launamennirnir verða að greiða vegna auðmannastéttarinnar og til hennar. Þeir, sem fyrst fengju að kenna á þessu

boði, ef vertíð hefst, eru sjómenn á vetrarvertíð, því að lágmarkstrygging þeirra er ákveðin og reiknuð út með vísitölu. Þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð, var samkomulag um að bæta kjör sjómanna með hærra verði og meiri lágmarkstryggingu og tryggja þannig betur hag þjóðarinnar, því að sjómennirnir færa björg í bú hennar. En það er svo sem eftir öðru óláni hjá núverandi stjórn, að hún skuli berjast gegn sjómönnum. Á sama tíma sem hún er að tala um, að útgerðin þurfi að fara í gang, og vitað er, að fyrst og fremst þarf menn til að fara á sjóinn, þá byrjar þessi ríkisstj. á að lækka lágmarkstryggingu sjómanna.

Hvað starfsmenn ríkisins snertir, biðu þeir árum saman eftir leiðréttingu á sínum hag. Það kostaði þá mikið að fá betri kjör, eða réttara sagt, þeir voru búnir að bíða lengi eftir því, og eitt af því bezta, sem fyrrv. stjórn gerði, var að laga og rétta þeirra hag. Og það er því einkennandi fyrir núv. stjórn, að hún skuli eftir 10 mánaða leit að dýrtíðarráðstöfunum gera það að einu aðalatriðinu í dýrtíðarfrv. sínu að svipta ríkisstarfsmenn þeim réttarbótum, sem þeir fengu 1945 og 1946, kennara og alla opinbera starfsmenn. Hvað snertir aðra launþega, verkamenn, bæði iðnlærða og óiðnlærða, er vitanlegt, að í framkvæmd verður þetta þannig, að þeir, sem sterkasta hafa aðstöðuna og hæst hafa launin fyrir, fá uppbót á launatapið með grunnkaupshækkunum, stjórnin veitir gæðingum sínum uppbætur, hún er ekki sínk á slíkt. Hins vegar er viðbúið fyrir þá, sem lægst eru launaðir, að þeir ættu erfiðast með að fá bætt upp tjónið, og þannig kæmi launalækkunin þyngst niður á þeim, er sízt skyldi.

Ríkisstj. mun nú e. t. v. reyna að færa sín rök fyrir því, að lækka eigi hitt og þetta í verði, en ég hef sýnt fram á, að hún hefur reynt að auka og hækka verð á flestum sviðum. Og allar skuldir, t. d. sem launþegar hafa stofnað til á undanförnum árum vegna kaupa á íbúðum eða atvinnutækjum, hækka raunverulega í gildi með samþykkt þessa frv. og máske vextir líka. Það er e. t. v. engin tilviljun, að í haust, er mest var talað um dýrtíðarráðstafanir, sögðust auðmenn ætla að bíða þar til frv. ríkisstj. kæmi fram, þeir voru alveg rólegir. En þeir launamenn, sem hafa hrifizt af bjartsýni undanfarinna ára og trúað á framtíðina, þeim verður nú ekki að trú sinni, þeim er gert sem erfiðast að standa í skilum, hafi þeir t. d. í fyrsta sinn á ævinni lagt í að eignast þak yfir höfuðið eða annað slíkt. Þetta, sem lagt er til í 12. gr., þýðir a. m. k. 50 millj. kr. rán af launastéttunum til þeirra, sem græða og hverra gróði er ekki að neinu leyti tekinn með frv. þessu. Núv. stjórnarflokkar hafa áður komið sér saman um svipaðar ráðstafanir og nú. 1939 voru það þessir flokkar, sem komu sér saman um gengislækkun og bann við grunnkaupshækkunum, og 1942 voru þessir flokkar í stjórn, er gerðardómslögin voru sett. Þá hafði hæstv. núv. forsrh. annaðhvort eftir þann snefil af sómatilfinningu eða klókindum að fara úr stjórn. Nú er hann hins vegar forsrh. þeirra flokka, sem stóðu að gerðardómslögunum, nú er hann að framkvæma sams konar árás á launþega og alþýðu og hann lét þó vera árið 1942. Þessir flokkar virðast lítið hafa lært af reynslunni. Enn ráðast þeir á þá, sem búa við lökustu kjörin, og svipta þá þeim kjarabótum, sem áunnizt hafa fyrir erfiða baráttu, og taka a. m. k. 50 millj. kr. á ári hverju úr vasa þeirra eða andvirði 500 íbúða í verkamannabústöðum. Já, ég býst við, að þetta sé hærri upphæð en veitt hefur verið til allra íbúða, sem byggðar hafa verið samkv. l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Af mjóum þvengjum læra hundarnir að stela. Þegar Iðnó, Alþýðubrauðgerðin og Alþýðuhúsið var selt, var stolið 300 þús. kr., en nú er stolið andvirði 500 verkamannaíbúða í einu vetfangi. Þetta eru verk fyrstu ríkisstj. Alþfl., eftir að við sósíalistar höfum verið hundskammaðir fyrir að gangast fyrir stjórnarmyndun með Sjálfstfl. Nú er Alþfl. búinn að sýna, hvað hann getur gert undir sinni forustu, hvað hann gefur alþýðu landsins, 50 milljónir með einni lagagr. teknar úr vasa hennar. Að vísu býst ég ekki við, að hægt verði að taka allt, sem náðst hefur í kjarabótum síðustu árin, en ekki vantar viljann til þess, en það vantar e. t. v. getuna. Alþýða þessa lands hefur áratugum saman barizt fyrir rétti sínum og bættum kjörum, en hæstv. núv. forsrh. hefur aldrei tekið þátt í þeirri baráttu. Hann hefur aldrei starfað í verklýðsfélagi, og hann hefur aldrei vitað, hvað það er að vinna með fórnum að því að fá kjör sín eitthvað bætt. Hann hefur hins vegar átt sæti í ríkisstj., sem svipti verkalýðinn samningsrétti 1939. 1941 tilkynnti hann, að engin hætta væri á því, að verkamenn fengju grunnkaupshækkanir til að bæta sín kjör, og 1944 barðist hann, meðan hann gat, á móti myndun ríkisstj., sem mynduð var í því skyni að bæta hag alþýðunnar og opinberra starfsmanna. Þessi hæstv. forsrh. hefur ekki aðeins látið vera að taka þátt í baráttu verkalýðsins fyrir bættum kjörum og launum, heldur hefur hann og flokkur hans lagzt æ þyngra á móti kjarabótum vinnandi fólks og barizt gegn þeim og verkföllunum, sem orðið hefur að grípa til, og í vor kallaði einn af aðalforustumönnum Alþfl. það glæp, ef verkamenn ætluðu að reyna að bæta sér upp þá launaskerðingu, sem tollahækkanirnar ollu. Þessi flokkur hefur gert allt, sem hann hefur þorað og getað, til að koma í veg fyrir, að íslenzk alþýða gæti bætt kjör sín, en hann hefur orðið undir í þeirri viðureign og ekki tekizt það fyrr né síðar, en þjóðin hefur stórtapað vegna baráttu þessa flokks gegn verkalýðnum. Og nú liggur hér fyrir frv., sem á að þræla í gegn með handjárnum umræðulaust og taka með því 50 milljónir króna af alþýðunni árlega, án þess að hún fái varizt. Hæstv. forsrh. talaði um, að atkv. ættu að ganga um þetta frv. hér, en ég spyr, vill hann ekki láta þjóðina greiða atkv. um það? Var það „akkurat“ þetta, sem hann lofaði í síðasta kosningaprógrammi Alþfl. 1946? Þorir hann nú ekki að horfast í augu við kjósendur og láta forseta leggja málið í þjóðardóm? Nei, nú á ekki að hlusta á rök, nú skulu menn bara hlýða. En anzi er ég nú hræddur um, að launþegar segi nú eitthvað, þegar farið verður að taka a. m. k. 2000 krónur af launum þeirra samkv. ákvæðum 12. gr. En þetta kemur auðsjá-

anlega ekki niður á launþegum einum, þó að þeim sé ætlaður aðalbitinn, heldur skilst mér, að hér heyri undir allar greiðslur vegna alþýðutryggingganna og aðrar slíkar. Það þýðir með öðrum orðum, að gamla fólkið, sem hingað til hefur fengið sínar hundrað krónur í grunn, plús meðalvísitölu ársins, fær nú vísitölulækkunina á þennan knappa lífeyri sinn, og eins er um ekkjur og munaðarleysingja. Þegar Alþfl. burðaðist við að vera með í stjórn undir forsæti Ólafs Thors, var það eitt, sem við knúðum fram, að alþýðutryggingarnar yrðu settar. Flokkurinn hefur mikið skrumað um þær síðan. En nú hefur hann haft tækifæri til að ráða og setja sín skilyrði fram, bæði varðandi tryggingar og annað, þegar hann hefur myndað sína fyrstu stjórn, en sannast sagna er, að auðmennirnir dikteruðu flokknum, hvað hann skyldi ganga inn á, og hann gekk inn á það. Og hér er jólagjöf hans til ekkna og munaðarleysingja. Hversu gæfusamt var þetta land að fá núverandi hæstv. forsrh. sem foringja! Undir forustu þessarar auðmannastjórnar á nú að rýra og draga úr því, sem hafðist í gegn með harðvítugri baráttu. Til nokkurs hefur þessi stjórn setið og lögboðið lækkun á öllu kaupi.

IV. kaflinn í þessu frv. er um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins. Ég ræði hann ekki sérstaklega. Þar er sumt tekið beint upp úr frv. okkar sósíalista, og allóþægilegt hlýtur það nú að vera fyrir þessa herra að krjúpa að krossinum og neyðast til að koma hér með Ákaverðið, sem þeir hafa nefnt svo, og biðja Alþ. um að samþykkja það. Hins vegar er svo lítið tekið upp úr frv. okkar, að vart mun nægja til, að útvegurinn fari af stað.

Svo er það 3½% söluskatturinn, sem allur á að leggjast á almenning. Framsókn talaði ekki svo lítið um hinn óþolandi veltuskatt í tíð fyrrv. ríkisstj. Framsóknarmönnum þótti veltuskatturinn, sem lagður var á í tíð fyrrv. stjórnar, alveg óþolandi, og þeir fóru um allt landið til þess að segja þjóðinni, hve ægilegur þessi skattur væri. Já. Það var eitt ægilegt við skattinn, og það var það, að kaupmenn urðu að borga hann. Nú hefur Framsfl. haft tækifæri til að sýna, hvernig veltuskatt hann leggur á, þegar hann er í stjórn. Þá átti nú svo sem ekki að láta auðmennina sleppa. Hver varð svo reyndin? Reyndin varð sú, að þegar Framsfl. nú er í stjórn, þá er öllum skattinum velt yfir á almenning í landinu, en ekkert lendir á sjálfum heildsölunum. Það var rétt hjá framsóknarmönnum, að veltuskatturinn lenti áður á kaupfélögunum eins og kaupmönnunum. Þessi skattur, sem nú á að leggja á, lendir ekki á kaupfélögunum, heldur á kaupfélagsmönnunum. En veltuskatturinn, sem fyrrv. stjórn lagði á, lenti á auðmönnunum, en Framsfl. hefur nú tekizt að tryggja það, að byrðunum yrði velt yfir á almenning. Þessi stjórn segist berjast gegn dýrtíðinni í landinu. Þessi stjórn ætlar sér nú að leggja á 3½% söluskatt, sem verður til þess að auka dýrtíðina. Ofan á annað er svo þessi skattur svo visdómslega á lagður, að þeir, sem svíkja undan skatti, og þeir eru nokkrir, geta líka stungið skattinum í sinn vasa. Skatturinn er sem sé lagður á útsöluverð, og ef einhverjum yrði á að telja ekki allt fram, fá þeir sjálfir hluta skattsins, í stað þess að með söluskattinum, sem lagður var á í tíð fyrrv. stjórnar, var tryggt, að hann rynni allur í ríkissjóð. Ríkisstj. er ánægð, ef hún getur látið almenning borga skattinn, en hitt gerir minna, þótt hann komi ekki allur í ríkissjóðinn. Sem sagt, þessi skattur er til þess tvenns, að verðlauna skattsvikara og auka dýrtíðina.

En svo er einn skattur, sem ríkisstj. segir, að auðmennirnir eigi að borga. Það er eignaraukaskatturinn. Með því að svo stutt er, síðan þessu frv. var útbýtt, hefur mér ekki gefizt tækifæri til að lesa ákvæðin um þennan skatt nákvæmlega, en nokkur orð vildi ég segja um hann, eftir því sem mér kemur hann fyrir sjónir við lauslegan lestur, en mér þykir leitt að hafa ekki haft tíma til að athuga þessi ákvæði nánar. Hæstv. forsrh. gerði heldur ekki mikið að því að skýra þau og minntist ekki einu orði á, hve mikill skatturinn væri áætlaður. Ég hef heyrt talað um 10 milljónir, en veit ekki, hvort það er rétt. Hæstv. forsrh. sagði, að allir yrðu að bera byrðarnar, það væri alveg óhjákvæmilegt. Við skulum nú athuga, hvernig þessi skattur kemur niður. Einhvern tíma hefði hæstv. forsrh. kannske verið sammála mér um það, að þeir, sem breiðust hafa bökin, ættu að bera þyngstar byrðarnar. Skattskýrslur sýna, að hæst hér í Reykjavík einni er skuldlaus eign 200 ríkustu fyrirtækja og einstaklinga 103 millj. kr., eftir því sem þeir gefa upp og á fasteignamati árið 1946. Það þýðir 500—600 millj. kr. í höndum hinna 200 ríkustu. Það er því ekkert smáræði, sem hægt er að byrja með að taka þar. Við skyldum því búast við, að þar mundi stjórn Alþfl. bera niður, — en hvernig hagar hún svo eignaraukaskattinum? Á hann að leggjast á þá ríkustu? Ekki er það principið hjá ríkisstj., og maður skyldi þó ætla, að þessir 200 auðkýfingar ættu að geta borið að missa svo sem 50 millj. kr., þegar þjóðina vanhagar um það. Það er farið eftir því principi, að þeir, sem auðgazt hafa á síðustu árum og næst til, skuli borga skattinn, og sýnist mjög tilviljanakennt, á hverjum hann muni lenda. Utanþingsstjórnin gamla hafði á sínum tíma eignaraukaskatt á stefnuskrá sinni, og hefur núverandi stjórn reynt að sigla sem næst þeim skatti. Ríkisstj. Alþfl. gengur ekki nær auðmönnunum en ríkisstj. Björns Ólafssonar og Vilhjálms Þórs. Hvað þessi skattur á að gefa mikið, vitum við ekki. En ef það er ekki meira en 10 milljónir — en það þarf að koma fram —, þá er að ekki nema lítill hluti af þeim 500—600 milljónum, sem eru í eign hinna 200 ríkustu hér í Reykjavík, en á sama tíma á að taka 50 milljónir af almenningi. Þannig skiptir stjórn Alþfl. á Íslandi byrðunum milli manna, eftir að hæstv. forsrh. hefur lýst yfir, að hann væri búinn að reikna nákvæmlega út, hverju hver ætti að fórna. Af lauslegri athugun á ákvæðum frv. um eignaraukaskattinn sýnist mér mjög tilviljanakennt, á hverjum hann lendir. Ef maður t. d. hefur átt hús og á það enn, þarf hann ekki að borga skattinn, en er hins vegar skattskyldur, ef hann hefur neyðzt til að selja húsið, og ef menn hafa keypt hús og ekki þurft að selja það, sleppa þeir við skattinn. Þannig fæ ég ekki séð þann siðferðilega grundvöll gagnvart borgurunum, sem frv. geti byggzt á. Mér varð á að segja um

þetta, að eins mætti setja það ákvæði, að þeir húseigendur, sem fótbrotnuðu, ættu að borga skattinn, en hinir ekki. Hví í ósköpunum á ekki að taka skattinn af þeim ríkustu, þegar þjóðina vantar fé? Þeir verða nokkuð jafnvoldugir fyrir því, þó að þeir missi 50 milljónir af 500 millj. sínum. Og fyrir borgarana er svona skattur mjög óréttlátur, því að hingað til hefur það þótt rétt, að lögin gengju jafnt yfir alla. Sjálft principið í þessu er því hreinasta gerræði.

Þá vildi ég minnast nokkuð á einstök atriði frv. Það er meiningin að undaþiggja Eimskipafélag Íslands skatti, en hins vegar ekki önnur flutningaskipafélög, sem hér eru til og hafa verið að kaupa skip á síðustu árum. Er það nú rétt að gera svona upp á milli privatfélaga og láta Eimskipafélagið njóta sérréttinda, en hin félögin borga skattinn og gera þeim þannig ókleift að keppa við Eimskipafélagið? Ég veit, að eftir áskorun fyrrv. ríkisstj. hafa allmargir lagt í að koma upp flutningaskipastól, en með því að veita Eimskipafélaginu stöðugt sérréttindi, eru þau gerð ósamkeppnisfær, og ef ríkið endilega vill styðja Eimskipafélagið, þá ætti það að gera það á þann hátt að láta félagið selja sér hlutabréf og gerast aðalhluthafi í félaginu, því þó að hluthafar félagsins séu margir og um allt land, þá er Eimskipafélag Íslands á valdi fámennrar klíku auðmanna hér í Reykjavík, og þessi klíka á meiri hluta hlutabréfanna og heldur sína klíkufundi, áður en aðalfundur kemur saman, og ræður lögum og lofum. Það er engin ástæða til að undanþiggja þá klíku skatti. Það sýnir sig líka, að Eimskipafélagið hefur lagt í önnur gróðafyrirtæki, og sá hópur auðmanna, sem stjórnar félaginu, er sífellt að reyna að leggja undir sig önnur félög, eins og t. d. Flugfélag Íslands. Enda þótt við viljum félaginu sem slíku vel, er engin ástæða til þess að láta það vera ókontroliserað af hálfu hins opinbera, og ég tel heppilegast, að ríkið gerist aðalhluthafi í félaginu. Og ég er alveg á móti því að gera svona upp á milli félaga, eins og hér er ætlazt til.

Hér er í 4. gr. talað um eignir, og ef menn hafa átt þær sömu eignir fyrir stríð, þurfa þeir engan skatt að greiða, þótt eignirnar hafi margfaldazt í verði. T. d. er enginn skattur greiddur af hlutabréfum í togarafélögum, ef sami maður, sem á þau, átti þau 1939, enda þótt hlutabréfin hafi á þessum tíma margfaldazt að verðmæti. Hins vegar eru gerðar ráðstafanir til þess, að starfsmenn togaraflotans taki á móti rýrnun á sínum launum. Það á að minnka laun allra, sem starfa við togarana, en hlutabréfin, sem margfaldazt hafa í verði, á þau er ekki lagður skattur. Það má þó vera, að þetta sé ekki rétt skilið hjá mér, en ég fæ ekki betur séð. Sem sagt, þeir, sem ausa upp auðnum, verða að borga, en eigendur togaranna sleppa. Ég efast um, ef Ólafur Thors, einn helzti auðmaður þessa lands, hefði verið forsrh., að hann hefði leyft sér að bera fram annað eins frv. En hvað núverandi hæstv. forsrh. gerir, það er annað mál, en þá fer Alþfl. að verða nýtur flokkur fyrir auðmennina, ef togaraeigendur þurfa að fá hann til að bera slíkt fram, og þá hefur það verið til nokkurs fyrir auðmennina að skapa þessa ríkisstj. Mér sýnist eignaraukaskatturinn ranglátur og að hann lendi ekki á auðmönnunum, að hann sé tilviljanakenndur í framkvæmd og óréttlátur gagnvart borgurunum og gefi mun minna en rétt væri að taka af auðmönnunum. Hæstv. forsrh. lét líka alveg vera að upplýsa, hve miklar eignir og tekjur auðmannanna væru, og ætti þó ríkisstj. að vera innan handar að afla sér upplýsinga um það.

Þá er í frv. gefin sú heimild, að lækka megi húsaleiguna. Það væri gaman að vita, hvernig stjórnin hugsaði sér að framkvæma þá lækkun. Hæstv. forsrh. veit eins og aðrir, að meginið af húsaleigunni er á svörtum markaði, þannig að menn kvitta fyrir miklu minni upphæðum en þeir hafa fengið borgað og menn eru bara þakklátir fyrir að fá þak yfir höfuðið, þótt þeir verði að borga stórkostlegar aukagreiðslur, sem hvergi koma fram, vegna þess að neyðin er svo mikil, og hæstv. ríkisstj. hefur unnið af fremsta megni að því að auka þessa neyð með því að hindra menn í að byggja sér hús, jafnvel þótt byggingarefni væri fyrir hendi. Engin ráðstöfun er lögð til í þessu frv. til þess að brjóta þennan svarta markað, og ég skal viðurkenna, að til þess þarf mjög harðvítugar ráðstafanir. En það er hægt með því að taka húsin undir kontrol ríkisins og með því að byggja mikið. En engar ráðstafanir eru lagðar til í frv. í þá átt, að brjóta svarta markaðinn og lækka húsaleiguna, svo að þetta er aðeins ónýtt pappírsákvæði. Ríkisstj. hefur aldrei viljað gera neitt til að lækka húsaleiguna, og hún hefur hindrað allar byggingar, svo að aldrei hefur verið gengið lengra á Íslandi í því að takmarka frelsi manna.

Það má fara nánar í einstakar gr. frv. síðar, en það er engu síður fróðlegt að athuga, hvað ekki er í frv., því að það eru nefnilega vissir hlutir, sem „tabu“ er á, þ. e. a. s. má ekki minnast á. En það, sem „tabu“ er á og ekki má tala um, er t. d. heildsalagróðinn, verzlunarumstangið og það, að beina fjármagninu til framleiðslunnar. Það er ekkert í frv., sem miðar í þá átt. Og ekki má verzlunargróðinn tæmast. Stjórnin virðist skoða hann sem einhvern heilagleika, sem ekki megi hrófla við. Það á að taka 50 milljónir af alþýðunni, en verzlunargróðinn skal haldast. Þá er það annar hlutur, sem „tabu“ er á, en það eru vextirnir. Það má ómögulega skipa Landsbankanum að lækka vextina. Það kostaði mikla baráttu í tíð fyrrv. stjórnar að fá Landsbankann til að lækka vexti af stofnlánum um helming eða rúmlega það. En í þessu frv. er ekkert einasta atriði um að lækka vextina, en þeir eru eitt hið allra óbærilegasta fyrir sjávarútveginn. Og það skyldi engan undra, þótt Landsbankinn hækkaði vextina nú bráðum, sem hann var knúinn til að lækka í tíð fyrrv. stjórnar, sumpart af ótta við það, sem kynni að verða gert, og sumpart af ráðstöfun Alþingis. Þegar launþegunum er sagt að borga 50 milljónir, — hvað á þá Landsbankinn að leggja fram, sem á síðasta ári græddi 14,2 milljónir króna? Hæstv. forsrh., sem hefur reiknað út, hvað hver gæti borið, leggur ekki til, að Landsbankinn leggi fram einn einasta eyri. Það eru ekki einu sinni bannaðar vaxtahækkanir, og ég tullyrði, að ef þetta frv. verður að l., þá mun Landsbankinn hækka vextina — og sjáið þið til.

Það var eitt af því góða, sem gert var í tíð fyrrv. stjórnar, að knýja Landsbankann til að lækka vextina, þótt ekki gengi það baráttulaust, þar sem landsbankavaldið átti allmikil ítök í stjórninni. Núna hins vegar, þegar lækkuð eru laun almennings, þá er Landsbankanum gefið fríbréf til að hækka vextina. Það er fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi, sem gerir þetta. Heildsalavaldið og Landsbankann má ekki nefna eða hrófla við að neinu leyti.

Hver eru svo rök ríkisstj. fyrir þessu frv.? Hæstv. forsrh. sagði, að erfiðlega gengi um sölu íslenzkra afurða, en hann reyndi ekki að rökstyðja þetta. Hver er svo reynslan? Jú, hún er sú, að það hafa allar afurðir þjóðarinnar selzt og þótt meira hefði verið og að svo miklu leyti, sem ekki hefur fengizt mjög hagstætt verð, þá er það ríkisstj. að kenna. Það var hægt að selja bæði saltfisk og hraðfrystan fisk gegnum Danmörku til meginlandsins fyrir hærra verð en selt var fyrir. Það hefur verið haldið illa á þessum málum af hálfu ríkisstj. En nú eru fullar líkur fyrir, að verðið næsta ár verði ennþá hærra en hægt var að fá þetta ár, þó að ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að dylja þjóðina þess. T. d. er líklegt, að síldarolían seljist fyrir allt að 50% hærra verð og síldarmjöl og fiskimjöl, sem á þessu ári var selt fyrir 31 £, geti selzt fyrir 45 £ á næsta ári. Þrátt fyrir þetta talar ríkisstj. um, að þjóðin verði að fórna vegna sölutregðu. Með þessu frv. ætlar hún að setja lög í þeim tilgangi að stela 50 millj. úr vasa borgaranna.

Skyldi vera meiningin að hækka launin ef vel selst? Nei, svona brellur veit ég ekki, hvort nokkur útgerðarmaður hefði leyft sér að bera fram. Ég hef skorað á stjórnina að gefa upp, hvað hún byggist við, að hægt væri að selja afurðirnar fyrir á næsta ári, en hún hefur ekki þorað að gefa það upp, en treyst á lygamátt Morgunblaðsins til að blekkja þjóðina í þessu efni. Þá hefur utanrrh. gert ráðstafanir til þess, að stjórnarandstaðan fengi ekki að fylgjast með þessum málum, og valið sem sinn aðalsendimann Björn Ólafsson, sem aldrei sér nema hrun og væri þess vegna vís til að vera harðánægður með sama verð og í ár, þó að auðvelt væri að fá miklu hærra. Ég veit, hvernig þetta var 1944, þegar sendiherrann í London tilkynnti, að allt væri að lækka og nú yrði fiskurinn að lækka. Ef sams konar stjórn hefði þá setið við völd, þá hefði verðið strax verið lækkað, þó að hins vegar með harðri baráttu hafi verðið fengizt hækkað.

Það er stórt tjón, sem ríkisstj. veldur þjóðinni í sambandi við afurðasöluna, en þó tekur út yfir allt, þegar á að fara að skylda borgarana til að greiða 50 millj., vegna þess að vörurnar seljist ekki. Hvað snertir ábyrgðarverðið, þá er mjög vafasamt, að það nægi útveginum, nema aðrar ráðstafanir séu gerðar um leið, sem lækki útgerðarkostnaðinn. En um þær leiðir var getið og rætt í frv. okkar sósíalista. Hitt verður að telja mjög vafasamt, að launalækkun komi útgerðinni að nokkrum notum, enda virðist það í fyllsta máta óréttlátt, að þeir, sem draga björgina í búið, verði fyrstir fyrir skerðingu á sínum lífskjörum. Rökin fyrir launalækkun fá því ekki staðizt, en það er eitt markmið, sem ríkisstj. vinnur að og kemur greinilega fram í þessu frv., en það er að gera þá ríku í þessu þjóðfélagi ennþá ríkari á kostnað alþýðunnar.

Ríkisstj. hefur undirbúið atvinnuleysi, eftir því sem hún hefur getað, og í skjóli þess átti að knýja fram launalækkanir. Ég þarf ekki að ræða frekar þennan tilgang, það sjá hann allir, sem athuga þetta mál. En það er ekki nóg, að verkið, sem ríkisstj. ætlar sér að gera, sé illt, heldur er til þess stofnað, án þess að það sé framkvæmanlegt. Ráðh. reikna skakkt. Ríkisstj. hefur tvisvar í ár gert sams konar tilraunir, reynt, hvað langt hún kæmist gegn verkalýðssamtökunum. Í átökunum við Dagsbrún og önnur verkalýðsfélög í sumar beið ríkisstj. herfilegan ósigur. Hún þreifaði aftur fyrir sér við járniðnaðarmenn í haust og fór enn hraklegri ófarir. Blöð stjórnarinnar reyna að blekkja þjóðina varðandi þessa deilu nema Vísir. Þar segir, að hafi verið rétt að semja nú og ganga að kröfum járniðnaðarmanna, þá hefði verið rétt að gera það strax. Meira að segja Vísir virðist eitthvað farinn að læra af þessum ófördum. En ríkisstj. hefur ekkert lært.

Sterkustu menn stjórnar þeirrar, er reyndi að framkvæma gerðardómslögin, Ólafur Thors og Hermann Jónasson, hafa passað sig með að vera ekki í þessari stjórn, sem nú er að leggja í sams konar tilraun. Fiflunum skal á foraðið etja. Tveir ráðh. úr stjórninni 1942 eiga sæti í núverandi ríkisstj., Stefán Jóh. Stefánsson og Eysteinn Jónsson. Þeir virðast ekkert hafa lært. En dýr verður lærdómur þeirra, ef þjóðin á enn að þurfa að standa í harðvítugum deilum til að kenna þeim að ráðast ekki á lífskjör alþýðunnar.

Það fer með þessi lög eins og önnur lög, sem sett hafa verið á síðustu árum til að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari, af því að alþýðan er orðin nógu sterk til að láta ekki bjóða sér slíkar árásir.

Ríkisstj. hefur miðað allt starf sitt við að eyðileggja árangurinn af starfi fyrrv. ríkisstj., og þó er lengst gengið í þá átt með þessu frv. Samt fer hagur íslenzku þjóðarinnar enn batnandi fyrir aðgerðir fyrrv. ríkisstj. Togarakaupin og aðrar nýsköpunarframkvæmdir gera það að verkum, að tekjur þjóðarinnar eru meiri þetta ár en s. l. ár og verða fyrirsjáanlega meiri á næsta ári, ef hin dauða hönd ríkisstj. sligar ekki atvinnuvegina. Það er víst ekkert, sem mælir með því, að alþýðan sætti sig við skerðingu á lífskjörum sínum Hæstv. forsrh. óskaði eftir því að ekki yrði þæft um þetta mál eins og hann orðaði það. Ég vil leyfa mér að óska þess, að þm. athugi þessi mál vandlega, áður en þeir greiða þessu frv. atkv. Það kann að vera, að stjórnin sé búin að undirbúa þm., en þó getur verið, að einhver hafi persónulega sannfæringu. Einhver talaði um persónulega sannfæringu hér um daginn, en kannske hefur það bara verið í ölæði.

Ég vænti þess þó eindregið, að þm. íhugi þetta vandamál vel, en láti ekki forsrh. fjötra sig. En þó að flestir stuðningsmenn stjórnarinnar verði fjötraðir í þessu máli, þá teldi ég ráðlegra fyrir forsrh. að gefa að minnsta kosti 4. þm. Reykv. undanþágu, það gæti ef til vill verndað Alþfl. að einhverju litlu leyti frá þeirri smán, sem hann bakar sér með þessu frv.

Ríkisstj. hefur ekki sýnt þá röggsemd í að halda uppi lögum landsins við útlendinga, sem hér eru, að framkvæma þann lagabókstaf, sem samþ. var, þegar samningurinn var gerður. Hún hlífir þeim útlendingum, sem eiga að borga skatt til ríkissjóðs, og auðmönnunum, sem mest hafa grætt undanfarin ár. Svo ætlar hún að skella byrðunum á almenning. Þetta hefur það verið, sem þessi ríkisstj. ætlaði sér, þegar hún tók við völdunum. Hún var dálitið feimin að koma fram með þetta nú, þar sem hún vissi, að stórfelldar framkvæmdir, sem þjóðin var að gera, var ekki heppilegur grundvöllur til þess að birta þessa launalækkun fyrir þjóðinni. Nú veifar forsrh. atvinnuleysisvipunni yfir höfðum manna til þess, að þeir skuli hafa hitann í haldinu, ef þeir beygðu sig ekki undir það.

Ég mun vera á móti þessu frv. Það, sem nægir til þess að koma sjávarútveginum af stað og tryggja, að hann komist af stað, það frv. liggur nú þegar fyrir. Þær ráðstafanir, sem hér eru teknar upp, eru ekki nægilegar til að tryggja útveginn. Hins vegar felst í þessu frv. árás á hendur alþýðunni í landinu, sem ekki er rétt að framkvæma og stjórnmálaleg heimska að knýja í gegn. Þess vegna mun ég berjast á móti þessu frv. og gera mitt til að sannfæra þm. og þjóð um, að það væri að öllu leyti óráð af Alþ. að samþykkja það.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Það lítur nú út fyrir, að það verði jafnvel aðalumr. um þetta stórmál nú þegar við 1. umr., og þykir mér því rétt að segja fáein orð, annars vegar um málið í heild sinni og hins vegar um einstaka þætti þess, til íhugunar fyrir þá hv. þingn., sem fær málið til rannsóknar og yfirvegunar.

Árið, sem nú er bráðum á enda, hefur að sumu leyti verið misbrestasamt ár. Veiðiföng hafa að nokkru leyti verið slæm, einkum um síldveiðitímann í sumar, sumarharðindi voru um talsvert mikinn hluta landsins, og svo var Heklugos. Þessir misbrestir eru þannig, að við getum alltaf búizt við þeim og öðrum slíkum og oft meiri. En þó að þetta hafi verið svo, þá hefur nú þetta ár verið það gott, að inn- og útflutningurinn mun á því hafa verið meiri en oftast ef ekki alltaf áður. Það er og kunnugt mál, að hér á landi eru nú betri lífsskilyrði en í flestum ef ekki öllum okkar nágrannalöndum. Og sérstaklega stafar þetta af því, að launastéttirnar hafa hærri laun hér en þær hafa í nágrannalöndum okkar. Samt er nú komið svo, að í því liggja okkar örðugleikar, að okkar aðalatvinnuvegir, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn, þeir bera sig ekki vegna of mikils framleiðslukostnaðar. Þess vegna hefur verið gripið til þess af hæstv. Alþ. að styðja þessa undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar með ábyrgðum á verði framleiðslunnar og niðurgreiðslum á verði sumra vara, einkum landbúnaðarvara, sem þó er ekki nema að litlu leyti stuðningur við þann atvinnuveg, heldur dýrtíðarráðstöfun.

Ástæðurnar til þess, að svo er komið um okkar framleiðsluatvinnuvegi, eru þær, að það hefur verið blaðið á atvinnuvegina meiri byrðum en þeir fá undir risið, jafnvel þó að nú sé mjög hátt verð á öllum okkar framleiðsluvörum. Þetta felst fyrst og fremst í háum sköttum og útgjöldum annars vegar og háum launum og miklum fríðindum fyrir vinnandi menn að hinu leytinu. Ef við miðum við síðustu 15 til 20 árin, þá hygg ég, að það megi segja, að þessi raunalega aðstaða sé öllum flokkum okkar þings og þjóðar að nokkru leyti að kenna. Þetta er þó áreiðanlega mjög á mismunandi veg, og skiptir þar í sjálfu sér í tvö horn, því að þrír þingfl. og stjórnmálafl. hafa á þessu tímabili verið sóknaraðilar á þessum vettvangi, sóknaraðilar þannig að hlaða alltaf meiri og meiri byrðum á framleiðsluna. Og þess vegna er svo komið sem raun er á. Einn flokkurinn, Sjálfstfl., hefur verið þarna varnaraðili. Og það má segja, að það ástand, sem orðið er, sé annars vegar því að kenna, að sóknin hafi í þessu efni verið of hörð, og hins vegar því, að vörnin hafi verið of veik. En í þessu efni stöndum við frammi fyrir þeirri aðalmeinsemd, sem við er að eiga, þrátt fyrir gott árferði, mjög hátt verð á okkar framleiðsluvörum og að öðru leyti mjög góða aðstöðu, síðan stríðið byrjaði. En varðandi höft og bönn á þeim mönnum, sem eru mestir athafnamenn í okkar þjóðfélagi, hefur keyrt alveg um þverbak á þessu yfirstandandi ári. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma hér. Það gefst víst tækifæri til að ræða það mál nánar síðar í sambandi við önnur mál, sem fyrir hæstv. Alþ. liggja.

En hver eru nú hættulegustu lögin? Hver er hættulegasta ráðstöfunin, sem hefur verið gerð á Alþ. og í viðskiptalífi þjóðarinnar, sem hefur orkað það ástand, sem ég hef hér lauslega vikið að? Frá minu sjónarmiði eru það tvímælalaust vísitölul. frá 1940, þar sem það var ákveðið að borga upp í topp uppbætur á allan kostnað, eftir því sem hann gerðist, reikna þetta út mánaðarlega o. s. frv. Mér var það þá þegar ljóst og hefur verið það ljóst alltaf síðan, að þetta hlyti fyrr eða síðar að reka okkar fjármál í strand, því að þetta þolir ekkert þjóðfélag. Það þolir ekkert þjóðfélag að taka svona alveg 100% ábyrgð á því, sem er að gerast, og láta reikna það út á hverjum mánuði, því að það hlaut eðlilega að verða til þess að skapa þá víxlskrúfu, sem við allir þekkjum og hefur orðið til þess, að svo hátt er komið með verðlagið og annað í þessu landi hliðstætt, svo sem launagreiðslur, sem raun ber vitni um. Að tala um dýrtíðarráðstafanir að óbreyttum vísitölul. hefur mér alltaf fundizt vera hálfgerður barnaskapur. Að vísu er það svo, að einn okkar stjórnmálaflokka, Framsfl., hefur alltaf á undanförnum árum látið svo sem hann hefði nægileg ráð við þessum dýrtíðarmeinsemdum og gæti beitt þeim, bara ef hann fengi völd í þjóðfélaginu. Hann hafði völdin að vísu lengi. En okkur virtist mörgum, að ráðin væru næsta fánýt, sem sá flokkur talaði um, a. m. k. þegar til framkvæmdanna kom. Nú er það svo, að þessi flokkur hamraði jafnan á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, að hún skrúfaði dýrtíðina upp, og gaf henni það að sök, að dýrtíðin væri alltaf að hækka. Og sú stjórn, sem þá ríkti, var af þeim flokki kölluð dýrtíðarstjórn o. s. frv. Nú er það kunnugt, að í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. hækkaði verðlagsvísitalan um rúm 40 stig á 27 mánuðum, sem sú stjórn var við völd. En nú hefur andstöðu-

flokkur þeirrar stjórnar, Framsfl., fengið tækifæri til þess að reyna sig í rúma 10 mánuði, og á þeim hefur verðlagsvísitalan hækkað um rúm 30 stig. Hér er í báðum tilfellum talið með það, sem vísitalan er borguð niður, því að nú mun hún að niðurgreiðslum meðtöldum vera orðin rúmlega 380 stig. Vísitöluniðurgreiðslan var, eftir því sem maður gat komizt næst, í síðasta mánuði 55 stig. Þetta er að vísu ekki hægt að fá upp nákvæmlega á hverjum mánuði, og þess vegna verður ekki sagt um þetta alveg upp á eitt stig vegna þess, hvernig niðurgreiðslunum er hagað.

Nú liggja hér fyrir í þessu frv., sem fyrir liggur til umr., þau ráð í mörgum og mismunandi köflum, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið sér saman um að hverfa að til þess að lækna þá meinsemd, sem hér er um að ræða. Ég geri ráð fyrir, að það megi líta svo á, að þau ráð, sem eru ný í þessu frv., beri fyrst og fremst að skoða sem ráð Framsfl., sem er nýkominn í ríkisstj. — ég segi: það, sem er nýtt í frv. — því að þrir kaflar þessa frv. eru endurnýjun á gömlum l., þ. e. IV., V. og VI. kafli, um ábyrgð á fiskverðinu, um lán til handa síldarútvegsmönnum og framlenging á tollum, sem settir voru á síðasta þingi. Ég geri ráð fyrir, að fáir hv. þm. hafi gert ráð fyrir öðru en að tollarnir yrðu framlengdir, eins og ástæður eru varðandi okkar fjármál og fjárkröfur. Varðandi fiskábyrgðina munu margir hafa verið nokkuð tregir á síðasta þingi til þess að ganga inn á hana í eitt skipti, en flestir gerðu ráð fyrir, að það yrði ekki oftar gert. Þó má vera, að hjá því verði ekki komizt að taka þessa ábyrgð vegna þess, hvernig ástæðurnar eru. Og ég tel það mikla framför viðvíkjandi þeim kafla, að þar er gert ráð fyrir ábyrgð á verði á útfluttu kjöti, sem fellt var hér á Alþ. í fyrra, þrátt fyrir það að með því væru flestir, ef ekki allir sveitafulltrúarnir. Og við töldum það ósanngjarnt, úr því að tekin var ríkisábyrgð á fiskverðinu, sem þá var tekin, að taka þá ekki ábyrgð á verði á því tiltölulega litla kjötmagni, sem út er flutt. Varðandi lánin til útvegsmanna þá sannar það mjög átakanlega það, sem ég var að segja áðan, hvernig komið er fyrir okkar framleiðslu, því að fáa mundi hafa dreymt um það, að svo hátt verð yrði nokkurn tíma á síldarafurðum sem nú er.

Og þá eru hin nýju ráð, sem hér koma fram í þessu frv., lækkunin á vísitölunni um 28 stig. Nú er gert ráð fyrir, að niðurgreiðslurnar haldi allar áfram. Og það eru tveir nýir skattar, veltuskattur og eignaraukaskattur. Hæstv. forsrh. gat þess, að þessi lækkun og binding á vísitölunni næmi um það bil 5% launalækkun. Og ég verð að segja, að ef það dugar til viðbótar því, sem um er að ræða í þessu frv. til úrlausnar í þessum málum til handa okkar framleiðslu til sjávarins, þá þarf ekki næsta mikils við. Hv. 2. þm. Reykv. taldi þetta þýða 10% launalækkun og gerði ráð fyrir, að hér væri um að ræða 50 millj. kr. launaskerðingu fyrir launastéttir landsins. Þetta skil ég ekki annað en að séu mjög miklar öfgar. Og sannleikurinn er sá, að þótt gert sé ráð fyrir allsherjar launaskerðingu á þennan hátt um 5%, þá er það vitað, að ef það væri til tryggingar því, að okkar framleiðsluatvinnuvegir gætu gengið nokkurn veginn hindrunarlaust, þá er það í sjálfu sér ekki mjög mikið lagt í sölurnar. — Ég fyrir mitt leyti taldi, þegar launal. voru sett árið 1945, að þá væri farið í öfgar, enda sýnir reynslan, að langmest eftirspurn er meðal unga fólksins í landinu eftir því að komast í launaðar stöður, en forðast er af því hins vegar fremur að stunda framleiðslu á eigin ábyrgð. — Það má geta þess í þessu sambandi til samanburðar frá hálfu okkar bænda, að fyrir fjórum árum síðan varð um það fullt samkomulag á milli fulltrúa neytenda og fulltrúa framleiðenda, hver verðlagsgrundvöllur skyldi vera fyrir landbúnaðarafurðir. Hefur hann á þessu ári verið lækkaður með gerðardómi frá þeirri samþykkt um 17,7%. Og þegar það er borið saman við 5% launalækkunina, þá er þar ekki fullt samræmi á milli, þegar því er bætt við, að gert er ráð fyrir lækkun á söluvörum landbúnaðarins í samræmi við lækkun vísitölunnar með bindingu.

Þá eru það hinir nýju skattar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Annar þeirra er kallaður söluskattur, en í sjálfu sér er þar um að ræða veltuskattsl. frá 1945, sem var ákaflega mikið deilt um, þegar þau voru sett, milli þáverandi stjórnarstuðningsmanna annars vegar og andstöðufl. stjórnarinnar, Framsfl., hins vegar. Nú sjáum við, að sú deila hefur eingöngu sprottið af því, að þá var skatturinn lagður á verzlunina. En nú á hann að leggjast á almenning. Auk þess er hann nokkru hærri en hann var þá. Það er tekið fram í þessum kafla, að þessi skattur eða þær tekjur, sem hann gefur, eigi að vera til niðurgreiðslu á afurðaverðinu og fyrir fiskábyrgðinni. — Ég þykist nú alveg sjá, að þessar tekjur dugi þar skammt. Raunar sakna ég þess, að þess er ekki getið í grg. frv., hvað áætlað er, að þessi skattur muni gefa. Eftir því sem mig minnir, gaf veltuskatturinn 1945 12 millj. kr. Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, að fiskábyrgðin ein mundi verða um 20 millj. kr. En hve mikil sú upphæð verður, fer alveg eftir því, hvernig gengur að selja okkar fisk á næsta ári, og í öðru lagi eftir því, hvað kostar að verðbæta það tiltölulega litla magn af kjöti, sem út er flutt. — Og hvað kostar niðurgreiðslan á verðlagsvísitölunni? Niðurgreiðsla á 55 stigum hennar, get ég ekki gert mér í hugarlund, að muni kosta minna en 40 millj. kr. En á núgildandi fjárl. var víst áætlað til þessara ráðstafana 35 millj. kr. Og niðurgreiðslan hefur verið mikið hækkuð. — Þá er spurningin: Er ekki einfaldara að leggja ekki á þennan veltuskatt vegna fiskábyrgðarinnar, en lækka niðurgreiðslurnar, t. d. kjötstyrkinn til neytenda, sem ekki hefur reynzt vel í framkvæmd? Mér hefði fundizt á margan hátt eðlilegra að breyta þannig til. Og væri æskilegt, að hv. fjhn. athugaði, hvaða áhrif það kynni að hafa að breyta þannig til.

Fyrsti kafli þessa frv. er um eignaraukaskatt, sem er ætlazt til, að nái til eignarauka á stríðstímanum, frá 1940 til 1948, er nemur yfir 100 þús. kr. hjá sama aðila. Ég hef nú frá upphafi verið andvígur því að leggja á þennan eignaraukaskatt. Það hafa orðið um hann harðar deilur hér á hv. Alþ. á undanförnum þingum. Og 1943, þegar fyrir lá frv. frá fulltrúum þriggja þingflokkanna um eignaraukaskatt, nokkuð svipaðan og hér er

gert ráð fyrir, þá stóðu sjálfstæðismenn yfirleitt mjög andvígir því að leggja hann á. Þess vegna var hætt við það. Mér finnst það ekki eðlilegt á neinn hátt að leggja þannig skatt á þær eignir, sem safnazt hafa á árunum 1940 til 1947 fremur heldur en á aðrar eignir, ef þar er um að ræða jafnmiklar upphæðir hjá sama manni. Þar að auki er það, að þó horfið væri að þessu ráði, eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., þá er það gert á mjög ósanngjarnan hátt eftir ákvæðum frv. Frá minu sjónarmiði er þar gert mjög herfilega upp á milli manna. Og ég verð að segja það, að 6. gr. þessa frv. er einhver hin fáránlegasta og ranglátasta grein, sem ég hef séð í nokkru frv. Þar er gert ráð fyrir að hækka í eignaframtali frá fasteignamatsverði eftir ákveðnum skala verð á fasteignum þeirra manna, sem hafa eignazt þær á þessu árabili, og er komizt upp í að hækka verð á fasteignum við eignaframtalið hér í Reykjavík og hinum stærri bæjum og stærri sveitarfélögum upp um 500% fasteignamatsverðs. Jarðir er að vísu ekki gert ráð fyrir að hækka nema um 200%. En allt er þetta þannig, að ég álit það hreina fjarstæðu. Það virðist vera, eftir því sem mælt er fyrir þessu, að það eigi þarna hálft um hálft að vefa inn í þetta mál eins konar hegningu fyrir það, að hér sé um menn að ræða, sem hafi meira og minna svikið undan skatti á undanförnum árum. En fyrir því eru engar sannanir, að þeir menn, sem hækkun fasteigna í eignaframtali samkv. 6. gr. kemur mest niður á, hafi svikið skatt fremur en a. m. k. aðrir, sem hér eiga hlut að máli. Þar að auki er það kunnugt mál, að nú er verið að framkvæma hina svo kölluðu eignakönnun, sem ég tel eitthvert allra mesta óhappamálið, sem horfið hefur verið að í löggjöf þessa lands og hefur skapað hér peningakreppu og tregðu á lánsviðskiptum svo langt fram yfir það, sem þeir, sem fyrir því máli hafa staðið, hafa gert ráð fyrir. En úr því að þessi eignakönnun er framkvæmd, finnst mér það sjálfsagður hlutur, þegar lagður er á eignaraukaskattur eða eignarskattur, að fara eftir þeirri útkomu, sem eignakönnunin er byggð á, og miða við hana. Ég er þeirrar skoðunar, að miklu eðlilegra væri að sjá um, að þeir hefðu ekki nema hæfilegar tekjur af þessum eignum, leggja fyrst og fremst á tekjurnar, en ekki á eignir nema sem almennan eignarskatt, sem gæti komið til mála að hækka og láta vera meira stighækkandi en gert er samkv. núgildandi l.

Ég skal taka fáein dæmi til að sýna, hve mikið misræmi reglurnar í 6. gr. gera í þessu efni. Hugsum okkur tvær jarðir, sem eru metnar á 20 þús. kr. hvor og eru jafngóðar. Önnur þeirra er seld 1946 eða 1947, en hin er í eigu sama manns og áður. Sú jörðin, sem skiptir um eiganda og metin var 20 þús. kr. til eignar, á nú að verða metin á 60 þús. kr. samkv. ákvæðum 6. gr. Hin verður metin á 20 þús. áfram. Hvaða sanngirni geta menn fundið í svona hlut? Það er engan veginn víst, að sá, sem keypti jörðina á þessu tímabili, sé ríkari en sá, sem fyrir stríð átti jafngóða jörð, sem gefur sama arð.

Þó er enn þá fjarstæðukenndara, þegar kemur til húsanna og annarra fasteigna. Við skulum hugsa okkur tvö hús í Rvík, sem eru byggð 1938—39 og eru jafngóð. Segjum, að þau hafi verið metin á 100 þús. kr. hvort að fasteignamati. Annað er stöðugt í eigu sama manns, hitt er selt, segjum 1946—47. Þá er annað reiknað á 100 þús. kr., en hitt á 600 þús. Hvaða sanngirni er í öðru eins og þessu? Ég er undrandi yfir því, ef annað eins og þetta á eftir að verða lögfest hér á Alþingi.

Menn kunna að segja, að þetta stafi af því, að sá, sem keypti húsið, hafi svikið andvirðið undan skatti, en það þarf alls ekki svo að vera. Við getum hugsað okkur sjómenn, skipstjóra, stýrimenn og aðra slíka menn, sem hafa haft geysimiklar tekjur, sem hafa verið skattfrjálsar að miklu leyti. Það er engin ástæða til að hegna þeim mönnum með háum eignaraukaskatti, þó að þeir hafi sett tekjur sínar í fasteignir í stað þess að eyða þeim. Undanfarin ár hefur verið mikið um byggingar, skipakaup og ýmsar framkvæmdir, og þetta ákvæði, ef það verður samþ. eins og það er, verður þá hegningarákvæði á þá menn, sem hafa staðið að framkvæmdum á þessu tímabili.

Ég tel, að fasteignir verði að meta eftir sömu reglum og gert er við eignarskatt og leggja á eftir því, sérstaklega nú, þegar verið er að framkvæma hina svokölluðu eignakönnun.

Ég skal ekki fara mikið út í þetta meir, en mér virðist með þessu frv. vera stefnt í sömu átt og gert hefur verið á undanförnum árum, að þegar á að fara að gera einhverjar ráðstafanir til að bæta úr því ástandi, sem verið hefur, þá er ráðið það að bæta á nýjum sköttum, nýjum flækjum, fjölga starfsmönnum í stað þess að draga vitleysuna saman, ef ég mætti svo segja, og minnka fyrirhöfnina. Ég álít þetta mjög hæpið, og þó að það sé að sjálfsögðu svo, að ég geti vel verið með ýmsum ákvæðum frv., þá er það í heild þannig, að ég get ekki greitt því atkv. óbreyttu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki vera langorður. Ég ætla að segja hér nokkur orð, sumpart um málið almennt og sumpart svara tveimur hv. þm., aðallega hv. 2. þm. Reykv. Ég sé ekki ástæðu til að svara miklu ræðu þess hv. þm., sem síðast talaði. Hann var að reyna að koma að hnútum í garð Framsfl. í sambandi við málið, en tókst það ófimlega, enda mun það engum hafa komið á óvart.

Hv. þm. sagði, að Framsfl. væri sekur um a. m. k. þrjú ný atriði í þessu frv. En þegar hann var að sleppa orðinu, sagði hann, að fjórða atriðið væri frá Framsfl., að borga uppbót á útflutt kjöt, og væri það til bóta og eins eitt af hinum atriðunum, festing vísitölunnar. Hann var að tala um það í upphafi ræðu sinnar, að undirrót allrar bölvunarinnar væri vísitölul. frá 1940, svo að það er ótrúlegt, að hann hafi út á það að setja, að vísitalan sé fest, eða telji það þeim til ávirðingar, sem standa að því að setja það ákvæði. Að öðru leyti skal ég ekki fara út í ræðu hans nema segja, að hann minntist á, að Framsfl. hefði alltaf þótzt hafa ráð undir hverju rifi til að lækka dýrtíðina. Það er rétt, að Framsfl. hefur alltaf óttazt, að mönnum yrði ráðafátt við að færa niður dýrtíðina, og því barizt á móti, að hún hækkaði,

af kvíða v.ð, hvernig gengi að lækka hana. Sumir hafa fyrr og síðar talað digurbarkalega um, að enginn vandi væri að lækka dýrtíðina. en það hefur ekki verið Framsfl.

Þegar ríkisstj. tók við, var ætlun hennar að koma á skipulagsbreyt. í dýrtíðar- og fjárhagsmálum. Ég ætla ekki að lýsa, hvernig ástatt var, þegar stj. tók við. Það var í stuttu máli þannig, að ríkissjóður var í milljónatuga króna skuld og lánsfjáröflun til framkvæmda var alveg stöðvuð, búið að ráðstafa öllum gjaldeyrisinneignum þjóðarinnar og meira til. Það fyrsta, sem stjórnin gerði, var að setja l. um fjárhagsráð og koma á fjárfestingareftirliti, ekki til að stöðva framkvæmdir, heldur til að tryggja, að þær framkvæmdir sætu í fyrirrúmi, sem væru nauðsynlegar.

Næsta verkefnið var að gerbreyta um stefnu í gjaldeyrismálum, skera niður innflutning á ónauðsynlegum varningi, sem hafði fengið að streyma inn í landið, meðan hv. 2. þm. Reykv. studdi stjórnina, og tryggja, að gjaldeyririnn væri notaður til nauðsynlegra hluta, og í þriðja lagi að reyna að tryggja réttláta dreifingu á nauðsynjavörum, sem til landsins kæmu, með skömmtun.

En það var augljóst, að ekki var nægilegt að gera þetta. Það þurfti að gera meira, þó að þetta væru nauðsynlegar ráðstafanir. Næst var að reyna að finna úrræði til þess að minnka verðbólguna og koma á samtökum í því efni. Þar var hægara um að tala en í að komast. Það er hægara að láta sig síga ofan í fenið en að ræsa það fram eða rífa sig upp úr því. Stjórnin hefur látið fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig ástatt var í útflutningsmálunum. Við það varð að miða, því að allt er undir því komið, að útflutningsverzlunin geti gengið með fullu fjöri. Þaðan kemur gjaldeyririnn og það, sem þarf til að skapa þjóðinni góð lífskjör. Þá kom í ljós, sem kom mönnum ekki á óvart, að þess var enginn kostur, að bátaútvegurinn gæti gengið áfram, án þess að verulegar ráðstafanir væru gerðar til viðreisnar honum. Hv. 2. þm. Reykv. segir, að þetta sé allt slúður, menn þurfi ekkert að leggja á sig fyrir framleiðsluna, söluhorfur séu svo glæsilegar, að ekkert þurfi að gera. En ef þetta væri rétt, sem hann heldur fram, t. d. varðandi hraðfrysta fiskinn og saltfiskinn, hvernig stendur þá á því, að við viðurkennum, að ef ekkert er gert nema vísa mönnum á þessar glæsilegu söluhorfur, sem hann ætlar mönnum að lifa á, þá stöðvast bátaflotinn og fer ekki af stað á komandi vertíð? Samt segir hann og fullyrðir, að ekkert þurfi að gera, sem er vitanlega ekkert nema fullyrðingar, gripnar úr lausu lofti. Hv. 2. þm. Reykv. veit vel, að ef ekkert er gert, þá getur útvegurinn ekki farið af stað. Hann segir, að þetta ástand stafi af því, að stjórnin hafi sýnt einhverja vanrækslu. Hann ætti að tala sem minnst um það. Hann hefur sjálfur verið kvaddur til ráða af núv. stjórn. Og hver voru ráð hans? Hann taldi það, sem fyrir lá, ekki aðgengilegt, en gat ekki bent á neitt í staðinn. Ekkert annað hafði hann til málanna að leggja.

Ég geri ráð fyrir, að hann mundi svara sem svo, að það sé hægt að taka ríkisábyrgð á fiskverðinu. Sósfl. leggur til að gera ekkert nema nokkrar minni háttar ráðstafanir viðvíkjandi rekstrarkostnaði útgerðarinnar, þá sé allt í lagi. En er málið svona einfalt? Nei, því miður alls ekki. Því er sem sé svo varið, að ríkissjóður er í tugmilljóna skuld vegna þess, sem eftir var skilið af hæstv. fyrrv. ríkisstj. út af áföllum, sem hann hefur orðið fyrir í sambandi við fiskábyrgðina á því ári, sem nú er að enda. Hagur ríkissjóðs er þannig, að engin ábyrg stjórn mundi leyfa sér að taka ábyrgð á fiskverðinu án þess að sjá um leið fyrir tekjum, m. a. til þess að standa undir þeirri ábyrgð. Nú er svo ástatt í þessu efni, að ríkissjóður og ríkisstofnanir skulda, svo að tugum og jafnvel mörgum tugum milljóna skiptir. Hv. 2. þm. Reykv. mundi kannske segja, að það geri ekki svo mikið til, helvítis bankinn væri ekki of góður til að leggja fram fé. En málið er ekki svo einfalt. Eftir því sem bankinn þarf að festa meira fé vegna lausaskulda ríkissjóðs, því minna fé er handbært þar til að lána til nauðsynlegra atvinnufyrirtækja. Málið er ekki svo einfalt, að það nægi að taka þindarlaust ábyrgð á fiskverðinu og borga hallann af útgerðinni.

Þess vegna er það, að þegar farið er að íhuga lausn þessa máls, þá vaknar fyrst spurningin: Er ekki hægt að lækka framleiðslukostnaðinn? Verða menn ekki að leggja að sér að lækka framleiðslukostnaðinn, svo að ekki þurfi að gera kröfu um ábyrgð til handa útgerðinni, sem ríkissjóður gæti ekki staðið undir? Það er af þessum ástæðum, að menn hafa ráðizt í að flytja till. um að lækka vísitöluna, borga ekki hærri uppbót en 300 og miða ábyrgðina við 65 aura verð. Menn hefðu gjarnan viljað gera svo stórfelldar ráðstafanir, að enga ábyrgð hefði þurft að taka, en það sýndi sig, þegar um það var rætt, að ekki fékkst samkomulag um það. Það var ekki hægt í einni skyndingu að gera svo stórfelldar ráðstafanir, að engar viðbótarráðstafanir þyrfti að gera. Þess vegna varð að fara báðar leiðirnar, reyna að byrja á að slá á verðbólguna og þurfa ekki að ábyrgjast nema 65 aura og láta tekjuöflun standa bak við ábyrgðina, svo að gera megi ráð fyrir, að unnt verði að standa undir henni. Hv. 2. þm. Reykv. segir, að þetta allt sé óþarfi, það sé hægt að treysta sölunni, horfur um sölu séu svo glæsilegar, að ekki þurfi neinnar fjáröflunar með til að lækka framleiðslukostnaðinn og enginn þurfi neitt að leggja að sér.

Eins og hæstv. forsrh. tók fram, er þetta frv. árangur af samkomulagi þriggja flokka. Það er því augljóst, að þetta frv. er ekki eins og það hefði verið, ef einhver einn af hinum þremur flokkum hefði samið það og haft meiri hl. á Alþ. til að koma fram sínum uppástungum um lausn dýrtíðarmálanna. Framsfl. lagði fram uppástungur, sem voru frábrugðnar því, sem er í frv. Ég fer ekki út í að lýsa þeim, en yfirleitt var gengið þar lengra í að slá á verðbólguna og lögð til nokkuð önnur úrræði í ýmsum efnum en þau, sem stungið er hér upp á. En aðalatriðið er frá sjónarmiði Framsfl., eftir að hann hafði kynnt sér, hve langt samstarfsflokkarnir vildu ganga, að byrjað væri á ákveðnum og alvarlegum tilraunum til að lægja verðbólguna og tryggja framleiðsluna, og þó að það væri að ýmsu leyti í

minni mæli en við hefðum óskað, þá ákvað hann að taka þátt í þessari tilraun og mun gera það og styðja hana af alefli. Okkur er ljóst, að þessi mál verða ekki leiðrétt í einu átaki. Aðalatriðið er, að það verði raunveruleg stefnubreyt., byrjað að halda í rétta átt, og þess vegna mun Framsfl. styðja þetta mál af öllu afli, en mun jafnhliða því halda áfram að vinna að hugðarmálum sínum, þeim, sem ekki var gengið að í þessum samningum, sem hér voru gerðir.

Svo þarf ég ekki að hafa þessi almennu orð fleiri, en vil minnast lítillega á ræðu hv. 2. þm. Reykv., af því að hann beindi máli sínu sérstaklega til Framsfl. Skal ég þá fyrst koma að því, sem hann kallaði árás á launastéttirnar og launalækkun. Hann hafði um það ákaflega sterk orð, hvað þetta væri óþarft og ósvífið. Ég vil í þessu sambandi minna hv. 2. þm. Reykv. á, að flokkur hans tilnefndi einn mann í hagfræðinganefnd þá, sem starfaði í fyrra og lét þar fara bókfest frá sér, að nauðsynlegt væri að færa niður framleiðslukostnað, bæði laun og annað. Um þetta var enginn ágreiningur í n., hvorki hjá fulltrúa Sósfl. né öðrum, og hafi verið ástæða til þess í fyrra, þá er það ekki síður nú. Enn fremur vil ég leyfa mér að benda á, að undanfarið hafa talsmenn og málgagn Sósfl. ekki ævinlega gert mikið úr þeim kjarabótum, sem það fyrirkomulag hefði fært þeim, sem við hefðum búið við undanfarin ár. Ég man ekki betur en að málsvarar og málgagn Sósfl. hafi farið um það sterkum orðum, að þetta fyrirkomulag hafi orðið til að koma af stað skefjalausri verðbólgu til skaðræðis fyrir launastéttirnar. Heldur hann, að það sé af fjandskap við launastéttirnar, að flest lönd utan þessa lands hafa ekki á undanförnum árum greitt fulla vísitöluuppbót, heldur hluta af henni til þess að koma í veg fyrir verðbólgu, þá skrúfu, sem hér hefur orðið og hann hefur viðurkennt, að hafi leitt til lélegrar niðurstöðu?

Hæstv. forsrh. hefur bent á, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, muni hafa í för með sér 5% kjararýrnun fyrir launastéttirnar og þá líka fyrir bændur, sem líka eiga að lækka verðlag sitt fyrst um sinn. Þetta kallar hv. þm. mikla árás, sem sé gerð ófyrirsynju. Við vitum, hvernig afkoma framleiðslunnar er nú. Ætli það gæti ekki verið hyggilegt fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að snúast til fylgis við þessar ráðstafanir og sjá, hvernig þær gefast, heldur en að leggja orku sína fram í að rífa þessar ráðstafanir niður, þar sem enginn veit, hvernig sá leikur mundi enda?

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en vildi minnast á eitt atriði, sem hann beindi til Framsfl., en það var viðvíkjandi söluskattinum og veltuskattinum. Hv. 2. þm. Reykv. hélt fram, að það væri ósamræmi hjá Framsfl. að hafa verið á móti veltuskattinum, en með söluskattinum. Jafnframt hélt hann því fram, að ákvæðin væru ólík, vegna þess að þessi skattur væri lagður á neytendur, en veltuskatturinn hefði verið lagður á auðmennina. Þetta eru furðulegar fullyrðingar hjá hv. þm., enda ekki einkennilegt, þegar þess er gætt, hvað hann talar mikið, að ekki sé allt vel rökstutt hjá honum. Hann segir, að veltuskatturinn hafi verið lagður á auðmennina. Hvernig var veltuskatturinn lagður á? Var hann miðaður við eignir manna? Nei. Var hann miðaður við hreinar tekjur manna? Nei. Hann var miðaður við það, þessi skattur á auðmennina, hvað fyrirtækin hefðu selt mikið af vörum, án alls tillits til, hvað lagt hefði verið á vöruna, án alls tillits til, hvað menn hefðu grætt, án tillits til, hvort menn hefðu grætt eða tapað, án tillits til, hvort þeir væru milljónamæringar eða hvort maðurinn átti ekki fyrir skuldum. Þetta getur maður nú kallað skatt á auðmennina. Hvernig lízt mönnum á? Ekki nóg með það, heldur var veltuskatturinn þannig gerður og útbúinn, að hann var refsing á þá menn, sem seldu mikið og létu sér nægja litla álagningu, en kom aftur hinum til góða, sem seldu lítið, en lögðu mikið á. Þetta var skatturinn á auðmennina, sem Sósfl. er að státa af, og hafði t. d. þau áhrif, að samvinnufélögin urðu að borga tekjuskatt og útsvar af því fé, sem þau höfðu greitt í rekstrarkostnað. En þessi skattur, sem hér er lagður á, söluskatturinn, er annars eðlis. Hann er lagður á umsetningu, en tekinn, eins og aðflutningsgjöld, inn í verð vörunnar, verkar eins og hvert annað aðflutningsgjald. Það er ekki skattur á þá ríku, ég skal játa það. Þetta er eins og hvert annað flutningsgjald, sem kemur inn í vöruverðið. Nei, hv. þm. Reykv. er ekkert ofhaldinn af þessari kenningu sinni um veltuskattinn og auðmennina.

Það væri lítil ástæða til að svara fleira hv. 2. þm. Reykv., en fyrst ég stóð upp, vil ég fara fáeinum orðum um það, sem hann sagði um eignaraukaskattinn. Hv. þm. sagði, að núv. ríkisstj. hefði farið eftir því, hvað utanþingsstj. hefði lagt til í þessu máli, m. a. að leggja á eignaraukaskatt af handahófi, sem kæmi niður á þeim, sem hefðu aukið eignir sínar á undanförnum árum, en mér skildist á honum, að honum hefði þótt rétt að leggja á eignarskatt í eitt skipti. Ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að formaður Sósfl., hv. 4. landsk. (BrB), flutti hér fyrir nokkrum árum í þinginu frv. um eignaraukaskatt. Þessi þm. (BrB) gerði ráð fyrir því, að lagður yrði skattur á þann eignarauka, sem menn hefðu safnað á undanförnum árum, en ekki eftir því, hve mikið þeir áttu, þegar skatturinn væri lagður á. Það er ekki vandi að geta sér þess til, hvað hv. 4. landsk. hefði sagt, ef stjórnin hefði lagt til, að ekki yrði lagður á eignaraukaskattur, heldur skattur í eitt skipti. Hann hefði sagt: Hugsið ykkur! Nú leggja þeir á eignarskatt í eitt skipti og taka ekki tillit til þess, hvort menn hafa grætt þetta á 1—2 árum eða menn hafa eignazt það fyrir stríðið í sveita síns andlitis. — Þetta mundi þm. hafa sagt, hefði verið valin sú leið að leggja á eignarskatt, og af því að við vitum það, tökum við ekki mark á gagnrýni þm.

Það er þá aðeins eitt atriði enn, og það er það, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um kröfur á hendur alþýðunni og árásir á alþýðuna, og það er það ákvæði þessa frv. að hætta að undanþiggja eða hafa skattfrjálsa og útsvarsfrjálsa áhættuþóknun í siglingum. Þetta sagði þm., að væri árás á launastéttir landsins, sem hann efaðist um, að Ólafur Thors hefði nokkurn tíma borið fram. Nú hygg ég, að hv. 2. þm. Reykv. viti vel, að þessi hlunn-

indi, sem hér er verið að afnema, eru ekki fyrst og fremst fyrir þá tekjulágu eða fátæklingana í þessu landi, heldur fyrst og fremst fyrir þá, sem hafa haft háar tekjur, því að þessi undanþága hefur mjög litla þýðingu fyrir háseta langflesta. Þeir hafa ekki svo háar tekjur, ef þeir hafa fjölskyldur, að þessar tekjur hafi mikla þýðingu fyrir þá. Nú höfum við athugað þetta og fengið um það dæmi. Má auðvitað athuga nánar í n., hvernig þetta verkar, og sjá þá betur, hverjir það eru, sem þessi þm. hugsar mest um. Ég hef dæmi um þrjá skipstjóra, sem hafa notið þessarar undanþágu. Hjá einum manninum var þessi munur í skattgreiðslum, miðað við eitt ár, 47 þús. kr., og sá maður hafði hátt á annað hundrað þús. kr. í tekjur. Hjá næsta manni var þessi upphæð 27 þús. kr. og hjá þeim þriðja 13 þús. kr. Vélstjórar og stýrimenn eru þarna á milli. En svo hef ég dæmi um háseta. Fyrir einn báseta munar þetta 670 kr., fyrir annan háseta 990 kr. og fyrir þann, sem hefur hæst af þeim, sem ég hef fengið dæmi um, rúmum 3 þús. kr. Af þessu sést greinilega, hvort hér er verið að gera árás á alþýðuna með þessu ákvæði frv. Og það er sannast að segja furðulegt, að úr þeim flokki, sem þykist berjast fyrir auðjöfnun og jafnari tekjum manna og málstað hinna fátækari, skuli heyrast árásir fyrir það, að hlunnindi, sem eru fyrir þá menn í landinu, sem hæstar hafa tekjurnar, eru afnumin. Nú er vitað mál, að yfirmenn á togurum eru vel að því komnir að hafa háar tekjur, en það á ekkert skylt við það, hvort ástæða er til þess, þegar lagðar eru byrðar á landsmenn yfirleitt, að láta þær verka eins og ég hef gert grein fyrir.

Ég skal svo ekki þreyta þolinmæði forseta eða þdm. með lengri ræðuhöldum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Það er nú fróðlegt að athuga það, sem þegar hefur komið fram, að andstaðan gegn þessu frv. eða rökin gegn því eru mjög sitt úr hverri áttinni. Stundum er fundið að því, að dýrtíðin sé ekki lækkuð með þessu. Stundum er sagt, að það sé svo stórkostleg lækkun, að nálgist ofsókn og ofbeldi við launþega landsins. Stundum er sagt, að ráðizt sé of mjög á eignir manna og þá sérstaklega stríðsgróðann. Stundum er sagt, að skattur á stríðsgróðann sé allt of lítill. Stundum er sagt, að skattarnir, sem á séu lagðir, komi of mikið niður á almenningi, og aðrir finna aftur að því, að það séu aðeins framkvæmdamenn, sem ráðizt hafi í fyrirtæki á stríðsárunum, sem sérstaklega verði fyrir barðinu að þessu sinni. Þannig mætti lengi telja, hvernig mótmælin gegn þessu frv. koma mjög sitt úr hverri áttinni, hvernig þar stangar eitt annað, og er það raunar nokkurt vitni þess, að nærri hafi tekizt að hitta á hinn gullna meðalveg. En þó að fróðlegt sé að athuga, hvað andmælin gegn frv. eru ólík, þá er þó merkilegast, að flestöll mótmælin, mótsetningarnar, koma frá einum manni, sem sé hv. 2. þm. Reykv. Það má segja, að í ræðu sinni hafi hann í rauninni alveg kveðið niður jafnharðan þær fullyrðingar, sem hann áður hafði í frammi.

Aðalmótbáran hjá hv. 2. þm. Reykv. var nú sú, að það væri engin ástæða til þess að vinna gegn verðbólgunni, gegn hinu háa kaupgjaldi, sem nú er hér í landinu, vegna þess að allt væri í bezta lagi með það að láta allt haldast í sama farinu og verið hefur. Illa kom þetta nú heim við ásakanir sama þm. undanfarna daga og vikur, þegar hann hefur verið að tala um það, að stjórnin væri allt of sein á sér með frv. sitt gegn dýrtíðinni, vegna þess að dýrtíðin væri allt af að stiga, og öðru hverju kom nú þetta fram í ræðu hv. þm. En svo kom það, að það væri svo hátt afurðaverðið, að ef við vildum nota okkur það, þá þyrfti ekkert að gera. Þm. telur engin vandræði að því að selja afurðirnar fyrir ábyrgðarverð. En hvernig stendur þá á því, að þm. sjálfur hefur með flutningi frv. síns sýnt, að honum var ljóst, að bátaútvegurinn mundi ekki fara af stað, nema ábyrgðarverð væri veitt? Og hvernig stendur á því, að hver einasti þm. veit, að ef dýrtíðin verður ekki lækkuð miklu meir en menn treysta sér til á þessu stigi, þá er stöðvun óhjákvæmileg? Ástæðan fyrir þessu er sú, að tilkostnaðurinn er svo gífurlegur, að jafnvel þótt verðlag hafi hækkað að mun frá því, sem var fyrri hluta árs — sumar fisktegundir, a. m. k. í bili —, þá fer því fjarri, að það nái hinu íslenzka ábyrgðarverði.

Hv. þm. fór nú mörgum orðum um slæmleika þann og beinan illvilja, sem stjórnin hefði í afurðasölu landsmanna og stafaði fyrst og fremst af því, að stjórnin vildi koma hér á kreppu, hruni. Eitthvað var boðskapurinn á þessa leið. Eins og hæstv. menntmrh. gat um, hefur verið mjög rækilega gengið á hv. 2. þm. Reykv., m. a. á fundi í utanrmn., þar sem hann var spurður, hvaða úrræði hann gæti bent á í afurðasölumálunum önnur en þau, sem ríkisstj. hefur borið fram. En hv. 2. þm. Reykv. skaut sér undan á miður karlmannlegan hátt að segja nokkuð um það. Þá var ekki á honum sama málæðið og í dag. Hann tók sér þá þagnarstund, eins og menn muna frá útvarpsumræðunum á dögunum. Þá hafði þm. færi á því að gefa okkur sínar leiðbeiningar, en hann lét það algerlega undir höfuð leggjast. Sannleikurinn er og sá og staðreynd, að aldrei hefur verið unnið með meiri ötulleik og betri árangri að sölu íslenzkra afurða en á þessu ári. Og það er slæmt, að þegar kommúnistar eru að halda því fram, að núv. ríkisstj. og þá sérstaklega ég sé beinlínis andvígur því, að landsmenn fái hátt verð fyrir afurðir sínar, þá skuli einmitt hafa verið gerður sá hagkvæmasti samningur, sem enn hefur verið gerður — sá samningur, sem gerður var við Hollendinga — án þess að nokkrir af þeim góðu kommúnistum kæmu þar nálægt. Reynslan hefur sannað, að þeir samningar, sem kommúnistar áttu fulltrúa í, voru um flest miklu lakari en þeir, sem tekizt hefur að ná án þeirra atbeina nú. Enn hefur okkur nú tekizt að stofna til samninga um sölu á mjög miklu fiskmagni, allt að 70 þús. tonnum, til hernámssvæða Bandaríkjanna og Breta í Þýzkalandi, og það er víst, að ef þeir samningar verða í framkvæmd eins og meginefnið segir til um, svo sem við verðum að vona, þá geta þeir haft úrslitaþýðingu fyrir afkomumöguleika allra sjómanna og útgerðarmanna á Íslandi og þar með landsfólksins alls. Það eru því sannast sagna

fullkomin öfugmæli, þegar núv. ríkisstj. er sökuð um slappleika í þessum efnum. Hún hefur gert allt, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að ná hagkvæmum samningum og hefur tekizt þá bezt, þegar kommúnistar voru víðs fjarri. Nú er ég ekki að segja þetta þeim fulltrúum kommúnista til lasts, sem í þessari nefnd voru, vegna þess að þeirra ráð voru þar auðvitað ekki sérstaklega mikil. Því fer fjarri, að þeir hafi nokkurt stórveldi í vasanum, eins og þeir stundum digurbarkalega vilja vera láta. Það kynni frekar að vera, að þeir væru í vasanum á einhverjum, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. En öruggt er, að í afurðasölumálunum hefur þessi flokkur ekkert til að státa sig af og að framkvæmdir núv. stjórnar eru í beinu framhaldi af farsælu starfi fyrrv. stjórnar Ólafs Thors og annarra þeirra, sem með mál Íslands höfðu farið á undan honum. Starf núv. stjórnar þolir samanburð við allt, sem áður hefur verið gert, og gagnrýnin hlýtur að falla gersamlega máttlaus til jarðar, enda væri það nú sannast sagna meira en lítil illmennska, ef nokkur Íslendingur vildi vísvitandi verða til þess, að afurðir landsins seldust lægra verði en vera þyrfti. Og jafnvel þótt ég efist ekki um, að hv. 2. þm. Reykv. vilji a. m. k. láta fylgjendur sína halda, að ég sé slíkt illmenni, þá væri okkur og þó sérstaklega mér, sem þeir telja vera einhvern vikadreng heildsalanna, mjög blinduð sýn, ef ég vildi nú ekki láta þessa góðu húsbændur mína græða sem allra mest á því að fá sem allra mestan gjaldeyri til þess að flytja inn varning til landsins, en í málgagni sínu bera kommúnistar fram þá furðulegu staðhæfingu, að ég sé þjónn heildsalanna og heildsalarnir muni græða þeim mun meira sem afurðaverðið sé minna og þeir fái þar af leiðandi minni innflutning. Það er von, að menn trúi þessu vart, en þetta hefur staðið dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð með nokkru millibili í því mjög einkennilega blaði, Þjóðviljanum, og er langt frá því, að það sé einkennilegt, að það birtist þar, því að flest er þar á sömu bókina lært.

Hv. þm. talaði mjög um þá sælutíma, sem hér hefðu ríkt í tíð fyrrv. ríkisstj., og minntist þess, að öðruvísi mundi nú vera hér umhorfs, ef Ólafur Thors væri við völd. Víst skal ég á það fallast, að engum manni trúi ég betur til þess að fara með æðstu völd á Íslandi, og það var ekki ég eða minir flokksbræður, sem studdu að því, að fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum. Það var einmitt hv. 2. þm. Reykv. og flokkur hans, sem þar áttu frumkvæðið og veltu burt allri þeirri dýrð, sem hv. 2. þm. Reykv. var nú að útmála í dag, og má hann því með sanni segja, ef hann talar af jafnmikilli einlægni og orð benda til: Hið góða, sem ég vil gera, geri ég ekki. Hið illa, sem ég vil ekki gera, það geri ég. — Það er áreiðanlegt og skal sérstaklega fram tekið, að um skeið valt á hv. 2. þm. Reykv., að fyrrv. ríkisstj. var ekki endurreist, svo að á honum situr allra manna sízt að vera með þau krókódílstár, sem hann lét svo fagurlega renna úr hvörmum sínum hér í dag. Hitt er mönnum auðvitað orðið ljóst, hvert erindi hv. Kommúnistafl. átti í ríkisstj. á sínum tíma, þótt hann, sem betur fór, kæmi ekki fram áformum sínum. Kommúnistafl. réð því ekki, hvernig eyðslan varð, og fyrir bragðið er svo komið, eins og hv. 2. þm. Reykv. réttilega sagði, að Íslendingar hafa nú betra færi á því en nokkru sinni fyrr að láta sér líða vel í landi sínu, vegna þess að þessum miklu fjármunum var yfirleitt varið til skynsamlegra framkvæmda, sem geta orðið undirstaða að hollu atvinnulífi landsbúa, og það má segja, að það var nokkur gifta fyrir þá ólánsmenn, sem í Kommúnistafl. eru, að þeir skyldu þó bera gæfu til þess, að taka þátt í þessum framkvæmdum, enda mun það vera það eina, sem þeir nú hafa sér til trausts, þó að aðrir hefðu þar forustuna, og þykir það mikið kraftaverk hversu lengi tókst að halda þeim sæmilega skikkanlegum. En aðalerindið var ekki þetta — þeir höfðu ekkert á móti að vera með í þessari eyðslu — heldur það, sem sannaðist mjög berlega, þegar þeir hlupu úr ríkisstj., að koma á fjandskap milli Bandaríkjanna og Rússlands. Og að slíkt hafi ekki verið tilviljun, heldur þáttur í fyrir fram yfirvegaðri áætlun, kemur fram í því, að þessu starfi sínu hafa þessir þm. engan veginn hætt með því að hverfa úr ríkisstj., heldur halda þeir því dyggilega áfram, ekki aðeins varðandi þetta tiltekna mál, sem reyndist þeim banabiti í stjórnarsamvinnunni, heldur einnig hafa þeir tekið önnur mál eftir skipunum annars staðar að til þess að reyna að nota sem fjandskaparefni milli Íslendinga og þessarar voldugu vinaþjóðar okkar. Það var að sjálfsögðu ómögulegt fyrir nokkurn góðan Íslending, sem vildi frelsi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, að taka þátt í því leppshlutverki, sem þessir menn ætluðu okkur að vinna í þágu tiltekins stórveldis, og úr því að þeir höfðu sett sér það aðalmarkmið að koma okkur í svo óvirðulega aðstöðu, þá hlaut sú samvinna, sem af þeirra hálfu var í þessu skyni gerð, að fara út um þúfur.

Annað var það, sem mjög glögglega kom fram í allri stjórnarstefnu kommúnista, og það var það, að þeir fengust aldrei til þess að vera með í nokkrum raunhæfum aðgerðum gegn vaxandi verðbólgu og dýrtíð. Það var að vísu mjög oft um það talað, um það leyti sem fyrrv. stjórn tók við völdum, að það ætti að sitja við sama grunnkaup sem þá var hér í Reykjavík hjá Dagsbrúnarmönnum — að grunnkaup ætti ekki að hækka frá því, sem þá var. Þessir hv. þm. virtust þá hafa á því skilning, að síhækkandi kaupgjald væri hætta, ekki aðeins fyrir þjóðfélagið allt, heldur líka og ekki síður fyrir verkalýðinn í landinu. Þannig töluðu þeir þá með svipuðum hætti og t. d. hv. 2. þm. S.-M. hefur oft talað á fundum útgerðarmanna, þó að tunga hans muni áreiðanlega mæla nokkuð öðrum orðum hér síðar í kvöld eða nótt, en þá sannar það einungis, að gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri. En hv. 2. þm. Reykv. var að minna á þann vinnufrið, sem ríkt hefði í tíð fyrrv. stjórnar, og það er alveg rétt, að að verulegu leyti var þá um hrið vinnufriður, enda höfðu flokksbræður hans og hann, ekki manna sízt, eindregið lofað því, að slíkur vinnufriður skyldi komast á. En hann gleymir bara því, að þegar til framkvæmdanna kom, þá var þetta gersamlega svikið, þá beittu þessir flokksmenn sér beinlínis fyrir kauphækk-

unum — almennum grunnkaupshækkunum, og einmitt hjá Dagsbrún, — kauphækkunum, sem voru þó enn stórvægilegri en sú kauphækkun, sem hv. þm. miklaðist af, að kommúnistar hefðu komið fram í tíð núverandi stjórnar. Vinnufriðurinn var nú ekki með meiri heilindum en þetta: Það var svikið allt, sem lofað hafði verið í þeim efnum. Ég veit, að nú hrósar hv. 2. þm. Reykv. sér af þessu og segist hafa unnið gott verk fyrir verkalýðinn með því að koma þessum kauphækkunum á og þar með vaxandi verðbólgu og örðugleikum fyrir atvinnulífið og mikilli og varanlegri stöðvun á íslenzkum atvinnuvegum, ef ekki skyldi lánast að ná því marki, sem til er ætlazt með þessu frv., að láta nú loksins þessum skollaleik lokið og stöðva verðbólguna til að byrja með og smám saman reyna svo að hverfa í rétta átt. Það er rétt, að hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræður hafa getað áunnið verkamönnum nokkurn stundarhag með því að leiða yfir þá varanlega hættu, sem þessir menn eru manna fúsastir til að játa, þegar þannig liggur á þeim, en segja þó bara sem svo: Það er ekki okkar að hugsa um núverandi þjóðskipulag, farið hefur fé betra. — Ljóstra þeir þar með upp þeim tilgangi, sem þeir hafa með þessari starfsemi sinni, sem sé því, að sprengja eða eyðileggja fjárhagskerfi íslenzku þjóðarinnar til þess að leiða yfir hana þá harðstjórn og hörmungar, sem mundu verða fylgjandi þeirra eigin kerfi, sem vonandi — og með vissu verður aldrei reynt í íslenzkum jarðvegi. Hv. 2. þm. Reykv., sem manna mest ber ábyrgð á því, að fyrrv. stjórn sagði af sér og að eitra það samstarf þannig, að það gat ekki lengur blessazt — eitra það með því að halda tryggð við sínar gömlu kommúnistahugsjónir, í stað þess að taka upp hollan íslenzkan hugsunarhátt og vinna að málefnum landsins sem góðum íslenzkum alþm. sæmdi — þessi maður ætti nú ekki öllu lengur að vera með hræsnisblástur yfir þeim fornu dyggðum hér í sölum Alþ. Hv. alþm. er allt of kunnur þáttur hans allur í því máli, til þess að það afli honum mikillar samúðar, hvorki hér innan veggja né hjá þjóðinni í heild.

Þá segir hv. þm., að núverandi stjórn hafi unnið að því að koma á atvinnuleysi, stöðva byggingar og annað slíkt, og sagði, að það hefði verið ætlunin hjá ríkisstj. að færa mjög alvarlegt atvinnuleysi yfir landslýðinn til þess að geta kúgað hann þeim mun betur. Nú skulum við láta það alveg vera, hvort það mundi vera vænlegt fyrir ríkisstj. og líklegt til þess, að hún héldi fylgi og yrði langlíf, að hún leiddi hinar mestu hörmungar yfir borgara landsins, það mundi þá vissulega vera sú fyrsta ríkisstj., sem gerði þetta beinlínis af ásettu ráði til þess að tryggja sig í sessi. Nei, sú sögn er nú allt of ótrúleg og af sama toga spunnin eins og skáldsagan um það, að við viljum ekki selja afurðir landsmanna með skaplegu verði. Það, sem núverandi ríkisstj. hefur gert og af sumum er með nokkrum skorti á nægum skilningi útlagt þannig, að mikil höft hafi verið lögð á borgarana, það er ekkert annað en það, að ráðstafanir hafa verið til þess gerðar að nýta betur en áður það fjármagn, efni og vinnuafl, sem Íslendingar hafa yfir að ráða. Meðan fjármagnið var nóg og við gátum leyft okkur ýmislegt, sem við getum ekki leyft okkur nú, þegar fjármunirnir eru horfnir, þá gat verið skiljanlegt, að það væri látið undir höfuð leggjast að gera þessar ráðstafanir og koma framkvæmdum í samfellda heild og stuðla að því, að sem fyrst yrði lokið við það, sem í var ráðizt, og önnur nýrri verkefni látin bíða, þangað til tekizt hefði að ljúka hinum. Margir mundu nú segja, að ýmislegt hefði betur farið, ef þessi stefna hefði fyrr verið upp tekin. Hitt er alveg ljóst, að óhjákvæmilegt var, og beinlínis nauðsynlegt, til þess að hér héldist atvinna og til þess að hér gætu áfram orðið stöðugar framkvæmdir í landinu, að nokkru betri skipan yrði á þessu upp tekin en áður var, og raðað yrði niður þeim verkum, sem gera átti, og eins og ég sagði, þau verk látin sitja fyrir, sem næstum því voru fullkomin, en heildarkostnaður ekki aukinn með því að verið væri að gera meira en efni og allar aðstæður leyfðu.

Annars verð ég að segja það, að þetta tal hv. 2. þm. Reykv. og beiskja hans í garð fjárhagsráðs ríkisstj., eins og hann kallar það, minnir óneitanlega mjög á ummæli refsins, sem ekki náði í vínberin og lýsti þá yfir, að þau væru súr. Það er öllum vitanlegt, að þessi hv. þm. sótti mjög eftir því að verða skipaður í fjárhagsráð ríkisstj. einmitt af þeim vondu hrunstefnumönnum, sem hann er alltaf að lýsa. Hann hefur ekki fyrirgefið okkur, að við töldum hann ekki mundu verða nógu einlægan starfsmann að þeim þjóðnytjaverkum, sem fjárhagsráði eru falin. Við héldum, að hann yrði ekki umboðsmaður íslenzkrar alþýðu eða íslenzkra hagsmuna, heldur hins alþjóðlega kommúnisma, og væri þess vegna betra að hafa hann í hvarfi frá þeirri starfsemi. En sá maður, sem svo mjög hefur verið á torginu í framboði til þessa starfs, ætti ekki að óskapast svo óskaplega yfir þeim illu verkum, sem þar hafi verið lagt fyrir að fylgja, því að hvernig vill hann þá skýra það, að hann vildi svo ólmur komast í þann svívirðilega hóp? En hér er það gremjan og vonbrigðin, sem hlaupa með þennan annars nokkuð greinda mann í gönur. (EOl: Er hæstv. ráðh. sama, hvers konar lygar hann fer með úr ráðherrastól?) Meir að segja komu fram í Þjóðviljanum mjög átakanleg kvein yfir því, að þessi biti skyldi detta úr hinum kommúnistiska aski. Hv. 2. þm. Reykv. er einn af þeim fáu þm., sem hefur verið staðinn að því að fara með vísvitandi ósannindi um fund, sem hann tók þátt í, og þannig verið stimplaður sem opinber ósannindamaður og lygari. (EOl grípur fram í.) Ég held það ætti við í þessu tilfelli, sem kom fram í till. hv. þm. S-Þ., að gott væri að hafa kvikmyndavél til þess að hv. þm. (EOl) gæti séð, hvernig vissar persónur líta út, þegar þær sleppa sér hér í þingsalnum. Menn geta sannarlega sleppt sér af fleiru en öldrykkju og brennivíni. Sumir menn verða sannleikanum sárreiðastir, og það sannast um þennan hv. þm., ósannindamann og lygara. Ég held ég hafi ekki orðið var við neinn mann, sem ákafar hefur sótt eftir að komast í þjónustu ríkisstj. heldur en þessi hv. þm., og ég gæti nefnt ásókn frá fleiri kommúnistum. Þessi hv. þm. talaði t. d. mjög utan að því á þeim tíma, að hann vildi fara sem um-

boðsmaður minn á þing sameinuðu þjóðanna, og lýsti yfir, að það yrði auðvitað minn vilji, sem réði (**EOI**: Ráðh. lýgur einu sinni enn. — **Forseti (BG)**: Ef samtal milli hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykv. hættir ekki, verður fundi slitið.) Ég held, að það sé rétt að taka með þolinmæði á hv. 2. þm. Reykv. Eins og hans málstaður er, er honum vorkunn, þótt honum renni nokkuð í skap, og ég held það eigi frekar að taka hann sem óþægt barn heldur en sem beinan illræðismann, vegna þess að hvað, sem um hv. þm. verður sagt, þá held ég, að hann sé ekki í eðli sínu maður illviljaður, heldur er gallinn sá, að hann er genginn á band hjá erlendri einræðisstefnu, og ógifta hans er sú, að hann skuli taka boðskap hennar fram yfir hagsmuni hinnar íslenzku þjóðar. Það er þess vegna mjög ótrúleg saga, jafnósönn og hún einnig er, þegar hv. 2. þm. Reykv. er að reyna að koma því inn hjá mönnum, að núverandi stjórn vilji leiða atvinnuleysi yfir landslýðinn. Það er gefinn hlutur, að eitt bezta ráðið til þess að halda skaplegu þjóðskipulagi er það, að allir þegnar landsins hafi nóg að bíta og brenna — allir hafi atvinnu og geti látið sér líða vel, og það væri vissulega nokkuð ný stjórnkenning, ef það ætti að vera aðalmarkmiðið að reyna að láta fólkinu líða sem allra verst. Hitt er svo annað mál, að kommúnistar gerðu dálítið broslega tilraun til þess um næst síðustu mánaðamót að láta líta svo út sem það væri komið upp mikið atvinnuleysi hér í bænum. Þá fór fram atvinnuleysisskráning, eins og l. stóðu til, og Þjóðviljinn birti þá margar áminningar til manna um að láta skrá sig, og sama boð var látið ganga í kommúnistasellunum hér í bænum. Niðurstaðan varð sú, að það komu um 70 menn til að láta skrá sig. Flestir þeirra höfðu verið atvinnulausir í 1—2 daga, og kunnugir sögðu, að það hefði verið mjög áberandi, úr hvaða sauðahúsi þessir menn voru. Sem betur fer, hefur tekizt að halda böli atvinnuleysisins frá mönnum hér í þessum bæ, og það er vissulega þýðingarmesta og helgasta starf hverrar ríkisstj. að reyna að halda þeim vágesti frá sem allra lengst. Margir okkar þekkja allt of mikið til þess ástands, sem var hér fyrir ófriðinn — þó að við lentum ekki sjálfir í þeirri raun — til þess, að við viljum ekki allt til vinna að leggja allt, sem við getum og megum, í sölurnar til þess að halda þessum vágesti utan dyra, og einmitt vegna þess, að það er höfuðnauðsyn, að þetta verði gert, þá tjáir ekki lengur annað en að hefjast handa um virkar aðgerðir til að lækna verðbólguna. Menn geta nú mjög deilt um það, hvort þetta frv. gangi nógu langt í þeim efnum eða ekki.

Það er rétt, sem kom fram af hálfu starfsbræðra minna í ríkisstj., að frv. er ávöxtur samningaumleitana þriggja flokka og þess vegna hefur enginn einn þeirra fengið þar öllum sínum óskum framgengt, og við hefðum sjálfsagt allir, hver um sig, borið frv. fram með nokkuð öðrum hætti, ef við hefðum einir mátt mælast við úr hverjum flokki. En þrátt fyrir það dylst mér ekki, að ef þetta frv. nær samþykki, sem ég vona, og ef það hlýtur þann skilning þjóðarinnar, sem ég vona, að þá muni þetta frv. verða talið marka vatnaskil í viðureigninni við dýrtíðardrauginn og ásókn hans hafi þá verið stöðvuð með þessu frv. og grundvöllur lagður að því, að dýrtíðin geti verið héðan af til áframhaldandi uppbyggingar atvinnulífsins sem heilbrigður efniviður góðs fjármálalífs. Það eru nú ýmsar og mismunandi till., sem fram hafa komið í þessu máli. Sumir segja, að rétta ráðið sé að lækka dýrtíðina sjálfa sem allra mest og fara inn á svo kallaða verðhjöðnunarleið — lækka vísitöluna með lagaboði enn þá meira en hér er gert til þess að knýja þannig vinnulaun og allan innlendan tilkostnað niður.

Það er rétt, að það er aðalleiðin, sem farin er í þessu frv., og ég held nú, að við athugun muni allir góðviljaðir menn hafa sannfærzt um, að mjög margir og miklir annmarkar voru á því, að fara stærri skref í þessu í einu en gert er með þessu frv. Aðalatriðið er þó í frv. ekki sjálf lækkunin, sem með því er gerð, þó að hún sé nokkur og auðvitað tilfinnanleg fyrir þá, sem fyrir henni verða, sem er nær allur landslýður og raunar allur landslýður á einn eða annan veg, þegar ákvæði frv. eru athuguð í heild, heldur er það, sem mestu máli skiptir, að vísitalan er fest. Sá óheilla skrúfugangur, sem myndazt hefur um það, að sprengja þjóðfélagið og fjármálakerfi þess, hann er nú stöðvaður.

Hæstv. menntmrh. gat þess í ræðu sinni áðan, að fleiri þjóðir mundu hafa tekið upp vísitölufyrirkomulag eins og við. Ég veit ekki til, að nokkur þjóð hafi lagt út í annað eins vísitöluævintýri eins og við Íslendingar. Mönnum er kunnugt um það, að kommúnistar í Frakklandi hafa komið með till. um að taka upp fyrirkomulag eins og það, sem hér gildir, en stjórnarvöldin þar í landi hafa ekki treyst sér til þess þrátt fyrir ákafa ósk kommúnista í þá átt.

Sá ósigur, sem þeir hafa beðið í Frakklandi, stafar m. a. af því, að franska þjóðin og stjórnarvöld hennar hafa ekki viljað taka upp það sama fyrirkomulag, sem nú er að ríða íslenzku fjármálalífi að fullu. Ég hef einnig fregnað, að kommúnistar í Noregi hafi einnig viljað taka upp þetta vísitölufyrirkomulag, en Norðmenn höfðu kynnt sér áhrif þess og afleiðingar hér og þeir skildu, að það var ekki til neinna heilla. Norskir kommúnistar hafa, eftir að hafa borið fram þessa till., goldið gífurlegt afhroð á fylgi, eins og mönnum er kunnugt. Það er því vissulega engin tilviljun, að engin þjóð hefur tekið þetta fyrirkomulag upp, og skýringin er sú, að þegar til lengdar lætur, hefur það svo skaðvænlegar verkanir, að engin þjóð, sem fengið hefur reynslu í atvinnu- og fjármálum, hefur treyst sér til að leggja út á þessa braut.

Annað ráð, sem nú er talað um til að koma fjármálum þjóðarinnar á öruggari grundvöll, er það að lækka gengi krónunnar, og það virðist ofvefengjanleg nauðsyn, ef leysa á vandann á skömmum tíma og allt í einu, og ekki verður lokað augunum fyrir því, að erfitt mun að finna ráð að gagni, án þess að gengislækkun komi til. Hins vegar þyrfti sú lækkun að vera svo mikil, að engin líkindi eru til, að almenningur sætti sig við það, enda er almenn andúð á gengislækkun. Ég hygg, að það muni sannast og reynast, að ef ekki tekst að fara þá leið, sem með þessu frv. er

farin, þ. e. a. s. að stöðva verðbólguna, og ef þessi tilraun fer út um þúfur, þá er ýtt undir það, að gengislækkun eigi sér stað. Mér er ómögulegt að skilja, hvernig menn vilja leysa þetta mikla vandamál, ef þeir vilja ekki fara þá leið, sem reynd er með þessu frv. — Hv. 2. þm. Reykv. var með miklu offorsi að boða fjandskap gegn frv. og hælast um, að ekki væri víst, hvernig framkvæmdin á því reyndist. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er svo greindur maður, að hann ætti að sjá, að hann með þessum fjandskap sínum er vísvitandi að stuðla að því, að gengislækkun verði ofan á. Þau úrræði, sem hann og flokksmenn hans hafa bent á, eru engin úrræði. Frv. þeirra miðar ekki að því að verðfesta vörur né vinna bug á verðbólgunni, heldur að því að hækka allt í vaxandi mæli. Eins og hv. 2. þm. Reykv. gaf í skyn, þá er frv. þeirra flutt í hefndarskyni og hefur ekki við neitt að styðjast. Þar er m. a. talað um að hækka viðgerðarkostnað og fleira þessu líkt. Það má segja, að eina raunverulega till., sem fram kemur í frv., sé sú að stofna landsverzlun. Nú er öllum ljóst, og einnig hv. 2. þm. Reykv., að það eru sízt líkur til, að landsverzlun yrði ódýrari í rekstri en einkaverzlun. Það er vitað mál, að frjáls verzlun og frjáls samkeppni er eina ráðið, sem leitt getur til skaplegs vöruverðs, og ódýrasti verzlunarrekstur inn fyrir þjóðina í heild. Það eru litlar líkur til þess, að þótt landsverzlun yrði komið á og kaupmönnum sýndur fullur fjandskapur og þeir sviptir atvinnu sinni, að það drægi nokkuð úr verzlunarkostnaðinum, heldur yrði það til þess að auka hann. Tilgangurinn með þessari landsverzlunartill. er því ekki að spara, heldur er hann sá að koma upp nýju áróðurstæki til þess eins að grafa undan því frjálsa þjóðskipulagi, sem hér ríkir. Ef tilgangurinn er sá að taka af verzlunargróðanum, þá hlýtur það að vera tilætlunin að leggja meira á vöruna, en með því að gera það, hlýtur það að koma niður á almenningi, sem þá tekur á sig hærra verð. Till. um landsverzlun er því leið ekki ólík því, að lagður væri á hár veltu- og söluskattur. Nú er útlitið þannig, að horfur eru á, að ekki verði fluttar inn í landið nema brýnustu nauðsynjar. Það er því auðsætt, að þegar verzlunin er slík, þá verður enginn gróði tekinn af verzluninni nema með auknu vöruverði. Það, sem því felst í frv., er það, að verið er að leggja nýja skatta á þjóðina í formi hækkaðs vöruverðs. Þegar því allt orðaskvaldrið er síað frá bunu þeirri, sem staðið hefur úr hv. 2. þm. Reykv. í dag, er það eftir, að hann vill láta hækka vöruverð almennt í landinu til þess að standa undir útveginum.

Hv. 2. þm. Reykv. létu því illa í munni öll þau gífuryrði, sem hann hefur haft í frammi í garð ríkisstj. út af frv. því, sem hér liggur fyrir. Hann vill láta hækka vöruverðið til þess að standa undir kostnaði, og er það í sjálfu sér ekki undarlegt, þó að hækkun á einhverju felist í frv., því að hv. flm. hlýtur að vera ljóst, að ekki er hægt að gera neinar raunhæfar till. til bóta, án þess að þjóðin leggi eitthvað á sig, en þeim hefur tekizt að finna eitthvert óheppilegasta formið. Hv. 2. þm. Reykv. er nú viss með að segja, að það séu bara heildsalarnir, sem eigi að bera þá hækkun, sem af frv. þeirra kann að leiða, en öllum er ljóst, að það hlýtur að leiða til hækkaðs vöruverðs. Einhver sagði í fyrra, um það leyti sem verið var að mynda nýja stjórn, að allháar öldur óróleika hafi risið í sálum kommúnista við þá tilhugsun að fara burt úr ríkisstj. Þá sagði og einhver, að þeir mundu fúsir ganga inn á hvaða skatta sem er til þess að verða áfram í stjórn. Ég hygg, að það gangi sem rauður þráður í gegnum stefnu kommúnista að þykjast berjast fyrir lækkun dýrtíðarinnar, þó að hins vegar engir hafi í þeim efnum verið tillöguverri en þeir, en það kemur af því, að þeir álíta annað þjóðfélagsskipulag betra en það, sem gildir hér hjá okkur, vilja einræði í stað lýðræðis og vilja því grafa undan því leynt og ljóst með því að taka á sig annarleg litbrigði og allra kvikinda líki. Þeir berjast fyrir sívaxandi verðbólgu og því gegn allri lækkun á henni. Þess vegna berjast þeir einnig hatrammlega gegn þessu frv., sem horfir til mikilla bóta í fjárhagslífi þjóðarinnar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það hefur nú verið rætt mikið um þetta mál, enda þótt hæstv. forsrh. hafi óskað eftir því að umr. yrðu stuttar. Þrátt fyrir það hafa einstaka ráðh. lagt lykkju á leið sína og farið að ræða um hluti, sem eru alls óskyldir því máli, sem hér er til umr. Næstur á undan mér talaði hér hæstv. utanrrh. Ég sé, að hann er ekki inni í fundarsalnum, en ég vildi eindregið mælast til þess, að hann væri hér viðstaddur, svo að ég fengi að sjá framan í hann, — eða er hann kannske farinn í felur? **(Forseti BG):** Ef hv. þm. beinir þessum tilmælum til mín, þá vil ég taka það fram, að það er ekki á mínu valdi, að ráðherrar séu í fundarsalnum. — **EOI:** Hæstv. utanrrh. er kannske kominn til Ameríku.) Jæja, hvað um það, ef hæstv. ráðh. getur ekki verið hér inni, nema meðan hann hreytir út úr sér svívirðingum, en þolir svo ekki að heyra ummæli sín hrakin með sannleikanum, þá mun ég snúast við því á viðeigandi hátt.

Ég verð að segja það, að mér þótti að sumu leyti vænt um, að hæstv. utanrrh. gaf mér tækifæri til að ræða við hann nánar um markaðsmálin og afskipti mín af þeim. — Ráðh. valdi þann kostinn að ráðast að mér í útvarpsumr., þar sem ég átti þess ekki kost að svara fyrir mig. Þar heldur hann því fram, að ég hafi brotið trúnaðartraust, sem mér hafi verið sýnt, og einnig heldur hann því fram þar, að ég sem einn úr samninganefndinni í Englandi hafi gert ákveðnar tillögur um, hvernig samningunum við England um sölu á fiski skyldi hagað. Ég skrifaði þetta niður eftir ráðherranum, svo að þar er ekki um að villast, en það er nú líklega svo komið með þennan hæstv. ráðh., að hann er búinn að skrökva svo oft að sjálfum sér, að hann veit ekki lengur, hvað rétt er. Þessi hæstv. ráðh. veit vel, að hvorki ég né nokkur annar úr ensku samninganefndinni gerðum nokkrar till. um það, hvernig samningunum við England skyldi hagað. Hann segir þetta því gegn betri vitund, hann hefur vísvitandi sagt þetta ósatt um mig, því að það vill svo vel til, að ég hef í höndunum plögg, sem sanna mitt mál, og munu allir kannast við, að þar sé rétt skýrt frá, því að það liggur fyrir

staðfest í fundargerðabók utanrmn. Hæstv. utanrrh. verður því nú að standa frammi fyrir alþjóð sem opinber ósannindamaður. — Í fundargerðabók utanrmn. frá 10. apríl 1947 segir á þessa leið eftir Einari Olgeirssyni, með leyfi hæstv. forseta: „Hann kveðst álíta rangt að binda samningana við Englendinga á grundvelli þeirra tilboða, sem nú lægju fyrir. Rétt væri að bíða, þangað til ákveðnari svör bærust frá n. í Moskvu. Ef ríkisstj. hins vegar vildi nú ganga að brezku tilboðunum, kvaðst hann kunna betur við, þegar n. okkar yrði símað, að sérskoðun hans væri þar tekin fram.

Bjarni Benediktsson . . . taldi óviðkunnanlegt að láta sérskoðun koma fram í skeyti til n. Hann gat þess að allir nm. væru sammála um, að það þýddi ekki að vera að semja lengur við Englendinga, ef ekki væri gengið að núverandi tilboði þeirra. Jafnframt gat hann þess, að nm. hefðu þó ekki gert neinar tillögur um tilboðin, enda væri það okkar hér heima að segja til um þau.“

Þannig er þetta þá bókað eftir Bjarna Benediktssyni sjálfum, en samt hefur hann þau ummæli, að ég hafi gert ákveðnar tillögur um, hvernig gengið skyldi frá samningunum. Sannleikurinn er sá, að nm. í Englandi var aldrei gefinn kostur á að segja sitt álit. Í lok þessarar fundargerðar segir enn fremur: „Niðurstaða fundarins varð sú, að leggja mætti þann skilning í þriðja tilboðið, að 5% bættust við lýsismagnið, þannig að það færi ekki fram úr 42% í heild. Vildi ríkisstj. helzt ganga að því tilboði, en annars skyldi gengið að fyrsta tilboðinu, með þeim skilningi, að hámark fiskimagnsins væri 12000 tonn og lýsis 18000 tonn, en þó ekki yfir 40% af heildarframleiðslu ársins 1947. Skyldi samninganefndinni falið að semja á þessum grundvelli.“ Þetta er hið sanna í málinu, að þrátt fyrir það að þetta er bókfest, ekki eftir mér eða Einari Olgeirssyni, heldur eftir Bjarna Benediktssyni sjálfum, þá leyfir þessi hæstv. ráðh. sér að prenta hið gagnstæða í Morgunblaðinu hvað eftir annað og halda því fram í útvarpinu. — Það er þess vegna mjög skiljanlegt, að maður, sem hagar orðum sínum eins og hann hefur gert, kjósi að hylja andlit sitt. Ef sómatilfinning hans væri eins og hún ætti að vera, ætti hann að hypja sig til baka úr embætti utanrrh. — eða hvernig finnst mönnum nú eftir allt þetta, þegar þessi maður hrópar að öðrum, að þeir séu lygarar? En ráðh. gerði meira en þetta. Hann rak mig úr n. og sagðist hafa ástæðu til þess, vegna þess að ég hafi brotið trúnað, hann hefur þó aldrei getað sannað það, en haldið því fram, að ég hafi ekki verið við störf mín í n. og vanrækt þau. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir, því að aldrei hefur nokkur maður í n. fundið að störfum mínum þar, enda var samstarf þar mjög gott, og aldrei komu neinar aðfinnslur frá ríkisstj., en í einu reiðikasti, sem minnir mig mikið á ákveðið dýr í moldarflagi, skrifar hann mér bréf, þessi hæstv. utanrrh., og rekur mig án þess að gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna hann gerði það. En það mun koma í ljós betur, þegar afurðasölusamningarnir koma í ljós, að það var vegna þess, að ég mátti ekki fylgjast með samningagerðinni. — Með þetta mál hefur verið farið alleinkennilega. Enginn vissi neitt og enginn veit neitt um afurðasölumálin, þjóðin fær ekkert að vita, og þegar það kemur fyrir í umræðum, er aðeins sagt undan og ofan af. — Hæstv. utanrrh. sagði, að nú hefði gengið vel með afurðasölumálin, eftir að kommúnistar fóru úr ríkisstj. Ég veit af kynningu minni við þennan ráðh., að hann hefur næsta lítið með afurðasöluna að gera. Hann kann ekki að gera greinarmun á þorski og ýsu og veit harla lítið um það, sem hefur gerzt. Hann segir líka, að enginn sósíalisti hafi komið nálægt hollenzka samningnum. Hann er búinn að gleyma því, að þá var hann ekki búinn að reka mig, en ég var á heilum næturfundi með hollenzku samninganefndinni. Og nú er ráðh. að gorta af þessum samningi, sem hann veit ekkert um. En það er í stíl við annað hjá honum. — Enn er það nokkuð fleira í sambandi við afurðasölumálin, sem sýnir kjánaskap hæstv. ráðh. Hann segir, að afurðasölumálin standi nú þannig, að við getum ekki fengið ábyrgðarverð fyrir fiskinn, þess vegna þurfi að setja fiskábyrgðarlög, og að það séum við sósíalistar, sem viljum gera slíkt. Hér kemur að því sama. Hæstv. ráðh. veit ekkert, til hvers lagasetningar eru. — Ég hef bent á, að það hagar þannig til í bátaútveginum, að einungis vegna þess, að fyrirframsala væri ekki fyrir hendi, þá er svo komið launagreiðslum, að ekki verður hjá því komizt að hafa fastákveðið verð á fiskinum vegna óvissu um fiskaflann, og sala getur ekki farið fram fyrr en vertíð er lokið. En nú vill svo til, að búið er að gera fyrirframsölu fyrir næsta ár. Ríkisstj. hefur ekki skýrt frá þessu, en ég veit þó, að ákveðið er að selja Hollendingum 3000 tonn fyrir ábyrgðarverð og sömuleiðis til Tékka, en það stendur á ríkisstj. að skrifa undir þá samninga. Til Frakklands hafa verið seld 1000 tonn fyrir ábyrgðarverð, og til Finnlands hefur verið selt nokkuð fyrir ábyrgðarverð. Þar sem ég nú hef nefnt Tékkóslóvakíu og Finnland, sem keyptu lítið af okkur í fyrra og í ár, en búast við að kaupa meira á næsta ári, þá bendir það til þess, að hægt sé að fá a. m. k. ábyrgðarverð fyrir fiskinn. Enski markaðurinn hefur hækkað. Svo er sagt að ríkisstj. hafi gert samninga um sölu á 70000 tonnum til Þýzkalands. En mönnum er ekki sagt, á hvaða verði það er, en ef svo er, þá er um verðhækkun að ræða. — Svo vitum við, að síldarmjöl og fiskimjöl hefur selzt fyrir hærra verð en nokkru sinni fyrr og verð á lýsi fer hækkandi. — Þegar nú þessar staðreyndir liggja fyrir, skil ég ekki, hvernig menn fara að halda því fram, að nokkur hætta sé að fiskábyrgðarverðinu. Hvernig stendur nú á því, að hæstv. ráðh. kýs að dylja þm., hvernig ástatt er í þessum efnum, en heldur að þeim því, sem er rangt?

Ég skal nú ekki eyða miklu meira af ræðutíma mínum til að ræða við hæstv. dómsmrh., en hann gaf þó tilefni til að fara allmiklu nánar út í umr., að fara út í viðtækari umr. um málið. Hæstv. ráðh. kaus þann kostinn að ræða sem minnst um málið sjálft, en notaði mestan hluta ræðu sinnar til fullyrðinga um, að ég og hv. 2. þm. Reykv. værum á valdi erlendra ríkja. Hann sagði, að ekki væri hægt að starfa með sósíalistum, því að þeir væru fulltrúar erlends stórveldis.

Þannig var öll ræða hæstv. ráðh. En er hann talaði svo mjög um fulltrúa erlendra stórvelda, þá kom þar í ræðu hans, að ráðh. minntist á samninginn um Keflavíkurflugvöllinn, og þá hellti hann úr skálum reiði sinnar yfir okkur sósíalista fyrir afstöðu okkar í því máli. En hvernig stendur á því, að hæstv. dómsmrh. hugsar svo mjög til Keflavíkur? Hvað slær hann svo mjög, að Keflavík kemur sí og æ í huga hans? Stafar það ekki af afskiptum hæstv. ráðh. sjálfs af þeim samningi? Er það ekki hann, sem ber hvað mesta ábyrgð á afgreiðslu þess máls? Og því fer alls fjarri, að ég eða hv. 2. þm. Reykv. höfum sótzt eftir að vera skipaðir í nokkrar n. hjá hæstv. ríkisstj., en sannarlega er sú ríkisstj. aum, sem er hrædd við að hafa einn mann á móti fjórum — einn úr stjórnarandstöðunni í sambandi við framkvæmd mála. Hæstv. ríkisstj. er hrædd við að heyra, hvað þm. hugsa! Lýðræði stjórnarinnar er ekki meira en þetta. Stjórnarliðið er skelkað, ef einn af fjórum í n. er úr stjórnarandstöðunni. Það er reynt að hafa þá góða, en ef það tekst ekki, þá eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar reknir.

Ráðherrar þeir, sem talað hafa hér um frv. þetta, virðast vera of góðir til að vera hér inni og hlýða á mál manna. Einn ráðh., hæstv. menntmrh., (EystJ), sem lætur ekki vera ókunnugur neinu, reyndi að sanna, að söluskatturinn í frv., sem aðrir ráðh. kalla veltuskatt, væri ekki sami skatturinn og hann barðist á móti, er fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Hæstv. ráðh. bölvaði fyrri skattinum, en vegsamar þennan. Ef hæstv. ráðh. væri hér viðstaddur, hefði ég gaman af að bera saman kaflana um söluskattinn og veltuskattinn og sanna honum, að söluskattskaflinn er nær orðréttur úr fyrri lögunum. Hér er jafnvel að finna sömu málleysurnar og í fyrra frv., en þær vilja nú oft slæðast inn í frv. hér á Alþ. Að vísu munar hæstv. menntmrh. ekki um að telja, að það, sem orðrétt stendur á tveim stöðum, sé ekki það sama, t. d. heiti þetta ekki veltuskattur, heldur söluskattur. Hæstv. ráðh. virðist nú hafa gleymt stóru orðunum, sem hann notaði um veltuskattinn. Sá skattur var þyngstur á þeim, sem lægsta höfðu álagningu. Þetta heldur ráðh., að hann geti breitt yfir með því, að breytt sé nafninu á skattinum. Veltuskatturinn kom hart niður á félögum neytenda, samvinnufélögunum, en nú er breytt til, þannig að söluskatturinn leggst yfir á bök fólksins og stórverzlunin sleppur. Ádeilur Framsfl. á veltuskattinn voru þær, að hann kæmi niður á viðskiptamönnum Sambandsins. Nú veltur söluskatturinn engu síður yfir á viðskiptamenn samvinnufélaganna, og er það lítil huggun eða málsbót, þótt nafni skattsins sé breytt úr veltuskatti í söluskatt. Þessi skattur lendir á öllum launþegum í landinu, en verzlunarstéttin greiðir ekki einn eyri í veltuskatt.

Það kom ekkert nýtt fram hjá hæstv menntmrh., er hann lýsti fjárhag ríkissjóðs. Þar er allt á höfði — allt á bólakafi, sagði ráðh. — allt á bólakafi í feninu. Þetta og þessu líkt hafa hv. alþm. heyrt fyrr koma af munni hæstv. ráðh. Þessi söngur hefur verið endurtekinn af honum um hver áramót, síðan ég kom á þing. Um hver áramót hefur Eysteinn Jónsson lýst yfir því, að ríkissjóður væri kominn á hausinn, og er þetta því ekkert nýtt. Hæstv. menntmrh. veit alltaf, að ríkissjóður er á hausnum, allt er á hausnum nema menntmrh. sjálfur.

Mér var sem fleiri þm. nokkur eftirvænting, að frv. þetta kæmi fram frá ríkisstj., en ógnarlítið var það, er það kom, eftir allt tal stjórnarliðsins um það. Eftir allt tal Eysteins Jónssonar og annarra ráðh. í ríkisstj. í 7 ár um dýrtíðarbölið, þá stæði víst ekki á þeim að laga þetta. En er farið er að reikna og teikna og breyta, þá fer nokkuð á aðra lund, svo sem þetta frv. sýnir. Það dylst engum manni, að frv. þetta mun aðeins leiða af sér aukna dýrtíð í landinu. Verðlag allt hækkar á nauðsynjum. Skyldi Eysteinn Jónsson verða svo grátt leikinn, að það verði hlutskipti hans að hækka dýrtíðina gífurlega með 40 millj. kr. tollum á nauðsynjavörum — og nú með þessu frv. að leggja 3,5% hækkun á þjónustu manna á milli? Ég hlakka til þess, er hann segir Sunnmýlingum frá þessu hlutskipti sínu í baráttunni við dýrtíðina. Þá verður hann nú ekkert lítill karl eftir allt þetta.

Hæstv. forsrh. sagði í framsöguræðu sinni, að þungamiðja frv. væri kaflinn um að binda vísitöluna í 300 stigum. Sá kafli frv. hefur þau áhrif, að hans sögn, að laun manna lækka um 5%, en er 10% bein launalækkun. Þetta er þungamiðja frv. Ég held því fram, að ekki sé verið að lækka verðlagið eða bjarga útgerðinni með þessu tiltæki. Nei, tilgangurinn var að lækka laun þeirra manna, sem lægst eru launaðir allra, mannanna, sem strita í illviðrum og kuldum. Séu laun þeirra skorin niður, þá er allt gott og blessað. Þetta var tilgangur ríkisstj., og hæstv. forsrh. lýsir hátíðlega yfir, að þungamiðja frv. sé launalækkun þessi. Ég veit það, að eftir að hér er hafizt handa, verður sömu vitleysunni haldið áfram sem áður að fullyrða, að launalækkun sé hið eina ráð til að lækka dýrtíðina og tryggja rekstur útvegsins.

Nú er rétt að athuga, hvernig frv. þetta kemur útgerðinni að gagni og ekki sízt þetta ákvæði um festingu vísitölunnar í 300 stigum. Rétt er að rifja upp, að aðalundirstaðan til að kveða dýrtíðina niður er að styðja og efla sjávarútveginn og halda uppi svo háu verði sjávarafurða sem unnt er vegna hinna stöðugu verðbreytinga á erlendum markaði. En hvað er nú að finna í þessu frv., sem er til hags útgerðinni? Lagt er til, sem í öðru frv., sem flutt er af okkur sósíalistum, að áframhald verði með fiskábyrgð. Hér er um að ræða sömu ákvæði og ríkisstj. hamaðist sem mest gegn og jós úr skálum reiði sinnar yfir þá menn, sem fylgdu Ákaverði á fiski, en svo var 65 aura verðið kallað í Morgunblaðinu. Nú kom þeim í koll þessi afstaða sín, því að þeir gátu ekki gengið fram hjá þessari ábyrgð. Því hefur verið haldið fram, að til þess að lækka framleiðslukostnaðinn, þá þurfi að samræma amerískt og enskt verð, og er allt annað talið vera í pólitískum tengslum. Þessi samræming mundi nema 40—45 aurum. En þá sprakk ríkisstj. á því, að Ameríkuverðið var óglæsilegt. Og nú er ríkisstj. sammála um að ákveða verð fisksins. En inn í þennan kafla um fiskábyrgðina þarf nú að taka annað, en það eru kjötuppbæturnar á útflutt kjöt. Þar hefur fulltrúum kjötframleiðenda tekizt

að krækja sér í 7—8 millj. kr. úr ríkissjóði, en það er óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að koma þurfti landbúnaðarvörunum inn í þennan kafla. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á ákvæðin í 21. gr., þar sem útsöluverðið á kjöti er ákveðið af sérstakri nefnd, að sé sú gr. samþ., er verið að samþykkja að greiða margar millj. kr. til kjötframleiðenda. Það er hægt að fá kr. 4.50 fob., en ekki meir, það sýna skýrslur Landsbankans. Ef verðbætt er kjöt, þannig að bændur fái 10 kr. fyrir kg, er þegar búið að samþykkja að greiða þeim ákveðið verð fyrir afurðir þeirra. Útvegsmönnum er aftur á móti aðeins tryggt lágmarksverð, sem er ekki nokkur hætta fyrir ríkissjóð. Svona á að fara að. Það á að borga milljónir með útfluttu kjöti, en ekki einn eyri með útfluttum sjávarafurðum. Réttlæti væri að greiða tilsvarandi með útfluttum sjávarafurðum sem lagt er til að gert sé með landbúnaðarvörurnar. Þá gæti farið á annan veg. Ef 22. gr. frv. er athuguð nánar í framhaldi af þessu, sjá menn enn betur, hvert stefnir. Þar er tekið fram, að ríkisstj. sé heimilað að binda söluna á ýmsum sjávarafurðum, er ábyrgðarverð er ekki á, við sölu á öðrum vörum. M. ö. o., það er gefið, að ríkisstj. mun nota þetta ákvæði til að setja skilyrði um kaup á síldarmjöli, síldarlýsi, þorskalýsi, þannig að þetta sé bundið við sölu á frosnum fiski, saltfiski eða þeim fiskafurðum, sem minni eftirspurn er eftir. Með þessu er hærra verðið lækkað til að losna við þær sjávarafurðir, sem seljast með lægra verði eða undir ábyrgðarverði. Þetta þýðir fyrir sjávarútveginn, að skaðinn frá í ár verður endurtekinn. Áframhald gr. ber þetta skýrt með sér. Þar segir, að ef einhverjar vörur séu seldar á yfirverði, þá megi taka þann hagnað í ríkissjóð, þar til ríkissjóður hefur bætt greiðsluhalla sinn að fullu. Einnig er gert ráð fyrir, að taka megi greiðslur til að jafna halla á ábyrgðarlögunum frá í ár. Ef afurðirnar seljast allar yfir ábyrgðarverði, þá má taka af fiskverðinu til þess að borga upp þann halla, sem ríkið verður fyrir á þessu ári vegna fiskábyrgðarlaganna. Hæstv. ríkisstj. hefur reiknað með þessu. Sé það nú rétt, sem ég hef sagt, að útlitið sé þannig með sölu, að við náum ábyrgðarverði, þá þýðir þessi kafli að nafninu til ábyrgð á fiskverðinu, tekjur af sjávarafurðum og millj. kr. í greiðslur á útflutt kjöt. Þetta er rétt að útvegsmönnum. Þetta er talið fullgott handa þeim.

Það sýnir sig, að hæstv. stj. hefur lært fram á síðasta dag. Áður hafði hún „skrúplur“ í sambandi við 65 aura verðið, nú telur hún það ekki duga og að meira þurfi til. Þar af stafa ákvæði 25. gr. frv. Þau eru hlægileg, því að þau eru þegar til og því óþörf. Þau heimila stjórninni að ákveða verð á beitu, en það getur stjórnin gert nú. Samkv. þessum ákvæðum getur stjórnin líka sett reglur um takmörkun beitunotkunar. Ef meiri hl. útvegsmanna kemur saman og samþykkir þetta og stjórnin skrifar upp á, þá á það að gilda. En þetta er í l., samþ. á síðasta Alþingi. Það er ákveðin n., sem hefur leyfi til að setja reglur um beitunotkun og hámarksverð á beitu. Af hverju tekur stjórnin þetta upp? Til þess að samþykkja eitthvað. (ÁkJ: Stjórnin veit þetta ekki.)

Þá er upp talið. Nei, eitt er enn. Ríkisstj. skal heimilað að taka lán allt að 3 millj. kr. til aðstoðar síldarútvegsmönnum, sem töpuðu s. l. sumar. Ég er sannfærður um, að þessi upphæð er ónóg, ef leysa á töpin. Það er að vísu til bóta, ef losa má bátana undan sjóveðum með því að veita þeim aðstoðarlán, en á flestum þeirra hvílir miklu meira, og stjórnin virðist ekki vita það. Flestir bátarnir og frystihúsin hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslur af stofnkostnaði og orðið að greiða okurháa dráttarvexti. Þessi vanskil orsaka það, að útgerðin getur ekki hafið rekstur sinn, og í frv. er engin lausn á þessu.

Annað atriði, sem stjórnin vill gera mikið úr, er það, að lækkun vísitölunnar niður í 300 stig þýði sparnað fyrir útveginn. En hver er sá sparnaður? Fyrir bátaútveginn munar þetta engu, því að hann greiðir allt sitt í öðru formi, og mundi þetta ekki nema 1000 kr. á bát. Fyrir frystihúsin munar þetta meira, en mjög litlu, því að s. l. ár var meginframleiðslutímabilið miðað við vísitöluna 312—314, svo að hér væri aðeins að ræða um lækkun frá því niður í 300 stig. Hins vegar kom stjórnin á grunnkaupshækkun úr 2.65 í 2.80, svo að kaupgjald frystihúsanna er hærra en í fyrra. Svo hefur allur rekstrarkostnaður hækkað.

Í frv. er gert ráð fyrir að hækka verðlagið með 3½% veltugjaldi, og þótt nokkuð af vörum útvegsins sé undanþegið, er þó allmikið ekki undanþegið gjaldinu. Það er því ljóst, að hafi bátaútvegurinn átt við erfiðleika að stríða síðustu vertíð og flest frystihúsin tapað, þá verða erfiðleikarnir enn meiri á komandi ári. Ef stjórnin lærir ekki á þessu, endar það með því, að þessir aðilar hætta rekstri og bátarnir standa ónotaðir.

Þá er að geta þess, að vextirnir, sem eru háir nú, verða hærri á næsta ári en þessu. Það á að hækka alla útlánsvexti. Þó að stjórnin dylji þetta, er það þegar svo gott sem samþykkt. Skuldirnar hrúgast upp, og upphæðirnar, sem greiða þarf vexti af, verða jafnframt meiri. Þó að það yrði tekið fram, að vextir af lánum út á veidda framleiðslu yrðu hinar sömu, þá hækka allir aðrir vextir, rekstrarlánin verða dýrari og erfiðara að standa undir vanskilaskuldunum, sem útvegsmenn hafa sökkt sér í.

Hæstv. forsrh. gerði samanburð á frv. okkar sósíalista og frv. stjórnarinnar. Hann fór þó skammt út í þann samanburð, og það var honum ef til vill hollast. Í frv. okkar sósíalista er að finna raunhæfar till., sem tryggja útgerðina á komandi ári og bæta hag framleiðslunnar. Þar er t. d. lagt til, að vextirnir verði lækkaðir verulega. Það er staðreynd, að bankarnir, sem lánin veita, hafa grætt gífurlega mikið. Samkv. skýrslu Landsbankans fyrir árið 1946 hefur hann grætt 14.2 millj. kr. Það eru því aðstæður til að lækka vextina, en það vantar viljann. Á sama tíma og frystihúsin borga 300 þús. kr. í vinnu borga þau 100 þús. kr. í vexti. Vaxtalækkun hjá þessum aðilum mundi því gerbreyta rekstrarafkomunni, og það er hægt. Meðalvextir hjá fiskibát eru um 40 þús. kr. Það mundi því breyta mikið afkomunni, ef þeir væru lækkaðir, en um það fæst ekki talað. Vextirnir eru heilagir, og þá má ekki stýfa, þótt launin séu stýfð og allir eigi að bera byrðarnar, vegna þess að slíkar ráðstafanir væru raunhæfar til úrbóta fyrir útveginn.

Í okkar frv. eru líka vátryggingargjöldin lækkuð um helming, eins og reynslan hefur sýnt, að hægt er að gera, en stjórnin er ekki til viðtals um það. Flestir borga nú í vátryggingargjald 6—8%, en á sama tíma er frjáls trygging komin niður í 3%. Hvers vegna má ekki breyta þessu? Er það vegna þess, að það mundi spara 10 þús. kr. á ári fyrir hvern fiskibát?

Þess var ekki að vænta, að núv. stjórn mundi taka upp till. okkar sósíalista um að lækka verulega olíukostnaðinn. Hann er heilagur, en launin má lækka, þótt það gagni ekki útgerðinni. Máttarstólparnir, sem nú ráða ríkjum, mundu tapa. Ekkert má heldur gera til þess, að veiðarfæri og viðgerðarkostnaður lækki. Í frv. er hins vegar sett óákveðið þrugl um, að verðlagsyfirvöldin skuli lækka verðið á þessum vörum og öðrum til samræmis við niðurfærslu kaupvísitölunnar. Hvað halda menn t. d., að veiðarfæraverðið og olíuverðið muni lækka mikið af þessum ástæðum? Ég er viss um, að það verður óbreytt.

Þá má ekki heldur nefna þá till. okkar, að útvegsmenn fái kost á því að verzla sjálfir með nauðsynjavörur sínar. Þegar útvegurinn er í nauðum staddur, má ekki segja við þá aðila, sem nú hafa rétt til að hagnast á því að selja útgerðinni, að þeir fái ekki að græða á henni meir og verði að finna sér annað til lífsuppeldis. Þetta er bannað, samtímis því sem farið er fram á það við launþegana, að þeir færi fórnir.

Það mun sýna sig, að þjóðin mun hafa skaða af því, ef stjórnin tekur þá heimskulegu leið að hjálpa útveginum samkvæmt þessu frv., en svo heimsk mun stjórnin vera. Stjórnin hefur aðeins setið fáa mánuði, og allt er að fara um koll, en ráðstafanir hennar eru svo ófullnægjandi, að útvegurinn getur ekki við þær unað, og þær fela ekki í sér það, sem hann þarf á að halda nú.

Meðan stjórnin var á þeirri skoðun, að hægt væri að lækna allt með því að lækka launin, lét hún einn aðalspeking sinn og forsvarsmann í þessu máli reikna út, eftir að búið var að gera miklar breytingar á framtöldum skýrslum útvegsmanna, hvaða laun útvegurinn þyldi. Talnafræðingurinn reiknaði það út, að bátur, sem skilaði 30 þús. kr. tapi miðað við vísitöluna 312, yrði að fá vísitöluna lækkaða, ekki niður í 200 og ekki niður í 100, eins og hún var fyrir stríð, heldur niður í 32 stig. Þá var 417 kr. hagnaður á bátnum. Þegar stjórnin sá þetta, þá rann það upp fyrir henni, að leiðin væri ekki sú að lækka launin, og rökin fyrir því runnu að verulegu leyti úr greipum hennar.

Nei, það er augljóst mál, að lækkuð laun og lækkuð vísitala kemur bátaútgerðinni að litlu gagni. Það, sem öllu skiptir fyrir útgerðina, er hagstætt verð og lækkun helztu útgjaldaliða, vaxta, vátrygginga, veiðarfæra, viðhaldskostnaðar, beitukostnaðar og olíukostnaðar. En þegar stjórnin guggnaði, vildi hún bara breyta einum lið, beitukostnaðinum. Kannske var það af því, að sjómenn sjálfir eiga beituna.

Það er misskilningur, að hægt sé að fara eins með sjómannastéttina og útvegsmenn og stjórninni virðist hafa tekizt að fara með hæstv. menntmrh., þegar hún stakk upp í hann snuði með því að kalla veltuskattinn söluskatt. Það er ekki hægt að fara þannig með útvegsmenn. Það nægir ekki til þess, að rekstur útvegsmanna hefjist.

Hæstv. forsrh. sagði, að till. stjórnarinnar væru raunhæfar og vel yfirvegaðar, en ekki flaustursverk, sem hann sagði, að till. kommúnista væru. Sannleikurinn er sá, að í frv. sósíalista er að finna þær einu leiðir, sem hægt er að fara fyrir bátaútveginn, en till. stjórnarinnar eru þrauthugsaður hégómi, sem ekki kemur að gagni.

Í frv. stjórnarinnar er ýmislegt að finna, sem tala mætti langt mál um. Þar er t. d. stórlega ráðizt á kjör sjómannastéttarinnar. Hæstv. menntmrh. valdi það ráð í sambandi við umr. um lækkunina til hlutarsjómanna að segja, að hv. 2. þm. Reykv. mælti gegn því, að skattfrelsi væri afnumið af hæstu tekjum. Það var ekki það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hæstv. menntmrh. var ekki eins margorður um það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um þau lágmarkslaun, sem sjómenn hafa komið inn í síðustu kaupsamninga sína. Hæsta grunnkaup háseta er nú 610 kr., og við það bætist svo vísitöluuppbót. Með þessu frv. er beinlínis gengið á þessi lágmarkslaun, kauptryggingu sjómanna, þótt hún sé of lág og útvegsmenn hafi greitt hærra. En í frv. er bannað að greiða þeim svona háa lágmarkstryggingu. Heldur hæstv. ríkisstj., að þetta verði til þess að örva menn til að fara út á bátana? Nei, þetta verður af þeim skoðað sem árás á kjör þeirra. Og það er það. Og hæstv. menntmrh. hefði ekki verið ýkja langorður um þetta atriði, ef hann hefði viljað taka það eins og hv. 2. þm. Reykv. benti á, eins og þetta atriði er. En hann kaus heldur að blanda því saman við allt annað atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. var alls ekki að tala um, nefnilega skattfrelsi í sambandi við stríðsáhættuþóknun þeirra, sem sigla á milli landa. — Ég minntist þess líka, að ýmsir úr núv. hæstv. ríkisstj. höfðu talað alllangt mál um það, að nú væri illa komið fyrir togaraútgerð okkar, og sögðu, að þeir, sem reka togaraútgerð, sendu frá sér reikninga, sem sýndu verulegt tap á togaraútgerðinni, allt upp í 40 þús. kr. tap á hverjum einasta Englandstúr. Hvað er nú gert til þess, að rekstur togaranna stöðvist ekki? Ef það er rétt, sem togaraútgerðarmenn halda fram um rekstur togaranna, — hvað er þá gert til þess að bæta hag þeirra? Ég hef ekki fundið nokkurt atriði í þessu frv., sem miði að því að bæta útgerðaraðstöðu þeirra, sem talin er af ýmsum úr ríkisstj. vera mjög bág, — ekkert annað en það, að víða er minnzt á skattlagningu á þessa útgerð. Mér skilst, að togaraútgerðin fái ekkert annað með þessu frv. heldur en nýja skatta í hausinn. Menn verða að skilja þetta á þann eina veg, að það, sem menn hafa sent út um þetta og sagt hefur verið um þetta af hálfu togaraeigenda, og það, sem sagt er af hálfu hæstv. ríkisstj., um togaraútgerðina, sé uppspuni, misskilningur og vitleysa, en hins vegar sé hægt að nota togaraútgerðina enn sem myndarlegan skattstofn. Mér sýnist þetta skjóta svona allskökku við, og hefði farið betur, að hæstv. ríkisstj. hefði gefið þarna einhverja skýringu á.

Ég ætla svo að koma hér með nokkrum orðum að þungamiðju þessa frv., launalækkuninni á allt launafólk. Það er ljóst mál, að ákvæði þessa frv. miða að því að lækka laun launþeganna um um

það bil 10%. Það þýðir, að fjöldi af launafólki í landinu mun þurfa að missa af launum sínum 2—3 þús. kr. Það er allmyndarlegur skattur á hvern einstakan. En hvernig horfir svo þetta ákvæði við samkv. núgildandi l.? Það hefur verið sett hér löggjöf, sem kölluð hefur verið vinnulöggjöf. Þessi vinnulöggjöf átti að veita stéttarfélögum og síðan vinnuveitendum ákveðinn rétt til þess að semja um launakjör sín á milli. Þessi lagarammi var fyrir hendi, að þessir aðilar mættu semja þannig um mál sín. — Nú þykir hæstv. ríkisstj. nauðsyn á því að ráðast inn á þennan rétt, taka hann til baka að allverulegu leyti, svipta þessa aðila samningsfrelsinu. Þeir mega ekki lengur semja um mál sín. Það verður að áliti hæstv. ríkisstj. að grípa fram fyrir hendurnar á þeim og meira að segja ógilda þá samninga, sem þessir aðilar hafa gert sín á milli. Og sú ógilding verður að teljast mjög einkennilega fram komin, því að ógildingin er gerð á þá lund, að ákveðinn þáttur í samningum þessara aðila er gerður ógildur, en mér skilst helzt af öllu, að önnur ákvæði í þessum samningum á milli þessara aðila eigi að vera í fullu gildi. Þegar stéttarfélag hefur samið við atvinnuveitanda um, að grunnlaun skuli vera svo og svo mikil og að á grunnlaunin skuli síðan greiða ákveðna vísitölu, þá er vitað, að grunnlaunin segja ekki allt í þessu máli og ekki vísitalan heldur, heldur bindur þetta hvað annað, eins og oft vill verða í samningum. Hvað hefðu menn sagt um þær aðfarir, ef tveir menn hefðu gert samning sín á milli, t. d. annar selt hinum hús og selt eignina með ákveðnu verði og ákveðnir greiðsludagar settir í samninginn á vissum dögum, en svo kæmi ríkisvaldið og gerði sér lítið fyrir og segði: Samningurinn skal vera í fullu gildi, en löggjafinn ætlar að strika út greiðsludaginn. — M. ö. o. sá, sem seldi, er skyldugur til að selja, en hinn þarf aldrei að borga, það hefur verið samþ. með l. — Svona aðfarir, að ráðast á gerða samninga, sem gerðir hafa verið samkv. l., og ógilda eitt atriði í sambandi við samningana, en láta hitt vera eftir, það er argasta gerræði, sem um getur verið að ræða. Miklu hreinlegra hefði verið en þetta að ógilda þá samninga, sem fyrir lágu. Ég skal ekki segja, hvernig á þetta verður litið af dómstólum. Það getur vel verið, að hér sé verið að gera það, sem ekki fær staðizt réttar lagareglur, og það yrði skoðað þannig fyrir dómstólum, þegar með svona inngripi af hálfu löggjafans er ákveðið í lagasetningu að ógilda samninga, sem hafa verið löglega gerðir, svo að grundvöllur samninganna sé þar með runninn út í sandinn, — það kann vel að vera, að þetta fái ekki staðizt, og það verður efalaust úr því skorið á sínum tíma. En það sjá allir menn, hvernig sem dómstólarnir kunna á það að líta, að hér er um alveg einstæða aðferð að ræða og mjög óbilgjarna. Og ef yfirleitt ætti að fara eftir svona leiðum hér eftir, þá er hægur eftirleikurinn, og það er ekki gott að segja, hvar numið yrði staðar í því efni. — Það hefur verið nokkuð af því gumað, að menn hefðu ákveðinn rétt til þess að gera samninga sín á milli. Eignarrétturinn er friðhelgur og rétturinn til athafna. Rétturinn til þess að græða peninga er yfirleitt ekki mikið skertur hér. En það þykir hins vegar við eiga að svipta menn á þennan hátt samningsfrelsi. — Ég verð nú að segja það, að þó að þannig hafi staðið á í þessu máli, að hæstv. forsrh. af persónulegum ástæðum hafi átt bágt með að stíga þetta skref til fulls, sem hér er verið að reyna að stíga, þó að gengið sé svolítið krabbalega í þessu, þar sem hann hafði áður farið úr ríkisstj. af þeim prinsíp-ástæðum, að þá var sagt, að hann yrði ekki með í að lögleiða lækkun á launum og lögbinda grunnkaupið, — þá verður það, þó að ekki sé hér farin sú leið að lögbinda grunnkaupið, heldur að fitla við vísitöluna, aldrei fullnægjandi afsökun fyrir hæstv. núv. forsrh. Staðreyndin er sú, að hér er raunverulega um sama verknað að ræða í báðum tilfellum, aðeins undir mismunandi yfirskini. Hér er í raun og veru um það sama að ræða, sem hæstv. forsrh. er með í að gera nú, sem hann af prinsíp-ástæðum fór áður fyrr úr ríkisstj. fyrir, vegna þess að hann gat ekki verið með í því þá, og hann miklaðist mikið af og flokkur hans á sínum tíma. Þá fór hann úr ríkisstj. vegna þess, að hann vildi ekki taka þátt í því að binda kaupið. En hér er verið að aðhafast það sama, sem hann áður fór úr ríkisstj. fyrir, af því að hann vildi ekki taka þátt í því. En nú er munurinn sá, að þessa atlögu gegn launþegasamtökunum í landinu á nú að gera undir forustu hans. Með sérstökum krókaleiðum er hér verið að ná því sama og áður, að ráðast að launastéttunum með því að lögbinda kaupið á þann hátt, sem gert er í þessu frv. Og svo er sagt við menn: Já, þið verðið að sætta ykkur við þessa launalækkun, af því að hér er byrðunum deilt niður á alla þjóðfélagsþegnana, hver fær sinn skammt, allir verða að bera byrðarnar. Jú, það er ekki um það deilt, að launþegarnir fá af þessum byrðum sinn skammt. En mætti ég spyrja: Hvað fá t. d. kaupmenn af þessum byrðum? Hvar eru gerðar ráðstafanir hér í þessu frv. til þess að minnka tekjur kaupmanna, sem sannarlega hafa margir hverjir haft drjúgar tekjur á undanförnum árum? Það er hvergi eitt einasta ákvæði í frv. um það, að álagning hjá þeim verði skorin niður. Álagningin á vörur hjá þeim á að haldast sú sama. Og söluskatturinn, sem lagður verður á, hann á að veltast að öllu leyti yfir á vöruverð, yfir á þá, sem kaupa vörurnar. Og því er það rétt, sem hér hefur verið fram tekið, að haldi kaupmenn og aðrir seljendur vara því áfram, sem allur landslýður veit, að þeir hafa gert í stórum stíl, að telja ekki rétt fram, þá auka þeir tekjur sínar með því að skjóta undan skatti af sinni veltu, og telja þannig ekki alla sína álagningu fram til skatts, heldur stinga þeir í sinn eigin vasa þessum söluskatti að þeim hluta, sem þeir draga undan í framtali nokkurn hluta af vörusölu sinni. Þannig lendir þá í vasa kaupmanna verulegur hluti af þessum söluskatti, sem átti að fara í ríkissjóðinn. Mér skilst því, að ákvæði þessa frv. miði fremur að því að auka tekjur kaupmanna en að leggja þeim nokkrar byrðar á herðar. Hvar er t. d. gert ráð fyrir því í þessu frv., að þeir fjölmörgu menn, sem stunda þá iðju að selja fasteignir, bíla og annað þess háttar, sem eftir er spurt, beri nokkrar byrðar? Einhverjar tekjur hafa þessir menn af starfa sínum. Eru þeir látnir bera þessar byrðar, sem í frv.

eru lagðar á launamenn? Eru laun þessara manna lækkuð um 10% eða meira, eins og rétt hefði verið? Nei, ekkert í þessu frv. miðar í þá átt að minnka tekjur þessara manna, enda mun reynslan sýna, að tekjur þeirra fara ekki minnkandi, heldur stórvaxandi. Möguleikarnir fyrir brask, sölu á eignum aftur og fram, munu stóraukast. — Ég tók eftir því hér í frv., að það stóð hér í grg. frv. á þessa leið: Einnig eru settar skorður við því, að hluthöfum í hlutafélögum sé greiddur óhæfilegur arður af bréfum sínum. — Það skyldi þá ekki vera, að skorðurnar hafi gleymzt heima, því að þær er ekki að finna í frv. sjálfu, þó að talað sé um þær í grg., enda hefur mér skilizt, að það, sem hér hafi aðallega verið um að ræða, sé, að það hafi frá einhverjum í ríkisstj. einhvern tíma komið fram einhverjar till. um að setja einhverjar skorður við þessu, en svo hafi meiri hl. þessarar réttlátu ríkisstj. álitið, að ekki væri réttmætt að neita mönnum um að fá óhæfilegan arð af hlutabréfum sínum, og svo hafi ákvæðið, sem um þetta hafi verið hugsað að setja í frv., verið fellt burt og þar ekki látið standa, en gleymzt að fella þetta burt úr grg.? Og ég veit, að hæstv. ríkisstj. þykir leitt, að þetta komst upp á þann hátt, að þetta skyldi standa í grg., þó að ekkert sjáist um það í frv. sjálfu, enda er það leyfilegt samkv. þessu frv. að halda áfram að greiða óhæfilegan arð af hlutabréfum. Það er sem sagt ekki bannað að græða enn þá. Þeir, sem tekjur sínar taka af gróðafyrirtækjum, mega hækka tekjur sínar aftur um 10% eða meira til, mega sem sagt græða meira en áður. En launþegar fá sinn skammt með 10% launalækkun.

Hér hefur verið minnzt á vextina. Þeir, sem fá vexti af eignum sínum, eiga að fá hækkun, því að vextir eiga að hækka á næstunni, og það er þegar búið að ákveða það, svo að menn sjá nú, að þessum byrðum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er sannarlega misskipt niður. Sumir fá að bera þær í fullum mæli, þ. e. þeir, sem allur leikurinn hefur staðið um að undanförnu að reyna að koma í skotfæri, reyna að handsama, reyna að framkvæma launalækkun hjá, sem barátta ríkisstj. hefur staðið við í sambandi við allar launadeilur, sem ríkisstj. hefur látið til sín taka, — þessir menn fá fullkomlega sinn hlut af byrðunum, eða réttara sagt, þeir fá nálega allar byrðarnar, en hinum er yfirleitt sleppt og þeir fá að leika lausum hala, þó að þeir, sem fá 10% launalækkun með festingu vísitölunnar, fái auk þess sinn skammt með hækkandi vöruverði og þar með aukna dýrtíð.

Ég hefði haft gaman af því að mega spyrja hæstv. ríkisstj. um ýmis atriði hér í þessu frv. og í tilefni af ýmsum ákvæðum þess. Ég ætlaði að gera það hér, en ég býst við, að það verði að bíða, þar sem nú er komið langt fram á nótt og hæstv. ríkisstj. hefur valið þá leið að kasta hér fram frv. að stórum lagabálki og neita mönnum um sæmilegan tíma til að lesa frv. yfir, áður en það er tekið til 1. umr., og svo ætlar hæstv. ríkisstj. að hespa af aðalumr. um málið strax á einni nóttu. En þrátt fyrir þetta hefði ég gaman af að spyrja hæstv. ríkisstj. um ýmis atriði varðandi þetta merkilega plagg. — Því hefur nú verið haldið fram hér — og ég skal ekki vefengja það, það er að ýmsu leyti rétt —, að rétt væri að afnema þau skattfríðindi, sem sjómönnum hafa verið veitt í sambandi við áhættuþóknun. Það er rétt, að sérstaklega hjá sumum yfirmönnum á togurum hafa þessi skattfríðindi verið allmikil. En þau voru líka veitt á sínum tíma af eðlilegum ástæðum, og þá var þeim sannarlega ekki of gott að fá að njóta þessara fríðinda. En nú á að afnema þau gagnvart þessum mönnum. Látum nú svo vera. En það eru bara fleiri, sem hafa skattfríðindi heldur en í þessum efnum, og það hefur ekki þótt þurfa að afnema þau. Ég minnist þess t. d., að alloft hefur verið á það minnzt hér í þinginu, að hlutafélög ýmiss konar, sem eru hrein braskfélög, njóta sérstakra skattfríðinda, sem t. d. einstaklingar njóta ekki. En það hefur ekki þótt ástæða til þess nú að afnema þessi sérstöku skattfríðindi. Nú t. d. er það þannig, að kaupmaður, sem rekur verzlun og býr út utan um þessa verzlun hlutafélag, má leggja 20% af nettóhagnaði sínum í varasjóð, og þessi upphæð er skattfrjáls. En hins vegar, ef það hefði verið einstaklingur, sem hefði rekið verzlunina, en ekki hefði verið búið til hlutafélag um hana, þá hefðu allar nettótekjur þess manns komið til skatts. Svona hafa hvers konar gróðabrasksfélög myndað utan um sig gervihlutafélög, og það einmitt þau fyrirtæki, sem mest græða, svo sem bíóin, verzlanir ýmsar og húsabraskarar. Þeir, sem reka þessi gróðafyrirtæki, hafa myndað gervihlutafélög utan um braskið og hafa þannig fengið og fá þannig veruleg skattfríðindi. Hvers vegna eru þessi skattfríðindi nú ekki afnumin — því að við þeim er ekki hreyft í þessu frv., þó að það þyki sjálfsagt að afnema skattfríðindi þeirra, sem vinna á togurunum okkar og hafa háar tekjur? Ég skal ekki mæla á móti því, að ástæðan fyrir því, að þessir tekjuháu menn á togurunum fengju þessi skattfríðindi, er að verulegu leyti horfin. En það eru fleiri aðilar, sem hafa skattfríðindi og jafnvel í enn ríkari mæli en þessir sjómenn, og það hefur ekki þótt þörf á því að strika þau skattfríðindi út. Hver er ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til þessa?

Í 14. gr. frv., þar sem talað er um það, að veita eigi þeim, sem vinna fjarri heimilum sínum, þá undanþágu, að ekki skuli telja til skattskyldra tekna þeirra fæðishlunnindi, sem þeir kunna að hafa hjá atvinnurekanda, þar er þetta þannig orðað, að þessara hlunninda eiga aðeins svo nefndir forsjármenn heimila að njóta, aðrir mega ekki njóta þessara hlunninda. M. ö. o., að piltur t. d., sem er á heimili foreldra sinna og er á fiskiskipi eða vinnur á annan hátt fjarri heimili sínu og verður þar af leiðandi fyrir miklum aukaútgjöldum í sambandi við fæðiskaup sín, má ekki fá að njóta neins frádráttar í sambandi við þetta ákvæði, heldur aðeins forsjármaður heimilis. Ég sé ekki nokkurt einasta vit í þessu. Ef það á að veita þessi hlunnindi á annað borð, þá er sjálfsagt að veita þessi hlunnindi öllum, sem hér eiga hlut að máli, sem vinna þannig fjarri heimilum sínum, hvort sem eru forsjármenn heimila eða ekki.

Í 15. gr. frv. er talað um það, að um leið og vísitalan er fest í 300 stigum, þá eigi verðlagsyfirvöldin að gera ráðstafanir til þess, að gjald

fyrir ýmiss konar verðmæti og þjónustu verði fært til samræmingar við niðurfærslu á vísitölunni. Í þessu efni er m. a. minnzt á það, að við verðlagningu hér eftir á rafmagni í ýmsum bæjarfélögum og enda sveitarfélögum eigi að taka tillit til þessa, og að vinnulaunakostnaður í sambandi við sölu rafmagns o. þ. h. eigi að lækka sem nemur hinni almennu launalækkun og þannig eigi síðan útsöluverð rafmagns að lækka nokkuð á þennan hátt. Ég sé í hendi mér, að þetta verður með öllu óframkvæmanlegt. Öll sú þjónusta og það kaupgjald, sem hér er um að ræða, er með öllu óútreiknanlegt. Og það yrði deiluefni í langan tíma að gera það upp, hve mikill hluti af verði, t. d. á rafmagni og viðgerðum í sambandi við það, er vinnulaun og hve mikill hluti er annar kostnaður. Nú væri vitanlega tilhneiging þeirra, sem selja þetta, að telja vinnulaunin sem allra minnstan hluta kostnaðarins, til þess að heildarlækkunin yrði sem allra minnst. Það er augljóst mál, að þetta er óframkvæmanlegt, enda ekki ætlazt til þess, að þetta hreyfi verðlagningu á þessum hlutum, svo að neinu nemi. En ef ætti að reyna þetta, hvernig yrði þá háttað með verðlagningu á ýmsum þessum hlutum, eftir að þessi fyrsta niðurfærsla hefði farið fram? (Ætli hæstv. forseti vildi ekki sjá til þess, að þessir hv. þm., sem eru í hliðarherbergi, kæmu inn í salinn eða þá lokuðu að sér?) — Já, ég ætlaði að spyrja um það, hvernig háttað yrði með verðlagningu á rafmagni eftirleiðis. Verðlagning á rafmagni úti um land hefur, svo að mér hafi verið kunnugt, ekki verið bundin við verðlagsyfirvöldin, heldur hafa viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnir fengið að breyta rafmagnsverði sínu eftir því, sem þeim hefur þótt þurfa í sambandi við rekstur sinn. Ef nú t. d. á einhverjum stað ætti að breyta rafmagnsverði þannig að færa það nokkuð niður og svo liðu nokkrir mánuðir og viðkomandi rafveita teldi sig þurfa að hækka rafmagnsverðið, eins og rafveitur hafa oft talið sig þurfa að gera, — hver á þá að sjá um, að þessari hækkun verði stillt í hóf? Engin ákvæði eru í þessu frv., sem veiti verðlagsyfirvöldunum rétt til þess að hafa áhrif á verðlag á rafmagni og öðru slíku, sem fólk á við að búa víðs vegar annars staðar en í Rvík, enda er ég viss um, að í framkvæmd yrði þetta þannig, að þetta yrði aðeins lagabókstafur, sem reyna á með að gylla fyrir mönnum ákvæði þessa frv. um, að það eigi að lækka verð á einhverri þjónustu og það í þeim tilgangi, að menn geti þá frekar sætt sig við þá launalækkun, sem í ákvæðum frv. felst á ýmsa lund, þó að það hafi ekki verið ætlunin að framkvæma í þessu atriði, hvað rafmagnsverðið snertir, nokkra lækkun.

En þá er líka í 15. gr. ákvæði um það, að húsaleigan skuli gera ráðstafanir til að lækka húsaleigu um 10% í nýjum húsum eða húsum, sem reist eru eftir árslok 1941, svo og í eldri húsum, þar sem húsaleigusamningar eru gerðir eftir árslok 1941. Það er nú kunnugt, að mikill hluti af þessari hæstu húsaleigu er meira og minna dulbúinn, þar sem sá, sem leigt hefur húsnæðið, er neyddur til að borga fyrir fram leigu í stórum stíl, svo að þetta ákvæði getur aldrei orðið raunhæft. Auk þess er sagt til þess að punta upp á frv.: „Ákvæði þetta skerðir í engu vald húsaleigunefnda samkvæmt gildandi lögum til niðurfærslu húsaleigu.“ Það væri nú vissara að vald húsaleigun. yrði ekki skert til þess að lækka húsaleigu. Hvenær hafa húsaleigun. lækkað húsaleigu? Og það hefur ekki heldur verið ætlazt til þess. Nú er gott að nota þetta upp á punt, að áfram skuli standa í gildi vald húsaleigun., þar sem þeim þykir við þurfa. Nei, auðsætt er, hvert stefnt er með þessu. Húsaleiga mun geta farið hækkandi, eftir að þannig hefur verið á málunum haldið, að þrengt er mjög kosti manna til þess að byggja yfir sig og þannig aukin eftirspurn eftir húsnæði. Og hvað sem segir í frv., munu húseigendur hafa sömu aðstöðu og hingað til til þess að hækka húsaleiguna, enda þótt reynt sé að gylla það fyrir mönnum hér í þessu frv., að ætlazt sé til þess, að húsaleigan lækki. Eða hvernig hugsar stjórnin sér að koma þessu fram?

Þá eru einkennileg ákvæði í frv. þessu í 16. gr., þar sem talað er um verðlag landbúnaðarins. Ég lít nú þannig á þetta frv., að vel hefði mátt kalla það frv. til stuðnings við landbúnaðinn. Í 16. gr. er ekki skorið niður við ákveðna tölu. Þar er sagt á þessa leið:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, þegar er lög þessi hafa tekið gildi, verðskrá landbúnaðarvörur af nýju. Skal þá við það miða, að laun þeirra, er að framleiðslunni vinna, bænda og annarra, haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna sumarið 1947, þangað til ný landbúnaðarverðlagsvísitala hefur verið ákveðin samkvæmt lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.“

Hver skilur svo þetta? Þeim er sjálfum fengið framkvæmdarvaldið í þessu, og setja á nýtt verð, miðað við það, sem telja verður sæmileg launakjör fyrir bændur eftir þeim launagrundvelli, sem miðað var við s. l. sumar, en sem kunnugt er, var mikill ágreiningur milli fulltrúa neytenda og fulltrúa bænda um það, hvaða samræmi væri í þessu efni. Hér er ólíkt öðruvísi farið með bændur en með aðra. Bændur gætu komið af stað nýrri hækkun. Og hvernig stóð á því, að valin var þessi leið, sem er í 16. gr., en ekki sama leið og hjá öðrum þjóðfélagsþegnum? Af hverju mátti ekki binda verð þeirra fast, þangað til þessi nýi grundvöllur er fenginn? Nei, sennilega er það svo, að Framsfl., sem lét kúga upp á sig veltuskatt, þó að menntmrh. kalli það söluskatt, en ekki veltuskatt, því að vitanlega skammast þeir sín fyrir hann, — Framsfl. þurfti að fá blóm í staðinn. Fyrir það fengu þeir útflutningsuppbætur á kjöt og gærur meiri en allar uppbæturnar á sjávarútvegsafurðirnar. Það má í þessu efni segja, að framsóknarmenn hafi staðið sig nokkuð vel fyrir sína umbjóðendur. Ég býst samt við því, eins og þessi mál liggja fyrir, þá verði landsmenn litlu ánægðari með þetta plagg, þótt svona sé á haldið í þessu efni.

Það er fleira en þetta, sem ástæða væri að spyrja um, en ég skal ekki fara út í það að sinni. Ég vil að lokum benda á, að það, sem ætti að vera uppistaða þessa máls, baráttan gegn dýrtíðinni og verðbólgunni, hefur tekizt þannig til, að það verða ráðstafanir til að hækka allt verðlag í landinu, til þess að menntmrh. geti

haldið áfram sínu heilaga stríði við verðbólguna og talað um hana í tíma og ótíma. Svo er hitt, að stuðningurinn við útveginn er þannig, að það verður til þess að draga hann stórkostlega niður og minnka framleiðsluna. Á hinn bóginn er svo samþykkt talsverð launalækkun á alla launþega, þannig að búast má við, að af þessu hafi stjórnin ekki nema skömm eina. Launþegar sætta sig ekki við slíkar ráðstafanir. Þeir hafa sýnt það áður, að þeir láta ekki beita sig ofbeldi, og munu taka þetta til athugunar og haga gerðum sínum þar eftir. Það hefur orðið ljóst í umr. um þetta mál, að það frv., sem hér liggur fyrir, er til þess fallið að auka dýrtíðina, en það er fyrst og fremst árás á launakjör almennings í landinu.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Þótt hv. 2. þm. S.-M. (LJós) hafi látið móðan mása í rúmlega 2 klukkustundir, er það furðu lítið í ræðu hans, sem ég sé ástæðu til að minnast á. Allur fyrri hluti ræðu hans var harmagrátur yfir því, hvað hæstv. utanrrh. (BBen) hefði verið vanþakklátur í hans garð fyrir það góða starf, sem hann innti af höndum. Ég skal ekki lá hv. þm. S.-M., þótt hann tæki sárt sú hirting, sem hann hefur fengið hjá hæstv. utanrrh. (BBen) og á sjálfsagt eftir að fá, áður en lýkur. En eitt er víst, að einkennilegri samningamann fannst meðsamningsmönnum hans þeir ekki hafa haft með að gera. Hann gerði aldrei athugasemd út af neinu, sem fram fór í samningunum, en þegar komið var að lokum og hann hafði fengið að heyra hljóð að heiman, tilkynnti hann form. n., að hann væri á móti samningunum. Samstarfsmenn hans undraði þessi framkoma, og var það ekkert undarlegt.

Að svo miklu leyti sem þessi hv. þm. sneri sér að því frv., sem fyrir liggur, byrjaði hann á að segja, að það væri ógnarlítið, sem þetta frv. hefði inni að halda. Þetta var fyrsta staðhæfing hans. Svo hélt hann áfram. Þá var þetta frv. orðið svo fullt af skaðsemi, að hans mörgu orð fengu því ekki lýst. Fyrst er frv. ekki neitt, en svo er það fullt af skaðsamlegum hlutum, sem þörf er á að andæfa og þörf á að landslýður rísi gegn og mótmæli. Þannig hagaði hann ræðu sinni, eftir að hann var búinn að lýsa því í upphafi, hvað frv. væri lítið og ómerkilegt. Þarna er málaflutningi kommúnista rétt lýst.

Þessi þm. hefur það eftir mér, að þungamiðjan í frv. stjórnarinnar sé kaflinn um vísitöluna og fleira í því sambandi. Það er rétt, að því leyti, sem það á að leysa og vera stöðvun á dýrtíðarskrúfunni og tilraun til að snúa aftur þeirri skrúfu, sem um mörg ár hefur háð öllum atvinnurekstri landsmanna. En hvað leggur þessi hv. þm. til, að vísitalan sé, í grg. frv., sem hann flutti með tveim flokksbræðrum sínum og ég skal nú lesa hér úr, með leyfi hæstv. forseta? Þar segir:

„En til þess að tryggja sem bezt öryggi í atvinnulífi þjóðarinnar, er eigi síður nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að halda vísitölunni stöðugri og láta hana ekki fara, svo nokkru nemi, yfir 300 stig, eins og nú standa sakir.“

Þetta fannst hv. flm. frv. á þskj. 130 vera þungamiðjan og lögðu á það aðaláherzluna í grg. Það er rétt, að þetta er talsvert þýðingarmikið í dýrtíðarmálinu, en þó að þetta sé viðurkennt í grg., er ekki, eins og ég hef bent á, dregin rökrétt ályktun af þessu í frv. eða gerð nokkur tilraun til þess að tryggja það, sem talað er um í grg., að þyrfti að tryggja, en þetta er sú venjulega meðferð þessara manna á málefnum yfirleitt.

Svo hefur hv. 2. þm. S.-M. líka sagt annað, en það er fyrir nokkrum tíma síðan, þegar hann var í nefnd meðal útgerðarmanna í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna ásamt þeim Finnboga í Gerðum, Elíasi í Keflavík og fleirum. Þá skrifar hann undir nál., dagsett 11. nóv. 1946, fyrir rúmu ári síðan, þar sem segir: „Enda sé þá tryggt, að ekki eigi sér stað á árinu verulegar breytingar á framleiðslukostnaði, þ. e. a. s. að grunnkaup og vísitala hækki að minnsta kosti ekki.“ Að minnsta kosti ekki. Takið eftir. Það er látið skína í það hjá þessum hv. þm. fyrir ári síðan, að það gæti verið ástæða til að lækka. (**LJós:** Ég hef aldrei verið í þessari n. og aldrei skrifað undir neitt.) Það er alveg rétt eftir þessum hv. þm. að neita þessu, en ég hef ekki neina ástæðu til að ætla, að ég hafi neitt falsplagg í höndunum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. (**LJós:** Ég skal upplýsa þetta.) Það veitir ekki af að upplýsa, þar sem það er allt annar Lúðvík Jósefsson, sem kemur fram hjá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna en á Alþingi Íslendinga. Það er ekkert óvenjulegt um hann og hans félaga.

Sömuleiðis var þessi hv. þm. að lýsa vanþóknun sinni á 22. gr. frv. stjórnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir að binda sölu útflutningsvara. En í þessu sama skjali stendur, með leyfi forseta: „Sölu afurðanna sé hagað þannig, að þær framleiðsluvörur vorar, sem eru mest eftirsóttar, svo sem síldarlýsið, þorskalýsið og saltsíldin, verði að mestu leyti seldar til þeirra þjóða, sem einnig kaupa þær afurðir, sem minna eru eftirsóttar.“ Þar er þessi hv. þm. einnig á þeirri skoðun, að það beri að binda alla sölu á slíkum eftirsóttum vörum á erlendum markaði, en þegar á að gefa heimild til þess fyrir stjórnina, þá er risið upp á þingi og mótmælt því, sem þessi hv. þm. fyrir ári síðan mælti með á öðrum vettvangi. Þetta er táknrænt dæmi um afstöðu þessara manna, ósamræmi, sem hvað eftir annað kemur fram hjá honum og hans félögum, að fara eftir því, að tímarnir kunna að breytast, eftir því, hvort þeir eru í stjórnarandstöðu eða þeir styðja stjórnina. Það markar alveg skýrt afstöðu þeirra til málanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um ræðu þessa hv. þm. Þetta er, eins og ég sagði áðan, nokkuð táknrænt um afstöðu hans til málanna, og má nokkuð af því marka, hversu alvarlega þurfi að taka slíkan mann, sem nú segir allt annað en hann sagði fyrir ári síðan, þegar hann ræddi við íslenzka útvegsmenn.

Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) lék í dag sína alþekktu lýðskrumsplötu, sem hann sífellt leikur hér á þingi. Fyrr í dag, áður en þetta mál kom hér til umr., hafði þessi þm. talað í klukkutíma um nákvæmlega það sama, sem hann talaði um í tvo klukkutíma í þessu máli. Þetta er mjög algengt fyrirbæri með þennan þm., að tala ýmist um

ekki neitt eða þess á milli að tala fyrir þeim áróðri, sem íslenzkir kommúnistar reka nú: Það eru engin vandræði með íslenzkan atvinnurekstur. Framleiðslan getur gengið ágætlega, það er hægt að selja allar íslenzkar afurðir ágætu verði. Það er bara verið að búa til kreppu. Það þarf engar ráðstafanir að gera nema selja Rússum. En þegar þetta hafði gengið um nokkurt skeið, var breytt um, eftir að fulltrúar utan af landi komu hingað á þing kommúnista og höfðu þær sögur að segja, að fólkið úti á landinu liti svo á, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir, til þess að atvinnureksturinn stöðvaðist ekki fyrir verðbólguna. Þá var setzt á rökstólana. Þá var snúið við blaðinu og náði snúningur þeirra hámarki sínu í frv. því, sem kommúnistar hafa borið hér fram. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þeir snúa við blaðinu, því að það er enginn flokkur, sem snýst jafnmikið frá sinni stefnu eins og kommúnistar. Jafntækifærissinnaðir menn og þeir eru ekki til. Það má segja, að þeir dansi Óla skans og það af svo mikilli leikni, að það þýðir ekki fyrir mig eða aðra að keppa við þá í þeirri list. Oft þegar þeir hafa verið að taka kollstökk sín hér á þinginu hefur mér dottið í hug, hve snilldarlega þetta væri sagt um þá.

Svo þegar búið var að bera fram frv., þá þurfti að finna það út, hvernig ætti að snúast á móti stjórninni. Það þurfti að vera tilbúið í allt. Skyldi það verða gengislækkun? Eða lækkun vísitölunnar? Við skulum vera til í allt. Við skulum skrifa á móti verðhjöðnun, ef þeim gæti nú dottið í hug að hafa verðhjöðnun. Það var skrifað á móti því. Þá gæti stjórninni dottið í hug gjaldeyrisskattur. Það varð að skrifa á móti því. Það er skrifað í Þjóðviljann eftir því, hvað hugmyndaflugið er mikið á hverjum tíma, til þess að rifja upp fyrir sér allar þær leiðir, sem hugsanlegt sé, að stjórnin kunni að fara, til þess að geta verið tilbúnir að vera á móti. Svo kom bara eitt lítið andvarp frá einu kommúnistablaði norðan úr landi, en þar segir: „Auðvitað er sá möguleiki enn fyrir hendi, að stjórnin láti undan vilja almennings og beri fram góðar till. eða máske þolanlegar.“ Þá var það líka hugsanlegt, og þá um að gera, ef till. yrðu þolanlegar, að gera þær tortryggilegar, áður en þær kæmu fram. Já, þeir eru fyrirhyggjumenn, íslenzkir kommúnistar. Þeir láta ekki standa upp á sig. Oft mistekst fyrir þeim, en það er virðingarvert, hvað þeir geta látið sér detta í hug.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að ég hefði lítið fengizt við verkalýðsmál og að ég mundi lítið þekkja til þeirra á móts við hann sjálfan. Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki í mörg ár unnið þannig vinnu, að ég hafi verið í sérstöku fagfélagi, en það held ég, að hv. 2. þm. Reykv. hafi heldur ekki gert. En ég hef þó setið í 16 ár í stjórn Alþýðusambands Íslands, einmitt þegar baráttan var hvað hörðust og erfiðust fyrir það, hve verklýðssamtökin voru ung. Ég hef því sannarlega kynnzt baráttu íslenzkra alþýðusamtaka með 16 ára setu í stjórn þeirra. En ég efast um, að hv. 2. þm. Reykv. hafi kynnzt þessu sjálfur eða margir af hans félögum.

Ég man t. d. eftir því, að hv. 4. landsk. þm. (BrB) var eitt sinn í verkalýðsfélagi. Hann var einn af æðstu mönnum og áhrifamikustu í verkalýðsfélagi í Reykjavík — og var rekinn þaðan fyrir óspektir á fundum í verkalýðsfélaginu Dagsbrún. Þannig var hans verkalýðsmálasaga. Það er von, að þeir félagar séu stoltir af sinni baráttu. Og ég verð líka að segja, að í raun og veru verður maður að tala um það með hryggð, að samtök íslenzka verkalýðsins hafa nú, vegna bolabragða kommúnista og þrátt fyrir það að þeir séu þar alls ekki í hreinum meiri hluta komizt undir stjórn þeirra. Þeir fengu að vísu í upphafi hlutlausan mann sem forseta Alþýðusambands Íslands, sem þá hafði undirbúið sig undir það starf að vera æðsti maður íslenzkra verkalýðssamtaka með því að ferðast út um landið og með því að stofna þar klofningssamtök gegn Alþýðusambandi Íslands. Það þótti góð og örugg reynsla til þess að gera hann að formanni Alþýðusambandsins. En það er áreiðanlegt, að íslenzku verkalýðssamtökin munu ekki lengi líða eða þola það, að fámenn klíka kommúnista beiti þau ofurvaldi, eins og verið hefur nú um tíma. Í sambandi við þær pólitísku vinnudeilur í sumar, sem hafnar voru fyrir atbeina og að fyrirskipun íslenzku kommúnistanna, má geta þess, að forsprakkar þeirra lýstu því yfir hér á Alþ., hvor í sinni deild, hv. 2. þm. Reykv. í Nd. og hv. 4. landsk. þm. í Ed., strax þegar tollafrv. komu fram á þinginu, að það mundu verða hafin verkföll gegn tollahækkuninni. Þeir reyndu svo að standa við þetta, og þeir gátu fengið einstök félög út í vinnudeilur þeim og þjóðfélaginu til lítillar ánægju. Það gekk þann veg, að stærsta verkalýðsfélagið á Siglufirði var pínt út í ólöglegt verkfall og beitt kúgunaraðferðum til þess að hindra, að félagsmenn segðu til um það, hvort þeir vildu ganga að ákveðnu sáttatilboði, sem umboðsmenn þeirra höfðu í raun og veru áður verið búnir að samþykkja, en þeir sviku að bera undir félagið. Og svo gekk það í þeirri vinnudeilu, að það varð af kommúnistum að semja af sérstökum félagsdómi. Og það þótti svo augsýnilegt, hvernig niðurstaðan mundi verða í þessari deilu, ef atkvgr. hefði farið fram, að eitt höfuðatriðið í skilyrðum kommúnista fyrir því, að félagsdómur skyldi ákveða um málið, var, að það gengi ekki um þetta atkvgr. — Og svo er járniðnaðarmannadeilan í ljósi frv. kommúnista og þeirra staðreynda, sem menn vita um. Í 7. gr. frv. þeirra kommúnistanna stendur m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. skal hlutast til um, að fyrir 1. janúar 1948 verði settar nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar.“ Jú, jú, þetta átti svo sem að framkvæma, fyrst í lagaformi og væntanlega seinna á annan hátt. — Einn af æðstu trúnaðarmönnum kommúnistanna einmitt innan verkalýðssamtakana, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í félagsdómi, málflutningsmaður Alþýðusambands Íslands og trúnaðarmaður í þeim efnum, hann var fenginn til þess að athuga álagningarreglur vélsmiðanna. Hver var niðurstaða þessa trúnaðarmanns Alþýðusambandsins? Hún var sú, að vélsmiðirnir þyrftu að fá að leggja meira og hærra á. Og á vottorði og álitsgerð þessa hæstaréttar-

lögmanns og löggilta endurskoðanda mun að verulegu leyti hafa verið byggð ákvörðun í þessu efni. — Það er þægilegt að koma fram á Alþ. með frv. um, að lækka skuli þessa álagningu, og láta svo einn af trúnaðarmönnum sama flokks, sem frv. flytur um þetta, gera álitsskjal um, að þessa álagningu þurfi að hækka. En þetta er einn þátturinn í starfi þessa flokks og mynd af starfsháttum hans.

Mig undrar, að hv. 2. þm. Reykv. skyldi hafa brjóstheilindi til þess að minnast á almannatryggingarnar í sambandi við myndun ríkisstj. Ólafs Thors á sínum tíma og almannatryggingarnar yfirleitt. Á fyrri árum og fram til 1939—'40 var andúð íslenzkra kommúnista gegn alþýðutryggingunum, sem Alþfl. barðist fyrir, og í sambandi við myndun ríkisstj. Ólafs Thors mun ekki eitt einasta orð hafa komið frá íslenzkum kommúnistum út af samningu almannatryggingalaganna. En það var Alþfl., sem setti það að skilyrði fyrir stjórnarmyndun, að þau mál væru tekin föstum tökum og samin löggjöf um almannatryggingar. Og þegar að því var gengið og það fullkomlega haldið af fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafi Thors, að semja þessa löggjöf, þá var það sannarlega ekki fyrir atbeina kommúnista eða áhuga þeirra í þeim málum. Og einmitt í sambandi við myndun ríkisstj. Ólafs Thors, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist nú á, eins og hann hefur oft gert í sambandi við mig, sagði hann, að ég hefði ekki verið þess sérlega fýsandi, að sú stjórn var mynduð. Og það var rétt. Ég bar í brjósti nokkurn geig í sambandi við þá stjórnarmyndun, og einmitt ekki hvað sízt af því, að þar átti í fyrsta sinn að gera það íslenzka ævintýri að hleypa kommúnistum inn í ríkisstj. Ég þóttist sjá það, að það gæti orðið dýrt ævintýri. Og það varð dýrt. En þó að það væri dýrt, þá hefur það að því leyti borgað sig, að ég hygg, að meginhluti þjóðarinnar verði þess ekki fýsandi hér eftir, að kommúnistar verði teknir inn í ríkisstjórnir, heldur fari það hér hjá okkur eins og þróunin hefur verið í Vestur-Evrópu, því að þar sem kommúnistar hafa verið í ríkisstj., bæði í Danmörku, Belgíu, Hollandi, Frakklandi og Ítalíu, þá eru þeir í öllum þessum löndum horfnir úr ríkisstj. aftur. Þjóðirnar, sem byggja þessi lönd, óska ekki eftir að hafa þá lengur í stjórn. Ætli reynslan hér á landi verði ekki lík eins og annars staðar í Vestur-Evrópu, að það verði ekki óskað eftir þeirra brautargengi við myndun ríkisstjórna á Íslandi? Ég fyrir mitt leyti vona, að svo verði, vegna heiðurs og heilla þjóðarinnar.

Þá endaði hv. 2. þm. Reykv. sína ræðu með sínum venjulega lýðskrumshætti um árásir á launastéttirnar, og í því sambandi fékk Alþfl., eins og gjarnan oft áður, orð í eyra. En ég fyrir mitt leyti er alveg óhræddur um þann dóm sögunnar, þegar borið verður saman, annars vegar afstaða og aðgerðir Alþfl. og hins vegar kommúnistanna gagnvart launastéttunum á Íslandi. Ég óttast ekki þann dóm, af því að ég þekki kommúnistana alveg prýðilega og þekki stefnu þeirra — eða stefnuleysi — og ég þekki þeirra hugmyndakerfi talsvert mikið, og af því að mér er það alveg ljóst, að það er í sjálfu sér algert aukaatriði frá sjónarmiði kommúnistanna, hvort launastéttirnar á þessu tímabili eða hinu bera meira eða minna úr býtum, það er aukaatriði í þeirra baráttu. Aðalatriðið í þeirra baráttu er það að vekja upp byltingarhug og andstöðu gegn ríkjandi þjóðskipulagi í hugum launastéttanna, til þess að meðlimir þeirra geti seinna orðið virkir þátttakendur í því að skapa það nýja ríki og taka að sér hlutverk hins volduga minni hluta til þess að skapa kommúnistaríki. Þannig hefur það verið og þannig er það í dag um kommúnistaflokka allra landa. Og jafnvel þeirra mestu og beztu fræðimenn hafa ekki farið dult með þessa kenningu. Þeir hafa sagt frá henni fyrr á tímum alveg hispurslaust og óhikað. Hins vegar þykir betur henta á vissum tímum að breiða yfir þessa kenningu og hafa hana ekki mikið í frammi. En kenning þessi er samgróin hugmyndakerfi kommúnismans, og hún hvarflar ekki frá honum, þó að hún stundum liggi í þagnargildi.

Alþfl. hefur hins vegar oft orðið að hafa það hlutverk með höndum að benda launastéttunum, alþýðustéttunum, á það, að það væri ekki fyrst og fremst þeirra hagur að hafa sem hæsta krónutölu í kaup, hvað sem öðru liði, heldur að þeirra aðalhagsmunamál lægi í því, að svo væri búið að atvinnuháttum í löndunum, að þeir, sem laun taka, mættu örugglega vænta þess að geta haft góða og örugga atvinnu, og að þeirra hagsmunir lægju í því enn fremur, að þjóðfélagsmálin væru ekki látin fara út á háskalegar brautir vegna dýrtíðar og verðbólgu. Þar í löndum, sem verkalýðsfélögin eru þroskuðust, er því þráfaldlega yfir lýst af þeirra hálfu, að þau hafi svo mikla þjóðfélagslega ábyrgð og þjóðfélagslegan skilning, að þau vilji fyrir sitt leyti ekki stuðla að því, að allt fari úr skorðum í þjóðfélagsmálunum vegna dýrtíðar og verðbólgu, og vilji þess vegna heldur halda kaupinu í lægri krónutölu en fara út í tvísýn ævintýri í sambandi við kaupgjaldshækkanir. Ég veit líka, að verulegur hluti íslenzka verkalýðsins er svo þroskaður þrátt fyrir það ofurfarg, sem hvílir á Alþýðusambandi Íslands frá einum stjórnmálafl., að hann skilur það, að það er hans rétta hlutverk að vinna að því að öryggja atvinnureksturinn í landinu og að það sé bezt, einmitt vegna verkalýðsins sjálfs, að ekki verði farið út í hamslaust dýrtíðar- og verðbólguævintýri. — Þess vegna vil ég vænta þess, að dæmt verði um það með glöggum skilningi verulegs hluta verkalýðssamtakanna, hvað hér er á ferð. Það má að vísu vel svo fara, að kommúnistar geti æst upp verkalýðinn um stundarsakir út af þeim ráðstöfunum, sem hér á að gera. En ég trúi svo á dómgreind íslenzks verkalýðs, að ekki takist að villa honum svo sýn, að hinir einstöku menn innan verkalýðsins gerist böðlar sinnar eigin hamingju. Þess vegna vil ég mega vænta þess, að verkalýðssamtökin og verkalýðsstéttirnar hér á landi meti og skilji þær aðgerðir, sem hér er stefnt að til þess að reyna að öryggja atvinnureksturinn í landinu og sporna gegn atvinnuleysi, og að hróp kommúnista sitt á hvað gegn þessum aðgerðum verði að lokum að langmestu leyti töluð fyrir daufum eyrum.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. — Það var allmikill belgingur í hæstv. forsrh. hér áðan,

þegar hann talaði. Hann fann hvöt hjá sér til þess að ræða nokkuð viðskipti íslenzks verkalýðs og ríkisstjórna á Íslandi, þó að mér virðist það bera meir vott um annað en hyggindi hjá honum að ræða þetta eftir þá fortíð, sem hann á í þeim efnum. Og hæstv. forsrh. fann sérstaka ástæðu til að geta um þá forsögu, sem ég ætti persónulega að baki mér viðkomandi baráttumálum íslenzks verkalýðs. Hann sagði, að forsaga mín væri sú, að ég hefði ferðazt um landið til þess að kljúfa verkalýðssamtökin og gera þannig klofning gegn Alþýðusambandinu. Þessi orð hafa fyrr heyrzt, en eru jafn ósönn engu að síður. Það er rétt, að ég ferðaðist um landið hér á árunum til þess að ræða við verkalýðinn um það ofurvald, sem þá hvíldi á verkalýðnum frá hálfu Alþfl., þegar engan mann mátti kjósa í trúnaðarstöðu í Alþýðusambandi Íslands nema alþýðuflokksmann og enginn mátti eiga sæti á alþýðusambandsþingi, nema hann væri alþýðuflokksmaður, burtséð frá því, að verkalýðsfélögin voru þá eins og í dag mynduð af mönnum, sem voru í mörgum flokkum með tilliti til stjórnmála. Ég vann að því, að þessu ofurvaldi Alþfl. í Alþýðusambandinu yrði af létt. Og það tókst. Sársauka núverandi hæstv. forsrh. yfir því, að svo skyldi takast til, get ég vel skilið í sambandi við afskipti þau, sem ríkisstj. hafði við verkalýðsfélögin nú á síðustu árum. Út frá þessu get ég vel skilið þann sársauka, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. í þeim ummælum, sem hann lét falla um þau. Þau mál eru kunnari en frá þurfi að segja, og ég geri hér ekkert til þess að rekja þau mál frekar. Ég bendi bara á þá staðreynd, að ríkisstj. varð að láta af þeim áformum, sem hún hafði í frammi gegn verkalýðshreyfingunni, vegna þess að verkalýðshreyfingin sýndi þann þroska að vera traust og heilsteypt, þegar hættu bar að garði, hvort sem hún kom fram í einni eða annarri mynd.

Hæstv. forsrh. sagði, að hann vildi gjarnan mega vona, að íslenzk alþýða losnaði við fantatök þau, sem hún væri beitt nú. Hver eru þessi fantatök, sem íslenzk alþýða nú er beitt? Þau eru ekki af hálfu þeirra, sem ráða verkalýðshreyfingunni nú í dag, heldur er hún tekin þeim af hinum, sem sækja að henni, sem sé hinum ráðandi mönnum í þjóðfélaginu. Flest af þeim málum, sem borin hafa verið fram og hafa átt að vera til lagfæringar á vandamálum í þessu þjóðfélagi, hafa verið á þá leið, að þau hafa verið bein eða óbein árás á alþýðuna í landinu. Og frv., sem hér liggur fyrir, virðist mér bera rækilegan keim af því. — Það hefur verið rætt hér um flest þau atriði, sem þetta frv. hefur inni að halda. Tel ég mig því ekki hafa ástæðu til að fjölyrða sérstaklega um það, enda áliðið orðið nætur. Ég vil þó fara nokkrum orðum um III. kafla frv., sem sérstaklega snertir launþega í þessu landi. Í 12. gr. er gert ráð fyrir því, að kauplagsvísitala verði bundin við 300 stig. Þarna er lækkun um 28 stig frá því, sem hún er, og verður vísitölunni síðan haldið í 300 stigum, hver svo sem hin raunverulega dýrtíð verður í landinu. Í sambandi við þessa gr. hafa þeir þrír hæstv. ráðh., sem talað hafa, látið í ljós þá skoðun sína, að gildandi fyrirkomulag í sambandi við verðlagsuppbætur til launþega væri nú að ríða íslenzku fjármálalífi að fullu. En það hafa ekki verið færð sérstök rök fyrir þessari staðhæfingu, sem ég get líka vel skilið, því að ég get ekki séð, á hvern hátt hægt er að sannfæra menn um það, hvernig slík fullyrðing byggist á staðreyndum. Það hefur líka verið sagt af hæstv. ráðh., að þeir, sem nú skipa forustusess hjá hinni íslenzku verkalýðshreyfingu, hefðu verið óánægðir með þá vísitölu, sem nú gildir, og það hefur verið fært sem sérstök rök fyrir því að breyta nú um í þessu efni eins og í frv. er gert ráð fyrir. En ástæðan fyrir því, að óánægja hefur verið með verðlagsuppbæturnar meðal launþega, hefur fyrst og fremst verið sú, að launþegar hafa litið svo á, að verðlagsvísitalan væri ekki sanngjörn, heldur lægri en svaraði til verðs nauðsynjavara, sem verkamenn og aðrir þyrftu að kaupa. Ég minnist þess og geri ráð fyrir að fleiri muni muna það, hvernig verkalýðshreyfingin í þessu landi allt til 1940 háði harða baráttu fyrir því að fá laun sín bætt upp eftir því, sem verðlagið hækkaði í landinu. Verkalýðshreyfingin náði að nokkru að koma því fram, sem hún barðist fyrir, með því að fá tekið í samninga 1940, að ákveðið var, að á grunnkaup skyldi greiða fulla verðlagsuppbót eftir vísitölu. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta hafi verið mikið happaspor, vegna þess að það hlýtur alltaf að vera það lögmál um það, þegar meta á, hvað einn maður á að fá fyrir sína vinnu, að hann fái það kaup, sem hann getur framfleytt sér og sínum með. Það er rétt, að frá 1940 hafa orðið margs konar breyt. á kaupgjaldi í landinu. Grunnkaup hefur á þeim tíma hækkað verulega. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að breyt. hafa orðið miklar á verðlagi. — Ég tel því, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé farið inn á mjög hættulega braut. Með því er kaupgjaldið tekið úr sambandi við verðlagið í landinu. Á meðan svo var, fyrir árið 1940, eins og ég gat um áðan, var ríkjandi mikil óánægja meðal launþega, sem hljóðnaði ekki alveg 1940, þó að þá væri að vísu stigið stórt spor í rétta átt. En hitt fullyrði ég, að þegar svo er komið eins og hér á að gera, að kaupið er tekið úr sambandi við verðlagið í landinu, þá verður mikil óánægja með það meðal launþega. — Mig minnir að það hafi verið hæstv. forsrh., sem gat þess í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv., að í sambandi við þessar dýrtíðarráðstafanir mundi verðlagið í landinu ekki hækka, en jafnvel lækka. Mér virðist þetta einkennilegar upplýsingar, þegar þetta er borið saman við það, sem síðar er tekið fram í frv., að leggja skuli á allt að 3½% söluskatt. Og virðist mér, að þessi rýrnun, sem á að verða á kjörum launþega, verði nú þegar öllu meiri en gert er ráð fyrir hér í þessum III. kafla, líka með því að varan í landinu hækkar allverulega í verði vegna söluskattsins, en launþegar fá ekki launauppbætur samsvarandi verðhækkuninni. — Það hefur verið mjög talað um það í sambandi við þetta mál, að vinnufriður í landinu sé ákaflega þýðingarmikill. Ég vil sízt draga í efa, að það sé þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið, að þegnarnir lifi í sátt og samlyndi hver við sitt starf. Og ekki geng ég þess dulinn, að vinnuófriður hafi margfaldlegan skaða fyrir þjóðfélagið í för

með sér. Þess vegna harma ég þær ráðstafanir, sem stefnt er að með þessu frv., sem geta valdið því, að vinnufriður héldist ekki í landinu. Ég slæ engu föstu um það, hvort sá vinnufriður, sem nú er í augnablikinu, spillist eða ekki. En ég þykist geta sýnt fram á, að frv. þetta skerðir verulega hagsmuni launþega og hlýtur að vekja hjá þeim óánægju. Reynslan ein sannar svo, hvaða aðgerða sá óánægði krefst, og ég vil engu spá um það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja öllu meira um þetta mál á þessu stigi. En ég vil aðeins segja það að lokum, að ég tel það mjög misráðið hjá hæstv. ríkisstj. að taka kaupgjaldið úr sambandi við verðlagið í landinu, vegna þess að með því er stofnað til ráðstafana, sem verka þannig, að það kaupgjald, sem nú er gildandi í landinu og margir telja, að sé of hátt, er ekki hærra en það, að hjá þeim, sem lægst eru launaðir, verkamönnum, nægja launin naumast fyrir brýnustu nauðsynjum. Séu þessi kjör rýrð, eins og hér er gert ráð fyrir, hlýtur það að verða þess valdandi, að þeir, sem fyrir því verða, gera sínar gagnráðstafanir. Ég þrái ekkert, að sá vinnufriður, sem nú er í landinu, spillist. Ég kæri mig ekkert um og er þess ekkert fýsandi, að átök skapist í þjóðfélaginu út af kaupgjaldsmálum. Og það er þess vegna, að ég enn lýsi yfir því — og ég legg áherzlu á það —, að ég tel það mjög misráðið hjá hæstv ríkisstj. að leggja út í að gera þær ráðstafanir, sem hún gerir í þessu frv., og ég vonast a. m k. eftir því, að þessar gr., sem eru um að binda kaupgjaldsvísitöluna við ákveðið stig, fái þær breyt., sem nauðsyn er á, eða verði jafnvel felldar niður.

Forseti (BG): Forseti gerir það að till. sinni, að ræðutími verði takmarkaður. Umr þessi hefur þegar staðið í allt að átta stundir og virðist vera orðin alllöng. Einnig er alllangt liðið á nóttu.

Till. um það, að ræðutími hvers hv. þm., sem kveður sér hljóðs, verði ákveðinn 10 mínútur, verður borin undir atkv. hv. þd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. forseti noti ekki forsetavald sitt til þess að bera svona till. upp, að stytta nú umr. um þetta mál. Þingið hefur nú beðið eftir þessu máli í 2½ mánuð, og þetta er fyrsta tækifærið, sem stjórnarandstöðunni gefst til þess að láta í ljós skoðanir sínar og ræða málið. Ég veit, að stjórnarflokkarnir hafa meiri hl. til að samþ. að skera hér niður umr., en slíkur niðurskurður þýðir þverbrot á öllu „prinsipi", sem okkar þingræði byggist á, þar sem hér á að svipta þm. málfrelsi í þýðingarmesta málinu, sem fyrir þinginu liggur. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. forseti beri ekki þessa till. upp og láti hana ekki koma til framkvæmda.

Forseti (BG): Ég mun nú bera upp till. um styttingu ræðutíma. Get ég fallizt á að hafa tímann nokkru lengri en ég nefndi áður og geri það að till. minni, að ræðutími hvers þm. verði hér eftir takmarkaður við 15 mínútur.

ATKVGR.

Till. forseta samþ. með 16:6 atkv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég ætlaði varla að trúa því, að hæstv. forseta hefði orðið svo um að sjá, hverjir eru næstir á mælendaskrá, að hann færi að stytta ræðutíma. Ég hef yfirleitt ekki haldið svo langar ræður, að það væri mikil hætta á því, að það mundi tefja svo mjög störf þingsins.

Viðvíkjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir og hefur átt að vera til umr. hér í dag, vildi ég segja nokkur orð, þó að megnið af þeim umr., sem hér hafa farið fram, hafi ekki verið um frv., heldur um það, hvað kommúnistar væru hættulegir í öllum þjóðfélögum og það þyrfti eiginlega að útrýma þeim. Svona hefur verið talað í 20—30 ár, það er ekkert nýtt. Mér kemur það ekkert undarlega fyrir, þegar þetta frv. kemur fram, þótt eingöngu sé gengið á hlut launþega, þegar á að lækka dýrtíðina, og ráðizt á kaupið, því að innan þessarar samkundu, Alþingis, hefur það ekki verið venja að ganga á rétt annarra í þjóðfélaginu en verkamanna og launþega yfirleitt. Þeir hafa átt litlum vinsældum að fagna hjá löggjafarvaldinu, og það eina, sem virðist hafa orðið að taka tillit til, það er, að verkalýðurinn hefur myndað með sér samtök, sem öðru hvoru verður að taka tillit til, og það er ekki í fyrsta skipti nú, sem löggjafarvaldið gengur inn á að skerða rétt fólksins. Samningar verkalýðsfélaga eru taldir hér vera frjálsir, og þau hafa mátt semja við atvinnurekendur um kaup og kjör. Árið 1940 var svo ákveðið, að það skyldi samið um grunnkaup og svo skyldi greidd full vísitala á það grunnkaup.

Nú skal hér með l. ákveðið í III. kafla frv., að þessi l. skuli vera brotin, og ríkisstj. eða löggjafarvaldið vill ekki standa við þær skuldbindingar, sem það hefur gert löglega gagnvart verkamönnum, og ákveður, að vísitalan skuli ekki vera nema 300 stig, þó að hún sé nú 328 stig. Nú lækkar, segja þeir, annað, sem þessu svarar, hjá öllum, þ. e. a. s. vörurnar lækka í samræmi við kaupgjaldið. En það er ekki nóg með þau 28 vísitölustig, sem þarna eru tekin af verkamönnum. Seinna í frv. er svo bætt við, að það, sem varan hækkar við söluskattinn, það má fara yfir á verkamenn líka, og ég er sannfærður um, að ef þetta verður að l., þá verður það, sem þarna er tekið af verkamönnum, sáralítill hluti, því þegar búið er að binda vísitöluna með l. við 300 stig, þá er engin ástæða fyrir þá að leyfa ekki vörunni að hækka, hækka álagninguna, eins og hefur verið gert, meðan það hafði áhrif á vísitöluna. Hvernig mundi það þá verða, þegar varan hefur engin áhrif á vísitöluna? En þetta út af fyrir sig er ekki neitt nýtt, því að það hefur aldrei verið talað um það í þessu þjóðfélagi, að nokkur hlutur kostaði nokkuð nema vinnan, það er það eina, sem alltaf hefur verið hægt að taka af.

Mig langar til að benda hæstv. forsrh. á það, að í útvarpsumr. hér um daginn þegar talað var um, að kaup verkamanna hefði komizt upp í hátt á annað hundrað þúsund krónur yfir árið, og ég veit, að það hefur komizt upp í 40000 kr. á Siglufirði, þá datt honum ekki í hug að nefna það, þó að félög hér í Rvík kaupi inn bíl og græði á honum 40 þús. kr. og það sé skattfrjálst. Það var bara af því, að maðurinn, sem var að vinna,

hann fékk of mikið. Þetta hefði mér þótt undarlegt að heyra hjá hæstv. forsrh., þegar við vorum báðir í Alþfl. Hann var að tala um menn, sem hefðu verið reknir úr Dagsbrún, en hann man ekki eftir því, þegar hann lét reka félaga sinn, Héðin Valdimarsson, úr Alþýðusambandinu. Það var nefnilega vani, meðan þessir menn höfðu völdin, að ef einhver fann að því, sem gert var, þá var hann rekinn. Þetta hefur alveg breytzt, því að það hefur enginn maður verið rekinn úr Alþýðusambandinu, síðan þessi kommúnistastjórn tók við.

Hæstv. forsrh. talaði um pólitískt verkfall í vor. Það er enginn vafi á því, að það hefur aldrei verið misboðið eins verkalýðshreyfingunni eins og gert var í því verkfalli gagnvart Dagsbrún. Hvort það hefur verið að undirlagi hæstv. forsrh. eða ekki, skal ég ekki segja, eða hvort hans útsendarar voru þar að verki. Það hefur aldrei fyrr en í vor verið álitið hjá neinum mönnum í sáttanefnd, að það væru ekki verkalýðsfélögin sjálf, sem ættu að sjá um atkvgr. um tillögur sáttasemjara, og þetta gekk svo langt, að þegar við í Dagsbrún, sem telur 3000 meðlimi, töldum okkur þurfa lengri tíma til undirbúnings atkvgr. en eina nótt og höfðum ekki tilbúna kjörskrá — hvað skeður þá? Þá skeður það, að einn flokksbróðir hæstv. ráðh. segir: Það þarf ekki að vera að hugsa um það, við höfum kjörskrá Dagsbrúnar, — og það varð að fá fógetaúrskurð um, að það væri ekki löglegt. Þessi aðferð við verkalýðsfélagið verður lengi í minnum höfð af verkamönnum fleiri en kommúnistum, enda sýndi atkvgr. það, þegar hún fór fram, að það voru ekki kommúnistar einir, sem réðu þar, af þeirri einföldu ástæðu, að hagsmunabaráttа verkalýðsins er ekki bundin við það, hvort menn eru kommúnistar, alþýðuflokksmenn eða sjálfstæðismenn. Þess vegna er ég sannfærður um, að hæstv. forsrh. hefur gert meira úr valdi kommúnista í Dagsbrún en það raunverulega er, vegna þess að verkamenn hafa nákvæmlega sömu hagsmuna að gæta, til hvaða flokks sem þeir teljast. Nú sagði hæstv. forsrh. áðan, að verkfallið í vor hefði verið pólitískt. En hvernig getur hann álitið, ef verkamenn vilja rétta hlut sinn eftir þessa löggjöf, að þeir geti háð ópólitískt verkfall? Löggjafarvaldið tekur að sér fyrir atvinnurekendur að klípa nú 28 stig af vísitölunni og með því að lækka laun launþega um 8.5%. Ef verkamenn segja við atvinnurekendur: Þið verðið að bæta okkur þetta, — þá geta þeir sagt: Þetta eru ekki okkar samningar. — Hvert eiga þá verkalýðsfélögin að snúa sér til að fá kjör sín bætt — til atvinnurekenda eða til ríkisstj.? Er þá langt yfir í pólitískt verkfall? Nei, sannleikurinn er sá, að aldrei með neinni löggjöf hafa verkalýðsfélögin verið eins mönuð út í pólitískt verkfall eins og í þetta skipti. Það eru ekki atvinnurekendur, sem gera þetta, þeir sögðu það beinlínis í haust, þegar þeir sögðu upp samningum, að þeir færu ekki fram á kauplækkun, m. ö. o., ef ríkisstj. kæmi ekki á móti og lagfærði dýrtíðina, þá mundu þeir ekki fara fram á grunnkaupslækkun, af því að þeir viðurkenndu, að laun lægst launuðu verkamanna væru ekki til þess að skerða þau, og ég er sannfærður um, að það eru allir sammála um það. En hvers vegna að fara þessa leið? Það er ekkert þarna, sem gerir annað en það að lækka lífsafkomu verkamannanna til þess að geta í skjóli þess aukið dýrtíðina eins og verið hefur, því að það hefur engin áhrif á kaupgjaldið, þó að vöruverð hækki. Svo er önnur hlið á þessu máli. Nú fyrir nokkrum árum hefur ríkisvaldið ákveðið með l., hvað laun allra starfsmanna ríkis og bæja skuli vera, þ. e. a. s. grunnkaup. Þessir menn geta ekki rétt hlut sinn nema gegnum Alþ., og meira að segja voru sumar launastéttir búnar að fá svo há laun, áður en þeir samningar fóru fram, með frjálsum samningum við atvinnurekendur sína, að kaup þeirra lækkaði við launal. Hins vegar gegnir allt öðru máli um verkalýðsfélögin, og ég er viss um, að með engum l. hafa verkalýðsfélögin verið eins mönuð til kauphækkana eins og með þessum l.

Þá var það aðeins um það, sem hæstv. utanrrh. tók fram í dag um atvinnuleysisskráninguna og að ekkert atvinnuleysi hefði verið hér. Það er satt, að það skráðu sig ekki nema 70 menn, þegar atvinnuleysisskráningin fór fram, en ég er sannfærður um, að hefði ekki þessi síld komið upp á þessum óheppilega stað, hér við Rvík, þá hefði orðið atvinnuleysi hér í stórum stíl. Við getum hugsað okkur, það eru komnir þarna 100 bátar og allir bátar úr Rvík og uppskipun á síld í stórum stíl og að það skuli samt hafa verið menn afgangs. Hvernig halda þessir hæstv. ráðh., að ástandið hefði þá orðið, hefði ekki komið þessi síld?

Ég sé, að hæstv. forseti er farinn að ókyrrast, og mun því ljúka máli mínu.

Einar Olgeirsson: Ég vil algerlega mótmæla þeirri aðferð, sem hér er höfð í frammi af hæstv. forseta. Eftir að ég talaði í dag, hafa ráðh. talað á fimmtu klst. og flestir þessir ráðh. hafa ausið úr sér ósannindum. Hæstv. utanrrh. hefur komið fram sem argasti amerískur leppur hér og leyfir sér að hafa í frammi fullyrðingar og svívirðingar, án þess að forseti svo mikið sem hringi á hann, síðan reif hæstv. ráðh. sig sérstaklega upp viðvíkjandi ameríska sendiráðinu, af því að einn fulltrúi ameríska sendiráðsins var á þingpöllunum, og vildi þar með sýna, hversu góður þjónn hann væri. Svo þegar kemur að því, að þm. fái rétt til að svara, þá er tekið af þeim orðið. Þetta er ekki málfrelsi, svona nær ekki nokkurri átt að haga sér, þm. hafa hér rétt til þess að tala, og ráðh. hafa enn þá ekki það vald á Íslandi, að þeir geti tekið af þeim þann rétt, og hæstv. forseti á ekki að láta hafa sig til þess að taka þennan rétt af þm. Forseti á að vera verndari þm. gagnvart ríkisstj., hann á ekki að brjóta anda þingskapanna og þann rétt, sem okkur er falinn með þingræðinu. Ég mun þess vegna tala hér samkvæmt umboði mínu frá þjóðinni og standa á verði um málstað Íslands gegn amerísku leppstjórninni, sem leyfir sér að koma fram með frv. eins og þetta og ætla síðan að hefta málfrelsi Íslendinga á eigin Alþ.

Ég ætla þá að byrja á því, af því að hæstv. forsrh. talaði um hirtingu hér áðan, að hirta hann dálítið. Hæstv. forsrh. talaði um það hér

áðan, að hann hefði nú umboð frá þjóðinni til þess að gera hér ýmsa hluti. Hæstv. forsrh. er víst búinn að gleyma því, hvernig hann komst á þetta þing. Hann heldur nú, af því að auðmannastéttin í Rvík hefur tyllt honum upp í ráðherrastól, að hann sé mikilsvirtur maður hjá okkar þjóð, vegna þess að honum er falið að vinna verstu verkin, sem um langan tíma hefur verið reynt að vinna gegn íslenzkri alþýðu. Í seinustu kosningum þótti flokki þessa hæstv. forsrh. hann ekki boðlegur í framboð í Rvík, og þess vegna var hann sendur út á land. Þannig risu hans eigin flokksmenn á móti því að hafa hann í kjöri hér í Rvík og hótuðu honum klofningi í flokknum að öðrum kosti. Svo er þessi hæstv. forsrh. að tala um, að hann tali í nafni alþýðu Íslands -- hann tali í nafni íslenzku þjóðarinnar og hann treysti svona og svona mikið á verkalýðssamtökin. Þessi hæstv. forsrh. lætur sér þá blekkingu um munn fara, að við sósialistar viljum engar ráðstafanir gegn dýrtíðinni, hins vegar er hann um leið að segja frá frv. okkar, sem liggur fyrir þessari hv. d., og í því frv. er sýnt fram á með rökum og till., hvernig hægt sé að halda dýrtíðinni í 300 stigum án þess að skerða réttindi og hagsmuni alþýðu Íslands. Í okkar till. felst það að halda vísitölunni í 300 stigum með skynsamlegum ráðstöfunum í þjóðarbúskapnum, sparsemi á ýmsum sviðum á rekstri þjóðarbúsins, lækkun á vöxtum og öðru þess háttar og að svo miklu leyti sem það kæmi við einhverja, þá kæmi það við þá ríkustu í þjóðfélaginu, heildsala, braskara og aðra slíka. Ríkisstj. hins vegar sér það einvörðungu, að það sé hægt að halda vísitölunni í 300 með því að skera niður kaup og samningsbundin réttindi verkalýðsfélaganna. Það má ekki fara aðra leið — leið, sem þýðir skynsamlegri rekstur þjóðarbúsins —, af því að það kemur við þá ríku. Þessi eina leið, sem ríkisstj. sér, það er að skera niður á kostnað launþega. Þetta, að ríkisstj. þykist vera að berjast á móti dýrtíðinni, það er ekkert annað en yfirvarp til þess að geta lækkað launin, því að þessar ráðstafanir verða aðeins til þess að gera dýrtíðina enn tilfinnanlegri fyrir fátæka fólkið í landinu. Ríkisstj. ætlaði sér að skapa grundvöll gegn verkalýðnum með því að skapa atvinnuleysi og bölsýni hjá fólkinu, en allt þetta hefur mistekizt. Allt, sem hún hefur básúnað út, um að ómögulegt væri að selja íslenzkar afurðir, hefur hæstv. utanrrh. orðið að viðurkenna, að sé ekki annað en blekking. En í eymd sinni og vandræðum hefur ríkisstj. gripið til þess ráðs að tala um Rússa og Rússland, þegar þarf að ráða fram úr vandamálum á Íslandi, og með þessu móti ætlar hæstv. utanrrh. sér að skapa vitfirringu, álíka og var í Þýzkalandi, til þess að reyna að koma einhverju svipuðu á hér eins og þar var. Íslendingar eru hins vegar of pólitískt þroskaðir og skynsamir til þess, að þess háttar aðferð takist.

Forsrh. taldi Alþfl. aldrei hafa snúizt í neinu máli. Við sósialistar höfum aldrei snúizt, þegar um baráttumál alþýðunnar hefur verið að ræða. En hæstv. forsrh. og hans flokksbræður hafa snúizt í þeim málum.

Hæstv. samgmrh. hefur haft hljótt um sig í kvöld, enda minnist hann líklega fyrri afstöðu sinnar til bindingar vísitölu. Það er rétt að lofa hæstv. forsrh. og þingheimi öllum að heyra álit núv. hæstv. samgmrh., sem fram kom við umr. um áform ríkisstj., sem sat árið 1944, um að binda vísitöluna. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „En svo kemur það merkilegasta af öllu: hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst að kippa þessu í lag, því að um efnishlið frv. þess, sem hér liggur fyrir, er það í stuttu máli að segja, að þar er stungið upp á að fara þá einu leið í dýrtíðarmálunum, sem þegar hefur sýnt sig að vera ófær. Það er búið að reyna þessa leið eða svipaða, og það var hætt við hana aftur, vegna þess að hún reyndist þeim, sem fyrst prófuðu hana, alófær, fyrir utan allt annað, sem segja má um hana. Höfuðstefna frv. er nefnilega sú að ákveða með l., hvert kaupgjald skuli vera í landinu, og ákveða þetta einhliða án viðræðna við þann aðilann, sem við þetta fyrirkomulag á að búa. Þetta var reynt með setningu gerðardómsl. um áramótin 1941 og 1942, og allir muna, hvernig þeirri tilraun lauk.“

Enn fremur segir þessi núv. hæstv. samgmrh., flokksbróðir hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta: „Að þessi leið sé opin, leiðir af því, að í frv. er grunnkaupshækkun þó hvergi bönnuð, og að hún verði notuð, hefur reynslan sýnt á tíma gerðardómsl. Allt í allt má segja, að þessi einhliða ákvörðun kaupgjaldsins sé leið, sem ekki komi til greina, nema stórkostleg vá sé fyrir dyrum og engin önnur leið til úr ógöngunum. Nú má að vísu segja, að hér sé voði á ferðum fyrir þjóðfélagið, ef svo heldur áfram til lengdar sem nú horfir í dýrtíðarmálunum, en ég vil á hinn bóginn halda því fram, að ekki hafi verið reyndar til hlítar aðrar leiðir, sem aðgengilegri eru og ég mun minnast á síðar.“

Og síðan tilkynnir hv. þm., að Alþfl. sé á móti þessum ráðstöfunum ríkisstj. Þá var Alþfl. ekki í stjórn og var á móti bindingu vísitölunnar, en nú, þegar Alþfl. á forsrh. í ríkisstj., þá berst hann af slíku ofurkappi fyrir því að binda vísitöluna, að hann ætlar að svipta þm. málfrelsi sínu.

Hæstv. forsrh. talaði hér um og belgdi sig upp af því, að hann hefði barizt fyrir hagsmunum íslenzkrar alþýðu og verið 16 ár í stjórn Alþýðusambands Íslands. Fulltrúi hverra var hann í stjórn Alþýðusambandsins? Hann var aldrei fulltrúi verkamanna. Hann var fulltrúi pólitísks flokks, sem með verstu einræðislögum, sem hafa verið á Íslandi, gaf sér alræðisvald um málefni verkamanna og bannaði, að nokkrir aðrir en yfirlýstir alþýðuflokksmenn væru kjörnir til trúnaðarstarfa í samtökum verkamanna. Hæstv. forsrh. var á sinni tíð neytt upp á verkalýðsfélögin af flokki, sem kúgaði þau undir einræðisvald sitt. Réttur minni hl. var fótum troðinn, og allar lýðræðisreglur þverbrotnar, og í krafti þessa sat núv. hæstv. forsrh. í stjórn Alþýðusambandsins í 16 ár, og allan þennan tíma gekkst hann fyrir því, að verkalýðsfélögin væru þannig, að minni hl. væri neyddur til að kljúfa sig út úr, ef hann varð undir í stjórnarkosningu. Svo þegar hann gat ekki lengur haldið við þessu ófremdarástandi og einræðisvald Alþfl. í Alþýðusambandinu var brotið á bak aftur, þá hrökklaðist hann

úr stjórn Alþýðusambandsins, en hann fór þaðan ekki allslaus. Hann fór með eignir sambandsins með sér. Fátækir verkamenn, sem byggt höfðu upp samtök sín og lagt fram af sínum litlu launum til þess að samtök þeirra gætu aflað sér nokkurra eigna, þeir áttu ekki að fá að halda eignunum. Með þær fór núv. hæstv. forsrh. burtu og skildi Alþýðusambandið eftir með 80 þús. kr. skuld. Ég held, að hæstv. forsrh. hefði ekki átt að minnast á baráttu sína í þágu alþýðu þessa lands, því að hún hefur ekki verið svo glæsileg. Hann hefur aldrei skilið baráttu verkamanna fyrir bættum kjörum. Hann hefur aldrei þekkt, hvað það er að standa í verkfalli kannske mánuðum saman og vita sig lítið eða ekkert eiga handa sér og fjölskyldu sinni. Hann virðist jafnvel halda, að verkföll séu sköpuð af einhverjum utan að komandi mönnum, en skilur ekki, að þau eru það eina, sem verkamönnum er eftir skilið til þess að geta barizt fyrir því að fá að lifa við mannsæmandi kjör. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði verið dýrt ævintýri að hafa sósialista í stjórn á Íslandi, en það, sem veldur því, að núv. ríkisstj. er ekki oltin úr sessi, er það, að þjóðin horfir nú á þau verk, sem við sósialistar komum til leiðar í tíð fyrrv. stjórnar. En þegar við settum fram hugmyndirnar, sem urðu að veruleika í tíð fyrrv. stjórnar eða eru að verða það nú vegna aðgerða fyrrv. stjórnar, þá stimplaði núv. hæstv. forsrh. þær sem skýjaborgir. Hæstv. forsrh. ....

Forseti (BG): Samkvæmt samþykkt hv. d. hefur hv. þm. lokið ræðutíma sínum. **(EOl:** Ætlar hæstv. forseti að beita valdi sínu til að taka málfrelsi af þm., þegar ráðherrarnir hafa hver eftir annan talað hér og borið hinar ósvífnustu blekkingar fyrir þingheim?)

Það skal upplýst, að þegar samþykkt var að takmarka ræðutíma hv. þm., þá hafði hv. stjórnarandstaða notað við umr. 4 klst. og 21 mín., en stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. 4 klst. og 9 mín. Enn fremur vil ég út af orðum hv. 2. þm. Reykv. taka það fram, að ekki virðist ósanngjarnt, að ræðutíminn sé takmarkaður, og hér hefur verið gerð lögleg samþykkt þar að lútandi, og má forseti ekki víkja frá henni. Aðeins hv. þd. getur leyst mig frá þeirri samþykkt, sem gerð hefur verið. **(EOl:** Herra forseti. — Má ég halda áfram ræðu minni?) Ég hef þegar tekið fram, að ég get ekki hvikað frá samþykkt hv. d. **(EOl:** Herra forseti. — Má ég tala um þingsköp?) Það virðist óþarfi að ræða þetta nánar, því að samþykkt hv. d. er skýr. Annars getur hv. 2. þm. Reykv. fengið að tala um þingsköp.

Einar Olgeirsson: Ég vil benda hæstv. forseta á, að þingsköpin eru til að vernda rétt þm., til þess að tryggja þeim málfrelsi, svo að þeir í hverju máli geti gert grein fyrir hugmyndum sínum og afstöðu, og það er misnotkun á þingsköpum að beita þeim til þess að forða hæstv. ríkisstj. frá réttmætum ádeilum. Ég vil minna hæstv. forseta á, að það er hægt að brjóta lög með misnotkun á þingsköpum, og ég minni enn fremur á, að þeir flokkar, sem nú mynda ríkisstj. á Íslandi, eru sömu flokkarnir sem á sínum tíma brutu stjórnarskrána með því að samþykkja að svipta þjóðina rétti til kosninga, þegar l. samkv. bar að kjósa. Það er skylda hæstv. forseta að vernda rétt þm. gagnvart ríkisstj., sem mynduð er af þeim flokkum, sem af dómum reynslunnar er ekki trúandi til að halda stjskr., lög eða þingræðisvenjur landsins. Forseti hefur að vísu valdið, en ég stend á réttinum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Það er sýnt, að ekki er ætlunin að ræða þetta frv., því að því verður ekki neitað, að öll framkoma af hálfu hæstv. ríkisstj. í sambandi við það er á þann veg, að litlir möguleikar eru á að ræða náið frv. sjálft. Hins vegar hefur af hálfu hæstv. ríkisstj. verið gefið tilefni til víðtækra umr. um ýmis önnur atriði. Ég hef áður rætt þetta frv. eins og mér var unnt með svo litlum undirbúningi sem þm. gafst til að athuga það. Ég mun því ekki, með því að búið er að ákveða ræðutímann 15 mín., ræða frv. almennt, en vildi minnast á nokkur atriði að gefnu tilefni.

Hæstv. forsrh. minntist á, að ég hefði í nefnd Landssambands íslenzkra útvegsmanna samþ. og undirskrifað vissar yfirlýsingar. Ég vil í þessu sambandi upplýsa, að ég hef aldrei verið fulltrúi í neinni nefnd L. Í. Ú. og aldrei mætt sem fulltrúi á fundum þess og er ekki einu sinni í því. Hins vegar fór L. Í. Ú. þess á leit við mig, að ég mætti á fundi í sambandinu, og veitti mér þar málfrelsi, en ég hef aldrei undirskrifað neinar till. frá L. Í. Ú. Auk þess var ekkert í þessu plaggi frá L. Í. Ú., sem ég hef verið á móti. Það, sem hæstv. forsrh. reyndi að snúa út úr, var það, að þegar fulltrúar L. Í. Ú. gerðu það að till. sinni, að tryggja bæri fast lágmarksverð fyrir bátafiskinn, þá töldu þeir, að það verð, sem ákveðið var, því aðeins dygði, að allur aðalkostnaður yrði óbreyttur. Þetta virðist sanngjarnt og eðlilegt, og ég hef aldrei verið á móti því. Hins vegar er það, sem þarf að gera í þessu sambandi, að fá samninga milli þeirra, sem gera út, og þeirra, sem vinna hjá þeim. Enn fremur er það ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að það sé meining mín, að ósanngjarnt sé, að þær sjávarafurðir, sem seljast með mjög hagstæðu verði, séu seldar í fylgd með þeim, sem síður seljast. Þvert á móti tel ég það eðlilegt, og það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., að ég sé á móti því. Hins vegar benti ég á ákvæði í þessu frv., sem gefur ríkisstj. heimild til þess, að hún geti verðmiðlað á milli tegunda, er má selja á háu verði, og hinna, sem áhætta fylgir. En ef farið er inn á þetta í stórum stíl, getur það orðið til tjóns fyrir sjávarútveginn, því að margar útflutningsvörur eru seldar með sihækkandi verði og ekki bundnar við sölu hinna verðlægri tegunda. Ég benti á, að hættulegt væri að gefa ríkisstj. heimild til að taka þannig stórar upphæðir af sjávarútveginum, enda er ekki gert ráð fyrir neinum smáræðishagnaði ríkissjóðs af þessu, þar sem hann er áætlaður nægur til að greiða allar ábyrgðir, sem á ríkissjóð kynnu að falla bæði frá því í ár og í fyrra.

Það var gaman að heyra til hæstv. forsrh., þegar hann var að lýsa því, hve vondir kommúnistar hefðu verið við stjórnina. Þeir hefðu tínt allt til og reynt að sverta allar hennar aðgerðir og á-

form og alveg sérstaklega ásakað hana fyrir að ætla sér að koma á gengislækkun, en það hefði nú reynzt eitthvað annað. Þessi orð hæstv. forsrh. eru brosleg vegna þess, að hér er skýrt frá því áformi, sem ríkisstj. hefur undanfarið verið að bögglast við. Ráðh. hafa verið að láta sér detta hitt og þetta í hug, m. a. gengislækkun, en þeir hafa orðið að gefast upp, þegar þeir hafa orðið varir við álit þjóðarinnar. Það, að stjórnin hefur ekki reynt að koma fram áformi sínu um gengislækkun, sýnir aðeins hennar eigið ístöðuleysi. Vegna almenningsálitsins hefur ríkisstj. neyðzt til að taka upp sumar af till. okkar sósíalista varðandi sjávarútveginn, og henni hefði verið sæmra að taka þær upp allar, því að þá væri tryggt, að vertíðin gæti hafizt nú eftir nýárið.

Að lokum vildi ég segja þetta: Mér þykir leitt, hve lítill tími hefur gefizt til að ræða þetta mál, því að ég veit, að jafnvel núv. hæstv. ríkisstj. mun sjá, að þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., eru algerlega ófullnægjandi. Frv. þetta, ef að l. verður, mun verða til þess að draga úr sjávarútveginum á næsta ári, en ef skaplegur tími gæfist til umr. og athugana, tel ég, að fást mundu verulegar breytingar til bóta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:7 atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég sé, að næsta mál á dagskrá er frv. um dýrtíðarráðstafanir. Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði ekki tekið fyrir nú þegar, vegna þess að fjhn. hefur klofnað um málið, og er ég þar einn í minni hl. Ég hef ekki haft enn tíma til að útbúa mitt nál. Það eru 24 klukkustundir, síðan þessu máli var útbýtt í d., og 1. umr. stóð frá því, að því var útbýtt og þangað til snemma í morgun. Fundur var í fjhn. frá kl. 11 til 12.15 og þingfundur frá kl. 1½. Ég hef því ekki haft nokkurn tíma til að semja nál. og brtt. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að fundi verði ekki haldið áfram, fyrr en ég hef gengið frá þeim. Ég mundi, strax og fundi væri lokið nú, fara að vinna að því, það er fyrsta stundin, sem ég hef til þess.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég sé, að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, en ég held, að ég megi fyrir hans hönd bera fram þá ósk, að málinu verði fram haldið nú. Það er liðið mjög að því, að þinghlé verði gert, því að það mun verða eftir nokkra daga. Töf á málinu gæti því orðið til að það yrði ekki afgr. nú. Ég vil því eindregið óska þess af hæstv. forseta, að málinu verði flýtt, eins og mögulegt er.

Einar Olgeirsson: Ég vil út af þeirri ósk hæstv. stj., að málið verði afgr. sem allra fyrst, benda á, að með því þingfylgi, sem hæstv. stj. hefur, eru ekki líkur til, að sá frestur, sem ég fer fram á, geti orðið til þess, að málið fái ekki afgreiðslu fyrir jól. Það er mjög óviðkunnanlegt við þetta mál að beita aðferðum, sem aldrei hefur verið beitt áður. Eins og ég skýrði áðan fyrir hæstv. forseta, þá hefur mér ekki enn gefizt tími til að semja nál. Hér er um lagabálk að ræða upp á 12 síður, sem stjórnarandstaðan hafði ekki hugmynd um og verður því að fá aðstöðu til að setja sig inn í. Ég lýsti því yfir við hæstv. forseta, að ég mundi nú þegar, er fundi væri lokið, fara að vinna að því að skrifa nál. og semja brtt. Hæstv. forseti mætti mín vegna setja aftur fund kl. 9 í kvöld. Mundi ég reyna að sjá svo um, að nál. mitt og brtt. lægi þá prentað fyrir. Mundi sá tími þó alls ekki nægja til að senda frv. til umsagnar þeim aðilum, sem ég hefði viljað. Mér virðist, að hæstv. stj. með því fylgi, sem hún hefur, þurfi ekki að óttast, að þessi stutti frestur geti orðið til þess, að frv. nái ekki fram að ganga. Hæstv. stj. virðist ekki hafa haft svo mikinn áhuga fyrir þessu máli, að það sitji á henni að reka á eftir því með slíku ofurkappi, þegar það loks kemur fram.

Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, því að það er hans starf að vernda jafnt rétt minni hlutans og meiri hlutans, að sjá svo um, að minni hl. gefist tími til að skila nál., eins og alltaf er siður, þegar um svona mál er að ræða.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. geta þess, að ríkisstj. telur nauðsynlegt, að þetta mál verði afgr., áður en þinghlé hefst fyrir jól, og má vart búast við vegna utanbæjarþm., að starfstíminn verði lengri en þessi vika. Ég álít því, að engan tíma megi missa í þessu efni, og tel, að rétt sé að láta umr. fara fram í dag, og vil beina því til hæstv. forseta. Ég veit að vísu, að hér er um stórt mál að ræða, en það er þó mál, sem er þannig vaxið, að um það hefur mikið verið rætt og hugsað á þessu þingi, og sumt í þessu frv. er ekki sérstaklega nýtt fyrir hv. alþm. Og þar sem enn þá eru eftir fimm umr. þessa máls á Alþingi, þá ætla ég, að allir, sem vilja bera fram sínar till. og aths., eigi þess kost, þó að málinu sé nú nokkuð hraðað. Það er ekkert eins dæmi á Alþingi eða þjóðþingum yfirleitt, að stundum þurfi að hraða mikilsverðum málum, og það er engin misbeiting á þingstarfinu, þó að svo sé gert. Allir fá að láta í ljós sínar skoðanir og bera fram brtt., eftir því, sem þeir vilja, og þinginu er enginn greiði gerður eða álit þess aukið, að umr., hvort sem er um þetta mál eða annað, séu látnar dragast úr hófi fram, eins og það er orðað í sjálfum þingsköpunum, þó að eðlilegt sé, að menn geti látið í ljós skoðanir sínar og geti flutt þær brtt., sem þeir vilja, og gert grein fyrir þeim, og ég álít, að öllum hv. þm. gefist kostur á því, sem vilja, að bera fram brtt. og láta í ljós sínar skoðanir, þó að 2. umr. sé látin hefjast nú þegar.

Einar Olgeirsson: Ég vil út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, benda á, að ég minntist á það í minni ræðu, að þótt umr. hæfist ekki fyrr en í kvöld kl. hálf níu, þá mundi það þýða það, að búið væri að útbýta nál. frá mér og brtt. Ég held, að þótt hæstv. forsrh. segi, að mikið hafi verið rætt og hugsað um dýrtíðarmálið, þá hafi ekki mikið verið rætt og hugsað um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og þó að sumt sé dálítið kunnugt, þá eru ýmis ákvæði í því, sem óhjákvæmilega

verður að athuga nánar og fá tíma til að bera fram brtt. við. En með því að halda umr. áfram nú, fæst enginn tími til að semja brtt. eða láta prenta þær. Það er tilgangurinn með þingsköpum, að mönnum verði við 2. umr., og þá fyrst og fremst minni hl., gefið tækifæri til að leggja fram sínar brtt. Það eru fyrirmæli í þingsköpum um það, að eigi að líða sérstakur tími, eins og hæstv. forseta er kunnugt, milli 1. og 2. umr., og þá fyrst er sá frestur er liðinn, er ákvæðum þingskapa fullnægt.

Hvað viðvíkur áliti á þinginu og þingræðinu, þá vil ég halda fram, að álit þingsins er sízt aukið með því að ætla að breyta út af þingsköpum og brjóta rétt þm., sem þeim er ákveðinn í þingsköpum, með því að leggja ofurkapp á að flýta framgangi máls. Þessi aðferð gæti smám saman orðið til þess, að ríkisstj. færi að leggja stórmál fram rétt fyrir jól og þvinga þau á örskömmum tíma gegnum þingið. Með þessu yrði þingræðið gert að hreinum skrípaleik. Ég vil því eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái svo um, að réttur minni hl. sé verndaður og frv. ekki tekið til umr., fyrr en nál. og brtt. minni hl. liggja fyrir, en það gæti orðið, eins og ég sagði, fyrir kl. 8½ í kvöld.

Forseti (BG): Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. 2. þm. Reykv., hvort hann mundi sætta sig við, að ákveðið yrði fundarhlé þar til kl. 5 (**EOl:** Ég get ekki verið búinn fyrir kl. 5.) Hér rekast á ákveðnar óskir. Kemur þá til úrskurðar þd. í sjálfri atkvgr., því að það þarf afbrigða við, og kemur þá fram vilji d. í þessu atriði. Er þá tekið fyrir 4. mál á dagskrá, frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, 116. mál Nd., þskj. 190, n. 198.

Of skammt er liðið frá 1. umr. og úthýtingu nál., og verður nú leitað afbrigða.

Jörundur Brynjólfsson: Skildi ég það rétt, að það væri undir úrslitum við atkvgr. um afbrigði komið, hvort nokkur frestur yrði veittur eða ekki? Er það ekki ætlun hæstv. forseta, að atkvgr. sé aðeins um það, að málið megi taka fyrir? Ég skýt þessu fram, því að menn gætu viljað veita nokkurn frest, þó að þeir vildu veita afbrigði fyrir, að málið mætti komast að nú. En ef afbrigði væru felld, þá gæti málið ekki komizt að, a. m. k. ekki í dag.

Forseti (BG): Það er rétt, að verði afbrigði felld, er eigi unnt að taka málið fyrir í dag.

Jörundur Brynjólfsson: Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti hefur alveg skilið mig, en mér skilst, að það megi ekki blanda þessu tvennu saman, afbrigðum annars vegar og hins vegar því, hvort skuli veita nokkurn frest. Ef d. vill veita leyfi til, að taka megi málið fyrir, þá samþykkir hún afbrigði. Á eftir getur svo komið til úrskurðar, hvort veita skuli nokkurn frest, og má gera það með sérstakri atkvgr., ef vill. Ég vil óska þess, að hæstv. forseti gefi skýringu á, hvernig hann hefur hugsað sér að haga þessu.

Forseti (BG): Ég vil upplýsa fyrir d., þó að það sé ekki nauðsynlegt, að þessu hefur ekki verið blandað saman, afbrigðum og möguleika fyrir, að fundi verði frestað til kl. 5, eða í nokkrar klst., heldur sagði ég, að við atkvgr. um afbrigði mundi koma fram, hvort d. vildi láta taka málið fyrir í dag. Sá þátturinn, ósk stjórnarandstöðunnar að vilja fá nokkurn frest til að undirbúa nál. sitt og brtt., er alveg á valdi forseta, hvort fundi er frestað til kl. 5 eða ekki.

Jörundur Brynjólfsson: Ég tek það þá svo, að menn geti greitt atkv. með afbrigðum og að það sé þá á eftir á valdi hæstv. forseta, hvort hann veitir frest eða ekki, eða svo, að hann vilji skjóta því undir úrskurð d. síðar. Því greiða menn atkv. um afbrigðin út af fyrir sig, hvort frjálst sé að taka málið fyrir, og er sú atkvgr. þá aðeins um það. Þetta er nauðsynlegt að vita, því að það getur verið, að ýmsir vilji veita frest, þó að leyft sé, að málið verði tekið fyrir nú, og þeir greiða þá atkv. með afbrigðunum. Ég tek það þá svo, að menn greiði atkv. um afbrigðin út af fyrir sig, en hitt sé svo frjálst.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

1. frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Fjhn. d. hefur rætt þetta mál á fundi, og urðu menn ekki á eitt sáttir um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. hefur skilað nál. á þskj. 198 og leggur til, eins og þar segir, að frv. verði samþ. Ég mun ræða hér lítils háttar um I.—III. kafla frv., en annar af nm. í meiri hl., hv. 7. þm. Reykv., hefur hins vegar tekið að sér að ræða um aðra kafla frv., þ. e. a. s. IV.—VIII. kafla.

Það er í rauninni óþarfi að eyða löngum tíma í að skýra þetta frv. af n. hálfu, þar sem það var nokkuð ýtarlega rætt við 1. umr. hér í d. í gær og skýringar gefnar á málinu af hálfu ríkisstj., sem flytur frv.

Eins og segir í I. kafla frv. er að því stefnt með flutningi þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar.

II. kafli frv. er svo ákvæði um eignaraukaskatt, en samkv. því á að leggja sérstakan skatt á eignarauka, sem orðið hefur hjá skattskyldum aðilum á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, og á skattur þessi að renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sem stofnaður var með l. nr. 55 1942, en fé úr þessum framkvæmdasjóði er varið til nauðsynlegra framkvæmda, eftir nánari ákvörðun Alþingis. Þessi eignaraukaskattur leggst á alla skattþegna, sem um næstu áramót eiga skuldlausa eign, er nemur yfir 100000 kr. hjá hverjum skattþegni umfram skuldlausa eign þeirra 1. jan. 1940, og skatturinn er stighækkandi frá 5—30%. Ákvæði eru í 2. gr. frv. um nokkrar undanþágur frá þessum skatti, sem þegar hefur verið lýst. Það, sem þar kemur til greina, er Eimskipafélag Íslands og fyrirtæki, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri og fá að draga frá eignarauka það fé, sem lagt hefur verið í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af samkvæmt

gildandi l. Á sama hátt dregst frá eignarauka samvinnufélaga það fé, sem þau hafa lagt í varasjóði samkv. ákvæðum l. um samvinnufélög, en eins og kunnugt er, er ekki leyft að skipta þeim sjóðum við félagsslit samkv. samvinnulögunum. Loks er í gr. ákvæði um það, að skattur af eignarauka samvinnufélaga svo og félaga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, skuli ekki vera yfir 10%. Þetta eru aðalatriðin í ákvæðum frv. um eignaraukaskatt.

Það má geta þess, að áður hafa komið fram till. hér á Alþ. um eignaraukaskatt. Á Alþ. 1943 í þingbyrjun var flutt hér frv. til l. um eignaraukaskatt af þm. úr þrem flokkum, þ. e. a. s. Alþfl., Framsfl. og Sameiningarflokki alþýðu — sósfl. Samkv. því frv. var lagt til, að leggja skyldi skatt á eignarauka, sem orðið hefði á árunum 1940—1942, sem væri um fram 80000 kr. hjá hverjum skattþegni, enda næmi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð, þegar skattur væri á lagður. Þá var gert ráð fyrir, að þessi skattur yrði 20—30 af hundraði af skattskyldum eignarauka, og hámark skattsins var það sama í því frv. eins og hér, 30%, ef eignaraukinn var yfir 1 millj. kr. Þetta frv., sem flutt var 1943, náði ekki fram að ganga og hefur því aldrei verið lagður eignaraukaskattur á þann gróða, sem safnazt hefur undanfarin ár, fyrr en ef það verður nú með samþykkt þessa frv.

Eigi er því að leyna, að ég hefði kosið, að ýmis atriði þessa kafla frv. hefðu verið nokkuð á annan veg. T. d. hefði ég kosið, að ákvæðin um skattgreiðslur félaga væru á annan veg en hér er gert ráð fyrir, og fleira mætti nefna, en ég hirði ekki um það. Ég veit raunar, að það sama er að segja um aðra nm. í fjhn., sem skrifa undir þetta álit meiri hl., að ef þeir hefðu hver um sig mátt einir um málið fjalla, þá mundu till. þeirra vera nokkuð á annan veg en hér er lagt til. En svo sem kunnugt er, þá er þetta frv., jafnt þessi kafli eins og aðrir, árangur af samkomulagstilraunum, sem fram hafa farið um þetta mál innan ríkisstj. og stjórnarflokkanna, og ég geri því tæplega ráð fyrir því, að hægt væri að ná samkomulagi um aðra leið að þessu, sem fleiri gætu betur sætt sig við, heldur en þetta, sem hér liggur fyrir, og því leggur meiri hl. til, að þetta verði samþ.

III. kafli frv. (12.—16. gr.) er um verðlagsuppbætur o. fl. Þar er svo fyrir mælt, að meðan l. eru í gildi, þá skuli ekki miða verðlagsuppbætur við hærri vísitölu en 300. Þetta er ákveðið í 1. gr. þessa III. kafla. Í þessu sambandi má minna á, að fyrst þegar tekið var að reikna út vísitölu framfærslukostnaðar og miða kaupgjaldsuppbætur við hana, 1939, þá var svo ákveðið, að ekki skyldi greidd full vísitöluuppbót miðað við aukningu framfærslukostnaðarins. En frá þessu var horfið skömmu síðar og ákveðið að greiða fulla verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar á hverjum tíma, og hefur það haldizt síðan. Sú regla, sem hér var upp tekin í þessu efni, er, eftir því sem fram hefur komið í þessum umr., önnur en gilt hefur víðast eða alls staðar annars staðar, þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið við haft. Þar hafa menn ekki fengið verðlagsuppbætur á laun sín miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, og sjálfsagt hefur það verið misráðið hér að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem tekið var upp vorið 1939, að því er þetta snertir.

Í þessum III. kafla eru enn fremur fleiri ákvæði, t. d. það, að undanþága frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, sem verið hefur í l. frá 1939, skuli niður falla. Þá er í 15. gr. ákvæði um það, að verðlagsyfirvöld skuli eftir gildistöku l. gera ráðstafanir til þess að færa niður verð á hvers konar vörum til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar. Einnig er í þessari gr. heimild fyrir ríkisstj. til að leggja fyrir húsaleigunefndir að færa niður um allt að 10% húsaleigu í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleigu í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Þá er loks í þessum kafla frv. ákvæði um það, að eftir að l. hafa tekið gildi, skuli framleiðsluráð landbúnaðarins verðskrá landbúnaðarvörur af nýju og færa verð þeirra til samræmis við þá breyt., sem hér verður gerð á tekjum manna vegna þessarar breytingar á vísitölunni, þannig að sama hlutfall haldist milli tekna framleiðenda og launamanna eins og var.

Hæstv. forsrh. gat þess í ræðu sinni, þegar hann lagði þetta frv. fyrir, að athugun hefði leitt í ljós, að sú festing vísitölunnar, sem hér er ákveðin í III. kafla frv., mundi hafa í för með sér raunverulega tekjurýrnun hjá þeim, sem fá verðlagsuppbætur, um nálega 5% af heildartekjum þeirra. Út af þessu m. a. hefur frv. verið mjög illa tekið, það er í því sambandi talað um árás á einstakar stéttir þjóðfélagsins og jafnvel höfð svo stór orð, að hér sé stefnt að setningu þrælalaga, og þar fram eftir götunum. Ég verð að segja það, að það er ósköp að heyra slíkt orðbragð um þetta, þótt hér sé gert ráð fyrir því, að menn leggi örlítið fram af tekjum sínum til þess að reyna að tryggja áframhaldandi rekstur aðalatvinnuvega landsmanna. Ég held, að okkur væri hollt að athuga í þessu sambandi, hvernig ástatt er hjá sumum öðrum þjóðum og hvaða kjör þær eiga við að búa. Ég heyrði frásögn í ríkisútvarpinu í fyrra kvöld. Það var erindi, sem einn hérlendur maður flutti um það, sem fyrir augu hans hefur borið og hann hefur kynnzt á ferðalagi um Mið-Evrópu nú fyrir skömmu. Það var ófögur lýsing, sem hann gaf á kjörum fólksins þar. Það var saga um hungur og harðrétti, vonleysi almennings og eymd. Þeir, sem við slíkt eiga að búa, hafa vissulega ástæðu til að kvarta, en við Íslendingar höfum enga ástæðu til þess. Sem betur fer hafa menn hér nóg að bíta og brenna, ég held óhætt að segja undantekningarlaust. Og ef það skyldi nú einhverjum takast að æsa marga menn í landinu upp gegn þessum ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, þó að í þeim felist það, að þeir verði að leggja lítið brot af tekjum sínum til þess að tryggja áframhaldandi atvinnu í landinu og rekstur aðalbjargræðisatvinnuvega okkar, þá verð ég að segja, að það ber vott um minni þroska og þjóðhollustu hér heldur en vera ætti.

Það er búið mikið að ræða um þessi dýrtíðarmál, bæði fyrr og síðar, og það hafa vikulega komið uppástungur um nokkuð aðrar leiðir í þessu máli en hér eru till. um. Eitt af því, sem

talað hefur verið um í þessu sambandi, er breyt. á skráningu gjaldmiðilsins, þ. e. a. s. gengislækkun. Ýmsir hafa haldið því fram, að sú leið mundi vænlegust til þess að létta undir með útflutningsatvinnuvegunum. Aftur hefur það komið fram, að mjög margir hafa haft ótrú á þeirri leið og jafnvel enn síður viljað á hana fallast en aðrar ráðstafanir. Ég er einn af þeim, sem eru því andvígir að sú leið verði farin, ef annars er kostur. En ég vil benda á það, að þeir menn, sem beita sér gegn þessari tilraun, sem hér er verið að gera af hálfu ríkisstj., — þeir, sem beita áhrifum sínum til þess að reyna að koma í veg fyrir, að sá árangur náist, sem hér er stefnt að — þeir eru með því að grafa grunninn undan aðalatvinnuvegunum og þar með að kalla yfir sig og aðra landsmenn örðugleika, þrengingar í atvinnulífinu, gjaldeyrisskort og þar með óumflýjanlega vöntun á ýmsum nauðsynjum, sem m. a. er líklegt og sennilega óhjákvæmilegt, að mundi leiða af sér verðfall peninganna. Hversu margir þeir verða, sem vilja vinna að sliku, það er óupplýst mál enn sem komið er, en þess vildi ég vænta, að þeir yrðu sem fæstir.

Ekki er því að leyna, að ég tel, að hér hefði þurft að gera meira — gera stærra átak til þess að koma okkar aðalatvinnuvegum á tryggan grundvöll til þess að sporna við hinni vaxandi verðbólgu og þeim margvíslegu örðugleikum, sem sigla í hennar kjölfar, og það vil ég benda á, að þótt þetta frv. verði að l., þá er þörf á því að koma fram fleiri ráðstöfunum í þessa átt en hér er um að ræða í þessu eina frv. En jafnvel þótt þetta sé ekki svo stórt spor sem æskilegt hefði verið og ekki svo fullkomið sem maður hefði kosið, og langt frá því, þá tel ég, að hér sé í höfuðatriðum stefnt í rétta átt. Þetta er í fyrsta sinn, sem gerð er alvarleg tilraun til þess að stöðva verðbólguna.

Það er ekki auðvelt um það að spá, enda ætla ég ekki að gera það, hvort þetta kemur að tilætluðum notum eða hversu lengi þessar ráðstafanir, þegar ekki er lengra farið, nægja til þess að halda okkar aðalatvinnuvegum og útflutningsframleiðslunni gangandi. En aðalatriðið er þetta, að hér er stefnt að mínu áliti í höfuðatriðum í rétta átt, og þess vegna tel ég rétt og við í meiri hl. n., að frv. verði samþ., þó að við hefðum hver um sig, ef við hefðum mátt ráða, kosið að hafa ýmis einstök ákvæði frv. nokkuð á annan veg. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa kafla frv., sem ég tók að mér að ræða um af hálfu n., og get látið máli mínu lokið.

2. frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. — Við í meiri hl. skiptum með okkur verkum um það að gera grein fyrir afgreiðslu þessa máls í fjhn., m. a. vegna þess, að lítill tími hefur verið hjá n. til starfa.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur þetta mál sætt löngum undirbúningi af hálfu ríkisstj., áður en það var lagt fyrir þingið. — Varðandi þá kafla frv., sem eftir er að gera grein fyrir, og ég vildi gera lítillega grein fyrir viðhorfi meiri hl. til, vil ég segja það, um IV. kaflann, að það ber að líta á hann eins og aðra einstaka kafla frv. í þeirri heild, sem þeir eru fram settir. Ég skal ekki draga neina dul á það, að út af fyrir sig hef ég litið svo á, að ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, eins og hún hér liggur fyrir, væri í eðli sínu vandræðaráðstöfun og út af fyrir sig ekki vænlegt ráð í þjóðarbúskapnum, nema fram knúið á einhvern hátt til þess að vera liður í úrlausn dýrtíðarmálsins með öllu, sem þar þyrfti að gera. Ég lít svo á, að hér sé í eðli sínu um nokkra vandræðaúrlausn að ræða, og ég veit, að öllum þm. er ljóst, að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur okkar og ef hann verður ekki rekinn nema með ríkisábyrgð, er náttúrlega stefnt í fullkomið óefni, því ef ekki er hægt að reka hann á arðbærum grundvelli, þá er ekki í nein önnur hús að venda um stuðning við þennan atvinnuveg, þegar til lengdar lætur. Menn hafa að vísu talað um, að það mætti styðja einn eða suma þætti sjávarútvegsins með fjárframlögum frá ýmsum öðrum atvinnugreinum, svo sem verzlunargróða. En í sjálfu sér er það ekki annað en rökvilla, því að þeir sjóðir, sem þannig væru fengnir, yrðu fljótlega upp étnir. Það yrði því aðeins bráðabirgðaúrlausn, hrossalækning. En það, sem getur réttlætt slika ráðstöfun sem þessa, er hér er um að ræða, er það, sem gert var á síðasta þingi, að einni grein sjávarútvegsins sé veitt ábyrgð og leitað með það til annarrar greinar. Menn ráku áður sjávarútveginn á eigin ábyrgð, græddu stundum og töpuðu stundum, töpuðu á vetrarvertíð, græddu á síldarvertíð aftur og öfugt. Þannig er eðlilegt að hugsa sér þetta, sem hér er lagt til í frv., sem bráðabirgðaástand, þó að ekki sé eðlilegt að vísa beinlinis einni grein sjávarútvegsins yfir á aðrar eða láta aðrar atvinnugreinar eða landsmenn í heild standa undir bagga til þess að létta undir í bili, eins og hér er gert.

Hér eru nokkur önnur atriði viðkomandi ríkisábyrgð á fiskveiðunum en í fyrra. Hér er gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun á öðrum stað í frv., í VII. kaflanum, til þess að standa undir ábyrgðinni, fyrirmæli um söluskatt. Í 22. gr. segir svo: „Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstj. heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum til þess að því verði náð.“ Við höfum fallizt á þennan kafla eins og aðra kafla frv., einkum með tilliti til þess samhengis, sem hann er í, í tilraun til úrbótar á dýrtíðarvandamálinu, en þetta er ekki nema bráðabirgða- og neyðarráðstöfun. En það þarf að tryggja, að undirstöðuatvinnuvegur okkar verði rekinn án taps. Það hafa sumir sagt í gamni, að síldin væri að gera ríkisstj. töluverðar grillur og jafnvel svo, að hún kynni að verða völt í sessi vegna hennar. En ég segi fyrir mig, að fátt sýnir jafnáberandi og síldveiðin þá brýnu nauðsyn, sem er á barátttunni að stemma stigu fyrir dýrtíðinni í landinu. Enda þótt síldin sé komin hér í Faxaflóa og sjómenn geti gengið að ótakmörkuðum afla, þá er það staðreynd, að útkoma margra báta, sem reka þessar veiðar, er þannig, að lítið verður til skipta, þegar gert verður upp, vegna rekstrarkostnaðar bátanna sökum dýrtíðar innanlands.

Það eru ákvæði í þessum kafla um aðstoð við bátaútveginn, sem nokkurs virði kynnu að verða

fyrir hann, t. d. ákvæði 26. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að fulltrúar frá L. Í. Ú. og Fiskifélagi Íslands skuli eiga atkvæði um verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild tekur ákvarðanir um þessi mál. En það er nú einmitt svo, að þessar greinar útgerðarkostnaðar hafa oft verið mjög tilfinnanlegar og því höfuðnauðsyn fyrir útveginn á hverjum tíma að fá þessa útgjaldaliði færða niður, eftir því sem kostur er á.

Þá eru minni háttar ákvæði í 25. gr. um, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir og einnig að ákveða verð á beitu, sem er töluverður liður í útgerðarkostnaði smærri báta. Þetta stefnir að því að tryggja það, að smábátar verði gerðir út á vetrarvertíðinni.

Ég vil segja vegna þess, sem ég hef sagt um eðli ríkisábyrgðar fyrir bátaútveginn, að það er höfuðnauðsyn að reka hann áfram, og það er ekkert nýtt, að ríkið gangi í slíka ábyrgð. Það var þannig á stríðsárunum, að þeir, sem stunduðu þessa atvinnugrein, gengu að því vísu í upphafi vertíðar, hvað þeir mundu fá fyrir vöru sína, því að þá var varan seld öll fyrir fram með heildarsamningum. Upp úr stríðinu var horfið frá þessu ráði og ákveðið lágmarksverð á vörunni

V. kafli þessa frv. fjallar um aðstoð til útvegsmanna, sem síldveiðar stunduðu 1947, vegna þess að síldveiðin í sumar brást gersamlega, eins og öllum er kunnugt. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki nokkur ágreiningur hjá hv. þm. um það, að margir hafi farið þannig út úr þeirri vertíð, að það þurfi að rétta þeim hjálparhönd, til þess að þeir geti haldið áfram atvinnurekstri sínum.

Ég get búizt við því, að skoðanir verði skiptar um það, hvort þessar ráðstafanir, sem hér er lagt til, að gerðar verði, séu nægilegar, og margir munu telja, að dýpra þurfi að taka í árinni. En ríkisstj. hefur ekki talið sér fært að svo komnu að grípa til meiri aðgerða en þarna er gert ráð fyrir, og hefur hún sjálfsagt í mörg horn að líta, og takmarkast þessi kreppuhjálp af því. Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán allt að 3 millj. kr. eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð, sem varið skuli til aðstoðar síldarútvegsmönnum 1947. Það má líka sjálfsagt um það deila, hvort þau lánskjör, sem hér um ræðir, séu miðuð við of stuttan tíma og vextir of háir, og einstaka nm. hefur greint nokkuð á um þessi atriði, en í heild hefur þó orðið samkomulag um að mæla með þessum ákvæðum frv. í þessu formi.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um VI. kafla þessa frv., sem er framlenging á lögum um tollana frá í vor, þ. e. a. s. um hækkun á aðflutningsgjöldum. Það mál var á sínum tíma mjög rætt í þessari hv. d., svo að ég sé ekki ástæðu til að rekja frekar efni þessa kafla, en n. er sammála um, að samþykkja beri þau ákvæði, sem hér er um að ræða.

VII. kaflinn er um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum. Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að það er gert ráð fyrir því, að þessir skattar leggist á allan almenning, og felur þetta þess vegna í sér kjararýrnun fyrir almenning í landinu samfara þeim byrðum, sem landsmenn almennt þurfa að taka á sig með þeirri vísitölufestingu, sem gert er ráð fyrir í III. kafla. Það verða menn að gera sér ljóst, að hér verður ekki ráðin bót á málum, án þess að allir leggi fram nokkrar fórnir, og frv. í heild hefur frá upphafi verið sniðið með það fyrir augum að dreifa þessu nokkuð, og önnur ákvæði eru í frv., sem leggja byrðar á þá aðila, sem hafa meira aflögu, sbr. ákvæði II. kafla um eignaraukaskatt. Söluskatturinn er í svipaðri mynd og veltuskatturinn gamli var, nema að því leyti sem það er heimilt samkv. 45. gr. að hækka verð vöru sem söluskatti nemur, en óheimilt er hins vegar að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja vegna hans. Ég er ekki viss um, að ákvæði þessa kafla séu nógu skýr, miðað við þær breytingar, sem koma fram á söluskattinum frá gamla veltuskattinum. Um það atriði var nokkuð rætt í n., og ég hef athugað þetta nokkru nánar síðan. Þó að ég sé ekki við því búinn nú að gera grein fyrir þeirri athugun á þessu stigi málsins, þá get ég búizt við, að við 3. umr. þyrfti að flytja brtt. um þetta til þess að gera skýrari og ótvíræðari ýmis atriði, sem þarna er um að ræða.

Það eru í 41. gr. ákvæði um hæð söluskattsins: Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%.
2. Af smásölu 1½%.
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkv. 40. gr., 1½%.

Mér skilst, að hugsanlegt sé, miðað við aðrar greinar kaflans, að söluskatturinn gæti orðið hærri en kom fram hjá hæstv. forsrh., sem sagði tvímælalaust, að hann mundi aldrei verða hærri en 3½%. Það þyrfti ef til vill að kveða nánar á um þetta til þess að taka af skarið. Ég geri ráð fyrir, að þetta þyrfti að taka til nánari athugunar fyrir 3. umr. og jafnvel flytja brtt. um það. En fyrir hæstv. ríkisstj. og þeim, sem undirbúið hafa frv., hefur ekkert vakað annað en að hann yrði ekki hærri en 3½%. Því má slá föstu.

Ég vil svo leyfa mér að taka undir það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að hér er að áliti okkar í meiri hl. fjhn. um að ræða tilraun til stefnubreytingar í dýrtíðarmálinu. Hér hefur þurft að samræma sjónarmið fleiri flokka. Margir okkar hefðu viljað hafa ýmis atriði frv. öðruvísi, en ekki fékkst við það ráðið vegna þess, að samræma þurfti sjónarmið fleiri aðila og koma þessu saman í eina heild.

Það er ekki vafi á, að ef þessi lög ná fram að ganga og fá tíma til að verka í framkvæmd, án þess að æst sé upp gegn þeim, eins og stundum hefur verið æst upp gegn lögum, sem sett hafa verið í þessu þjóðfélagi, án þess að gera sér grein fyrir efni þeirra, þá er hér um að ræða verulega tilraun til bóta á því öngþveiti, sem er í okkar verðlags- og dýrtíðarmálum, sem skrúfar upp verðlag og kaupgjald í landinu. Það verður ekki snúið við á þessari braut öðruvísi en þannig, að allir einstaklingar þjóðfélagsins verði fyrir einhverri kjararýrnun. En þetta er áreiðanlega og fyrst og fremst til að tryggja áframhaldandi blómlegan atvinnurekstur í landinu og koma í veg fyrir, að eyðilagðir verði ávextirnir

af því nýsköpunarstarfi, sem unnið var í tíð fyrrv. ríkisstj.

Það var af hv. síðasta ræðumanni minnzt á ráðstafanir, sem fælust í gengislækkun, sem bæði innan þings og meðal almennings virðist vera lítill áhugi fyrir. Og ef það kynni svo að fara, að ekki lánist að stinga við fótum eins og hér er lagt til, þá gæti verið, að menn ættu þess kost að velja um, hvort þeir vildu gengislækkun eða ekki, ef til þess kemur, að dýrtíðin heldur áfram að vara og sprengir að lokum gjaldþol atvinnuveganna.

Með þessari grg. legg ég ásamt öðrum nm. í meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. og megi ganga áfram í þessari hv. deild. [Fundarhlé.]

Forseti (BG): Útbýtt hefur verið í deildinni brtt. á þskj. 204, 205 og 206 og enn fremur nál. frá minni hl. á þskj. 207. Um brtt. þarf afbrigði, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Eins og frá hefur verið skýrt, þá hefur fjhn. klofnað um þetta mál, eins og líka vænta mátti. Ég hef lagt fram brtt. mínar og nál. minni hl. n., og skal ég nú gera grein fyrir afstöðu minni.

Hvað snertir I. kaflann og 1. gr. hans, þá er það að segja, að sú yfirlýsing um stefnu og tilgang frv., sem sú gr. fjallar eingöngu um, er í algeru ósamræmi við það, sem á eftir fer í hinum köflum frv., þannig að sú yfirlýsing verður yfirskin eitt, því að í frv. er beinlínis stefnt að því að auka dýrtíðina, en engar ráðstafanir til að hindra atvinnuleysi eða að tryggja sjávarútveginn. Þessi gr. er því alröng. Ég tók þá afstöðu að verða andvígur þessu frv., en fannst þó rétt að gera till. til breytinga á því, þótt mér hafi alls ekki unnizt tími til þess, því að þær breyt., sem gera þyrfti, eru mjög margar, þar hefði þurft að koma alger breyting. Ég hef nú athugað frv. nokkuð, en II. kafla hefur mér ekki unnizt tími til að athuga sem skyldi. Við sósialistar lýstum yfir því, þegar við bárum fram dýrtíðarfrv. okkar, að ef það fengi góðar undirtektir, mundum við koma fram með till. um tekjuöflunarleiðir. Þannig mundum við nú, ef eitthvað af mínum brtt. við þetta frv. yrðu samþykktar, bera fram við 3. umr. till. um tekjuöflun, sem mundi verða jafnvel enn ríflegri en hér er gert ráð fyrir, en þá yrði tekið meira af þeim, sem breiðust hafa bökin. Ég lagði á það áherzlu við 1. umr. þessa máls, að með II. kafla væri ekki verið að taka af auðmönnum, eins og bæri að gera, heldur væri hér um algert handahóf að ræða. Eins og ég tók fram áðan, hefur mér ekki gefizt tími til að kryfja þann kafla til mergjar og mun því ekki flytja brtt. við hann við þessa umr. Ég spurði um það við 1. umr., hvað ríkisstj. ætlaði, að ákvæði þessa kafla mundu gefa ríkissjóði í aðra hönd. Ég hef ekkert svar fengið við þeirri spurningu. Ég sagði í gær, og því er ómótmælt enn, að í Rvík væru 200 auðmenn, sem ættu um fimm hundruð millj., þannig að með 10% skatti á þessa menn væri hægt að ná í 50 millj., og er það meira en hæstv. ríkisstj. getur vænzt að fá með sínum till. Við sósialistar munum því bera fram till. til tekjuöflunar seinna.

Höfuðkafli frv. er III. kaflinn, og höfuðgrein hans er 12. gr. Ég hef áður bent á, hvílíkt óréttlæti slíkt ákvæði er. Nú eru sjómenn og verkamenn hér í næsta nágrenni okkar að ausa upp óhemju miklum auði, þeir ausa upp slíku ógrynni af síld, að bara ef ríkisstj. gæti veitt öllum aflanum viðtöku, þá vissi hún ekki, hvað hún ætti að gera við hann. Þessi vertíð er nú að verða svo gjöful, að slagar upp í sumarvertíðina, og sjómenn og verkamenn hér og á Siglufirði leggja mikið á sig, vaka dag og nótt til þess að veiða og vinna að aflanum, og þá er það hart, að Alþ. og ríkisstj. ætli nú að verðlauna þessa menn með því að rýra verulega laun þeirra. Það er hart, að ríkustu mönnum sé gert kleift að halda eftir auði sínum, en hinir, alþýða þessa lands, eigi að bera byrðarnar. Vegna þessa einbeitum við sósialistar till. okkar að því að fá þetta óréttlæti numið burt. Nú hafa ráðh. hæstv. ríkisstj. lagt áherzlu á það, að við sósialistar höfum í frv. okkar og í grg. fyrir því lagt til, að vísitalan ætti að haldast í kringum 300 stig. Þetta er alveg rétt, en till. okkar í þessu efni miðast við það, að það sé gert með ráðum og að þjóðarbúskapurinn verði betur skipulagður og að svo miklu leyti sem einhverjar byrðar yrðu lagðar á fólkið, þá yrðu það þeir ríkustu, sem bæru þær, en ekki þeir fátækustu. Ég legg því til á þskj. 205, að III. kaflanum sé gersamlega breytt. Fyrirsögnin verði: „Um niðurfellingu tolla á ýmsum nauðsynjavörum.“ Og þetta mundi hafa þær afleiðingar á vísitöluna, að hún mundi lækka sem munar því fé, sem ríkisstj. ætlar að ræna af almenningi. Hins vegar ætti ríkisstj. að hætta að leggja tolla á þær nauðsynjavörur, sem koma inn í vísitöluna, og mundi ríkissjóður þá sleppa við að greiða launþegum uppbætur vegna þessara tolla. Það er hrein og bein Kleppsvinna að greiða slíkar uppbætur. Þessi brtt. okkar sósialista er því aðalatriðið í brtt. okkar, og afstaða okkar til frv. mun fara eftir því, hvernig þessari brtt. verður tekið, og ef þessi brtt. mín nær samþykki, þá mun frv. þetta ná samþykki okkar sósialista í gegnum þingið.

Um IV. kafla frv. ræði ég ekki, og er 17.—20. gr. um sama efni sem fyrir er í l. Um 21. gr. hefur n. ekki rætt ýtarlega. Í ágúst 1942 var samþ. þáltill. um útflutningsuppbætur á kjöt, og var þar með samþ. fordæmi til að ná fé úr ríkissjóði á þennan hátt, en það var gert gegn atkv. okkar sósialista. Ég hef engar upplýsingar um þetta atriði nú, en mér er vel kunnugt um, hvernig það hefur komizt inn í frv., að greiddar skyldu uppbætur á útflutt kjöt. Framsfl. hefur sótt þetta fast að fá þessa breyt. fram og hefur hvergi sparað að hafa í frammi hótanir við samstarfsflokka sína í ríkisstj. til að fá þessa kröfu samþ. Síðan hefur Sjálfstfl. talið sig geta gengið að þessu skilyrði Framsóknar, ef auðmönnunum innan Sjálfstfl. yrði sleppt. Á þessum grundvelli hefur ef til vill samkomulag náðst um frv. þetta, og Alþfl. hefur sett sitt skilyrði, að Stefán Jóhann sæti kyrr á sínum valdastól og sæi um, að

alþýða landsins borgaði dýrtíðarráðstafanir ríkisstj. Ekki er ólíklegt, að kjötuppbæturnar hafi komið inn í frv. á slíkan hátt.

22. gr. frv. þarf að athuga nánar, og mun ég ekki ræða hana að svo stöddu. Á þskj. 205 er lagt til að lækka vexti af lánum til sjávarútvegsins í 2½%, og mundi slíkt hafa geysilega þýðingu fyrir útveginn, en það er þegar sýnt, að Landsbankinn græðir nóg til að geta lánað til þessara framkvæmda með þessum vaxtakjörum. Þjóðbankinn getur fyllilega borið þetta. Enn fremur þurfa vátryggingargjöld að lækka, og er lagt til, að þau lækki í 4% — ættu jafnvel að geta lækkað í 3%. Slíkt er geysilegur sparnaður fyrir útgerðina. Nú sem stendur eru í l. ákvæði um, að bátar séu skyldaðir til að vátryggja á ákveðnum stað, enda þótt hægt sé að tryggja með lægri iðgjöldum annars staðar. Þá er enn fremur í brtt. minum lagt til, að ríkissjóður endurgreiði kr. 4.00 pr. síldarmál. Ég fer ekki út í þá sálma hér. Hv. þm. er vel kunnugt um, hvað það þýðir. Sama er um d-lið þessarar brtt., að gefa útvegsmönnum kost að færa afborganir af lánum, sem greiða átti á þessu ári, yfir á næsta ár. Það er hart, ef á að ganga að útgerðarmönnum, þegar vitað er, að þeir hafa orðið að stríða við þrjú síldarleysisár. Er því ekki nema réttmætt að gefa bátaútveginum kost á því að velta einhverju af skuldabyrðinni af sér á komandi vertíð, og ætti því að skylda þjóðbankann til að veita útveginum áframhaldandi lán, svo að útvegsmenn geti gert út. Þá er einnig lagt til, að ríkisstj. geri ráðstafanir til, að hægt verði að útvega sem flestar nauðsynlegar útgerðarvörur ódýrari en nú á sér stað. Enn fremur er lagt til, að ríkið hafi með höndum einkasölu á olíu og lækki með því olíuverðið. Þá er 26. gr. orðuð upp úr fyrri l., en enn virðist allt vera óákveðið um, hvort bátarnir fari af stað eftir nýár eða ekki, og hæstv. ráðh. hefur ekki gefið hér neina yfirlýsingu um það.

Um VI. og VII. kafla frv. er það að segja, að ég er á móti báðum þessum köflum. VI. kaflinn fjallar um framlengingu á þeim tollaálögum, sem ríkisstj. lagði á herðar almenningi í vor, er leið, og ég hélt nú satt að segja, að hæstv. stjórn yrði ekkert glöð yfir því að framlengja þessi ákvæði. VII. kafli er ekki annað en að bætt er alþingissamþykkt ofan á alþingissamþykkt. Þessi veltuskattur er áframhaldandi Kleppsvinna. Það er verið að leggja tolla á brýnustu nauðsynjar manna, og tekjum ríkissjóðs er svo varið til að borga hallann. Þetta er óréttlát aðferð, eins og allir sjá, og þetta eru engin vinnubrögð. Með framlengingu fyrri tolla og með viðbót hinna nýju er aðeins verið að auka dýrtíðina í landinu. Það er verið að stuðla að því, að verðbólgan vaxi. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki mótmælt þessu. Þessir tollar munu valda 3.5% vísitöluhækkun. M. ö. o., bein kauplækkun launþeganna nemur þá yfir 10%. Ég mun því greiða atkv. gegn þessum köflum frv.

Nú vil ég vekja athygli hv. þdm. á því, að hæstv. forsrh. gerði lítið úr þeirri launalækkun, sem ríkisstj. boðar, og talaði um 5% lækkun launa. En hæstv. ráðh. minntist ekki einu orði á það, að erlendu vörurnar hækki. Vísitalan er nú um 380 stig, en kaup hefur verið greitt með vísitölu 328. Hin 50 vísitölustigin hafa verið greidd niður úr ríkissjóði. Eftir að Alþ. hefur samþ. svona l., er 10% launalækkun ákveðin. M. ö. o., ríkisstj. ætlar að reyna að nota vald Alþ. til að lækka laun verkalýðsins, á sama tíma og hún sleppir að mestu stóreignamönnum landsins frá verulegum sköttum. Hæstv. dómsmrh. sagði í gær, að hér væri fastur grundvöllur fenginn, en það væri ekki hægt að taka stærri spor í einu, en mestu máli skipti þó, að vísitalan væri fest. Hæstv. ráðh. lýsir yfir því, að mestu máli skipti það, að hlutur auðmannanna sé tryggður, en um leið sé lagður grundvöllur til að höggva stærra skarð í rétt verkamanna og launþega á Íslandi. Hæstv. forsrh. talar um 5% launaskerðingu, en hæstv. dómsmrh. lýsir yfir því, að ekki sé hægt að taka stærri skref í einu. Þessi 5% er ekki mikið, en það er hægt að færa sig upp á skaftið síðar, og það er þetta vald, sem ríkisstj. vill fá í hendur og framkvæma án þess að spyrja nokkurn að. Það er þetta, sem mestu máli skiptir, sagði hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson. Hrunáætlunin er nú fullsamin, og það er unnið að skipulagningu atvinnuleysis. Hitt, að reyna að tryggja atvinnu í landinu, um það er ekki eitt atriði að finna í þessu frv. Nei, þessi ríkisstj. virðist nú hvergi smeyk, því að nú eru 3 ár til kosninga, ef allt fer eins og til er ætlazt. Nú situr að völdum ríkisstj., sem er í einu og öllu fyrir auðmennina á Íslandi. Ef Framsókn skyldi heimta kosningar í vor, þá er hún keypt og spurð: Hve margar milljónir viljið þið fá til ráðstöfunar? — Í kjölfar þessa skal kné fylgja kviði. Þess vegna er revnt að skapa atvinnuleysi strax í ár, og í kjölfar þess er skipuð launalækkun.

Annars verð ég að segja það, að framkoma hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. hefur verið með endemum. Það er hart, þegar þm. verða að horfa upp á það, að maður úr annarri d., eins og hæstv. dómsmrh., eys út úr sér öðrum eins fúkyrðum og hann gerði hér. Hann kom með þá sögu í gær, að ég hefði beðið um að vera í fjárhagsráði, og talaði háðulega um, að ég hefði knékropið. Það er rétt, að ég segi frá því, hvernig þessu máli var varið. Það hefur verið siður, þegar opinberar n. eru skipaðar, að taka tillit til styrkleika þingflokkanna. Þannig var það um nýbyggingarráð og viðskiptaráð á sínum tíma. Það þótti vera lýðræðislegt, að stjórnarandstaðan hefði sína fulltrúa í þessum n. Þegar núv. stjórn var mynduð, var gengið út frá því, að einhver fulltrúi frá sósialistum yrði í fjárhagsráði, þótt ekki væri beðið um það af hálfu Sósfl. Þetta var svo kunnugt, að ég átti tal við hæstv. forsrh. og spurði hann, hvort þetta hefði komið til mála, og sagði hann það vera rétt. Ég sagði honum, að ég færi ekki fram á þetta, en þar sem ég var að fara til útlanda, bað ég hann að síma mér út, ef af þessu yrði. Sósfl. bar ekki fram neina ósk um það að fá fulltrúa í fjárhagsráði, en ég veit hins vegar, að stjórnarflokkarnir gengu út frá því, að svo yrði, þangað til í sömu viku og það var skipað, enda var mér sagt frá því í Stokkhólmi viku áður af einum af meðlimum ráðsins. Úr þessu varð þó ekki.

Ég hef ekki kvartað, og ég hef ekki sótzt eftir

embættum hjá ríkinu. Mér finnst því leiðinlegt, þegar hæstv. dómsmrh. skröltar upp svona sögum til þess að gera minna úr andstæðingum sínum. Hitt er svo annað mál, að þetta geta ekki talizt lýðræðisleg vinnubrögð. Á norræna þingmannafundinum var talað um nauðsyn þess að vernda rétt minni hl., en hæstv. dómsmrh. vill innleiða aðrar venjur. Sósfl. er fulltrúi 20% þjóðarinnar, og þeir hlutir, sem fjárhagsráð hefur með höndum, varða atvinnulíf allra Íslendinga. En stjórninni er illa við, að fulltrúi frá Sósfl. eigi þar sæti og að það komist upp, að verið er að skipuleggja atvinnuleysi í stað framkvæmda. Öðrum ásökunum hans vísa ég til föðurhúsanna. Hann hefur orðið sannur að sök sem opinber ósannindamaður varðandi sölu á íslenzkum afurðum. Hann er eins konar persónugervingur 2. síðu í víðlesnasta blaði landsins, þar sem hann endurtekur ósannindi sín, blaði, sem gefið er út af ríkri auðmannastétt og lifir á auglýsingum heildsalanna, en blað alþýðunnar í landinu er lítið og hefur yfir litlu fé að ráða, þess vegna er hægt að halda uppi blekkingunum. Þessi rakalausi áróður minnir á auðmannastéttina þýzku, er hún bjó sig undir að koma Hitler til valda. Það er hart fyrir íslenzka alþm. að sjá mann, sem heita á ráðh., gjóta augunum upp í þingmannastúkuna til þess að sjá, hvernig fulltrúa þess erlenda stórveldis, er hann vinnur fyrir, líki við vikapilt ameríska auðvaldsins. Annað eins hefur aldrei komið fyrir ráðh. þau 10 ár, sem ég hef setið á þingi. Í umr. um framkvæmd Keflavíkursamningsins lýsti hann yfir því, að málið ætti að fara til n. En þegar málið hafði verið rætt og sýnt hafði verið fram á, að hæstv. dómsmrh. lætur viðgangast, að brotin séu 10—20 íslenzk lög, án þess að gera neitt, og beinlínis stuðlar að smygli hinna amerísku vina sinna, — þegar það er sannað, að illa var staðið á verði fyrir íslenzkum hagsmunum og rétti og lagabrot látin viðgangast, þá urðu stuðningsmenn hæstv. dómsmrh. að bjarga honum frá þeirri smán, sem rannsókn málsins hefði haft í för með sér fyrir hann, með því að vísa málinu frá. Það er hart, að þessi hæstv. ráðh. skuli dirfast að koma fram á þann hátt, sem hann gerir.

Ég vil bara segja það, að ef hæstv. stjórn óskar eftir því að fara inn á umr. í þeim stíl, sem hæstv. dómsmrh. hefur talað, þá er það hægt, en ég mun svara litlu af því, sem hann sagði, þótt tilefni væri. En ef halda á áfram, þá mun sá herra fá að heyra jafnvel bitrari orð en hann fékk að heyra, er flugvallarsamningurinn var til umr.

Ég bið hv. þm. að athuga þær brtt., sem ég hef flutt, og athuga, hvort ekki er vert að taka tillit til þeirra og hindra það óheillaverk, að frv. verði samþ. óbreytt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að minnast mikið á brtt. minni hl., hv. 2. þm. Reykv., þær eru allar úr frv. því, sem þessi þm. ásamt tveimur flokksbræðrum sínum hefur flutt, og eru þess eðlis, eins og áður hefur verið sagt, að þær eru fluttar eingöngu til þess að sýnast og ekki miðaðar við raunhæfa lausn. Það er lagt til, að dregið verði úr tekjum ríkissjóðs, samtímis því sem honum eru bundnir baggar. Ég get látið mér nægja að vísa til þeirra almennu ummæla, sem fallið hafa við 1. umr. um þetta frv. kommúnistanna, og einnig þess, sem vafizt hefur inn í umr. hér í sambandi við frv. stjórnarinnar.

En það, sem kom mér til að segja nokkur orð, var, að hv. 2. þm. Reykv. ofan á hneyksli sitt og óþinglega framkomu í gær sleppti sér í annað sinn og réðst með ókvæðisorðum og stóryrðum á hæstv. dómsmrh. Ég veit, að þeim þingheimi, sem heyrði í hv. þm. í gær, er hann greip fram í á dólgslegan hátt eins og götustrákur, hefur ofboðið, enda er slíkt framferði fátítt eða óþekkt á Alþ. En í sambandi við það, sem gerði hv. 2. þm. Reykv. svo vondan, er eitt atriði, sem hann nefndi í ræðu sinni og nefndi mig í sambandi við, og það er um, hvort hann fengi sæti í fjárhagsráði. Eins og hv. þm. gat um, orðaði hann það við mig tvisvar um miðjan maí, hvort hann yrði skipaður í fjárhagsráð. Ég sagði, að ekkert væri ákveðið um þetta, en skildi á orðum hans, að ekki væri um það að villast, að hann vildi gjarnan taka við þessu sæti og fá að vita það út til Noregs, ef svo yrði. Ég sagði, að ekkert væri ákveðið, en ef til þess kæmi, mundi hann fá að vita það út til Noregs. Ég verð því að láta þá skoðun í ljós, að hv. 2. þm. Reykv. hafi mjög eindregið óskað eftir að fá þetta starf og að samtal hans við mig hafi undirstrikað þá ósk. Ekki fór hann þó fram á að verða skipaður formaður, en hann sótti það jafnfast við fyrrv. stjórn að verða formaður nýbyggingarráðs, og lá við vábrestum, er það var sjálfstæðismaður og ekki kommúnisti, sem skipaður var formaður. Svo rís hann upp og segir, að hann hafi ekki sælzt eftir stöðum hjá þjóðfélaginu! Ég man líka það, að á sínum tíma var sótt fast eftir, að maður yrði skipaður bankastjóri Landsbankans, og sá maður var hv. 2. þm. Reykv. (**EOl:** Nú ætti hæstv. forsrh. að athuga, hvað hann er að segja.) Það þýðir ekki að mæla gegn þessu. Þetta var sótt fast af hálfu flokks hans.

Út af því, hvort það sé heppilegt yfirleitt, að allir flokkar þjóðfélagsins án tillits til þess, hvort þeir eru stjórnarflokkar eða ekki, eigi sæti í ráðum og nefndum, sem stjórnin skipar, má með nokkrum sanni segja, að í flestum tilfellum sé það eðlilegt. Þetta fer þó nokkuð eftir því, hvort búast má við því, að stjórnarandstaðan ætli aðeins að spilla vinnubrögðum og láta frá sér bera mál til eigin málgagna málunum til óþurftar. Ef stjórnarandstaðan er slík, þá er engri stjórn láandi, þótt hún skipi ekki fulltrúa frá henni í trúnaðarnefndir og ráð.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hæstv. dómsmrh. hefði orðið uppvís að ósannindum í sambandi við afurðasölumálin. Mér er ókunnugt um þetta. Ég hef ekki orðið þess var, að hæstv. utanrrh. hafi skýrt þannig frá afurðasölumálunum, að ekki hafi verið nákvæmlega rétt. Ég staðhæfi, að svo sé. Hins vegar hafa kommúnistar verið með fullyrðingar og fleipur um afurðasölumálin, og hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki verið þar eftirbátur annarra með slíkt fleipur.

Mér þótti það einkennilegt, að maður úr hópi íslenzkra kommúnista skyldi tala um, að hæstv.

utanrrh. væri svo undir pilsfaldi eins stórveldis, að hann hagaði orðum sínum á Alþ. eftir því, sem einhver fulltrúi þessa stórveldis vildi. Mig undraði það, að þetta skyldi koma úr þessari átt. Það er staðreynd, að kommúnistarnir á Íslandi og annars staðar halda ætíð hlífiskildi fyrir ákveðnu stórveldi og nefna það hina fullkomnustu fyrirmynd. **(Rödd frá pöllunum:** Það er það líka.) Já, mér datt það í hug. Þetta er ein sönnun þess, að til eru þessir ofsatrúarmenn, sem horfa í blindni á eitt ákveðið stórveldi og taka það til fyrirmyndar. Þessir menn ættu allra sízt að tala um, að aðrir lyppuðust niður og þyrðu ekki að hafa skoðanir. Einmitt af því, að í augum íslenzkra kommúnista er eitt stórveldi sérstök fyrirmynd, og af því, að hv. 2. þm. Reykv. bar sig upp undan því, að stjórnin vildi ekki þiggja starfsorku hans, ætti hann að minnast þess, að í fyrirmyndarríkinu er gengið fram hjá mönnum, sem ekki eru trúir, og margir eru auk þess í hættu um öryggi sitt, ef þeir játa ekki hina einu sönnu trú. Mikið má hv. 2. þm. Reykv. fagna því, að stjórnin hefur ekki tekið þessa hætti til fyrirmyndar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 209, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. — Öllum, sem hugsa af skynsemi og ábyrgðartilfinningu, er það ljóst, að lengi hefur verið þörf róttækra aðgerða, ef verðbólgan ætti ekki að valda frekara tjóni. Ef litið er yfir helztu svið fjárhagsmálanna, eru horfurnar dökkar. Um gjaldeyrismálin er það að segja, að í byrjun þessa mánaðar var inneign okkar rétt um 10 millj. kr. Þar af voru 4.6 millj. clearing-gjaldeyrir, 1.7 millj. pund og 3.7 millj. dollarar. Það hefur tekizt að koma í veg fyrir skuldasöfnun með því að gera mjög harðhentar aðgerðir til þess að stemma stigu við innflutningi. Það hefur verið neitað að yfirfæra gjaldeyri út á leyfi, og þannig hefur ástandið verið í næstum heilt ár. Þetta gjaldeyrisástand hlýtur að koma undarlega fyrir sjónir, þegar tekið er tillit til þess, að á árunum 1940—'44 varð að meðaltali 115 millj. kr. aukning árlega á gjaldeyriseign þjóðarinnar og náði hámarki í okt. 1944 og varð þá 586 millj. kr. Árið 1945 urðu hins vegar þáttaskipti í gjaldeyrismálunum. Á því ári lækkaði gjaldeyriseign þjóðarinnar um 100 millj. kr., og árið 1946 lækkaði gjaldeyrisinneignin um hvorki meira né minna en 272 millj. kr. Það má segja, að þessi mikla og skyndilega minnkun á gjaldeyri hefði ekki verið svo mikil í raun og veru, ef hún hefði fært okkur tilsvarandi verðmæti, ef þessum gjaldeyri hefði verið varið til kaupa á nýsköpunartækjum og vörum. En því var ekki að heilsa.

Árin 1937—39, eða þrjú síðustu árin fyrir stríð, var varið 15% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar til kaupa á vörum, sem nú eru kallaðar nýsköpunarvörur, en árin 1940—'46 er einungis varið 19% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar til kaupa á slíkum vörum, að meðtöldum þeim vörum, sem búið var að kaupa og búið að greiða, en voru ókomnar. Af þessu verður greinilega ljóst, að hin geysimikla og öra rýrnun á gjaldeyriseign þjóðarinnar verður ekki skýrð með nýsköpuninni. Það hafa ekki komið inn í landið ný framleiðslutæki, sem svari til þessarar miklu rýrnunar á gjaldeyriseigninni. Þetta ber vissulega vott um það, að mjög fjarri sé því, að vel hafi verið haldið á gjaldeyrismálunum þessi ár.

Um afurðasölumálin er það að segja, að það er enn stríðsverð á síld og síldarafurðum og ísfiski, og það er það, sem heldur uppi þessum atvinnuvegum nú. En um hinar tvær þýðingarmestu útflutningsvörur okkar, freðfiskinn og saltfiskinn, er það að segja, að þar er framleiðslukostnaðurinn kominn verulega upp fyrir það, sem svarar til útflutningsverðs þessara vara, eins og það var í fyrra og nú. Það má segja, að framleiðslukostnaður saltfisks sé 3 kr. kg, en útflutningsverð hans sé 1.70 kg. Framleiðslukostnaður freðfisks mun vera kringum 3 kr. kg, en útflutningsverð frá 1.70 og upp í 3 kr. kg.

Á sviði fjármálanna er hin mesta ringulreið. Hagfræðingan., sem starfaði hér í fyrra, gerði áætlanir um væntanlega fjárfestingu árið 1947, þannig að ýmsir opinberir aðilar legðu í framkvæmdir fyrir um 101 millj. kr., byggingarframkvæmdir um 162 millj. kr. og einstaklingsfyrirtæki legðu í framkvæmdir fyrir um 11 millj. kr. og 60 millj. kr. yrði varið til nýsköpunarinnar. En ástandið í gjaldeyrismálunum kemur greinilegast í ljós í öllum þeim umsóknum um leyfi til bygginga, sem borizt hafa.

Með tilliti til þessara staðreynda, sem ég mjög stuttlega hef drepið á, er hin mesta fjarstæða að álíta, að hægt sé að láta reka á reiðanum fjárhagsmálefni þjóðarinnar. Það mátti öllum vera ljóst, að nauðsyn væri róttækra aðgerða í þessum málum. Hagfræðingan., sem starfaði fyrir rúmu ári, gerði athugun um ástand og horfur á þessu sviði atvinnulífsins. Sú athugun leiddi í ljós, að horfurnar voru svo alvarlegar, að augljóst var, að gjaldeyririnn mundi verða þrotinn, þegar fáir mánuðir væru liðnir af árinu. Horfur í afurðasölumálunum voru mjög uggvænlegar, og í fjárfestingarmálunum var allt á ringulreið. Því er hins vegar ekki að leyna, að þessu áliti hagfræðinganna var ekki vel tekið, því var beinlínis illa tekið af mörgum mönnum og alveg sérstaklega af Sjálfstfl. og Sósfl., sem teygðu allt og toguðu, sem í álitinu fólst, en þó alveg sérstaklega skýrsluna um hið raunverulega ástand í fjárhagsmálunum, sem var mjög slæmt. Það eru ekki liðnir nema um 9 mánuðir, síðan fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, sagði hér í frægri útvarpsræðu, að aldrei hefði verið eins bjart fram undan í íslenzkum fjárhagsmáluum og á þeim tíma. Við erum nú að enda árið, sem fyrrv. hæstv. forsrh. sagði, að mundi verða eitthvert hið allra glæsilegasta í sögu fjárhagsmála Íslendinga. Nú geta allir metið fyrir sitt leyti, hversu mikil léttúð var í þessum ummælum fyrrv. hæstv. forsrh. En það var ekki einungis fyrrv. hæstv. forsrh., sem hélt þessu fram. Ég veit ekki, hvort hann vildi endurtaka þessi orð nú, hann lætur svo lítið til sín heyra nú. En þá eru skoðanabræður hans, hv. þm. Sósfl., ennþá á þeirri skoðun og stagast ennþá á þeim setningum, sem fyrrv. hæstv. forsrh. varð sér til minnkunnar fyrir fyrir rúml. 9 mánuðum

Við í hagfræðingan. komum okkur saman um, þó að við værum skipaðir af 4 stjórnmálafl., að leggja fram sameiginlega till. til úrlausnar þessara vandamála. Ég skal rekja þessar till. í örstuttu máli.

1. að almenn eignakönnun yrði látin fara fram og lagður á stórfelldur eignarskattur og í því sambandi gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að hagnýta það fé, sem skotið hefði verið undan skatti undangengin ár, og enn fremur lagður verðhækkunarskattur á fasteignir og sérstakar ráðstafanir gerðar gegn skattsvikum og afmáð þannig það átumein, sem grafið hefur um sig í íslenzkum fjármálum;

2. að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma á *allsherjar stjórn á allri fjárfestingu*;

3. hækkun á aðflutningstollum á öðrum innfluttum vörum en nauðsynjavörum;

4. að leita samvinnu við launþegasamtök og samtök atvinnurekenda um festing verðlagsuppbótar í 300 stigum;

5. í síðasta lagi lögðum við til, að verzlunarálagning lækkaði mjög verulega og gerð veruleg og gagngerð breyting á skipulagi innflutningsverzlunarinnar, bæði til þess að minnka verzlunarkostnaðinn og til þess, að hægt væri frekar en áður að hafa eftirlit með gjaldeyrisnotkun, skattaframtölum og verðlagningu innflutnings.

Um þessa till., sem ég hef lýst mjög stuttlega, vorum við allir sammála. Við vorum líka sammála um það, að leggja bæri sérstaka áherzlu á það, að þær byrðar, sem óhjákvæmilega þyrfti að leggja á þjóðina í þessu sambandi, yrðu lagðar á efnastéttir þjóðfélagsins. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að lesa upp tvær málsgr. úr nál. hagfræðingan., og ég vil endurtaka það, að um þetta vorum við allir sammála — með leyfi hæstv. forseta: „Öllum þeim, sem af skynsemi og ábyrgðartilfinningu hugsa um ástandið í fjárhagsmálefnum þjóðarinnar, hlýtur að vera ljóst, að lengi hefur verið þörf róttækra aðgerða til að stemma stigu við frekara tjóni af verðbólgu og dýrtíð. Því fer fjarri, að viðhorfið sé nú svo breytt, hvað þetta snertir.

Enn er ríkjandi stórfellt og óréttlætanlegt misræmi *í afkomu launþega og smáframleiðenda* annars vegar og hátekjumanna hins vegar. Af þessum sökum og vegna þess, að skipting stríðsgróðans hefur orðið eins ójöfn og raun ber vitni, verður að gera þá kröfu, að þungar byrðar verði lagðar á þá, sem breiðust hafa bökin fjárhagslega, í sambandi við þær heildaraðgerðir, sem væntanlega verður ráðizt í innan skamms. Á móti þeim byrðum, sem lagðar verða á launþegana og fleiri stéttir, ætti að ákveða mjög verulega álagningarlækkun á innfluttum nauðsynjavörum og innlendum iðnaðarvörum og þjónustu. Byrðarnar, sem hér er talið rétt að leggja á efnaminni stéttir *þjóðfélagsins, eiga ekki rétt á sér*, nema eftirtaldar ráðstafanir, sem allar eru ræddar á öðrum stöðum í álitinu, verði framkvæmdar út í yztu æsar: Allsherjar eignakönnun, eignarskattur í eitt skipti fyrir öll, skuldulán, stóraukið eftirlit með skattaframtölum, endurbætt skattalöggjöf, endurbætt tilhögun á innflutningsverzluninni og sérstakar ráðstafanir gegn fjárflótta."

Þessar till. okkar fengu því miður ekki góðar undirtektir sem heild. Þótti í nokkuð mikið ráðizt að framkvæma þær eins og þær voru, en við höfðum einmitt lagt sérstaka áherzlu á það, að ef ætti að ná nokkuð verulegum árangri, þá yrði að framkvæma þær till. í heild. Nú ættu hins vegar fleiri að sjá, að það hefði vissulega verið betra að hefja þær framkvæmdir þá þegar og þá væri ekki við marga af þeim örðugleikum að stríða, sem við verðum nú að horfast í augu við. En þeir erfiðleikar, sem þjóðin átti þá við að stríða og framkvæmd þessara till. átti að leysa, eru óleystir enn.

Í umr. um þetta mál innan Alþ. og utan er yfirleitt lögð megináherzla á afkomu sjávarútvegsins, og hún er talin eitt stærsta vandamálið, *sem nú eigi að taka föstum tökum og glíma við*. En ég er ekki viss um, að þetta sé alls kostar rétt. Ég held, að ástandið í gjaldeyrismálunum sé í sjálfu sér erfiðara viðfangsefni, torleystara og þýðingarmeira. Ég held, að með tilliti til stríðsverðsins, sem er á síldarafurðum og ísfiski, þá sé það vandamál tiltölulega auðleyst með ríkisábyrgð og takast muni að afla þess fjár, sem þarf til þess að standa straum af þeirri ábyrgð. En ástandið í gjaldeyrismálunum er hins vegar mjög alvarlegt og ekki sjáanlegt, hvernig fram úr þeim geysilega vanda verður ráðið. Þessum málum er allt of lítill gaumur gefinn og alveg furðulegt, að varla hefur verið vikið að því í þeim löngu umr., sem hér hafa farið fram, til þessa. En meginástæðan til gjaldeyrisvandræðanna er í stuttu máli sú, hversu geysimikill munur er á verðlagi hér og í viðskiptalöndunum og að peningatekjur hafa vaxið hér geysimikið, samtímis því að genginu er haldið óbreyttu. En hitt atriðið, sem oft er ekki nægilega gaumur gefinn, er hin geysilega gjaldeyrisþörf sem nú er og erfitt er að fullnægja. Hún á rót sína að rekja til þess, sem nú kemur í ljós, að þeirri þörf er fullnægt eða hún er framkvæmd án nokkurrar skynsamlegrar heildaráætlunar. Það hefur komið í ljós, að fé, sem lagt var til hliðar til greiðslu á nýbyggingarvörum, var aðeins ætlað til kaupa á sjálfum framleiðslutækjunum, en hins vegar hefur alveg gleymzt að ætla fé til þess að tryggja það, að hægt sé að láta framleiðslutækin taka til starfa, og einnig gleymzt þær framkvæmdir, sem óbeint verða nauðsynlegar í landinu kringum þessi tæki fyrstu árin, á meðan þau eru að komast í notkun.

En til úrlausnar á þeim vanda, sem ég hef nú drepið á, koma fjárhagsmál þjóðarinnar fyrst og fremst til greina. Og nú liggja fyrir þinginu tvö frv., annars vegar frv. Sósfl. og hins vegar frv. ríkisstj., sem nú er til umr. og ætlað er að leysa þennan vanda. Ég ætla að leyfa mér að víkja nokkrum orðum að frv. Sósfl. og vona, að ég fari þó ekki með því út fyrir dagskrána. Í því frv. er till. til úrlausnar á þeim vandamálum, sem ríkisstj. ætlar að leysa. Í því frv. virðist mér vera fjögur meginatriði. Það er ríkisábyrgð á útfluttum fiski, í öðru lagi er gert ráð fyrir lækkun á útlánsvöxtum til sjávarútvegsins, í þriðja lagi endurskipulagning innflutningsverzlunarinnar og loks niðurfelling á tollum á þeim vörum, sem ganga inn í vísitöluna. Tvö atriðin eru ekki nýmæli, það er ríkisábyrgðin og endurskipulagn-

ing innflutningsverzlunarinnar. Um ríkisábyrgð er það að segja, að ákvæði þessa frv. eru sótt í ábyrgðarl. frá því í fyrra og sömu ákvæði og eru í frv. ríkisstj. Þá er ákvæðið um endurskipulagningu innflutningsverzlunarinnar í þessu frv. í meginatriðum sótt í frv., sem ég flutti á síðasta Alþ., og sízt sæti það á mér að vera á móti þeim lið. Ég tel slíkar ráðstafanir, sem þar er lagt til, að gerðar verði, ekki aðeins skynsamlegar, heldur bráðnauðsynlegar og einar af þeim ráðstöfunum, sem mest knýjandi nauðsyn sé til að grípa til í fjárhagsmálum okkar. Um þetta fjölyrði ég ekki frekar, en ætla að fara nokkrum orðum um hin atriðin tvö, vaxtalækkunina og niðurfellingu tolla af neyzluvörum,

Í frv. Sósfl., held ég, að sé allt of mikið gert úr þýðingu vaxtalækkunar. Þar er sagt, að vaxtalækkunin mundi þýða 15 þús. kr. lækkun á rekstrarkostnaði á meðalfiskibát yfir árið. En flestar þessar tölur eru alger fjarstæða. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur í áætlun sinni gert ráð fyrir, að vextir þessir mundu nema um 8—9 þús. kr., og sá maður í hópi Sósfl., sem ég tel, að hafi bezta þekkingu á þessum sviðum, Jónas Haralz, hefur ásamt mér, því að við höfum átt saman þátt í því að reikna út kostnað bátaútvegsins, ekki treyst sér til þess að vefengja þessar tölur L.Í.Ú. að neinu verulegu leyti. Og þegar þess er gætt, að verulegur hluti af þessum vaxtaútgjöldum er um 2% vextir, sem gert er ráð fyrir, að þau lækki í, þá er það auðsætt, hvílík reginfjarstæða það er að gera ráð fyrir, að þessi lækkun muni nema svona miklu. Það munu allir sammála um það að búa bátaútveginum betri vaxtakjör en nú á sér stað, þó að því megi ekki gleyma, að á undanförnum árum hefur verið gert mikið til þess að bæta vaxtakjör hans.

Þá má ekki heldur gleyma því, að það hlýtur að koma að því á næstunni, að útlánsvextir banka verði hækkaðir. Það verður að koma að því, og sé tillit tekið til þessa, þá er augljóst, að skilyrði bankanna til þess að lækka vextina verulega eru um leið mun minni. Hinu vil ég ekki mótmæla, að æskilegt sé að búa sjávarútveginum að einhverju leyti hagkvæmari vaxtakjör en nú á sér stað, en ég tel þær tölur, sem hér eru nefndar um þýðingu þessarar ráðstafana, vera mestu fjarstæðu.

Um þýðingu niðurfellingar tolla á vísitöluvörum hef ég rætt áður við flm. frv. og get látið nægja mjög fá orð. Ég sýndi fram á, að niðurfelling tolla á þessum vörum mundi væntanlega lækka vísitöluna um 15—17 stig, og miðað við innflutning ársins mundi tekjumismunurinn verða 20—25 millj. kr., en spara ríkissjóði um 10—11 millj. kr., svo að auðséð er, að það mundi frekar hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð að framkvæma lækkun vísitölu á þennan hátt, og þá virðist niðurfelling tolla ekki vera það, sem fyrst og fremst eigi að keppa að.

Með tilliti til þess, að augljóst er, að framkvæmd á þeim till., sem fólgnar eru í þessu dýrtíðarfrv. Sósfl., mun kosta ríkissjóð verulega fjárfúlgu, bæði hvað snertir útflutning á sjávarafurðum og niðurfelling á tollum á vísitöluvörum, þá er það alveg augljóst mál, að ekki er hægt að taka frv. Sósfl. alvarlega, þar sem engin till. er í því um tekjuöflun til þess að mæta þessum útgjöldum. Þess var að vísu getið af hálfu flm. frv., að ef frv. yrði tekið alvarlega, mundi hann sýna lit á því að bera fram tekjuöflunartill., en vissulega hefði verið eðlilegra og í alla staði meiri líkur fyrir, að frv. yrði tekið alvarlega, að till. þess efnis hefðu komið í frv. sjálfu.

Það er talið, að á þessu ári muni útflutningsuppbætur á saltfisk vera um 12—14 millj. kr., uppbætur á freðfisk um 10—20 millj. kr. og kjötuppbætur um 20 millj. kr. En fram hjá öllu þessu er gengið, og hefur ekki þótt ástæða til þess að gera till. um tekjuöflun til þess að mæta öllum þessum útgjöldum, sem vissulega verða stórkostleg. Samning þessa frv. er vissulega ekkert afrek og Sósfl. hvorki til gagns né sóma. Þess er skylt að geta, að Sósfl. rökstuddi þetta með því, að ekki mundi þurfa að greiða neinar útflutningsuppbætur á fiskafurðir á næsta ári, því að lítill vandi væri að selja meginhluta af okkar fiskafurðum til viðskiptalanda, sem keyptu þær vörur hærra verði en fiskábyrgðarverðið væri. En í því sambandi er einmitt rétt að fara nokkrum orðum um stefnu sósíalista í þessum málum. Þeir leggja hina mestu áherzlu á, að okkar viðskipti verði sem allra mest við vöruskiptalöndin í Mið-Evrópu og Austur-Evrópu. Fjárhagslega séð er það hinn mesti barnaskapur að einblína á það, hvar við fáum mest að krónutali fyrir okkar vörur, og alveg sérstaklega þegar salan fer fram með þeim hætti, að hún er bundin skilyrði að kaupa ákveðna vöru í staðinn. Ef meta á gildi slíkra vöruskiptasamninga, þá er þar einn skynsamlegur grundvöllur, sem kemur til greina, en það er að bera saman magn og gæði þeirra vara, sem við getum fengið fyrir tiltekið magn af íslenzkum útflutningsafurðum. Krónutölur skipta hér engu máli. Því miður hefur verið lögð á það allt of lítil áherzla að gera skipulagða athugun á verðlagi vöru á vöruskiptalöndunum annars vegar og á tilsvarandi vöru, sem við getum fengið frá löndunum, sem eru með frjálsar vörur, hins vegar, því að án þess að hafa tölur til að gera slíkan samanburð er óhugsandi að gera sér í hugarlund, hvernig allar aðstæður eru. Það hefur skort allar upplýsingar um þetta, og það hefur orðið til þess, að blaðaskrif og umr. um þessi mál hafa orðið út í loftið meira en æskilegt hefði verið.

En auk þess sem á að gera samanburð á slíkum grundvelli, held ég, að samanburðurinn sé að ýmsu leyti ekki hagstæður fyrir vöruskiptalöndin, og einnig þarf að taka tillit til þess, að ekki er hægt að fá allar vörur frá vöruskiptalöndunum, þó að við vildum beina viðskiptum okkar þangað, en þegar tekið er tillit til þess, hve mikið af okkar útflutningi fer til þess að kaupa fyrir aðrar vörur, verðum við að geta keypt okkar helztu nauðsynjavörur þar, sem útflutningurinn er seldur, ef ekki er um að ræða að selja á frjálsum markaði eða í gjaldeyrislöndum á þeim grundvelli, sem ég gat um áðan. En að sjálfsögðu má ekki miða við verðið í íslenzkum krónum eingöngu, og í sambandi við það held ég, að rétt sé að vekja athygli á einu atriði, sem ég held, að hafi verið allt of lítill gaumur gefinn.

Hv. Sósfl. leggur til, að viðskipti okkar verði í

svo ríkum mæli sem unnt er flutt yfir á vöruskiptalöndin, sem borga hærra, en selja líka með hærra verðlagi, og rökin fyrir þessu eru afar einföld. Sjávarútvegurinn fær það, sem hann þarf að fá, en vörurnar eru ekki óseljanlegar innanlands vegna þess, hve kaupmátturinn er mikill. En raunverulega er hér alveg um hliðstæða lausn að ræða og vera mundi, ef gengi krónunnar yrði lækkað. Það, sem hér er um að ræða, er að skaffa sjávarútveginum hærra verð á þann hátt að fá innflutning með hærra verðlagi. Hér er um að ræða ráðstöfun, sem verkar eins og gengislækkun, og hefur mig oft stórfurðað á því, að ekki skuli hafa verið á það bent, að þessi flokkur hugsar sér að leysa vandræði sjávarútvegsins nákvæmlega á sama hátt og gengislækkun mundi gera, svo að með stefnu Sósfl. er um dulbúna gengislækkun að ræða. Það er þannig hvatning til gengislækkunar að hvetja til að selja í svo ríkum mæli til þeirra landa, sem hafa hærra verðlag en við. Ég er ekki með þessu að segja, að það geti ekki verið skynsamlegt að auka viðskiptin við þessi lönd, en það fer eftir verðskráningunni, sem ég minntist á áðan, og fannst mér rétt að þetta kæmi fram.

Skal ég svo ekki ræða þetta frv. hv. Sósfl. nánar, en sný mér að frv. stjórnarinnar. Það frv. má skoða frá tveim ólíkum sjónarmiðum: hvort það nái tilgangi sínum, og hvort ákvæði þess séu réttlát eða sanngjörn.

Ef tilgangurinn er að koma sjávarútveginum af stað á vertíðinni — og það hygg ég, að telja megi höfuðtilgang frv. —, þá hygg ég, að það muni ná tilgangi sínum, eða ég vona, að svo sé. Í frv. er gert ráð fyrir tekjuöflun, sem hæfir þessum leiðum, og þess vegna álít ég, að það sé rökrétt heild og muni ná þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná.

Hitt er svo annað mál, hvort ákvæði frv. geta frá félagslegu sjónarmiði talizt réttlát. Ég er á þeirri skoðun, að þjóðinni sé svo mikill vandi á höndum, að allar stéttir verði að taka á sig nokkrar fórnir, en bök manna eru misjafnlega breið. Undanfarin ár hefur gróði safnazt á hendur margra manna, og tekju- og eignaskiptingin er ójöfn. Hún var ójöfn fyrir stríð, og það hefur aukizt. Fjöldi manna hefur aðstöðu til stórtekna og er milljónamæringar, sérstaklega stórútgerðarmenn, verzlunar- og iðnaðarmenn. Ég tel, að þótt nauðsynlegt sé, að allar stéttir þjóðfélagsins taki á sig nokkrar byrðar, sé það meginskilyrði, að þessir menn fórni — ekki aðeins fyrst — heldur færi þeir miklu þyngri fórnir en launþegar og verkalýður, og skal ég leyfa mér að nefna nokkrar ráðstafanir, sem ég tel nauðsynlegar og rétt að grípa til, til þess að þessar stéttir og þessir menn færi þær fórnir, sem þeim ber að færa.

Ég vil þá fyrst nefna stórfelldan eignarauka-skatt og að hert verði á skattaeftirlitinu og gerðar alvarlegar tilraunir til þess að lækna það átumein, sem er í íslenzku þjóðfélagi, að launastéttirnar bera í raun og veru miklu þyngri skattabyrðar en þeim ber, og er það vegna þess, að þeir, sem stunda atvinnurekstur, hafa aðstöðu til þess að skjóta miklum hluta tekna sinna undan skatti. Þetta misrétti tel ég nauðsynlegt að afnema.

Það er opinbert leyndarmál, að íslenzkir ríkisborgarar eiga verulegar fjárfúlgur í erlendum bönkum og erlendum fyrirtækjum, sem þeir hafa að miklu leyti aflað á síðustu stríðsárum. Ég tel nauðsynlegt, að gerð sé tilraun til þess að festa hendur á þessu fé, sem ekki er aðeins ólöglega geymt, heldur ólöglega komið þangað og af ólöglegum tekjum. Ég veit, að það er miklum örðugleikum bundið að ná slíku fé, og ef það er ekki hægt, er ekki hægt að krefjast þess með sanngirni, að það sé gert.

Þá þarf að gerbreyta skipulagi innflutningsverzlunarinnar. Um það mál skal ég ekki ræða frekar. Ég flutti í fyrra frv. á Alþingi um, hvaða skipan ég teldi nauðsynlega á innflutningsmálunum og hvaða skipan ég teldi mögulegt að taka upp nú. Innflutningsverzlunin skiptir meira máli hér hjá okkur en hjá nokkru hinna Norðurlandanna sökum þess, hve mikið við flytjum inn erlendis frá, auk þess, hve miklum hluta af þjóðartekjunum við verjum til þess að kaupa erlendar vörur. Þess vegna er það, að stór hluti af þjóðartekjunum gengur í gegnum hendur innflytjendanna, meiri hluti en á hinum Norðurlöndunum, en þessi grein er sérstaklega óskynsamlega og óhaganlega rekin og hefur verið það um langan aldur.

Gera þarf ráðstafanir gegn húsaleiguokri og ráðstafanir til þess að bæta úr húsnæðisskorti. Ég tel nauðsynlegt að leggja á stóríbúðaskatt, sem ætti að vera ein af þeim byrðum, sem efnastéttirnar taka á sig.

Gera þarf ráðstafanir til þess að takmarka há laun og setja takmarkanir við greiðslu arðs úr hlutafélögum. Það er alkunna, að fjöldi manna hefur svo há laun, að engin ástæða er til, 80—100 þús. kr. og 100—200 þús. kr., bæði hjá einstaklingum og hinu opinbera.

Þá þarf að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að einstaklingar hafi stórgróða af einokun í þjóðfélaginu, svo sem af kvikmyndahúsum, smjörlíkisframleiðslu, öl- og sælgætisgerð o. s. frv.

Slíkar aðgerðir hef ég talið nauðsynlegar, um leið og komið er til almennings og launastéttanna og ætlazt til fórna af þeim.

Ég geri mér það ljóst, að margar af þessum ráðstöfunum hafa ekki beina þýðingu til þess að hjálpa til að koma sjávarútveginum af stað, en þær eru bara nauðsynlegar til þess, að þessar stéttir sætti sig við verulega kjaraskerðingu, og það er af því, sem ég álít nauðsynlegt að leggja áherzlu á slíkar ráðstafanir.

Mér finnst fórnirnar, sem af almenningi er krafizt, vera svo miklu meiri hlutfallslega en af efnastéttunum. Og ef litið er á frv. stjórnarinnar í þessu ljósi, virðast mér fórnir launþeganna vera þrjár.

1. Verðlagsuppbótin er fest. Þ. e. að ekki má framvegis hækka kaup í sama mæli og verðlag hækkar í landinu, en það fyrirkomulag hefur verið síðan 1939, er Alþfl. fékk þessu komið á, og hefur það verið talin hin mesta kjarabót, sem fram hefur komið, en slíkt á að leggja niður.

2. Verðlagsuppbótin er lækkuð og laun lækkuð um 8½%. Verð á landbúnaðarvörum lækkar, svo að lækkunin verður ca. 4½%.

3. Söluskattur, svo að verð vöru, sem neytendur kaupa, mun hækka verulega. Forsrh. hefur áætlað, að raunveruleg kauplækkun muni vera 8—9%.

Ef notaður er sá mælikvarði, sem ég gat um áðan, er fórn efnastéttanna aðeins ein, eignaraukaskatturinn, og skal ég nú leyfa mér að líta á hann.

Af fyrstu 100 þús. kr. er enginn skattur greiddur. Af 200 þús. kr. eru greiddar 5 þús. kr., af 300 þús. kr. 15 þús. kr., af 400 þús. kr. 25 þús. kr., af 500 þús. kr. 40 þús. kr., af 600 þús. kr. 55 þús. kr. og nær ekkert af þessu 10%. Loks er af 700 þús. kr. 75 þús. kr., og er þá komið aðeins yfir 10%.

Auk þess er þess að geta, að verulegur stórgróði er undanskilinn, en það er stórgróði Eimskipafélagsins, nýbyggingarsjóðir allir og varasjóðir samvinnufélaganna.

Ef við lítum á forstjóra stórútgerðarfyrirtækja, stórkaupmenn, iðnaðarmenn og aðra, sem hafa grætt vel á stríðinu, og berum fórnir þeirra saman við fórnir hinna, þá er ekki líklegt, að þessir menn hafi kaup, sem reiknað er með vísitölu. Ef slíkur maður hefur grætt upp í 600 þús., þá borgar hann 10% til baka, og þó að hann hafi grætt milljón, þá borgar hann 14% til baka, samtímis því sem víst er, að hann þarf ekki að lækka sinn lífs-standard. Mér þykir þetta frv. sýna, að fulltrúar efnastéttanna hafi viljað hlífa sínum skjólstæðingum of mikið og að þeir hafi komið sínum vilja fram.

Alþfl. hefði viljað hafa þetta frv. á annan veg, og veit ég það, að ef flokksins hefði ekki notið við, hefði frv. orðið miklu óhagstæðara launastéttunum en það er, samkvæmt þeim ummælum, sem komu fram hjá Jóni Pálmasyni, sem lýsti andstöðu sinni við frv., af því að stórgróðamönnunum væri ekki hlíft nóg, en röksemdin var sú, að hann væri móti því, að eignaraukaskattur væri lagður á, svo að það er ekki að efa, hvernig frv. hefði orðið, ef þeir hefðu fengið að móta það.

Ég tel frv. allt of mikið mótað af flokkunum til hægri við Alþfl. og fulltrúum eignastéttanna. Mér finnst eignaraukaskatturinn ekki nærri nógu hár. Engar ráðstafanir eru gerðar til þess að stöðva skattsvikin og til þess að koma innflutningnum á heilbrigðan grundvöll og til þess að stöðva há laun og arðsútborganir í hlutafélögum.

Ég er ekki ánægður með frv., en skal þó játa, að hæstv. ríkisstj. hefur verið mikill vandi á höndum. Það er vissulega erfitt að samhæfa sjónarmið þriggja flokka. Þótt ég hafi frá upphafi haft mjög takmarkaða trú á, að hægt væri að leysa dýrtíðarmálin skynsamlega og réttlátlega í samvinnu við fulltrúa eignastéttanna, og mér finnist reynslan nú vera að sýna, að sú skoðun hefur átt við rök að styðjast, hef ég stutt núverandi ríkisstj., þar sem flokkur minn á fulltrúa í henni og stendur að henni. Ég mun gera það áfram, og mun ekki greiða atkvæði gegn henni í svo þýðingarmiklu máli og ekki bera fram við það brtt. Hins vegar sé ég mér ekki fært að fylgja frv. og læt þá skoðun mína, að ekki séu með því nægar byrðar lagðar á stóreigna- og hátekjustéttirnar miðað við byrðar almennings, koma þannig í ljós, að ég mun ekki greiða atkvæði um málið.

ATKVGR.

Afbrigði fyrir brtt. á þskj. 210, en of skammt var liðið frá útbýtingu þeirra, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Þegar sett voru l. um almannatryggingar árið 1945, var að því vænlega marki stefnt að veita öllum íslenzkum ríkisborgurum rétt til sæmilegs framfærslulífeyris, og það enda þótt þeir sökum elli og vanheilsu megnuðu ekki að vinna fyrir sér. Það væri þó að vísu ofrausn að segja, að þetta mark hefði náðst með setningu laganna. En víst er um það, að það þokaðist mikið í áttina og að eftir þá löggjöf stóðum við miklu nær því en nokkurn tíma áður að geta sagt, að gamalmennum og öryrkjum væru veitt verðug laun af almannafé, laun, sem voru þó eitthvað í áttina til þess, að hægt væri að draga fram á þeim lífið — eitthvað í áttina. Það er alkunna, að á fyrsta verðlagssvæði var gengið út frá því, að árleg ellilaun og örorkulaun þeirra manna, sem njóta fulls örorkulífeyris, skyldu vera 1200 kr. á ári, eða 100 kr. á mánuði, miðað við grunnlaun. Og svo var ákveðið í l. um almannatryggingar, að á þessi grunnlaun skyldi bætast uppbót samkvæmt verðlagsvísitölu hagstofunnar, eins og hún væri á hverju ári. Samkvæmt þessu hafa laun gamalmenna og öryrkja á fyrsta verðlagssvæði verið þetta ár, sem er að líða, að meðaltali 315 kr. á mánuði. Meðalvísitala yfirstandandi árs hefur reynzt vera 315 stig, og þar af leiðandi hafa meðallaun þessara manna verið 315 kr. á mánuði. Ef við hins vegar lítum á þessi laun eins og þau eru nú í desembermánuði samkvæmt desembervísitölunni, þá mundu þau vera 328 kr. — Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að skerða þessi laun allverulega. Gamalmenni eða öryrki, sem samkv. desembervísitölunni ætti að fá í laun 328 kr., á nú samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, eftir áramótin eða í janúar 1948 að fá aðeins 300 kr. Lækkunin nemur því 28 kr. á mánuði eða 8½%, sé miðað við desembervísitöluna. En sé miðað við meðalvísitöluna á líðandi ári, nemur lækkunin 15 kr. á mánuði. — Mér virðist nú, að þarna sé verið lítið að skerða og að lítið muni hagur þjóðarinnar batna og lítið muni greiðast fyrir um útgerð fiskibáta, þó að þannig sé klipið utan af hinu nauma framfærslufé gamalmenna og öryrkja. Og það er ákaflega hart aðgöngu fyrir þetta fólk, sem hefur treyst á þau lög, sem Alþ. rétti að þeim fyrir tveimur árum, að verða nú að horfast í augu við það, að lagt er til á Alþ. að draga stórkostlega úr gildi þessara laga. Ég veit ekki, hvort þetta hefur verið gert að þaulhugsuðu og vel yfirlögðu ráði. En mér þykir rétt og æskilegt, að úr því verði skorið, hvort svo er. Mér þykir rétt og æskilegt, að úr því verði skorið, hvort hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, telja það nú nauðsynlegt til bjargráða þjóðinni að klípa 28 kr. af 328 kr. mánaðarlaunum gamalmenna og öryrkja í landinu. Ég held, að öllum hljóti að vera ljóst, að þessi laun óskert eru þó engin þurftarlaun,

Ég held, að öllum hljóti að vera það ljóst, að þótt ekki sé verið að skerða í þessu efni gildi l. um almannatryggingar, þá er fjarri því, að þau nái því marki, sem á að ná með þeim, því, að þetta fólk fái sæmileg laun. Og mér lízt sannarlega illa á, að af þessum tryggingum fái þetta fólk sæmileg laun, að því fjarlæga marki verði náð, sem stefna ber þó að, ef nú á strax að fara að vinna í öfuga átt við það. Gamalmennum og öryrkjum, sem engan eiga að, er með öllu ókleift að komast af án þess að fá sérstakan framfærslustyrk, þó að þetta fólk fái þessi laun.

Ég hef því ásamt hv. 2. þm. Reykv. leyft mér að bera fram brtt. við 12. gr. þessa lagafrv., og sú brtt. er skráð á þskj. nr. 204. 12. gr. frv. er um, að miða skuli launagreiðslur við 300 vísitölustig. En brtt. þessi er á þá leið, að ákvæði þessarar gr. taki ekki til fastra lífeyrisgreiðslna samkv. l. um almannatryggingar. En það eru fyrst og fremst ellilaun og örorkubætur, svo og aðrar varanlegar bætur, sem bótaþegar taka. Ég skal ekki fjölyrða meir um þessa brtt. Ég vil vænta þess, að hv. þm. taki henni með fullri sanngirni og minnist þeirra fyrirheita, sem Alþ. gaf gömlu fólki og öryrkjum fyrir tveimur árum, og að þeim finnist ekki tímabært og ekki vansalaust að taka nú til baka það, sem þá var heimilað.

Það er ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að fara að ræða um þetta frv. almennt, sem fyrir liggur. En vissulega er það þó svo, að þrátt fyrir langar ræður, þá er þó margt í þessu frv. enn óskýrt. Og það er alveg sérstaklega eftirtektarvert, að hæstv. ríkisstj. og hennar formælendur, þeir hafa svo að segja enga tilraun gert til þess að skýra frv. Þeir hafa kosið að ræða málið á allt öðrum grundvelli. — Ég vil nú leyfa mér enn að biðja um skýringar. Það hefur verið beðið um þær áður, og svör hafa ekki komið. Og ég vil enn bera fram óskir um skýringar, og má vel vera, að fleiri verði til þess að gera slíkt hið sama, ef svör fást ekki, svo að fullreynt verði, hvort hæstv. ríkisstj. vill ekki eða getur ekki — nema hvort tveggja væri — svarað þeim spurningum, sem koma upp í hvers manns huga við að lesa frv. Ég staðnæmist fyrst við 12. gr., þá gr., sem ég leyfi mér að flytja brtt. við. Þar er þetta margumtalaða ákvæði, að ekki skuli greiða verðlagsuppbætur á starfslaun eftir hærri vísitölu en 300 stigum. Það er staðreynd, að í dag er vísitalan skráð 328 stig. Og það er einnig staðreynd, að raunveruleg vísitala er eitthvað nálægt því að vera 380 stig. Og það er einnig staðreynd, að það, að vísitalan er skráð í dag aðeins 328 stig, stafar af því, að ríkissjóður leggur fram verulegar fjárfúlgur til þess að greiða vísitöluna niður, sem talið er. Nú er enginn stafur eða stafkrókur, það ég fæ séð, í þessu frv., sem segi til um það, hvort eigi að halda niðurgreiðslunum áfram eða þá í hve ríkum mæli, ef haldið verður áfram með þær. Það verður ekki annað séð en að það sé alveg á valdi ríkisstj., sem er á hverjum tíma, hvort hún heldur niðurgreiðslum þessum áfram, og þá í hvaða mæli þeim verður haldið áfram. Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Hver er meiningin? Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. fyrir? Vill hún gefa skýlausa yfirlýsingu um það, hvort hún ætlar að halda niðurgreiðslunum áfram og þá í hve ríkum mæli? Og vill hún ekki, til þess að taka af öll tvímæli, setja inn í lögin einhver ákvæði um niðurgreiðslurnar? Þetta er sem sé meginatriði fyrir hvern launþega, og það skal ég reyna að rekja með einföldum dæmum. Það lætur ekki fjarri, að verkamaður í Reykjavík geti með því að vinna hvern einasta virkan dag fengið í árslaun allt að 20 þús. kr. með núverandi vísitölu, og ég vil leggja þá tölu til grundvallar. Það skiptir ekki svo miklu máli í þessu sambandi, þótt launin kunni að vera eitthvað eilítið lægri, en um það er fremur að ræða en hið gagnstæða. Ef hér er um að ræða niðurfærslu á vísitölunni úr 328 stigum í 300 stig, þá kemur fram við það launalækkun, sem nemur 8½%, eða á 20 þús. kr. 1700 kr. Skatturinn, sem verkamaður hér í Reykjavík á þá að greiða vegna þessarar vísitölulækkunar, er 1700 kr. Ég verð nú að segja það, að ég hygg, að þetta mundi þykja allhressileg álagning, ef lagt væri á sem útsvar í einu lagi. Já, það segir mér nú einn stjórnarstuðningsmaður, að nú lækki vöruverðið í landinu við þessa lækkun á vísitölunni. Vöruverðið í landinu lækkar þannig, að við vöruverð í landinu bætist 3½% söluskattur, ofan á aðrar álagningar á vörur. Ég veit ekki, hve mikið verkamannsfjölskylda kaupir af slíkum vörum á ári, sem þessi skattur er lagður á. En ég hygg þó, að það sé ekki fjarstæða, að hún kaupi þær vörur, sem hækkunin kemur fram á, fyrir 6 þús. kr. og sé ekki ofhaldin af. Og 3½% af því skilst mér vera 210 kr. — Svo eru í 15. gr. frv. þessa almenn ákvæði um, að það megi færa niður verð á ýmsum vörutegundum. En aðspurð hefur hæstv. ríkisstj. ekki treyst sér til að gefa neinar skýringar á því, hverju þessar niðurfærslur muni nema eða hvort þær muni nokkru nema. Og ég staðhæfi, að þessar niðurfærslur verða ýmist engar á vöruverði eða svo óverulegar, að engu máli skipta. Úr þessu mun reynslan skera. — En ef ríkisstj. fyndi upp á því að hætta öllum niðurgreiðslum alveg — og það er enginn stafur eða stafkrókur í þessu frv., sem segir neitt um það, hvort verður haldið áfram niðurgreiðslunum —, þá lækkar vísitalan úr 380 stigum í 300 stig. Það er nálægt því að vera 21% lækkun á launum. Og miðað við 20 þús. kr. laun, þá er skatturinn, sem verkamaðurinn í þessu falli þarf að borga, 4200 kr. Ég segi: Þetta mundi þykja allriflegur skattur og umtalsverður, ef t. d. bæjarstjórnin í Reykjavík hækkaði nú útsvörin á einu bretti á verkamönnum fyrst og fremst um 1700 kr. á hvern verkamann og gæti svo við nánari athugun kannske komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta væri ekki alveg nóg hækkun, og gæti þá brugðið sér upp í 4200 kr. skatt með útsvarsálagningunni. — En svo lækkar vöruverðið, sagði hv. þm. Já, við skulum líta nánar á það spursmál. Alls staðar í heiminum er verðlag að hækka, bæði í Ameríku, Bretlandi, Frakklandi og yfirleitt hvar sem er, a. m. k. í löndum auðvaldsskipulagsins er verðlag að hækka. Og þetta þýðir alveg óhjákvæmilega vaxandi dýrtíð hér heima á Íslandi, hækkun hinnar raunverulegu vísitölu. En samt á að halda sig við það hér að greiða launþegum kaup, sem miðað sé við 300 vísitölustig og ekki meira undir neinum kringumstæðum. Það er því engin fjarstæða að hugsa

sér, að það verði ekki 1700 kr. skattur, sem verkamaður hér í Reykjavík þarf að borga vegna þessarar ákvörðunar um að binda kaupgjaldið við 300 vísitölustig, og ekki 4200 kr., heldur eitthvað miklu meira, því að dýrtíðin hækkar, það er víst. Ríkisstj. getur hætt að greiða vísitöluna niður. Um það er allt óvíst. Og niðurstaðan verður: Meiri og þyngri byrðar yfir á herðar launþeganna. — Ég fjölyrði ekki meira um þetta. En það er ástæða til að spyrja um fleira.

II. kafli frv. er um eignaraukaskatt. Hv. 4. þm. Reykv. hefur nú lýst því yfir fyrir sína hönd, að honum finnist skattur sá harla lítilfjörlegur *sem eignaraukaskattur, og hefur hann þar satt* að mæla. En það finnst mér ekki heppilegt, að engin tilraun hefur verið gerð til þess að sýna fram á, hve miklar tekjur ríkið muni fá af þessum skatti. Það er óforsvaranlegt af hæstv. ríkisstj. að leggja fram frv. sem þetta, till. sem þessar og gera enga tilraun til að gera grein fyrir því, hvað till. þýða. Ég vil spyrja enn: Hvað hefur *ríkisstj. áætlað um það, hvað mundi fást inn af* þessum skatti? Ég sé raunar, að stólar ráðh. eru auðir, en ég sá í gærkvöld, að þegar þm. voru að tala, þá kaus einn ráðh. þann kost að standa á hleri við lokaða hurð, en annar var í hliðarherbergi og lét skina framan í sig annað slagið, en hinir kusu þann kost að vera á gangi á víð og dreif. Það er því vel hugsanlegt, að þeir haldi gömlum sið nú og sitji sinn til hvorrar handar og hleri svoleiðis, að það, sem ég segi, nái til eyrna þeirra, þótt þeir séu ósýnilegir. Þess vegna endurtek ég spurninguna: Hvað hefur ríkisstj. áætlað, að ríkið mundi fá miklar tekjur vegna hins svo kallaða eignaraukaskatts? Og ég endurtek líka spurninguna: Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. fyrir um niðurgreiðslur á vísitölunni? Hvaða *yfirlýsingar vill hún gefa í því sambandi*, og vill hún ekki setja ákvæði í l., sem segja svart á hvítu um það, hvað hér sé í ráði og hvað eigi að greiða mikið niður?

Ég skal svo ekki fara út í marga aðra kafla frv. Ég get þó ekki látið vera að minnast með örfáum orðum á þann kafla frv., sem fjallar um hinn svo kallaða veltuskatt eða söluskatt eins og framsóknarmenn hafa kosið að skíra veltuskattinn að þessu sinni, en almenningur skírir hann sveltiskatt. Það þarf ekki að fjölyrða um þennan skatt, það er ljóst, í hverju hann er fólginn, hann er 3½% álagning á ýmsar helztu nauðsynjavörur almennings. En eitt langar mig til að vita: Hve miklar tekjur hyggst ríkisstj. fá af þessum skatti? Um það liggja engar upplýsingar fyrir, ekki um það fremur en annað í þessu frv., og ég endurtek enn, að slíkt er ósæmilegt af hæstv. ríkisstj., að leggja fyrir Alþ. sitt aðalmál án þess að leitast við að gera nokkra grein fyrir, hvað það muni þýða í framkvæmd.

Ég skal svo ekki fara fleiri almennum orðum um frv., en mér þykir rétt að segja nokkur orð í tilefni af því, sem svo greinilega kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að þetta frv. væri mótað fyrst og fremst af sjónarmiðum gróða- og eignarstéttarinnar í þjóðfélaginu, og þetta er réttur dómur, það er fyrst og fremst mótað af sjónarmiðum þessarar stéttar, og það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að svo sé. Þessar stéttir hafa vissulega mikið að verja, og þær hafa mikil tæki til þess að verja sinn mikla auð. Ég hef áður hér á Alþ. bent á, hvernig eigna- og tekjuskiptingin er hér í Reykjavík samkvæmt síðasta skattaframtali, og þykir mér rétt að rifja nokkuð upp þær tölur, ef af því mætti verða ljósara, hvernig stendur á því, að frv., sem við höfum hér, er eins og það er. Það eru 8321 einstaklingur í Reykjavík, sem eiga svo mikið af þessarar veraldar auði, að þeir borga eignarskatt, það er ekki svo ýkja stór hluti borgaranna, en eignirnar, sem þeir telja fram, eru talsvert verulegar. Þeir telja sem sé fram 407 millj. kr., og að sjálfsögðu eru hér fasteignir taldar á fasteignamatsverði, verðbréf á nafnverði o. s. frv., svo að söluverð þessara eigna er fimm- til sexfalt meira. Nú förum við að athuga skiptinguna og tökum til athugunar 200 hæstu framteljendurna. Þeir telja fram til eignar 103 millj. kr., eða röskiega fjórða hlutann af öllum eignum, sem fram eru taldar til skatts í Rvík. Skiptingin er þá þannig, að hinir 200 auðugustu eiga um það bil ¼ allra skattskyldra eigna í Rvík, en ¾ skiptast niður á 8121. Þetta er eignaskiptingin hér í Rvík á milli eignastéttarinnar annars vegar og launastéttanna hins vegar, fyrst og fremst. Ákaflega líkt kemur í ljós, þegar farið er að athuga tekjuskiptinguna. Það eru að sjálfsögðu miklu fleiri einstaklingar, sem telja fram tekjur í Rvík, heldur en hinir, sem telja fram eignir. Þeir, sem telja fram tekjur, eru 22820. Heildartekjur þeirra eru 504 millj. kr., þ. e. a. s. nettótekjur, eins og þeir töldu fram til skatts. Heildartekjur hinna 200 auðugustu eru hins vegar 36 millj. kr. Hver þeirra hefur þá að meðaltali í árstekjur 180 þús. kr. nettótekjur eftir eigin framtali, enn hinir 22620 hafa í heildartekjur 468 millj. kr., eða ca. 20 þús. kr. í meðaltekjur. *Þannig er tekjuskiptingin í Rvík.* Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þetta frv., sem við ræðum um í dag, það er mótað af sjónarmiðum hinna 200 ríku. Hér á að leysa vandamálin á kostnað hins mikla fjölda, sem hefur litlar tekjur, án þess að koma, svo að heitið geti, við hjá þeim, sem hæstar hafa tekjurnar og mestar eignir eiga. En þá kemur sú mjög athyglisverða spurning, *hvernig á* þessu stendur, og einnig verð ég að segja það, að rétt er að virða það dálítið fyrir sér, áður en við svörum því, hvernig á þessu stendur, hverjir muni vera tekjumestir af núverandi valdhöfum.

Ég vil þá minna á það, að tveir af formælendum frv., hæstv. dómsmrh., sem hér hélt í gær þá furðulegustu ræðu, sem nokkurn tíma hefur verið haldin á Alþ., og hins vegar hv. þm. V-Húnv., sem flutti hér hóflega ræðu um málið, sem fyrir lá, — að báðir þessir menn sögðu eitt og hið sama, að hér væri aðeins um byrjunarspor að ræða og áfram verði haldið á sömu brautinni. Það var mjög athyglisvert, að báðir höfðu í frammi sömu hótunina, báðir sögðu: Ef þessu frv. verður illa tekið, ef barizt verður gegn því, ef það nær ekki tilgangi sínum, þá skuluð þið fá annað verra að þeirra dómi, nefnilega gengislækkun, og þeir undirstrikuðu það rækilega, að það væri búið að stíga það stóra spor að binda vísitöluna, en það er ekki nóg, við verðum að halda áfram á sömu braut. Það þýðir að halda

áfram að leggja meiri byrðar á launastéttirnar, en slá skjaldborg um stóreigna- og stórtekjustéttirnar. Ég verð að segja, að þessi hótun beggja þessara þm. um gengislækkun virðist mér út af fyrir sig ekki vera neitt geigvænlegri en þau ráð, sem hér er til gripið. Ég fæ ekki séð, að gengislækkun mundi á nokkurn hátt koma verr við launastéttirnar eða verða verri þjóðinni í heild en þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, og ráðstafanir, sem meira er hótað af. Ég fæ ekki séð, að verkamaður í Rvík mundi vera nokkuð vansælli, þó að laun hans væru skert um 8½% með gengislækkun en með bindingu vísitölunnar eða hvort laun hans væru skert enn þá meir með þessari aðferð eða hinni. Annars skal ég ekki fara langt út í það.

Ég vil þá aftur koma að því, hvernig á því stendur, að þetta frv. er svo mótað sem viðurkennt er, og vitna ég þar enn alveg sérstaklega í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem með löngum skýrslum leiddi að því rök, að frv. væri mótað af stefnu hinna auðugu. Það er eftirtektarvert, að allir stjórnmálaflokkar hafa sagt: Þetta er ekki mín stefna, þetta væri allt öðruvísi, ef ég hefði mátt ráða. — Nú er það ljóst, og leiddi hv. 4. þm. Reykv. einnig að því rök, að einn flokkurinn í stjórnarsamstarfinu, Sjálfstfl., hefur opinberlega og undanbragðalaust komið fram sem málsvari hinna auðugu, og ég held, að einn af þeim auðugu hafi verið að leggja fram brtt. áðan til þess að verja sjóði sína, það var hv. 3. þm. Reykv. (HB). Hann vildi sem sé fá skattfrelsi fyrir varasjóði alls konar hlutafélaga. Það vita sem sé allir, að þessi flokkur er málsvari hinna auðugu. Það vita allir, að þessi hv. þm., sem flytur hér till. um að verja sjóði sína, er að verja sitt eigið hlutafélag og félög stéttarbræðra sinna, félög kaupsýslustéttarinnar og braskarastéttarinnar. Þetta er ljóst. Og hann var ekki einn á báti. — Ég sé, að hv. þm. Ak. brosir, og það er kannske eðlilegt að hann brosi, því að það er nú svo með þann ágæta mann, að sjálfsagt mundi hann heldur kjósa sér stöðu annars staðar en þar sem hann er. Nú er því yfirlýst af tveimur öðrum stjórnmálaflokkum, að þeir séu algerlega andvígir þessari stefnu, þeir hafi ekki viljað búa til frv., sem væri þannig vörn fyrir hina auðugu, en árás á hina smærri. En hvernig stendur þá á því, að þetta hlaut að vera svona? Hæstv. forsrh. hældi sér í gær fyrir margt og einkum og sér í lagi fyrir eitt, fyrir staðfestu, hann sagðist vera geysilega staðfastur maður og svo væri um flokk hans. Það mætti kannske með ofurlitlum rökum leiða annað í ljós hvað flokk hans snertir, en þá sögu ætla ég ekki að rekja, en ég viðurkenni, að hæstv. forsrh. sjálfur er geysilega staðfastur maður, hann hefur alla tíð haft eina ákveðna og óbilandi stefnu, og það er að vera vikapiltur og varapeð hjá íslenzkri auðmannastétt. Þessi þráláta stefna hans hefur einnig birzt í öðru. Hún hefur einnig birzt í því, að hann hefur ætíð notað samstarfið við alla róttæka sósialista bæði í hans flokki og annarra til þess að sigla til hægri og tryggja, að ekki komi til samstarfs til vinstri. Einu sinni komst hann svo langt að vera samningsbundinn um samstarf til vinstri. Flokkur hans samdi við þáverandi Kommúnistaflokk Íslands um sameiginlega uppstillingu við kosningar í bæjarstjórn Rvíkur og um ákveðið samstarf að bæjarstjórnarkosningum loknum. Þessir samningar voru formlega og löglega gerðir og undirritaðir af stjórn beggja flokkanna. En þá var hinum staðfasta nóg boðið, því að 2 eða 3 dögum fyrir þær kosningar lýsti hann yfir því í blaði sínu, að samninga þessa mundi hann að engu hafa eftir kosningar. Síðan hefur verið haldið áfram á sömu braut. Það er alveg víst, að þetta frv., sem við höfum hér í dag og hv. 4. þm. Reykv. segir, að sé ekki stefna Alþfl., heldur stefna, sem sé mótuð af hagsmunum hinna auðugustu, það er svona af því, að við höfum óvenjulega stefnufastan forsrh., sem skilyrðislaust hafnar öllu samstarfi til vinstri og undir öllum kringumstæðum sækist eftir að vinna fyrir auðvaldið og afturhaldið í landinu.

Ég get svo ekki látið hjá líða að víkja örfáum orðum að hv. 4. þm. Reykv. Hann mætti vissulega af þeim dæmum, sem hann sjálfur hefur rakið, hafa numið þann sannleika, sem ég hef sagt, að hæstv. forsrh. er í því einu staðfastur, að vinna aldrei með róttækum sósíalistum, hvorki í hans flokki né utan hans. Nú hefur þessi hv. þm. komið fram æði oft á hinum opinbera vettvangi. Hann hefur komið fram við alþingiskosningar sem eldheitur baráttumaður gegn herstöðvasamningnum, og að ég ætla af einlægni. Ég ætla, að hann hafi í fullri einlægni barizt fyrir því að safna fylgi að sínum flokki við síðustu kosningar í þeirri góðu trú, að hann væri, eins og það var orðað, að berjast gegn hvers konar landsafsali, og það er vafalaust, að hv. 4. þm. Reykv. varð afar mikið ágengt í að styrkja flokk sinn. Hann dró til flokksins allmörg atkv., mörg hundruð eða þúsund, af því að fólkið trúði því, að það væri stefna flokksins, sem þessi róttæki sósíalisti og einlægi ættjarðarvinur væri að boða. En hvert var svo gagnið af baráttunni? Sterkari aðstaða fyrir hæstv. forsrh. til að vinna með landsafsalinu. Þetta var gagnið. Svo hafa stundir liðið fram, og hv. þm. hefur haldið áfram að berjast fyrir skoðunum sínum, hann hefur unnið af dugnaði við að semja þetta frv., afla til þess gagna o. s. frv., og þetta er svo gagnið af starfinu: Hæstv. forsrh. hefur fengið sterkari aðstöðu til að leggja fram frv. til verndar eignarstéttinni og frv., sem er um of mótað af hennar fingraförum, og fyrir hv. þm. sjálfan er gagnið þetta: *Hann fær að sitja hjá.* Það er rétt, að hann geri sér þá staðreynd ljósa, að hæstv. forsrh. vill ekkert samstarf við þennan mann, hann vill atkvæðin, sem hann dregur að flokknum, hann vill fá styrkleika fyrir sína óbreytanlegu þjónustu við íhaldið, og það er þáttur hv. 4. þm. Reykv. að láta honum það í té í nokkrum mæli, og það er allt og sumt. Svo fær hann þetta, sem börnin fá, þegar þau fara fyrst að leika sér með eldri börnum. Hann fær að vera „stikkfrí", það er það eina, sem hann hefur fengið. Það er ástæða til að gera sér það ljóst, að það er algerlega rangt, sem hv. 4 þm. Reykv. sagði áðan, að þetta frv. væri á engan hátt mótað af Alþfl. og hann hafi ekki haft aðstöðu til þess. Það er léleg aðstaða að vera forsrh. og hafa þingrofsréttinn í sinni hendi. Nú er mér nær að halda, að sann-

leikurinn í þessu máli sé sá, að þegar búið var að þæfa dögum og vikum saman milli stjórnarflokkanna um það að koma saman einhverju frv. og þegar svo stóð, að allt sýndist komið í óefni, þá hafi verið sagt við forsrh. það, sem eðlilegt var: Nú er það þitt verk að semja frv., sem hinir geta sætt sig við. — Þetta hygg ég, að hafi verið gert. Það var óhætt að trúa Stefáni Jóhanni til að semja frv. fyrir auðvaldið í Rvík. Sjálfstfl. gein við þessu. Framsfl. er bersýnilega ánægður líka. En ef einhver dugur hefði verið í Alþfl., — hvað var þá sjálfsagðara fyrir hann en að leggja fram þá stefnu, sem hann taldi sanngjarna og rétta og líklegan grundvöll fyrir alla þjóðina, og hvað var þá sjálfsagðara fyrir hæstv. forsrh. en að segja: Við höfum ekki fengið samkomulag, hér er mín stefna, og ég geng óhræddur til kosninga frammi fyrir þjóðinni upp á þá stefnu. Þetta vald er í hendi Alþfl. — Hví ekki að beita því? En svo kemur hv. 4. þm. Reykv. og segir: Þetta er vont frv., þetta er ekki stefna Alþfl., ég ætla að sitja hjá. Hvers vegna þessa lúpulegu stefnu — hví ekki að reka einhverja pólitík? Er ekki hv. 4. þm. Reykv. mér sammála um það, að alveg ugglaust sé grundvöllur meðal þjóðarinnar fyrir því að reka róttæka og meira og minna sósíalistiska pólitík, og ég er viss um, að þjóðin mundi stórlega fagna því, ef hún fengi einhvern tíma að ganga til kosninga um slíkt „prógram", ef heilyndi væru þá fyrir hendi meðal allra þeirra, sem kenna sig við sósialdemókrata, sem vildu vinna með róttækari öflunum í landinu og útiloka fulltrúa auðmannastéttarinnar, og ég vil gera það skýrt, að það tækifæri er nú í höndum Alþfl., en ég veit, að Stefán Jóhann Stefánsson notar það ekki. Ég veit, að Gylfi Þ. Gíslason á að tala um svona pólitík, sem ekki sé hægt að reka, hann á að styrkja aðstöðu forsrh., og svo fær hann að sitja hjá og halda ræður, sem ekki mega koma í Alþýðublaðinu.

Ég skal svo ekki fjölyrða öllu meira um þetta. Ég er þeirrar skoðunar, að innan þingveggjanna sé til þingvilji fyrir allt annarri pólitík en þetta frv. boðar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé til þingvilji fyrir því að snúast gegn þeim vandamálum, sem nú ber að höndum þjóðarinnar, með þeim hætti að leysa þau á kostnað auðstéttanna, en ekki launastéttanna. En það er bara svo dásamlega séð fyrir því, að þau öfl skuli ekki vinna saman, og það er fyrst og fremst hæstv. forsrh., sem hefur tekið sér rétt til að bíða og sjá, hvað setur. Ég held, að málið skýrist, eftir því sem stundir líða fram. Ég held, að að því hljóti að reka fyrr en seinna, að þeir, sem eru í stjórnmálaflokkunum og utan þeirra, á þingi og utan þings, og eru andvígir þeirri varnarstefnu, sem hér birtist, fyrir auðstéttir Íslands, fari að vinna saman fyrir þá menn, sem þeir eiga að vera umboðsmenn fyrir.

Það hefur verið venja, þegar lagafrv. er borið undir atkv., að lýsa yfir því, að fyrirsögn teljist samþ. án atkvgr. Mér dettur í hug, hvort enda muni á líkan hátt með þetta frv. og að rétt hefði verið, að frv. hefði getað heitið eitthvað annað en það heitir. Kannske fyrirsögnin sé prentvilla, eins og sú, sem Alþýðublaðið gerði í leiðara sínum? Þegar við fengum þskj. í hendur í gær, tjáði hæstv. ríkisstj., að hún mundi hlutast til um að létta gróðanum af þeim, sem mest hefðu grætt, og að þeir bæru mestu byrðarnar En Adam var ekki lengi í paradís, því að svo var frv. prentað upp. Svo flettum við upp á sömu síðu og sáum, að það var bara prentvilla. Mér dettur í hug, að fyrirsögn þessa frv. hefði átt að vera: Frv. til l. um ráðstafanir til að auka dýrtíðina og skerða lífsafkomu almennings. — Og þá væntanlega samþ. án atkvgr. Það mundi koma sér betur fyrir þm., að fyrirsögnin yrði samþ. án atkvgr., svo að þeir þyrftu ekki að greiða atkv. á móti sannfæringu sinni. Þessi fyrirsögn held ég, að sé sú rétta og henti hér, því að hér eru ráðstafanir til að auka dýrtíðina, en ekki til að draga úr, og til að skerða lífskjör almennings, en ekki til að bæta.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það hafa verið miklar umr. um þetta mál og það ekki að ástæðulausu. Ég hef hvorki við 1. umr. né þessa tekið til máls áður. — Margt af því, sem ég hefði viljað segja, er nú fram komið, en ég vil sérstaklega taka það fyrir að gera ýmsar aths., sem mér finnst ekki fram hafa komið.

Það er nú búið að lýsa því nokkuð hér, hver sé tilgangur þessa frv. Það er eins og ríkisstj. hafi gert ráð fyrir því, að það hlyti að verða mjög óljóst fyrir almenningi, hver sé tilgangur frv., vegna þess, að hún tekur upp það óvenjulega fyrirkomulag að setja sérstakan kafla við frv., sem er aðeins ein gr., þar sem tekið er fram, hver sé tilgangur frv. Í honum er talið upp: „Til þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar er sett löggjöf sú, sem hér fer á eftir." Það er vel til fallið að taka þetta fram vegna þess, að þótt leitað væri með logandi ljósi um frv. og allir hagfræðingar landsins væru kallaðir til rannsóknar, þá er ekki hægt að finna þetta út úr frv. Maður skyldi nú ætla, að það væri þetta, sem ríkisstj. legði áherzlu á að sanna og léti sér ekki nægja það, sem látið er standa framan við frv. Það er aðeins ein framsöguræða, sem haldin hefur verið af hálfu ríkisstj., og þar er ekki komið greinilega inn á eitt einasta atriði frv. Það var ræða forsrh. Ræðan var frá upphafi til enda ekki annað en óundirbúið skvaldur. Þær fáu tölur, sem hann nefndi, voru rangar og ekki nema þrjár, að ég held. Hann sagði t. d., að fiskábyrgðin mundi kosta 20 millj. kr., án þess að færa nokkur rök fyrir því. Sú tala mun vera röng. Hún mun vera 6—7 millj. kr. of há. Hann segir enn fremur, að kauplækkun nemi um 8%. Hvert barn skólagengið getur séð, að það er 8.5%. Hann segir raunverulega lækkun launa ekki nema 5%. Hv. 4. þm. Reykv. tekur það óvarlegar til orða, að hann telur það ekki munu vera nema 4—5%. Þessar tölur eru allar rangar. Eftir að þessar ræður hafa verið haldnar, hafa bæði forsrh., menntmrh. og utanrrh. talað í þessu máli, en enginn þeirra hefur skýrt nein atriði frv. Þeir hafa svo að segja ekkert, sérstaklega forsrh. og utanrrh., komið nærri því að ræða frv. Ég býst við, að ræðan, sem hæstv. utanrrh.

hélt hér í gær, sé einsdæmi. Svo taumlaust er ábyrgðarleysi ráðh., að á sama tíma sem ríkisstj. ber fram við þjóðina, að allir launþegar eigi að færa fórnir til að forða þjóðinni frá voða, þá hafa þeir ekki neitt um þetta mál að segja, en velja sér annað umræðuefni til þess að reyna að drepa tímann fyrir þingi og áheyrendum. En það sýnir ekkert betur en einmitt þessi framkoma ríkisstj., hversu slæmur málstaður hér er á ferðinni. Það var gert mikið úr því atriði í ræðu hæstv. forsrh., að með frv. væru lagðar byrðar á alla þegna þjóðfélagsins. Allir, sem talað hafa hér af hálfu ríkisstj., hafa viðurkennt það, að í frv. væri um launalækkun að ræða. Dagblaðið Tíminn, sem kom út í dag, heldur því fram, að hér sé ekki um launalækkun að ræða. Þetta er dálítið sýnishorn af því, hvernig verið er að reyna að blekkja almenning. En það bragð getur ekki tekizt, því að hér er um of greinilega árás að ræða. Það er vert að athuga þetta höfuðákvæði frv., sem er í III. kafla, sem sé lækkun á vísitölunni. Í sjálfu sér er frv. lítið annað en framlenging á fiskábyrgðarlögunum frá því í fyrra, sem við sósíalistar knúðum í gegn á þingi í fyrra og einir höfum haldið fram, að óhjákvæmilegt væri af mörgum ástæðum að láta koma fram aftur. Allir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., hafa keppzt um í blöðum sínum að fullyrða, að það væri vitfirring að framlengja ríkisábyrgð á sjávarútveginum. Og hæstv. ráðh. hafa við öll möguleg tækifæri, sérstaklega utanrrh. og fjmrh. margtekið það fram, að þetta væri glæpsamlegt athæfi, sem ekki kæmi til mála að framlengja. Nú eru þeir með þetta ráð okkar og sjá ekki annað ráð til þess, að framleiðslan geti haldið áfram. Þetta er líka gott sýnishorn af starfsaðferðum þessarar stjórnar, enda býst ég við, að leit væri á ríkisstj., sem kastað hefur höndunum til undirbúnings slíkra mála eins og þessi ríkisstj.

Hæstv. forsrh. viðurkenndi það, að launalækkunin væri meginatriði frv. Og það er sérstaklega undirstrikað í grg., að til þess að ná þessu markmiði frv. sé óhjákvæmilegt að ráðast beint gegn verðbólgunni með því að festa vísitöluna. Við sósíalistar höfum oft haldið því fram, að í munni ríkisstj. og stuðningsmanna hennar væri verðbólgan ekki annað en kauphækkun. Þegar talað er um, að verðbólgan eigi að minnka, þá er talað um, að kaupið eigi að lækka. En það er ekki áhugi fyrir vöruverðinu. Nú er þessi kauplækkun, sem felst í frv., um 8.5%, og síðan kemur veltuskattur eða söluskattur. Það má vafalaust slá því föstu, að hann sé ekki minni en 2—3%, þannig að kauplækkunin nú þegar er ekki minni en 10%. Enn fremur felst í frv. heimild til þess að lækka niðurgreiðslur. Ríkisstj. hefur ekki skuldbundið sig til að halda áfram niðurgreiðslum. Hún getur ákveðið að minnka þetta um 10 stig eða jafnvel alveg. Þá er lækkunin ekki 28 stig, heldur 84 stig. Þá er verðlækkunin orðin 22%. Ef menn vilja halda því fram, að það sé ekki annað en illkvittni að bera það á ráðh., og ríkisstj., að þeir hafi hug á þessu, þá þarf ekki annað en að rifja það upp, sem kom upp úr þeim hér í gær í umr. Hæstv. utanrrh. orðaði það svo í sambandi við fiskábyrgðina, sem hann taldi vera heldur slæmt ráð að grípa til, en lofaði, að ekki skyldi vera gert lengur en nauðsynlegt væri. Þannig komst hann að orði: „Ef dýrtíðin ekki lækkar stórkostlega, þá þarf fiskábyrgð áfram.“ Ætli það séu miklar líkur til þess, að hæstv. utanrrh. mundi sætta sig við það, ef sú stjórn, sem hann situr í, hefði heimild til þess að lækka vísitöluna svo stórkostlega. Nei, ekki aldeilis. Það, að hann treystir sér ekki til þess, er það, að þeir óttast, að almenningur mundi ekki þýðast það. Síðar í umr. kom hann aftur inn á þetta mál og sagði berum orðum — ég skrifaði upp eftir honum: „Þá voru mjög miklir annmarkar á að taka stærri skref í einu heldur en ráð er fyrir gert í frv.“ Maður sér, hvert á að halda og hvað hér er um að ræða. Hér er ekki verið að stíga verulega stórt skref að áliti ríkisstj., en verið að prófa, hvernig undirtektirnar verða, og ef það gefst vel og samtök launþeganna svara þessu ekki með einhuga baráttu, þá á að færa sig upp á skaftið. Hæstv. menntmrh. kom líka inn á þetta og sagði, að vísitölufyrirkomulagið hefði verið aðalundirrót verðbólgunnar. Ég man nú ekki betur en hæði hæstv. menntmrh. og formaður Framsfl. hafi haldið langar ræður í útvarpið um brask og heildsalagróða og ásakað fyrrv. ríkisstj. fyrir að hefta þetta ekki og gera ekki ráðstafanir til að hefta þennan gróða, svo að gagni mætti koma. Og þá töldu þeir þetta vera að verulegu leyti undirrót verðbólgunnar. Nú er snúið við blaðinu, og nú er það vísitölufyrirkomulagið. En hvað er vísitala? Hún er ekki annað en mælikvarði á vöru, sem fólkið þarf til að lifa. Þessi mælikvarði, álíta þeir, að sé aðalundirrót verðbólgunnar, því að hann er ástæðan fyrir því, að kaupið hækkar, þegar verðið á nauðsynjavöru hækkar. Er hægt að segja með berari orðum, að vandamálið sé eingöngu það í augum ríkisstj. að lækka kaup og laun? Nei, það er ekki hægt að fá gleggri játningu frá ríkisstj. en kom fram í umr. í gær. Einmitt þessar játningar ættu að vera aðvörun til allra launamanna og verkafólks, sem lifa á kaupgjaldi, um, hvaða breytingar hér er verið að fara fram á. Þessir borgaralegu flokkar hafa ætlað sér með auðmannastéttina að baki að leysa vandamálið á kostnað almennings. Nú þegar er byrjað að stíga fyrsta skrefið. Ef það tekst, þá á að halda áfram. Nú er það einkennilega við þetta, að jafnhliða því, sem vísitalan lækkar, þá á grunnkaupið ekki að lækka. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að verkamenn, sem hafa sterk samtök, hafa möguleika, ef þeir telja sér fært, að fá leiðréttingu á þessari skerðingu á kjörum sínum með því að hækka grunnkaupið. Lögin banna það ekki, og þeir hafa verkfallsrétt og geta beitt honum. En hjá launamönnum almennt, sérstaklega hjá hinu opinbera — hver er þeirra réttur? Hann er enginn. Þeir mega ekki gera verkföll til að rétta kjör sín. Hér er um að ræða fyrst og fremst árás á þessa stétt, sérstaklega starfsmenn hins opinbera. Hins vegar hafa samtök verkamanna mikla möguleika, ef þau vilja beita þeim. Hvernig stendur á því, að í frv. er ekki bönnuð grunnkaupshækkun? Það hefur ekki enn komið nein skýring frá ríkisstj. um þetta atriði. Skyldi ástæðan vera sú, að ríkisstj. hlýtur

að sjá, þótt hún lækki vísitöluna og bjargi þannig þjóðinni eins og hún vill vera láta, að það þyki lagabrot, ef grunnkaup hækkar að sama skapi? Hvernig stendur á þessu? Það stendur þannig á því, að hæstv. forsrh. hefur einu sinni farið út úr ríkisstj. vegna þess, að með gerðardómsl. var bönnuð grunnkaupshækkun á Íslandi. Þetta er ástæðan, sem flokksmenn úr öllum flokkum hafa viðurkennt. Alþfl. neyddist til að draga hann úr stjórn árið 1942, eins og þeir orðuðu það. Þetta er ástæðan fyrir því, að grunnkaupið er ekki bundið.

Því er haldið fram af þeim, sem talað hafa af hálfu ríkisstj., að það eigi að gera ýmsar ráðstafanir til þess að lækka dýrtíðina, þetta sé hin svo kallaða verðhjöðnunarleið, sem hagfræðingarnir hafa fundið út, að sé góð, ef vel sé á haldið. Ef menn rísa gegn þessu, þá skulu þeir fá það í annarri mynd, sem sé gengislækkun. Þessi aths. kom hér fyrst fram hjá hæstv. utanrrh. Menntmrh. kom líka með þessa aths. Þeir sögðu fullum fetum, að ef þessi leið yrði ekki farin, þá væri ekki um annað að ræða en gengislækkun. Við skulum nú segja, að ríkisstj. hefði ákveðið að fara þessa leið, að færa niður kaupgjald og vöruverð samtímis. En það gerði hún ekki. Það eina, sem ákveðið er í frv., er að lækka skuli launin. Svo er ákvæði um það, að framleiðsluráð landbúnaðarins skuli verðskrá landbúnaðarvörur að nýju og við það miða, að laun þeirra, er að framleiðslunni vinna, bænda og annarra, haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna árið 1947, þangað til ný landbúnaðarvísitala hefur verið ákveðin samkv. l. nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Nú er vitað, að ágreiningurinn um að verðskrá landbúnaðarvörur er mikill. Ég býst við, að bændaleiðtogar muni geta fundið rök fyrir því, að verðlag á landbúnaðarvörum megi ekki lækka, heldur þyrfti að hækka, þrátt fyrir þessa lækkun á launum. Nú skulum við segja, að af pólitískum sniðugheitum lækki það eitthvað, en þá er fyrir því séð í frv., að á móti þeirri lækkun komi það, sem tekið er upp í 21. gr., að ríkisstj. ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. l. nr. 94 1947. Hvað þýðir þetta? Það, að kjöt, sem ekki selst á innlendum markaði, á að seljast út úr landi, og ríkissjóður á að greiða það, sem á vantar. Nú segir kunningi minn, að það þurfi að senda út allt að 200 þús. tonn. Það, sem þarf að borga niður af þessu kjöti, er 6 kr. á kg, eða allt að 12 millj. kr., sem þannig fæst útbýtt til bænda á móti þeirri verðlækkun, sem kynni að verða ákveðin samkv. 16. gr. frv., sem óvíst er um, hver verður. Hver á svo að borga þessar 12 millj. kr.? Þessar 12 millj. kr. eiga að borgast með söluskatti af því, sem inn kemur fyrir það, að hver heildverzlun á að leggja 2% á þá vöru, sem hún selur, og smásöluverzlun 1½%. Þannig á a. m. k. að borga 3½% af hverri vöru annarri en landbúnaðarvöru, sem nokkru máli skipti. Þannig er búið um hag bænda, samtímis því sem verið er að lækka laun hjá launþegum og verkamönnum, gamalmennum og þeim, sem þiggja örorkubætur og ellistyrk.

Ef við athugum það, hvernig núv. ríkisstj. er samansett, þá er það Sjálfstfl., sem telur sig ekki hvað sízt berjast fyrir umbótum fyrir launamenn. Þó hefur sá flokkur haldið svona vel á hagsmunum launa- og verkamanna, að þegar þeir lækka laun þessara manna, þá hækka þeir verðið til bænda, og að þessu stendur Alþfl., sem hefur unnið það, að frv. er ekki eins afleitt og verið hefði án hans þátttöku, eftir því sem hv. 4. þm. Reykv. segir. Sá hv. þm. veittist að frv. okkar sósíalista gegn dýrtíðinni og taldi, að í því fælist brenglun á vísitölu, sem næmi ¾ úr stigi. En hann lét þess ekki getið, hvernig á því stendur, að Alþfl. hefur haldið þannig á málum launamanna gagnvart bændum. Sannleikurinn er sá, að við samningu þessa frv. hafa bændafulltrúarnir algerlega snúið á hina. Samkv. frv. eiga bændurnir alls ekki að taka neinn þátt í þeirri kjaraskerðingu, sem ríkisstj. er nú að framkvæma gagnvart þjóðinni. Það eru aðeins launþegar bæjanna, sem byrðarnar eiga að bera, og það verða þeir að gera sér ljóst. Slíkt er ömurlegt, og eina skýringin á því er sú, að þau öfl í þjóðfélaginu, sem sterkust eru að baki ríkisstj., eru frá auðmönnum Rvíkur, en lækkun vísitölunnar þýðir gróðaaukningu hjá þeim, og kem ég nánar að því síðar. Það er langt frá því, að ríkisstj. hafi frá upphafi rætt um að lækka vísitöluna í 300 stig. Fyrsta till. var frá Alþfl. og var á þá leið að lækka vísitöluna niður í 225 stig, og það var vegna samtaka launamanna og óttans við þau, að ríkisstj. hrökklaðist frá því áformi og sá sér ekki fært að lækka vísitöluna meira en niður í 300 stig, en það undanhald kostaði líka ríkisstj. 2½ mánuð. Einu rökin fyrir þessari kauplækkun eru þau, að með þessu sé verið að gera sjávarútveginum kleift að starfa. Það er fásinna, sem þriggja manna n., skipuð af ríkisstj., hefur afsannað, og í þessari n. átti m. a. sæti hv. 4. þm. Reykv. Það er ekki hægt að bæta hag sjávarútvegsins með því að lækka vísitöluna, vegna þess að launin, sem sjávarútvegurinn greiðir, eru ekki bundin við vísitöluna. Braskararnir fá að græða, og ríkisstj. gerir ráð fyrir því og hefur því numið úr upphaflega frv. ákvæði, sem leggja nokkrar hömlur á útborgun arðs í hlutafélögum. Stjórnin kom óvart upp um sig um þetta atriði vegna prentvillu í grg. frv. Þeir, sem græða, ef frv. þetta verður samþ., eru auðmenn Rvíkur. Það má ómögulega skerða hag þeirra, sem taka laun sín í gróða. Þeir mega eftir sem áður taka ⅓ teknanna í varasjóði hlutafélaga sinna, hversu fányt störf sem hlutafélögin hafa með höndum. Móti þessu munu talsmenn ríkisstj. segja: Þeir borga eignaraukaskatt. En það er mikill munur að greiða skatt af miklum auði eða verða að taka af þurftarlaunum, og með þessu frv. er auðmönnunum ekki gert að færa neinar fórnir, því að á móti eignaraukaskattinum fá þeir aukna möguleika til að græða.

Þá er það verzlunargróðinn. Það er engin skerðing gerð á honum. Söluskatturinn lendir allur á neytendum, og með þessu frv. er stefnt beint að því að gefa „premíu“ fyrir að svíkja undan skatti,

því að svo vel er um búið af hálfu ríkisstj., að kaupmenn eignast allan skattinn af því, sem þeir stela undan. Þetta er í fyrsta skipti, sem það er lögfest á Íslandi, að þeir, sem stela undan skatti, skuli fá tækifæri til þess að seilast ofan í vasa almennings eftir meiri gróða. Ég býst við, að umboðsmenn auðmannanna hafi vegna þessa tækifæris talið söluskattinn viðunandi. Um álögur á útveginn þarf ekki að ræða. Það er enginn skattur lagður á hann, en það eina, sem gert er til að hlúa að honum, er að lækka beituna, en það er með því snilldarbragði, að þar er tekið frá útveginum sjálfum. Engar þjóðfélagsstéttir nema launþegar og verkamenn eiga að fórna. Þetta er það, sem hæstv. forsrh. kallar að jafna byrðunum niður á þjóðina.

Hv. 4. þm. Reykv. kvartaði undan því, að í frv. væru ekki nægilegar byrðar lagðar á efnamenn. Það hefði verið ástæða fyrir þennan hv. þm. að fara nánar út í það, hvaða byrðar væru lagðar á þá samkv. frv., en þær eru engar. Þeir þurfa ekkert að leggja fram. Hv. 4. þm. Reykv. virðist vera á góðri leið með að verða aðaltalsmaður ríkisstj. hér, og það var engin tilviljun, að hann hóf ræðu sína með því að gagnrýna frv. okkar sósialista, því að það er einn liðurinn í „plani" ríkisstj. um að reyna að sýna þjóðinni, að engar aðrar leiðir en þær, sem hún leggur til, séu fyrir hendi, og því óhjákvæmilegt að lækka launin. Með því að ráðast á okkar frv. var hv. 4. þm. Reykv. að reyna að gera ríkisstj. kleift að standa á því frv., sem hún nú hefur lagt fram. Ef sýndar eru leiðir til þess að ráða bót á dýrtíðarvandamálunum án þess að lækka kaupið, þá er ekki hægt að bera fram svona frv. Þess vegna reynir hv. 4. þm. Reykv. að telja mönnum trú um, að okkar frv. sé ekki til þess að vera tekið alvarlega. Þetta gerði hann líka í umr. um okkar frv. um daginn, þegar hann reyndi að bjarga hæstv. forsrh., er hann hafði lesið upp falsaðar tölur fyrir þingheim. Og þá var útreið hv. 4. þm. Reykv. slík, að hann kaus ekki að fara út í það sama atriði nú. En hverjar eru till. okkar sósialista? Það er í fyrsta lagi till. um að lækka tolla á þeim vörum, sem ganga inn í vísitöluna, og er gert ráð fyrir, að við það lækki vísitalan um 21 stig, enda er það ómótmælanlegt, og það hefur hv. 4. þm. Reykv. orðið að viðurkenna. Þessi lækkun mundi valda 7 stiga lækkun á vísitölunni vegna lækkaðra launa, og væri þá vísitalan komin niður um 28 stig, jafnmikið og nú á að lækka hana, án þess að vöruverðið lækki. Á móti þessari till. reis hæstv. forsrh. og sagði, að tollalækkunin mundi kosta ríkissjóð 25 millj. kr., en vísitalan aðeins lækka um 15 stig. Var hann þar staðinn að vísvitandi ósannindum, því að hann hafði í höndum plagg frá hagstofunni, sem sýndi allt annað en hann las upp. Ósannindin fólust í því, hvað niðurfelling tolla af vörum, sem ganga inn í vísitöluna, mundi kosta ríkissjóð 9 mánuði ársins, en það reiknaðist 18 millj. kr., eða 24—25 millj. kr. allt árið. En þá var miðað við innflutning þessa árs. Í till. okkar sósialista er hins vegar reiknað með innflutningi ársins 1948, en samkv. áætlun ríkisstj., sem hún hefur opinberlega lagt fram, á innflutningurinn 1948 að vera helmingi minni en á þessu ári, og yrði þá tap ríkissjóðs vegna tollaniðurfellingarinnar aðeins 12 millj. kr. Þá þagði hæstv. forsrh. og um það, að lækkun vísitölunnar um 21 stig mundi spara ríkissjóði útgjöld, 640 þús. kr. fyrir hvert vísitölustig, eða 13 millj. kr. Ef till. okkar sósialista yrðu samþ., mundi þess vegna sparnaður ríkissjóðs verða meiri en kostnaðurinn, sé miðað við áætlaðan innflutning á næsta ári. Ef maður gerir hins vegar ráð fyrir eitthvað meiri innflutningi á næsta ári, vegna þess að bjartari horfur eru nú í gjaldeyrismálunum, þá mundi það alveg standa í járnum, hvort ríkissjóður hefði útgjöld eða ágóða af framkvæmd till. okkar sósialista. Þetta var hv. 4. þm. Reykv. bent á, og lyppaðist hann þá niður og treysti sér ekki til að verja ósannindi hæstv. forsrh. Það er því eðlilegt, að hann segi, að till. okkar séu ábyrgðarlausar og ekki til að vera teknar alvarlega og noti það svo sem átyllu til þess að ræða þær ekki nánar. Það er hægt að lækka vísitöluna með því að lækka vöruverðið, en án þess að rýra kjör almennings, og það leggjum við sósialistar til. Fyrir ríkisstj. vakir hins vegar að auka enn vald auðmannanna í landinu.

Aðrar till. okkar sósialista, sem við höfum áður borið fram og nú lagt fram á ný sem brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, eru í fyrsta lagi vaxtalækkun, sem er eitt af allra þýðingarmestu málum sjávarútvegsins, og þarf engan hagfræðing til að sjá það. Í grg. okkar er því haldið fram, að vaxtabyrðin sé 15 þús. kr. á bát að meðaltali. Hv. 4. þm. Reykv. hefur tekið sér það hlutverk að halda því fram, að þetta sé rangt, án þess þó að álíta það sjálfur. Og hvað er sönnunargagn hans. Það er áætlun hagfræðinganefndarinnar, en ekki reynsla útgerðarmanna, sem hann byggir málflutning sinn á. Sá sannleiksneisti er þó í þessu, að þeir bátar, sem keyptir voru frá útlöndum í tíð fyrrv. stjórnar og fengu A-lán í stofnlánadeildinni, þurfa ekki að borga svona mikla vexti. En ákaflega er hv. 4. þm. Reykv. ókunnugur íslenzkum sjávarútvegi, ef hann heldur, að þeir bátar séu meiri hluti flotans. Sannleikurinn er sá, að meginhluti flotans eru gamlir, innlendir bátar, sem á hvíla alls konar vandræðalán, og meiri hlutinn eða að minnsta kosti helmingurinn á við að búa 5%—6% vaxtakjör, og það er ekki óvenjulegt, að 60 tonna bátur skuldi 600 þús. kr., og svo vil ég biðja hagfræðinginn, hv. 4. þm. Reykv., að reikna og vita, hvort hann fær ekki eitthvað um 36 þús. kr., og reikna svo með lækkuninni úr 6% niður í 2½% og vita, hvort honum reiknast þá ekki lækkunin 15 þús. kr. eða meira. Og hvers vegna koma útvegsmenn aldrei svo saman, að þeir ekki krefjist vaxtalækkunar, ef ástandið væri ekki svona alvarlegt? Og vegna þessarar skattpíningar græddi Landsbankinn 14.2 millj. kr. s. l. ár, og ætti hann því að þola, að vextirnir væru lækkaðir. Og vaxtalækkun hefur miklu meiri þýðingu fyrir sjávarútveginn en lækkun vísitölunnar. En það er eðlilegt, að ríkisstj. vilji gera þessar till. okkar tortryggilegar, en það er ekki hægt gagnvart útvegsmönnum, því að þeir finna vaxtabyrðina á bókum sínum og vita, hvernig þessum málum er háttað. En við gerðum fleiri till. til þess að létta skuldabyrðinni af útvegsmönnum, þótt hagfræð-

ingurinn minntist ekki á þær. Í fyrsta lagi lögðum við til að lækka vátryggingargjöldin á bátunum, en nú þurfa bátarnir að borga allt upp í 7% í iðgjöld, og ef 60 tonna bátur er vátryggður á 600 þús. kr., þá getur hagfræðingurinn, hv. 4. þm. Reykv., reiknað út vátryggingargjaldið, og eins ef það er lækkað ofan í 4%. Og það er hægt, því að vátryggingarfélögin hafa grætt á tryggingunum, t. d. græddi eitt félag ¼ milljón kr. á einum bát yfir árið. Að það skiptir miklu fyrir útveginn, að hér verði lækkað ofan í 4%, sér hver maður. Þetta er að dómi hv. 4. þm. Reykv. ábyrgðarleysi og alvöruleysi okkar sósíalista. Þá lögðum við og til að endurgreiða til sjávarútvegsins af síldarkúfnum svo kallaða um 4 kr. á mál. Hv. 4. þm. Reykv. minntist ekki á það. Þegar stjórn síldarverksmiðja ríkisins ákvað verðið á síldinni á síðustu síldarvertíð, þá lagði hún 4 kr. við kostnaðinn á hverju máli, og átti það að vera til þess að mæta ábyrgðarverði á fiski. En hvað skeður nú? Jú, stjórn síldarverksmiðjanna segir, að það hafi verið svo lítil síld í sumar, að verksmiðjurnar hafi tapað á rekstrinum. Það er allt í lagi, segir ríkisstj. Þið skuluð bara hafa þessar 4 kr. á hvert mál. Það er ekki verið að spyrja útvegsmenn, hvort þeir hafi tapað, hvað þá bjóða þeim uppbót, þó að verksmiðjunum sé með þessu gefið frá ½ — 3½ millj.

Það mætti nú segja, að það væri fyrir sig, þó að ríkisverksmiðjurnar hirtu þetta fé, enda þótt það sé á engan hátt rétt, en það fylgir bara böggull skammrifi, því að með þessu er einkaverksmiðjunum gefin þessi upphæð, sem er hvorki meiri né minni en ½ milljón til Kveldúlfs-verksmiðjunnar á Hjalteyri og 400 þúsund til verksmiðjunnar á Djúpavík. Svona er farið með það fé, sem útvegsmönnum og sjómönnum raunverulega ber, en hagfræðingurinn sá ekki ástæðu til að minnast á þetta. Það er öllum kunnugt, að útvegsmenn hafa orðið að framlengja lán og láta afborganir falla niður vegna þess, að síldin hefur brugðizt undanfarin sumur. Þetta hefur leitt til þess, að ýmsum bátaeigendum hefur verið tilkynnt, að nú verði gengið að bátunum, og þegar útvegsmenn hafa spurt, hverju þetta sætti, þá fékk einn þá skýringu, að bankinn gæti nú sennilega selt bátinn án þess að verða fyrir verulegu tjóni, en hins vegar væri það mjög óvíst, ef ekki yrði gengið að honum nú. Það er ekkert verið að hugsa um, þó að útvegsmaðurinn sé búinn að leggja alla sína fjármuni í bátinn. Nei, það er alveg nóg, ef bankinn fær sitt.

Allar till. okkar sósíalista varðandi útveginn miða að því, að til þessa þurfi ekki að koma, heldur séu útvegsmönnum gefin ný tækifæri til þess að borga skuldir sínar, því að það er ekki ástæða til þess að ætla, að síldin bregðist alltaf, þó að hún hafi gert það undanfarið. Þessar ráðstafanir er líka hægt að gera án þess að borga eyri úr ríkissjóði, enda þótt 4. þm. Reykv. hafi verið pantaður af ríkisstj. til þess að gera till. okkar tortryggilegar og gefa upp alls konar falskar tölur í sambandi við vísitölu og tolla. Og svo langt hefur þetta gengið, að stjórnin notar nafn hans, af því að hann er prófessor í hagfræði, til þess að sanna þessar rangfærslur.

Ég vil nú ræða nánar till. okkar og benda á, hvernig þær gætu bætt aðstöðu útvegsins. Meðal annars er lagt til, að útvegsmenn fái sjálfir rétt til þess að verzla með veiðarfæri og allir milliliðir verði bannaðir í sambandi við þá verzlun. Það má geta þess, að útvegsmenn áttu einu sinni kost á slíkri verzlun, en svo illa tókst til, að þeir fengu enga tauma. Þetta leiddi til þess að veiðarfæraverzlanir, sem áttu tauma, settu þau skilyrði, að til þess að útvegsmenn gætu fengið tauma, yrðu þeir að kaupa línuna líka. Af þessum orsökum kom þessi heimild útvegsmanna að engum notum, en hitt er engu að síður víst, að þetta gæti sparað útveginum allverulegt fé. Þá höfum við lagt til, að ríkið taki að sér einkasölu á olíu, og eru miklar líkur til, að hægt væri að lækka olíuverðið um ⅓ frá því, sem það nú er. Olíuverðið hér er nú nál. 50% hærra en í Noregi, þó að Norðmenn kaupi olíuna á sama stað og við og flutningskostnaður þar af leiðandi sá sami. Þetta stafar mest af því, að dreifingarkostnaðurinn er hér alveg óhóflegur, því að olíufélögin, sem annast dreifinguna, hafa það eina markmið að græða.

Ég hef áður minnzt á till. okkar varðandi vaxtakjör útvegsins, en þar er lögð mest áherzla á ódýr rekstrarlán. Eins og vitað er, hefur bátaútvegurinn verið rekinn með allmiklu tapi, einkum þó á síldveiðunum undangengin sumur. Þessi aflabrestur hefur gengið nærri mörgum útvegsmönnum, og það ekki sízt vegna þess, að þeir hafa orðið að taka rekstrarlán með mjög óhagstæðum kjörum. Nú er ekki ástæða til að ætla, að síldin bregðist alltaf, en til þess að unnt verði að halda þessum atvinnuvegi áfram, sem er okkur tvímælalaust alveg nauðsynlegur, þarf að veita þeim útvegsmönnum, sem illa hafa orðið úti, allverulega rekstrarlán, en ekki með 5% vöxtum, heldur vaxtalaus. Ég er sannfærður um, að þessi leið kæmi útvegsmönnum að miklu meira liði en þó að rýrð væru kjör sjómanna og verkamanna. Þessar till., sem ég hef nú minnzt á, telur 4. þm. Reykv. ekki ástæðu til að ræða öðruvísi en með útúrsnúningum og rangfærslum. Þó að þessi þm. sé mikill hagfræðingur, þá virðist hann þurfa að athuga betur vandamál útvegsins. Ég held jafnvel, að hann ætti að loka hinum þykku doðröntum hagfræðinnar dálítinn tíma, en tala heldur við útvegsmenn og sjómenn. Það gæti verið fróðlegt fyrir þennan unga mann, sem aldrei hefur komið nálægt neinu starfi í atvinnulífinu, að kynnast þessum atvinnuháttum af eigin reynd. Ég hef gert mér far um að kynnast útveginum eftir beztu getu, og þýðingarmestu kynninguna tel ég þá, sem ég hef fengið með því að tala við þá, sem við atvinnuveginn fást, bæði útgerðarmenn og sjómenn. Og ég er sannfærður um, að það er heillavænlegri leið til þess að skilja og bæta úr því ástandi, sem nú er, heldur en að loka að sér uppi í háskóla og semja álit, sem að meira eða minna leyti er samið eftir erlendum fræðibókum, sem ekki gera ráð fyrir þeim staðháttum, sem hér eru fyrir hendi.

Forsrh. talaði af miklum belgingi um frv. kommúnista, eins og hann kallaði það, og það er rétt, að sumir í okkar flokki eru kommúnistar, en ekki allir. (GÞG: Hverjir eru ekki kommúnistar?) T. d. Sigfús Sigurhjartarson. Hann hefur

aldrei verið kommúnisti. (GÞG: En hvernig er það með þm. sjálfan?) Ég hef verið kommúnisti og er kommúnisti. Annars vil ég biðja 4. þm. Reykv. að geyma sínar athugasemdir, þar til hann fær orðið. Meðal annars bar forsrh. okkur það á brýn, að við héldum því fram, að það þyrfti ekkert að gera í dýrtíðarmálunum. Hvers lags fjarstæður eru þetta hjá ráðh.? Veit forsrh. ekki, að það vorum við sósialistar, sem fyrstir bárum fram till. um raunhæfar aðgerðir í dýrtíðarmálunum, og það alllangt á undan þeirri ríkisstj., sem þó þykist vera mynduð til þess að vinna gegn dýrtíðinni? Mér finnst sómatilfinning hæstv. ríkisstj. ekki mikil, að hún skuli leyfa ráðh. slíkan málaflutning. Ef okkar till. í sjávarútvegsmálunum hefði verið fylgt, þá væri ekki komið sem komið er fyrir útveginum. Þá hefði útvegurinn ekki þurft að safna skuldum vegna svikulla starfa utanrrh. í afurðasölumálunum. Þá hefði útvegurinn ekki verið látinn stöðvast vegna þess, að afturhaldið við Landsbankann neitaði um rekstrarlán. Nei, ef okkar ráðum hefði verið fylgt, þá hefði framleiðslan verið aukin og fiskiðjuverunum fjölgað.

Forsrh. sagði, að við héldum því fram, að það ætti að halda vísitölunni við 300 stig. Það er rétt, að við viljum lækka vöruverðið, m. a. með afnámi tolla og lækkun á milliliðagróða, svo að vísitalan verði við 300 stig, en við viljum ekki láta skera niður laun verkamanna og annarra launþega og segja svo, að vísitalan sé 300 stig. Ég er þeirrar skoðunar, að fyrst beri okkur að sjá, hve fiskábyrgðin nemur miklu, og síðan eigum við að leggja skatt á hennar vegna eftir þörfum. En hæstv. ríkisstj. vill leggja nú þegar skatta á vegna fiskábyrgðarinnar. En heldur nokkur maður, að hæstv. ríkisstj. mundi endurborga skatta vegna þessa, ef ekki þarf að grípa til þess, sem inn kemur af þeim, vegna fiskábyrgðar? Nei, aldrei. En það væri hægt að leggja skatt á hvenær á árinu sem væri í þessu augnamiði, ef það kæmi í ljós, að á því þyrfti að halda. Ég er sannfærður um, að á síðasta ári hefði ekki þurft að borga nema mjög óverulega upphæð, kannske ekki nema nokkrar milljónir, til þess að standast þessa ábyrgð ef rétt hefði verið á fisksölumálunum haldið, en hæstv. ríkisstj. gerði það ekki, vegna þess að hún af pólitískum ástæðum forðaðist í því efni Sovétríkin og löndin í Austur-Evrópu, en vildi halda viðskiptum við Vestur-Evrópulöndin, svo sem England, og svo Ameríku. Og hún hefur selt fyrir mjög miklu óhagstæðara verð í Englandi og Ameríku en hún hefði getað selt fyrir annars staðar, til þess að geta fengið pund og dollara til að geta úthlutað þessum gjaldeyri til heildsalanna. Svo geta heildsalarnir grætt á því að selja pundin fyrir tvöfalt og dollarana fyrir þrefalt og fjórfalt verð. En útgerðarmenn fá ekki nema einfalt verð fyrir gjaldeyrinn. Heildsalar þurfa ekki að taka á sig áhættu eða skakkaföll, sem við höfum orðið fyrir. — En hins vegar er það svo, að ríkisstj. ber alls ekki saman um það, hve fiskábyrgðin sé mikil. Ég minnist þess, að Vísir sagði einu sinni, að fiskábyrgðin hefði numið 70 millj. kr. Alþýðublaðið hefur hvað eftir annað fullyrt, að þetta næmi tugum millj. kr. Hæstv. forsrh. sagði nú, að þetta væru 20 millj., og það mun vera sama tala, sem hæstv. fjmrh. færði fram um þetta í ræðu sinni. En allt bendir til þess, að þetta verði 13—14 millj. kr. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn viljað birta sundurliðað, hvað þetta nemur miklu á yfirstandandi ári. Þó er hægt að vita þetta, þar sem búið er að selja allan fiskinn, sem ábyrgð var tekin á. Það er því hægt að reikna út svo að segja upp á krónu, hvað þetta verður. Samt sem áður, þegar hæstv. ríkisstj. kemur með till. í frv. um framlengingu á þessum skatti vegna fiskábyrgðarinnar, kemur hún ekki með skilríki um, hvað þetta hefur verið á þessu yfirstandandi ári, til þess að geta dulið, hvað þarf að gera í þessu efni, og til þess að geta lagt stórfellda skatta á almenning. En útlitið er miklu betra nú en áður með fisksöluna, vegna þess að ein þjóð, sem ekki vildi kaupa freðfisk í fyrra, Englendingar, er nú mjög áhugasöm um þau kaup. Enn fremur eru Tékkóslóvakía og Holland, sem áttu erfitt í fyrra um vörukaup vegna vöruskorts, en geta nú þegar keypt 7 þús. tonn strax af næstu framleiðslu og það allt fyrir ábyrgðarverð.

Hæstv. forsrh. sagðist telja, að þær fórnir, sem launamenn væru nú að leggja á sig, þær væru vátryggingarpremía, sem launamenn greiddu til þess að tryggja sér atvinnu. Þetta er óheppilegt orðalag. Vátryggingarpremía er það, sem tryggjanda er borgað, en ekki það, sem hann greiðir. En hæstv. ráðh. hefur meint iðgjald, er hann sagði premía. En ég verð að telja það ótryggt vátryggingarfélag, sem launþegar hafa, ef þeir ættu að leggja inn vátryggingariðgjöld sín í þessu efni hjá hæstv. forsrh. (StJSt). Það verð ég að segja. Þeir hafa prófað það að hafa hann að forstöðumanni sinna samtaka. Þeir söfnuðu eignum og keyptu álitleg hús hér í Reykjavík og áttu t. d. volduga brauðgerð hér í Reykjavík, Alþýðubrauðgerðina, höfðu byggt Alþýðuhús við Hverfisgötu og eignazt Iðnó. En þeir bara uppgötvuðu það, að þegar Stefán Jóh. Stefánsson, núverandi hæstv. forsrh., var hættur að vera forseti þeirra, þá hættu þeir að eiga þetta. Hann hafði tekið þetta með sér. — Þannig fór með iðgjöld þeirra í því tilfelli. Ætli það færi ekki svipað með iðgjöld þeirra nú, ef þeir ætluðu að leggja þau inn hjá ríkisstj.? Orðbragð það, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft hér, ber ekki vott um, að þeir séu svo ráðvandir, sem hana skipa, að almenningur geti trúað þeim fyrir slíkum iðgjöldum. Hæstv. ríkisstj. lagði áherzlu á, og þar á meðal hæstv. forsrh., að vöruverð ætti að lækka sem mest. Ég býst við, að hæstv. forsrh. hafi átt við: Vöruverð skal lækka svo sem frekast er unnt, eftir því sem kostur er frekast á. Þetta var orðalag stjórnarsamningsins. Og þetta er orðalag Keflavíkursamningsins. Allt, sem til góðs á að miða, skal gert svo sem frekast er unnt, svo sem ástæður frekast leyfa o. s. frv. En ég held, að almenningur í landinu hafi haft svo mikla ástæðu til þess að tortryggja núverandi hæstv. ríkisstj., að það hefði verið réttast fyrir hana að lækka fyrst vöruverðið og koma svo og lækka launin. En ég verð að segja, að það er ekki ástæða til að taka svona orðalag alvarlega, enda er orðalagið á þessu frv. nákvæmlega það sama og á stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. og á Keflavíkursamningnum, þar

sem um ákvarðanir um atriði er að ræða, sem eiga að verða eitthvað til góðs fyrir almenning í landinu.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það mætti að vísu losa ríkissjóð undan töluverðri áhættu með því að selja saman hinar eftirsóttustu vörur og hinar minna eftirsóttu vörur, sem er síldarkúfurinn. Og í þessu frv. er eitt skaðlegasta ákvæðið í sambandi við þetta, sem gengur jafnvel lengra en ákvæðið, sem samþ. var í fyrra viðkomandi síldarverðinu. Þetta ákvæði er í 22. gr. frv. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstj. heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.“ Hvað þýðir þetta? Þetta er almenn heimild. Sem sagt, ríkisstj. getur komið og sagt við Englendinga: Ef þið viljið kaupa kjöt okkar fyrir það verð, sem við þurfum að borga bændum á Íslandi, (sem er sex krónum hærra en við getum fengið fyrir það í Englandi) skulum við lækka lýsið að sama skapi. M. ö. o., það má verðjafna saman sjávarútvegs- og landbúnaðarvörur. Heimildin er svona víðtæk, og ég býst við, að það séu einsdæmi, að nokkur ríkisstj. fari fram á annað eins. Hæstv. ráðh. segja kannske: Það hvarflar ekki að okkur að gera þetta. — En almenningur getur búizt við, að þeir gerðu slíka hluti, ef þeir þyrðu að gera þetta. Annað er það, hvort þeir þora að gera það, því þótt þeir hafi kokhreysti hér í þingsalnum allgóða, þá renna þeir á rassinn, þegar til framkvæmdanna kemur, þeir eru því vanir. — Annað er það, ef ríkisstj. selur vörur, sem ábyrgðarverð er á, þá ætli hún sér að hafa það þannig, að sá hluti verðs útflutningsvara, sem ábyrgðarverð er á, sem er fram yfir ábyrgðarverð, sé tekinn í sérstakan sjóð, sem notist til þess að bæta upp verð á vörum, sem ábyrgðarverð er á, en sem seljast ekki fyrir það verð. Þetta er ekki óeðlilegt. — En svo kemur rúsínan í pylsuendanum. Hún er sú, að ef eitthvað verður þarna afgangs, þá skuli líka borgað það, sem ríkissjóður hefur þurft að borga vegna fiskábyrgðar á þessu ári, sem sagt, tuttugu milljónirnar, sem hæstv. ráðh. var að tala um. Nú bendir allt til þess, að allar vörur sjávarútvegsins seljist yfir ábyrgðarverði. Þá á að taka þann hluta af söluverði þessara ábyrgðarvara, sem er fram yfir ábyrgðarverð, til þess að borga halla frá fyrra ári, vegna ábyrgða. Sem sagt, þarna á að skattleggja sjávarútveginn. Það hefur ekki verið allt of ofarlega hjá hæstv. ríkisstj. að bjarga sjávarútveginum. En ætli það væri ekki eins gott fyrir þjóðina, ef við gætum selt okkar vörur fyrir ofan ábyrgðarverð, að láta sjávarútveginn hafa það, sem þar fengist fram yfir, og þurfa þá síður að hjálpa honum á næsta ári? Með því væri hægt að láta sjávarútveginn grynnka þannig á skuldum, sem bezt væri fyrir þjóðina. Það væri sannarlega engin óhæfa, að sjávarútvegurinn færi að borga slíkar gamlar skuldir. Vegna þessa ástands hef ég ásamt hv. 2. þm. S.-M. flutt brtt. á þskj. nr. 210 við 22. gr. frv., sem ég ætla að leyfa mér að lesa. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Við fyrri mgr. Í lok fyrri mgr. fyrir orðin „*og er ríkisstjórninni*“ *og út mgr. komi:* og skal ríkisstjórnin í því skyni láta þeim, sem kaupa vilja þær fiskafurðir, sem minni eftirspurn er eftir, á góðu verði tilsvarandi hluta af þeim vörum, sem mest er sótzt eftir, án þess að verðjafnað verði milli vöruflokka.

2. Orðin „svo og lögum nr. 97/1946“ í niðurlagi síðari mgr. falli niður.“ —

Staðreyndin er, að á síðasta ári, þegar samið var við Englendinga, þá var, vegna þess að Englendingar höfðu ekki áhuga á að kaupa okkar freðfisk, freðfisknum samt sem áður pínt upp á þá með því að lækka óhæfilega verð á lýsi, í 95 pund tonnið. En lýsisverðið var þá 130—140 pund tonnið. Og þetta verð á lýsinu var miðað við það, að verðið á freðfiskinum væri 6 pence hvert enskt pund af hraðfrystum fiski. Þetta varð til þess, að samningar í Sovétríkjunum voru gerðir með sama sniði. Það var vitað fyrir fram, að Sovétríkin mundu vera fús til að kaupa allan fiskinn fyrir sama verð og í fyrra, þó að þau gerðu tilboð um lægra verð, því að það voru engin rök, sem mæltu með því, að í Sovétríkjunum eða á Íslandi eða nokkurs staðar annars staðar mundi verða nokkur verðlækkun á nokkurri matvöru. En salan til Englands fyrir það verð, sem þar fékkst fyrir fiskinn, varð til þess, að í staðinn fyrir, að hægt væri að selja þeim í Sovétríkjunum fiskinn fyrir sama verð og þeir keyptu hann fyrir í fyrra, þá vildu þeir ekki gefa fyrir fiskinn nema miklu lægra verð. Og ástæðan til þess var sú, að ríkisstj. var búin að binda sig í Englandi og gat því ekki selt fiskinn fyrir hærra verð annars staðar. En ríkisstj. notaði síldarkúfinn til þess að þvinga fiskinum inn á þjóð, sem ekki hafði áhuga á að kaupa freðfisk, og það hefur orðið til þess að skaða þjóðina um 30 millj. kr. Með þeirri brtt., sem við flytjum, hv. 2. þm. S.-M. og ég, er útilokað, að þetta geti komið fyrir. Ég býst við, að hv. stjórnarstuðningsmenn sjái ekki ástæðu til að greiða atkv. með þessari brtt., en við sjáum samt til.

Hæstv. utanrrh. gaf hér ýmsar mikils verðar upplýsingar. Ein þeirra er, að visitölufyrirkomulagið sé aðalundirrót verðbólgunnar. En hann gaf líka aðrar upplýsingar. Hann sagði, að það reyndist ekki fært að skapa samtök um að afnema fiskábyrgðina. Ríkisstj. eða ýmsir í henni höfðu fullan vilja á að afnema hana og þannig kannske að stöðva okkar gjaldeyrisframleiðslu. En af því að það reyndist ekki mögulegt að fá samtök um það, þá var því sleppt í bili. Og það var lán þjóðarinnar, að það tókst ekki. — Hæstv. utanrrh. kom hér, eins og ég hef tekið fram áður, svo að segja ekkert inn á frv. En í þeim fáu setningum hjá honum, sem að því hnigu, kom hann með ákaflega skrítilegar fullyrðingar, efnislega þess eðlis, að hann kemur til með tiltölulega fljótt að sjá eftir að hafa sleppt þeim út úr sér. Ein þeirra var, að hann taldi, að þetta frv. bæri vott um, að ríkisstj. hefði tekizt að rata hinn gullna meðalveg. Ja, það var nú meiri meðalvegurinn! Ég veit ekki milli hvers þessi meðalvegur er hér í þessu frv., því að hér er ráðizt á annan endann, en hinn endinn látinn gersamlega afskiptalaus. Hæstv. ráðh. reyndi heldur ekki að skýra þessi orð sín nánar um meðalveginn, enda hefði

honum reynzt það erfitt. Hann valdi sér líka annað umræðuefni hér en þetta frv. Hann á kannske eftir að gera grein fyrir þessu síðar. En ég er hræddur um, að hann hafi tilhneigingu til að ræða annað fremur en það aðalefni þessa frv., hver árás það er á allan almenning í landinu, sem hann stendur að að skipuleggja með þessu frv. — Það var líka eftirtektarvert, þegar hæstv. forsrh. svaraði hér löngum og ýtarlegum ræðum, sem hér höfðu verið haldnar um málið og þar sem farið hafði verið inn á hvert atriði frv. og bent á, að frv. gerði hvorugt að leggja byrðarnar jafnt, eins og það er kallað, á alla þjóðina, né heldur hitt að vera dýrtíðarráðstafanir, þá var það eina setningin, sem hæstv. forsrh. hafði um þetta mál að segja, að það hefði eiginlega ekkert nýtt fram komið og að hann hefði engu sérstöku að svara — þ. e. bæta við það skvaldur, sem hann flutti hér í sinni ræðu. Og svo sneri hann máli sínu út í aðra sálma og aðalefnið í ræðu hans var það, hvað Einar Olgeirsson hefði haft mikinn áhuga fyrir því að fá að vera í fjárhagsráði. Ég býst við, að það sé ekkert launungarmál, hvorki í sambandi við fjárhagsráð né annað, að við sósíalistar höfum aldrei skorazt undan því að vera með í neinu því starfi, sem til heilla getur horft. Og ég undirstrika, að þegar mynduð var ríkisstj. 1942 — sem núverandi stjórnarflokkar þóttust hafa gert af voðalegri karlmennsku —, þá höfðum við aldrei sagt skilið við þá til framkvæmda á neinu máli, sem til heilla horfði fyrir þjóðina. Þvert á móti höfðum við verið tilbúnir til að starfa með að slíkum málum. Og við gerðum okkar til þess, að samningar tókust um sölu á okkar afurðum. Og um afurðasölumálin er það að segja, að það var ekki vegna afskiptaleysis Sósfl., að svo illa tókst um þau mál, heldur vegna þess, að ráðum Sósfl. var í þeim efnum ekki hlýtt. En hvað segir hæstv. ríkisstj. nú og hæstv. utanrrh.? Þeir hæla sér af því aðallega, að þeirra afrek sé að ýta sósíalistum út úr öllum störfum í þjóðfélaginu. Og því var lýst sérstaklega í grein, sem hæstv. utanrrh. skrifaði í aðalsíðu Morgunblaðsins, að stefna ríkisstj. væri að kveðja ekki Sósfl. til neinna þjóðnýtra starfa. Og þetta er þó flokkur, sem vitað er, að er fyrst og fremst flokkur verkalýðsins í landinu, og vitað er, að formenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu eru flestir eða mjög margir flokksmenn þessa flokks, og þar á meðal eru forustumenn Alþýðusambands Íslands og forseti þess. Og hæstv. ríkisstj. hælir sér af því, að hún hafi unnið það afrek að hrinda þessum flokki frá því að starfa með að lausn þjóðfélagsvandamála. Svo kemur hæstv. forsrh. í sinni skvaldurslegu framsöguræðu fyrir þessu frv. og mælist til þess, að stjórnarandstaðan taki á þessu máli með skilningi og styðji nú þessa viðleitni ríkisstj. og bregðist ekki á móti, heldur sjái til, hvað gangi. Svona er á málunum haldið. Þessa menn vantar ekki illkvittnina til þess að reyna að hrinda sósíalistum út úr störfum fyrir þjóðfélagið. — En það væri réttast fyrir þessa menn að vera ekki með neitt svona. Sósíalistar hafa ekki sagt sig úr lögum við ríkisstj. Við höfum ekki að fyrra bragði ráðizt á þessa ríkisstj. Við höfum frá upphafi stutt alla viðleitni hjá ríkisstj., sem til góðs hefur horft. En hún hefur því miður verið ákaflega lítil. Og okkar barátta gegn ríkisstj. hófst ekki fyrr en hún réðst á launþegana með sinni alræmdu tollahækkun á síðasta vori. Það skal tekið fram, þessum mönnum til fróðleiks, að Sósfl. er alls óhræddur við þeirra svigurmæli. Sósfl. hefur áður heyrt slíkar fullyrðingar eins og þær, að það skyldi drepa hann. Einu sinni sat þingið á lokuðum fundi nærri þrjá sólarhringa og ræddi um að banna Sósfl. Það var þá stríð milli Sovét-Rússlands og Finnlands. En þá var komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki álitlegt að banna flokkinn. En ég efast ekkert um, að núverandi hæstv. ríkisstj. mundi banna Sósfl., strax og hún þyrði það, ef hún teldi það öruggustu leiðina til þess að lækka vísitöluna. Ef sósíalistum væri bannað að tala og hægt væri að framfylgja slíku banni, þá mundi vísitalan verða lækkuð strax á eftir um 100 stig a. m. k. En það verður eitthvað talað og skrifað, áður en það verður gert.

Hæstv. utanrrh. hefur ekki séð sér fært að svara aftur eftir þá ósvífnu ræðu, sem hann hélt hér, sem sennilega er einsdæmi um ræðu úr ráðherrastóli. Sjaldan þurfum við hér í hv. Nd. að hlusta á annað eins, þó að þeir í Ed. séu orðnir flestu vanir úr hans munni. En eftir að búið var að taka hann í gegn eftir þessa ræðu hans hér, og það maklega, treysti hann sér ekki til að svara og ekki heldur treysti hann sér til að vera viðstaddur, en sendi hæstv. forsrh. upp í ræðustólinn til þess að gefa sér heiðarleikavottorð. Nei, hann hefur aldrei sagt ósatt, hæstv. utanrrh., sagði hæstv. forsrh., um afurðasölumálið hér á Alþ. Hæstv. forsrh. tók þetta fram um afurðasölumálið, hann þorði ekki að fullyrða meira. Þetta er varlega talað og ég hugsa hyggilega talað. En þetta er nógu ósatt samt.

Þá skal ég fara að stytta ræðu mína, því nú er áliðið nætur. Ég vil aðeins hér að lokum undirstrika það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér um málaflutning hv. 4. þm. Reykv., að aumt er hans hlutskipti að hafa verið einn aðalráðunautur Alþfl., einn aðalfræðimaður Alþfl. við að semja þessar till., en fá svo bara leyfi til að sitja hjá. Í eignakönnunarmálinu fékk hann leyfi til að greiða atkv. á móti. Hann hélt kotroskna ræðu um eignakönnunina og fann henni allt til foráttu. Hæstv. forsrh. rak þetta ofan í hann, og hann talaði ekki aftur. Þá fékk hann leyfi til að halda eina ræðu og að vera á móti málinu, af því að það var ekki svo þýðingarmikið mál, að slíkt gæti verið hætta fyrir ríkisstj. En ef hér í þessu máli kæmi eitt atkv. á móti frv. frá Alþfl., þá hefði það getað verið hættulegt, sérstaklega ef það væri frá þm. úr Reykjavík, manni, sem stillt var efstum á lista Alþfl. við kosningarnar síðustu sem aðalnúmeri. Þess vegna hefur hæstv. forsrh. ekki leyft hv. 4. þm. Reykv. að gera meira en að halda ræðu á móti. Svo verður hann á eftir að lýsa yfir, að hann ætli sér að sitja hjá. Á þennan hátt ætlar hann að rækja starf sitt sem þm. fyrir þá menn, sem komu honum á þing honum sjálfum að fyrirhafnarlausu. Hann kom fljúgandi utan úr heimi, eftir að búið var að stilla honum á listann, það voru aðrir menn, sem unnu að því. Ef hann vildi vera trúr þeim,

sem hann þykist hafa umboð fyrir, þá mundi hann stöðva þetta frv. og stjórnin mundi ekki áræða að gera það að l. En hann hefur fengið fyrirskipun frá flokknum um að sitja hjá, af því að frv. á með hans aðstoð að verða að l. Það er þetta, sem verður að undirstrika, og það er þetta, sem menn verða að gera sér ljóst, að hann hefur fyrirmæli frá flokknum um að sitja hjá, svo að róttækni flokksins verði minni.

Forseti (SB): Mér hafa borizt svo hljóðandi tilmæli frá 7 hv. þm.:

Vér undirritaðir skorum hér með á forseta, að ræðutími þm. við þessa umr. verði ákveðinn 10 mínútur.

Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson, Steingrímur Steinþórsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurður E. Hlíðar, Jörundur Brynjólfsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Þetta er í annað skiptið á tveimur dögum, sem það kemur fyrir, að stjórnarliðið ætlar að skera niður umr. Hæstv. stjórn hefur ekki gefið neinar upplýsingar um, hvers gagns megi vænta af þessu frv. Hún hefur brugðizt öllum skyldum gagnvart Alþingi að gefa mönnum upplýsingar um það, sem þeir hafa spurt um. Í stað þess hefur hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. látið hafa sig til þess að koma með stórlygar á einstaka menn í sínum ræðum, til þess að hægt sé að gera slíkar lygar að stórfyrirsögnum í Morgunblaðinu daginn eftir. Svo þegar þm. hafa rétt til að halda tvær ræður með fullum ræðutíma og frsm. þrjár, þá skera þeir niður umr., eftir að viðkomandi ráðh. hafa talað og borið sínar lygar fram. Þetta er hreint ofbeldi og ekkert annað. Þingsköp ætlast til þess, að tvær nætur líði frá því, að frv. kemur fram, þar til má taka það til umr., og tvær nætur milli umr., enn fremur, að frsm. hafi rétt til að halda þrjár ræður og aðrir þm. tvær. Þetta er gert til að tryggja, að tími vinnist til að athuga frv., og tryggja málfrelsi þm. Með þessari aðferð, sem hér er verið að beita, er verið að brjóta anda þingskapa. Það er verið að hagnýta sérstakt tilefni, sem hægt er að nota, kannske með teygjanlegu móti, ef umr. hafa dregizt úr hófi fram, og það verður ekki sagt, að hér hafi verið, annað eins stórmál og þetta er. Þess vegna vil ég algerlega mótmæla þessari aðferð. Ég vil vekja athygli þeirra hv. þm., sem greiða atkv. með þessari aðferð, á því, að hér er verið að innleiða nýjan praxis, sem ekki hefur tíðkazt fram að þessu. Hér er verið að ríða niður þann rétt, sem þm. er veittur samkvæmt stjórnarskrá og l. Þess vegna vil ég alveg mótmæla þessari till., sem hér er komin fram.

Forseti (SB): Þm. þeir, sem að þessari till. standa, eiga rétt á því, að hún sé borin undir atkv.

ATKVGR.
Till. samþ. með 19:7 atkv.

Forseti (SB): Samkvæmt þessari atkvgr. verður framvegis ræðutími þm. 10 mínútur við þessa umr. málsins.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. — Ég hef borið fram brtt. á þskj. 209, við 2. gr. Aftan við 1. málsgr. c-liðar bætist: Sama gildir um fé það, er lagt hefur verið í varasjóði hlutafélaga, annarra en þeirra, er að framan getur, og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.

Í frv. því, sem hér um ræðir, er gert ráð fyrir, að undanþegið eignaraukaskatti verði fé, sem ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af. Þó á þetta ekki að gilda hjá hlutafélögum, sem reka aðra atvinnu en sjávarútveg. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um ósamræmi og óréttlæti að ræða, þar sem löggjafinn hefur undanþegið ákveðinn hluta af tekjum allra hlutafélaga tekjuskatti á þeim grundvelli, að féð sé tryggingarsjóður, sem ríkið hefur undanþegið skatti, á meðan féð er geymt til tryggingar rekstri félagsins og þar með atvinnu landsmanna. Sé fé það, sem hér um ræðir, seinna útborgað til hluthafa, t. d. við félagsslit, skal félagið greiða af því tekjuskatt, og má því líta svo á, að félagið eigi ekki, nema þá að litlu leyti, það fé, sem á þennan hátt kemur til skipta og ekki hefur farið til að mæta tapi á rekstrinum, á sama hátt og á sér stað hjá samvinnufélögum, sem ekki mega úthluta varasjóði. Hv. 6. þm. Reykv. minntist eitthvað á, að hluthafarnir mundu þó alltaf fá eitthvað, en það verður ekki mikið, þegar félagið á fyrst að greiða mjög háa skatta af því, sem útborgað er á þennan hátt, og svo eiga hluthafarnir að telja það fram sem tekjur og greiða svo aftur af því mjög háan skatt. Má því ábyggilega fullyrða, að það verður lítið, sem ekki lendir hjá ríkissjóði, þegar það litla, sem kemur í hlut hluthafanna, hefur verið tvískattað á þennan hátt. Mundi víst mörgum iðnaðarfyrirtækjum í landinu, sem flest eru rekin sem hlutafélög, finnast, að sér væri ekki sýnt réttlæti, ef þessi brtt. mín nær ekki fram að ganga.

Ég ætla ekki, af því að tíminn er naumur, að bera saman gr. frv. Þó get ég ekki stillt mig um á þeim nauma tíma, sem ég hef, að koma nokkuð að þeim ummælum, sem þrír hv. síðustu ræðumenn hafa látið hér falla.

Er það þá fyrst hv. 4. þm. Reykv., sem mér fannst vera nokkuð hvatskeytlegur, og bjóst ég ekki við því, því að ég hef þekkt hann að því að vera prúðan og orðvaran. Hann fullyrðir, að innflutningsverzlunin sé rekin í versta lagi hér á Íslandi og eigi verulegar fjárhæðir erlendis. Þetta eru kommúnistiskar getsakir. Þetta kom fram í sambandi við þennan bálk, sem hv. þm. harmar, að kommúnistar hafi gripið frá sér í annað sinn. Ég harma, að svo góður maður sem hann hafi ætlað að vera svo nærri greni kommúnista og rétt kominn inn í það, en sem betur fór, bjargaðist hann frá því aftur.

Þá vil ég aðeins minnast á ræðu hv. þm. Siglf. og hv. 6. þm. Reykv. Ég minnist þess ekki að hafa í annan tíma heyrt meira vein og harmatölur. Þeir hafa eflaust búizt við því, að þetta mundi verða viðkvæmt mál. Ég hef ekki heldur heyrt öðru sinni aðrar eins fullyrðingar, en af því að tíminn er naumur, verð ég að láta niður falla að mestu leyti að svara þeim.

Hv. 6. þm. Reykv. skaut því fram í sambandi við brtt. mína, að ég væri þar fyrst og fremst að

reyna að vernda minn eiginn sjóð, H. Benediktsson & Co. Þetta er alls ekki í fyrsta skiptið, sem við mætumst á þessum vettvangi. Við vitum það báðir vel, að við höfum mismunandi viðhorf til þjóðfélagsmálanna. Ég hika ekki við að viðurkenna, að ég fylgi séreignarstefnunni, því að ég veit það, að þjóðin er komin fram á þennan dag fyrir framtak einstaklinganna og marga menn höfum við fengið úr hópi verkamanna, sem höfðu kjark til að leggja út í áhættusaman atvinnurekstur. En við vitum það, að þessi hv. þm. er ekki fæddur undir þeirri stjörnu að hafa trú á séreignarstefnunni, því að hann hefur ætlað sér að komast á ríkissjóðsjötuna eða hjá því opinbera á einn eða annan hátt. Hann hefur ekki viljað hafa fyrir hinu, þó að hann sé mætur maður og glöggur á marga lund, sérstaklega í stærðfræði, að því er menn segja. Hitt er enginn vafi, að þessi hv. þm. hefur þó komizt þetta langt fyrir það, að framtakssamir einstaklingar í hans ætt hafa komið honum á framfæri.

Alveg þetta sama kom fram hjá hv. þm. Siglf. Hann vildi halda fram, að hann væri sérstaklega glöggur maður á það, hvernig menn gæfu fram til skatts. Það má vel vera, að hann stundi það. Hann hefur þó gert tilraun til að vera með framleiðslustarfsemi sjálfur með áhuga og dugnaði. Ég get því eigi skilið, að þessi hv. þm. fordæmi allar kenningar, sem benda í þá átt, að menn eigi eitthvað og geti séð fyrir sér án þess að fá til þess hjálp frá ríki og bæ.

Tími minn er búinn, og ég vil ekki brjóta þau fyrirmæli, sem mér eru sett, en mun gefa mér tækifæri til að ræða málin síðar, ef svo ber undir.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Hæstv. forsrh. er ekki kominn úr felum enn. Hann lét sér sæma eins og hæstv. dómsmrh. í gær í staðinn fyrir að ræða *málið* að bera fram eina lygina í viðbót til að fá hana næsta dag á forsíðu í Morgunblaðinu.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði viljað komast að sem bankastjóri í Landsbankanum. Þetta veit hæstv. forsrh., að er ósannindi, alger ósannindi. Það verður gaman að vita, hvort ekki koma þrennar lygarnar þessi þrjú kvöld frá hæstv. ríkisstj. Þriðja lygin mundi sennilega verða sú, að ég hafi viljað verða sendiherra í Moskvu. Ef hæstv. ráðh. hafa ekki önnur rök en þau að vera með persónulegt níð á mig fyrir, að ég hafi sótzt eftir embættum, sem mér hafa kannske staðið til boða, en ég neitað, þá er eins gott, að það komi allt fram á sama kvöldi. En ég skil hugsanagang þessa manns. Hann hefur útvegað sjálfum sér eitt bezt launaða embætti landsins. Við sjáum hæstv. samgmrh., hv. þm. V.-Ísf., hv. 4. þm. Reykv., sem allir eru búnir að koma sér á lífstíðarframfæri hjá ríkinu, í hæst launuðu embætti, sem ríkið hefur. Þeir geta ekki skilið, að nokkur maður eigi í baráttu fyrir aðra. Þeir geta ekki skilið, að nokkur maður sé svo, að hann reyni ekki allt, hvað hann getur, til að koma sér í góð embætti. Þeir geta ekki skilið, að sósíalistar hafi svo farið úr ríkisstj., að þeir hafi ekki tryggt sér eitthvað til að lifa af. En við sósíalistar höfum ekki hugsað um slíka ævitryggingu, af því að við erum að heyja baráttu fyrir alþýðu þessa lands, en ekki að ganga á mála hjá því landi, sem hæstv. ráðh. þjóna fyrst og fremst með þessu frv.

Hæstv. ráðh. talaði um sölu afurða, en hann þorði ekki að gefa upplýsingar um það, að nú er hæstv. stjórn með áætlun um söluhorfur og reynir þar með að skapa grundvöll fyrir launalækkun. Við sósíalistar höfum í meira en hálft ár reynt að sýna fram á, að verðið sé að hækka. Hæstv. stjórn hefur borið á móti þessu, en hefur nú verið neydd til að viðurkenna það, en þorir ekki að láta það koma í ljós, áður en þetta mál er afgr., hversu mikil hækkunin er. Hún þorir ekki að framkvæma samningana, svo að hægt sé að sannprófa, hvaða verð hægt er að fá. Þetta frv. er eitthvert það fyrirlitlegasta gróðabrall, sem auðmannastétt hefur notað sína ríkisstj. til. Hún lætur stjórnina bera fram vísvitandi ósannindi til að koma fram launalækkunum. Ég skoraði á hæstv. forsrh. að gefa yfirlýsingu um það, að hæstv. stjórn muni ekki misbeita því valdi, sem hún fær með þessu frv., til þess að hætta niðurgreiðslum á vísitölunni. Engin slík yfirlýsing hefur komið fram. Svo er hv. 4. þm. Reykv. sendur út af örkinni eins og áður, þegar hæstv. stjórn er í vandræðum. Hann er látinn lýsa því yfir með sínum óskeikulleik og leggja þar við sinn vísindaheiður og prófessorsheiður, að vísitalan muni lækka niður í 315 stig. Vill hæstv. stjórn þá setja ný l., sem tryggja, að vísitalan verði ekki yfir 315 stig? Það er gaman að heyra, hverju hún svarar því.

Hv. 4. þm. Reykv. ætti að athuga vel, hvað hann er að gera í þessu máli. Það er verið að láta hann nota heiður sinn sem vísindamanns og prófessors til að gefa yfirlýsingu fyrir pólitíska glæframenn til að hjálpa þeim að koma á l., sem verða til þess að stela 50 millj. af alþýðu þessa lands. Af því að þessi þm. er ungur hér á þingi og hefur skamman tíma haft afskipti af hæstv. forsrh., þá vil ég ráðleggja honum að vara sig á því, sem hér er verið að láta hann gera. Það verður vitnað í þessi ummæli, þegar stjórnin er búin að svíkja, þegar vísitalan er komin langt yfir 315 stig. Nú á að reyna að nota hans prófessorstitil, og þegar búið er að jaska honum nóg út, þá fær hann sín laun. Stefán Jóh. Stefánsson vill hann pólitískt feigan, vegna þess að hann varð til að reka hæstv. núverandi forsrh. úr efsta sæti alþýðuflokkslistans með 24 stunda úrslitakostum. Þess vegna á nú að nota þennan hv. 4. þm. Reykv. og jaska honum svo út, að hann verði ekki nýttur lengur, þegar til næstu kosninga kemur. Þetta er það, sem ég bið hv. þm. að athuga. Hann hefur í einu máli staðið sig vel, Keflavíkurmálinu, og mér þykir vænt um, að hann stóð sig svo vel í því máli. Þess vegna þykir mér leitt að vita til þess, að hann skuli nú láta fara með sig á þennan hátt. Hann er að eyðileggja sig á því. Hann kemur hér og segist viðurkenna, að málið sé rangt, en gefur þá yfirlýsingu, að hans stjórn hafi flutt málið og hann ætli að una við það. Ef hann les „Transvaal" eftir Stephan G. Stephansson, þá finnur hann þar þessi orð:

> Menn sneiða hjá þér, beggja bil,
> sem bannfærir, en styrkir til.

Það er ekki lítið að gefa yfirlýsingu í andstöðu við það, sem rétt er. Ég hugsa til þess, hve vel hann stóð sig í Keflavíkurmálinu, en ef hann lætur misnota sig svona, þá er hann að skrifa söguna af manninum, sem minnkaði.

Ríkisstj. tekur upp þá aðferð í þessum umr., sem ekki hefur áður tíðkazt hér, að þora ekki að standa fyrir sínum málstað og grípa til ósanninda, lyga, vísvitandi ósanninda. Einstakir menn ætla síðan að lesa þessi ósannindi upp sem fullyrðingar, af því að þau koma úr munni hátt settra manna eins og dómsmrh. og fjmrh., og breiða þau út í fjöllesnasta blaði landsins. Þetta er aðferð, sem þessir ráðh. láta sér sæma að nota. Með þessari aðferð er verið að innleiða nýja baráttu í stjórnmálunum hér á Íslandi. Það er verið að flýja burt frá öllu, sem heitir rök, persónuleg sannfæring og slíkt í umr. á Alþ. Það er verið að treysta á mátt peninganna utan við þingsalina og það áróðursvald, sem peningarnir skapa. Það hefur verið búin til svikamylla, sem er á þann hátt, að hér innan þings á að knýja í gegn með ofbeldi lög, sem stela 50 millj. kr. af alþýðustétt þessa lands, en tryggja auknin gróða auðmannanna. Með sínum aukna gróða ætla svo auðmennirnir að margfalda fyrirtæki sín, til þess að geta logið, til þess að reyna að blekkja í krafti slíks áróðurs, meðan þeir smeygja á fólkið fjötrum. Það er þessi aðferð, sem mun, ef henni verður haldið áfram á Íslandi, brjóta þingræðið niður og skapa það einræði auðmannastéttarinnar, sem dómsmrh. sérstaklega þráir, að komist hér á.

Ég skal verða við beiðni hæstv. forseta og hætta, fyrst tími minn er liðinn, þótt ég geri það með mótmælum gegn þeim aðferðum, sem hér eru viðhafðar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. — Hv. 6. þm. Reykv. var að reyna að gera sér mat úr því, að alþýðuflokksmenn væru nú ekki sammála um alla hluti, og taldi þetta flokknum til ávirðingar. En hann var svo óheppinn, að hv. þm. Siglf. talaði rétt á eftir honum og gaf lýsingu á þeirra flokki. Sú lýsing var þannig, að í honum væru fyrst og fremst kommúnistar, t. d. hann og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og fyrrv. menntmrh. (BrB). En svo væru líka öðruvísi menn í flokknum, sem ekki væru kommúnistar, t. d. eins og hv. 6. þm. Reykv. (SigfS). Með öðrum orðum: í flokknum væru tvenns konar menn, sumir kommúnistar, en aðrir ekki. Ég veit ekki, hverjar stjórnmálaskoðanir þessi eða hinn hafa, en svo virðist sem skoðanamunur geti verið í fleiri flokkum en Alþfl. Og að því er snertir hv. 6. þm. Reykv., þá er mér kunnugt um það, að hann hefur ekki alltaf verið ánægður með þær ráðstafanir, sem flokkur hans hefur gert. T. d. er mér óhætt að segja, að hann var ekki ánægður, þegar flokkur hans tók þátt í ríkisstj. með Ólafi Thors. En hann reis aldrei upp til gagnrýni á þá stjórn, þó að hann væri ekki ánægður með hana eins og hún var. Af hverju ekki? Fékk hann það ekki?

Ég get nefnt annað dæmi af handahófi, frv., sem mikið var deilt um, veltuskattinn. Hv. 6. þm. Reykv. talaði á móti frv. sem kaupfélagsmaður og taldi það vera ranglátt að lögleiða slíkt. En hvernig greiddi hann atkvæði? Með skattinum. Hann fékk ekki að greiða atkv. á móti honum. Og þessi þm. telur sig þess um kominn að tala eins og hann talaði áðan. Ég held, að bezt hefði verið fyrir hann, að sá kafli ræðu hans, sem fjallaði um þetta, hefði ekki verið fluttur. Ég sé ekki, hvers vegna hann talaði eins og hann talaði. Ég tel sjálfsagt, að menn greiði aldrei atkv. gegn sannfæringu sinni, og flokkur minn ætlast ekki til þess. Þessi hv. þm. aftur á móti hefur greitt atkv. gegn sannfæringu sinni, líklega vegna þess, að flokkur hans ætlaðist til þess, og ætla ég, að það sé honum ekki til góðs.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, BG.

nei: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

5 þm. (JPálm, JJ, ÓTh, SK, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Frv. þetta er alveg nógu slæmt, þótt það byrji ekki með beinum ósannindum. Ég hefði því álitið heppilegast fyrir hæstv. ríkisstj. að fella 1. gr. niður, þar eð ofbeldið og réttarskerðingin, sem í frv. felst, væri samt nógu greinileg fyrir því, þótt ekki væri breitt yfir það á þennan hátt. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 209 felld með 26:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, IngJ, JóhH, SB.

nei: GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JS, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, BG.

5 þm. (JPálm, JJ, ÓTh, SK, GTh) fjarstaddir.

2.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 205,1 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, BG.

5 þm. (JPálm, JJ, ÓTh, SK, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. — Þótt ég teldi mjög æskilegt að innheimta ekki tolla af nauðsynjavörum, þá tel ég þessa till. að því leyti út í bláinn, að hér er gert ráð fyrir niðurfellingu á tollum á nokkrum vörutegundum, án þess að gerðar séu till. um öflun tekna í staðinn, og segi ég því nei.

Brtt. 204 tekin aftur til 3. umr.

12. gr. samþ. með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, BG.

nei: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl, HermG.

GÞG greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, SK, GTh, JPálm, JJ) fjarstaddir.

13.—16. gr. samþ. með 22:7 atkv.
17.—20. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 206 felld með 19:7 atkv.
21. gr. samþ. með 22:6 atkv.
Brtt. 210,1 felld með 22:7 atkv.
Brtt. 210.2 tekin aftur til 3. umr.
22. gr. samþ. með 21:7 atkv.
23—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 205,2.A.a felld með 22:7 atkv.
— 205,2.A.b felld með 23:7 atkv.
— 205,2.A.c felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.
nei: BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG.
5 þm. (GTh, JPálm, JJ, ÓTh, SK) fjarstaddir.
Brtt. 205,2.A.d felld með 22:7 atkv.
— 205,2.A.e felld með 21:8 atkv.
— 205,2.A.f felld með 21:8 atkv.
25. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 205,2.B felld með 22:7 atkv.
26. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 205,3 felld með 21:7 atkv.
27.—34. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
35.—38. gr. samþ. með 21:6 atkv.
39.—47. gr. samþ. með 20:7 atkv.
48. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
49. gr. samþ. með 23:7 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, BG.
nei: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl, HermG.
GÞG greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÓTh, SK, GTh, JPálm, JJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. — Ég tel og hef lengi talið, að brýna nauðsyn beri til gagngerðra og róttækra ráðstafana til þess að stemma stigu fyrir frekara tjóni af völdum verðbólgu og dýrtíðar. Ég tel, að ekki verði hjá því komizt, að allar stéttir þjóðfélagsins taki á sig nokkrar byrðar í sambandi við lausn þessa vanda, sem þjóðinni er nú á höndum. En ég hef jafnan álitið, að byrðar á launþega og verkalýð væru því aðeins réttlætanlegar, að þeir, sem breiðust hafa bökin í fjárhagsefnum, þ. e. a. s. stóreigna- og hátekjustéttirnar, tækju ekki aðeins byrðar á sig fyrst, heldur að þær byrðar væru einnig miklu þyngri en byrðar almennings.

Ég tel, að í frv. þessu séu ekki lagðar nægilega þungar byrðar á stóreignir og hátekjur til þess að réttlæta þá fórn, sem gert er ráð fyrir af hálfu alþýðu og launastétta, þótt Alþfl. hafi að sjálfsögðu kappkostað, að byrðar almennings yrðu sem léttastar, og orðið mikið ágengt í því efni við undirbúning málsins. En þótt ég sé óánægður með frv., mun ég samt ekki greiða atkv. gegn því, þar eð það er flutt af ríkisstj., sem flokkur minn á sæti í og ég því styð. Ég greiði því ekki atkv. um frv.

Á 35. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190, 204, 210,2, 213, 217, 218, 220).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 217, 218, 220. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv. um frestinn frá 2. umr. og með 24 shlj. atkv. um brtt.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. — Meiri hl. fjhn. ber fram brtt. á þskj. 213, og eru þær komnar fram í samráði við ríkisstj. Fyrsta brtt. fjallar um breytingar á ráðstöfun eignaraukaskattsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að hann renni í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. l. nr. 55 1942. Með þessari breyt. er gert ráð fyrir, að helmingur skattsins renni í afla- og hlutatryggingasjóð fyrir bátaútveginn, ef sá sjóður verður stofnaður með l. Ég þarf ekki að ræða hlutverk slíks sjóðs, því að það er þm. kunnugt um.

Önnur brtt. er við 12. gr. frv. og fjallar um það, að elli- og örorkulífeyri samkv. l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, megi greiða með verðlagsuppbót, er nemur allt að 315 vísitölustigum. Þessi breyt. byggist á því, að slíkur lífeyrir er ekki kaup, heldur miðaður við lægstu framfærsluþörf, en auk þess liggur þessi till. fyrir við breyt. á l. um almannatryggingar.

Þriðja brtt. er um það, að greiða megi útvegsmönnum bætur úr ríkissjóði vegna rýrnunar á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymslan er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda. Það er gert ráð fyrir, að þessi brtt. komi sem viðbót við 19. gr. Hún er fram komin vegna þess, að það hefur komið í ljós, að útkoman á saltfisksverðinu hefur orðið miklu lakari en búizt var við, og stafar það af því, að útflutningurinn fór fram miklu seinna en ætlað hafði verið. Þetta olli allmikilli rýrnun á fiskinum og bakaði útvegsmönnum mjög mikið tjón. Af þessum ástæðum þótti ekki hægt að standa á móti því, að nokkurt tillit yrði tekið til rýrnunar, sem stafaði af langri geymslu, sem útvegsmenn ættu ekki sök á, og hún bætt að einhverju leyti.

Þá leggur meiri hl. fjhn. til, að orðin „svo og lögum nr. 97 1946“ í lok 22. gr. frv. falli niður. En í því felst, að enda þótt jafnað sé á milli yfirverðs og undirverðs, sem verða kann, miðað við ábyrgðarverð, þá skuli sú jöfnun ekki ná milli ára. Í frv. er gert ráð fyrir, að jafnað skuli milli ára eða frá árinu 1947, ef yfirverð fengist á árinu 1948, en samkv. þessari breyt. er aðeins um að ræða að jafna milli verðflokka á árinu 1948.

Fimmta brtt. fjallar um það, að á meðan sú ábyrgð vegna bátaútvegsins, sem gert er ráð fyrir samkv. 17.—20. gr. frv., er í gildi, þá megi ekki hækka vexti af rekstrarlánum útgerðarinnar frá því, sem nú er. Ég þarf ekki að gera grein fyrir, hvaða þýðingu þetta hefur, því að það er öllum kunnugt.

Sjötta brtt. er við 27. gr. og felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að hækka lántökuupphæðina vegna síldarkreppunnar úr 3 millj. kr. upp í allt að 5 millj. Það er ekki hægt að segja neitt um það, hversu mikið fé þarf til að bjarga útvegsmönnum út úr þeirri kreppu, sem síldarútgerðin á síðasta sumri hafði í för með sér, en hins vegar má vænta, að sá síldarafli, sem nú fæst, hjálpi

nokkuð, og ætti þessi upphæð því að nægja til að bæta úr brýnustu þörfunum og koma í veg fyrir, að útgerðin þurfi að stöðvast.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir þessum till. meiri hl. fjhn., en auk þeirra flytur meiri hl. n. 3 brtt., sem ekki eru komnar. Meðal annars er í þeim sú breyt., að í stað orðsins vísitala komi kaupvísitala. 13. gr. hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Nú fær fastlaunamaður heildarlaun, án þess að sérstök grunnlaun hafi verið ákveðin, og lækka þau þá eftir gildistöku laga þessara hlutfallslega við þá lækkun vísitölunnar, sem ákveðin er í 12. gr.“ Hér er talað um vísitölu í nokkuð villandi merkingu, því að vísitalan lækkar ekki, heldur verðlagsuppbótin, en þó höfum við ekki valið það orð, heldur kaupvísitala. Þessar till. eru í sjálfu sér frekar leiðréttingar en breytingar. Þá höfum við borið fram skriflegar brtt., sem ýmist eru sjálfsagðar eða nauðsynlegar. Við leggjum til, að orðin: „svo og sala eigin vinnu“ í 40. gr. falli niður. Þetta er ekki efnisbreyt., heldur aðeins til þess að forðast tvítekningu, því að þetta ákvæði kemur fram í 41. gr. 2. tölul. Við 42. gr. leggjum við til, að fyrsta dagsetningin, 31. marz, verði felld niður, og er þetta gert í samráði við eða eftir ábendingu skattstofunnar, því að þessi stofnun er svo störfum hlaðin fyrstu mánuði ársins, að hún hefur ekki talið sér fært að bæta við þau með óbreyttu starfsliði. Og ekki eru heldur efnisbreyt. á því þskj., sem bráðum verður útbýtt. En brtt. á þskj. 213 eru allar efnisbreyt., sem ég hygg, að séu svo vaxnar, að þær nái fylgi hv. þd. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessar skrifl. brtt.

Forseti (BG): Hv. form. fjhn. hefur lýst skrifl. brtt., sem hann hefur nú lagt fram. Hér þarf tvöfaldra afbrigða við, bæði af því að brtt. eru of seint fram komnar og einnig skriflegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 225) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég get verið þakklátur hv. meiri hl. fjhn. fyrir að hafa í samræmi við yfirlýsingu hæstv. ráðh. komið nokkuð til móts við þá brtt., sem ég ásamt hv. 2. þm. Reykv. flutti á þskj. 204. 2. brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 213 er um þetta, og er þar svo ráð fyrir gert, hvað snertir elli- og örorkulífeyri, að það megi greiða hann með verðlagsuppbót, sem nemi allt að 315 vísitölustigum. Mér urðu það þó vonbrigði, hversu skammt er gengið til móts við brtt. okkar. Í fyrsta lagi er sá munur á þessari brtt. og þeirri, sem ég flutti ásamt hv. 2. þm. Reykv., að brtt. n. nær aðeins til elli- og örorkubóta, en mín brtt. tók til allra lífeyrisgreiðslna, þ. á m. til barna og mæðra og ekkna. Þá þykir mér það ljóður, að hér er aðeins um heimild að ræða: „Má þó greiða“ segir í brtt. — og heimilað er að greiða verðlagsuppbót, sem „nemur allt að“ 315 vísitölustigum. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að þetta er meðalvísitala líðandi árs, 315 stig, en vísitala yfirstandandi mánaðar er 328 stig. Og ég hygg, að ekki séu líkur til, að visitala næsta mánaðar verði lægri en sú, sem við búum við nú. Mér virðist því, að hér sé um allverulega kjaraskerðingu að ræða gagnvart þeim aðilum, sem hv. frsm. tók réttilega fram, að hefðu naumast skorinn lífeyrinn, og allir eru sammála um, að sé minni en svo, að nægi til fulls til framfæris, þó að tilgangurinn með tryggingal. væri sá, að lífeyririnn entist til fulls framfæris. — Ég mun af þessum ástæðum ekki sjá mér annað fært en að endurflytja brtt. mína og hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 204, en tel þó hins vegar, ef svo færi móti von minni, að brtt. mín og hv. 2. þm. Reykv. næði ekki fram að ganga, að veruleg breyt. til bóta fælist í því að samþykkja 2. brtt. hv. fjhn. á þskj. 213.

Ég skal svo ekki eyða tíma í að fara út í fleiri brtt., sem hér liggja fyrir, né út í málið í heild sinni. Ég þykist hafa gert afstöðu mína til málsins ljósa og ekki hafa neinu við það að bæta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég hafði nú flutt brtt. við þetta frv., en þeim hefur enn ekki verið útbýtt. En með leyfi hæstv. forseta mun ég eigi að síður tala um þær brtt., nema mér gefist þá tækifæri til þess síðar að mæla með brtt., eftir að þeim loks hefur verið útbýtt, því að það hefur enn ekki unnizt tími til að prenta þessar brtt. og útbýta þeim. Ég hefði kosið að breyta þessu frv. mjög verulega, eins og fram er komið áður, og hafði ég staðið að því, að hér væru fluttar um það brtt. En þær hafa verið felldar, og það virðist vera nokkurn veginn ráðið mál af stjórnarflokkunum að koma þessu máli í gegnum þingið þannig, að frv. verði aðeins í örfáum og litlum atriðum breytt. En ég vil þá freista þess enn þá nú við 3. umr. að fá nokkrar leiðréttingar á þeim ákvæðum í frv., sem alveg augljóst er, að eru þess eðlis, að þau eru mjög ósanngjörn og óeðlileg. Og það verður að fá það alveg fullprófað, hvort hv. þm. eru svo fast bundnir af samþykktum ríkisstj., að þeir fái ekki einu sinni gert á frv. mjög eðlilega lagfæringu.

Ein sú brtt., sem ég flyt nú, er um ákvæði í 14. gr. frv. Fyrri málsgr. þeirrar gr. gerir ráð fyrir því að fella niður þá undanþágu, sem sjómenn hafa notið á undanförnum árum í skattgreiðslu vegna þess hluta af launum þeirra, sem þeir hafa tekið sem áhættuþóknun. M. ö. o., hér er farið inn á þá braut að fella niður skattívilnanir, sem þessir aðilar hafa haft. Mér þætti ekki óeðlilegt, um leið og lagt er til að fella niður þessa skattívilnun, sem sjómenn hafa fengið af áhættuþóknuninni, að þá muni líka vera þingvilji fyrir því að afnema sérstakar skattívilnanir aðrar, sem aðilar hafa samkv. núgildandi skattal. Það er kunnugt, að hlutafélög, sem ekki hafa sjávarútveg með höndum sem aðalatvinnuveg, en reka verzlun eða þess háttar, fá nú að leggja 20% af nettótekjum sínum í varasjóð, án þess að sú upphæð komi til skattgreiðslu. Þetta eru sérstök skattfríðindi, sem þessir aðilar hafa fram yfir t. d. einstaklinga, sem sams konar rekstur hafa með höndum. Og við vitum, að það hefur sótt í það horf á undanförnum árum, að fleiri og fleiri hafa verið að reyna að nota sér þessa skattívilnun með því að breyta rekstri sínum, þótt ekki hafi verið nema að forminu til, í hlutafé-

lagsform og ná sér þannig í þessa skattívilnun. Nú vildi ég fá úr því skorið, þegar á að afnema þessi skattfríðindi sjómanna í sambandi við áhættuþóknun, hvort þá væri ekki þingvilji fyrir að afnema sams konar skattívilnanir, sem gróðafélög hafa haft og hafa nú. Sjómenn, sem fengið hafa skattfríðindi í sambandi við áhættuþóknun sína, hafa fengið þá áhættuþóknun fyrir vinnu, sem þeir hafa innt af höndum, en hinir hafa tekjur sínar af gróðabralli, sem þeir hafa ekki lagt hönd sína að og ekkert unnið fyrir, en aðeins lagt fram nokkuð af fé sínu til þess að fá ágóða af því. Er það meiningin að skerða aðeins réttindi þeirra, sem vinna baki brotnu fyrir tekjum sínum, en að það megi alls ekki rýra þessi réttindi þeirra aðila, sem ekkert hafa fyrir tekjum sínum? Um þetta atriði flyt ég því brtt. við 14. gr. frv., og mun þeirri brtt. verða útbýtt síðar hér á fundinum.

Þá flyt ég aðra brtt., einnig út af ákvæðum 14. gr. frv., en í síðari málsgr. þeirrar gr. er talað um, að forsjármenn heimila, eins og það er orðað, skuli njóta ákveðins skattfrádráttar, ef þeir vinna fjarri heimilum sínum. Þarna er gert ráð fyrir, að t. d. sjómenn, sem atvinnu stunda fjarri heimilum sínum, fái rétt til þess að draga nokkra upphæð frá tekjum sínum vegna fæðiskostnaðar síns, áður en skattur er á þær lagður, og sama er látið gilda um aðra, sem stunda atvinnu fjarri heimilum sínum. En þetta ákvæði er í frv. bundið við það, að viðkomandi skattþegn sé sem sagt forsjármaður heimilis. Mér þykir þetta ákaflega undarlega upp sett. Og í framkvæmdinni yrði þetta í raun og veru mjög ójafnt og óeðlilegt. Ég sé ekki ástæðu til þess, að sjómaður, sem stundar atvinnu fjarri heimili sínu, þó að hann sé ekki raunverulega forsjármaður heimilis, skuli ekki fá á sama hátt að draga frá tekjum sínum, áður en skattur er á þær lagður, maður, sem vinnur þó nákvæmlega sömu vinnu og undir sams konar kringumstæðum eins og ef það er forsjármaður heimilis. Ég flyt því brtt. um það, að ákvæði þessarar gr. verði á þá lund, að þessara ívilnana skuli njóta allir þeir skattþegnar, sem vinna fjarri heimilum sínum, en ekki aðeins þeir, sem nefnast forsjármenn heimila.

Þriðja brtt., sem ég hef lagt fram, er við brtt. á þskj. 213, 5. lið í þeim brtt. En þar er nú ákveðið, að á „meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, sbr. 17.—20. gr., er í gildi, má ekki hækka vexti af rekstrarlánum útgerðarinnar frá því, sem nú er.“ Ég hef lagt til, að breytt verði þarna um þannig, að þetta ákvæði gildi ekki aðeins um rekstrarlán útgerðarinnar, heldur gildi þetta ákvæði um allar lánveitingar til útgerðarinnar. Það er sem sagt kunnugt, að útgerðin verður að taka lán til rekstrar síns oft, án þess að slík lán falli beint undir ákvæði um rekstrarlán. Og væri því alveg auðvelt — ef meiningin er sú á annað borð, eins og mér skilst, að hækka útlánsvexti í bönkunum — þá væri auðvelt að gera þetta ákvæði í 5. lið brtt. á 213 svo að segja haldlaust eða gagnslaust fyrir útveginn, ef leyft verður að hækka útlánsvexti bankanna á öllum öðrum lánum, sem til útvegsins eru veitt, heldur en rekstrarlánum, sem heita því nafni. Sé það í rauninni meiningin, að það eigi að tryggja útgerðinni það, að hún skuli ekki fá, meðan þessi ábyrgðarlög eru í gildi, vaxtahækkun á þeim lánum, sem hún verður að taka, þá er sjálfsagt að ákveða það á þá lund, að ekki verði þar undan smogið, sem sagt þannig, að þetta gildi um allar lánveitingar til útgerðarinnar, en nái ekki aðeins til svo nefndra rekstrarlána.

Mér skilst það á þeim brtt., sem fluttar hafa verið nú hér við 3. umr. frá hv. meiri hl. fjhn., að hæstv. ríkisstj. hafi nú þegar eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, tekið nokkurt tillit til þess, sem fram hefur komið hér í umr. frá hálfu stjórnarandstöðunnar. Hæstv. ríkisstj. er, eins og ég spáði hér fyrr í umr., smátt og smátt að verða það ljósara, að þær till., sem hún hefur flutt í upphafi í frv. um dýrtíðarráðstafanir, eru ófullnægjandi og munu ekki koma að því gagni, sem ætlazt er til. Þær geta ekki tryggt áframhaldandi rekstur útvegsins á komandi ári. Því er horfið hér að því að bæta nokkuð um, taka upp nokkur ákvæði, sem stjórnarandstaðan hefur bent á hér í umr. og gera hér nokkra bót á. En það er alveg víst, að enn þá verður hæstv. ríkisstj. að læra meira og betur í þessu máli, ef lausn þess á að verða á þá lund, að að gagni komi, því að þessar breyt., sem er að finna till. um á þskj. 213, eru enn alveg ófullnægjandi. Það er að vísu hægt að samþykkja frv. í þessu formi, og alþm. geta farið heim og tekið sitt jólafrí. En hitt er víst, að útgerðin verður ekki rekin eftir áramótin af neinum teljandi krafti, ef á að afgreiða málið eins og hér er gert ráð fyrir. Það er ég alveg fullviss um.

Fyrsta brtt. á þskj. 213 gerir ráð fyrir því, að þeim tekjum, sem inn koma vegna skatts af ákvæðum II. kafla frv., eignaraukaskattsins, skuli skipta á milli framkvæmdasjóðs að jöfnu og afla- og hlutatryggingasjóðs fyrir bátaútveginn, ef slíkur sjóður verður stofnaður. — Í fyrsta lagi vil ég um þennan lið brtt. segja: Hvers vegna er orðalag þessarar brtt. eins og raun er á? Hvernig stendur á, að hér er höfð hálfkveðin vísa? — Það er talað um, að helmingurinn af þessum skatti skuli renna í sjóð, ef hann verður stofnaður. Hvers vegna má ekki ákveða hreinlega, að þessi sjóður skuli stofnaður og að þetta fé skuli í hann leggjast? Það virðist einfalt mál að ákveða það, ef það er meiningin, að þessi sjóður skuli vera stofnaður og að fé skuli í hann leggjast, en ekki að segja: „Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn“ — og þá skal leggja í hann helminginn af þessum tekjum. Það hefur verið til umr. í nokkur ár að stofna til slíkrar tryggingar, en það hefur ekki komizt í gegn. En eins og þetta er orðað hér, er hér ekki um nema málamyndaloforð að ræða, nema skýlaus yfirlýsing verði gefin frá hæstv. ríkisstj. um það, að svona stofnun skuli verða sett á fót, og að öðru leyti yfirlýsing um, að helmingur af tekjum samkv. II. kafla frv. verði látinn renna til þessa tryggingasjóðs. — En eigi að síður verður maður að segja, að þessi 1. brtt. er þó í rétta átt og til bóta.

3. brtt. á þskj. 213 er verulega til bóta. Það er alveg rétt. Hún miðar að því að bæta talsvert hag þeirra, sem að sjávarútvegi vinna, og mundi

tryggja það mun betur en ákvæði frv. gera, að einhverjir aðilar fengjust til að taka fiskinn til verkunar af bátunum og tryggja á þann hátt afsetningu aflans. Og þar álít ég, að hæstv. ríkisstj. hafi látið undan í einna ríkustum mæli í sambandi við þetta mál, því að ákvæði 3. brtt. eru til talsvert mikilla bóta fyrir útveginn.

4. brtt. á þessu sama þskj. er orðrétt sú breyt., sem ég og hv. þm. Siglf. höfðum þegar flutt við 2. umr. þessa máls, svo að það var í raun og veru óþarft að taka þessa brtt. upp, því að hún er orðrétt eins og sú brtt., sem hér lá fyrir við frv. Og það hefði ekki verið nema ofur eðlilegt, að n. hefði séð sér fært að samþykkja þessa brtt., sem lá fyrir, í stað þess að flytja nákvæmlega sams konar brtt., eftir að búið var að sannfæra stjórnina alla um það, að þetta frv. væri óviðunandi og þyrfti að breyta á þá lund, sem við lögðum til. En hvað um það. Það er strax til bóta, að þeir hafa sannfærzt um þetta og vilja breyta í þessu efni.

5. brtt. á þessu þskj. á svo að vera til bóta fyrir útveginn, en er það í raun og veru ekki á neinn hátt. Krafa útvegsins hefur verið í þessu efni sú hin sama sem fram hefur komið í brtt. okkar hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að vextir til útgerðarinnar yrðu lækkaðir allverulega frá því, sem nú er. Þessi krafa okkar hefur verið rökstudd með því, að það er ljóst, að þeir aðilar, sem lána útveginum, hafa góða aðstöðu til að lækka vextina. Bankarnir hafa grætt stórfé á því að lána til útvegsins. Landsbankinn græddi þannig 14.2 millj. nýlega yfir árið og hálfu meira árið áður, svo að hann hefur fullkomlega ástæður til þess að lækka nokkuð útlánsvaxtatekjur sínar. En í staðinn fyrir að verða við þessari réttlátu beiðni og sjálfsögðu kröfu, þá er hér flutt till. þess efnis, að bankarnir megi nú ekki hækka vextina. Það er allt og sumt, að þeir mættu ekki hækka vextina, og þó er þar aðeins miðað við rekstrarlán til sjávarútvegsins. Samkvæmt þessari brtt. mega bankarnir hækka vexti af öllum öðrum lánum til útvegsins. Það er kunnugt, að bankarnir hafa þegar ákveðið að hækka útlánsvexti til muna frá því, sem nú er. Og útvegurinn má því búast við því, að vaxtaútgjöld hans verði enn þyngri á komandi árum en þau hafa verið. Það hefur þó mjakazt í gegn, að þetta yrði samþ. í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að bankarnir mættu þó ekki hækka vexti af rekstrarlánum til útvegsins. En það virðist nú svo vera, að það þýði ekki um það mál frekar að tala. Það verður sennilega ekki hægt að sanna hæstv. ríkisstj. það og forsvarsmönnum hennar hér á Alþ., að það sé nauðsynlegt og réttlátt að lækka nokkuð vextina, sem nú hvíla á útgerðinni. Sú sönnun verður líklega að fást í gegnum reynslu. Líklega verður hún að koma á þann hátt fram, að þeir fái að þreifa á því í framkvæmdinni, að útgerðin verði ekki rekin nema með hálfu afli, m. a. vegna þess, að því ákvæði hefur ekki fengizt framfylgt að létta vaxtabyrðinni af rekstrinum. Það er alveg staðreynd, sem hér hefur verið bent á og ekki hefur verið reynt að mótmæla af neinum, að það liggja fyrir reikningar frá frystihúsi, sem greiddi 300 þús. kr. í vinnulaun, og þetta sama frystihús greiddi á sama ári 100 þús. kr. í vexti. Vaxtabyrðin, sem þannig hvílir á rekstri sjávarútvegsins, er gífurlega mikil, og það mundi því muna mjög miklu fyrir reksturinn, ef þessari vaxtabyrði yrði að nokkru af létt. En það virðist vera svo, að það sé ekki enn runnið upp fyrir hæstv. ríkisstj., að nauðsynlegt sé að létta nokkuð á þessari byrði. Og verður þá svo að fara, að frv. verði þannig afgr., sem nú er ætlazt til, en ríkisstj. fái hins vegar að þreifa á afleiðingunum af því síðar.

Það er augljóst, að ef frv. er afgr. í því formi, sem það er nú, og það virðist vera meining hæstv. stjórnar, þá hlýtur bátaútvegurinn og frystihúsin að búa við mun lakari starfsskilyrði fjárhagslega næsta ár en þessir aðilar hafa búið við á yfirstandandi ári. Þó er kunnugt, að þessir aðilar hafa mjög kvartað og það með réttu yfir, að fjárhagsleg útkoma þeirra hafi verið erfið á s. l. ári. En sem sagt, þegar Alþ. og ríkisstj. hafa tekið sig til að setja löggjöf til stuðnings útgerðinni, til viðreisnar þessum atvinnuvegi, þá er síður en svo bætt fyrir þeim rekstri frá því, sem verið hefur. Hins vegar eru sett ákvæði, sem greiða fyrir öðrum atvinnuvegum. Landbúnaðurinn fær stórfelldar umbætur frá því, sem hann hafði við að búa í fyrra og á yfirstandandi ári, því er ekki hægt að mótmæla. Í 21. gr. er ákvæði, sem tryggir landbúnaðinum á næsta ári a. m. k. 9—10 millj. kr. Þetta er staðreynd. M. ö. o., þegar hæstv. stjórn tók sig til að setja löggjöf til stuðnings sjávarútveginum, þá fær hann ekkert út úr því. Honum er sagt: Það vantar peninga í kassann, það er ekkert eftir handa þér. Samt er hægt að koma með till. um að borga með útfluttu kjöti 9—10 millj. kr. til viðbótar við það, sem nú er. Það geta vel orðið 12 millj. kr., ef útflutningurinn vex. Það kann vel að fara svo, að útflutningurinn aukist. Reynslan hefur sýnt, að þegar trygging liggur fyrir, að ríkissjóður ætli að borga verðuppbót til bændanna á útflutt kjöt, þá hefur krafan verið sífellt sú, að meira væri flutt út, en minni áherzla verið lögð á það að selja á innlendum markaði. Þessi uppbótargreiðsla gæti því leitt til þess, að meira væri flutt út og öll uppbótargreiðslan orðið 12 millj. kr. Svo koma ákvæði í 22. gr., sem veita stjórninni heimild til að taka þær framleiðsluvörur sjávarútvegsins, sem betur seljast eða seljast tiltölulega háu verði, og hnýta þær að meira og minna leyti saman við allar aðrar framleiðsluvörur, og þar eru ekki undanteknar framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem fluttar eru úr landinu, og láta verðmiðlun fara þar fram á beinan eða óbeinan hátt. Samkv. þessari gr. frv., 22. gr., hefur stjórnin heimild til að binda þetta þannig saman, að útkoman verði sem bezt fyrir þjóðarheildina, eins og það er orðað. M. ö. o., ef einhver þjóð spyr eftir íslenzkum framleiðsluvörum, t. d. lýsi, og býður fyrir þær hátt verð, þá hefur stjórnin heimild til samkv. frv. að selja með þessum vörum ull, gærur, kjöt og annað þess háttar, ef hægt er að búast við, að með þessum hætti sé hægt að fá hæst heildarverð fyrir þessar vörur til landsins. Ef litið er á fengna reynslu, þá getur þetta hæglega orðið til þess að lækka verð á framleiðsluvörum sjávarútvegsins, til þess að hægt sé að koma út litt eftirspurðum vörum, eins og ýms-

um útflutningsvörum landbúnaðarins, með tiltölulega hagstæðu verði. Það eru allar líkur til, að þetta verði framkvæmt þannig, að það verði útveginum til fjárhagslegs tjóns, en landbúnaðinum til verulegra hagsbóta. Yfirleitt virðist mér þetta frv. vera þannig, að það tryggi landbúnaðinum verulegar bætur og það jafnvel beinlínis á kostnað sjávarútvegsins. Svo er þetta kallað ráðstafanir til að tryggja rekstur útvegsins. Það kann vel að vera, að landbúnaðurinn þurfi að fá einhverjar uppbætur frá því, sem hann hefur nú, en mér finnst miklu hreinlegra og eðlilegra að láta það koma skýrt fram, að þessar ráðstafanir, sem hér er verið að gera, séu gerðar til að bæta bændum upp verulega það verð, sem þeir fá nú fyrir framleiðslu sína, enda er hér gert ráð fyrir, að þeim verði greiddar 9—10 millj. til viðbótar við það, sem þeir geta fengið fyrir útfluttar vörur. Það hefur verið reynt að halda fram, að vegna þess að í þessu frv. er veitt ábyrgð á framleiðsluvörum bátaútvegsins, því að ríkið tekur að sér að ábyrgjast ákveðið verð fyrir bátaútveginn, þá sé líka réttmætt að veita landbúnaðinum sams konar ábyrgð. Ég hef bent á, að allar líkur bendi til þess, að ríkissjóður þurfi ekki að taka á sig neinar greiðslur vegna ábyrgðar á fiskverðinu. Hins vegar vita allir, að ábyrgð í sambandi við útflutt kjöt þýðir sama og bein fjárgreiðsla. Við vitum, að það verður ekki hægt að fá meira en kr. 4.50 fyrir kg af útfluttu kjöti, þó að innanlands sé það selt á 10—11 kr., og að samþ. um að verðbæta útflutt kjöt upp í innanlandsverð er sama og bein og ákveðin fjárgreiðsla.

Til þess að mæta þessu sjónarmiði hef ég flutt till. um, að landbúnaðurinn skuli fá samsvarandi hlutfallslega greiðslu úr ríkissjóði fyrir útflutt kjöt og aðrar afurðir eins og sjávarútvegurinn kemur til með að fá samkv. þessum l. M. ö. o., fari svo, eins og ég álít, að ríkissjóður þurfi ekki að greiða neitt með útfluttum sjávarútvegsvörum, þá fær kjötframleiðslan ekki heldur neina greiðslu úr ríkissjóði. En fari svo, að verðbæta þurfi útfluttar sjávarafurðir, t. d. 10%, til þess að komast upp í fullt ábyrgðarverð, þá verði útflutt kjöt verðbætt með 10%, miðað við erlent markaðsverð, og þá standa báðir aðilarnir jafnt að vígi og fá báðir sams konar fríðindi úr ríkissjóði. Fari svo, að þessi till. verði felld, þá sýnir það, að hér er ekki um það að ræða að setja ákvæði til styrktar útveginum, heldur um að setja lagakafla um að greiða kjötframleiðslunni ákveðna upphæð úr ríkissjóði vegna útflutts kjöts og hækka verðið á kjötframleiðslunni frá því, sem verið hefur. Þetta á að gera undir því yfirskini, að verið sé að hjálpa sjávarútveginum, enda er kjötuppbótin ákveðin í kafla, sem heitir: Um ríkisábyrgð til bátaútvegsins.

Nei, það er augljóst mál, eins og ég hef bent á áður, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir frá ríkisstj. hálfu, verður rekstraraðstaða bátaútvegsins fjarri því að verða þannig, að hún geti gengið af fullum krafti. Ég vil því enn einu sinni skora á hæstv. ríkisstj. að endurskoða afstöðu sína til þessa máls og bæta enn við nokkrum af þeim till., sem Sósfl. hefur flutt áður, taka upp enn fleiri till. frá okkur. Hún hefur tekið ákvæðið um 65 aura lágmarksverð, sem hún fussaði lengi við og taldi óhæfu að samþykkja. Síðar sannfærðust þeir um, að rétt væri og sjálfsagt að ganga inn á þessa till., og nokkrar fleiri till. frá okkur hafa þeir tekið upp. Það er gott, það sem það nær, en þó verða þeir að ganga inn á enn fleiri till. frá okkur, ef þeir vilja tryggja, að útgerðin geti gengið af fullum krafti á komandi ári.

Svo hef ég ekki fleira um málið að segja að sinni. Það virðist þýðingarlítið að ræða þetta frekar. Það virðist, að búið sé að binda hendur manna svo mjög, að ekki sé von til, að fást muni nein af þeim leiðréttingum, sem nauðsynlega þarf að gera á þessu frv.

Jónas Jónsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, ef svo mætti segja, aukin og endurbætt útgáfa af svipuðu frv., sem var til umr. hér í þinginu aðallega eina kvöldstund fyrir ári síðan. Aðalhöfundur þess frv. og þar með líka þessa frv. er hv. þm. Siglf., sem þá var atvmrh. Það spor, sem þá var stigið eftir nokkurt hik, er ákaflega merkilegt í sögu okkar. Vil ég því við þessa lokaumr. segja nokkur orð um þetta frv., af því að nú er lagt til að halda þessari nýjung áfram, sem er eins konar brú yfir það ástand, sem nú varir, en væntanlega verður ekki til frambúðar, eftir því sem horfur eru í heiminum.

Það hefur oft verið tekið fram, bæði af skáldum og öðrum mönnum, að Ísland sé land mótsetninganna. Annars vegar eldur logandi undir fjöllunum, hins vegar jökuldyngjur og jökulhvelfingar yfir eldinum. Einu sinni fyrir tuttugu árum síðan lagði kunnur danskur stjórnmálamaður út af því, að svona væri landið og svona væri þjóðin, og færði þar til þessi rök, sem ég þarf ekki að endurtaka hér. Þetta er rétt. Það er eðlilegt, að þjóðin beri einhver merki þessarar náttúru lands síns.

Þessar sömu andstæður elds og ísa voru í fjármálaástandi okkar eftir stríðslokin. Nægir þar að benda á eitt atriði, greiðslugetuna við útlönd. Þegar þjóðverjar gáfust upp, voru Íslendingar tiltölulega ríkasta þjóð veraldar. Þeir áttu 600 millj. kr. í sterlingspundum og dollurum. Er það svo mikil upphæð, að ekki er vitað, að nokkur þjóð önnur hafi haft slíkt fé handbært, miðað við fólksfjölda sinn. En nú um það bil, sem frv. er lagt fram, þá hitti ég af tilviljun mann, sem mikið fæst við skógrækt. Hann sagðist hafa fengið um 100 plöntur frá Noregi í tilraunaskyni nú í sumar. Ég hef af tilviljun fylgzt með þessu og þekki það vel. Hann fékk þessar plöntur út úr tollinum með hálfgerðum vélum, því að hann fékk ekki gjaldeyri til að borga þær fyrr en nú í fyrradag, þá fékk hann loks gjaldeyri til að greiða þessar 100 plöntur. Þetta er ekkert einsdæmi, heldur eitt dæmi af mörgum, að við, sem áttum 600 millj. kr. í erlendum gjaldeyri fyrir tiltölulega fáum mánuðum, stöndum nú í margra mánaða vanskilum fyrir andvirði 100 plantna, sem fengnar eru frá Noregi í tilraunaskyni. (**ÓTh:** Það eru nógar plöntur til á Íslandi.) Það eru öðruvísi plöntur. Um það má deila, hvort við þurfum mikinn skóg, en hvað sem því líður, þá er þessi upphæð svo lítil, að það sýnir okkur

bezt, hvernig komið er, að við skulum þurfa að láta standa á greiðslunni.

Þessi mikla breyt., sem orðið hefur á svo stuttum tíma, stafar af því, að í þessu landi hafa, eins og víða annars staðar, verið uppi tvær stefnur, gerólíkar lífsskoðanir, byltingarstefna og þróunarstefna, austræn kúgun og vestrænt frelsi. Og það hefur ljóslega komið fram, að austrið og vestrið er ekki hæft til að vinna saman. Austrið lokar sér eftir sínum reglum og vill eyðileggja vestrið, og vestrið er nú farið að sjá, að sú samleið, sem það lengi vonaði, að það gæti átt með austrinu, er ekki til.

Ástæðan til þess, að þetta ástand er hér á landi, er ekki aðeins þetta undarlega ástand gjaldeyrismálanna, heldur það, sem er öllu einkennilegra, en það er það, sem þetta frv. gengur út á, að það er búið að koma atvinnu- og framleiðslumálum Íslendinga svo fyrir, að við, sem erum í ýmiss konar störfum, mismunandi þörfum, við erum komnir á svo hátt kaup, að atvinnuvegir landsins geta ekki þolað það. Á Vesturlöndum er það sá heilbrigði vettvangur, að atvinnuvegirnir gangi sinn gang, þeir verði að bera sig, og það, sem þjóðin fær fyrir afurðir sínar, gangi fyrst og fremst til að halda atvinnu í landinu og gangi í skatta til þess að launa störf annarra manna. En í staðinn fyrir þetta fyrirkomulag hefur nú verið farin önnur leið. Nú á framleiðslan að fá miklar tekjur, sem tilheyra ekki henni sjálfri. Þær eru teknar af okkur og greiddar sem útflutningsverðlaun fyrir framleiðsluna. Eitthvað er bogið við það, þegar gefa þarf fé með atvinnuvegunum, sem eiga að bera uppi þjóðfélagið fjárhagslega.

Við getum hugsað okkur þrjú lönd, í fyrsta lagi t. d. Bandaríkin, að þau hefðu tekið upp þá háttu að greiða stórkostleg útflutningsverðlaun, t. d. 20—30%, fyrir bíla, en þeir eru ein stærsta framleiðsluvara þeirra, eða England væri að verðbæta útflutt kol eða Noregur færi að styrkja sinn mikla skipaflota til að sigla um heimshöfin. Þetta dettur engum í hug, heldur þvert á móti í þessum efnum, og alls staðar annars staðar í heilbrigðum þjóðfélögum fær framleiðslan sínar tekjur og borgar sínum mönnum, og þjóðfélagið fær, eftir því sem framleiðslan þolir, til sinna þarfa. Hver er ástæðan til þess, að við erum komnir í þessa öfugu aðstöðu að þurfa að gefa með atvinnuvegunum og taka hið frjálsa framtak af þeim? Það vitum við allir, að þegar svo er komið, að hver mótorbátseigandi veit, að hann fær upp borið frá einhverjum ópekktum mönnum geysimikið af því, sem útgerð hans kostar, þá hefur hann ekki þá sömu hvöt og alltaf hefur verið í vestrænu þjóðfélagi til að láta atvinnureksturinn bera sig. Ástæðan er sú, að við höfum vestrænt stjórnarfar og hér á Alþ. eru 42 af 52 þm., sem telja sig fylgja vestrænu skipulagi, en 10, sem fylgja því austræna. En fyrir rás viðburðanna hefur farið svo, að menn hafa ekki áttað sig betur en það á málunum, að þessir 10 hafa ráðið. Það eru þeir, sem hafa ráðið því að eyða gjaldeyrinum. Þeir vilja gera það og segjast vilja gera það, fara ekki í launkofa með það. Þeir unnu að því í fyrra og komu því fram að skattleggja landsfólkið, til þess að von væri til, að hægt væri að halda framleiðslunni gangandi. Það væri ekki úr vegi að minna á þetta undarlega atvik, sem kom fyrir í fyrra, sem ég tel svo merkilegt, að þar séu tímaskipti í sögu okkar, þegar hv. þm. Siglf. kemur með frv. um að greiða uppbætur til útgerðarinnar. Fyrst þegar hann kemur með það, kom mönnum þetta dálítið spánskt fyrir, og féllu hörð orð um það. En svo líður ekki nema stutt stund, þar til þetta er samþ. af öllu þinginu að mér undanskildum og svo hæstv. fjmrh., sem sat hjá. Í stuttu máli, það eru ekki aðeins kommúnistar, heldur ganga svo að segja allir hinir borgaralegu þm. inn á þessa stefnu. Þetta hefur ekki fyrr tíðkazt, þar sem vestrænt skipulag ríkir, en í öðrum herbúðum hefur það átt sér stað, þar sem hið austræna skipulag á sér stað. Við vitum, að Rússar fara ekki dult með það, að þeir fara eftir kenningum Marx, Lenins, Trotzky og Stalins. Þar ríkir kommúnistaskipulag, sem gerir ráð fyrir, að allar eigur séu teknar af borgurunum og sett upp skipulag, þar sem vestrænt atvinnuskipulag getur ekki þrifizt. Það er það merkilega, að þetta hafa leiðtogarnir ekki komið auga á, og það er næstum eins og maður efist um vitsmuni vestrænna manna, að þessu hafa þeir ekki viljað trúa, en sjá það nú svart á hvítu í hruni hverrar þeirrar þjóðar, sem Rússar hafa lagt undir sig á síðustu mánuðunum.

Við erum nú svo undarlega staddir hér á Íslandi, að við höfum vestrænt þjóðskipulag og höfum hér á þingi geysisterkan meiri hluta, 42 menn, og 6 manna ríkisstj., hvort tveggja valið lið, en til andstöðu og til eyðileggingar eru aðeins 10 menn og það engin sérstök stórmenni. En það er ekki annað hægt en að viðurkenna vissa hæfileika hjá þeim, hvernig sem þeir eru til komnir, því að þessir 42 þm. og 6 ráðh. hafa tekið þann kostinn að láta þessa 10 kommúnista ráða. Eins var það, þegar þing kom saman í haust, þá kallaði hæstv. ríkisstj. saman nokkurs konar þing, einn mann frá hverri stétt, til þess að finna þar leið út úr þeim vanda, sem fyrir hendi var. Svo kemur þetta þing saman, og þar var einn kommúnisti, einn þm., sá, sem talaði hér síðast. Niðurstaðan verður sú, að þessi eini kommúnisti gengur milli manna og býður þeim mjög elskulega eins konar fóstbræðralag, öllum, sem vilji steypa stjórninni og setja upp aðra betri. Allt gekk þetta eins og þegar slægir eiga við saklausa, að þingið leystist upp og ekkert ráð fannst þar til að setja niður dýrtíðina.

Eftir þetta misheppnaða stéttaþing buðu kommúnistar út her og héldu fundi, og á hverju kvöldi komu fréttir frá þessum fundum. Ég hef enga aðstöðu til að meta, hvað þeir unnu á. Þeir komu þar með stór orð og eitthvað af austrænum rökum. En það, sem er klárt, er það, að hér í Rvík voru hinir 42 stuðningsmenn stjórnarinnar engu lakari en þessir 10 — ég vil ekki gera upp á milli, en mismunurinn er ekki mikill, þar að auki hefur stjórnarliðið mörg stór blöð — en þeir sátu heima. Ef þessir borgarar hefðu verið klárir yfir því, sem var að gerast, að ekki var hægt að sameina austrið og vestrið, sbr. árangurinn af fjögurra ráðh. fundinum, sem nýlega endaði í Lundúnum, þá hefði stjórnin sagt: Nú

skiptum við okkur út á landið, höldum stóra fundi og tölum við fólkið og segjum því satt um það, hvernig þetta er, að þetta gengur ekki svona. Það væri hægt að segja, hvað visitalan er há í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi, þar sem hún er miklu lægri en hér. Og það væri hægt að segja fólkinu, að verkamannastjórnin í Noregi með stuðningi borgaranna berjist af öllu afli fyrir því að halda dýrtíðinni og visitölunni í skefjum. Það væri rétt að segja þjóðinni, að Norðmenn séu á undan okkur að rétta við og einnig Svíar. Ég mundi ekki hika við að segja við þá menn, sem hafa kosið mig á þing: Mjólkin í Svíþjóð er 50 íslenzkir aurar, en hjá okkur nærri 2 kr. og veitir ekki af vegna þess, hve dýrtíðin er mikil. Við verðum að þola að horfast í augu við það, að nágrannar okkar og keppinautar hafa annað lag hjá sér en við hjá okkur. Við getum kannske flotið um tíma, t. d. hálft ár eða eitt ár, með því að stinga höfðinu ofan í sandinn eins og strúturinn, en okkur getur ekki orðið stætt á þessu til lengdar.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minnast á till., sem ég bar fram í fyrra, en var grafin í n. Till. þessi var um það, að afla skyldi gegnum sendisveitirnar í Osló og Lundúnum glöggrar vitneskju um framleiðslukostnað, laun og húsaleigu í þessum löndum og gefa út skýrsluform handa okkur með hliðsjón af því, hvernig okkar ástand er. — Allshn. Sþ. afgreiddi þetta með rökst. dagskrá, sem gekk í þá átt að vísa till. til ríkisstj., að hún skyldi afla þeirra upplýsinga, sem þyrfti, og þm. fengju að kynna sér þær. Það er furðulegt, að slíkt skyldi koma fyrir, og sýnir, að þessi hópur, sem styður stjórnina og ber ábyrgð á stjórnarfarinu, treystir sér ekki til og vill ekki fá vitneskju um það, sem gerist í löndunum kringum okkur, heldur vill stinga höfðinu í sandinn eins og strúturinn til þess að sjá ekki hættuna.

Ég hef verið í 25 ár á þingi, og ég get borið um það, að mér finnst mannfólkið nú álíka og fyrir 25 árum, þegar ég kom hingað í þingsalinn, hvorki betra né verra. (**ÓTh:** Jú, hv. þm. S-Þ. hefur farið mikið fram á þessum tíma.) Það er þá a. m. k. svo lítil breyting, að hún hefur enga þýðingu fyrir heildarútkomuna. Í þann tíma var þingið í 12 vikur, og var þá strax byrjað að vinna að fjárl., og það gekk svona eins og þegar verið er að draga síldina upp úr Hvalfirðinum nú. En í fyrra sátum við í 9 mánuði yfir fjárl., þegar þau voru búin hjá hv. þm. Barð., varð að gera á þeim þá allsherjar klásúlu, að stjórnin þyrfti ekki að fara eftir þeim nema að litlu leyti. Og nú er þetta þing búið að sitja í 10 vikur og ekkert búið að gera, því að þetta frv. nú er hlekkurinn, sem vantaði. Þegar fjárlfrv. var loksins lagt fram, var það bara form, sem ekkert var að marka. Nú er komið að jólum. Þm., sem ekki eiga hér heima, fara heim, engin fjárl. til og eiginlega ekki byrjað á þeim eftir venjulegum mælikvarða. Ef einhverjir okkur ekki velviljaðir dæmdu um þetta, mundu þeir segja: Þetta hljóta að vera einhverjir ógurlegir idjótar, sem sitja á þinginu. — En ég held því fram, að þetta sé alveg meðalfólk, eins og alltaf hefur verið, kannske ekki neinir snillingar, en sannleikurinn er sá, að við erum komnir í þoku, höfum villzt.

Ég get ekki samþykkt þetta frv., því að það er byggt á öðrum anda en okkar stjórnskipulag. Helzta afsökunin eða skýringin á framferði ríkisstj. liggur máske frekast í því, að þessir menn, sem voru á stéttaþinginu, voru eins og við, hvorki verri né betri, og sögðu allir það sama: Það er hægt að lækka dýrtíðina, þið hinir getið lækkað, ég bara get það ekki. — Þetta er það, sem stendur á hjá okkur og sennilega eina afsökunin fyrir því, að stjórnin verður með því liði, sem hún getur til þess fengið, að samþykkja þetta og láta bara fljóta í bili. Þjóðin veit ekki sannleikann í þessum efnum. Menn lesa í öllum blöðunum, að togararnir selji fyrir svo og svo mikið í Englandi. Svo er fjöldi fólks, sem á börn erlendis í skólum og vantar peninga, og því er sagt, að það séu engir peningar til. Þetta fólk trúir þessu ekki. Það heyrir um þessa peninga, en ekkert blaðanna segir, að inn í bankana kemur að öllum jafnaði helmingurinn af þessum peningum, hitt fer í kostnað. Hvers vegna má ekki fólkið vita það sanna? Það er kannske alveg rétt, eins og Magnús Jónsson gerði að nokkru leyti, að segja mönnum, hvað skuldirnar eru miklar. En þetta er ekki sagt, heldur eru mönnum gefnar falsvonir, að við lifum á annan hátt en við gerum og lifum við öryggi, sem við höfum ekki.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Það er nú sýnt, hvað verða vill hér í hv. d., eftir þá atkvgr., sem fram fór í gær. Þar með var í rauninni afráðið, hvernig fara mundi um þetta frv., og er það illa farið. Það er slæmt til þess að vita, að hv. þm. skuli ekki að þessu sinni hafa fengizt til þess frekar að beita viti og sannfæringu heldur en að hlýða fyrirskipun ríkisstj. Ég skal nú ekkert fara í neinar grafgötur um hvatir þeirra til slíks, það verða verkin fyrst og fremst, sem dæmd verða, þegar þar að kemur. Það er illt til þess að vita, að með þeim umr., sem hér hafa farið fram, skuli hafa verið sýnt fram á og sannað, hvað það er fjarri því, að þetta frv. nái þeim tilgangi, sem lýst var yfir, að það ætti að ná, sem sé að draga úr dýrtíðinni, og hins vegar, hvað sáralítið er gert að því að skipta þeim byrðum, sem sumir álíta að þetta frv. leggi á þjóðina, réttlátlega niður á alþýðuna. Ef einhverjir hv. þm. skyldu hafa tekið afstöðu til þessa máls út frá þeim hugmyndum, sem komu fram hér áðan í ræðu hv. þm. S-Þ., eins og hann komst að orði, að það væri enginn samstarfsmöguleiki til milli austurs og vesturs, og meinti hann auðsjáanlega með því milli auðvaldsstéttar og alþýðustéttar —, þá er það byggt á röngum forsendum. Ef einhverjar slíkar stórpólitískar kringumstæður skyldu vera þess valdandi, að þm. hafa tekið þessa afstöðu, sem þeir hafa gert, þá býst ég við, að það sé engum nauðsynlegra að gera sér það ljóst heldur en íslenzkum alþm. nú, sem Wendell Willkie, fyrrv. forsetaefni republikana í Bandaríkjunum, var í stríðslokin að reyna að gera heiminum ljóst í bók sinni One World, sem mikið var um rætt og búið til það vígorð út af, að annaðhvort yrði til einn heimur eða enginn heimur Ef það ætti eftir að koma til styrjaldar milli þessara andstæðna, þá skulum

við gera okkur það ljóst, að það er eins vel mögulegt, að enginn heimur verði til eftir það. En alveg sérstaklega ber okkur þó hér á Íslandi, sem almennt er talið liggja á mörkunum milli þessara heima hernaðarlega, að gera okkur það ljóst, hver hætta er á ferðum fyrir okkar land. Hér kæmi ekki til með að standa styrjöld um það, hvort verkalýður eða auðmannastétt, hvort austur eða vestur yrði ofan á, ef til átaka kæmi, heldur yrði það spursmálið hjá okkur, hvort íslenzka þjóðin yrði til að slíkum hildarleik loknum. Við skulum þess vegna ekki láta neinar slíkar stórpólitískar bollaleggingar blandast inn í okkar mál hér á Íslandi. Sé ótti við það hins vegar, að verzlunarlega verði hugsanlegt samstarf milli stærstu þjóðanna í heiminum, þá býst ég við, að það mundi skiptast öðruvísi en milli austurs og vesturs, sem hv. þm. S.-Þ. talaði um.

Það var sagt í útvarpinu í dag eða í gær, að Kanada væri að draga stórkostlega úr allri sinni verzlun við Bandaríkin vegna dollaraskorts og slíta þau miklu verzlunarsambönd, sem þar hafa verið á milli. Annan dag var sagt í útvarpinu, að Bretland væri að gera mikla samninga við Ráðstjórnarríkin og undirbúa samninga til margra ára. Verzlunarsambönd milli þjóðanna í heiminum koma til með að verða hnýtt næstu vikur meir en áður, og hvort sem núverandi forráðamenn Bandaríkjanna kjósa að taka þátt í því samstarfi eða ekki, og hvort sem það verða Kanada, Bretland, Sovétríkin eða önnur ríki, sem taka þátt í því samstarfi, þá verða áreiðanlega ekki lengur við völd þeir forráðamenn Bandaríkjanna, sem kjósa að slíta verzlunarsamböndum við aðrar þjóðir í heiminum og leiða þar með kreppu yfir sitt land. Það voru slíkir forráðamenn við völd í Bandaríkjunum 1929 og áfram í 3 ár, en þá var það stefna Roosevelts, sem varð ofan á. Við eigum ekki að láta slíkar stórpólitískar bollaleggingar blandast inn í það, sem við erum að vinna hér. Ef við ætlum að verða okkar þjóð til gæfu nú, þá eigum við að reyna að okkar litla leyti að taka þátt í því, að veröldin verði einn heimur, hvaða stórveldi eða smáþjóð sem við komum til með að skipta við eftir okkar verzlunarhagsmunum á hverjum tíma og eftir okkar möguleikum til að tryggja okkar hagsmuni í framtíðinni, hvað okkar vöruviðskipti snertir. Hins vegar sýnist mér, að með þessu frv., þar sem allar brtt., sem fluttar hafa verið við 2. umr., hafa verið felldar, sé leikur til þess gerður af hálfu auðmannastéttar landsins að egna hér til ófriðar.

Það var sýnt fram á það við 1. og 2. umr., að það væru einvörðungu tekjur launþega og tilfinnanlegast þeirra lægst launuðu, sem skertar væru. Ákvæði þessa frv. gagnvart hinum tekjumestu eru í þveröfugu hlutfalli við allar þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið af Alþ. um skatta og annað slíkt. Þar er gengið út frá því, að menn eigi að fórna því meir, sem þeir hafa meiri tekjur — því hærri tekjur, því hærri stighækkandi skattar. Hér er aftur á móti miðað við 10% til að byrja með, jafnt hjá þeim lægst launuðu sem þeim hæst launuðu. Maður, sem hefur 2000 kr. til að lifa af á mánuði, verður að láta sínar 180—200 kr. strax og kannske meira seinna. Þetta er að leggjast á smælingjann. Það er fjöldi manna hér í Reykjavík og annars staðar á landinu, sem hefur gert sínar fjármálalegu ráðstafanir á undanförnum árum út frá því öryggi, sem frjálsir samningar í lýðræðislegu þjóðfélagi hafa veitt þeim og l. samin af Alþ. hafa veitt þeim. Það er fjöldi manna, sem lengi hefur langað til þess að eignast þak yfir höfuðið, sem hefur keypt slíkar íbúðir og steypt sér í skuldir til þess. Þessir menn hafa reiknað með því, að þeir yrðu að vísu að leggja allmikinn hluta af sínum tekjum í þetta, en þeir hafa reiknað með ákveðnum tekjum, sem þeir annars vegar hafa fengið með frjálsum samningum, en hins vegar með launal., sem Alþ. hafði samþ. og bæjar- og sveitarfélög líka farið eftir. Ég veit um fjölda manna, sem vegna þessarar launalækkunar nú koma til með að geta ekki staðið í skilum með afborganir og vexti af sínum íbúðum og sínum húsum — hafa átt erfitt með það fyrir, en er það ókleift nú. Upphæð skuldarinnar kemur til með að standa við það sama og áður, þó að það sé álit stjórnarliðsins, að raunverulegt gildi peninganna ætti að hækka. Eftir að okkar þjóð hefur þó orðið það rík eins og hún er nú, þá hafa menn haldið, að hún leyfði sínum þegnum að eignast þessar sjálfsögðu nauðsynjar, en nú grípur ríkið inn í og sviptir frá þessum rétti. Fyrir hverja? Þegar einstakir launþegar geta ekki lengur staðið í skilum sakir vaxta og afborgana, þá eru nógir ríkir menn í þessu þjóðfélagi reiðubúnir til að kaupa, þegar boðið er upp. Tekjur þeirra ríku manna eru ekki skertar með þessu frv., hvergi með einum einasta lið. Þess vegna kemur þetta þannig út, að frv. verður ránsferð á hendur þeim, sem lægstar hafa tekjurnar, þeim, sem hafa vonazt eftir því að geta orðið efnahagslega sjálfstæðari en áður — þetta verður ránsherferð fyrir þá, sem eignir eiga, það gerir þeim léttara að kaupa upp íbúðir, hús, mótorbáta og önnur atvinnutæki, þegar um slíkt er að gera. Innihald þessa frv. verður þess vegna það að gera þá fátæku, sem hafa gert sér vonir um að verða efnahagslega sterkari en áður, ennþá fátækari, en þá ríku ennþá ríkari. Alþýðan, og þá fyrst og fremst launþegar, er látin borga allt, sem borgað er með þessum l. Auðmannatekjurnar eru ekki að nokkru leyti teknar til þeirra þarfa fyrir þjóðfélagið, sem ríkisstj. segir, að verið sé að þjóna með þessu frv. Ég þykist hins vegar vita, að það muni ekki þýða að vera að móralísera sérstaklega mikið yfir þm., vegna þess að þeir munu vera búnir að ráða það við sig að framkvæma óréttlætið, sem hér á að gera, hvaða afleiðingar, sem það hefur, en með því eru þeir að afnema réttaröryggi, sem einstaklingarnir hafa treyst á. Í þessu þjóðfélagi hefur verið reynt að fá menn til þess að viðurkenna það þó a. m. k., að skuldir manna og vexti af skuldum ætti að rýra að sama skapi, þegar þannig er ráðizt á launþega, en því fer svo fjarri, að tekizt hafi að sannfæra meiri hl. um slíkt, að þvert á móti hafa komið fram yfirlýsingar um, að vextir verði endilega að hækka, það sé nauðsynlegt, að bankavaldið gangi harðar að en gert hefur verið undanfarið, enda mun það ekki vera nein tilviljun,

að bankavaldið er að búa sig undir að fara að bjóða upp dálítið af eignum millistéttarmanna næstu dagana. Það á að níðast á þeim, sem fara illa út úr síldarvertíðinni, og þeim, sem verða fyrir launalækkun nú og þess vegna eiga bágt með að standa í skilum. Síðan er verið að telja mönnum trú um, að það sé stefnt að því í þessu þjóðfélagi, að hver maður geti orðið bjargálna, og Framsfl. hefur jafnvel alveg sérstaklega lagt áherzlu á, að menn fengju tækifæri til þess. Við sósialistar höfum barizt fyrir því, að mönnum yrði þetta mögulegt; að menn gætu eignazt íbúð yfir höfuðið og örugga atvinnu, og þá er þetta svarið, sem ríkið gefur þeim, að hjálpa bönkunum og þeim ríku í landinu í ránsherferð þeirra, hjálpa þeim, sem koma til með að græða á launalækkun fólksins. Það er ekki nóg með það, að það hafi verið viðurkennt í þessum umr., að hér væri launalækkun framkvæmd, heldur hefur því líka verið yfir lýst, að þetta væri fyrsta skrefið, grundvöllur, sem lagður sé, síðan verði haldið áfram.

Það hefur verið á það bent af hálfu sósíalista, að með samþykkt þessa frv. fengi ríkisstj. vald í hendur, til þess að lækka kaupið ennþá meira með því að draga úr niðurgreiðslum á vísitölunni, og sú ríkisstj., sem lýsir yfir, að þetta sé aðeins fyrsta skrefið og aðalatriðið í því að binda vísitöluna, mun varla hika við það að stíga fleiri skref, þegar hún er búin að fá frá Alþ. valdið til þess. Þess vegna höfum við reynt að fá hér fram yfirlýsingar hjá ríkisstj. um, að það sé ekki meiningin að draga úr þessum niðurgreiðslum, en það hafa engar slíkar yfirlýsingar fengizt. Hv. alþm. verða þess vegna að gera sér það ljóst, hvaða vald þeir eru að gefa ríkisstj. með þessu, því að það er á þeirra valdi, hvernig hún kemur til með að nota sér þetta vald á næstunni. Ríkisstj. hefur reynt að bera það fyrir sig, að verið væri að reyna að tryggja atvinnu með þessu, en hún hefur ekki svo mikið sem getað gefið yfirlýsingar um, að sjávarútvegurinn fari af stað samkvæmt þessum l. Ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að gefa þær yfirlýsingar, og það þýðir, að ríkisstj. veit, að það eru hverfandi litlar líkur til þess, að sjávarútvegurinn fari af stað á vetrarvertíðinni með þessum l. Nú vitum við, hvað ríkisstj. mundi þá segja, hún mundi líklega segja: Það er auðséð, að þetta er ekki nóg, það þyrfti að gera meira. — Þetta býst ég líka við, að sé þeim þm. ljóst, sem þetta styðja. Það er þess vegna rofið skarð í múrinn, sem nú á að höggva, síðan er meiningin að fara á eftir. En þetta verður þjóðinni líka ljóst, og launþegum, og út frá þessu koma þeir til með að breyta.

Ríkisstj. hefur sem sé ekki einu sinni getað gefið þær tryggingar, að sjávarútvegurinn fari af stað. Hefur hún þá reynt að gefa Alþ. tryggingu fyrir því, að ekki verði atvinnuleysi? Því fer svo fjarri, að ríkisstj. virðist þessa dagana vera að lýsa því yfir með verkunum gagnvart alþjóð, að hún ætli ekkert um það að hugsa, hvort nokkur atvinnurekstur verður í þessu landi, það verði aðrir aðilar, sem því eigi að ráða. Niður á hafnarbakka er lítt starfhæft fiskiðjuver, sem ríkisvaldið á, af því að Landsbankinn neitaði ríkisstj. um lán til rekstrarins. Ég ætla ekki að fara inn á landsbankavaldið að þessu sinni, en öll blöð bæjarins hafa bent á þessa eign og ríkisstj. er svo umkomulítil, að hún hefur hvorki treyst sér til að mótmæla þar neinu né gera neitt. Það sýnir bezt, hvernig hún lítur á sig sem nokkurs konar minnsta fingur fyrir alla embættismenn ríkisins og bankana, sem með þessu móti geta haft vald til þess að stöðva atvinnureksturinn í landinu. M. ö. o., sjálf ríkisstj. og atvinnulífið í landinu er í hendi örfárra steinrunninna embættismanna, sem gera það, sem þeim þóknast, á þessu sviði, hvernig sem þjóðin kvartar, og hafa ekki einu sinni svo mikið við að reyna að verja sínar aðgerðir frammi fyrir þjóðinni. Þetta er ekki lýðræði og ekki þingræði, þetta er embættismannaeinræði — einræði ábyrgðarlausra manna, sem í skjóli þess, að þeir séu ævilangt settir sem embættismenn bankanna, ætla án allrar ábyrgðartilfinningar gagnvart þjóðinni að segja, að þetta sé gert til þess að tryggja atvinnuna. Þess vegna hefur þetta heldur ekki við neitt að styðjast.

Þá hefur ríkisstj. lýst því yfir, að þetta frv. eigi að verða til þess að vinna á móti dýrtíðinni, en enginn maður hefur dirfzt að koma fram við allar þessar umr. í þinginu, sem hefur reynt að sanna það, að þetta frv. yki ekki dýrtíðina.

Hæstv. ríkisstj. hefur reynt að blanda inn í þetta mál horfum viðvíkjandi sölu á íslenzkum afurðum, og það hefur verið reynt að gefa til kynna, að söluhorfur á þeim mundu batna. En hæstv. ríkisstj. hefur engin rök getað fært fyrir þessu. Ég er margbúinn að benda á og spyrja ríkisstj. að, hvers vegna hún er ekki búin að selja íslenzku afurðirnar, og hef ekki fengið eitt einasta svar. Hvers vegna hefur ríkisstj. ekki viljað athuga, hvaða verð hægt er að fá erlendis fyrir íslenzku afurðirnar, áður en stofnað væri til ófriðar í landinu út af því, hvað verðið ætti að vera? Hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað sannprófa það. Hún neitar að nota tækifæri, sem hafa gefizt, og gengur svo langt að banna sínum sendimönnum að undirskrifa samninga við erlendar þjóðir um hraðfrysta fiskinn fyrir ábyrgðarverð eða hærra, hindra, að slíkir samningar verði gerðir fyrir fram, svo að það þurfi ekki að standa neins staðar, að í mörgum löndum væri hægt að fá ábyrgðarverð fyrir fiskinn okkar. Stjórnin hefur samtímis reynt að skrökva því að þjóðinni, að ekki væri hægt að fá verð fyrir þær, og reynt þannig að nota söluhorfur á íslenzkum afurðum sem rök fyrir frv. Þetta er blekking. Stjórnin mun ekki komast hjá því, þó að hún geri tilraunir til þess, að gera slíka samninga við aðrar þjóðir, þó að hún verði búin að koma fram þessari launalækkun. Hún þykist vita, að það kunni að líða tími, þar til starfsmenn ríkisins eru búnir að bæta sín laun, enda veit hver þm., að horfur á að skera niður laun starfsmanna ríkisins eru hverfandi litlar. Þetta er eins og hver annar almennur niðurskurður og launalækkun, en stendur ekki í neinu sambandi við erlenda markaði. Það er bara blekking. M. ö. o., allt, sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt sem röksemdir við þetta frv., það er blekking, sem að vísu er hægt að reyna að þyrla framan í alþýðu

manna, en ég býst ekki við, að nokkrir þingmenn trúi sjálfir. Þess vegna er nauðsynlegt að draga þetta fram, svo að þm. okkar séu sér þess fyllilega meðvitandi, hvað þeir eru að gera. Ósvífin launalækkun, sem þingið réttir að þeim, sem lægst eru launaðir, verður samtímis því, að tekjum auðmanna er hlíft, og án þess að þetta tryggi hag manna eða dragi úr dýrtíð eða veiti þjóðinni nokkurt það öryggi, sem hún lætur í veðri vaka, enda sýnir það sig líka í þeim umræðum, sem hafa orðið um málið, að stjórnin grípur til annarra hluta en umræðna um málið, alls konar mannskemmandi lyga og annars slíks, sem þeir setja í Morgunblaðið til að blekkja fólk, svo að ekki sjáist, hvað þeir eru að gera. Hins vegar skal ég víkja að því, sem hv. 4. þm. Reykv. kom hér að í gær, um stefnu Íslendinga, hvað snertir afurðasölumálið, þar sem hann minntist á, að það að selja til meginlandsins væri í raun og veru sama og gengislækkun vegna þess verðlags, sem þar er.

Ég veit ekki, hvort hv. 4. þm. Reykv. hefur gert sér far um að kynna sér þær röksemdir, sem við sósialistar höfum flutt fram, hvaða stefnu við álítum skynsamlegasta í afurðasölumálinu. Það er tvennt, sem við höfum lagt áherzlu á. Það er ekki í fyrsta lagi vöruskiptaverzlun, eins og hann sagði, þó að hún kæmi sem afleiðing. Það er í fyrsta lagi lögð áherzla á að ná þeim mörkuðum fyrir afurðir okkar, sem bregðast ekki í framtíðinni. Ég hef fært rök fyrir því, að þjóðirnar á meginlandi Evrópu, sérstaklega þær, sem eru minnstar fiskveiðiþjóðir, væru að ýmsu leyti eðlilegustu kaupendurnir að vörum okkar. Og ég býst við, að það hafi verið staðfest sem kunnugt mál, að þjóðir eins og Englendingar, Frakkar, Hollendingar og Þjóðverjar, þó að þær séu góðir viðskiptavinir nú, mundu ekki verða það í framtíðinni. Þetta eru allt gamlar fiskveiðiþjóðir, sem veiddu sérstaklega á Íslandsmiðum og allar búa sig undir það nú, þegar þær eru lausar við vandræði þau, sem nú steðja að þeim, að taka upp slíkar veiðar í stórum stíl á ný, þannig að þótt það séu ýmsir kostir á því nú fyrir okkur að selja á „business"-mörkuðum í Englandi og Þýzkalandi í ár, þá vitum við, að undir eins og þessar þjóðir losna úr þessum vandræðum, þá verða þar ekki lengur markaðir fyrir okkur. Þess vegna er það, ef við hugsum okkur verkaskiptingu í Evrópu, hvað hagnað snertir í framleiðslunni, það eðlilegasta, sem við getum hugsað okkur, að við Íslendingar, sem höfum ein beztu fiskimið í heiminum, veiðum handa þeim þjóðum, sem ekki eiga land að Atlantshafi. Ég vil leggja áherzlu á þetta tækifæri, sem nú er. Þjóðir eins og Tékkóslóvakía, sem borðuðu minnstan fisk fyrir stríð, eru nú komnar á bragðið — og þykir fiskurinn góður. Við ættum að nota þessa markaði, sem gætu orðið framtíðarmarkaðir, en ekki hugsa um augnabliksaðstöðu þá, sem er nú í Evrópu, enda væru þetta eðlilegustu markaðir okkar sem fiskveiðiþjóðar.

Í öðru lagi höfum við sósialistar lagt áherzlu á það, að þær þjóðir á meginlandi Evrópu, sem tækju upp áætlunarbúskap og þá um leið sósialistiska búskaparháttu, væru öruggustu markaðir, sem við getum fengið, fjárhagslega séð, vegna þess að þjóðir, sem koma þeim búskap á hjá sér, geta með verzlunarsamningum tryggt, að við getum árlega selt svo og svo mikið af framleiðslu okkar. Áætlunarbúskapur hjá ýmsum þjóðum á meginlandi Evrópu mundi skapa okkur það, sem okkur vantaði fyrir stríð, þ. e. örugga markaði. Við, sem þekkjum kreppur og vandræði millistríðsáranna, vitum, hvað slíkt þýðir. Það er afleitt, þegar við erum að ákveða okkar viðskipti pólitískt, þá skuli svo skammsýn sjónarmið ráða og ekkert hugsað um, hvað verður á komandi árum.

Hver einasti hagfræðingur veraldarinnar, að minnsta kosti ef hann hefur einhverja hugmynd um áætlunarbúskap, gengur nú út frá því, að áður en eitt eða tvö ár séu liðin, muni Bandaríkin koma á hjá sér stórfelldri kreppu, sem ef til vill yrði ægilegri en 1929. Við vitum, að sá möguleiki, sem Bandaríkin hafa helzt með núverandi stjórnarfari til þess að afstýra slíku, væri það sama sem Þýzkaland greip til 1933, að koma á hjá sér meira eða minna fasistisku fyrirkomulagi, þannig — að hervaldið gleypti vinnukraft og getu þjóðarinnar í framleiðslunni, svo að offramleiðslan, sem valdið hefði kreppunni, færi í hervæðingu. Slíkt mundi á endanum leiða til styrjaldar. Sá möguleiki er líka til, þó að litlar líkur séu fyrir honum, að svipuð stefna komist til valda og kom 1932, þegar Roosevelt kom þar til valda. Til þess eru mjög litlar líkur.

Fyrir okkur Íslendinga hins vegar, sem erum að ráðgera nú um okkar atvinnulíf, hvað framtíðina snertir, og höfðum nú í haust m. a. tækifæri til að skipuleggja, hvernig okkar atvinnulífi yrði háttað og verzlunarsamböndum, við þyrftum að gera okkur ljóst, hvaða hætta er þarna fram undan. Ég held, að það hefði farið betur, að þeir sérfræðingar, sem ríkisstj. átti í þeim málum, sem snerta hagfræði, hefðu leiðbeint henni alvarlega um, hvaða ráðstafanir væru nauðsynlegar til að forðast, að kreppa skylli á okkur eftir 2—3 ár. Þess vegna færi það saman, hvað slíkt snertir, markaðsöflun á meginlandi Evrópu og ráðstafanir gegn þeirri kreppu, sem býr um sig í Bandaríkjunum.

Þetta er það tvennt, sem eru höfuðatriði til þess að tryggja framtíðarafkomu okkar Íslendinga. Það hefði verið æskilegt að geta nú tryggt þessi viðskiptasambönd. Hins vegar er þannig með fjölmörg þessi lönd, að það hefði leitt til vöruskipta. T. d. hafa viðskiptin við Sovétríkin gefið okkur mest af frjálsum gjaldeyri. Við munum hafa flutt þangað fyrir eitthvað um 18 millj. króna, en ekki keypt af þeim nema fyrir ca. 10 milljónir. Á sama tíma höfum við keypt frá Bretlandi fyrir 90 millj., en aðeins selt þangað fyrir 11 millj. Viðskiptin eru þannig miklu hagstæðari við Rússland. Hins vegar fær það ekki staðizt, að vörur í vöruskiptalöndunum séu, ef rétt er valið úr, með óhagstæðari kjörum en þær, sem við kaupum í Englandi.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvernig á því stæði, að það skorti allan undirbúning í slíku. Það hafa ýmsir athugað þetta, og það eru komnar niðurstöður. Ég veit, að það er fjöldi af vörum, sem hægt er að kaupa með jafn góðu verði í

þessum löndum og í Englandi, og fleiri, ef Bandaríkin eru tekin, og er þá mikið sagt.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði líka í gær, að við gætum ekki fengið allar vörur, sem við kaupum annars í þessum löndum. Ég býst við, að allar vörur, sem við flytjum inn, getum við fengið í þessum löndum. En innflytjendur vorir eru allt saman hringar og hagsmunir þeirra látnir sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum þjóðarheildarinnar. Þess vegna höfum við sósialistar hugsað okkur, að það væru „centraliseruð" innkaup. Ég vildi aðeins minnast á þetta út frá því, sem mikið hefur verið rætt í þessu sambandi, og ítreka þar af leiðandi einu sinni enn, að það er enginn grundvöllur fyrir þeim staðhæfingum, sem fluttar eru af hæstv. ríkisstj., að það sé vegna dýrtíðar, slæmra söluhorfa og til að tryggja atvinnu, að þetta frv. sé sett. Mér liggur við að segja, að inngangurinn að þessu frv. ætti að orðast eitthvað á þessa leið: „Til að vinna að verðbólgu og dýrtíð, stemma stigu fyrir atvinnu og draga úr framleiðslu til gjaldeyrisöflunar." Það er öllu snúið öfugt í þeim röksemdum, sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt fram. Það sést líka á þeim skrifum, sem samtímis fara fram í Morgunblaðinu, að það mun vera til þess ætlazt, að áróðursvaldi þess takist að villa svo sýn fyrir fólkinu, að það viti ekki, hvað sé verið að gera. Ég held, að þrátt fyrir útbreiðslu þess, sé það eitt af því, sem Sjálfstfl. eða sá maður, sem þar hefur mest völd, hæstv. dómsmrh. Bjarni Benediktsson, reiknar skakkt út. Morgunblaðið er útbreitt blað, en það er ekki þar með sagt, þótt fólk lesi það, að það trúi því. Ég vil minna stjórnarliðið á það, að þegar sams konar stefna og það heldur nú fram var í Bandaríkjunum, voru þeir vissir um að vinna kosningarnar, vegna þess að þeir höfðu 90% af blöðum þjóðarinnar með sér. Þetta voru átökin milli Roosevelts og afturhaldsins. Roosevelt hafði 10% af blaðakostinum yfir að ráða. En kosningin fór þannig, að Roosevelt varð ofan á. Skynsemi fólksins verður yfirstrikun á öllum áróðri og lygum, sem auðmannastéttin beitir í sínum mikla blaðakosti.

Hver einasti launþegi Reykjavíkur veit næstu daga, hve miklu af mánaðarkaupinu er stolið úr vasa hans með þessum lögum. Af 2000 kr. verða það 180—200 kr. á mánuði. En menn spyrja: „Á hvern hátt voru tekjur auðmanna skertar?" — og menn fá svarið: „Á engan hátt." Staðhæfingar Morgunblaðsins eru þannig rangar. Svo er hins vegar rétt fyrir hv. þm. að gera sér ljóst, að af þessu draga menn ályktanir og segja: „Hér er ráðizt á launþega landsins eingöngu, þá menn, sem vilja gera þetta þjóðfélag þannig úr garði, að allir geti búið við sæmileg kjör. Það er ekki ætlazt til þess. Nei, það er ætlazt til, að 200 milljónamæringar í Reykjavík, sem eiga 500 milljónir í skuldlausri eign skv. mati, þeir fái að verða enn ríkari en áður. Það fá þeir með því, að tekjur fólksins eru lækkaðar." Meiri hluti Alþ., Alþfl. sem höfuðaflið, Sjálfstfl. og Framsfl., eru þjónar þessara 200 milljónamæringa. Þeir ráðast á launþegastéttirnar, af því að þeir halda, að þær séu valdalausar. Launþegastéttirnar eru þó tvisvar búnar að hrinda af sér árásum, þó að þær hafi ekki verið eins ósvífnar og sú, sem hér er á ferðinni.

Ég vildi aðeins segja þessi orð hér við síðustu umræðu málsins í þessari deild, ekki af því að ég búist við, að þau hafi svo mikil áhrif, heldur til þess, að þeim sé engin vörn eftir skilin, hvað síðari tímann snertir, svo að þeir geti ekki afsakað sig með því, að þeir hafi ekki vitað, hvað þeir voru að gera.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er eingöngu í tilefni af ummælum hv. 2. þm. S.-M. um 1. brtt. meiri hl. fjhn., að ég stend hér upp. Sú tillaga er um afla- og hlutatryggingasjóð fyrir bátaútveginn, að sjóðurinn fái ½ eignaraukaskattinn, ef slíkur sjóður verður stofnaður með lögum.

Það er auðvitað ekki hægt að ákveða í þessum lögum, að slíkur sjóður skuli stofnaður með lögum á næsta þingi eða seint á þessu.

Hv. þm. vildi halda því fram, að það væri engin trygging fyrir því, að slíkur sjóður yrði stofnaður. Það er ekki hægt að ákveða í till. sem þessari. Þess vegna þarf að bera slíka till. fram og fylgja henni gegnum þingið. Flm. ættu að láta bera slíkt frv. fram og leggja það fyrir Alþ. hið fyrsta.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið meira. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég hafi mikið um þetta mál að segja fram yfir það, sem þegar hefur verið sagt, en mér finnst ekki vera hægt að ganga fram hjá því, að á þessu ári, nú upp á síðkastið, hefur hlaðizt upp mikið af verðmætum, óvanalegum verðmætum, sem er vetrarsíldin í Hvalfirði, og maður horfir á öll þessi verðmæti annars vegar og svo hins vegar á þá jólagjöf, sem verkafólkið fær frá ríkisstj. fyrir að nytja þessi gæði. Það á sem sagt að stórlækka laun alþýðunnar í landinu. Það er erfitt að geta álitið, að nauðsynlegt sé að ráðast svo harðlega á launastéttirnar. Til að sýna þingheimi glögglega, svart á hvítu, hversu mikil launaskerðingin er, vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr einu dagblaði bæjarins, með leyfi hæstv. forseta:

Kauplækkun í ýmsum atvinnugreinum miðað við frumvarp ríkisstjórnarinnar, des. 1947. Samanburður á janúarkaupi samkvæmt vísitölu hagstofunnar, 328 stig, og frumvarpsvísitölu ríkisstjórnarinnar, 300 stig.

Vinnugrein:	Grunnkaup:	Vísitala 328	Vísitala 300.	Kauplækkun.
Verkamenn (Dagsbrún)	kr. 2.80 klst.	kr. 1836.00	kr. 1680.00	kr. 156.00 á mán.
— —	— 3.06 —	— 2000.00	— 1830.00	— 170.00 – —
Mánaðarkaupsmenn (Dagsbr.) ..	— 530.00 mán.	— 1738.40	— 1590.00	— 148.40 – —
— —	— 580.00 —	— 1902.40	— 1740.00	— 162.40 – —
Bakarar	— 154.50 viku	— 506.76	— 463.50	— 43.26 – viku
Strætisvagnabifreiðastjórar	— 612.50 mán.	— 2009.00	— 1837.50	— 171.50 – mán.
Bifvélavirkjar	— 170.00 viku	— 557.60	— 510.00	— 47.60 – viku
Járnsmiðir	— 170.00 —	— 557.60	— 510.00	— 47.60 – —

Vinnugrein:	Grunnkaup:	Vísitala 328	Vísitala 300.	Kauplækkun.
Bókbindarar og rakarar	kr. 150.00 viku	kr. 492.00	kr. 450.00	kr. 42.00 á viku
Garðyrkjumenn	— 600.00 mán.	— 1968.00	— 1800.00	— 168.00 - mán.
Hljóðfæraleikarar	— 12.00 klst.	— 39.36	— 36.00	— 3.36 - klst.
Húsgagnabólstrarar	— 151.20 viku	— 495.94	— 453.60	— 42.34 - viku
Húsgagnasmiðir	— 157.00 —	— 514.96	— 471.00	— 43.96 - —
Sveinar við kápusaum	— 350.99 mán.	— 1148.00	— 1050.00	— 98.00 - mán.
Klæðskerar	— 150.00 viku	— 492.00	— 450.00	— 42.00 - viku
Málarar	— 3.50 klst.	— 11.48	— 10.50	— 0.98 - klst.
Mjólkurfræðingar	— 165.00 viku	— 541.20	— 495.00	— 46.20 - viku
Múrarar, veggfóðrarar og pípulagningamenn	— 3.35 klst.	— 10.99	— 10.05	— 0.94 - klst.
Netjavinnufólk	— 3.10 —	— 10.17	— 9.30	— 0.87 - —
Prentarar (vélsetjarar)	— 163.00 viku	— 534.64	— 489.00	— 45.64 - viku
Prentarar (aðrir)	— 150.00 —	— 492.00	— 450.00	— 42.00 - —
Ratvirkjar	— 3.80 klst.	— 12.46	— 11.40	— 1.06 - klst.
Skipasmiðir	— 169.06 viku	— 554.52	— 507.18	— 47.34 - viku
Starfsstúlkur á spítölum	— 350.00 mán.	— 1148.00	— 1050.00	— 98.00 - mán.
Trésmiðir	— 3.65 klst.	— 11.97	— 10.95	— 1.02 - klst.
Verksmiðjufólk, karlar	— 545.00 mán.	— 1787.60	— 1635.00	— 152.60 - mán.
— konur	— 350.00 —	— 1148.00	— 1050.00	— 98.00 - —
Þvottakonur	— 2.00 klst.	— 6.56	— 6.00	— 0.56 - klst.
Verkakonur	— 1.85 —	— 6.07	— 5.55	— 0.52 - —
Bílstj. hjá Samsölunni	— 650.00 mán.	— 2132.00	— 1950.00	— 182.00 - mán.
Benzínafgreiðslumenn	— 630.00 —	— 2066.40	— 1890.00	— 176.40 - —
Bílstj. í brauðgerðarhúsum	— 600.00 —	— 1968.00	— 1800.00	— 168.00 - —
Blikksmiðir	— 158.00 viku	— 518.24	— 474.00	— 44.24 - viku
Hásetar á verzlunarskipum	— 440.00 mán.	— 1443.20	— 1320.00	— 123.20 - mán.
Kyndarar á —	— 520.00 —	— 1705.60	— 1560.00	— 145.60 - —
Hásetar á togurum	— 359.60 —	— 1179.49	— 1078.80	— 100.69 - —
Verzlunarfólk: (Samkvæmt samningi Verzlunarmannafél. Reykjavíkur):				
Stúlkur án verzl.menntunar:				
1. ár	kr. 250.00 mán.	kr. 820.00	kr. 750.00	kr. 70.00 - —
2. ár	— 283.33 —	— 929.32	— 849.99	— 79.33 - —
3. ár	— 316.66 —	— 1038.64	— 949.98	— 88.66 - —
4. ár	— 350.00 —	— 1148.00	— 1050.00	— 98.00 - —
Stúlkur með verzl.menntun:				
1. ár	— 300.00 —	— 984.00	— 900.00	— 84.00 - —
2. ár	— 400.00 —	— 1312.00	— 1200.00	— 112.00 - —
Afgreiðslumenn með verzlunarskólamenntun	— 475.00 —	— 1558.00	— 1425.00	— 133.00 - —
Skrifstofumenn með verzlunarskólamenntun	— 500.00 —	— 1640.00	— 1500.00	— 140.00 - —
Launareglugerð Reykjavíkurbæjar (Allt mánaðarlaun):				
1. flokkur (borgarstj.)	kr. 1250.00	kr. 4100.00	kr. 3750.00	kr. 350.00 - —
2. flokkur	— 1166.66	— 3826.64	— 3499.98	— 326.66 - —
3. flokkur	— 1083.33	— 3553.32	— 3249.99	— 303.33 - —
4. flokkur	— 1000.00	— 3280.00	— 3000.00	— 280.00 - —
5. flokkur	— 925.00	— 3034.00	— 2775.00	— 259.00 - —
6. flokkur	— 850.00	— 2788.00	— 2550.00	— 238.00 - —
7. flokkur	— 800.00	— 2624.00	— 2400.00	— 224.00 - —
8. flokkur	— 750.00	— 2460.00	— 2250.00	— 210.00 - —
9. flokkur	— 700.00	— 2296.00	— 2100.00	— 196.00 - —
10. flokkur	— 650.00	— 2132.00	— 1950.00	— 182.00 - —
11. flokkur	— 600.00	— 1968.00	— 1800.00	— 168.00 - —
12. flokkur	— 550.00	— 1804.00	— 1650.00	— 154.00 - —
13. flokkur	— 500.00	— 1640.00	— 1500.00	— 140.00 - —
14. flokkur	— 450.00	— 1476.00	— 1350.00	— 126.00 - —
15. flokkur	— 400.00	— 1312.00	— 1200.00	— 112.00 - —

Þarna geta menn séð, hvernig farið er með launastéttirnar. Ég er sannfærður um, að það er ekki eins tilfinnanlegt fyrir mann, sem hefur 4100 krónur á mánuði, þótt teknar séu af honum 350 krónur, eins og verkamann, sem hefur 1680 krónur á mánuði og af eru teknar 180 krónur. Ég hugsa, að ég hafi nú þessi orð ekki fleiri, en aðeins þetta að endingu. Ég er ekki alveg viss um, að þeir hv. þm., sem hafa þjónað atvinnurekendavaldinu, sjái þessa þjónustu sína bera mikinn árangur. Ég hugsa, að jafnvel atvinnurekendurnir sjálfir, þegar þeir fara að borga eftir nýárið, það eru að minnsta kosti til menn, sem ekki mundu fara eftir þessum lögum. Margir atvinnurekend-

ur hafa greitt mönnum sínum yfirkaup og hafa oft unnið gott verk með því, og ég hygg, að þeir fari nú ekki að láta af þeim góðverkum.

ATKVGR.

Brtt. 213,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 204 *felld með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu*
já: EOl, GÞG, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.
nei: BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG.
JJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (GTh, SB, SK) fjarstaddir.

Brtt. 213,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 220,1 samþ. með 23:1 atkv.
— 217,1 *felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu*
já: SigfS, SG, ÁkJ, EOl, HermG, KTh, LJós.
nei: SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, BG.
JJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (SB, SK, GTh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Ég tel, að þetta mál verði látið fylgja með athugunum þeim, er fram fara, er skattalögin verða endurskoðuð, sem væntanlega verður lokið innan skamms, og segi ég því nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Með skírskotun til grg. hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Brtt. 217,2 felld með 22:7 atkv.
— 220,2 samþ. með 23:1 atkv.
— 213,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 213,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 210,2 kom ekki til atkv.
— 218 felld með 22:7 atkv.
— 213,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 213,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 225,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 225,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, BG.
nei: ÁkJ, EOl, HermG, JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG.
GÞG, JJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (SK, GTh, SB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. minnar, er málinu var vísað til 3. umr., greiði ég ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 226).

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Áður en útvarpsumr. hefjast, þykir mér rétt að geta þess, að mér hefur í dag borizt bréf frá útvarpsstjóra, þar sem hann tilkynnir, að það hafi fyrir alllöngu verið samið við danska útvarpið um að endurvarpa jólakveðjum frá Danmörku til Grænlands um kl. 10 í kvöld í gegnum útvarpsstöðina hér. En með því að ekki var unnt að gera hlustendum á Grænlandi grein fyrir breyt. á tímanum, er útvarpað verði þessum jólakveðjum, telur útvarpsstjóri nauðsynlegt að gera hlustendum á Grænlandi grein fyrir þessari breyt. á tilsettum tíma, kl. 10^{05}. En ekki mun þetta þó taka meira en 2 til 3 mínútur. Ég tel óhjákvæmilegt að verða við þessum tilmælum útvarpsstjóra, og verður því umr. frestað á tilgreindum tíma um 2 til 3 mínútur, og verð ég að biðja þann hv. ræðumann afsökunar, sem ég e. t. v. verð að trufla, þegar að þeim tíma kemur.

Þessari útvarpsumr. verður hagað eins og gert er, þegar rætt er í útvarpi um lagafrv., annað en fjárlagafrv., að hver flokkur fær samtals 45 mínútur, og verður ræðutímanum skipt í tvær umferðir, þannig að í fyrri umferð fær hver flokkur 25 mínútur, en í síðari umferð 20 mínútur.

Ræður flokkanna í báðum umferðum verða í *þeirri röð sem hér segir:* Fyrst talar fulltrúi Alþfl., sem verður að skoða sem flm. þessa máls. Hinir flokkarnir hafa dregið um röðina á ræðunum, og varð niðurstaðan þannig, að fyrst á eftir Alþfl. talar fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu — sósfl., þá fulltrúi Framsfl. og þá fulltrúi Sjálfstfl.

Samkvæmt þessu tekur nú til máls hæstv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, og hefur til umráða 25 mínútur.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. — Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum í byrjun febrúarmánaðar s. l., lýsti hún yfir því á Alþ., að það væri stefna hennar, að atvinnuvegir landsmanna yrðu reknir á arðbærum grundvelli og á hinn hagkvæmasta hátt, en þyrftu ekki að stöðvast sakir verðbólgu og dýrtíðar. Kvaðst ríkisstj. mundu vinna að því af alefli, að vöxtur dýrtíðar stöðvaðist, og einnig yrðu athugaðir möguleikar til að lækka hana og framleiðslukostnað í landinu. Það var og samkomulag stjórnarflokkanna, að vöruverð skyldi fyrst um sinn greitt niður með ríkisfé til þess að hindra frekari hækkun vísitölunnar, en hún var 316 stig, er stjórnarskipti urðu. Gerði ríkisstj. ráðstafanir til þess, að hún lækkaði í 310 stig, og hélzt hún í 310—312 stigum fram í október s. l., en síðustu þrjá mánuðina hækkaði hún verulega, einkum vegna hækkaðs verðs á landbúnaðarvörum. Meðalvísitala ársins 1947 hefur orðið nákvæmlega 315 stig. Hefur ríkisstj., eins og áður segir, greitt vísitöluna niður á árinu í samræmi við yfirlýsingu sína í upphafi.

Ríkisstj. var það strax í öndverðu ljóst, er hún tók við störfum, að taka varð til alvarlegrar athugunar að stöðva dýrtíðina og hækkun framleiðslukostnaðarins. Eftir því sem lengra leið á yfirstandandi ár, kom það betur í ljós, hversu brýn þessi nauðsyn var. Einkum varð þetta ljóst, eftir að síldveiðin brást í sumar, enda kom og í ljós, að gjaldeyriseign þjóðarinnar var til þurrð-

ar gengin og að ráðstafanir þurfti að gera til að spara gjaldeyrinn, bæði með skömmtun nauðsynjavara og með innflutningshömlum.

En þótt þessar ráðstafanir væru gerðar, var sýnilegt, að reka mundi að því, að ef framleiðslan yrði ekki rekin til hins ýtrasta, yrði vegna vaxandi verðbólgu skortur á erlendum gjaldeyri til kaupa á helztu lífsnauðsynjum. Það var því með öllu óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess, að sjávarútvegurinn yrði rekinn.

Snemma í haust tók stjórnin til ýtarlegrar athugunar það, sem gera þurfti, og á hvern hátt mundi verða unnt að framkvæma það. En áður en til þess kæmi, að ríkisstj. gæti lagt till. fyrir stuðningsflokka sína til að fá fulltingi þeirra og eins fyrir Alþ., þá þurfti að framkvæma margvíslegar og ýtarlegar rannsóknir og athuganir. Þessar athuganir voru framkvæmdar af trúnaðarmönnum ríkisstj. og tóku að sjálfsögðu nokkuð langan tíma.

Rannsóknir þessar leiddu í ljós á óvefengjanlegan hátt, að ráðstafanir þurfti að gera til þess alveg sérstaklega að tryggja rekstur sjávarútvegsins, sem einkum aflar gjaldeyris í þjóðarbúið, og hindra á þann hátt, að til atvinnuleysis og hruns drægi.

Það varð og öldungis augljóst, að átök í þessu efni urðu ekki gerð, nema krafizt væri nokkurra fórna í því sambandi af öllum landsmönnum. En höfuðsjónarmið ríkisstj. við undirbúning málsins var, að þær fórnir yrðu færðar á þann veg, að þær kæmu sem réttlátast niður á þjóðfélagsþegnana.

Barátta við verðbólgu og dýrtíð er ekki íslenzkt fyrirbæri eingöngu. Það má segja, að sú barátta sé háð í öllum löndum. Þjóðir, sem hafa verið svo lánsamar og forsjálar að hindra, að verðbólga myndaðist, urðu að gera ráðstafanir til þess, sem á sínum tíma voru almenningi þungbærar. Á Norðurlöndum t. d. og í Bretlandi voru gerð átök til þess að halda hvoru tveggja niðri, kaupgjaldi og verðlagi. Þar, sem þessar tilraunir heppnuðust, tókst að forðast verulega verðbólgu. Aðrar þjóðir, sem ekki sýndu næga fyrirhyggju til að firra sig voða dýrtíðarinnar eða þar sem ytri, óviðráðanleg atvik höfðu haft verðbólgu í för með sér, sáu, þegar í óefni var komið, að ekki var unnt að losna við að færa nokkrar fórnir til þess að bjarga því, sem bjargað varð.

Íslenzka þjóðin hefur undanfarin ár átt miklu láni að fagna. Vinna hefur verið næg og vel borguð. Má með sanni segja, að afkoma allra vinnustétta hafi verið prýðilega góð, svo góð, að ég tel, að fullyrða megi, að hvergi hafi almenningur hér í álfu búið við betri kjör. En það var framsýnum mönnum einnig ljóst, að með vaxandi verðbólgu gæti svo farið, að til þess að hún keyrði ekki allt í kaf, yrði þjóðin að leggja nokkuð hart að sér um skeið í því skyni að forðast kreppu, hrun og atvinnuleysi.

Slíkt viðhorf hefur nú skapazt hjá okkur og það í svo ríkum mæli, að verði ekki nú þegar að gert, þá mun horfa til stórra vandkvæða og atvinnuleysi fljótlega gera vart við sig, en það yrði almenningi óbærilegt, þegar til lengdar léti.

Að fengnum framan nefndum rannsóknum og vel vitandi, að til úrræða til úrbóta yrði að grípa, tók ríkisstj. sér fyrir hendur að undirbúa till. til lausnar vandamálunum. Það tók að sjálfsögðu alllangan tíma, og hefur ríkisstj. mjög verið legið á hálsi fyrir það af andstæðingunum. En stjórnin taldi hyggilegra og réttara að athuga gaumgæfilega alla málavöxtu og rasa ekki um ráð fram heldur en að leggja fyrr fram till. á veikari grundvelli og þá einnig með óvissu um, hvort úr mundu bæta né ná fram að ganga. Auk þess hlaut það verulega að tefja tímann, að ríkisstj. er skipuð fulltrúum þriggja flokka með ólíkum sjónarmiðum, og þurfti að samhæfa þau, til þess að nokkrum árangri yrði náð, og bera till. því eðlilega blæ samkomulags, en eru ekki eingöngu stefna eða skoðun eins flokks.

Strax er stjórnin lýsti yfir því, að hún hefði í undirbúningi till. í dýrtíðarmálunum og teldi, að ekki yrði hjá því komizt, að allir yrðu nokkuð á sig að leggja um sinn, hófu andstæðingarnir, kommúnistar, upp raust sína og sögðu, að ríkisstj. væri að reyna að skapa kreppu og koma inn hjá þjóðinni ástæðulausri bölsýni í því skyni einu saman að rýra kjör almennings. Sögðu kommúnistar á því stigi málsins, að ástæðulaust væri að gera nokkuð til að draga úr verðbólgunni og dýrtíðinni, heldur þyrfti um það eitt að hugsa að selja íslenzkar afurðir í Rússlandi og öðrum Austur-Evrópuríkjum, en þar væri hægt að fá fyrir þær geysihátt verð, ef vel væri á þeim málum haldið.

Hvor tveggja fullyrðingin var alröng. Það var auðsætt þeim, er opin augu höfðu, að við urðum að gera ráðstafanir til þess að hindra vöxt verðbólgunnar, því að ella mundi skjótt draga til rekstrarstöðvunar hjá atvinnuvegum landsins. Í annan stað hafði ríkisstj. gert mjög ýtarlegar tilraunir fyrir milligöngu trúnaðarmanna sinna til þess að selja vörur, bæði í Rússlandi og öðrum þeim löndum, er kommúnistar töldu góð markaðslönd, en með þeim árangri, að ekki fékkst það verð fyrir vörurnar, sem staðið gæti undir framleiðslukostnaði hér. Þau lönd í Austur-Evrópu, sem kaupa vildu lítið magn af íslenzkum vörum góðu verði, gátu ekki greitt nema í vöruskiptum, sem hefði leitt til þess, að vörurnar, sem við hefðum fengið í staðinn, hefðu orðið mjög dýrar og við jafnvel orðið að taka upp í andvirði okkar vara vörutegundir, sem sakir gjaldeyrisástandsins hér er ekki unnt að flytja til landsins og við verðum að neita okkur um að sinni. Fullyrðingar kommúnista voru því ekkert nema rakaleysur.

En eins og menn vita, eru hvorki íslenzkir né erlendir kommúnistar mjög lengi sömu skoðunar, og kommúnistarnir okkar breyttu um stefnu, skömmu eftir að þeir höfðu haldið flokksþing sitt og heyrt raddir fólksins utan af landsbyggðinni.

Halda þeir nú fram gagnstætt því, sem áður var, að eitthvað þurfi að gera til þess að vinna bug á verðbólgunni. Létu þeir svo sem þeir hefðu í höndum sínum þann Aladdínslampa, sem grípa mætti til, er leysa skyldi vandann. Var það að ábyrgjast bara ákveðið afurðaverð, ekki lægra en í fyrra, og gera enga tilraun til þess að hefta dýrtíðina, en í stað þess draga úr tekjum ríkissjóðs og minnka möguleika hans til þess að standa við skuldbindingar sínar. Var frv. það, sem kommúnistar lögðu fram á Alþingi fyrir

skemmstu, einmitt byggt á þessum sýndarúrræðum og augsýnilega aðeins flutt í lýðskrumsskyni. Ríkisstj. hvorki vildi né gat haft þær starfsaðferðir, sem kommúnistar beittu. Í stað þess undirbjó hún till. sínar og hefur nú lagt þær fram í því frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, sem hér er til umr.

Eins og tekið er fram í 1. gr. frv. þessa, er það tilgangur þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu og gjaldeyrisöflun. En eins og að framan greinir og frv. ber með sér, komst ríkisstj. að því eftir ýtarlega rannsókn, að ekki yrði ráðin bót á verðbólgunni, án þess að þjóðin tæki á sig nokkrar byrðar, og samkv. frv. þessu er þeim byrðum þannig skipt, að þeir, sem bezt eru staddir efnalega, eiga að bera hlutfallslega þyngstu baggana.

II. kafli frv. er um eignaraukaskatt. Er þar lagt til, að á næsta ári verði á lagður sérstakur skattur á eignarauka umfram 100 þús. kr., er orðið hefur á tímabilinu 1. jan. 1940 til 31. des. 1947. Nemur skatturinn frá 5% til 30% af eignarauka umfram 100 þús. kr. á nefndu tímabili hjá félögum og einstaklingum. Rétt þótti þó að undanþiggja nokkra aðila þessum skatti. Eru það Eimskipafélag Íslands h.f., fé það, sem einstaklingar og félög, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, hafa lagt í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af. Loks er og fé það, sem samvinnufélög hafa lagt í sjóð samkv. samvinnufélagalögunum, er tekjuskattur hefur eigi verið greiddur af, undanskilið þessum skatti. Þá var og talið rétt, að eignaraukaskattur samvinnufélaga og félaga og einstaklinga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, skyldi ekki vera stighækkandi og aldrei fara fram úr 10%. Í frv. eru svo settar ýtarlegar reglur um álagningu skatts þessa, mat á eignum o. s. frv. Er til þess ætlazt, að heildartekjurnar af þessum skatti renni að hálfu í framkvæmdasjóð ríkisins, en að hálfu til afla- og hlutatryggingasjóðs fyrir bátaútveginn, sem gert er ráð fyrir, að stofnaður verði með löggjöf á næsta ári.

Með eignaraukaskattinum eru lagðar allverulegar byrðar á herðar þeim, sem á undanförnum árum hafa safnað miklum fjármunum, og hluti þessara eigna þannig tekinn til opinberra þarfa. Er það einn liðurinn bæði í dýrtíðarráðstöfunum og einnig til þess að deila byrðunum eftir reglunni, að þeir, sem mest megi sín, taki á sig þyngstu byrðarnar.

III. kafli frv. fjallar um verðlagsuppbætur o. fl., og er í 12. gr. að finna það ákvæði, að ekki má greiða verðlagsuppbót á laun eftir hærri vísitölu en 300. Þó er undanskilinn ákvæðum þessum ellí- og örorkulífeyrir. Þennan lífeyri má greiða með verðlagsuppbót, er nemur allt að 315 vísitölust.

Um þessa gr. frv. hefur þegar í Nd. og blöðum stjórnarandstöðunnar verið mikið rætt og deilt á stjórnina fyrir. Því er haldið fram, að með þessu móti sé ríkisstj. að seilast — algerlega að óþörfu, að manni skilst — til þess að skerða laun launastéttanna. Á þá staðreynd hefur áður verið drepið, að ekki sé unnt að komast hjá því, að einhverjar byrðar lentu á öllum. Því verður ekki heldur neitað, að með þessu er lagt til, að kaupgjald til manna almennt sé skert í krónutölu. Hjá þessu varð að dómi ríkisstj. alls ekki komizt og hefur hún reynt að stilla þessari lækkun svo mjög í hóf sem frekast var unnt, svo að ekki yrði of tilfinnanlegt fyrir þá, er laun taka.

Miðað við núgildandi verðlagsvísitölu, 328 stig, er þetta rétt 8% skerðing á heildarupphæð launa. En samkvæmt útreikningi, sem fyrir liggur frá Hagstofu Íslands og ekki er unnt að vefengja, er hægt að reikna með því, að verðlag á vörum lækki svo við þessa ákvörðun, að raunveruleg launaskerðing nemi ekki nema 5%.

Í 15. og 16. gr. er að finna ákvæði, sem eiga að tryggja það, að verðlagsyfirvöld, framleiðsluráð landbúnaðarins og húsaleigunefndir færi svo niður verðlag á þessum nauðsynjum, að það lækki nokkuð, og dragi verulega úr áhrifunum af lækkun á greiðslu kaupvísitölu.

Ríkisstj. var það vel ljóst, að það er ekki vinsælt verk að leggja til, að dregið sé úr tekjum launastéttanna, en þar sem þær staðreyndir liggja fyrir óvefengjanlegar, að ef ekki væri gripið til slíkra ráðstafana, mundi óhjákvæmilega leiða til stöðvunar atvinnurekstrarins í landinu, en af því mundi þegar í stað leiða stórfellt atvinnuleysi —, varð ekki hjá þessu komizt.

Launastéttirnar yfirleitt eiga mest undir því, að atvinna haldist trygg og örugg. Krónutala launa þeirra er ekki aðalatriðið, ef vinnu skortir og dýrtíðin vex hröðum skrefum. Það er því að mínu áliti hagsmunamál launastéttanna, að gripið sé til ráðstafana, sem tryggja atvinnureksturinn í landinu, þótt þær ráðstafanir kosti í bili lægri krónutölu launa. Hef ég trú á því, að launastéttirnar muni við ýtarlega athugun og rólega umhugsun komast að þeirri niðurstöðu, að hér er rétt ályktað, og það er síður en svo launamönnum til tjóns, þegar til lengdar lætur, að slíkar ráðstafanir séu gerðar.

Tilætlunin með því að lækka og festa vísitöluna er sú að koma í veg fyrir þann óheillavænlega skrúfugang, sem verið hefur undanfarin ár, þannig að verðlag og vinna hefur hækkað á víxl og myndað svikamyllu þá, sem leitt hefur af sér verðbólgu. Mátti ekki lengur við það ástand una.

Í sambandi við lækkun og festingu verðvísitölunnar er nauðsynlegt að taka það mjög skýrt fram, að það er ákveðin ætlun ríkisstj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að halda niðri verðlagi á nauðsynjavörum og stuðla að lækkun þeirra, eftir því sem framast er unnt, svo að lækkun launa að krónutölu verði ekki nema fyrst í stað kaupmissir, og þegar fram líða stundir, ættu kjör launamanna sízt að versna við þessar ráðstafanir. **Mun ríkisstj. því** beita ákvæ
um III. kafla frv., um eftirlit með verðlagi á nauðsynjavörum, lækkun landbúnaðarvara og húsaleigu, eftir því sem ákvæði frv. framast leyfa og í þeim tilgangi, sem fyrr segir, að halda niðri dýrtíðinni og láta vísitölufestinguna og lækkun hennar verða sem allra minnst tilfinnanlega fyrir allan almenning. Það verður höfuðþátturinn í framkvæmd þessarar löggjafar, og mun ríkisstj. leggja á þetta ríka áherzlu. Auk þess mun ríkisstj. halda áfram að greiða niður verðlag á nauðsynjavörum, ekki minna en áður hefur verið,

Rétt er að geta ákvæðis 14. gr. III. kafla frv. Þar er afnumið skattfrelsi áhættuþóknunar sjómanna. En í stað þess eru sett ákvæði um, að forsjármönnum heimilis, er atvinnu stunda utan þeirra, verði ekki talin fæðishlunnindi til skattskyldra tekna og ef menn verði að sjá sér fyrir fæði, þá skuli hæfilegur fæðiskostnaður dreginn frá tekjum þeirra, áður en skattur er á lagður. Skattfrelsi áhættuþóknunarinnar, einkum á háum launum yfirmanna, er algerlega óeðlilegt orðið. Hins vegar þótti rétt að veita þeim, sem sjóinn sækja og utan heimilis síns vinna, þau hlunnindi, er áður segir, í sambandi við ákvörðun skatts.

IV. kafli frv. ræðir um ríkisábyrgð til bátaútvegsins o. fl. Er þar lagt til, að ríkið ábyrgist hið sama verð á útflutningsvörum sjávarútvegsins og verið hefur. Þar er að finna nýtt ákvæði um, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, sem verður við geymslu hans, enda eigi eigandinn enga sök á drættinum á sölu hans. Saltfisksframleiðendur verða fyrir miklu tjóni af völdum langrar geymslu á fiskinum. Telst því sanngjarnt að bæta þeim þetta tjón, þegar þeir sjálfir eiga þar enga sök á.

Þess hefur orðið vart, að útvegsmenn hafa talið, að sins hlutar væri eigi nægilega gætt með frv. þessu. Í því sambandi ber að athuga, að ábyrgðarverðið er hið sama í frv. og gilti á þessu ári. Meðalvísitala ársins 1947 varð 315 stig. Með þessu frv. á hins vegar að verða tryggt, að vísitalan verði ekki yfir 300 stig. Ætti því ábyrgðarverðið að verða hagstæðara en verið hefur. Hins vegar verður það jafnan svo fyrir sjávarútveginn, að erfitt er að tryggja þann atvinnurekstur gegn öllum skakkaföllum, og veldur þar mestu um, ef afli bregzt.

Í 22. gr. frv. er ríkisstj. gefin heimild til þess að haga svo sölu íslenzkra afurða erlendis, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er stjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að þessu marki verði náð. Þar sem ríkisvaldið semur nú raunverulega um sölu afurðanna erlendis og tekur ábyrgð á verði þeirra, þykir sjálfsagt að hafa ákvæði þetta til jöfnunar á milli vissra vörutegunda, ef þörf krefur.

Í 25. gr. frv. er ríkisstj. veitt vald til þess að gera nokkrar ráðstafanir um verðlag á beitu og sparnað í því sambandi. Sömuleiðis er þar ákvæði um, að ákveða megi hámarksleigu á verbúðum. Er þetta allt gert í því skyni að lækka kostnað bátaútgerðarinnar. Sömuleiðis er ákvæði um verðlagningu veiðarfæra og viðgerða á skipum. Skulu þar til kvaddir fulltrúar frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, er ákvarðanir eru teknar um þau efni.

Þá er í 21. gr. tekin ábyrgð á verðlagi á útfluttu kjöti verðlagsárið frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 á þann veg, að kjötframleiðendum er ábyrgzt útflutningsverð á kjöti þessa tímabils til samræmis við verðlag á kjöti, seldu á innlendum markaði, eftir verðlagningu framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Eins og alkunnugt er, brást síldveiðin mjög tilfinnanlega á s. l. sumri, en af því leiðir aftur, að margir eigendur síldveiðiskipa eru nú illa staddir, búa við miklar skuldir, sem þeim er óhægt um að standa undir. Er ríkisstj. því heimilað í frv. að taka lán, allt að 5 millj. kr., til þess að aðstoða síldarútvegsmenn, er hart hafa orðið úti á síldarvertíðinni sumarið 1947.

VI. kafli frv. ræðir um framlengingu á ákvæðum um hækkun vörumagnstolls og verðtolls, og er þar að finna nákvæmlega hin sömu ákvæði og sett voru í fyrra til þess að auka tekjur ríkissjóðs og gera honum kleift að standa við skuldbindingar sínar um ábyrgðarverðið og til þess að hægt sé að verja fé til niðurgreiðslu á nauðsynjum og þann veg til lækkunar á dýrtíðinni.

Í VII. kafla frv. eru ákvæði um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskverðinu og niðurgreiðslu á innlendum vörum. Söluskattur þessi á að nema 2% af heildsölu og umboðssölu, 1½% af smásölu og 1½% af sölu iðju- og iðnfyrirtækja, svo og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru. Þó ber ekki að greiða skatt af sölu landbúnaðarafurða, vörum, sem seldar eru út úr landinu, og ekki heldur af andvirði mjólkur og mjólkurvara, kjöts og fisks, — og að lokum ekki heldur af sölu veiðarfæra, salts, olíu né viðgerða á skipum. Í 45. gr. frv. er ákveðið, að hækka megi vöru sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

Það þótti öldungis einsætt, að ekki væri fært að takast á hendur ábyrgð á ákveðnu söluverði útflutningsafurðanna og jafnframt að halda niðri verðlagi í landinu með fé úr ríkissjóði án þess að afla ríkissjóði nýrra tekna. Var því gripið til þessara ráðstafana um tekjuöflun, og ætti hún ekki að verða almenningi þungbær né auka til muna útgjöld manna, en hins vegar gefa ríkissjóði verulegar tekjur.

Ég hef þá rakið höfuðdrætti frv. þess, sem hér er til umr. Markmið þess er, sem fyrr segir, að tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir vexti dýrtíðar og atvinnuleysi, en auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar. En samtímis þessum óhjákvæmilegu og nauðsynlegu ráðstöfunum varð eigi hjá því komizt að leggja um stund byrðar á allan almenning — þær byrðar, sem ég hef nú leitazt við að skýra, í hverju séu fólgnar: Eignaraukaskatti, lækkun vísitölunnar og festingu hennar, ásamt auknum ráðstöfunum til þess að halda niðri verðlagi í landinu.

Reynt hefur verið að kosta kapps um, að fátækari hluta þjóðarinnar yrði sem minnst íþyngt. Var því að því ráði horfið að lækka vísitöluna aðeins í 300 stig, en af mörgum hefur því verið haldið fram, að þurft hefði að lækka hana miklu meira. Slík lækkun hefði orðið launamönnum tilfinnanlegur baggi, og sá ríkisstj. eigi fært að hverfa að svo róttæku ráði. Hefur allri rýrnun á tekjum almennings verið stillt svo í hóf sem frekast var unnt.

Ég hef getið um það fyrr í ræðu minni, að fyrir örfáum vikum var því haldið fram af íslenzkum kommúnistum, að ekkert þyrfti að gera til þess að stöðva dýrtíðina. Sú skoðun þeirra breyttist að vísu fljótt aftur, og töldu þeir þá slíkar ráðstafanir nauðsynlegar, en sjálfir lögðu þeir fram sýndartillögur einar á Alþingi — tillögur, sem frekar yrðu til þess að löggilda verð-

bólguna og aukningu hennar en hið gagnstæða. Þar að auki gera þær tillögur ekki ráð fyrir neinni fjáröflun til ríkissjóðs til þess að standast þær skuldbindingar, er hann tekst á hendur vegna fiskverðsins. Till. kommúnista voru því að öllu óraunsæjar og til þess eins gerðar að sýnast, eftir að þeir höfðu hlerað hjá almenningi, að menn vildu ekki lengur búa við dýrtíðina aðgerðarlausir.

En það var ekki nóg, að kommúnistar börðust upphaflega gegn öllum ráðstöfunum til hindrunar verðbólgu, féllu síðan frá þeirri skoðun og lögðu fram sýndartillögur, heldur hafa þeir látlaust á *undanförnum tíma* reynt að gera allt sem tortryggilegast, sem ríkisstj. kynni að bera fram í málinu. Þannig héldu þeir því látlaust fram, að ríkisstj. mundi leggja til, að krónan yrði felld um a. m. k. 20%, lagður á sérstakur gjaldeyrisskattur og verðlagsvísitöluna ætti að færa með valdboði niður í 250—280 stig. Ekkert af þessu reyndist rétt. En kommúnistar vonuðu, að ríkisstj. mundi koma fram með eitthvað það, er mjög óvinsælt reyndist meðal almennings, eins og t. d. gengislækkun eða gjaldeyrisskatt og stórfelldan niðurskurð vísitölunnar. En þótt ekkert af þessu yrði og ríkisstj. legði fram frv., þar sem ekki er að finna nein ákvæði um gengislækkun eða gjaldeyrisskatt og þar sem vísitalan er aðeins lækkuð niður í 300 stig, hafa kommúnistar þó þegar hafið hina hörðustu andstöðu gegn frv. og í því sambandi þyrlað upp hinu mesta moldviðri. En það er einn þátturinn í orrustu þeirra gegn því, að nokkrar raunhæfar ráðstafanir verði gerðar gegn verðbólgunni. Þeirra von er, að dýrtíðin skapi smátt og smátt hrun og algert öngþveiti í fjármála- og atvinnulífi landsmanna. Kommúnistar um allan heim hafa það hlutverk að berjast gegn því, að ráðstafanir verði gerðar til þess að skapa öruggt og blómlegt atvinnulíf. Þáttur kommúnista í Frakklandi og Ítalíu er auðsær í þessu efni, og sama hlutverki reyna íslenzkir kommúnistar eftir mætti að gegna.

Stefna kommúnista er hrunstefna. Þeir vilja, að hrun og öngþveiti skelli yfir, til þess að sá jarðvegur myndist, er þeir telja vænlegastan til framsóknar fyrir flokk sinn. En ríkisstj. hefur, í trausti á skilning og réttdæmi almennings í landinu, gert þær ráðstafanir, sem frv. felur í sér, til þess að bægt verði frá þeirri hættu, sem yfir vofir.

Ríkisstj. heitir á þegnskap og skilning manna og treystir því, að róleg umhugsun muni gera mönnum ljóst, að hin sanna þjóðfélagshyggja krefst þess, að umræddar ráðstafanir séu gerðar.

Í trausti þess leggur ríkisstj. fram þetta frv. og heitir á menn um land allt til stuðnings við stefnu þess: að tryggja áframhald atvinnurekstrar á öruggum grundvelli og hindra atvinnuleysi og eymd. Sú stefna mun vissulega sigra þrátt fyrir blekkingar og hatramma baráttu af kommúnista hálfu. Þessi stefna er stefna þjóðarinnar sjálfrar, en hitt er hrunstefna kommúnista.

Forseti (BSt): Hæstv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, og talar f. h. Sameiningarflokks alþýðu — Sósíl.

Brynjólfur Bjarnason: Forsrh. hefur lýst yfir því, að höfuðtilgangur þessa frv. sé að draga úr dýrtíð og verðbólgu í landinu og á þeim grundvelli að tryggja rekstur atvinnuveganna, III. kafli frv., sem fjallar um festingu vísitölunnar, sé þungamiðja þess. Við skulum athuga frv. út frá þessu sjónarmiði. Hvaða ákvæði eru í frv., sem tryggja það, að verðlag í landinu lækki og að dregið verði úr dýrtíðinni?

Verðlagsvísitalan heldur vitanlega áfram að vera 328, þótt því sé lögið í lagafrv., að hún sé ekki nema 300 stig. Samkv. frv. er verðlag í landinu ekki lækkað, heldur er kaupið lækkað með *lagaboði*.

En þá er að athuga: Hvaða áhrif hefur þetta á verðlagið? Samkv. 15. gr. frv. á að færa niður verðlag á ýmsum vörutegundum þannig, að greidd vinnulaun, sem reiknað er með í verðlagi þessara vara, lækki að sama skapi, sem vinnulaun lækka samkv. lagaboði. Hvað mundi þetta nema miklu. Forsrh. hefur það eftir einhverjum, að þetta mundi nema ca. 3%, svo að launaskerðingin mundi ekki verða nema 5%. Nú er varlegt að treysta þessum manni, þar sem hann hefur verið staðinn að því að gefa þingheimi vísvitandi rangar upplýsingar um opinberar „skýrslur", sem hann hefur sjálfur í höndum. Sannleikurinn mun vera sá, að ef gert er ráð fyrir, að öll lækkun vinnulauna hafi að fullu áhrif til lækkunar á verðlag, mun hagstofan áætla, að þetta geti numið ⅓ af vísitölulækkuninni, í þessu tilfelli nokkuð innan við 3%. Gerum nú ráð fyrir, að þetta yrði, að þetta kraftaverk skeði. Hver yrði útkoman þá? Samkv. VII. kafla skal leggja 3½% veltuskatt á meginhluta alls þess, sem keypt er og selt í landinu, undanskilið er aðeins landbúnaðarafurðir, fiskur og vörur til útgerðar. Samkv. þessu hækkar meginhluti þeirra vara, sem ganga inn í vísitöluna, um 3½%, og ekki nóg með það, heldur líka allar aðrar vörur, sem ekki ganga inn í vísitöluna. En nú fer um það bil helmingur meðalverkamannalauna einmitt til kaupa á slíkum vörum og gæðum.

Ef allt færi nákvæmlega eftir kenningunni, mundi þetta nokkurn veginn vega salt, að því er vísitöluna snertir. En það fer fjarri því, að svo verði í rauninni.

Í fyrsta lagi gildir hin fræðilega eða réttara sagt ímyndaða verðlækkun, sem fram á að fara, ekki um allar þær vörur, sem í vísitöluna ganga. T. d. munu landbúnaðarafurðir lækka sáralítið í verði. Verð þeirra er nú miðað við vísitöluna 306, svo að verðlækkun þeirra ætti að nema þeim vinnulaunum, sem fólgin eru í þessum 6 stigum, sem eru fram yfir 300, eða með öðrum orðum, verðlækkun þeirra nálgast núll. En það, sem er aðalatriðið, er, að það er mjög erfitt og í flestum tilfellum ómögulegt að finna út með nokkrum líkum, hvað vinnulaun eru mikill hluti af verði vörunnar. Hér verður yfirleitt að fara eftir reikningum fyrirtækjanna sjálfra. Jafnvel þótt verðlagseftirlitið væri allt af vilja gert, gæti það ekki framkvæmt 15. gr. á þann hátt, sem verið er að telja landsmönnum trú um, að eigi að gera. Nú munu ýmsir efast um viljann, þegar fyrirmæli stjórnarvaldanna koma til.

Þá eru fyrirmæli um 10% lækkun húsaleig-

unnar í nýjum húsum. Þetta getur í langflestum tilfellum ekki orðið nema á pappírnum, vegna þess að húsaleiga er seld á svörtum markaði og hin raunverulega húsaleiga kemur hvergi fram. Venjan er sú, að leigumáli gildir um ákveðið tímabil og leiguupphæðin greidd fyrir fram og kemur hvergi fram á pappírnum, hver hin raunverulega upphæð er.

Þá eru tollarnir frá fyrra þingi framlengdir. Þetta hækkar enn fremur vísitöluna um nokkur stig og vöruverð um nokkur prósent. Þessi hækkun er að vísu þegar orðin, en það verður að hafa í huga, að hér er um verðhækkun og vísitöluhækkun að ræða, sem framkvæmd hefur verið af ríkisstj., sem þykist hafa það að aðaláhugamáli að berjast gegn dýrtíðinni.

Eins og sjá má af þessu, mun þetta frv. ekki hafa í för með sér lækkun dýrtíðarinnar, heldur verulega hækkun vöruverðs þegar í stað. Og það mun á engan hátt stöðva vöxt dýrtíðar og verðbólgu, heldur þvert á móti. Verð á erlendum vörum hækkar mjög ört. Og þegar vöruverð hættir að hafa áhrif á vinnulaun, er hætt við, að verðlagseftirlitið slappist. Og þegar niðurgreiðslur hætta að hafa áhrif á vinnulaun, þá er augljóst, að úr þeim verður dregið. Það er því alveg víst, að hin raunverulega vísitala mun stórhækka á næstunni. Það er ekki ólíklegt, að áður en langt um líður, verði hún komin upp í 350. En það skiptir ríkisstj. engu máli, því að kaupið verður reiknað með vísitölunni 300, þó að hin raunverulega vísitala komist upp í 400. Þetta þýðir, að með þessu frv. er verið að skapa óbærilega dýrtíð fyrir allan þorra landsmanna, fyrir alla þá, sem á launum lifa. Fyrir atvinnurekendur eina er þetta gróði. Aðeins fyrir þá gæti þetta talizt minnkandi dýrtíð, þ. e. a. s., ef fólkið léti sér þetta lynda. En að því kem ég síðar.

Annar höfuðtilgangurinn á að vera sá að tryggja rekstur bátaútgerðarinnar. Hvernig er það gert í þessu frv.? Ríkið tryggir bátaútgerðinni sama verð fyrir fiskinn og í fyrra. Þetta er tekið óbreytt úr frv. Sósfl. Sósialistar hafa alla tíð sýnt fram á það með skýrum rökum, að þetta væri óhjákvæmileg nauðsyn. Stjórnarflokkarnir hafa talið þetta fjarstæðu og skrifað um það ótal greinar í móðursjúkum tón. Morgunblaðið skrifar í forustugrein 13. nóv. s. l.:

„Nei, skripaleikurinn er of auðsær til þess, að ekki verði séð í gegnum þann svikavef, sem kommúnistar eru að spinna. Krafan um „fast lágmarksverð fyrir fiskinn, er tryggi hlutarsjómönnum réttlát kjör“ er einhver heimskulegasta blekkingartilraun, sem íslenzkur stjórnmálaflokkur hefur leyft sér að gera. Setning ábyrgðarlaganna á síðasta þingi breytir þar engu.“

Nú er það komið á daginn, að Sósfl. er eini flokkurinn, sem litið hefur raunhæft á þetta mál. Samtök útgerðarmanna hafa knúið ríkisstj. til að taka upp þessa till. Sósfl.

Þá eru teknar tvær aðrar till. frá Sósfl., önnur um stuðningslán til þeirra, sem töpuðu á síldveiðunum í sumar, og hin um lækkun á beituverði. En greinin um beituna er svo óákveðin, að ómögulegt er að sjá, hvaða gildi hún hefur eða hvort hún hefur nokkurt gildi. En aðalpúðrið til þess að bjarga útgerðinni á að vera launalækkunin, ákvæðið um að reikna vísitöluna 300 stig, hvað sem hún er í raun og veru. Við skulum athuga, hvað er raunhæft í þessu.

Ef tekið væri fullt tillit til lækkunar allra þeirra vinnulauna, sem inn í útgerðarkostnaðinn ganga, mundi þetta kannske nema allt að 5000 kr. á meðalfiskibát í hæsta lagi. Nú er þetta dreift á marga liði, sem mjög erfitt er að finna út úr, og um svo smáar upphæðir að ræða, að þeirra gætir óverulega á mörgum liðum. Það er því hægt að slá því föstu, að verðlag á útgerðarvörum verður ekki lækkað teljandi af þessum sökum. Verður olíuverðið t. d. lækkað? Það væri fróðlegt að fá svar við því.

Hin raunverulega vísitala, sem útgerðin verður að búa við, verður ekki 300, heldur um 330 stig fyrst um sinn. Og þessi raunverulega vísitala getur hækkað án takmarka. Útgerðin verður að búa við miklu meiri dýrtíð en áður, miklu meiri dýrtíð en s. l. ár. Sama er að segja um hlutarsjómenn. Hið raunverulega kaup þeirra lækkar stórum af þessum sökum. Það er því hin furðulegasta blekking og öfugmæli, sem hæstv. forsrh. sagði, að samkv. frv. mundi útgerðin búa við betri kjör en s. l. ár.

Ég hef nú sýnt fram á með rökum, sem ekki verða hrakin, að það er fjarri því, að þessi lög hafi þann tilgang eða miði að því, sem ríkisstj. vill vera láta. Þau draga ekki úr dýrtíðinni, heldur auka hana. Þau bæta ekki hag útgerðarinnar, heldur gera hann lakari.

Hvert er þá mark og mið þessa frv.? Tilgangur þess er að koma í framkvæmd þeirri eilífu hugsjón auðvaldsflokkanna að lækka laun vinnustéttanna í landinu, gera hina fátæku fátækari, til þess að hinir ríku geti orðið ríkari. Og þessum tilgangi nær frv., þ. e. a. s., ef ekki væri til nógu öflug verkalýðshreyfing í landinu til þess að brjóta það á bak aftur, ef það yrði annað og meira en pappírsgagn.

Með núgildandi vísitölu og óbreyttu verðlagi mundi kaup launamanna lækka um 8½%. Nú hef ég sýnt fram á, að verðlag mundi ekki lækka, heldur hækka. Mun því láta nærri, að kauplækkunin yrði nú þegar um 10%. Hins vegar er fjarri því, að kauplækkunin yrði lægri, þegar frá líður, eins og hæstv. forsrh. sagði. Þessu er öfugt farið. Kauplækkunin yrði því meiri, sem lengra liði frá. Hún gæti vel orðið 15—20%, er frá líður. Ef miðað er við 8.5% kauplækkun, lækka laun lægst launuðu Dagsbrúnarmanna um 78 aura um tímann, eða grunnlaunin um tæpa 24 aura. Með þessu fer forgörðum meiri hl. af tveimur síðustu kauphækkunum Dagsbrúnar. Það er meira en sú kauphækkun, er járnsmiðir hafa náð nýlega með tveggja mánaða verkfalli. Dettur mönnum í hug, að Dagsbrún hafi haldið út í mánaðar verkfalli og járnsmiðir í tveggja mánaða verkfalli bara rétt svona að gamni sínu. Þessar stéttir hafa sannarlega ekki lagt niður vinnu og lagt svo mikið að sér nema vegna þess, að það var knýjandi þörf, óhjákvæmileg nauðvörn gegn pólitík ríkisstj. auðmannastéttarinnar. Og hvílíkur barnaskapur að halda, að þessar stéttir láti sér þetta lynda.

Ég skal nú nefna nokkur dæmi um það, hvernig

þetta verkar fyrir hinar ýmsu launastéttir. Það eru nokkur dæmi um launalækkun á ári vegna vísitöluskerðingar frv. Hér er alls staðar miðað við dagvinnu:

Verkamenn í Rvík, Dagsbrúnarmenn	kr.	1872.00—2040.00
Mánaðarkaupsmenn í Rvík, Dagsbrúnarmenn	—	1780.80—1948.80
Fagmenn, svo sem trésmiðir, prentarar, bifvélav., bókb., klæðskerar o. fl.	—	2184.00—2475.00
Starfsstúlkur á spítölum ..	—	1176.00
Bifrstj., mánaðarkaupsm. ..	—	2116.80—2184.00
Hásetar á verzlunarskipum .	—	1478.80
Hásetar á togurum	—	1208.28
Verzlunarstúlkur og afgrm.	—	840.00—1596.00
Starfsmenn Rvíkurbæjar, 8.—15. fl.	—	1344.00—2520.00
Verksm.fólk, konur og karlar	—	1176.00—1831.20
Verkakonur og þvottakonur	—	1248.00—1344.00

Við þetta vil ég svo bæta, að lágmarkstrygging sjómanna samkv. kjörum Sjómannafélags Rvíkur lækkar um kr. 161.84 á mánuði og samkv. kjörum alþýðusambandsins um kr. 170.80.

Ég endurtek, — hvílíkur barnaskapur að halda, að launastéttirnar láti sér þetta lynda.

Greiðslur samkv. alþýðutryggingal., meðlög, barnalífeyrir, ekkna og einstæðra mæðra, fjölskyldubætur, bætur og lífeyrisgreiðslur vegna slysa o. s. frv. lækkar einnig um 8½%. Elli- og örorkulífeyrir lækkar á sama hátt, nema notuð verði heimild, sem stjórnin hefur nú verið knúin til að setja í frv. — Þá lækkar hann um 4%. Þetta er jólaglaðningur ríkisstj. til þeirra, sem eru verst staðir í þjóðfélaginu.

Eins og ég hef sýnt fram á, verða launalækkanirnar meiri og vafalaust miklu meiri að nokkrum tíma liðnum. Fyrir því eru engin takmörk, hvað þessi launalækkun getur orðið mikil.

Það mun ekki vera fjarri lagi, að í fyrsta umgangi sé með þessu móti rænt um 50 millj. kr. á ári úr vasa launþeganna í landinu. Og hvað verður um þetta fé? Því er fljótsvarað. Það rennur í vasa atvinnurekenda. Það rennur ekki til þeirra, sem látið er í veðri vaka, að eigi að hjálpa, ekki til bátaútvegsmanna. Það rennur til þeirra atvinnurekenda, sem hafa mest af beinum launþegum í þjónustu sinni. Það rennur að langmestu leyti í vasa hinna auðugustu í landinu. Á móti þessu kemur svo eignaraukaskattur, er engar upplýsingar hafa verið gefnar um, hvað nemi miklu. Ef hann nemur 10 millj., fá eignamenn að meðaltali 40 millj. út úr frv. nettó. (Frá þessu dregst að vísu nokkur upphæð, sem ríkið hagnast um.)

Það þarf því meira en lítil brjóstheilindi til þess að halda því fram, að hér sé verið að skipta byrðunum réttlátlega og að „þeir, sem mest mega sín, beri þyngstu byrðarnar“ eins og forsrh. sagði. Sannleikurinn er sá, að hér er verið að gefa hinum ríku tugi milljóna á kostnað launastéttanna, ræna tugum millj. úr vasa hinna fátæku og millistéttanna og stinga þeim í vasa hinna ríku. Því verður ekki neitað, að yfirstéttin á sér húsbóndaholla þjóna, þar sem stjórnin er, en um hyggindin gegnir kannske nokkuð öðru máli. Af því hefur nú þegar fengizt nokkur reynsla, og þó er nú lögð enn meiri prófraun á hyggindi þeirra. Víst var það í þjónustu lítillar yfirstéttarklíku, sem árásin var gerð á kjör almennings með tollahækkuninni s. l. vetur. Það var í þjónustu þessarar klíku, sem aðalatvinnuvegirnir voru stöðvaðir í nærri því mánuð til þess að þröngva kosti verkamanna. Það var aðeins vegna þess, að viti bornir menn tóku fram fyrir hendur ríkisstj., að síldarvertíðin var ekki stöðvuð alveg. En verkalýðurinn sigraði og tókst að halda kjörum sínum óskertum. En það var tugmilljóna tap fyrir þjóðina. Og það var mikið tap fyrir hina innlendu húsbændur ríkisstj. Það hefur líka sjálfsagt átt að vera í þjónustu húsbændanna, sem ríkisstj. stöðvaði járniðnaðinn í tvo mánuði. En sigur járnsmiðanna var alger. Hins vegar bakaði það þjóðinni milljóna tjón, að ríkisstj. hindraði, að samið væri í upphafi um þær kröfur járnsmiðanna, sem allir töldu, að væru réttmætar.

Svona hafa nú hyggindi ríkisstj. verið, og nú hefur hún lagt út í mestu ófæruna. Ef til vill er skýringin sú, að hún hefur farið eftir fyrirskipunum hinna amerísku húsbænda sinna. En finnst þá íslenzkum mönnum, hvar í stétt eða flokki, sem þeir standa, ekki nóg komið, því að það mun ekki líða á löngu, áður en atvinnurekendur verða að sanna það, að þeir munu ekki græða á því stéttastríði, sem þessi ameríska leppstjórn, öðru nafni „fyrsta stjórn Alþýðuflokksins“, hefur stofnað til.

Hvað hefur skeð, sem réttlætir það, að stofnað er til þessara óskapa? Hvaða nauðsyn ber til að hefja svo ósvífna árás á lífskjör almennings? Fyrir tæpu ári síðan var nóg atvinna í landinu, miklar framkvæmdir, vaxandi velmegun, allt líf þjóðarinnar einkenndist af bjartsýni og stórhug. Og nú á allt að vera á barmi glötunarinnar. Hefur hallæri dunið yfir landið? Ónei, það hafa aðeins orðið stjórnarskipti.

Hvernig eru svo afkomumöguleikar þjóðarinnar að öðru leyti?

Í tíð fráfarandi stjórnar aflaði þjóðin sér fullkomnari og betri framleiðslutækja en hún hefur nokkru sinni átt. Framleiðslugeta undirstöðuatvinnuveganna var tvöfölduð. Þessi tæki hafa þegar aflað þjóðinni geysimikilla auðæfa. Fyrstu nýsköpunartogararnir hafa þegar aflað gjaldeyris upp í verðmæti sitt. Á skömmum tíma munu þeir færa þjóðinni miklu meiri gjaldeyri en út var lagður fyrir þá. Allar helztu útflutningsvörur landsmanna hafa stórhækkað á heimsmarkaðinum. Síldarlýsið hefur á þessu ári hækkað um 50—100%, síldarmjöl yfirleitt um 25%, mikill hluti hraðfrysta fisksins um 25%. Ísfisksalan er með afbrigðum góð. Í fyrra var andvirði útflutningsins 291 millj. Nú er víst, að hann verður a. m. k. 350 millj. og meiri, ef öll vetrarsíldin er talin með. Gjaldeyristekjur þjóðarinnar í ár fara þannig fram úr öllum fyrri metum. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir þá frammistöðu ríkisstj. í afurðasölumálunum, sem fræg er orðin að endemum. Nú fer verðlagið á matvælum mjög hækkandi um allan heim, hefur t. d. hækkað um 40—50% í Bandaríkjunum á stuttum tíma. Ríkisstj. viðurkennir sjálf, að verð á íslenzkum afurðum fari hækkandi og síðustu sölurnar séu beztar. Það

eru því engar líkur til, að ekki fáist ábyrgðarverð fyrir fiskinn á næsta ári, nema selt verði beinlínis fyrir lægra verð en fáanlegt er, og þó einkum þegar tekið er með í reikninginn, að ríkisstj. gerir ráð fyrir í frv. að verðjafna afurðirnar, en enginn ágreiningur er um, að á næsta ári mun verða geysihátt verð á síldarlýsi. Hitt er eðlilegur hlutur, að eftir það, sem á undan er gengið, vilji útgerðarmenn og sjómenn ekki una neinni óvissu um fiskverðið, einkum þegar þess er gætt, að afurðasalan er í höndum manna, sem hafa notað hvert tækifæri, þegar hingað hafa komið erlendir verzlunarerindrekar, til þess að lýsa því yfir, að verðið á afurðum Íslendinga sé allt of hátt.

Samkv. síðustu framtölum voru þjóðartekjur Íslendinga í kringum 11 hundruð milljónir og raunar meiri, ef reiknað væri með hinum raunverulegu tekjum. Það mundi ekki fjarri sanni, að ef þjóðartekjum Íslendinga væri skipt jafnt niður, kæmi allt að 50 þúsund kr. á hverja 5 manna fjölskyldu, en mikill hluti þessa óhemju auðs er í höndum örfárra manna.

Samkvæmt framtölum 1946 er eignaskipting í Reykjavík þannig: 200 ríkustu einstaklingarnir og hlutafélögin eiga 103 milljónir í skuldlausum eignum, miðað við fasteignamat og nafnverð á verðbréfum. Það er ekki minna en 500 millj. kr., miðað við raunverulegt verðmæti, eða yfir ½ milljón, miðað við fasteignamat, en 2½ milljón, miðað við söluverð nú, á hvern aðila. Eign allra skattþegna var á sama tíma 402 milljónir, miðað við fasteignamat og nafnverð. Og svo kemur ríkisstj. og ber það blákalt fram fyrir þjóðina, að allt sé að fara í kaldakol og að atvinnurekendur séu að sligast undir byrðunum. Og hún ætlar að ræna 50 millj. frá þeim, sem rétt hafa til hnífs og skeiðar, og stinga í vasa hinna, sem eiga 2½ milljón að meðaltali hver í skuldlausum eignum. Það eru vissulega engin takmörk fyrir mannlegu blygðunarleysi. Og þegar litið er sérstaklega til Alþfl., sem hefur forustuna í þessari ríkisstj.: Hvílíkt hyldýpi mannlegrar niðurlægingar, að láta hafa sig til slíkrar þjónustu fyrir svartasta afturhaldið, innlent og erlent.

En með þessu tiltæki sínu nær ríkisstj. ekki öðru en því, að sundra þjóðinni, egna til innanlandsófriðar, eyðileggja vinnufriðinn í landinu, sóa ógrynni verðmæta. Og hún hefur gert sér þetta fyllilega ljóst. Undirbúningur hennar hefur verið fólginn í því, að gera ráðstafanir til þess að koma á atvinnuleysi. Í því skyni hefur hún stöðvað íbúðarhúsabyggingar og er að stöðva mikinn hluta iðnaðarins. En þrátt fyrir allt þetta er ríkisstj. dæmd til ósigurs, algers ósigurs í þeim átökum, sem fram undan eru. Til þess eru samtökin nógu sterk, og árásirnar, sem á þau eru gerðar, nógu blygðunarlausar. Það er ekki aðeins velferð alþýðuheimilanna á þessu landi, sem er í húfi, heldur heiður verkalýðssamtakanna og frelsi þeirra. Það er barátta fyrir íslenzku lýðræði gegn erindrekum hins ameríska nýfasisma. Það er ekki hægt að lifa menningarlífi hér á landi fyrir minni laun en hinn almenni verkamaður hefur, þó að hann hafi vinnu alla virka daga ársins. Og minnki atvinnan, hrekkur kaupið ekki til brýnustu nauðsynja.

Verkalýðssamtökin munu hrinda þessari árás af höndum sér, þessu ráni á vinnulaunum þeim, sem þau hafa tryggt sér með samningum. Þau hljóta að hækka grunnkaupið, sem því svarar, og ríkisstj. mun sitja eftir með skömmina. Ríkisstj. ætti að vera minnisstæð reynslan frá baráttunni gegn þrælalögunum 1939, gegn gerðardómslögunum 1942 og þeim tilraunum, sem hún hefur gert til þess að þrengja kosti launastéttanna á þessu ári. En því miður mun ríkisstj. ekki aðeins baka sjálfri sér háðung, ef frv. hennar nær fram að ganga, heldur þjóðinni mikið tjón. Þess vegna ríður á, að öll þjóðin sameinist nú þegar til þess að hindra framgang þess og knýi ríkisstj. til undanhalds, áður en meiri skaði er skeður.

Lúalegust er framkoma ríkisstj. gegn starfsmönnum ríkis og bæja, sem er bannað að gera verkfall. En ég er þess fullviss, að starfsmenn hins opinbera munu heldur ekki láta bjóða sér slíkt. Þeir munu líka finna leiðir til að verja sig og geta verið öruggir um öflugan stuðning alþýðusamtakanna.

Nú segja ráðherrar hrunstjórnarinnar, að það sé staðreynd, sem ekki verði á móti mælt, að eitthvað verði að gera til að tryggja rekstur bátaútvegsins. Setjum svo, að verðið á erlendum markaði sé ekki nógu hátt til þess að bera uppi rekstur bátanna, a. m. k. sumra þeirra, sem eru miður heppnir. Er þá nokkurt vit í því að stórlækka launatekjur allra landsmanna af þeim sökum, á sama tíma sem annar rekstur er rekinn með miklum gróða, þ. á m. aðrar greinar sjávarútvegsins og ýmis atvinnurekstur með ofsagróða, eins og raun ber vitni? Ef á að miða launakjör þjóðarinnar við þann atvinnurekstur, sem ber sig verst eða hefur lakasta útkomu á hverjum tíma, þá eru íslenzkar launastéttir dæmdar til að búa við hungurkjör um aldur og ævi. En þetta er einmitt grundvallarkenning þeirra yfirstéttaragenta, sem nú fara með völd í landinu. Þess vegna er það, að hvort sem Íslendingar búa við kreppu eða velmegun, hátt eða lágt verðlag, þá er kenningin sí og æ hin sama hjá þessum herrum: Kaupið verður að lækka. Það er bezt fyrir launastéttirnar sjálfar, annars er hrun fram undan.

Ef einhver atvinnuvegur eða grein atvinnuvegar á við örðugleika að stríða, þá er vitaskuld hið eina, sem vit er í, að jafna metin á kostnað þess rekstrar, sem rekinn er með miklum gróða. Nú fer fjarri því, að sjávarútvegurinn þurfi á hjálp að halda sem heild. Á honum byggist sá óhemju auður, sem safnazt hefur fyrir í landinu. Og ef bátaútvegurinn fengi að njóta ávaxtanna af því, sem hann aflar, þá þyrfti hann vissulega ekki að kvarta. Það er einmitt þessi leið, sem Sósfl. hefur bent á. Landsbankinn hefur grætt 14,2 millj. á s. l. ári. Hvaðan er þetta fé tekið? Af sjávarútveginum. Gróði heildsalastéttarinnar er nú alveg vafalaust yfir 50 milljónir kr. á ári. Hvaðan er þetta fé tekið? Það er tekið af sjávarútveginum. Það er tekið af verzlun með þann gjaldeyri, sem sjávarútvegurinn aflar. Ríkisstj. tekur um 80 millj. með tollum. Hvaðan er það fé tekið? Að langmestu leyti af afla sjávarútvegsins. Ef bátaútveginum væri skilað, þó ekki væri nema litlum hluta þess fjár, mundi vissulega ekki vera hættusamt að stunda útgerð.

Nú er það svo, eins og ég hef sýnt fram á, að launarán ríkisstj. er engin hjálp fyrir bátaútveginn, síður en svo. En Sósfl. hefur lagt fram frv., sem mundi tryggja góða afkomu fyrir bátaútveginn með því að létta af honum nokkru af þeim byrðum, sem á honum hvíla. Sósfl. leggur til, að vextir verði lækkaðir, sem ekki er aðeins eðlileg, heldur sjálfsögð ráðstöfun, eins og nú standa sakir. Bankarnir munu nú þvert á móti hafa haft vaxtahækkun í undirbúningi og munu ætla að hækka innlánsvextina, af því að viðurkennt er, að bankarnir hafa haft óeðlilegan gróða. Hvaða vit er þá í því að lækka ekki útlánsvexti til útgerðarinnar, þegar hrópað er upp um erfiðleika hennar? Þá leggur Sósfl. til, að vátryggingagjöld bátaútvegsins séu lækkuð að mun og að útgerðarvörur, beita og viðgerðarkostnaður, séu lækkaðar mjög verulega og verðinu komið í eðlilegt horf. Með þessum ráðstöfunum mætti lækka tilkostnað meðalfiskibáts um 50—60 þús. kr.

Þá leggur Sósfl. til í frv. sínu, að vöruverð og vísitala séu raunverulega lækkuð, þannig að hægt sé að halda hinni raunverulegu vísitölu stöðugri í kringum 300. Þetta er hægt að gera með því að afnema tolla af nauðsynjavörum og breyta verzlunarfyrirkomulaginu í ódýrara horf. Ef þessir hlutir væru framkvæmdir, mundi bátaútvegurinn og hlutarmenn búa við betri kjör en s. l. ár og njóta raunverulega lægra verðlags. Hitt gagnar sjávarútveginum ekki nokkurn skapaðan hlut, þótt því sé logið í lögum, að vísitalan sé 300, sízt þegar verðlag fer í raun og veru hækkandi á sama tíma.

Að lokum vildi ég segja þetta: Íslenzkir kjósendur hafa nú fengið að sjá, hvert sá þingmeirihluti stefnir, sem þeir trúðu fyrir umboði sínu 1946. Fyrstu alvarlegu aðvörunina fengu þeir, þegar herstöðvasamningurinn var gerður og afturhaldinu tókst að rjúfa samstarfið um nýsköpunina. Nú hafa þeir fengið aðra alvarlegu aðvörunina. Það er ekki aðeins um efnahagslega afkomu íslenzks almennings að tefla, að það takist að hrinda þessari stjórn, heldur líka framtíð lýðræðisins og sjálfstæðis þjóðarinnar.

Íslenzka þjóðin, allir þeir, sem vinna og framleiða, þurfa að taka höndum saman til þess að vernda hagsmuni sína og vinna að því, að snúið verði af þeirri óheillabraut, sem horfið var að með tilkomu þessarar ríkisstj. Verkamenn og starfsmenn, bændur og útvegsmenn, menntamenn og allt frjálslynt fólk í þessu landi þarf að taka höndum saman og láta afturhaldinu ekki takast að sundra röðum sínum vegna mismunandi lífsskoðana eða flokkshleypidóma.

Allur almenningur þarf að styðja verkalýðshreyfinguna í þeirri miklu varnarbaráttu, sem hún á nú fyrir höndum, því að sú barátta er háð fyrir hagsmunum og frelsi allrar þjóðarinnar. Við þurfum sameiningu og samstarf, ekki sundrungu og ófrið.

Hinar vinnandi stéttir og allir þeir landsmenn, sem vinna þjóðnýt störf, þurfa að finna leiðir til samstarfs og til þess að skapa sér sameiginlegan meiri hluta á Alþingi þrátt fyrir allt hið smærra og fjarlægara, sem á milli ber. Það er skilyrði fyrir því, að hægt sé að hefja að nýju þá sókn framfaranna og athafnanna fyrir betra lífi og meiri menningu, sem hafin var á árunum 1944—46.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Stjórn sú, sem nú situr, tók við í febrúarmánuði s. l. Svo sem stefnuyfirlýsing hennar ber með sér, var meðal höfuðverkefna hennar að vinna að stöðvun dýrtíðarinnar og minnka verðbólguna, gera ráðstafanir til þess að tryggja afkomu framleiðslunnar og koma nýrri skipan á fjárhagsmál þjóðarinnar.

Um þessar mundir var þannig ástatt, að nýbúið var að taka ábyrgð á 30% hækkun á verði sjávarafurða vegna aukins framleiðslukostnaðar og vegna þess, að framleiðslukostnaðurinn var kominn fram úr því, sem væntanlegt markaðsverð gat með nokkru móti borið. Ríkissjóður var sokkinn í milljónatuga skuldir og þjóðbankinn búinn að festa mikið af fjármagni sínu í lausaskuldum ríkisins og ríkisstofnana. Til framkvæmda hafði verið stofnað af fullkomnu handahófi, og fjölda þeirra lá við stöðvun vegna skorts á vinnuafli, efni og fjármagni. Búið var að ráðstafa allri gjaldeyriseign þjóðarinnar og veita leyfi í stórum stíl út á væntanlega framleiðslu. Vísitalan var orðin 316 stig og var á hraðri leið upp á við og samt óframkomin í henni áhrif af ýmsu því, sem búið var að gera.

Fyrsta skrefið, sem stigið var í viðreisnarátt, var stofnun fjárhagsráðs, sem þó ekki komst á laggirnar fyrr en komið var fram á sumar. Tók ráðið sér fyrir hendur að gera upp, hvernig komið var, og þjóðin fékk mjög gott yfirlit um ástandið. Því næst sneri ráðið sér að því að koma á fjárfestingareftirliti — ekki til þess að stöðva framkvæmdir, heldur til þess að koma í veg fyrir, að flestar þeirra framkvæmda, sem menn höfðu með höndum, stöðvuðust sakir efnisskorts, og koma því til vegar, að þær framkvæmdir, sem nauðsynlegastar væru, sætu fyrir. Þá tók ráðið upp alveg nýja stefnu í meðferð gjaldeyris — skar niður innflutning á öllu því, sem með nokkru móti varð komizt af án, og það til þess að reyna að tryggja, að þjóðin gæti fengið matvæli og brýnustu nauðsynjar vegna framleiðslunnar og áríðandi framkvæmda. Loks var komið á skömmtun nauðsynjavarnings til þess að stuðla að sem jafnastri dreifingu þeirra nauðsynja, sem til voru og til landsins flytjast á næstunni.

Ekki er því að neita, að þessar ráðstafanir hafa bakað mörgum mönnum ýmiss konar fyrirhöfn, og sumum finnst vafalaust, að þetta hafi snert sig þannig, að það sé ekki til fyrirmyndar. En mönnum ber að hafa það vandlega hugfast, að til þessara ráðstafana varð að grípa, eins og komið var, til þess að forðast algert öngþveiti og til þess að koma í veg fyrir stórfellt misrétti. Ýmiss konar mistök hafa að sjálfsögðu orðið, eins og ævinlega á sér stað, þegar til mikilla afskipta kemur með þessu móti, og er sífellt verið að læra af reynslunni og færa til betri vegar, enda vafalaust margt, sem stendur til bóta í því efni.

En hvað sem ýmsu þess háttar líður, þá er víst, að mikið björgunarstarf hefur verið unnið í gjaldeyris- og fjárfestingarmálum, og vona menn, að þess verði nú langt að bíða, að önnur eins

ósköp hendi þjóðina í þeim efnum og menn hafa nú síðustu árin orðið að horfa upp á.

Næsta skrefið í dýrtíðar- og fjárhagsmálum varð að vera það að gera beinar ráðstafanir gegn verðbólgunni og til þess að efla útflutningsframleiðsluna. Ýtarlegar rannsóknir hafa leitt það í ljós um afkomu bátaútvegsins, að útilokað er með öllu, að hann geti borið sig að óbreyttum framleiðslukostnaði, miðað við söluhorfur afurðanna. Kom þá að því að ákveða, hvað gera skyldi. Kom þá að sjálfsögðu fyrst til athugunar, hvort hægt væri og framkvæmanlegt að lækka framleiðslukostnaðinn, þannig að ekki þyrfti frekari ráðstafanir að gera, og hægt væri að fella niður ríkisábyrgð á afurðum bátaútvegsins og útflutningsuppbætur til hans.

Sú athugun leiddi í ljós, að niðurfærslan hefði orðið að vera svo mikil, ef unnt hefði átt að vera að ná endunum saman fyrir bátaútveginn og fella niður útflutningsuppbætur á fiskverðið, að ekki var tiltækilegt að framkvæma slíkt, enda þá orðin miklu meiri niðurfærsla en nauðsynleg var vegna afkomu ýmissa annarra greina útflutningsframleiðslunnar. Jafnframt var það augljóst, að ekki var tiltækilegt að fara þá leið að hækka ábyrgðarverðið og láta undir höfuð leggjast ráðstafanir til stöðvunar eða lækkunar verðbólgunnar.

Úrslit langvarandi samninga um þessi mál urðu þau, sem frv. þetta sýnir, að farinn er meðalvegurinn, vísitalan lækkuð í 300 stig og fest þar, haldið áfram niðurgreiðslum dýrtíðarinnar, svo sem verið hefur, ábyrgð tekin á 65 aura fiskverði og verðlagsnefndarverði fyrir útflutt kjöt til samræmis.

Þá þurfti einnig að sjá fyrir tekjum til þess að standast væntanlegar greiðslur vegna útflutningsábyrgðanna. Til þess á að innheimta sérstakan söluskatt, sem verkar eins og aðflutningsgjald, þar sem honum er bætt við verð vörunnar, og er því annars eðlis en veltuskatturinn, sem áður var á lagður, og kem ég að því síðar. Jafnframt eru lögboðnar ráðstafanir til þess að breyta verði á afurðum í samræmi við þetta og að endurskoðun fari fram á öllu verðlagi og allri verðlagningu með það fyrir augum, að allir, sem reka fyrirtæki eða rekstrartekjur hafa, leggi sinn skerf fram til þess að vinna gegn verðbólgunni. Þá á að lækka húsaleigu um allt að 10%, ef samið er um leiguna eftir 31. des. 1941, gera sérstakar ráðstafanir til þess að lækka verð á beitu til sjávarútvegsins, og samtök útvegsmanna lögskipaðir aðilar við verðlagningu veiðarfæra og viðgerða á bátum og vélum.

Þá er þeim, sem hafa safnað gróða á styrjaldarárunum, ætlað að greiða sérstakan eignaraukaskatt, sem nemur frá 5—30% á eignarauka yfir 100 þúsund kr. Þetta er þeirra sérstaka framlag umfram það, sem önnur ákvæði frv. ætla þeim og öðrum að leggja að sér í sambandi við viðureignina við verðbólguna.

Helmingur eignaraukaskattsins á að renna í framkvæmdasjóð ríkisins, en hinn helmingurinn á að verða stofnfé hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins, enda verði sett sérstök löggjöf um hann.

Þá er í frv. sérákvæði um eignaraukaskatt samvinnufélaga og eignaraukaskatt útgerðarmanna og útvegsmanna. Í fyrsta lagi eru varasjóðir samvinnufélaga undanþegnir skattinum og vara- og nýbyggingarsjóðir útgerðarinnar sömuleiðis. Í öðru lagi er sérstakur skattstigi fyrir þessa aðila og ekki farið hærra þar en í 10% af eignaraukanum.

Þá er í frv. ákvæði um, að reikna skuli út nýja vísitölu, miðaða við útflutningsverðmæti. Að dómi okkar framsóknarmanna er þetta mjög þýðingarmikið. Það er sannfæring okkar, að launaskipulag það, sem nú er, sé mjög óheppilegt og hljóti ásamt ýmsu öðru, sem ábótavant er, að leiða til stórvandræða á fárra ára fresti, fyrst og fremst af því, að ekkert samband er milli launagreiðslna annars vegar og verðmætis framleiðslunnar hins vegar og því engin trygging fyrir því, að greiðslur fyrir unnin störf séu í samræmi við það, sem störfin gefa af sér. Fyrsta skrefið í rétta átt er að láta semja grundvöll að vísitölu og byggja hann á verðmæti framleiðslunnar. Síðan hefst baráttan fyrir því, að sú vísitala verði tekin til greina við skiptingu þjóðarteknanna og ákvörðun launa. Þetta ákvæði snertir framtíðina, og hið sama er að segja um stofnun hlutatryggingasjóðsins. Hvort tveggja gengur í rétta stefnu og gefur vonir um, að menn vilji leita nýrra leiða og heppilegri en áður.

Þetta frv. hefur inni að halda þau úrræði, sem stjórnmálaflokkarnir þrír gátu komið sér saman um. Af því leiðir það, að stjórnmálaflokkarnir geta sagt hver um sig, að hefðu þeir einir ráðið, mundu þeir hafa lagt fram aðrar tillögur. En rétt er, að þess sé getið hér í aðaldráttum í umræðunum, hvað Framsfl. lagði til í samningunum.

Flokkurinn lagði til, að lengra yrði gengið í niðurfærslu vísitölunnar og verðlagi innlendra afurða og að grunnkaupið og landbúnaðarverðið yrði fest með lögum um sinn. Ráðstafanir væru gerðar til þess að knýja fram tilsvarandi lækkanir á öllum innlendum kostnaðarliðum, húsaleiga lækkuð og ýmsar ráðstafanir gerðar til þess að lækka framleiðslukostnað útgerðarinnar, mjög í sömu stefnu og nú er í frv. þessu. Breytt væri stefnu í verzlunarmálum, neytendum fengin aukin tök á verzluninni og aukin samkeppnin með því, að neytendur gætu ráðið því, hvar þeir hefðu viðskipti sín, og veiting innflutningsleyfa færi eftir því, en ekki kvótakerfinu. Með þessum ráðstöfunum ætti að auka kaupmátt peninganna. Eignaraukaskattur yrði á lagður, hærri en frv. gerir ráð fyrir.

Flokkurinn taldi, að ekki vrði svo langt gengið eftir verðhjöðnunarleiðinni, eins og ástatt er, að endarnir næðust saman um tilkostnað og afurðaverð allra útflutningsgreina, og lagði því til, að nokkur gjaldeyrisskattur eða aðflutningsgjald yrði á lagt og sett í sjóð og honum varið til uppbóta á verð þeirra útflutningsvara, sem ekki seldust fyrir framleiðslukostnaði.

Þá taldi flokkurinn óhjákvæmilegt, að niðurborgun vísitölu héldi áfram, þar sem sú hækkun verðlags, sem leiða hlyti af því, að þeim greiðslum væri hætt, varð að teljast óbærileg, ef kaup og afurðaverð var bundið.

Þá var lagt til, að lögboðið yrði að semja nýjan vísitölugrundvöll.

Þetta hygg ég, að gefi sanna heildarmynd af

því, sem Framsfl. lagði til málanna, og fór það sumpart saman við það, sem aðrir lögðu til, og sumpart ekki, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það, þar sem ætlunin með þessari skýrslu er einvörðungu sú að gefa mönnum hugmynd um afstöðu flokksins í málum þessum.

Af þessu sést, að ekki er allt það í þessu frv., sem Framsfl. lagði til, og þarf það ekki að koma neinum á óvart, þegar það er haft í huga, að samkomulagi þriggja flokka varð að ná um frv.

Þótt þessu sé nú þannig farið, vildum við eiga þátt í því að fara þær leiðir, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna þess að við teljum, að með þessu frv. sé stigið þýðingarmikið spor til þess að koma í veg fyrir atvinnustöðvun og fjárhagsöngþveiti, þótt árangurinn fari að sjálfsögðu mjög eftir því, hvernig fer um framkvæmd laganna, en hún er aftur á móti mjög komin undir því, hvern skilning menn hafa á þessum málum.

Framsfl. mun halda áfram starfi sínu að framgangi þeirra mála, sem hann telur óleyst bíða, en eru aðkallandi, og má þar á meðal nefna t. d. verzlunarmálin, ráðstafanir til þess að koma á ítrasta sparnaði í rekstri ríkisins, ráðstafanir til lánsfjáröflunar innanlands vegna stofnlánadeilda landbúnaðarins og sjávarútvegsins og setningu nýrra jarðræktarlaga.

Framsfl. hefur jafnan barizt fyrir stöðvun verðbólgunnar og varað við afleiðingum hennar. Flokkurinn hefur hvað eftir annað beitt sér fyrir lagasetningu til stöðvunar verðbólgunni. Ýmist hafa þær tillögur verið felldar eða þau samtök rofin, sem um framkvæmd slíkrar löggjafar hafa verið gerð.

Framsfl. var í stjórnarandstöðu síðustu árin og fram yfir síðustu áramót. Það var vegna þess, að hann taldi eyðslustefnu fyrrv. ríkisstj. hljóta að leiða til vaxandi verðbólgu. Framsfl. tók þá að sér hlutverk, sem ekki er vinsælt, að berjast á móti eyðslu og ofþenslu, þegar menn höfðu nóga peninga og voru af öðrum beðnir að trúa því, að fjármagn þjóðarinnar væri óþrjótandi. Það sýndi sig, að mörgum var ljúft að trúa því, sem þeim var sagt um þetta, — en engin áhrif hafði það á óumflýjanlega viðburðanna rás.

Því hefur verið haldið fram, að Framsfl. hafi háð baráttu sína gegn verðbólgunni vegna þröngsýni og vegna þess, að hann hafi ekki unnað mönnum kjarabóta, hækkaðra launa og hækkaðs afurðaverðs. Þetta hefur aldrei verið annað en fjarstæða. Framsfl. hefur háð þessa baráttu fyrst og fremst vegna þess, að hann hefur óttazt afleiðingar verðbólgunnar, óttazt það, að erfiðara yrði að komast upp úr verðbólgufeninu en að láta sig síga ofan í það undan brekkunni.

Allir þeir, sem nú horfast í augu við afleiðingar verðbólgunnar, eins og þær birtast í rekstri sjávarútvegsins og raunar öllum atvinnurekstri landsmanna og gagnvart launastéttunum, — allir þeir hljóta að viðurkenna, að þessi ótti var ekki ástæðulaus. Ýmsir hafa hins vegar talað gáleysislega um þessa hluti og látið í ljós, að enginn þyrfti að hafa áhyggjur af því, þótt verðbólgan yxi. Það væri hægt að leiðrétta, þegar á þyrfti að halda.

Ef framsóknarmenn hefðu verið þessarar skoðunar, þá hefðu þeir ekki tekið á sig óvinsældir með því að vinna sífellt gegn hækkun verðbólgunnar. Þeir, sem hafa óttazt verðbólguna, hafa haft verðbólguna á heilanum, eins og stundum hefur verið sagt hér á Alþingi — þeir eru ekki steini lostnir nú, þótt það sýni sig, að það er ekkert áhlaupaverk að taka til á þjóðarheimilinu, eftir að verðbólgudraugurinn hefur leikið þar listir sínar og stundum setið þar að svalli með sjálfum húsbændunum.

Höfuðatriðið er að binda drauginn og byrja síðan að taka til, fyrst allt, sem gengur í öfuga átt, og fylgja öllu því, sem gengur í rétta stefnu. Þetta verður langt og erfitt starf, og veltur vafalaust á ýmsu. Má búast við sigri, ef almenningur í landinu vill skilja, hvað í húfi er, og eitthvað á sig leggja til þess að tryggja velmegun og öryggi, en ósigri og niðurlægingu þjóðarinnar, ef enginn vill neitt á sig leggja eða þegnskap sýna.

Stjórnarandstaðan, kommúnistar, hamast gegn frv. þessu, eins og raunar ævinlega gegn öllum tilraunum til þess að stöðva eða lækka verðbólguna. Þeir hafa nú lagt hér fram frv. um dýrtíðarráðstafanir, sem að réttu lagi ætti að heita frumvarp til laga um, að verðbólgan skuli halda áfram að vaxa. Þeirra aðaláhugamál er að halda við vísitölukerfinu, sem er ein meginorsök þess, hvernig komið er, taka ábyrgð á óbreyttu fiskverði án þess að afla nokkurra tekna til að standa undir fjárútlátum þeim, sem það hefur í för með sér. Meginstefna þeirra er sem fyrr að láta verðbólguna vaxa, láta ríkissjóð ábyrgjast afurðaverðið, án þess að nokkuð sé á bak við, auka skuldasúpu ríkissjóðs hjá þjóðbankanum, skapa þannig peningakreppu og algert fjárhagsþrot.

Afstaða kommúnista er þessi, nánar tiltekið: Halda við skrúfugangi vísitölukerfisins og tryggja vöxt verðbólgunnar. Ríkissjóður ábyrgist fiskinn, en útvegsmenn og sjómenn búa við síversnandi afkomu samt vegna siaukinnar dýrtíðar. Ríkissjóður sé sviptur 20—30 milljón króna tekjum, sem hann hefur á þessu ári (framl. tollanna), 25 millj. séu gefnar eftir til þess að lækka visitöluna til bráðabirgða um 17 stig í mesta lagi, og enginn söluskattur á lagður, til þess að standa undir dýrtíðarráðstöfunum. Landsbankinn á svo að bæta nokkrum milljónatugum við lausaskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana, sem nú nema mörgum milljónatugum fyrir og eru ein orsök lánsfjárskortsins, sem er eitt versta böl nú þegar.

Þegar þessar ráðstafanir hafa svo stefnt öllu í þrot, fest fjármuni þjóðbankans í lausaskuldum til þess að bera framleiðsluhallann og þar með stofnað til enn stórfelldari lánsfjárskorts en við ennþá þekkjum og þar með stöðvun framkvæmda og atvinnuleysi, þá koma kommúnistar enn sem fyrr og segja: Engar ráðstafanir þarf að gera — öll vandræðin stafa af því, að landsbankaafturhaldið vill ekki lána fjármuni bankans.

Öll afstaða kommúnista í þessum málum byggist á blygðunarlausri ósvífni, og lævísin er takmarkalaus. Það á að leiða yfir menn kreppuna og atvinnuleysið undir því yfirskini, að barizt sé fyrir kjarabótum og vaxandi velmegun. En öll er baráttan háð til þess að gera þjóðfélagið óstarfhæft, koma í fullkomið öngþveiti, sem magnar óánægju, sundrung og óvild — og allt þetta

á þjóðin að þola vegna þess, að nokkrum dugmiklum ofstækismönnum finnst sinn heiður því meiri, sem þjóðinni vegnar verr í landinu, — því að það verður að sýna sig í reyndinni, hvað sem það kostar, að ekki geti vel farið, á meðan ekki er búið að taka upp ráðstjórnarfyrirkomulag, þar sem einn flokkur er leyfður, stjórnin ræður öllu rituðu máli og getur vikið kjörnum fulltrúum frá og sett aðra í staðinn o. s. frv.

Ef almenningur í landinu gerir sér ekki ljóst, hvað þessir ofstækismenn eru að fara, þá munu menn gjalda skammsýni sinnar og hljóta þungar búsifjar.

Einn gleggsti vottur um óheilindi kommúnista er gambur þeirra um milljónamæringana og skatta á hina ríku. Því er haldið uppi til þess að blekkja til fylgis menn, sem vilja breytingar og aukið þjóðfélagsréttlæti, en ekki eru hrifnir af Moskva-stefnunni og þjónustunni við hana.

Þótt leitað sé með logandi ljósi um dýrtíðarfrv. kommúnista, sést þar hvergi neitt ákvæði um skatt á þá ríku. En ef leitað er í grg., þá finnst þar aftast ofurlítil klausa um það, að fjáröflunartillögur verði lagðar fram, þegar séð sé fram á, að frv. þeirra verði samþykkt. Þeir vissu, að það var ekki mikil hætta að gefa þetta fyrirheit, þar sem frv. þeirra gat ekki orðið tekið alvarlega.

En hvers vegna ekki að leggja fram tillögur um skatt á þá ríku, svo að menn gætu séð, hvernig á að fara að því að skattleggja þá? Kannske hefur þótt praktiskara að orða þetta nokkuð almennt heldur en að bókfesta það of nákvæmlega — gæti komið sér illa, að það væri of nákvæmt til samanburðar, næst þegar þeir þyrftu að taka saman höndum við þá ríku um ráðstafanir til þess að færa nær lokamarkinu, sem er svo óendanlega miklu þýðingarmeira en slíkir skattar, að þeirra dómi?

Við þekkjum líka dæmi þess, hvernig kommúnistar skattleggja milljónamæringana. Aðalúrræði þeirra til þess að leggja á þá ríku, meðan þeir voru við völd, var veltuskatturinn, sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sagði í umræðunum um þetta frv. í neðri deild, að hefði verið skattur á auðmennina. Hvernig var skattur sá á lagður? Var hann miðaður við eignir, þannig, að þeir ríku greiddu mest? Var hann miðaður við gróða, þannig að þeir, sem græddu mest, greiddu mest? Nei, hann var miðaður við veltu einvörðungu og mátti ekki taka hann til greina í söluverði vara eða þjónustu. Þessi skattur á auðmennina var því þannig, að eftir því sem menn höfðu meiri veltu eða seldu meiri þjónustu, því meiri skatt guldu menn og fyrirtæki, jafnt milljónamæringurinn og hinn, sem ekki átti fyrir skuldum. Og jafnt greiddi sá, sem græddi stórfé, og hinn, sem ekkert græddi eða jafnvel beinlínis tapaði. Sá skattur var refsing á þá menn og þau fyrirtæki, sem seldu mikið eða framleiddu mikið og lögðu lítið á. — Auk þess var veltuskatturinn slíkrar náttúru, að menn áttu að greiða tekjuskatt og útsvar af þeim peningum sem hagnaði, sem þeir höfðu varið til þess að gjalda veltuskattinn. Á samvinnufélögin, verzlunarsamtök almennings, verkaði skatturinn þannig, að þau urðu fyrst að greiða veltuskattinn sjálfan fyrir sína félagsmenn og viðskiptamenn eins og hvert annað aðflutningsgjald eða toll og síðan tekjuskatt og útsvör af veltuskattinum — alveg hliðstætt því, að tollagreiðslur samvinnufélaganna væru taldar gróði þeirra og þeim yrði gert að borga skatta af tollgreiðslunum. Þannig var „auðmannaskatturinn“ kommúnista. Söluskatturinn í þessu frv. á ekkert skylt við veltuskattinn. Honum er bætt við söluverð vara og þjónustu eins og aðflutningsgjaldi, og hann er ekki metinn til gróða við álagningu beinna skatta og útsvara.

Kommúnistar segja, að í þessu frv. felist árásir á alþýðu manna í landinu. Það er nú að vísu táknrænt um réttlætistilfinninguna, að þeir nefna aldrei bændastéttina í því sambandi, nema til þess að krefjast sérálaga á hana, og er þó bændastéttinni ætlað að sitja við sama borð og öðrum. En sleppum því að sinni og athugum annað.

Hvernig hefur vísitölufyrirkomulagið reynzt alþýðu landsins? Það ættu flestir að geta verið sammála um það nú, að í því fyrirkomulagi felist engin trygging fyrir bættum lífskjörum, og verkað hefur það þannig á sjávarútveginn sérstaklega, að það hefur holgrafið undan afkomu hans og undan afkomu fiskimannastéttarinnar. Aldrei hafa hlutarsjómenn haft tekjur eftir mánaðarlegri vísitölu. Er það árás á aðra, þótt þeirra hlutur sé gerður óbreytanlegur um sinn, á sama hátt og hlutarsjómennirnir verða að búa við fast fiskverð? — Og hvað segir reynsla annarra þjóða um þetta efni? Hvernig hafa þær farið að? Ætli það sé af fjandskap við launastéttirnar, sem allt öðruvísi er haldið á þessum málum í öðrum löndum, þar sem menn geta stjórnað sér? Mér er ekki kunnugt um, að nokkurs staðar hafi verið farið inn á þá braut nema hér að lögleiða þennan skrúfugang kaupgjalds og verðlags. Hitt er vitað, að í fjölmörgum löndum hafa kommúnistar nú eftir stríðið reynt að koma þessari svikamyllu af stað, og hefur það sízt orðið þeim til álits eða fylgisauka í þeim löndum. Er mönnum kunnugt um hrakfarir þeirra.

Kommúnistar halda því fram, að ástæðulaust sé, að menn leggi nokkuð að sér. Auðséð ætti að vera, hvað þeir eru að fara, og hef ég áður undirstrikað það. En rétt er að draga það fram hér, að hagfróður maður frá Sósfl. komst að þeirri niðurstöðu strax í fyrravetur í félagi við aðra menn, sem fengnir voru til að rannsaka fjármálaástandið í landinu og afkomu atvinnuveganna, að málum væri svo komið, að þjóðin yrði öll að taka á sig nokkrar byrðar til bráðabirgða til þess að losa sig við verðbólguskrúfuna og tryggja áframhaldandi rekstur framleiðslunnar.

Kommúnistar munu nú reyna að nota sínar gömlu og þekktu aðferðir til þess að koma í veg fyrir, að löggjöf þessi nái tilgangi sínum. Þeir munu syngja tvísöng eins og fyrri daginn. Við launamenn munu þeir segja, að þeirra hlutur sé herfilega fyrir borð borinn, og við framleiðendur til sjávarins munu þeir segja, að öll vandræði þeirra séu því að kenna, að stjórnin vilji ekki, að fallið sé frá vaxtaheimtu og skuldheimtu, vátryggingariðgjöldin lækkuð o. s. frv. Síðan munu þeir bæta við, að allt megi þetta gera á kostnað bankanna og allar afurðirnar megi selja í clearing-samningum með ofurverði, og ekki mun það

á þeim sjást, að þeir vita sjálfir, að þetta er ekki hægt.

Af öllu þessu moldvörpustarfi kommúnista lýsir framkoma þeirra í garð sjávarútvegsins einna mestri flærð. Þeir hafa átt drýgstan þátt í því að reka áfram verðbólguna. Hún skellur fyrst og fremst á sjávarútveginum og hefur komið því til leiðar, að bátaútvegurinn og fyrirtæki hans eru skuldum vafin í lok uppgangstíma, sem áttu að vera. Meðan þessu hefur farið fram, hefur ekki linnt fleðulátum kommúnista við útvegs- og fiskimenn. Á fundum þeirra og þingum rísa upp hinir kommúnistisku útsendarar, lýsa því, hvernig komið sé fyrir útveginum, en reyna jafnframt að draga athyglina frá undirrót erfiðleikanna, en benda á úrræðin: meiri ábyrgðir, meiri lán, meiri skuldir. En þegar svo kemur þar í sveit, sem ráðgazt er um, hvað gera þurfi, til þess að útvegurinn geti borið sig án aðstoðar, þá er það helzta hlutverk sömu persóna að tæta sundur þau gögn, sem útvegsmenn bera fram máli sínu til stuðnings og til þess að sýna fram á, að verulega átök þurfi að gera í dýrtíðarmálunum, til þess að útvegurinn geti staðizt og veitt hlutarsjómönnum lífvænlega afkomu. Það væri nú mál til þess komið, að kommúnistar hlytu makleg málagjöld fyrir framkomu sína í garð sjávarútvegsins.

Menn þekkja nú orðið nokkuð til hlítar vinnuaðferðir kommúnista og hvert þeir eru að fara. Það, sem er að gerast í öðrum löndum nærri okkur, greiðir einnig fyrir því að útbreiða réttan skilning í þessum efnum, og ekki er nýja línan frá Moskvu meira aðlaðandi en þær forskriftir, sem áður hafa verið gefnar þaðan.

Að endingu aðeins þetta um frv. Enginn heldur því fram, að það leysi allan vanda, en það gengur í rétta átt.

Nú munu undirtektir verða mismunandi. Sumir munu segja: Það eru of miklar byrðar á lagðar — það er árás að ófyrirsynju, og gegn þessu ber að rísa. Það er hlutverk kommúnistanna að halda þessu fram, það er þeirra hlutverk að tryggja hrunið, draga lokur frá hurðum og grafa sundur innan frá, svo sem dæmi sanna frá öðrum löndum. Ef menn hlíta þeirri forustu, þá er ekki vandséð, hvernig fara muni.

Aðrir munu segja: Þetta er þýðingarlaust kák, allt of skammt gengið, og tekur því ekki að leggja neitt á sig í baráttu fyrir þessu. Þetta er hættulegur hugsunarháttur, og ef margir hugsa svona og breyta í samræmi við það, þá reynist kommúnistum ekki erfitt að tryggja áframhaldandi vöxt verðbólgunnar.

Allir þeir, sem sjá, hvert stefnir, og vilja vinna í viðreisnarátt, þurfa að sameinast um framkvæmd þessara laga og þá stefnu, sem þau marka, og það jafnt fyrir því, þótt þeir kysu, að ýmsu væri öðruvísi fyrir komið. Beri menn gæfu til þess, þá má halda áfram að byggja upp á grundvelli þeirra og vinna að því að bæta úr agnúum þeirra og að framgangi ráðstafana, sem mönnum þykir vanta nú. En standi menn svo sundraðir um þessa tilraun, að til tjóns verði í framkvæmdinni, þá verður ekki auðvelt verk að bæta það tjón.

Við skulum vona, að þjóðin beri gæfu til þess að sjá við vélráðum kommúnista og standi fast saman að þeirri tilraun til viðreisnar, sem ríkisstj. beitir sér fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er haft eftir Davíð Stefánssyni skáldi, að hann hafi nýlega sagt í ræðu, að á síðustu sjö árum hafi orðið meiri framfarir hér á landi en á næstu sjö öldum þar á undan. Óþarfi er að minna fullorðna menn á, hvernig hér var umhorfs fyrir þetta sjö ára tímabil. Þá var skortur flestra lífsins gæða hér á landi, þröngt í búi hjá öllum, en atvinnuleysi og eymd hjá almenningi.

Allt þetta gerbreyttist á skammri stundu. Til þess voru einkum tvær ástæður:

Hið erlenda setulið, sem hér dvaldist, réðst í miklar framkvæmdir, og höfðu þær í för með sér mjög mikla atvinnu og ýmislegan annan fjárhagslegan hagnað landsmanna.

Þá vaknaði einnig mikil eftirspurn afurða okkar, einkum sjávarafurða, sem fyrir stríð höfðu stundum verið lítt seljanlegar og íslenzkir sjómenn fluttu nú af mikilli hugdirfð og þrautseigju yfir hafið til Englands. Verð sjávarafurðanna hækkaði stórkostlega, og fengu sjómenn, svo sem sanngjarnt var, sinn hlut af þeirri hækkun.

En launþegar í landi fengu einnig miklar bætur á kjörum sínum. Fyrst svo, að ákveðið var, að þeir skyldu fá fulla dýrtíðarvísitölu greidda ofan á grunnlaun sín, og er sá greiðsluháttur óþekktur annars staðar, þar sem til hefur spurzt. Því til viðbótar hefur svo það komið, að á þessum árum hefur grunnkaup smám saman hækkað svo, að nú má segja, að flestar stéttir hafi nær tvöfalt grunnkaup, miðað við það, sem fyrir ófriðinn var. Og dýrtíðarvísitalan er ekki aðeins greidd á upphaflega grunnkaupið, heldur einnig að fullu á þær miklu grunnkaupsviðbætur, sem orðið hafa.

Allur sá fjöldi manna, er átti við að etja atvinnuleysi fyrir stríð, hefur þess vegna eigi aðeins í stað þess, sem áður var, nú hlotið fulla vinnu, oft ásamt mikilli eftirvinnu, heldur einnig nær tvöfalt grunnkaup og fulla dýrtíðarvísitölu á allar sínar tekjur.

Ég mun allra manna síðastur telja eftir þessar miklu kjarabætur. En hins tjáir ekki að dyljast, að hið háa kaupgjald í landinu hefur leitt til þess, að stríðsgróðinn svo kallaði hefur dreifzt miklu meira en menn stundum í fljótu bragði gera sér grein fyrir eða vilja vera láta. Munur á efnahag manna og lífskjörum er og áreiðanlega miklu minni í landi okkar en nokkru öðru, sem spurnir eru af. Því ber vissulega að fagna, og því má aldrei hagga. En af þessu leiðir, að þegar draga verður úr tilkostnaði, er ekki aðeins sanngjarnt, heldur beinlínis óhjákvæmilegt, að allir leggi nokkuð af mörkum, því að lífskjör manna byggjast á afkomu þeirra atvinnuvega, er þeir taka laun sín frá. Nú er það svo, að sú atvinnan, sem drýgstar tekjur gaf á stríðsárunum, setuliðsvinnan, var aðeins stundarfyrirbrigði, sem nú er, sem betur fer, löngu liðið.

Sú vinna gaf mönnum ekki aðeins góðar tekjur, á meðan hún stóð, og átti meiri þátt en nokkuð annað í að hækka kaupgjaldið hér á landi, sem raun ber vitni um, heldur stenzt það nokkurn veginn á endum, að hinar miklu fjáreignir, sem Ís-

lendingar áttu í stríðslok, námu arðinum af setuliðsvinnunni.

Ef setuliðsvinnan hefði ekki verið, hefði þess vegna hvorki kaupgjald hækkað, svo sem varð, né hinar erlendu innistæður myndazt.

Þessar erlendu inneignir hafa komið okkur að miklum notum. Þær voru undirstaða og algert skilyrði þess, að nýsköpunarframkvæmdirnar, sem stjórn Ólafs Thors beitti sér fyrir af mikilli framsýni, gátu náð fram að ganga. Menn segja að vísu, að því mikla fé hafi verið eytt fyrr en efni stóðu til. Satt er það, að nú eru allar innistæður okkar erlendis gengnar til þurrðar og við getum þess vegna ekki lifað á öðru en því, sem okkar eigin framleiðsla mun gefa af sér.

En fjáreignirnar, sem sköpuðust vegna setuliðsvinnunnar, voru ekki aðeins undirstaða sjálfrar nýsköpunarinnar, heldur einnig annarra margháttaðra framkvæmda hér á landi síðustu 2—3 árin, þegar allur sá mikli fjöldi, sem um skeið vann hjá setuliðinu, stundum 2—3 þús. manns, missti þá atvinnu og þurfti að leita til annarra starfa. Þær fjáreignir, sem nú eru gengnar til þurrðar, hafa þess vegna átt drýgstan þáttinn í að halda uppi fullri vinnu og háu kaupgjaldi síðustu árin, og er því ekki að furða, að þær hafa eyðzt.

Nú er þetta fé úr sögunni sem handbært fé eða innieignir landsmanna erlendis. Það fé, sem einu sinni er búið að eyða, verður ekki notað með sama hætti héðan í frá.

Þess vegna er eðlilegt, að nú spyrji margir, hvort allt muni siga í sama horfið og fyrir stríðið, þannig að á ný þurfi að taka við tímar atvinnuleysis og fátæktar. Sem betur fer, er hægt að komast hjá þessu.

Gæfa okkar er sú að hafa eflt ýmsar atvinnugreinar, bæði þær, sem vinna að framleiðslu fyrir innlendan markað, og þó fyrst og fremst sjálfa undirstöðuna, sjávarútveginn, sem afla verður okkur meginhluta þess gjaldeyris, sem við þurfum á að halda til að lifa mannsæmandi lífi. Ef skynsamlega er á haldið og allar þessar atvinnugreinar fá að starfa svo, að framfærslu af þeim megi njóta svo margir sem þær frekast geta undir staðið, þá þurfum við engu að kvíða. Ætti þó öllum að vera ljósir örðugleikarnir, sem stafa af því, að nú geta menn ekki lengur sótt vinnu, hvorki til erlends setuliðs né með eyðslu reiðufjár, sem við þá vinnu safnaðist. En til þess var nýsköpunin framkvæmd, að þessir örðugleikar yrðu sem minnst tilfinnanlegir, og því marki getur hún náð, ef hún fær að njóta sín.

En á vegi nýsköpunarinnar er mikill voði. Sá voði er verðbólgan. Hún er aftur á móti önnur hlið, og miður ánægjulegri, hinnar miklu tekjuaukningar og batnandi lífskjara, sem áunnizt hafa síðustu sjö árin. Liggur það og í augum uppi, að eftir að hinar miklu annarlegu tekjur eru fyrir fullt og allt horfnar, sem ég áður gerði grein fyrir, getum við ekki á allan hátt hagað okkur eins og meðan þær enn voru fyrir hendi.

Nú er það lífsskilyrði, ekki aðeins fyrir sjávarútveginn, heldur fyrir efnahag allrar þjóðarinnar og ekki sízt lífsafkomu og atvinnu alls almennings í landinu, að sjávaútvegurinn geti starfað í fullum krafti, að hann færi okkur svo mikla björg í búið sem hann á hverjum tíma frekast megnar. En það getur hann því aðeins gert, að kostnaðurinn við framleiðslu sjávarafurðanna sé ekki óbærilegur, heldur í samræmi við raunverulegt söluverð afurðanna á erlendum markaði.

Verðbólgan hefur aftur á móti leitt til þess, að bæði er kostnaðurinn við sjávarútveginn svo gífurlegur, að hann fær ekki af eigin krafti undir risið, og að eftirspurn erlendra vara af hálfu almennings í landinu er svo mikil, að engin von er til, að sjávarútvegurinn geti staðið undir þeirri miklu eftirspurn erlends gjaldeyris, sem á sér stað, ef hömlur eru ekki á lagðar.

Af síðast talinni ástæðu hefur á þessu ári orðið að takmarka mjög veiting innflutningsleyfa, setja strangari skömmtunarreglur en við höfum átt að venjast og leggja ýmsar hömlur á aðdrætti manna og framkvæmdir, sem menn ógjarnan vildu þurfa að gera, en neyðast nú til af illri nauðsyn. Þær ráðstafanir eru því vissulega óhjákvæmilegar og beinlínis gerðar til þess að halda við heilbrigðu atvinnulífi í landinu, þó að sumir hafi af litlum skilningi og góðvild reynt að afflytja þær.

Frv. það, sem nú er hér til umr., er hins vegar flutt til að tryggja hina höfuðnauðsynina, þá, að sjálfur sjávarútvegurinn geti starfað áfram, og er það þó að mestu miðað við bátaútveginn.

Það er að vísu að heyra á hv. málsvörum Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., sem þeir telji slíkra aðgerða ekki þörf. Að vísu halda þeir því ekki fram nema aðra stundina, því að hina hafa þeir ráðizt harðlega á ríkisstj. fyrir að hafa ekki flutt fyrr frv. um dýrtíðarráðstafanir, sem þeir þá töldu ekki mega dragast deginum lengur.

Sjálfir hafa þeir og flutt frv., þar sem í grg. segir, að vísitalan megi ekki fara, svo að nokkru nemi, fram úr 300 stigum, og þar sem þeir ætla bátaútveginum sams konar ábyrgðarverð eins og kveðið er á um í stjfrv.

En nú bregður svo kynlega við, að þeir segjast ekki gera þetta vegna nauðsynjar útvegsins, því að enginn vandi sé að selja afurðir hans svo háu verði, að fram úr ábyrgðarverðinu fari. Til hvers flytja þeir þá frv. sitt?

Eitt höfuðásökunarefni Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., á núv. ríkisstj. er raunar, að hún beinlínis vilji ekki selja afurðirnar með svo háu verðlagi sem fáanlegt er. Um þetta þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Slíkur áburður um, að ríkisstj. beinlínis vilji svelta almenning og hrekja, er of fjarstæður, til að hann sé svara verður. Það væri sannarlega einkennileg ríkisstj., sem vildi ekki láta landsmenn njóta svo góðra lífskjara sem frekast væri unnt, og beinlínis stefndi að því að svipta þá auðfengnum tekjum. Frá fornu fari hefur það verið vísasti vegurinn fyrir valdhafana til óvinsælda, ef harðæri hefur gengið á stjórnartíma þeirra. Það má og mikið vera, ef það var ekki vitneskjan um þennan gamla sannleika, sem ásamt öðru gerði það að verkum, að hv. Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., hljóp af stjórnarskútunni á s. l. ári, þegar hann sá framan í þá vaxandi örðugleika, sem hér hlutu að verða við það, að bæði setuliðsvinnan og eignirnar erlendis, sem af henni stöfuðu, voru úr sögunni. Það hugleysi hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., mun

sízt verða honum til vaxandi álits og sæmdar í augum íslenzkrar alþýðu, þar sem aftur á móti ábyrgðartilfinning núv. stjórnarflokka, sú að taka á sig með opin augu þau vandræði og örðugleika, sem fram undan voru, verður ætíð talin þeim til lofs, hvernig sem þeim tekst að ráða fram úr þeim miklu örðugleikum, sem við óneitanlega nú í bili þurfum að brjótast í gegnum.

Það þarf því sannarlega ekki að fjölyrða um þá firru, að núv. stjórnarflokkar vilji ekki draga sem mestar tekjur í þjóðarbúið. Allra sízt ætti að þurfa að eyða mörgum orðum að þeirri fjarstæðu málsvara Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., að þetta væri gert með hagsmuni kaupmannastéttarinnar eða heildsalanna fyrir augum, vegna þess að þeir græddu mest á því, ef útflutningur væri lítill og þar af leiðandi lítill gjaldeyrir, sem þeir hefðu til ráðstöfunar til kaupa á erlendum vörum. Sannleikurinn er sá, að hinar miklu hömlur á innflutningnum, sem nú hafa verið lagðar á, koma á engum harðar niður en einmitt verzlunarstéttinni og hafa nú þegar stórkostlega rýrt kjör hennar frá því, sem var, t. d. á þeim tíma, þegar hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., var í ríkisstj., auk þess sem álagning kaupmanna var stórlækkuð í vor frá því, sem áður var. Engu að síður leyfa fulltrúar hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., sér dag eftir dag að bera þá fásinnu fram, að staðið sé á móti hagkvæmri sölu íslenzkra afurða erlendis, og þessu er skrökvað upp til að telja mönnum trú um, að það sé einmitt gert, til þess að kaupmennirnir geti grætt sem allra mest. Sannleikurinn er sá, að aldrei hefur ötullegar verið unnið að afurðasölu en einmitt nú á þessu ári, og eiga margir þar góðan hlut að. Heilindi þeirra sósíalista, Sameiningarfl. alþýðu, sjást þó bezt af því, að þeir hafa með taumlausum árásum reynt að níða samningsgerðina við Breta í vor, á meðan þeir sí og æ hafa haldið fram hagkvæmi skipta við Austur-Evrópu, og þá einkum Rússland. En viðskiptasamningar þeir, sem á þessu ári hafa verið gerðir við Breta og Rússa, eru mjög hliðstæðir, og vont að greina á milli, hvor hagkvæmari er fyrir Íslendinga. Munurinn er sá einn, að samningarnir gengu miklu greiðar og fyrr við Breta en hina og að Bretar kaupa auk þess, sem fastbundið er í hinum sérstaka viðskiptasamningi, allan okkar ísfisk og skapa þannig lífsskilyrði fyrir einn mikilsverðasta þátt útgerðarinnar, sem sé togarana.

Fulltrúar Sósfl., Sameiningarfl. alþýðu, fá og ekki undan því komizt, að þeir tóku þátt í samningagerðinni við bæði þessi lönd. Þó að Lúðvík Jósefsson hafi reynt að skrökva sig frá þætti sínum í samningagerðinni í Englandi og beri mikinn óhróður út um þá ríkisstj., sem sýnt hafði honum nokkurn trúnað, fær hann aldrei komið sér undan því, að hann lýsti yfir, að tilboðin, sem fyrir lágu og gengið var að, væru að hans dómi hin hagkvæmustu, sem unnt væri að fá frá Englendingum, eins og bókað er í fundargerð utanrmn. 10. apríl s. l. Varð og Lúðvík að játa í Nd. nýlega, að rétt væri eftir honum haft, að allir nm. í Englandi hefðu verið sammála um, að það þýddi ekki að vera að semja lengur við Englendinga, ef ekki væri gengið að því tilboði, sem þá lá fyrir.

En sannarlega gat engum manni, óblinduðum af dýrðarljómanum úr austri, dottið í hug að slíta samningagerðinni við Breta. Það er Einar Olgeirsson einn, sem átti frumkvæðið að því þjóðráði. Lúðvík Jósefsson gerði aldrei till. um það til ríkisstj. né lét hana vita um neinn áskilnað við samnm. sína í Englandi.

Því fer fjarri, að látið hafi verið nægja að semja við þessar tvær miklu viðskiptaþjóðir okkar einar saman. Reynt hefur verið að ná viðskiptasamningum við fjölmargar þjóðir og selja vörur landsmanna í enn þá fleiri löndum. Samningar hafa að vonum tekizt misjafnlega, en eftirtektarvert er, að þeir hafa bezt tekizt þar, sem kommúnistarnir íslenzku hafa minnst nærri komið. Sýnir það örugglega, hver fjarstæða það er að bera íslenzku ríkisstj., og þá sérstaklega mér, það á brýn æ ofan í æ, að við viljum halda verðinu á íslenzkum afurðum niðri og það séu kommúnistarnir, sem knýi verðið upp.

Sannleikurinn er sá, að hvorki ég né neinir meðlimir Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., á Íslandi, ráða heimsmarkaðsverði á íslenzkum afurðum. Þar verður að lúta okkur öflugri aðilum.

Að svo miklu leyti sem einhver snefill af heilbrigðri hugsun kynni að felast á bak við orðagjálfur meðlima Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., um ágreining út af afurðasölunni, væri hann helzt sá, að þeir vilja meira af vörum til hinna svo kölluðu „clearing"-landa en flestir aðrir. Um þessi lönd er það svo, að verðbólga er ríkjandi í þeim og þau geta því keypt vörur háu verði. En sá böggull fylgir skammrifi, að þau setja það skilyrði, að jafnmikið sé keypt af þeirra eigin vöru í staðinn. Þegar samningar við slíkar þjóðir eru gerðir, verður þess vegna að grandskoða þá, athuga, hvort þeir séu í heild hagkvæmari Íslendingum en samningar við þær þjóðir, þar sem sala í frjálsum gjaldeyri á sér stað. Meðan verðlag á þeirri vöru, sem við neyðumst til að kaupa af „clearing"-löndunum í staðinn, er svo miklu hærra en á vöru á frjálsum markaði, að það nemur því, sem við fáum hærra fyrir okkar vörur í þessum löndum en annars staðar, er enginn vinningur að slíkum skiptum. Þau verða því vert á móti til þess að auka verðbólguna hjá okkur, valda vaxandi dýrtíð og þar með enn meiri örðugleikum fyrir atvinnuvegina heldur en við áttum fyrr við að stríða. Miða þeir þess vegna til þess, sem bent hefur verið á, að gildi íslenzkra peninga í raun og veru fellur. Gott dæmi um þetta er t. d., að í janúar 1946 var verðlagsvísitalan í Frakklandi 480 stig, en í september 1947 var hún komin upp í 1157 stig, og þó að gott sé að skipta við Frakka, er óneitanlegt, að svo reikult verðlag á þeirri vöru, sem kaupa þarf gegn því, er við seljum, hamlar mjög öllum viðskiptum.

En jafnvel þó að ágætt sé að gera samninga við slík lönd að vissu marki, þá er þess að gæta, að vörur þær, sem þau hafa að bjóða, eru ákaflega einhæfar. Meginhluta af nauðsynjum okkar þurfum við að fá annars staðar að og borga með frjálsum gjaldeyri, einfaldlega af því, að þessi „clearing"-lönd geta ekki útvegað þær, þótt þau væru öll af vilja gerð. Af þessum sökum verður þess vegna aldrei hægt að selja nema tiltölulega lítinn hluta af afurðum okkar til þessara landa. En því fer svo fjarri, að ríkisstj. hafi viljað

hindra eðlileg skipti við þessi lönd, að hún hefur nú gert sérstakar ráðstafanir til þess, að þeir menn, sem annars vegar eru kunnugastir viðskiptum í þessum löndum og hins vegar innflutningsþörfum okkar, geri heildaráætlun um, hvað við getum fengið af okkar nytsömu vörum með skaplegu verði frá þessum löndum, og síðan verði ákveðið, hversu mikið við getum selt hverju þeirra um sig í jafnvirðiskaupum. Slík áætlun er auðvitað frumskilyrði þess, að slík viðskipti verði tekin upp, svo að verulegu nemi.

Ofan á allt þetta bætist, að þessi lönd geta ekki tekið við nema tiltölulega litlum hluta af afurðum okkar, þó að við vildum við engan annan skipta, og markaði fyrir meginhluta afurðanna verðum við þess vegna ætíð að fá annars staðar.

Í öllu moldviðrinu út af afurðasölunni á þessu ári hafa hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósíalistarnir, ekki getað bent á eitt einasta dæmi, þar sem látið hafi verið undir höfuð leggjast að gera allt, sem unnt var, til að selja afurðirnar svo hagkvæmlega sem kostur var á.

Ríkisstj. hefur einnig unnið öfluglega að því að útvega frjálsa markaði, og má þar nú síðast minnast á hinn mjög mikilvæga samning, sem nýlega hefur verið gerður um sölu á allt að 70000 tonnum af fiski til hernámssvæða Bandaríkjanna og Breta í Þýzkalandi. Ef svo fer um framhald þessa samnings sem efni standa til, getur hann haft mjög mikla þýðingu fyrir okkur, ekki aðeins í ár, heldur um langa framtíð. Mun togaraflotinn einkum njóta þar góðs af, en einnig fleiri, sbr. að síldarflutningar til Þýzkalands eru þegar hafnir. Vil ég nota tækifærið til að þakka öllum þeim mönnum, innlendum og erlendum, sem við þessa samningsgerð hafa lagt gott til mála. Hitt er svo annað, að við verðum, á hvaða markaði sem er og þó einkum á hinum frjálsa markaði, sem við verðum, ef við viljum lífi halda, að selja mest af vörum okkar á, að vera samkeppnisfærir, og frv. þetta miðar einmitt að því, að svo verði, þó að á það verði að líta sem fyrsta sporið, en ekki fullnaðarlausn þessara mála.

Ýmsir hafa að vonum að því fundið, að í frv. væri of skammt gengið. Þetta má til sanns vegar færa, en til þess eru margar ástæður. Ein er sú, að á undanförnum mánuðum hefur orðið nokkur verðhækkun á íslenzkum afurðum erlendis, að vísu hvergi nærri svo á frjálsum markaði, að áþyrgðarverð fáist. Ástæður til þeirrar verðhækkunar eru og sumpart beinlínis bráðabirgðafyrirbrigði, eins og uppskerubrestur í vesturhluta Evrópu á þessu ári, fiskleysi á sumum miðum, þar sem vant er að fiskast fyrir Englandsmarkað, nú síðari hluta sumars og í haust og önnur slík atvik, sem geta breytzt, áður en varir. Er og rétt að geta þess, að þótt mikill fengur og blessun sé í þeirri uppgripa síldveiði, sem orðið hefur hér í flóanum í vetur, þá breytir það ekki gjaldeyrisstöðunni meira en svo, að vonir standa til, að útflutningsverðmæti sjávarafurða veiddra á árinu losi 300 millj. kr. En í upphafi ársins, meðan menn enn trúðu tröllasögum Áka Jakobssonar um ótakmarkaða sölumöguleika fyrir það verð, sem okkur sjálfum sýndist, í Rússlandi, áætluðu fróðustu menn útflutningsverðmætið allt að 850 millj. kr., og þegar þær sögur hafði dagað uppi í ljósi veruleikans, ætluðu flestir, að afurðirnar kynnu að seljast fyrir a. m. k. 400 millj. kr. Enn munar þess vegna harla miklu frá því, sem ráð var fyrir gert og við þurfum á að halda. Engu að síður er útlitið svo í árslokin, einkum vegna verðbreytinga erlendis, að vera kann, að ekki þurfi að gera jafnróttækar ráðstafanir endanlega til niðurfærslu dýrtíðar í landinu og menn um sinn óttuðust.

Má þar og vissulega á milli vera, því að rannsókn, sem gerð var í haust að beztu manna yfirsýn, sýndi, að vélbátaflotinn mundi ekki geta starfað hallalaust, nema vísitala væri lækkuð niður í 32 stig úr 320—330, eða ef önnur leið hefði verið farin, mundi hafa þurft að lækka gengi íslenzku krónunnar a. m. k. 30—40%. Ég veit ekki, hverjir hefðu treyst sér til að standa að framkvæmd svo róttækra ráðstafana í einni svipan.

Sú verðhækkun, sem orðið hefur, má þess vegna vissulega ekki verða til þess, að menn haldi, að allur voði af verðbólgunni sé úr sögunni, en hún gefur okkur vonir um, að um sinn a. m. k. sé hægt að komast af með aðgerðir, sem engum verulegum glundroða þurfi að valda, ef nokkur vilji hjá þjóðinni er fyrir hendi. Menn þurfa ekki að skerða kjör sín meira en svo, að lítið er, miðað við þá hættu, sem við blasir, ef menn stöðva nú ekki vöxt verðbólgunnar fyrir fullt og allt.

Um einstök atriði frv. skal ég aðeins segja það, að þau bera þess vitanlega merki, að flokkar með ólík sjónarmið hafa þar komizt að samkomulagi. Enginn getur til hlítar verið ánægður með frv., en þó tel ég það sé bærilegur starfsgrundvöllur og geti náð marki sínu, ef skemmdarmenn þjóðfélagsins koma ekki áformum sínum fram.

Er og eftirtektarvert, að sumir finna það að frv. að þar sé allt of freklega gengið á eignamenn í landinu og sé kaflinn, sem fjallar um eignaraukaskattinn, í raun og veru aðalkaflinn í frv. En aðrir segja, að við eignamönnum sé lítið stjakað, en um of lagzt á launamennina, og svo koll af kolli. Bendir þetta óneitanlega til, að hins rétta meðalhófs hafi verið gætt í að dreifa byrðunum á alla sem jafnast eftir efnum og ástæðum.

Þá vil ég geta þess, að meðal hinna 200 ríku, sem hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósíalistar, hafa nú svo mjög á meðal tanna sér og segja, að verði allt of vel úti samkv. frv., eru að vísu flestir þeir, sem halda uppi atvinnu hér í bæ og víða annars staðar með fjármagni sínu, en ekki er nema um helmingur þeirra einstaklingar, hitt eru félög, sem mikill fjöldi manna er í, áreiðanlega margir tugir þúsunda samanlagt. Sést það á því, að á meðal þessara 200 miljónamæringa eru einna hæst félög eins og S.Í.S. og önnur félög mest á þess vegum, Sláturfélag Suðurlands, Mjólkurfélag Reykjavíkur, Flugfélag Íslands og síðast en ekki sízt sjálft Kron með Sigfús Sigurhjartarson í broddi fylkingar.

Ég játa það, að mér fellur einna verst sá kafli frv., sem fjallar um ábyrgð eða gjöld úr ríkissjóði til að halda sjávarútveginum uppi. Ég hefði fremur kosið, að með beinum aðgerðum hefði verið gengið lengra í þá átt, að útvegurinn gæti staðið á eigin fótum. En sannleikurinn er sá, að ef þessu átti nú að ná, þurfti svo róttækar aðgerðir, að engin von var til þess, að þær yrðu

gerðar allt í einu. Af því hefði leitt svo mikla röskun á okkar litla þjóðfélagi, að þar hefði ríkt hreint öngþveiti. Það ber og á það að líta, að útvegurinn hefur í einu eða öðru formi búið við fyrir fram ákveðið verðlag allt frá árinu 1940. Það er hægara að koma slíkri ábyrgð á en að hverfa frá henni, einkum þegar, eins og nú er, ábyrgðarverð er miklu hærra en raunverulegt söluverð.

Þessu til viðbótar er það, að við athugun kom í ljós, að til þess að tryggja bátaútveginn nokkurn veginn þurfti með þessu móti að leggja minni byrðar á almenning en ella hefði verið gert. Framtíðarlausn er þetta ekki, en til bráðabirgða virðist mega við hana notast.

Lætur það og óneitanlega nokkuð einkennilega í eyrum, að hv. fulltrúar Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. skuli svo fjandskapast yfir söluskattinum, eins vægur og hann er, sem þeir gera. Þeir hafa sjálfir fyrir skömmu verið með í að leggja á slíkan skatt hér á landi, sem sízt kom réttlátlegar niður en þessi.

En einkum verður framkoma þeirra þó furðuleg, þegar athugað er, að samkvæmt fræðibókum hefur söluskattur eða veltu verið aðaltekjustofninn í fyrirmyndarríki þeirra, Rússlandi. Samkvæmt þeim gögnum, er telja verður óyggjandi, var slíkur skattur þar í landi 1940 áætlaður að nema 58% af öllum ríkistekjum.

Helztu nauðsynjar voru skattlagðar svo, að af hveiti og rúgi var borgað í söluskatt 75%, smjöri, nautakjöti, svínakjöti og kindakjöti 60—72%, sykri 85%, stígvélum og skóm 12—35%. Útsöluverð sykurs var þannig 1940 ákveðið 6.50 rúblur á kg, en þar af voru 5.20 rúblur greiddar í söluskattinn.

Það skal ekkert um það dæmt hér, hvort þetta fyrirkomulag er gott eða illt, en þeir, sem sömu skipan vilja koma á hér á landi, ættu ekki að fjölyrða eins og hv. Brynjólfur Bjarnason, forvígismaður hins alþjóðlega kommúnisma á Íslandi, um þann ofurþunga, sem lagður sé á menn með þessu frv.

Eins og marg- hefur verið tekið fram, er í frv. kjaraskerðing almennings svo lítil sem frekast er unnt, ef nokkur von á að vera til, að verðbólgan verði stöðvuð.

Annars vil ég segja, að sú tilraun, sem nú er gerð, sé ef til vill síðasta tilraunin til að fá úr því skorið, hvort unnt sé að ná samkomulagi um stöðvun verðbólgunnar og nokkra lækning hennar, án þess að til mikillar röskunar komi í þjóðfélaginu.

Margir segja, að tilraunin sé of veik, og einkanlega gagnrýna þeir, að grunnkaup skuli ekki vera bundið. Ég er á alveg gagnstæðri skoðun. Við verðbólguna verður ekki ráðið nema með stuðningi og vilja meginþorra landsfólksins. Mestum hluta verðbólgunnar og þeirrar hættu, sem af henni stafar, hafa landsmenn sjálfir velt yfir sig með gerðum samningum um kaupgjald og ákvörðun vöruverðs í og út úr landinu. Það er vonlaust að ætla að leysa alveg þennan vanda nema með stuðningi fólksins sjálfs. Menn verða að finna, skilja og sýna í verkinu, að það sé sjálfum þeim til góðs, að þessi draugur verði að velli lagður.

Ríkisstj. og Alþingi verða vissulega að hafa forustu, en stjórnarvöldin standa máttlaus nema því aðeins að þau njóti öflugs stuðnings frá almenningi. Þess vegna verður ábyrgðin á því, hvort þessi tilraun tekst eða mistekst, að leggjast á landsmenn sjálfa, verkamennina og atvinnurekendurna. Þeir hafa það í hendi sér, hvor um sig og með samningi, að gera þessa tilraun að engu eða a. m. k. árangursminni en til var stofnað. Í lýðræðisríki á frelsi manna að vera svo mikið, að ef þeir vilja gerast eigin böðlar, þá eigi þeir rétt til þess.

Nú hafa risið upp sömu sundrungarmennirnir og áður hafa beitt sér í þessum efnum til að gera þessa tilraun að engu. Það kemur engum á óvart, sem til þekkja. Þessir menn eru alltaf sjálfum sér líkir. Þeir væru ekki þar í flokki, sem þeir eru, ef þeir hegðuðu sér á annan veg. Þeir vilja þjóðskipulagið feigt. Þeir eru erindrekar hins alþjóðlega kommúnisma og ekki umboðsmenn íslenzkrar alþýðu, heldur flugumenn í hennar hópi, sem þar hafa um skeið náð of miklum áhrifum.

Ef fulltrúum Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. skyldi takast það illa athæfi sitt að egna verkalýðsfélögin til verkfalla eða virkrar andstöðu út af lögum þessum, er tvennt fyrir hendi:

Annað er, að atvinnurekendur, sem flestir eða allir telja, að með tilraun þessari sé allt of skammt gengið til þjargar atvinnuvegunum, ályktí, að úr því að ekki er hægt að ná friðsamlegri lausn þessa máls með jafn hógværri ráðstöfun, sem hér er gerð, þá sé eigi annað fyrir hendi en að reyna að lækka kaupgjald og verðlag með langvarandi vinnustöðvunum, þar sem eigi væri um það að ræða, hvort kaupgjald skyldi hækkað svo, að úrræði þessa frv. yrðu ónýt, heldur hversu miklu meira það skyldi lækka en hér er ráðgert. Um það þarf ekki að ræða, hversu skaðsamleg slík heljarátök yrðu fyrir þjóðina alla, ekki síður en sjálfa verkamenn og vinnuveitendur.

Hitt er og til, að atvinnurekendur fyrr eða síðar semdu um grunnkaupshækkanir, svo að lög þessi yrðu einskis eða lítils verð. Á eftir slíkum grunnkaupshækkunum hjá einstökum verkalýðsfélögum hlyti að fara almenn grunnkaupshækkun um allt land, ekki aðeins hjá verkalýð, heldur öllum landsmönnum, svo og hjá bændastéttinni, sem heimta mundu bætt kjör sér til handa í samræmi við kröfur annarra. Af þessu mundi því óhjákvæmilega leiða nýja verðhækkunaröldu í landinu, nýja örðugleika fyrir framleiðslugreinarnar, einkum sjávarútveginn, við að sjá mönnum bæði beinlínis fyrir atvinnu og þeim gjaldeyri, er þjóðarbúið allt þarf á að halda. Þó að slíkt tilræði kynni þess vegna að takast í bili, mundi það hafa í för með sér ófyrirsjáanlegan glundroða og bölvun fyrir allt landsfólkið og gæti ekki fengið annan endi, ef forða ætti frá algeru hruni og atvinnuleysi, en stórkostlega verðfelling íslenzkra peninga.

Ef sundrungarmennirnir ná þess vegna vilja sínum fram að þessu sinni, eru þeir beinlínis að undirbúa það, að gildi íslenzkra peninga sé stórlega lækkað, kalla yfir almenning það, sem hann helzt af öllu vill forðast.

Ég trúi því vart, að íslenzka þjóðin láti leiða sig að nauðsynjalausu til slíkrar ógæfu. Ég er

sannfærður um, að menn munu skilja, að jafnvel þó að því verði ekki náð nú á næstu tímum, að framfarirnar verði jafn stórkostlegar eins og Davíð Stefánsson lýsti, að sjö árin síðustu jafngiltu sjö alda starfi, þá er nauðsyn að forða frá þeirri algeru kyrrstöðu eða beinu hvarfi langt aftur í tímann, sem verða hlyti, ef stefna hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., verður ofan á. Yfirgnæfandi meiri hluti íslenzku þjóðarinnar mun því sameinast um að verjast þeirri árás, sem hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., boðar nú gegn stjórnskipan og lífskjörum þjóðarinnar. Hvort sem sú barátta verður löng eða skömm og hvernig sem einstökum þáttum hennar lyktar, hlýtur endirinn að verða sá, að niðurrifsstarf hins alþjóðlega kommúnisma hér á landi verði stöðvað og þjóðin skipi málum sínum svo, að hér ríki blómlegt atvinnulíf og vaxandi menning og velsæld almennings um langa framtíð.

Forseti (BSt): Nú er lokið fyrri umferð þessara útvarpsumræðna, og hefst þá hin síðari. Fyrstur tekur til máls hæstv. samgmrh., Emil Jónsson. Talar hann af hálfu Alþfl. og hefur til umráða allt að 20 mínútur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Brynjólfur Bjarnason sagði hér áðan, að Sósfl. hefði aldrei haldið því fram, að ekkert þyrfti að gera fyrir útveginn. Sannleikurinn er sá, að bæði hér á Alþingi og í blaði sínu, Þjóðviljanum, hafa kommúnistar haldið því fram sí og æ, að hægt væri að selja fiskinn fyrir framleiðslukostnaði, og síðast hélt hv. þm., Brynjólfur Bjarnason, því fram hér nú, að fullt ábyrgðarverð mundi fást fyrir allan fisk. Hins vegar kom það eins og hjáróma rödd, sem sagt er í dýrtíðarfrv. þeirra, að vísitalan þyrfti að lækka niður í 300 stig — láta hana ekki fara, sem nokkru nemi, fram úr 300 stigum, eins og það er orðað í grg. frv., en þar hafa þeir ekki treyst sér að komast fram hjá sannleikanum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, er borið fram að tveimur aðalástæðum: Í fyrsta lagi til að tryggja afkomu útvegsmanna og stuðla á þann hátt að því, að sjávarútvegur og öll sú starfsemi, sem við hann er tengd, verði rekin af fullum krafti. Í öðru lagi er frv. fram borið til að freista þess að stöðva og lækka þá dýrtíð og verðbólgu, sem nú ógnar öllu okkar atvinnulífi.

Við höfum skip til veiða, verksmiðjur til vinnslu, fólk til starfa og markaði, sem vilja kaupa. En þrátt fyrir þetta allt vofir yfir okkur stöðvun framleiðslunnar hvað eftir annað. „Hvað skortir á?“ spyrja menn, og þurfa raunar ekki að spyrja, því að það vita allir, sem vilja vita, að það skortir á, að framleiðslukostnaður okkar er meiri en markaðsverðið. Markaðsverðinu ráðum við ekki, því að fleiri eru um söluna, þjóðir, sem hafa komið málum sínum þannig fyrir, að framleiðslukostnaður þeirra er lægri en okkar, sumpart vegna lægra kaupgjalds og sumpart vegna lægra verðlags yfirleitt í landi þeirra. Þessari staðreynd komumst við ekki fram hjá og verðum því að miða okkar aðgerðir við, að henni verði ekki breytt. Það er því ekki nema um tvær leiðir að velja: annars vegar að lækka framleiðslukostnaðinn og hins vegar að tryggja framleiðendum greiðslu úr ríkissjóði á þeim halla, sem þeir kunna að verða fyrir af sölunni. Í frv. eru báðar þessar leiðir farnar. Útvegsmönnum er tryggt sama verð fyrir fiskinn og þeir fengu s. l. ár, hraðfrystihúseigendum og saltfiskframleiðendum sömuleiðis. Enn fremur er tryggt í frv., að kaupgjald verði miðað við vísitölu 300 í stað 326 eða 328 nú, og er það hvort tveggja í senn festing vísitölugreiðslu í þessu ákveðna marki og nokkur lækkun frá því, sem nú er. Auk þess eru ákvæði í frv. um aðstoðarlán, allt að 5 millj. kr., handa þeim, sem vegna aflabrests á árinu 1947 eiga erfitt með áframhaldandi rekstur. Þá eru loks ákvæði um, að helmingurinn af þeim eignaraukaskatti, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði lagður á, skuli lagður í sérstakan aflatryggingarsjóð til aðstoðar fyrir þá, sem vegna aflabrests eða óhappa eða yfirleitt vegna óhagstæðrar afkomu þurfa á aðstoð að halda til þess að geta haldið útgerð sinni áfram. Þetta er sá hlutinn, sem að útgerðarmönnum snýr. Þó að þessar ráðstafanir fullnægi ekki óskum, sem útgerðarmenn hafa sett fram, þá væntir ríkisstj. þess, að með þessum aðgerðum sé þeim gert kleift að halda atvinnurekstrinum áfram og að til stöðvunar þurfi ekki að koma.

Hin hlið þessa máls og sú, sem fyrst og fremst snýr að almenningi, er lækkun og festing kauplagsvísitölunnar og lækkun verðlags á innlendum vörum og þjónustu. Kaupgjaldslækkunin, miðað við vísitöluna 326, sem nú gildir, er tæp 8%, en um 8½%, ef miðað er við vísitöluna 328. Þá eru í frv. ákvæði, sem segja, að verðlagsyfirvöld skuli þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til þess að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar. Hagstofan hefur reiknað út, að ef verðlag þetta verður fært niður hlutfallslega við lækkun vísitölunnar, eða kannske réttara orðað, ef vinnulaunakostnaður innlendra framleiðsluvara verður lækkaður hlutfallslega eins og kaupgjaldsvísitalan, megi gera sér vonir um, að verðlagsvísitölulækkunin muni nema allt að helmingi af kauplækkuninni, og ætti því að mega gera ráð fyrir, að raunveruleg kauplækkun yrði af þessum sökum ekki nema 4—5%, — þar við bætist svo söluskatturinn, sem getur numið allt að 3½%, en þar sem hann kemur hvorki á landbúnaðarafurðir né á fisk og fiskafurðir, ætti að mega gera ráð fyrir, að hann kæmi ekki á vísitöluvörur með meiri þunga en ca. 2½%. Yrði þá lækkunin í heild 7—8%. Að vísu kemur fleira til greina, og þá fyrst og fremst verðlag aðfluttrar vöru, sem við ráðum ekki yfir, — nema þá að nokkru leyti, og mun ég koma að því síðar. En í trausti þess, að hægt verði að halda verðlaginu niðri og lækkandi, hefur ríkisstj. lagt til, að þessi leið verði farin, og væntir þess, að almenningur muni sjá sinn hag í að styðja þessar aðgerðir.

Mér þykir þó rétt að taka mjög greinilega fram, að hér er ekki um neina kaupbindingu að ræða. Grunnkaup er látið óbundið, og geta því samtök launþega á hverjum stað og hverjum tíma haft það í sinni hendi, hvort þau vilja hlíta þessum aðgerðum eða ekki. Hins vegar vil ég einnig mjög

greinilega undirstrika það, að ríkisstj. væntir þess, að þessi réttur verði ekki notaður, fyrr en séð verður fyrir endann á því, hver útkoman verður af þessari tilraun. Ef tekst að halda verðlaginu niðri, svo sem til stendur, og jafnvel að færa það enn niður, vill ríkisstj. vænta þess, að allur almenningur geti sætt sig við þessar aðgerðir til þess að halda uppi öruggu atvinnulífi, til að tryggja gjaldeyrisafkomuna og forðast atvinnuleysi.

Brynjólfur Bjarnason sagði, að verðlagsvísitalan lækkaði ekki, þó að því væri logið, að hún væri 300 stig. — Þetta er mikið rétt. Ég vil aðeins taka það fram, að það hefur aldrei verið meiningin að ljúga neinu um vísitöluna. Hún verður skráð mánaðarlega, og getur þá hver og einn fylgzt með, hvort um hækkun eða lækkun er að ræða, og gert sínar ráðstafanir samkvæmt því. Hv. þm. sagði enn fremur, að raunveruleg vísitala mundi bráðlega komast upp í 350 stig, og reiknaði síðan út, að verið væri að stela 50 millj. á ári frá launþegum. Hvort tveggja er alveg út í hött. Það er ómögulegt á þessu stigi málsins að segja neitt um þetta. Það getur vel verið, að þetta fari allt úr reipunum og vísitalan fari upp, en á þessu stigi er ekkert hægt um þetta að segja. Það getur líka verið, að þessar fórnir verði til að lækka raunverulega vísitölu niður í 300 stig.

Í þessu einu viðkvæmasta og þýðingarmesta máli, sem til er, er auðvitað ákaflega vandfarið. Margir hafa tilhneigingu til þess að finnast þær byrðar, sem á þá eru lagðar, of þungar samanborið við það, sem lagt er á náungann, og má vel vera, að þar hafi ekki tekizt til fulls að skipta sól og vindi, svo sem réttast væri. En þar til er því að svara, að þetta er tilraun, sem ríkisstj. vill gera, þó þannig, að lagt er undir dóm þjóðarinnar sjálfrar. Ef hún vill fara aðra leið og taka á sig þá ábyrgð, sem því fylgir, þá standa allar leiðir opnar, ríkisstj. hefur ekki lagt til, að kaupbinding væri lögfest. En hún skírskotar til allra að taka þátt í þessari tilraun og sjá, hvað út úr henni kemur. Ég held, að fullyrða megi, að sú hafi alls staðar orðið reynslan, þar sem verðbólga og dýrtíð hafa komizt á hátt stig, jafnvel þó að samfara væri hátt kaupgjald hjá almenningi hlutfallslega við dýrtíð að mestu leyti, þá hafi þetta ávallt og alls staðar orðið til bölvunar. Atvinnuvegirnir hafa komizt í þrot og ekki getað keppt á erlendum mörkuðum vegna þess, hve framleiðslukostnaður hefur orðið hár, atvinnuleysi og erfiðleikar, sem því eru samfara, fylgt í kjölfarið, og öngþveiti og kommúnismi komið í staðinn, enda hafa kommúnistar bæði hér og annars staðar kappsamlega að því unnið, að þetta ástand skapaðist. Í sambandi við lausn þessa máls, sem hér liggur fyrir, hafa þeir lagt fram frv., sem á að tryggja útvegsmönnum sama verð fyrir afurðirnar, en án þess, að nokkur tilraun sé þar gerð í alvöru til lækkunar rekstrarkostnaði, og án þess, að nokkurs fjár sé aflað handa ríkissjóði til að standast kostnaðinn.

Ein uppáhaldskrafa kommúnista er sú, að við eigum fyrst og fremst að hafa viðskipti okkar við meginland Evrópu, en ekki England og Bandaríkin. Þetta verður skiljanlegt, þegar aðstæður eru athugaðar. Verðlag allt í þessum löndum er miklu hærra en annars staðar. Verðlagsvísitalan hefur þegar sums staðar í þessum löndum komizt í um eða jafnvel yfir þúsund stig. Þessi lönd geta því keypt af okkur vörur eitthvað dýrara en aðrir, en aðeins með því skilyrði, að þau fái að selja okkur sínar vörur í staðinn og með því verði, sem þau þurfa fyrir þær að fá. Þessar útlendu vörur eru því fyrir okkur ein aðalhættan á aukinni dýrtíð í landinu. Það eru dæmi þess, að sama varan, keypt í þessum löndum, hefur kostað þrisvar til fjórum sinnum meira en tilsvarandi vara frá Bretlandi eða Ameríku. Segir sig sjálft, hvert stefnir, ef innflutningur okkar í framtíðinni á að miklu leyti að koma frá þessum löndum. Þá fer málið að nýju úr böndunum, og við fáum óviðráðanlega dýrtíð með atvinnuleysi, gengisfalli og hruni, og það er vissulega það, sem kommúnistar stefna að vitandi vits. Verðlagið innanlands fer þess vegna mjög mikið eftir því, hvort okkur tekst að verzla við þau lönd, þar sem verðvísitalan er 160—200, eins og hún er á Norðurlöndum, Englandi og Bandaríkjunum, eða hvort við neyðumst til vöruskiptaverzlunar við þau lönd, þar sem verðlagsvísitalan er 400—1000. En það er talandi tákn, að yfirleitt liggur verðlagsvísitalan á því bili, þar sem áhrifa kommúnista hefur gætt verulega á stjórn eftir styrjöldina.

Það er lærdómsríkt að bera saman verðvísitöluna í nokkrum löndum. Í júní s. l. var hún þessi, miðað við 100 fyrir stríð: Í Ástralíu 148, Kanada 157, Nýja Sjálandi 156, Bretlandi 175, Noregi 172, Svíþjóð 174, Danmörku 193, Bandaríkjunum 171, Tékkóslóvakíu 304, Ungverjalandi 489, Finnlandi 640 og í Frakklandi 904, en síðan í júní hefur vísitalan í Frakklandi hækkað svo, að hún er nú komin upp í 1157.

Það virðist því vera ljóst, hvað leiðir skilur. Með háu verðlagi innanlands og auknum framleiðslukostnaði getum við hvergi keppt til sölu nema þar, sem um vöruskiptaverzlun er að ræða, óhagstæða fyrir þjóðarhag, sem aftur leiðir til enn hækkandi verðlags og svo koll af kolli.

Það var frá því skýrt hér á Alþ. nýlega og síðan staðfest af vottum, að einn höfuðsmaður þeirra kommúnista og fulltrúi þeirra í stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefði sagt, þegar rætt var um eitthvert atriði þar, sem talið var að gera þyrfti vegna almennra þjóðarhagsmuna: „Hvað varðar okkur um þjóðarhag?“ Þetta hefur orðið frægt orðtak síðan og með réttu, svo vel lýsir það vinnubrögðum og innræti sanntrúaðs kommúnista. Hvað varðar hann um þjóðarhag? Sannarlega ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann varðar aðeins um eitt, hann varðar um flokksins hag og hvernig takast megi sem bezt að reka hér erindi sinna erlendu húsbænda — alþjóðasamtaka kommúnista. Það er hans eitt og allt. Til þess að ná því marki krefst hann hærra kaupgjalds handa almenningi, ekki vegna alþýðu þessa lands út af fyrir sig, heldur til þess að reyna að tryggja sér fylgi hennar. Þess vegna krefst hann hærra afurðaverðs handa bændum til þess að koma sér við þá og reyna að tryggja sér fylgi þeirra.

Mér er sagt, að tími minn sé nú á þrotum, en ég get samt ekki stillt mig um, áður en ég lýk

máli mínu, að benda á, að hjá kommúnistum hefur, jafnt í þessu máli sem öðrum, vakað það eitt fyrir að tryggja flokksins hag, en ekki hag þjóðarinnar, því að þá varðar ekki um þjóðarhag. Brynjólfur Bjarnason, hv. 4. landsk., sagði, að þetta frv., þessi tilraun væri dæmd til ósigurs. Það er enginn vafi, að þeir gera sitt til, kommúnistar, að svo verði. En það verða ekki þeir einir, sem ákveða það. Lokaatkvæðið um málið er hjá þjóðinni sjálfri. Þeir, sem vilja ekki áframhaldandi vöxt verðbólgu og dýrtíðar, munu hugsa sig um vel og rækilega, áður en þeir hlýða þessu kalli kommúnista. Þeir muu bíða og sjá, hvort tilraunin tekst eða ekki. Sem betur fer, eru enn margir Íslendingar, sem láta sig skipta þjóðarhag. Á því byggist líka þetta frv.

Forseti (BSt): Þá hefur fulltrúi Alþfl., hæstv viðskmrh., lokið máli sínu. Næst tekur til máls hv. 8. landsk., Ásmundur Sigurðsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — Sósfl. og hefur 15 mínútur til umráða.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. sagði, að sósialistar hefðu verið að ljúga því, að ríkisstj. ætlaði sér að lækka gengið, leggja á gjaldeyrisskatt og lækka vísitöluna ofan í 280 stig. Sannleikurinn er þessi: Ríkisstj. hefur verið með allar þessar ráðstafanir á prjónunum í langan tíma og hefur verið að hörfa úr hverju víginu eftir annað, og það síðasta var að hörfa bæði frá gengislækkun og gjaldeyrisskatti, en taka söluskattinn í staðinn.

Þá reyndi hæstv. utanrrh. að endurtaka hér margendurtekin ósannindi um afurðasölusamningana við Bretland. Það er athyglisvert, að utanrrh. skuli nú nota tækifærið hér í Ed. til þess að endursegja þessi ósannindi. Fyrir einum degi síðan rak Lúðvík Jósefsson þessi sömu ummæli ráðherrans svo eftirminnilega ofan í hann, að engin dæmi munu til þess í þingsögunni, að ráðherra hafi staðið þannig jafn opinber að ósannindum, enda gat ráðh. ekkert sagt. Bókuð ummæli ráðherrans sjálfs sanna sem sé, að Lúðvík hefur aldrei gert tillögur um að gera samninginn á þeim grundvelli, sem hann var gerður á. Aðeins ríkisstj. ákvað, að samningurinn skyldi samþykktur. Hið sama er að segja um ummæli hæstv. viðskmrh. um fulltrúa Sósfl. í stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Það er margsannað, að hann sagði aldrei þau orð, sem ráðh. hafði eftir honum hér í útvarpið rétt áðan, og ég verð að segja, að þeim er ekki flökurt þessum ráðherrum.

Þá sögðu hæstv. forsrh. og viðskmrh., að í dýrtíðarfrv. okkar sósialista væru engar tillögur til að draga úr dýrtíðinni eða lækka tilkostnað útgerðarinnar, en sannleikurinn er sá, að lagt er til, að lækkaðar verði vaxtagreiðslur, vátryggingariðgjöld, veiðarfæraútgjöld, viðhaldskostnaður, beitukostnaður og olíukostnaður um 50 til 60 þús. kr. á hvern meðalbát, og þetta kallar hæstv. forsrh. sýndartillögur.

Þá ræddi hæstv. menntmrh. um söluskattinn, eða hinn nýja veltuskatt, og hlýtur það að vera beiskur biti að gleypa fyrir Framsókn eftir öll skrifin um það, hvílíkt ódæði veltuskatturinn hafi verið 1945. En þeir framsóknarmenn eru ekki í vandræðum með að verja þetta. Þeir segja, að það sé einhver munur á þessum skatti. Fyrri skatturinn, sem þeir skömmuðust sem mest út af, hafi allur lent á aumingja verzlunarfyrirtækjunum, á heildsölum, kaupmönnum og kaupfélögum, en þessi skattur lendi allur á neytendum. Það er nú einhver munur. Það er ekki lítil huggun fyrir kaupfélagsmennina, að það skuli ekki vera félögin þeirra, sem eiga að borga skattinn, heldur þeir sjálfir. Áður þurftu kaupfélögin að borga 1% af veltunni. Já, hvílíkur munur, enda er Eysteinn stoltur af afrekunum. Sjálfsagt eiga þeir, sem verzla við kaupmenn, líka að blessa ríkisstj. fyrir það, að kaupmaðurinn þeirra og heildsalinn eru ekki látnir borga, heldur eiga þeir sjálfir að borga 3½%.

Varðandi afurðasölumálin vil ég, auk þess sem ég hef áður sagt, leyfa mér að vitna í grein eftir Ólaf Jónsson, í Frosti, blaði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Til ýmissa svo nefndra „clearing"-landa höfum við aftur á móti selt fisk fyrir verð, sem jafngildir fyllilega núverandi ábyrgðarverði. Er þá hægt að segja, að það verð sé markaðsverð hraðfrysts fisks? Varla er hægt að halda því fram, því að það er svo takmarkað, sem fæst að selja til þessara landa, þar sem við verðum að taka vörur frá þeim á móti andvirði fisksins. Innflytjendur hér og ráðamenn innflutningsins virðast yfirleitt ekki hafa haft mikinn áhuga á að kaupa vörur frá þessum löndum, og eru þær sagðar dýrar og óhentugar. Hygg ég þó, að hægt væri að verzla mun meira og okkur í hag við þessi lönd en gert hefur verið til þessa. En mjög er ég hræddur um, að hafi ríkissjóður ekki beinna hagsmuna (vegna verðábyrgðar) að gæta við sölu fisksins, verði þyngra á metunum hjá þeim, sem þessum málum ráða, að fá fyrir fiskinn frjálsan gjaldeyri, sem svo er nefndur, heldur en að firra frystihúsaeigendur og aðra framleiðendur tapi. Dreg ég þessa ályktun af þeirri reynslu, sem ég hef haft af þessum málum á yfirstandandi ári."

Þessi voru ummæli eins helzta útgerðarmanns á Suðurnesjum og sjálfstæðismanns í tilbót, og gætu þau verið íhugunarefni fyrir hæstv. utanrrh.

Þetta frv. heitir frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, og er í því að finna m. a. það úrræði gegn dýrtíðinni að leggja 3½% söluskatt á allar nauðsynjavörur almennings, enn fremur á allar þjónustur, og má „verð vöru hækka sem söluskatti nemur", segir í 45. gr. Jafnframt því skulu tekjur launþega lækka um 8.5%, eins og sannað hefur verið hér áður.

En þetta er ekki í fyrsta sinn, að svona till. koma fram á Alþ. Árið 1943 var lagt fram frv. um dýrtíðarráðstafanir af utanþingsstj., sem þá var við völd. Það var þó að því leyti betra en þetta, að þar var ekki gert ráð fyrir nema 2% skatti á nauðsynjavöru almennings, engin ákvæði um sérstaka launalækkun, 15% hækkun á tekjuskatti, sem hefði þá auðvitað farið stighækkandi á hátekjum. En hér er nú ekki verið að krefjast hækkandi gjalda af hátekjumönnum.

En hvað haldið þið, hlustendur góðir, að hæstv. núv. forsrh. hafi þá sagt um þær ráðstafanir,

sem gengu í svipaða átt og þessar, en bara ekki eins langt? Við 1. umr. málsins í Nd. komst hann m. a. svo að orði: „Ég vil víkja að því, hve skynsamleg dýrtíðarráðstöfun þetta er til lækkunar. En sú meginregla að leggja ákveðið hundraðsgjald ofan á allar vörur er frá sjónarmiði okkar algert ranglæti og til að auka misrétti og magna dýrtíðina. ....

Ég tel engum vafa bundið, að það séu engar dýrtíðarráðstafanir að setja tolla á nauðsynjavörur, en það hefur óhjákvæmilega í för með sér, að vöruverð á aðfluttum vörum hlýtur að hækka. Ég tel því mjög hæpið að segja, eins og grg. frv. greinir frá, að fé þessu skuli varið til dýrtíðarráðstafana, þar sem þess er aflað á þá lund, að þetta verður til þess að auka dýrtíðina í landinu. .... Þó er það víst, að það eru engar dýrtíðarráðstafanir, sem sýnilega aðeins miða að því að lækka að einhverju leyti vísitöluna, en hækka samtímis raunverulegt vöruverð í landinu.

Þetta eru hins vegar ráðstafanir til að halda niðri kaupgreiðslum til samræmingar við raunverulega dýrtíð, og það eru því engin undur, þótt almenningur á Íslandi sé orðinn nokkuð tortrygginn út af sumum dýrtíðarráðstöfununum.

Einmitt vegna þess, að Alþfl. er með því að gera skynsamlegar ráðstafanir til að lækka dýrtíðina raunverulega, er hann á móti þessu frv., og af því, að hann telur þetta rangláta aðferð, sem raunverulega verður til þess að auka dýrtíðina. Hér er því ekki um að ræða neinar dýrtíðarráðstafanir, sem Alþfl. getur fylgt, og þess vegna mun hann skilyrðislaust beita sér gegn þessu frv."

Þetta sagði Stefán Jóh. Stefánsson, og þetta var skoðun Alþfl. 1943. Hvað er það, sem gerzt hefur síðan og valdið þeirri kollsteypu hjá flokknum, að hann er nú alveg hættur að hugsa um „skynsamlegar ráðstafanir til að lækka dýrtíðina raunverulega", en flytur nú sem forustuflokkur í ríkisstj. till., sem verka munu nákvæmlega í sömu átt og verr en þær, sem hann beitti sér skilyrðislaust gegn á herrans árinu því? Jú, það, sem gerzt hefur, er það, að Alþfl. hefur myndað sína fyrstu ríkisstj. á Íslandi. Til þess að hafa stjórnarforustu, þótt ekki væri nema að nafninu til, hefur hann gengið á mála hjá Sjálfstfl. til að vernda hagsmuni auðmannanna og á mála hjá Framsókn, sem hin s. l. átta ár hefur sífellt barizt fyrir allsherjar launalækkun undir því yfirskini, að hún væri að heyja heilagt stríð gegn dýrtíðinni.

Eitt er það hugtak, sem oftar en nokkuð annað hefur verið sett fram í því moldviðri, sem þyrlað er upp út af dýrtíðinni. Það er setningin: Nú þurfa allir að fórna. — Og víst er það, að öllum almenningi er ætlað að leggja fram verulegar fórnir í þessu heilaga stríði núna. En nú hafið þið heyrt, hvernig forsrh. sjálfur hefur sannað, að ráðstafanir sem þessar falsa vísitöluna, hækka vöruverð, auka misrétti og magna dýrtíðina. Þess vegna hlýtur einhver annar tilgangur að liggja bak við kröfuna um fórnirnar. Og það skyldi þó aldrei vera, að forsrh. hitti naglann á höfuðið, þegar hann segir „að auka misréttið", og þar sé tilgangurinn fólginn.

En að Alþfl. skuli hafa lagt á hilluna allan vilja til að gera „skynsamlegar ráðstafanir", en valið þetta í staðinn, er umhugsunarefni handa kjósendum hans.

Ef til vill mætti nú réttlæta þessa kollsteypu með því að benda á ný viðhorf, sem skapazt hefðu á þessu tímabili. Og víst hefur hæstv. ríkisstj. gert margar tilraunir til að láta búa til handa sér frambærilegar ástæður, er orðið gætu til að fylkja almenningi um stefnu hennar.

Fyrsta sporið var að kalla saman stéttaráðstefnu í byrjun nóvember. Ráðstefnan varð svo óþæg að heimta upplýsingar og gögn til að vinna eftir og draga sínar ályktanir af. En þau voru engin til, og þá var skipuð hagfræðinganefnd til þess að afla þeirra. Þá var og hagstofan sett í gang og enn aðrir sérfræðingar fengnir n. til aðstoðar, og árangurinn varð sá, að gögnin fæddust í októberlok, eftir því sem Tíminn sagði.

En eftir það fékkst tæplega fundur haldinn í stéttaráðstefnunni þrátt fyrir ítrekaða beiðni fulltrúa Alþýðusambandsins um fundahald.

En þrátt fyrir það að ekki tækist að reikna niður dýrtíðina, hafa verið dregnar fram í þessu sambandi ýmsar mikilsverðar upplýsingar og staðreyndir um það, hvernig ýmsar aðgerðir mundu verka. Þessar upplýsingar hefði mátt nota með árangri við smíði tillagna um raunverulegar ráðstafanir gegn dýrtíðinni, ef það hefði átt að gera. En svo vill til, að engin þeirra hefur bent í þá átt, sem hér er farin.

Einn aðalþátturinn í útgjöldum hvers heimilis eru erlendar vörur. Vísitalan er reiknuð eftir meðalútgjöldum 40 fjölskyldna í Rvík 1939—40. Með núgildandi verðlagi þarf 5 manna fjölskylda að greiða 4865.49 kr. fyrir það magn erlendra nauðsynjavara, sem vísitalan segir til um. Þessi upphæð skiptist þannig:

Kostnaðarverð samtals	kr. 2674.40
Álagning	— 2191.09
Samtals	kr. 4865.49

Þetta þýðir það, að af hverjum 100 kr., sem þessi fjölskylda greiðir fyrir erlendar nauðsynjavörur, fara 55 kr. til að greiða kostnaðarverð vörunnar kominnar hér á land, en 45 kr. til að greiða álagningu íslenzka verzlunarkerfisins.

En við þurfum ekkert að undrast þessa niðurstöðu. 220 heildsölufyrirtæki, sem hvert fyrir sig þarf dýrt húsnæði, hvert fyrir sig þarf sitt starfsfólk, hvert fyrir sig þarf að kosta sendiferðir út um lönd í verzlunarerindum o. m. fl., þurfa mikið fé. Bara hin löglega starfsemi hjá slíku verzlunarkerfi hjá aðeins 130 þús. manna þjóð hlýtur að taka mikið fé úr vasa hvers einstaklings, m. ö. o. að skapa dýrtíð. Þar fyrir utan er hið ólöglega, sem sumir hafa leyft sér, að skilja nokkurn hluta eftir erlendis af fjármagninu og þannig draga það fé alveg út úr íslenzku atvinnulífi. Ekki dregur það úr verzlunarkostnaðinum. Skyldi það nú vera að ástæðulausu, að við sósialistar teljum, að það megi lækka dýrtíðina með því að breyta þessu verzlunarkerfi þannig að færa innflutningsverzlunina í hendur innkaupastofnunar þjóðarinnar, er stjórnað sé af fulltrúum þeirra fjöldasamtaka, sem hagsmuna hafa að gæta, ásamt ríkisstj.?

Um þetta og fleira viðvíkjandi verzlunarrekstr-

inum hefur Sósfl. gert till. í frv. sínu um ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Hver maður, sem ekki er haldinn pólitísku flokksofstæki, viðurkennir, að það mætti spara mikið í verzlunarrekstrinum með slíku fyrirkomulagi. En hæstv. stjórnarflokkar mega ekki heyra það nefnt.

Það er að vísu mjög eðlilegt, að Sjálfstfl. standi vörð um þetta verzlunarkerfi, sem nú er, því að hann lifir á því, en hitt er furðulegt, að bæði Alþfl. og Framsfl. skuli standa vörð um það með honum.

Enn fremur má geta þess, að tollaupphæð vísitöluvaranna er ca. 578 kr. Sú upphæð gerir í vísitölunni 15 stig. Verzlunarálagning sú, sem leyfð er á þessa tollupphæð, gerir 6 stig í vísitölunni, og er þá 232 kr. Með því að fella niður tolla af þessum vörum ásamt álagningunni á þá mundi því vísitalan lækka þegar í stað um 21 stig og ársútgjöld fjölskyldu þeirrar, sem miðað er við, um 810 kr.

Samkv. útreikningum frá 1943 mundi þannig löguð vísitölulækkun bæta við sig ⅓ á nokkrum mánuðum, þ. e. fljótlega bæta við sig 7 stigum og lækka þá um 28 stig eða niður í 300 stig, og eðlileg launalækkun kæmi á eftir. Hér væri virkilega byrjað að klifra niður dýrtíðarstigann, eins og sumir ráðh. hafa komizt svo fagurlega að orði. Sósfl. leggur til í frv. sínu, að þessi leið sé farin, en ekki fæst það samþ.

Sjálfsagt er einnig að athuga hlut ríkissjóðs í þessu sambandi. Níu fyrstu mánuði þessa árs var innflutningur 360 millj. kr. Tolltekjur ríkisins af vísitöluvörum námu 17.8 millj. á sama tíma. Nú hefur hæstv. ríkisstj. ásamt fjárhagsráði gert áætlun um niðurskurð á innflutningi næsta árs niður í 220 millj. kr. Með skömmtuninni er m. a. dregið úr innflutningi og kaupum á sumum tollhæstu vísitöluvörunum, s. s. vefnaðarvöru og skófatnaði. Þótt innflutningsáætlun stjórnarinnar springi úr böndum, og allur innflutningur færi upp í 300 millj., þá eru ekki minnstu líkur til, að tolltekjur vísitöluvaranna færu fram úr 15 millj. kr. Það yrði því hæsta tap ríkissjóðs.

Enn fremur liggur fyrir hagfræðilegur útreikningur um það, að hvert stig, sem vísitalan lækkar, spari ríkissjóði 638 þús. kr. 21 stigs lækkun mundi því spara ríkissjóði 13.4 millj. kr. og framhaldandi lækkun enn meira í viðbót. Niðurstaðan yrði sú, að ríkissjóður tapaði engu.

Nú veit ég, að þið hlustendur spyrjið: Hvers vegna er þá ekki farin þessi leið, fyrst ríkissjóður tapar ekki? Jú, það er annar aðili, sem tapar. Verzlunarstéttin mundi verða að fórna þeim 232 kr., sem hún nú fær að taka af hverri fjölskyldu í skjóli tollanna, og láta sér nægja 1959 kr. í staðinn fyrir 2191 kr.

Þá skal ég koma að þeirri leiðinni, sem verið er að fara núna. Það er niðurfærsluleiðin, sem Framsókn hefur sífellt barizt fyrir. Hagstofan hefur reiknað út, hvernig sú leið muni verka, og niðurstöður eru þessar:

Ef vísitalan er bundin með lögum, þannig að í staðinn fyrir hverjar 325 kr., sem hver launastarfsmaður fær nú, verði aðeins greiddar 200, þ. e. launalækkun um 38,5%, kaup bændanna lækkað að sama skapi og niðurgreiðslur ríkissjóðs lækkaðar um helming, þá stendur dýrtíðarvísitalan eftir í 299 stigum vegna þessara hluta og annarra, sem ekki er hægt að lækka vegna heimsástands, sem við ráðum engu um.

Þetta þýðir, að fyrir hverjar 326 kr., sem launamaður eða bóndi fær greiddar nú, fengi hann framvegis greiddar aðeins 200 kr., en fyrir hverjar 326 kr., sem hann þarf nú að greiða, þyrfti hann framvegis að greiða 299 kr. Þetta væri þriðjungs launaskerðing, miðað við raunverulega dýrtíð. Og verði niðurgreiðslur felldar alveg niður, verður þetta mun óhagstæðara. Þessa leið hefur Framsókn alltaf verið að bjóða fyrir hönd bændanna og síðast nú á stéttaráðstefnunni. Og það er sannarlega öðrum en Framsókn að þakka, að ekki skuli vera búið að rýja bæði bændur og launþega inn að skyrtunni á þennan hátt.

En eins og ég sagði, þá er það þessi leið, sem verið er að fara núna, þó að þetta sé aðeins byrjun.

Nú er vísitalan fest í 300 með lögum, en meiningin er að halda lengra. Það sanna bæði ummæli sumra hæstv. ráðherra og blaða þeirra.

Utanrrh. hefur sagt: „Það er miklum annmörkum bundið að stíga stærri skref í einu. . . . Ef dýrtíðin er ekki lækkuð miklu stórkostlegar en hægt er á þessu stigi, þá þarf fiskábyrgð. Ríkisstj. stefnir að því að afnema fiskábyrgðina.“

Eigi að lækka vísitöluna stórkostlega með svona aðgerðum, þýðir það þær fjárhagslegu afleiðingar, sem ég lýsti áðan, fyrir almenning án þess að bjarga vélbátaútveginum út úr hans erfiðleikum. Það liggur alveg fyrir sannað. Og eitt aðalstjórnarblaðið, Vísir, segir sama daginn sem frv. var lagt fram:

„Þannig er vísitala þessa mánaðar 328 stig, en vafalaust á hún eftir að hækka vegna hækkaðs vöruverðs á erlendum nauðsynjum. Tillit verður ekki tekið til slíkrar hækkunar í framtíðinni.“

Hér er það bara eitt af aðalstuðningsblöðum stjórnarinnar, sem slær því föstu, að dýrtíðin muni fara hækkandi.

En á þessu ári eru gjaldeyristekjur þjóðarinnar mörgum milljónum kr. meiri en nokkru sinni fyrr og þjóðin betur útbúin af góðum atvinnutækjum en áður hefur þekkzt.

Að þessu athuguðu er vert að minnast ofurlítið meira á hinar margumtöluðu fórnir.

Víst er um það, að almenningi eða launþegum er ætlað að fórna af sínum tekjum. En hver skyldu vera ákvæði um það, að stórgróðamenn skuli fórna af sínum tekjum? Bæði ég og aðrir þm. höfum lesið frv. orð fyrir orð án þess að geta fundið þau. En lítið atvik, sem gerzt hefur í sambandi við meðferð málsins, skýrir þetta.

Þegar frv. var fyrst útbýtt meðal þm., stóð þessi setning m. a. í grg.:

„Einnig eru settar skorður við því, að hlutháfum í hlutafélögum sé greiddur óhæfilegur arður af bréfum sínum.“ Ég fór að leita betur, þegar ég las þetta, en varð einskis vísari. En skýringin kom daginn eftir. Þá var frv. útbýtt að nýju í 2. útgáfu og þá búið að fjarlægja þessa hættulegu setningu úr grg. Mér er sagt, að 1. útgáfunni hafi verið brennt.

Þetta bendir til þess, að einhvern tíma hafi einhverjum komið til hugar að reisa einhverjar skorður við því, að hluthöfum í hlutafélögum

væri greiddur óhæfilegur arður af bréfum sínum. Þannig hefur þessi setning álpazt óviljandi inn í grg. En þetta sýnir líka, að það er ekki meiningin að láta þá, sem hafa óhæfilegan arð, fórna neinu af honum. Nú hefur hæstv. forsrh. sannað það sjálfur fyrir fjórum árum síðan, að fórnir eins og þær, sem nú eru ætlaðar algengum launþegum, eru ekki til þess að lækka dýrtíðina, heldur þvert á móti.

Þær skyldu þó ekki eiga að brenna á altari gróðamannanna, altari þeirra, sem eiga að fá að halda því áfram að fá greiddan óhæfilegan arð af bréfum sínum? Kannske það eigi líka einhverjir að bætast við, sem ekki hafa fengið hann áður?

Ef til vill er einhverja slíka hluthafa að finna innan hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Það er „fyrsta ríkisstj., sem Alþfl. myndar á Íslandi", sem flytur þetta frv.

Og hvað hefur gerzt, sem réttlætir það, að sá flokkur, sem beitti sér af alefli gegn sams konar ráðstöfunum 1943, tekur þær nú á arma sína sem stjórnarforustuflokkur 1947? Nákvæmlega ekki neitt. Hin skýru rök, sem núverandi forsrh. færði þá fram fyrir því, að svona ráðstafanir falsa vísitöluna, hækka vöruverð, auka misrétti og magna dýrtíðina, eru í fullu gildi ennþá. Það mun almenningur finna, þegar kemur fram á árið 1948. En napurt er það fyrir þá stjórn, sem lýsti sitt aðalverkefni að lækka dýrtíðina, að þá skuli árangurinn verða þessi að dómi forsrh. sjálfs.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. — Það mátti búast við því fyrir fram, að frv. þetta mætti gagnrýni, og eins hinu, að aðalóánægjan við efni þess kæmi fram úr tveim gagnstæðum áttum, annars vegar frá þeim mönnum, sem skilja, hver voði þjóðfélaginu er búinn af því ástandi, sem skapazt hefur hér undanfarið í launa- og verðlagsmálum og nú ógnar atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar, — þeim mönnum, segi ég, er skilja þetta og er áhugamál að ráða á þessu bætur. Hins vegar mátti búast við andstöðu frá þeim mönnum, sem ætíð hafa verið og ætíð hljóta að vera mótfallnir öllum raunhæfum aðgerðum gegn þessu ástandi, ýmist vegna þess, að þeir sjá ekki eða vilja ekki sjá voðann, sem í því felst, eða af því, að þeir eru andvígir því þjóðskipulagi og fjárhagskerfi í sjálfu sér, sem við Íslendingar, eins og yfirleitt allar lýðræðisþjóðir, búum við, og vilja því eyðileggja þetta: Því vitlausara, því betra.

Hinn fyrri flokkurinn, þeir, sem lækna vilja meinsemdina, gera margir hverjir kröfu til þess, að verðlagsmálum þjóðarinnar innanlands verði viðstöðulaust komið í það horf, að við Íslendingar getum áhættulítið haldið áfram að framleiða vörur til útflutnings, án þess að setja þurfi ríkissjóð að veði fyrir þeirri starfsemi eða greiða af almannafé stórar fúlgur í hallarekstur. Þeir krefjast þess enn fremur, að kaupgjalds- og launamálum verði þannig fyrir komið, eins og áður var, að þeir aðilar, sem menn hafa í vinnu og á launum, greiði þeim sjálfir umsamin laun og kaup, en ríkissjóðurinn verði ekki látinn halda áfram að fela nokkurn hluta þeirrar greiðslu, eins og nú er og hefur verið um skeið, með stórfelldum fjárframlögum úr ríkissjóði til að halda niðri kauplagsvísitölunni. — Og þeir benda á það, að þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, megi við því búast, að ríkið verði að halda áfram að greiða árlega vegna þessara mála 60—70 millj. kr. til niðurgreiðslu kaupgjalds og launa í landinu og til viðbóta á útfluttar afurðir. Og þeir segja: Þetta frv. er engin lækning á meinsemdinni. Ég get verið þeim sammála um það. En sumir þessara manna virðast álíta, að það sé aðeins ódugnaður og aðfaraleysi að laga ekki þetta ástand allt með nokkrum pennastrikum. En hér er um að ræða mikinn misskilning, sem of margir hafa löngum alið með sér.

Menn hafa sagt sem svo: Það er engin hætta, þó að kaupgjald og verðlag fari hækkandi, á meðan unnt er að halda atvinnulífinu í landinu í fullum gangi. Þegar það er ekki lengur hægt, þá er bara að færa allt niður aftur, eftir því sem þörfin krefur. — En þetta er ekki svona einfalt. Hjóli atburðanna með öllum þess afleiðingum verður ekki snúið til baka, eins og þegar skrúfað er niður í lampa, til þess að ekki logi upp úr. Þess vegna hefur það á öllum stigum þessa máls á undanförnum árum verið höfuðskilyrðið að stöðva hækkunina, stöðva vöxt dýrtíðarinnar. En til þess hafa eins og kunnugt er, aldrei fengizt samtök á Alþingi.

Á s. l. sumri fól ríkisstj. sérfróðum mönnum að gera athuganir á því, hve langt þyrfti að færa niður innlent verðlag og kaupgjald til þess að koma aðalútflutningsstarfsemi landsmanna, sjávarútveginum, á rekstrarhæfan grundvöll, miðað við það erlenda verð á afurðum okkar, sem vitað er um. Niðurstaða þessara manna eftir ýtarlega rannsókn var í aðalatriðum þannig, að ef hætta ætti að greiða niður vísitöluna, þyrfti að lækka kaupgjald í landinu um fullan þriðjung, landbúnaðarvörur eftir því og annað í samræmi við það, ef nokkur tök ættu að vera á því að framleiða saltfisk til útflutnings rekstrarhallalaust, borið saman við verðlag síðasta árs. — Þessi lækkun nægði þó hvergi nærri, hvað freðfisk áhrærði.

Svona aðgerðir eða álíka róttækar, hefðu máske verið hættulausar og réttmætar fyrir 5—4 árum. En ef að þessu hefði verið horfið nú, væri það vægast sagt mjög vafasamt. Á þessum árum hafa framkvæmdir og fjárfesting í þjóðfélaginu verið meiri en áður á áratugum. Hundruð milljónir króna hafa verið festar í alls konar fyrirtækjum með þeim stórkostlega kostnaði, sem verðbólga þessara ára hefur skapað. M. ö. o., það er búið að binda verðlagsástand undanfarinna ára varanlega í fjárhags- og athafnalífi þjóðarinnar. Ef nú hefði verið gripið til þess úrræðis að færa allt innlent verðlag til samræmis við þær niðurstöður, sem fyrr eru nefndar — hlaut það óhjákvæmilega að hafa þær afleiðingar í för með sér, að flestum eða öllum þeim, sem á undanförnum árum hafa bundið meira en eigið fé í meiri háttar framkvæmdum, hefði verið gersamlega um megn að standa undir skuldbindingum sínum. Og þar sem það er vitað, að mikill hluti af fjárfrekustu framkvæmdunum undanfarin ár — einstaklinga, félaga og bæjarfélaga o. fl. — er að mjög miklu leyti byggður á lánsfé, hefði þetta kostað full-

komið fjárhagshrun fyrir mikinn hluta þjóðarinnar, nema um leið hefði verið efnt til yfirgripsmeiri skuldaskila en nokkru sinni áður hefur hér verið til stofnað.

Ég nefni þessar staðreyndir til að benda þeim, sem óþolinmóðir eru út af ástandinu og finnst hér lítið að gert, á eina af hinum margháttuðu torfærum, sem hér eru á leiðinni, en ekki af því, að ég sé þeim ekki sammála um, að æskilegt væri, að hægt hefði verið að gera meira til úrbótar en það, sem hér liggur fyrir. En hér er þó eftir langa mæðu loksins gerð alvarleg tilraun til að spyrna fótum við og stöðva vöxt verðbólgunnar, og það er að þessu sinni það aðalatriði, sem allir þjóðhollir menn verða að hjálpast til að náist.

Ég skal nú snúa mér nokkuð að þeim flokki manna, sem nú berst æðisgenginni baráttu gegn þessu frv. og þeim úrbótum, sem í því felast, með þeim rökstuðningi, að hér séu óþarfar og ósanngjarnar byrðar lagðar á landsmenn og rangt stefnt í höfuðatriðum. Forgöngu í þeim málflutningi hafa að sjálfsögðu kommúnistarnir, eins og ljóst hefur komið fram í umræðum um málið í neðri deild. Það er sýnilegt á öllu, að höfuðmarkmið þeirra er að koma í veg fyrir og eyðileggja allar raunhæfar aðgerðir til að verjast því ástandi, sem nú er vel á veg komið að stöðva allt athafnalíf landsmanna. Mun ég taka hér til meðferðar nokkrar höfuðröksemdir þeirra við suma kafla frv.

Höfuðandstaða þeirra beinist að sjálfsögðu gegn III. kafla frv., sem fjallar um bindingu vísitöluuppbótarinnar í 300 stigum.

Þeir hafa ekki getað fundið nægilega sterk orð til að lýsa þeirri kúgun á launamönnum í landinu, sem í þessu felist, og nefnt í því sambandi svimháar fjárupphæðir, er þeir segja, að verið sé að stela af landsfólkinu.

Það er nú rétt að athuga ofurlítið nánar þessa ægilegu launakúgun ríkisstj. og bera hana saman við það, sem gert hefur verið í þessum efnum hjá hinum lýðfrjálsu nágrannaþjóðum, þar sem verkalýðurinn sjálfur ræður ríkjum og markar stjórnarstefnuna.

Þá er nú þess fyrst að geta, að þar hefur hvergi verið farið inn á þá braut að greiða fulla verðlagsuppbót á launin. Hér hefur sá háttur tíðkazt til þessa að greiða alla hækkun á framfærslukostnaði ofan á grunnlaunin mánaðarlega. — En sagan er ekki öll sögð með því, heldur hafa á þessu tímabili farið fram stórkostlegar grunnkaupshækkanir og á þær hefur einnig verið bætt fullri vísitöluhækkun. — Eftir því sem ég veit bezt, hefur hins vegar í nágrannalöndum okkar lítil sem engin grunnkaupshækkun átt sér stað á þessu tímabili. Svo varfærnar eru þessar þrautþjálfuðu og félagslega þroskuðu þjóðir um allt, sem ýtir undir aukna verðbólgu, að t. d. í Svíþjóð og Danmörku hafa undanfarin ár verið háð margra mánaða verkföll út af kröfum um nokkurra aura hækkun á klukkustund — og í Noregi hefur nýskeð verið til þess gripið að banna alla kauphækkun og verðhækkun með lögum. Í öllum þessum þrem löndum fara nú stjórnir sjálfra verkamanna með völdin. Mundu þær vera líklegar til að haga stjórn þessara mála þannig til að níðast á verkalýðnum?

Ég vil nú athuga lítillega, hvernig „launakúgun ríkisstjórnarinnar“ lýsir sér í kaupgjaldsmálum stærsta verkalýðsfélags landsins, með samanburði á því, sem var fyrir stríð, og því, sem yrði nú, samkv. frv.

Fyrir stríðið var tímakaupið í Dagsbrún kr. 1.45. Síðan hefur framfærslukostnaður að vísu stórhækkað, og er framfærsluvísitalan í dag, eftir að nokkur hluti framfærslukostnaðarins hefur verið greiddur niður af ríkissjóði, 328 stig. Samkvæmt þessu ætti Dagsbrúnarverkamaðurinn að vera svipað settur í dag með kr. 4.76 um tímann eins og með kr. 1.45 fyrir stríð.

Nú í dag er grunnkaup Dagsbrúnar kr. 2.80. — Ef ofan á það er bætt verðlagsuppbót, miðað við vísitöluna 300, eins og frv. gerir ráð fyrir, yrði tímakaupið kr. 8.40 eða 364 aurum hærra en það, sem grunnlaun fyrir stríð voru, og þannig raunveruleg launahækkun frá því fyrir stríð um 75%, jafnvel þótt ekki væri gert ráð fyrir neinni lækkun á framfærslukostnaði vegna annarra þeirra ráðstafana, sem felast í frv., sem þó hlýtur að verða nokkur. Og þar sem allir launamannaflokkar landsins hafa hlotið meiri og minni grunnlaunahækkanir á þessu tímabili, er hin raunverulega launahækkun þeirra í samræmi við það.

M. ö. o., á sama tíma og launamenn þeirra þjóða, sem við Íslendingar eigum mest skipti við og ýmist þurfum að selja framleiðsluvörur okkar eða keppa við á heimsmarkaðinum, búa við svipuð eða máske lægri launakjör en fyrir stríð, hefur verkamaðurinn í Dagsbrún fengið bætt launakjör um 75%, miðað við ákvæði þessa frv., og aðrir verkamenn og launamenn í námunda við það. Og þá er þó algerlega gengið fram hjá þeirri staðreynd, að fyrir stríðið var atvinnuástandið því miður oft þannig, að verkamaðurinn fékk meira og minna af atvinnulausum dögum, jafnvel upp í ⅓ af vinnudögum ársins, en nú um langt skeið hefur tekizt að halda uppi atvinnu alla daga ársins. — En það er vitanlega eitt meginatriðið fyrir afkomu allra vinnandi manna, ef unnt er að tryggja þeim næga og stöðuga atvinnu, og það er meðal annars tilgangurinn með þeim ráðstöfunum, sem felast í þessu frv.

Ég þykist nú vita, að mér verði svarað því, að ekki sé unnt að byggja reikninga þessa á hinni skráðu framfærsluvísitölu, vegna þess að hún sýni ekki rétta mynd af hinum raunverulega framfærslukostnaði. Ég efast nú um, að sú fullyrðing sé með öllu rétt gagnvart öðrum en þeim, sem orðið hafa fyrir sérstökum skakkaföllum, vegna húsnæðisástands og húsaleikuokurs á sumum stöðum í landinu — og er vitanlega óhugsandi að miða launakjör alls almennings í landinu við það. En þó að eitthvað kynni að skorta á, að verðvísitalan væri hárnákvæm, þá er nú allmikið eftir fyrir afskriftinni í þeim stórbættu launakjörum almennings, sem hér hafa verið leidd rök að.

Nú skal ég bæta því við, hvort sem því verður trúað eða ekki, að það er svo langur vegur frá því, að ég telji það eftir út af fyrir sig, að launastéttir landsins skuli hafa getað bætt lífsafkomu sína á þessum árum — að ég tel það hið mesta gleðiefni. Og ég fullyrði það, að hvaða íslenzk ríkisstj. sem væri — það leiðir af sjálfu sér, og

er núverandi ríkisstj. þar engin undantekning — teldi sig sæla, ef hún gæti bætt og tryggt kjör alls almennings í landinu, en þyrfti ekki að skerða þau á neinn hátt. En við metum meira, ef unnt væri að tryggja öllum þorra manna vel viðunandi kjör í framtíðinni, þó að eitthvað þurfi að slá af því, sem er, en að berjast fyrir því að viðhalda eða auka svo kallaðar kjarabætur, sem jafnframt eyðilegðu allt afkomuöryggi þeirra manna, sem við þær ættu að búa. Og það þori ég að fullyrða, að ef menn í rólegri yfirvegun bera saman þau kjör, sem íslenzkar launastéttir nú búa við og þeim er ætlað að búa við samkv. þessu frv., og þau, er stéttarbræður þeirra í nágrannalöndum okkar, þeir, sem bezt eru settir, eiga við að búa, þá hljóti þeir að viðurkenna, að ekki getur meira öfugmæli en það, sem kommúnistarnir okkar hafa verið að æpa sig hása á nú að undanförnu, að íslenzka ríkisstj. sé að beita sér fyrir launakúgunarhernaði á hendur íslenzkum verkalýð.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að úrlausn sú, sem hér er lögð til, sé alfullkomin og gallalaus. Ég hefði líka kosið, að lengra hefði orðið komizt áleiðis til að lagfæra það ástand í verðlagsmálum landsins, sem fyrir löngu er orðið óviðunandi. — En þessi tilraun, sem hér er gerð, er fyrsta sporið, sem Alþingi og ríkisstj. stíga til að hefja af sinni hálfu viðnám og viðreisn í þessum málum. En fullkominn sigur í baráttunni fyrir heilbrigðu athafna- og fjármálalífi næst því aðeins, að nægilega mikill hluti af landsfólkinu geri sér grein fyrir því, hvernig ástatt er, og vilji standa að umbótunum með þingi og stjórn. Á þann hátt og þann hátt einan verður við þennan vanda ráðið. — Það verður máske ekki mikið, sem vinnst með því spori, sem hér er stigið. En það, sem þó sannfærir mig bezt um það, að hér stefni í rétta átt, þótt skammt sé stigið, er sú ofsafengna andstaða, sem frv. hefur hlotið af hálfu þeirra manna, er hafa sýnt og sannað með framkomu sinni „hér úti á Íslandi“, eins og flokksbræður þeirra annars staðar í lýðstjórnarlöndum, að það, sem vakir fyrir þeim, er fyrst og fremst að kollvarpa þeirri þjóðfélagsbyggingu — því atvinnu- og fjármálakerfi, sem byggt er á grundvelli frjálsrar lýðstjórnar.

Við könnumst við „séra-Guðmundarkynið“, svo að ég taki mér í munn orð Halldórs Kiljans. Það er alltaf sjálfu sér líkt, hvort sem það birtist í Ítalíu, Frakklandi, hér úti á Íslandi eða annars staðar.

Forseti (BSt): Hæstv. atvmrh., Bjarni Ásgeirsson, hefur nú lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hæstv. fjmrh., Jóhann Jósefsson, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Það er viðurkennd staðreynd, að þjóðin átti í lok stríðsins ráð á meira fé í erlendri mynt en hún nokkru sinni áður hafði haft ráð yfir. Þá var sú stefna upp tekin að verja þessum fjármunum til þess að undirbúa betri framtíð og meiri atvinnu í landinu heldur en áður hafði átt sér stað. Þá var fyrir hendi í fyrsta skipti að verulegu leyti hér á landi afl þeirra hluta, er gera skal, þ. e. a. s. fjármunir til þessara hluta. Og þá voru hafin samtök um að hrinda af stað hinni svo kölluðu nýsköpun. Sjálfstfl. tók að sér það mikla hlutverk undir forystu formanns síns, Ólafs Thors, að ná pólitískum samtökum í þessu efni hjá stjórnmálaflokkunum, sem vildu sinna þessum málefnum undir forystu hans. Þegar sú samvinna tókst, var teningunum kastað í þessu efni. — Hafið var markvisst starf með stofnun nýbyggingarráðs til þess að þoka atvinnumálum þjóðarinnar í það horf, sem hér ræðir um, til þess að útiloka, ef verða mætti, hinn ömurlegasta vágest íslenzkrar alþýðu, atvinnuleysið. Þessi stefna fékk fylgi mikils meiri hluta þjóðarinnar, sem skildi, að rétt horfði. Síðan var á árunum 1944—1945 og allt árið 1946 unnið sleitulaust að framkvæmdum nýsköpunarmálanna. — Það skal viðurkennt, að þar sem hér þurfti ný átök á ýmsum sviðum og á ýmsum leiðum, gefur að skilja að störf nýbyggingarráðs höfðu að ýmsu leyti á sér svip frumbýlingsins og urðu því fyrir gagnrýni eftir á, er sagt var, að réttara mundi hafa verið að taka þetta málið eða hitt öðrum tökum heldur en gert var í nýbyggingarráði. En það hefur litla þýðingu í sjálfu sér viðkomandi heildarsvip þeirra átaka, sem þarna áttu sér stað. Drög voru þar lögð til stórkostlegra úrbóta svo að segja á öllum sviðum atvinnulífsins. Framkvæmd var m. a. að þess tilhlutun stórfelld og áður óþekkt efling fiskiskipaflota landsmanna, og að sama skapi var vélbátaflotinn stórum aukinn og endurbættur. Landbúnaðarvélar voru keyptar og settar í rekstur, svo og stórvirkar vinnuvélar og nýtízku iðnaðarvélar. Hraðfrystihúsin voru aukin og endurbætt og nýjum slíkum iðjuverum komið upp, einkum á þeim stöðum, er höfðu þeirra mesta þörf, víðs vegar um landið. — Á þessum tíma var einstaklingsframtakið stutt og hvatt til dáða í hvívetna, en jafnframt voru samtök manna í bæjum og sveitum, bæði með samvinnusniði og á annan hátt, látin njóta alls þess stuðnings, sem unnt var að láta í té. Komið var á fót sérstakri lánsstofnun til þess að standa undir lánum til fiskiskipanna. Ný, stórhuga löggjöf var sett um stuðning við landbúnaðinn. Drög voru lögð að stofnun sementsverksmiðju, og ýtt var undir betri hagnýtingu ullar en áður hafði átt sér stað. Þannig var reynt að styðja þann almenna vilja landsmanna til framtaks, sem nýsköpunarhugurinn hafði vakið. Við sjálfstæðismenn í landinu gengum að þessu verki, bæði sem einstaklingar hver á sínu sviði og sem stjórnmálamenn og leiðbeinendur í opinberum verkum, með fúsum huga og heilum. Við vitum samt, að þessi tæki, sem ég hef rætt um, og önnur framleiðslutæki koma fyrir okkur því aðeins að haldi, að hægt sé að gera atvinnuna arðbæra. Og því er okkur annt um, að þær meinsemdir atvinnulífsins, sem nú ógna arðbærri framleiðslu á sjávarafurðum, verði læknaðar. Ef ekki tekst að hamla því, að verðbólgan eyðileggi framleiðslu vora á útflutningsafurðum, kemur það að engu haldi, þótt við höfum allt fullt af nýjum vélum, skipum og öðru, sem í heilbrigðu þjóðfélagi er til ómetanlegs gagns. — Þeir, sem mest unnu að því að mynda nýja og hagkvæma aðstöðu til framleiðslunnar með nýsköpunarframkvæmdum, hljóta að óska þess og vilja vinna að því, að við missum ekki af strætis-

vagninum í þessu efni, verðum ekki undir í samkeppni um markaðina né töpum þeim kannske fyrir þeim, sem hafa lakari tekniska aðstöðu en við til framleiðslunnar. — Á sumum sviðum, sérstaklega að því er hina nýju togara snertir, er það þegar komið í ljós, hver lyftistöng þjóðarbúinu getur orðið að því framtaki, sem átti sér stað í þessu efni. Og það sama mun koma í ljós, hvað vélbátana snertir, þegar veiði sýnir sig og aflabrestur hverfur, eins og bezt kemur í ljós við Hvalfjarðarveiðina. Vélbátaflotinn hefur tæknilega séð miklum mun betri aðstöðu nú til að afla meira heldur en áður en endurnýjun flotans átti sér stað.

Hin aukna véltækni við alla landvinnu, þar sem hún hefur verið tekin upp, einkum við sveitabúskapinn, hefur byrjað að skila af sér betri afköstum og gefur miklar vonir um bætta vinnuaðstöðu yfirleitt. Er það fyrir það, að að því var staðið, meðan þess var kostur, að verja drjúgum hluta gjaldeyrisforða landsmanna til að afla þessara tækja.

Þegar framfarahugur er svo ráðandi í aðgerðum þjóðarinnar eins og var á þeim tíma, sem ég hef rætt um, þá fylgir honum og verður jafnan að fylgja bjartsýni, sem verður fyrir vonbrigðum, ef eitthvað verulega ber út af. En að slíkt komi fyrir, er ekki óeðlilegt í þjóðfélagi, sem er háð jafn snöggum sveiflum í atvinnulífinu eins og okkar þjóðfélag. — Fjölmargir þeirra, sem hafa lagt í stórar og dýrar framkvæmdir, t. d. byggingu hraðfrystihúsa, hafa orðið fyrir vonbrigðum, að því er fjáröflun snertir til að standa undir byggingarkostnaði þessara fyrirtækja. Ef leita á nokkurrar einnar orsakar fyrir því, að svo fjarri fer því sem raun ber vitni, að lánsfjárþörfinni hafi verið fullnægt eins og til var ætlazt af Alþ., þegar sett voru lög um stofnlán og landbúnaðarlán í anda nýsköpunarinnar, þá teldi ég einna líklegast að benda á þá staðreynd, að á sama tíma hafa líka á öllum öðrum sviðum, t. d. í húsbyggingum, verið stigin stór spor og þar af leiðandi fjárfrekari heldur en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar. Tel ég rétt að benda á þetta sem eina helztu orsök þess, hve þröngt er um stofnlánin, því að enn er haldið áfram að narta í nýsköpunina af þeim, sem aldrei vildu hafa hana, og nú erum við, sem unnum að skipulagningu nýsköpunarinnar, bornir sökum á sumum stöðum fyrir það, að stofnlánasjóður hefur of lítið umráðafé til lánveitinga. Þessar ásakanir koma úr þeirri átt aðallega, sem ávallt var á móti endurreisn atvinnuveganna, þeim, sem jafnan hafa afflutt allt það, sem af hendi hefur verið leyst, og ekki lagt annað en illt til nýsköpunarinnar.

Við Íslendingar erum í fjármálum og atvinnumálum ekki meðal þeirra, er byggja á mestri reynslu og hagsýni. Við viljum á flestum sviðum hafa stórframkvæmdir með höndum og erum þess vegna meira í hættu fyrir því að reisa okkur hurðarás um öxl. — Svo er hitt, sem hefur afdrifaríka þýðingu um að gera allar okkar framkvæmdir fjárfrekari nú en þær hafa áður verið, en það er verðbólgan og dýrtíðin, sem þjóðin er búin að búa við allt frá því, er stríðshækkanir fóru að hafa áhrif á kaupgjald og verðlag, og til þessa dags. Öllum þeim réttmætu og glæstu vonum, sem við höfum alið í brjósti í sambandi við þá endurbyggingu atvinnuveganna, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, er bráð hætta búin af hinni sívaxandi verðbólgu, sem allir munu vera ásáttir um að telja böl, nema hv. sósialistar öðru hvoru, en ekki eru allir sammála um, hversu frá megi bægja.

Átökin á milli stéttanna innanlands á þessum 7 árum um verðlag á landbúnaðarvörum og verðlag á vinnu hafa smátt og smátt magnað þetta vandamál þjóðarinnar. Þegar það spor var stigið á árinu 1940 að tengja órjúfanlega saman verðlag og kaupgjald með því að ákveða, að ávallt skyldi greiða fulla verðlagsvísitölu á hvers konar grunnkaup, þá var lagt smiðshöggið á þá dýrtíðarskrúfu, sem síðan hefur þjáð atvinnuvegina og sett gildi íslenzku krónunnar í sívaxandi hættu. Þrátt fyrir það að varið hafi verið tugum milljóna til þess með niðurgreiðslum úr ríkissjóði að vinna gegn eða létta áhrif dýrtíðarskrúfunnar, hafa þessi fjárframlög þó ekki megnað að breyta þeim straumi í þessum efnum, sem óhjákvæmilega hlýtur að bera að glötunarbarmi atvinnuveganna og þar með þjóðarbúskaparins.

Það er að vísu gott að láta hverjum degi nægja sína þjáningu, og við erum öll með þeim ósköpum fædd að einhverju leyti að hlífa sjálfum okkur við að horfast í augu við aðsteðjandi vandræði, meðan þau eru ekki orðin óbærileg. Hins vegar er þess að gæta, að til lítils væri það fyrir þjóðina að hafa varið hundruðum milljóna til að bæta atvinnuaðstöðu landsmanna til sjós og lands og til lítils fyrir einstaklingana að leggja á sig erfiði og sem betur fer marga hverja að hafa sparað saman ávexti erfiðis síns, ef svo gálauslega ætti ávallt fram að fara, að sýnt væri, að atvinnuaðstaðan og peningaeign sparifjáreigenda hyrfi sökum óforsjálni okkar sjálfra í ginnungagap óviðráðanlegrar verðbólgu og eyðilegðist þar með að öllu eða mestu leyti. Þegar svo væri komið, hlyti atvinnuleysið að halda innreið sína og minna okkur á það daglega, að við hefðum of lengi vanrækt að stöðva dýrtíðarskrúfuna, á meðan hún var enn viðráðanleg.

Það má að vísu með l. og alls konar samtökum ákveða innanlandsverðlag á því, sem fer til neyzlu landsmanna, og þeirri þjónustu, sem við innum af hendi hver fyrir annan. Þar má segja, að við mælumst einir við og getum haldið áfram að kroppa augun hver úr öðrum án þess að taka tillit til erlendra aðila, en sú framleiðsla og hvers konar þjónusta, sem við þurfum að selja öðrum þjóðum, er háð öðrum lögmálum. Verðlag útflutningsvörunnar verður aldrei ákveðið af okkur einum. Það er háð því, hvað kaupendurnir utan lands vilja og geta fyrir hana borgað. Þar mælast Íslendingar ekki einir við. Þetta veit hvert mannsbarn, þó að oft virðist þörf á að minna á það.

Þegar rætt var um þetta frv. í Nd., sagði einn af fulltrúum Sósfl. m. a., að núverandi stjórn hefði verið duglaus, sem hann kallaði það, í afurðasölumálunum, og einatt hefur það klingt við í vetur í ræðum sósialista, að þegar kæmi að umræðunum um afurðasölumálin, þá skyldi stjórnin fá kúluna kembda.

Mér þykir rétt að draga fram fáeinar staðreynd-

ir viðvíkjandi afurðasölunni í þessum umræðum, eins og afurðasalan hefur verið, síðan núverandi stjórn tók við.

Kommúnistar höfðu séð fyrir því í tíð hæstv. fyrrv. stjórnar, að stjórnin sem heild gat engar nægilegar ráðstafanir gert til að undirbúa afurðasölu ársins 1947 eins og skyldi. Fyrrv. hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, náði, sem kunnugt er, í rússneskan starfsmann, afskipunarmann, sem var hér staddur til að sjá um afskipun á þeim vörum, sem Rússar keyptu hér, og í einfeldni sinni hélt ráðh., að hann hefði þar náð í þann rétta aðila, sem hægt væri að slá sér upp á í afurðasölumálum. Hann gekk í þetta sjálfur og hafði framan af lítil eða engin samráð við sér betri menn, og útkoman varð sú, að framleiðendur voru fengnir til að trúa því, að selja mætti til Rússlands bróðurpartinn af sjávarafurðum landsmanna árið 1947 fyrir afar hátt verð. Þessi rauða stjarna, sem ráðh. hugðist hafa kræki í, átti að auðkenna hann sjálfan og sýna öllum landslýð, hve djúpt stæðu ráð þeirra kommúnista og hve tilþrifamikil verk þeirra í afurðasölumálunum væru. Þetta varð til þess m. a., að menn stóðu í þeirri trú, að allur saltfiskurinn, sem framleiddur var á vertíðinni, mundi verða keyptur af Rússum við dýru verði og margt og margt fleira, sem reyndist hugarburður einn, þegar fram á árið kom. Í fyrsta lagi var það upplýst síðar meir af sendiráði Rússa hér, að samningamaðurinn, sem ráðh. hafði náð í, hafði ekkert umboð til að semja að neinu leyti um vörukaupin. Í öðru lagi kom það í ljós, eins og áður segir, að þær hugmyndir, sem ráðh. og þessi maður höfðu gert sér um möguleika á sölu íslenzkra afurða á rússneskum markaði, voru rammskakkar, því að reynslan varð sú, að Rússar keyptu við þessa samninga ekki aðrar vörur en þeir höfðu keypt áður.

Þetta er nú eitt dæmi þess, hvernig staðið er að því þýðingarmikla máli, afurðasölunni, af hálfu kommúnista, þegar þeir hafa valdaaðstöðu í þjóðfélaginu til að vera þar í fararbroddi. Ég gæti nefnt fleiri átakanleg dæmi um mistök manna úr þessum flokki, þegar þeir hafa komið nálægt sölu á afurðum, mistök, sem eru svo átakanleg, að það er furðulegt, að þeir skuli yfir höfuð reyna að bera jafn þungar sakir á núverandi ríkisstj. og aðra þá, sem hafa staðið að afurðasölunni á þessum árum, eins og þeir gera. Nú þykjast þeir þeim vanda vaxnir að vera forsjón annarra í afurðasölumálunum, aðrir eins labbakútar og þeir hafa reynzt þar sjálfir og nú er lýðum ljóst.

Það var eitt af fyrstu verkum núverandi ríkisstj., eins og kunnugt er, að koma af stað samningan., bæði til Rússlands og Bretlands, til að semja um sölu afurða þar, og hún hefur síðan unnið sleitulaust að því að gera samninga um sölu á þessum afurðum, eftir því sem möguleikar hafa staðið til og bezt hefur hentað, bæði að hennar dómi og dómi þeirra mörgu manna, sem henni hafa verið hjálplegir í þessum sökum. Það var ekkert sérstaklega ánægjulegt að taka við öllum saltfiskinum óseldum í vor, eftir að bezti sölutími saltfisksins var liðinn vegna vonar þeirrar, sem vakin hafði verið um sölu í Rússlandi og dokað hafði verið við eftir í 3 mánuði, en árangurslaust. Það er dálítið kynlegt, að þegar þessir sérfræðingar kommúnista í afurðasölumálunum hér á Alþingi brýna sem mest raustina um það, hvað hægt væri að selja og hvar vanrækt hafi verið að selja, þá eru þeir oftast með markaði á vörunum, sem þeir virðast trúa mest á, markaði, sem íslenzkar afurðir hafa ekki verið seldar á áður nema í litlum stíl. Þeir hafa talað mjög um Tékkóslóvakíu, sem getur verið góð, og þeir hafa talað þráfaldlega um Frakkland sem sérstaklega gott afurðasöluland, en eins og kunnugt er, hafa Íslendingar aldrei haft mikil viðskipti við Frakka eða selt þangað mikið af vörum. Það hefur að vísu heppnazt að selja þangað dálítið af hraðfrystum fiski, en þó hvergi nærri það, sem fram hefur verið boðið. Ég get t. d. nefnt það, að eitthvað um þriggja mánaða skeið er Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna búin að vinna að því að reyna að koma í kring sölu á 1000 tonnum af hraðfrystum fiski í Frakklandi og hefur haft til þess fullt leyfi íslenzkra yfirvalda, en þetta hefur enn ekki tekizt. Um markað í Tékkóslóvakíu er það kunnugt, að hann hefur tekið við dálitlu magni af hraðfrystum fiski, en þó með þeim skilyrðum að fá aðrar vörur frá Íslendingum, sem hvarvetna eru seljanlegar gegn greiðslu í sterlingspundum eða dollurum, og svo er það með það land, að þangað er ekkert hægt að selja nema með því að taka iðnaðarvörur í staðinn, sem eru í flestum, ef ekki öllum tilfellum, dýrari heldur en ef þær væru keyptar í Englandi, Ameríku, eða á Norðurlöndum. Þannig er nú það raunverulega ástand í þeim löndum, sem þeir eru sérstaklega að halda fram, en út af gömlu markaðslöndunum skammast þeir og kölluðu samninginn við Breta, sem eru okkar mesta viðskiptaþjóð, smánarplagg, þegar hann var gerður.

Einn kommúnisti hefur sagt í umr. um þetta mál eftirfarandi varðandi afurðasöluna:

„Það er enginn grundvöllur til fyrir því, að ekki megi selja fyrir ábyrgðarverð á næsta ári.“ Enn fremur sagði hann: „Það hefur tekizt að knýja fram hærra verð en útlit hefur verið fyrir undanfarið fyrir harðvítuga baráttu.“

Það væri fróðlegt að spyrja hv. fulltrúa sósialista um það, þegar hér er nú verið að ræða um afurðir þessa árs og því haldið fram, að það hafi tekizt að knýja fram hærra verð en búizt hafði verið við fyrir harðvítuga baráttu, hverjir það væru, sem að þeirra áliti hefðu háð þá baráttu. Það er sem sé vitað, að ríkisstj. hefur staðið í þessum málum öllum undantekningarlaust, síðan hún tók við, og þó að hún hafi notið aðstoðar margra ágætra manna, eins og allar stjórnir hafa gert á undan henni, þá hefur hún þó a. m. k. orðið að taka allar ákvarðanir um málin. Í öðru lagi væri gaman að spyrja, hvernig á því stæði, að þessi duglausa afurðasölustj., sem þeir tala einatt um, hafi þó að dómi þeirra sjálfra háð harða baráttu fyrir sölu á afurðunum og sigrað. Eða voru það kannske kommúnistar, sem háðu þessa baráttu? Nei, ef barátta hefur verið háð, þá var hún háð einmitt af þessari ríkisstj., sem kommúnistar eru að deila á fyrir ódugnað.

Það er ekki í fá skipti, sem það hefur klingt við í ræðum sósialista, að stjórnin vilji ekki selja afurðirnar eins háu verði og hægt væri. Það þarf

í sjálfu sér ekki æði mörg orð varðandi svo fáránlega ásökun. Hvaða stjórn er nú hugsanleg, sem væri þannig, að hún vildi ekki selja afurðirnar frekar við betra verði en við lægra verði? En spursmálið er: Hvers vegna álpast svona endemis fullyrðingar út úr þessum mönnum? Ég held, að þetta komi til af því, að svona vitleysur eru nokkurs konar óhjákvæmileg afleiðing hjá þeim af öllum þeim vitleysum, sem þeir eru búnir að halda fram í sambandi við sömu mál, og séu eitt af baráttumeðulum þeirra til að reyna að berja því inn í þjóðina gegn betri vitund, að það stafi engin hætta af verðbólgunni og að öll afurðasala geti gengið óhindruð þrátt fyrir hana. Þess vegna mega þeir ekki viðurkenna, að það sé of hátt framleiðsluverð í landinu og afurðir okkar of dýrar á erlendum markaði. Þegar það samt sem áður sýnir sig, að ekki er hægt þrátt fyrir þá harðvítugu baráttu stjórnarinnar, sem kommúnistar hafa lýst, að selja afurðirnar svo hátt, að það greiði framleiðslukostnaðinn á Íslandi, þá er hlaupið yfir í næstu fullyrðingu, sem ég minntist á áðan og er eitthvað á þessa leið: „Þetta væri hægt að selja allt við framleiðsluverði og yfir ábyrgðarverði, ef íslenzka stjórnin fengist til þess að selja á réttum stöðum og réttum löndum, en ríkisstj. er bara svo vond, að hún vill ekki selja þeim, sem bezt borga, heldur hinum, sem verr borga.“ Svona tala þeir jafnan þessir sérfræðingar kommúnista í afurðasölumálunum. Þeir selja mest í greinum Þjóðviljans, þá er fiskurinn jafnvel ofar en ábyrgðarverð og allt í lagi.

Eins og hæstv. utanrrh. lýsti, hefur það tekizt undir forustu núverandi ríkisstj. að fá talsverða sölu á íslenzkum afurðum í Hollandi og enn fremur að ná samningi um sölu á fiski og síld til Þýzkalands, og mun það, ef þær vonir rætast, sem ástæða er til að tengja við þessa samninga, sýna sig, að hér er um mjög þýðingarmikla samninga um afurðasölu að ræða.

Áður en frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fram, voru miklar bollaleggingar í blaði kommúnista eða Sósfl., Þjóðviljanum, um það, hvað ríkisstj. ætlaði að gera í dýrtíðarmálunum. Annað veifið voru gleiðletraðar fyrirsagnir um það, að ríkisstj. hefði ákveðið stórfellda gengislækkun, og þá um leið dregnar hæfilegar ályktanir af þeim níðingsskap að þeirra dómi, og hitt veifið var talað um önnur úrræði, sem þeir hafa talið, að hugsanlega gætu komið til mála, og hvert eitt og einasta þeirra var fyrir fram rægt og svert í augum almennings. Til hvers? Auðvitað til þess að vekja andúð á hverju því, sem ofan á kynni að verða í þessu máli. Það er vitað, að atvinnurekendur til sjávarins höfðu gert róttækar kröfur um breyt. á vísitölunni, allt niður í 200 stig, og um leið 20% gengislækkun á íslenzku krónunni, sem þeir töldu sér nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram atvinnurekstri sínum. Þegar þannig er sýnt og sannað, að áður en nokkurt frv. kom frá ríkisstj., voru kommúnistar búnir að rægja allar hugsanlegar tilraunir fyrir fram, þá undirstrika þeir með því það sama sem þeir með frv. sínu á Alþingi sýndu, þar sem þeir lögðu til, að fiskábyrgðarverðið yrði tekið, en hins vegar að dýrtíðin fengi að halda áfram að magnast, eftir því sem verða vildi. Þar kemur fram kjarninn í stefnu þess flokks, að flagga með ábyrgð á afurðunum til þess að gera sínar hosur grænar fyrir sjómönnum og útvegsmönnum, en leyfa dýrtíðinni að magnast eftir vild, því að þá vita þeir, að hvaða aðrar ráðstafanir sem kynnu að verða gerðar yrðu gagnslausar og bæri að því einu marki, sem þeir hafa fyrir augum, fjárhagslegu hruni þjóðarinnar.

Jafnvel þó að til þess bragðs hefði verið tekið að verða við kröfunum á þessu stigi málsins um stórfellda gengisbreyt., hefði það ekki orðið nema skammgóður vermir með aðferð kommúnista, þeirri að láta dýrtíðarvísitöluhjólið halda áfram að snúast í sífellu.

Í grg. fyrir sínu eigin fiskábyrgðarfrv. viðurkenna kommúnistar það í öðru orðinu, að dýrtíðin sé orðin atvinnuvegunum ofurefli, því að þeir halda því þar fram, að vísitalan megi ekki vera öllu hærri en 300 stig. En þegar ríkisstj. ber fram frv. um, að hún skuli miðast við 300 stig, þá hrópa þeir til þjóðarinnar um arðrán og þrælalög, sem verið sé að setja á með þessu móti. Öll málafærsla þeirra í þessu máli sem öðrum hefur verið þrungin af þeirri sömu tvöfeldni sem þeir sýna í afskiptum sínum af öllum málum á Alþingi, sem koma misjafnlega við annaðhvort sjómenn eða launþega í landinu. Þeir leika jafnan tveim skjöldum í þeim tilgangi að villa hvorum tveggja þessum aðilum sýn. Þetta kom einnig glöggt fram í hinu nýafstaðna járnsmiðaverkfalli. Kommúnistar stóðu þar eins og annars staðar með hækkun kaupgjalds járnsmiðanna og hrósuðu því sem stórum sigri, sjálfsagt fyrir sjálfa sig, í Þjóðviljanum, þegar járnsmiðirnir eftir tveggja mánaða stöðvun fengu kröfum sínum framgengt. Á sama tíma voru þessir menn eða þeirra fulltrúar, sem tala aðallega við útvegsmenn, að bölsótast yfir verðlagi á skipa- og vélaviðgerðum og töldu það allt of hátt og ósanngjarnt, af því að þeir vita, að bátaflotinn stendur undir hinu háa verðlagi, sem er á öllum viðgerðum hjá járnsmiðunum.

Þegar um er að ræða ráðstafanir til að lækka taumlausa dýrtíðarólgu eins og þær, er hér liggja fyrir, er vissulega hægt að finna ágalla á þeim, ekki síst þegar það er gert út frá því sjónarmiði einu að vekja óánægju frá sjónarmiði einnar eða annarrar stéttar. Á öllum þeim stéttaráðstefnum, sem haldnar hafa verið í haust, hefur þess jafnan fljótlega gætt, að fulltrúar stéttanna hafa beint eða óbeint að því vikið, að þeirra stétt, hver svo sem hún hefur verið, væri nú ekki þannig á vegi stödd, að hún ætti að bera þær byrðar, sem þó allir vita, að þarf að bera í sambandi við tilraunir til að fá viðunandi grundvöll fyrir framleiðsluna, og í því frv., sem hér liggur fyrir, er um það að ræða, að allir landsbúar beri byrðarnar. Þeir, sem hér mæla sterkast á móti frá stéttarsjónarmiði, kommúnistarnir, mættu þó hafa það í huga, að í hagfræðinganefndarálitinu, sem gefið var út í fyrra og fyrrv. stjórn stóð að, var fulltrúi þeirra sammála hinum hagfræðingunum, er að því stóðu, um þá ályktun, að í fyrsta lagi yrði að vinna gegn verðbólgunni og í öðru lagi væri nauðsynlegt, að allir tækju á sig nokkrar byrðar í því skyni,

Þetta frv. reynir að sameina alla til þess að byrja „þá löngu reisu“, sem þjóðin á fyrir hendi á þeim vegi.

Lítið hefur verið á það minnzt við þessar umr., að á eignamenn þjóðfélagsins er lagður mikill skattur, þar sem eru ákvæðin um eignaraukaskatt. Hann skal lagður á það, sem menn hafa aukið eignir sínar frá 1940 og til loka yfirstandandi árs. Mörgum munu þykja þær byrðar allverulegar, en þetta er gert m. a. vegna þess, að það hefur frá upphafi, síðan umr. um þetta mál hófust, verið viðurkennt, að allir verði að taka á sig nokkrar byrðar. Kommúnistar hafa líka tekið undir þetta, en vilja nú hlaupa frá þeirri skoðun sinni sem öðrum, ef þeir telja sér af því pólitíska stundaráyinning.

Verðhjöðnunarleiðin, sem hér er reynd, verður ekki farin í loftköstum. Það mundi valda truflunum og ýmiss konar röskun í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar. Sú leið, sem hér hefur verið valin, er byggð á því, að í þessu máli sem mörgum öðrum sé krókur betri en kelda. Hún er enn fremur byggð á þeirri sannfæringu stjórnarvaldanna, að þjóðin skilji, að einhvern tíma, og nú er ekki seinna vænna, verði að byrja að stemma á að ósi, stöðva þá framvindu, sem verið hefur vatn á dýrtíðarmylluhjólinu, með því að festa vísitöluna. Hér er þó svo hóflega í þá festingu farið, að enginn, sem undir það játast, að byrðin verði að berast af öllum, enginn, og ekki heldur hv. meðlimir Sósfl., vilji þeir ekki ómerkja yfirlýsingar sinna beztu manna, getur annað en játað, að rétt sé stefnt og stillt af stað farið.

Hv. 4. landsk. greip til þess, sem honum er alltaf næst hendi, að hóta verkföllum, óróa og æsingum. En hverju er hv. 4. landsk. að hóta með þessum aðgerðum í raun og veru? Kjarni þess, sem hann sagði, þegar æsingaumbúðirnar eru teknar utan af, er sá að koma af stað þeim aðgerðum, sem hefðu í för með sér hrun íslenzkrar krónu. Ræða hans var dulbúin hótun um að fella gengi krónunnar, því að þegar búið væri að koma öllu í öngþveiti með æsingum og verkföllum, þá yrði að lokum ekki annað úrræði fyrir hendi til þess að koma afurðunum nokkurn veginn í sæmilegt verð en að fella krónuna. Við höfum ekki viljað fara þessa leið, eins og frv. sýnir. Margir hafa verið þeirrar skoðunar, að ef til vill hefði verið réttara að fella eitthvað gengi krónunnar og lækka vísitöluna að einhverju leyti. Þessu hefur verið haldið fram í ræðu og riti, en þetta frv. fer ekki þá leið. Það hefur þótt rétt að reyna fyrst aðrar leiðir.

Hér er ekki treyst á harkalegar aðgerðir né lagt út á hálar brautir, en hér er treyst á heilbrigða dómgreind fólksins, sem á allt sitt undir því, að blómlegt atvinnulíf haldist í landinu. Og þetta fólk veit það, að ef verðbólgan heldur takmarkalaust áfram að vaxa, er afkoma þess í voða, og þeir fjármunir, sem það hefur eignazt, hljóta að tortímast í eldi verðbólgunnar.

Þess vegna ber að treysta svo heilbrigðri dómgreind þjóðarinnar, a. m. k. meðan annað er óreynt, að hún taki vel í það að leggja eitthvað að sér sinni eigin framtíð til tryggingar.

Þar sem ég er síðastur á mælendaskrá og umræðum um þetta mál í kvöld er þar með lokið, vil ég nota þetta tækifæri til þess að óska öllum þeim, sem mál mitt heyra, gleðilegra jóla og góðs komandi árs. — Góða nótt.

Forseti (BSt): Hæstv. fjmrh., Jóhann Jósefsson, hefur nú lokið máli sínu. Er þar með umr. um þetta mál lokið.

Ég vil taka undir ósk hans, f. h. Alþingis, til hinnar íslenzku þjóðar um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Flokkarnir hafa allir notað örfáar mínútur fram yfir hinn ákveðna ræðutíma, hæst 4 og lægst 2 mínútur.

Verður þá gengið til atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:3 atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 226, n. 233 og 234, 229, 230, 231, 232).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Þetta mál var svo mikið rætt hér í d í gærkvöld í útvarpsumræðunum, og auk þess hafa deildarmenn fylgzt með umræðum í Nd., áður en það var lagt hér formlega fyrir, að ég þarf ekki að setja hér upp langa ræðu um málið að sinni.

Fjhn. hefur haldið tvo fundi um málið. Fyrri fundinn hélt hún í gær, áður en frv. var formlega til hennar vísað, í tilefni af því, að nefnd frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafði óskað viðtals við hana út af frv., og eftir að frv. hafði verið vísað til n. í gærkvöld, þá kom hún saman á fund og tók málið fyrir. Þá varð það að samkomulagi, eftir að n. hafði klofnað um málið, þannig að einn nm. taldi sig andvígan, en hinir vildu styðja að framgangi málsins, að meiri hl. hennar lagði til, að frv. yrði samþ. óbreytt hér við þessa umr., en ákvað hins vegar að taka málið til nýrrar athugunar að þessari umræðu lokinni, og taka þá afstöðu til þeirra brtt., sem fyrir kunna að liggja nú við 2. umr., og eins ákvarða, hvort hann þá við 3. umr. bæri fram brtt. N. leit svo á, og var eiginlega alveg sammála um, að þetta væru hentug vinnubrögð og mundi spara tíma að haga þessu svo. En það ríður mjög á, að hver sem niðurstaða þessa máls verður og annarra þeirra mála, sem afgreiða þarf fyrir jól, að þeim sé hraðað svo, að þeim megi ljúka á morgun. Ég heyri t. d. sagt, að það verði póstferð norður á morgun, sú síðasta fyrir jól, og Norðlendingar, sem sæti eiga á Alþingi, hafa engin ráð með að komast heim fyrir jól, ef sú ferð er ekki notuð.

Síðan þetta skeði, hafa komið fram viðtækar brtt. við frv., sem n. hefur ekki tekið til athugunar og ekki gefizt kostur á því, því að þessar brtt. komu í dag. Auk þess er vitað, að hv. minni hl. n. mun bera fram viðtækar brtt., sem einnig þurfa athugunar við í n. Ég get því búizt við,

að það kunni að reynast hentug vinnubrögð, þar sem svo er ástatt, að umr. um málið verði frestað, þegar hv. tillögumenn, sem borið hafa fram brtt., hafa gert grein fyrir þeim, og n. gæfist þá nokkur tími til að ræða þær og önnur atriði viðvíkjandi þessu máli og taka afstöðu til þeirra. Þó geri ég þetta ekki að beinni tillögu að sinni, en ég hef þessa aðferð og vinnubrögð fyllilega í huga, þó að það geti verið, að ég hyrfi frá því.

Um þessa niðurstöðu meiri hl. n., að vilja samþykkja frv. í meginatriðum, þarf ég ekki að vera fjölorður. Þau rök, sem fyrir því verða færð, komu fram í útvarpsumræðunum í gærkvöld, og hef ég þar engu við að bæta.

Það er auðvitað mál, að frv. eins og þetta fær mótstöðu úr ýmsum áttum, því að fólkið er nú einu sinni svo, að þótt allir sjái, að þjóðin þarf að snúa til baka á þeirri braut, sem hún er nú á, ef hér á ekki að verða algert fjármálalegt öngþveiti, sem enginn veit, hvar endar, þá eru margir þannig, að þeir vilja láta gera það á kostnað einhverra annarra en sjálfra sín. Þannig kom það fram í gærkvöld, og það hefur líka komið bréf til Alþingis, sem sýnir, að verkalýður landsins telur það skerðingu á sínum réttindum að festa vísitöluna í 300 stigum, þótt það sé ekkert stórt stökk til baka, og það er látið skína í, að það muni kosta ófrið.

Þannig er það sem stendur. Það vilja allir láta lækka dýrtíðina, en fáir vilja færa fórnir til þess, heldur ætla öðrum að gera það. En málið verður ekki leyst á þann hátt, og vel gæti ég álitið, að sanngjarnasta og bezta lausnin yrði sú, þó að það sé erfitt fyrir þingið, að allir yrðu óánægðir. Þá mundi sennilega verða stillt svo í hóf, að sanngjarnt mætti telja. Ég skal ekki fara lengra út í þetta að sinni, þar sem ég býst við, að aðalumræða málsins verði tæplega nú að sinni, enda hef ég ekki heyrt þær ástæður, sem liggja til brtt. þeirra, sem komnar eru eða eru væntanlegar.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Frsm. meiri hl. hefur nú lokið máli sínu. Eins og hann sagði, hefur n. klofnað. Meiri hl. vill láta samþykkja frv. og hefur a. m. k. ekki að sinni neinar beinar brtt. fram að bera. Hins vegar er málið ekki fullrætt í n., sérstaklega að því er snertir það erindi, sem n. hefur borizt frá sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem gerir ákveðnar kröfur til n. um, að hún taki upp verulegar breytingar á frv. N. í heild er ekki búin að taka afstöðu til þessa. Ég aftur á móti er andvígur þessu frv. Ég er andvígur því, eins og það er, og legg til, að það verði fellt, nema því aðeins að þessi hv. d. vilji gera á því gerbreytingu, svo mikla, að það yrði raunverulega annað frv. og tæki allt aðra stefnu en frv. hefur nú.

Ég þarf ekki að hafa langt mál til þess að gera grein fyrir þessari afstöðu minni, eða þeim ástæðum, sem eru fyrir henni. Ég gerði það við 1. umr. Ég skal láta nægja að draga saman aðalástæðurnar. Tilgangur þessa frv. samkv. því, sem gerð hefur verið grein fyrir af hæstv. ríkisstj. eða þeim ráðherrum, sem hafa haft orð fyrir henni, er að vinna bug á dýrtíðinni eða draga úr henni, fyrsta skrefið, eins og það er oft orðað, til að ráðast á dýrtíðina. Í öðru lagi á frv. að tryggja atvinnuvegina, fyrst og fremst bátaútveginn. Ég hef sýnt fram á með svo einföldum rökum, að ekki verður á móti mælt, að þetta er alrangt. Þetta frv. verður ekki til að draga úr dýrtíðinni, heldur til að auka hana. Þótt það sé ákveðið, að kaup skuli reiknast eftir vísitölu 300 stig, þá heldur vísitalan áfram að vera 328 stig, og þær verðhækkanir, sem koma á næstunni, halda áfram að hækka vísitöluna, þrátt fyrir þetta ákvæði. Hins vegar verður þetta frv. ráðstafanir til að auka dýrtíðina í landinu. Veltuskatturinn er kallaður söluskattur í þessu frv., en um hann fjallar VII. kafli frv. Söluskattur sá, sem hér um ræðir, á að nema um 3.5% á flestar nauðsynjavörur, eða flestar þær vörur, sem ganga inn í vísitöluna, auk þeirra vara, sem ekki ganga inn í hana. Þetta leiðir af sér, að vöruverð hækkar allverulega, eða sem svarar 6—7 vísitölustigum. Að vísu er þetta ekki hárnákvæmur útreikningur, en þetta mundi þýða, miðað við núverandi vísitölu, að hún hækkaði í 334—335 stig, á sama tíma og vinnulaun yrðu greidd eftir vísitölu 300. M. ö. o., áhrif frv. þessa verða hækkandi verðlag á öllum nauðsynjum, sem leiðir af sér, að ekki koma þessi ákvæði frv. útgerðinni að gagni, sem svo mjög er talað um. Útvegsmenn verða að búa áfram við vísitölu 328 auk þeirrar viðbótar, sem hækkað vöruverð skapar. Í III. kafla frv. er lagt til að olíuverð verði lækkað að nokkru, en ekkert er þar að finna um lækkun á veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ég hef spurzt fyrir um þetta, hverju þetta sætti, en ekkert svar fengið. Ef engin lækkun fæst á vörum til útgerðar, — hvert gagn er þá frv. þetta útveginum? Ákvæði III. kafla frv. hafa hér sama og engin áhrif, því að vinnulaunin eru aðeins lítill hluti útgerðarkostnaðarins. Fyrir utan áþyrgðarverðið er aðeins eitt ákvæði í frv., sem bætir nokkuð hag útgerðarinnar eða aðstöðu hennar. Það er heimildin til að lækka beituverðið. En þó er hér um óákveðna heimild að ræða. Það er alls ekki að sjá á frv., hvaða gildi þetta hefur. Þá er hér að finna ákvæði um aðstoðarlán handa útveginum vegna síldveiðanna, en það er nú með öllu óskylt máli því, sem hér um ræðir, dýrtíðinni. Hér er aðeins um eðlilega ráðstöfun að ræða, sökum þess að síldveiðarnar hafa brugðizt undanfarin ár. Þessi tvö atriði, sem ég hef nefnt hér, eru tekin upp úr frv. sósíalista.

Ég hef nú sýnt fram á, að frv. þetta tryggir ekki útveginn og læknar ekki dýrtíðina, og engin trygging er fyrir því, að bátarnir fari af stað eftir nýár, þó að þetta frv. verði að l. Þannig standa nú þessi mál, eftir að hæstv. ríkisstj. er búin að velta þeim fyrir sér í 10 mánuði. Tilmæli hafa og borizt frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar sem þess er krafizt, að breyting verði gerð á frv. til að tryggja rekstur þessara fyrirtækja. Ef ekki verður gengið að þeim breytingum, sem fulltrúar hraðfrystihúsanna bera fram, er óvíst, hvort hraðfrystihúsin verða starfrækt í vetur. Þannig eru þessi mál í pottinn búin af hæstv. ríkisstj., að hún hefur enga samvinnu og leitar engra ráða til þeirra aðila, sem eiga hér mestan hlut að máli, og veit hún því ekkert um það, hvernig af reiðir með framkvæmd ákvæða

þeirra, sem þetta frv. felur í sér. Nei, þetta frv. nær hvergi tilgangi sínum sem verðbólgulækning, og aðalinnihald þess er kauplækkun. Með frv. er blátt áfram verið að aðstoða atvinnurekendur til að lækka kaup verkamanna sinna. Það er sett vatn á þeirra mylnu til höfuðs verkamönnum. Lögbundinn réttur verkamanna og verkalýðsfélaga til samninga á frjálsan hátt er af þeim tekinn, og bannað er að greiða kaup, sem verkamenn hafa tryggt sér með harðri baráttu. Hér er höggvið allnærri frumstæðasta rétti mannsins, og finnst mér rétt af alþm. og ríkisstj. að íhuga, hvort ekki sé höggvið of nærri stjórnarskránni með slíkri réttindasviptingu. Á sama tíma og skerða á kjör launþega landsins, er leitazt við að koma árum svo fyrir borð, að eignamönnum verði hlíft við nokkrum verulegum álögum. Má hér minna á, að húsaokrarar sleppa. Lóðir í og við kaupstaði hafa margfaldazt í verði síðustu árin, hafa margfaldazt frá sínu upprunalega verði. Gagnvart þessu er ekkert atriði og engin ákvæði í frv., og almenningur í bæjum landsins er hvergi verndaður gegn slíku okri. Nei, frv. þetta verður til þess eins að stofna vinnufriðnum í landinu í hættu. Frv. er ekki fram komið til að lækna dýrtíðina, heldur til þess að auka ófriðinn í landinu, og í samræmi við þetta eru hér launráð við höfð gagnvart framleiðslustéttum landsins. Stéttaráðstefna sú, sem hæstv. ríkisstj. talaði svo mjög um á tímabili, var ekki kvödd til ráða, og Alþýðusamband Íslands var ekki kvatt til ráða, sem á þó hér mestan hlut að máli og mest undir komið. Ekki Landssamband ísl. útvegsmanna, og ekki samtök hraðfrystihúsanna, sem ég minntist á fyrr í ræðu minni. Allir þessir aðilar hafa lýst sig óánægða með frv. Það er hvort tveggja í senn hroki og fásinna að ætla að leysa dýrtíðina án samstarfs og tillagna frá þessum stéttum. Þetta hafa hæstv. ráðh. raunar viðurkennt. Fyrrgreind félagssamtök eru fólkið í landinu, en allar ráðstafanir, sem gerðar eru gegn vilja fólksins, eru dæmdar til að ónýtast, hvort sem um l. er að ræða eða aðra þvingun. Frv. þetta, ef að l. verður, er því dæmt til ófarnaðar, enda eru mótmæli stéttanna þegar farin að berast.

Hér er umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, þar sem því er hiklaust lýst yfir, að gera verði gagngerar breytingar á frv. á samræmi við till., sem komið hafa frá þessum aðilum. Hér hefur borizt bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, þar sem segir, að frv. nái hvergi tilgangi sínum, og söluskattinum er mótmælt. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lýsir því yfir, að frv. fullnægi ekki kröfum launþega um réttláta eignaskiptingu, og í bréfi Alþýðusambands Íslands segir, að Alþýðusambandið mótmæli harðlega frv. til laga um dýrtíðarráðstafanir, sem ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi. Alþýðusambandið lítur svo á, að með frv. þessu, ef að l. yrði, séu launakjör vinnustéttanna freklega skert, löglegum samningsákvæðum um fulla dýrtíðaruppbót riftað og dýrtíðin jafnframt aukin með ákvæðinu um hinn nýja söluskatt á nauðsynjavörur almennings. Alþýðusamband Íslands skorar því eindregið á Alþingi að fella frv. Iðnnemasamband Íslands mótmælir einnig harðlega frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir og skorar á Alþingi að fella það. Stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík mótmælir harðlega hinu svo nefnda dýrtíðarfrv. ríkisstj. sem tilraun til stórkostlegrar lækkunar á launum launþega og skerðingu á samninga- og samtakafrelsi landsmanna. Fulltrúaráðið vill og leggja áherzlu á það, að með þessu frv. yrðu tugir milljóna króna teknir úr vasa launþega og afhentir stórgróðamönnum og atvinnurekendum í landinu. Þá minnir stjórn fulltrúaráðsins þm. á það, að þeir hafi ekki umboð til þess að ákveða árásir á lífskjör alþýðu, og skorar á öll launþegafélög að vinna ötullega gegn þessum árásum á lífskjör launþegaheimilanna og á Alþingi að fella frv. Þá telur Iðja, félag verksmiðjufólks, frv. vera ósvífna árás á hinar vinnandi stéttir í landinu og skorar á Alþingi að fella frv. Stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar telur frv. þetta ósvífna kauplækkunarárás, þar sem riftað er ákvæðum frjálsra samninga, og skorar á Alþingi að fella frv. Þá er hér bréf, sem stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana hefur sent Alþingi. Stjórnin bendir á, að síðan launalögin gengu í gildi hafi grunnkaupshækkun orðið hjá öllum stéttum þjóðfélagsins, sem samningsfrelsi hafa. Hins vegar hafa grunnlaun opinberra starfsmanna, sem launalögin taka til, ekki verið færð til samræmis við téðar hækkanir. Nú er komið fram á Alþingi frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, sem skerðir mjög laun allra launþega í landinu með því að festa dýrtíðarvísitöluna í 300 stigum og leggja söluskatt að upphæð 3.5% á flestar vörur, án þess þó að taka ákveðið til um það, að vöruverð lækki, hvað þá að stöðva hækkun þess. Og stjórn starfsmannafélagsins mótmælir hvers konar launaskerðingu, sem felst í téðu frv. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram, með leyfi forseta. Svona eru nú fyrstu raddirnar, sem koma frá launþegasamtökunum, og svona hljóða þær, en það kemur meira í kjölfar þessa.

Ég hef áður rætt um skattaákvæði frv., og um eignaraukaskattinn mætti margt segja, en þar er að finna mörg heldur fáránleg atriði, sem koma mjög ranglátt niður á mönnum. Ef maður hefur átt fasteign 1940, þá sleppur hann við eignaraukaskatt, hversu mikið sem eignin hefur hækkað í verði. Aftur á móti verða þeir menn, sem hafa keypt húsnæði með okurverði á tímabilinu 1940—'47, að greiða háan eignaraukaskatt. Þetta var gagnrýnt mjög í umr. í hv. Nd., og þá sérstaklega af hv. þm. A.-Húnv., að athafnamönnum væri refsað svona. Þá er það segja um veltuskattinn, að hann mun verka þannig, að mörg fyrirtæki reyna að telja fram sem minnsta veltu, en hins vegar verður söluskatturinn lagður á alla veltuna. Fyrirtæki, sem hefur 2 milljónir króna veltu á ári, gæti t. d. gefið upp aðeins helming þeirrar upphæðar. Þetta þýðir, að helmingur skatts þess, sem fyrirtækið hefði raunverulega átt að greiða í ríkissjóð, rennur til fyrirtækisins sjálfs. Þannig geta verzlunarfélög stungið í sinn eiginn vasa tugum milljóna króna á ári.

Ég held nú, að ég fari ekki miklu fleiri orðum um þetta mál, en eins og ég sagði í upphafi, flyt ég brtt. við frv., sem enn eru ekki komnar úr prentun. Ef þær brtt. næðu samþykki, þá yrði

þetta frv. raunverulega allt annað frv. Brtt. þessar eru í höfuðdráttum svipaðar þeim, er flokksbræður mínir fluttu í Nd., þegar málið var þar til umr., en þær fela í sér: 1. Að lækkaður verði allur útgerðarkostnaður. 2. Að vísitalan verði fest, án þess að til nokkurrar launaskerðingar þurfi að koma, m. a. með því, að afnumdir séu tollar af nauðsynjavörum. Það hefur verið reiknað út, að þessar ráðstafanir mundu lækka útgerðarkostnað meðalbáts um 50—60 þús. kr., og vísitalan mundi falla niður í 300 stig. Þetta liggur mjög skýrt fyrir.

Ef þessar till. verða samþ., þá mundi hagur útgerðarinnar verða þess vegna töluvert betri heldur en s. l. ár. Þetta mundu því verða raunhæfar till. til þess að aðstoða útgerðina, þannig að hún gæti verið nokkurn veginn örugg um það að verða ekki rekin með halla, nema því aðeins að um aflaleysi væri að ræða, sem ekki verður gert við með neinum mannlegum ráðstöfunum. Og við það, að tilkostnaður útgerðarinnar væri þannig stórlækkaður, bætist, að útgerðin mundi geta búið við raunverulegt 300 stiga verðlag, en það er hins vegar rangt, að útgerðin muni búa við 300 stiga verðlag, þó að þetta frv. stj. verði samþ.

Þegar mínar brtt. koma fram, mun ég ef til vill gera nokkru nánari grein fyrir þeim eða einstökum atriðum þeirra. En ég vildi samt sem áður þegar á þessu stigi málsins skýra hv. d. frá aðalatriðum þeirra, þannig að ekki þurfi að endurtaka það. Og enn fremur mun ég í brtt. mínum taka tillit til óska hraðfrystihúsanna, sem ég tel sanngjarnar og fjárhagslega séð nauðsynlegar til þess, að þau verði rekin. Nú hefur hv. fjhn. ekki tekið tillit til þessara óska. Það má vel vera, að n. sem heild taki eitthvað af þessum brtt. til greina, það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það, og meiri hl. n. mun nú vera að ræða við sjútvmrh. um það. En ef þær brtt. mínar yrðu samþ., þá er frv. í höfuðatriðum komið í rétt horf og tekin þar með upp rétt stefna, þar sem útgerðin yrði í raun og veru aðstoðuð eins og með þarf og vísitalan þá raunverulega lækkuð og lækkun kaupgjalds í krónutali eðlileg afleiðing vísitölulækkunarinnar í samræmi við samninga verkalýðsfélaganna. Þetta mundi líka vera hið eina framkvæmanlega, og það er kannske aðalatriðið, því að það væri í samræmi við vilja þeirra samtaka, sem allt líf þjóðarinnar byggist á.

Ýmis minni háttar atriði eru auk þess í þessu frv., sem vissulega þurfa lagfæringar við, svo sem kaflinn um eignarskattinn, sem er stórgallaður, en hitt, sem ég hef nefnt, eru aðalatriðin.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta mikla mál, sem þjóðin hefur beðið eftir í daga, vikur og mánuði, er nú komið hér til umr. í hv. d., og frsm. n. lýsti því hér yfir og lagði aðaláherzlu á það, að þessu máli yrði að ljúka sem fyrst og helzt í dag, því að ferð félli á morgun til Norðurlands, sem væri síðasta ferð fyrir jól. Það virðist því vera aðaláhugamál hv. frsm. meiri hl. fjhn. að komast heim fyrir jólin, en hitt skipta minna máli, hvort okkar ágæta stjórn situr að völdum til þess að fara með líf þjóðarinnar og afkomu, styðja hana og styrkja á næsta ári. Það er ekkert atriði, hvernig hæstv. ríkisstj. tekst það, heldur hitt, hvort okkur tekst að afgreiða frv. hér frá þessari hv. d. á nokkrum klukkustundum.

Það er ekki meiri alvara gagnvart þessu máli en svo, að enginn úr hæstv. ríkisstj. situr hér undir umr. og sárfáir af þeim hv. þm., sem eiga að gera út um þetta mál. Ég er alveg undrandi yfir þessari meðferð á málinu. Það er vitanlegt, að ekki aðeins veltur líf þessarar ágætu ríkisstj. á því, hvort frv. verður samþ. eða ekki, heldur veltur líf hennar á því, að frv. sé samþ. þannig, að hægt sé að búa við framkvæmd þeirra l., ef frv. verður samþ. Það er hreinn bjarnargreiði við ríkisstj., ef þetta frv. er samþ. úr d. með slíku flaustri, að það sé alveg vitanlegt, að þegar á að fara að vinna undir ákvæðum l., þá sé ómögulegt að starfrækja einn eða annan atvinnuveg í landinu og fyrir það verði ríkisstj. að víkja úr þeim embættum, sem hún á að sitja í og þarf að sitja í til þess að koma atvinnuvegunum í það horf, sem hún þarf að koma þeim. Ég skal þá snúa mér alveg að málinu.

Það hefur líklega ekkert mál komið hér fram á Alþ., sem hefur verið jafn mikið rætt og þetta mál og hefur tekið jafn langan tíma að bæta úr eins og dýrtíðarmál þjóðarinnar. Það er búið í raun og veru að ræða þessi mál síðan 1941, án þess þó að markaðar væru nokkuð ákveðnar og raunverulegar stefnur í þeim málum. Það hefur verið haldið uppi sífelldum auglýsingum um hættuna í sambandi við dýrtíðarmálin yfirleitt. Og í sambandi við dýrtíðina í landinu hefur verið sagt, að hún væri allt niður að keyra allan tímann síðan 1941. En þó hafa engar raunverulegar aðgerðir verið gerðar í þessum málum til þess að draga úr þeirri hættu, sem hinir myrksýnustu menn hafa öll þessi ár talað um. (HV: Það hefur engin stjórn þorað það.) Það hefur engin stjórn þorað það, segir hv. 3. landsk., og skal ég koma að því seinna. Ég er einn þeirra manna, sem hafa haldið því fram, að dýrtíðin væri ekkert böl fyrir þjóðina, á meðan atvinnuvegirnir gætu þolað kaupgjaldið. Og ég tel, að það hafi verið réttar ráðstafanir, sem gerðar voru 1942, þegar sú ákvörðun var tekin að hækka launakjör fólksins í landinu. Ég álít, að það hafi ekki verið stætt á neinu öðru. Það var verið að dreifa gróðanum, sem skapazt hafði í landinu, út til fólksins, sem líka mestur hluti þjóðarinnar hefur haft gott af og langsamlega þó mest fátæklingarnir í landinu, og það tel ég ekki vera neina goðgá.

En það hefur verið einn flokkur í þessu landi, sem sífellt hefur verið að tala um þetta mikla böl þjóðarinnar, dýrtíðina í landinu, og alltaf spáð hruni frá ári til árs allan tímann, og það var einmitt fyrir þessa spádóma og fyrir þessar mismunandi skoðanir á þessum málum, að þrír flokkar, Alþfl., Sjálfstfl. og Sósfl., tóku höndum saman árið 1944 til þess að sanna, að þetta þyrfti ekki að vera neitt böl. Þeir höfðu þá bölsýnisflokkinn á móti sér í landinu, sem að sjálfsögðu taldi það skyldu sína að gera allt til þess, að þær björtu vonir, sem bundnar voru við þessi mál þá, mættu að engu verða, og þetta var hin raunverulega andstaða hér á Alþ. á þeim tíma. En á þess-

um árum er lagður grundvöllur undir framtíð íslenzku þjóðarinnar um mörg ár. Þeir menn, sem héldu uppi verstu hrakspánum, urðu sér til skammar fyrir þær.

En svo kemur annar þáttur, sem aldrei hefur tekizt að fyrirgefa Sósfl., að hann sveik alveg þá samninga, sem hann gerði 1944. Hann lofaði 1944, að hann skyldi sjá um, að haldið yrði niðri dýrtíðinni í landinu, kaupgjaldinu yrði haldið niðri, þannig að atvinnuvegirnir gætu staðið undir því. En þegar menn fara að svikja sín helgu loforð, þá er ekki von á góðu. Sósfl. á því langstærstu sökina á því, hvernig komið er í þessum málum nú. Þeir hlupu frá sínu starfi í ríkisstj. af óverjandi ástæðum, og afleiðingin varð sú, að sú ríkisstj. gat ekki tryggt það, að hin mörgu nýsköpunartæki geti náð þeim árangri, sem búizt var við.

Það var ekki að búast við því, að einmitt þeir menn, sem alltaf héldu því fram, að þetta mikla starf fyrrv. ríkisstj. væri ekkert nema blekking, færu að hjálpa til þess að sýna opinberlega, að það væri veruleiki, en ekki blekking, eins og þeir höfðu alltaf sagt. Hvernig mátti það ske, að þeir tækju þannig á málunum eftir allt, sem þeir höfðu áður sagt og skrifað um nýsköpunina?

Sósfl. var líka bent á þetta á þeim tíma, en þeir vildu ekki trúa því, og þeir eiga fyrst og fremst sökina á því, að ekki varð betri árangur af þessu starfi frá 1940 til 1946 en orðið hefur. Það vekur þess vegna undrun að heyra hv. þm. Sósfl. tala um það nú, að ef þeir hefðu ráðið og fengju að ráða nú, þá væri allt öðruvísi. Hvers vegna vildu þeir ekki halda áfram að ráða þessum málum, þegar þeir störfuðu til þess í ríkisstj.? Trúðu þeir ekki á nýsköpunina í landinu, eða héldu þeir, að nýsköpunin mundi reynast betri, ef hún kæmist í hendur framsóknarmanna, sem alltaf spáðu illa um nýsköpunartogarana? Það er fyrst og fremst sök Sósfl., ef um sök er að ræða, að Framsfl. er kominn í þessa aðstöðu, sem hann er kominn nú.

Nú er svo komið, að ekki verður lengur um það deilt, að kaupgjald í landinu er orðið of hátt til þess, að framleiðslan geti borið það. Og það er, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst fyrir tilverknað Sósfl. Því hefur verið haldið fram, m. a. af hæstv. dómsmrh., að engin þjóð í heimi, sem hann þekkir til, hefði þolað að greiða fulla vísitölu á kaup síðan stríðið hófst, eins og við höfum gert, og býst ég við, að þetta sé rétt. En þetta er ekki þannig á Íslandi. Hér hefur verið hægt og er hægt að greiða vísitölu að fullu, ef ekkert hefði verið gert annað, eins og þegar er búið, að grunnlaun hafa verið tvöfölduð, og svo er borguð full vísitala á þau. Þarna er ekki aðeins um laun verkamanna að ræða, heldur og allra embættismanna í landinu. En það er annað verra, sem hefur komið, síðan þessi hækkun á vinnulaunum varð. Það eru vinnusvikin, sem eru kannske verst þolandi af þessu öllu saman og einnig erfiðust viðureignar. Sé hætt á það að færa grunnlaunin í það horf, sem þau voru fyrir stríð, og greiða fulla vísitölu á það, þá eru ekki vandræði að reka atvinnuvegina. En til þess er aldrei hægt að ætlast, að nokkur atvinnuvegur í nokkru landi þoli stjórnlausa launahækkun, án þess að komi á móti jafn miklar eða meiri tekjur. En verði snúið við á þessari braut, þá koma þeir menn, sem mesta ábyrgðina bera á því, að þannig verður að fara að, og reyna að standa á móti því, sem þeir mega. Þeir munu sjá, hvað það gildir fyrir umboð þeirra í landinu. Og hvort sem þetta frv. fer hér í gegn á Alþ. breytt eða óbreytt, þá hefur það ekki áhrif á meginþátt málsins, að atvinnuvegirnir verða að ganga og þannig, að þeir geti borið sig, og það verður ekki fyrr en búið er að samstilla launakröfurnar annars vegar og tekjur atvinnuveganna hins vegar. Það er eins víst lögmál eins og að vatnið fellur frá fjallshlíðunum niður í sjó.

Atvinnurekendur mættu því með fullum skilningi að láta af hendi ákveðinn og allstóran hlut af sínum tekjum 1942 til þess að bæta kjör fólksins í landinu. Árið 1944 lofuðu fulltrúar í Sósfl., að þetta skyldi tekið til athugunar, þegar þess þyrfti með vegna atvinnulífs þjóðarinnar. En það er eitt af því, sem sá flokkur hefur svikið.

Nú viðurkenni ég, að allur sá áróður, sem haldið hefur verið uppi öll þessi ár af andstöðuflokki þessa máls, Framsfl., hefur gert sitt til þess, að nú er svo komið sem komið er, því að annars hefði verið hægt að ná miklu betri árangri af starfi fyrrv. ríkisstj. En það var allra verst, þegar einmitt sá aðili, sem átti að vera hlynntastur þessu máli, eins og Sósfl. átti að vera vegna launastéttanna, bregzt algerlega og hjálpar til þess, að hinir illu spádómar andstæðinga málsins fengju að rætast, og það verður þjóðin lengi að fyrirgefa þeim, þegar hún áttar sig á því, hvaða óskaplegan glæp þeir frömdu á þeirri stundu.

Í þessu frv. eru ströng ákvæði. Ströng ákvæði geta haft fullan rétt á sér, en það verður ekki hægt að ná árangri, ef í þeim felst óréttlæti. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj., sem ég styð og styð svo vel, að ég vil benda henni á þetta, að hún láti ekki þetta frv. fara í gegn með þeim göllum, sem á því eru. Ríkisstj. verður ekki fær um að framkvæma þau l., ef frv. verður samþ. óbreytt, vegna þess að fólkið álítur ákvæði þeirra l. ranglát og of ströng. Þetta hefur sýnt sig með gerðardómsl. og bannl. á sínum tíma, og það hefur sýnt sig með skattal. Þess vegna er það ekki mælt gegn stjórninni að reyna að fá hana til þess að laga þá ágalla, sem á frv. eru nú, heldur til þess að hjálpa henni að gera þessi l. þannig, að við þau megi una. Ég tel, að það sé mjög óskynsamlegt að ákveða svo fyrir fram, að engu megi breyta, eins og gert er með þetta mál, og því fremur sem það virðist gert vegna þess, að það þarf að hraða svo störfum þingsins, til þess að hv. frsm. meiri hl. fjhn. og aðrir norðanþm. komist heim fyrir jól. Það virðist vera meiri áhugi fyrir því en hvernig tekst að leysa þetta mikla vandamál, sem afkoma og líf þjóðarinnar byggist á að miklu leyti. Ég teldi það enga goðgá, þó að þeir hv. þm. kæmust ekki heim og við yrðum að sitja alla jóladagana og fram yfir nýár, ef hægt væri að ganga þannig frá málinu, að útveginum væri bjargað og því, sem bjarga þarf.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um sjálft frv. Í fyrra um þetta leyti var einnig verið að semja um afkomu eins aðalatvinnuvegar landsmanna, sjávarútvegsins. Þá voru afgr. hér l. um ríkis-

ábyrgð vegna bátaútvegsins. En í því frv. stóð, að samfara því, sem þá skyldi gert, skyldi sett á stofn fjögurra manna nefnd til þess að gera till. í dýrtíðarmálunum, og þær áttu að ráða þá svo miklu í þessu máli, að n. átti að vera búin að skila till. sínum fyrir 1. febr. Þessi n. var skipuð. Hún var skipuð einum manni úr hverjum stjórnmálafl., og í n. voru að minnsta kosti tveir fulltrúar frá sjávarútveginum, einn frá bændastéttinni, kaupmönnum og kaupfélögum sameiginlega, og einn frá verkalýðsfélögunum, og í raun og veru var annar fulltrúinn fyrir sjávarútveginn einnig fyrir verkalýðsfélögin. Fráfarandi ríkisstj. lét aldrei þessa n. byrja að starfa, sem ekki var von. Hún vissi ekkert um, hverjir tækju við, og hún vildi beinlínis ekki láta þessa menn leggja grundvallaratriðið að þessu stóra máli, vitandi ekki, hvaða skoðanir ríkisstj., sem tæki við, hefði á málinu. Og núverandi ríkisstj., sem alveg sérstaklega situr að völdum til þess að vinna bug á dýrtíðinni, hefur aldrei dottið í hug að láta þessa n., sem samkvæmt l. var skipuð til þess, leggja nein grundvallaratriði fram í þessu máli. (**HV:** Það var enginn formaður fyrir n.) Það var að vísu enginn formaður fyrir n., en þó svo hefði verið, er það víst, að hæstv. ríkisstj. gerði ekkert til þess að fá þessa menn sér til aðstoðar. En ríkisstj. gerir annað, hún kallar saman stéttaráðstefnu, og það í raun og veru alveg án þess, að þeir menn hafi nokkurt vald til þess að vinna. Sú ráðstefna starfar án þess, að nokkuð sé talað við þá menn, sem l. samkvæmt voru skipaðir til þess að vinna það verk. Þessi stéttaráðstefna hafði ekki einu sinni umboð frá stéttarfélögunum, en þessir fjórir menn höfðu umboð frá Alþ. til þess að vinna verkið. Og síðan er skipuð sex manna n. til þess að vinna þetta verk, og árangurinn af því starfi er þetta frv., sem hér liggur fyrir. En hvernig er sú n. skipuð? Hún er skipuð þannig, að í henni eru 3 menn af 6 frá kaupfélögunum í landinu, og það sést líka á frv. Þannig eru 3 af 6 mönnum fyrir ákveðna stétt í landinu. Það er enginn fyrir verkalýðinn og það er enginn fyrir sjávarútveginn. Það er einn fyrir alþýðufélögin, bæjarfógetinn í Hafnarfirði. Það er enginn fyrir útgerðarmenn, enda sést það á frv. Það er enginn þar til þess að gæta þeirra hagsmuna, enda verða þeir að rísa upp sjálfir til þess að fá sinn hlut réttan.

Ég hef ekki farið dult með það, síðan þetta mál kom hér fram, að ég er á móti málinu. Ég hef hins vegar ekki tekið upp harðskeytta baráttu í þessu máli hér í hv. d., heldur annars staðar, og orðið vel ágengt í því að færa það til betri vegar, sem sést meðal annars á þeim breytingum, sem gerðar hafa verið.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. tekið að sér að lækka dýrtíðina í landinu, og eru nú liðnir rúmir 10 mánuðir, síðan það var ákveðið. En er nú hæstv. ríkisstj. viss um, að ef frv. nær fram að ganga eins og það er, að hún nái þá sínu marki með því? Ég tala hér ekki sem andstæðingur, heldur sem fylgismaður hæstv. ríkisstj., og þess vegna hef ég verið að benda á ýmsar veilur, sem ég álít, að séu í þessu frv. Og ég tel það skyldu hennar að taka þær aths. til athugunar, ef hún vill þjóðinni svo vel, að hún vilji, að þetta mikla mál komist í gott horf. Ríkisstj. getur yfirsézt við undirbúning l., ef hún hefur ekki nægilega mikið og lifandi samband við það fólk, sem við l. á að búa. Ég held, að hv. frsm. n. ætti að athuga það, hvernig bannl., sem hann lengst af hefur verið umboðsmaður fyrir, var tekið af þjóðinni. (**BSt:** En ég snerist í málinu, þegar ég fékk reynsluna.) Og mér þætti ekki ólíklegt, þótt hann ætti eftir að snúast í þessu máli, ef hann er ekki búinn að því nú þegar.

Ég skal þá koma að IV. kafla frv. Þessi kafli miðast við sjávarútveginn. Nú get ég sagt frsm. n. það, að það er ekkert líklegra en að þann dag, sem þetta frv. verður að l., verði stórútgerðin að stöðva sinn rekstur. Það er ekkert gert í frv. til hjálpar henni. Það er hér um tvennt að ræða, að hafa mennina góða og reka útgerðina með stórkostlegum taprekstri eða að ráðast á fólkið og segja: Við verðum að lækka ykkar laun, eða við verðum að leggja skipunum. Ég er alveg viss um, að ekki hefur verið haft nægilegt samband við þessa menn. Ég tel, að grundvöllurinn fyrir áhættuþóknuninni sé fyrir löngu fallinn burt, en þessir menn hafa sagt: Áhættuþóknunin er ekki þóknun, hún er kjarabætur. Þeir vilja ekki lækka sitt kaup, en útgerðarmenn eiga ekki annars kost en að láta stöðva útgerðina, og getur það kostað þjóðina milljónatap.

Ég skal segja það, að ég er ekki viss um, að búið sé að ganga svo frá málinu enn, að ekki þurfi að gera einhverjar aðrar sérstakar ráðstafanir til þess að halda uppi atvinnulífi í landinu. Það er líka rétt, sem hv. 4. landsk. (BrB) sagði, að frystihúsin geta ekki starfað, ef ekki verður breytt til. Útlenda varan er hækkuð í verði, en þeirra framleiðsla hefur ekki hækkað, og þó að mismunurinn á visitölunni komi þeim í hag, hafa margir útgjaldaliðir orðið miklu meiri, og hér í þessu frv. stendur fyrir mistök ýsuflök í staðinn fyrir löngu flök, en þetta er svo stórkostlegt atriði, að það skiptir tugum þúsunda. Svona mistök kosta það, að það verður að stöðva þessa atvinnu, og ef á að hafa svona stirfni hér að vilja ekki laga slík mistök, þá er ekki hægt að tala um málið hér, og ef menn hafa ekki meiri trú á fylgi málsins í Nd. en svo, að það megi ekki laga atriði, sem eru alveg nauðsynleg, þá veit ég ekki, hvort rétt er að samþykkja frv.

II. kafli frv. er um eignaraukaskatt. Þetta er samkvæmt kokkabókum þeirra Haralds Guðmundssonar og hv. þm. Str. (HermJ) frá 1943. Út af fyrir sig tel ég nú, að þetta sé stærsti bletturinn á frv., og skal færa fyrir því rök.

Ég álít ófært, að þegnar þjóðfélagsins skuli ekki geta treyst löggjöf Alþingis yfirleitt. Þetta var rætt mikið árið 1943, þegar sams konar frv. var hér á ferðinni. Því var lofað á þeim tíma, að ef menn greiddu tekjuskatt, sem lög standa til, þá væru þeir frjálsir. Nú er komið aftan að þessum mönnum og sagt: Nei, þú færð ekki að eiga þetta. — Þetta er svo mikil siðferðileg uppgjöf, að það er undarlegt, að alþm. skuli vilja samþykkja þetta.

Það er farið lengra. Þegar eignakönnunin var samþykkt, var viðurkennt, að það væri síðasta sporið. Þá var fólkinu í landinu boðið upp á það, að ef það bara vildi vera góðu börnin, þá skyldi

það fá fyrirgefningu. Það skyldi fá fyrirgefningu allra sinna synda, ef það bara vildi telja fram. Viðurlögin voru ekki þung. Ríkissjóður vildi taka féð og geyma það, en enginn blettur átti að falla á þá, og þá var viðurkennt, að það væru engin lögbrot að svíkja skatt. En nú, áður en séð er allt það tjón, sem þessi l. skapa þjóðinni, þá er komið og sagt: Nei, nú ætlum við að taka þetta. — Þetta er ekki ólaglega að farið hjá Alþ. í þessu viðkvæma máli. Það getur verið réttlátt að láta l. um eignakönnun ganga fram, en vilja þessir menn ekki athuga, hvað mikið tjón hefur orðið að þeim l. Mest af þeirri peningakreppu, sem við höfum, er afleiðing eignakönnunarl. Það þarf ekki að hafa verið rangt að svíkja skatt, en hver einasti maður, sem ekki vildi trúa Alþ., vildi heldur kaupa allt það rusl, sem fannst í verzlunum, en eiga peningana. Og tómar búðirnar kölluðu á nýjan innflutning, sem ekki var hægt að standa á móti, hvernig sem neitað var í stórráðinu. Það er áreiðanlegt, að þjóðin er ekki búin að bíta úr nálinni með það.

Sumir, sem hafa safnað þessum eignum, sem nú á að taka, eru sjómenn, sem lögðu það á sig á stríðsárunum 1939—1945 að halda uppi ferðum milli Íslands og útlanda. Þeir fengu það loforð, að nokkur hluti launa þeirra skyldi vera skattfrjáls, en það er ekki nema þangað til vindurinn blæs af annarri átt. Nú er það tekið af þeim með hægri hendinni, sem sú vinstri gaf, og það er svo stór smánarblettur, að hann verður aldrei þveginn af. Það er vitað, að þeir, sem heima sátu, nutu góðs af störfum þessara manna, sem lögðu líf sitt og gæfu sinna í hættu, og margir bíða þess aldrei bætur. Nú kemur Alþ., kreppir klærnar og segir: Nú tökum við þetta. — Það er ekki lítið siðferði þetta. Þessir menn búast ekki við öðrum ófriði, enda veit ég ekki, hvernig þeir ætla að koma til þessara manna aftur. Ég ber fram brtt. á þskj. 229 um, að á eftir c-lið komi tveir nýir liðir, er verða d- og e-liðir og orðist svo:

„Fé það, sem greitt hefur verið til sjómanna sem áhættuþóknun á árunum 1940 til 1945, að báðum meðtöldum, og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.“

„Fé það, sem lagt hefur verið í varasjóði hlutafélaga, annarra en þeirra, sem að framan getur, og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.“

Ég hef takmarkað þetta við árin 1940—1945, af því að það voru stríðsárin. Það er ekki farið verr með þá en þjóðina almennt, þó að þeir fái ekki skattfrjálst það fé, sem þeir hafa fengið síðan, þótt það sé talin áhættuþóknun. En það er ekki hægt að reikna eignarskatt af því fé, sem þeir unnu inn á þessum árum. Það getur verið, að þeir hafi haft 150—200 þús. kr. tekjur. Menn vissu það vel, en það var engan hægt að fá til þess að vinna þetta verk nema fyrir þetta. Þeir kunna sumir að eiga allt upp undir milljón. Þeir kunna að hafa orðið að láta lífið síðan og þetta liggi hjá ekkju og börnum. Það er óhuggulegt, að ríkissjóður kemur svo og tekur þetta fé, og ég trúi því ekki, að þessi till. mín verði felld.

Hin till. um fé, sem lagt hefur verið í varasjóði hlutafélaga, var borin upp í Nd. og felld þar. Nú vil ég benda á, að þótt öðruvísi standi á um þetta atriði, er það hreint gerræði gagnvart þessum mönnum, sem lögðu þetta fé í ákveðna sjóði. Þeir hefðu kannske heldur viljað láta það liggja í hlutafélögunum eða reynt að eyða því, en þetta er gert vegna skattfrelsisins. Svo er komið og féð tekið af þeim. En það eru önnur félög, eins og samvinnufélögin, sem eru látin halda skattfrelsinu. Það er gaman að kynna sér, hvaða aðferðir framsóknarmenn hafa tamið sér í baráttunni fyrir skattfrelsi samvinnufélaganna á síðari árum. Það er ekki nema mannlegt, að menn taki upp baráttuna fyrir hagsmunum sínum og annarra, en það hafa ekki verið siðferðilega sterkar aðferðir, sem Framsfl. hefur notað. Ég sé á brtt. hv. 1. þm. N.-M. (PZ), að hann er á þessari skoðun. Aðferðin er sú að ráðast alltaf á Eimskipafélagið til þess að taka af því skattfrelsið. Ég veit ekki, hvort það er meiningin, en það hefur verið gert á þann hátt, að sagt er: Það skal verða lagður skattur á Eimskipafélagið, ef skattur er lagður á samvinnufélögin. Sannleikurinn er sá, að þessu óskabarni þjóðarinnar er haldið á járnteini yfir logandi eldi, og það er sagt við móður þess: Þetta barn verður brennt, ef þið veitið ekki öðrum sömu fríðindi án sömu skyldu. Hvað er óhugnanlegri bardagaaðferð?

Nú vil ég spyrja: Hvers vegna eiga samvinnufélögin að hafa meira skattfrelsi en önnur hlutafélög? Það er vitað, að þau eru góðir verzlunaraðilar. En ef þau væru betri en aðrir, þyrftu þau ekki skattfríðindi. Dæmin sýna sig. Nú er komið svo, að enginn maður hefur getað fengið sement nema að kaupa það hjá S.Í.S. Þar kostar það 316 kr. tunnan, en hjá heildsölum ekki nema 271 kr. Þetta er ekki lítill skattur, en menn eru neyddir til að kaupa sementið þarna, svo að það gangi sem fyrst út. Það eru mörg dæmi um það, að vörur eru ekki ódýrari hjá samvinnufélögunum. Ég sé ekki, hvers vegna þessi félög eiga rétt á meiri skattfríðindum en önnur hlutafélög í landinu. Í hlutafélögunum er ekki hægt að taka út fé nema greiða skatt. Hlutafélögin geta ekki farið út fyrir það starfssvið, sem þeim er ætlað. Þetta hefur verið viðurkennt af hv. þm. S.-M. (EystJ). Þess vegna er þetta fjarstæða. Það stendur nákvæmlega á sama, hvort um hlutafélag eða samvinnufélag er að ræða eða sameignarfélag. Þau geta ekki hreyft sitt fjármagn nema eftir vissum reglum.

Ég ætla hér að benda á það, hvað hæstv. dómsmrh. (BBen) sagði um þessi mál hér á þingi 1943. Þá var þetta til umr., og ætla ég að benda á það, hvaða álit hann — einn af allra mestu lögfræðingum landsins — hafði á þessu. Hann segir:

„Vil ég nú þegar gera þann fyrirvara, að ég mun ef til vill síðar leita forsctaúrskurðar um þetta frv., þar sem ég tel það áhorfsmál, hvort ekki sé með því verið að brjóta í bág við stjórnarskrá landsins, því að ég efast um, að ákvæði þessa frv. rúmist innan þeirra takmarkana, sem nú gilda í stjórnarskrá vorri um skattaálagningu.“

Hann tekur svo djúpt í árinni, að hann ætlar að leita forsetaúrskurðar um, hvort ekki eigi að vísa málinu frá. Hann segir enn fremur: „Ef menn geta ekki fengið að ráðstafa því fé í sæmilegu trausti og byggt á því framtíðaráætlanir sínar, þá er algerlega kippt grundvellinum undan

því efnahagsskipulagi, sem við búum nú við, og ef menn vilja halda því, þá mega þeir ekki viðhafa aðferðir, sem miða ekki að því að byggja það upp, heldur að því að rífa það niður og stofna til enn meira öngþveitis en verið hefur fram að þessu. Ég tel það vera stórhættulegt, ef sú trú kemst inn hjá mönnum, að það fé, sem er skilið eftir hjá þeim af skattheimtunni, megi þeir ekki í fullu trausti skoða sem eign sína og ráðstafa því samkvæmt því, heldur kunni að koma til þess, að löggjafarvaldið átti sig mörgum árum síðar á því, að það hafi skilið of mikið eftir í höndum einstaklinga og muni því ráðlegast að taka nú meira af því."

Við skulum nú halda áfram og sjá, hvað hann segir við atkvgr. Þar hafði verið borin fram brtt. af *hv.* þm. S.-Þ. (*JJ*) um, að miðað væri við 60 þús. í stað 100 þús. Þá segir hæstv. dómsmrh.:

„Ég tel, að þetta frv. fái ekki staðizt fyrir dómstólunum og verði talið koma í bág við stjórnarskrána og vil láta uppi óbeit mína á því athæfi, sem hér fer fram, og segi því nei."

Þetta sagði hann. Ég verð að segja, að það er ekki aðeins kaldhæðni örlaganna, að þessi sami maður skuli nú bera fram þetta frv. hér sem dómsmrh., það er ömurlegt hlutskipti manns, sem hefur fyrir eitthvað annað orðið að láta af sinni skoðun. En svona fer, þegar farið er til annarra eins okurkarla og þeirra, sem hafa lánað honum. [frh.]

Forseti (BSt): Brtt. á þskj. 229, 230, 231 og 232 eru of seint fram komnar, og þarf afbrigði fyrir því, að þær komist hér að og verði ræddar og til þess að þær megi ganga undir atkv. Leita ég þeirra afbrigða hér með.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Útbýtt er enn fremur á fundinum brtt. á þskj. 235, 236, 238 og 242. Það þarf einnig afbrigði til þess, að þessar brtt. geti komizt að til umr. og orðið bornar undir atkv.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson [frh.]: Herra forseti. — Ég hafði lýst hér nokkuð brtt. minum á þskj. nr. 229 við 2. gr. frv., A 1—2, en B-liður sama tölul. brtt. er í raun og veru afleiðing af því, að ef þessar tvær brtt. í A-lið væru samþ., þá er rétt að breyta einnig tilsvarandi málsgr., sem B-liður er um. — Þegar frv. þetta kom fyrst fyrir flokkana, þá var þessi kafli frv. nokkuð á annan veg heldur en nú og miklu ósanngjarnari á allar hliðar. Það var fyrir harðskeytta baráttu utan þessara þingsala, að þessum kafla hefur verið breytt þannig, að hann er nú, þrátt fyrir alla ágalla, miklu aðgengilegri en áður var. Hafa þar mestu um ráðið sterk rök þeirra manna, sem sáu, hver voði var fyrir höndum, ef frv. hefði verið samþ. óbreytt, og ekki sízt sá djúpi skilningur, sem hæstv. sjútvmrh. hafði á þessu máli, og sú barátta, sem hann hóf innan hæstv. ríkisstj. til þess að fá fram komið nauðsynlegum og sanngjörnum breyt. Veit ég, að þar hefur hann viljað koma meira fram, en fyrir ofríki þeirra manna, sem hafa haft um þetta allt annað sjónarmið, hefur honum ekki tekizt meira en raun er á, og hafa þar ráðið langmestu allt aðrar lífsskoðanir þess flokks, sem hefur það að kalla má á stefnuskrá sinni, að allir menn í landinu séu svo fátækir, að þeir eigi helzt ekki spjarirnar utan á sig. Í Tímanum hafa þessir menn lofað Guð fyrir það, að Íslendingar hafi enga milljónamæringa átt fyrir stríð. — Það, sem á hefur unnizt hér til umbóta þessu frv., er, að einmitt þeir aðilar, sem eru stoðir undir atvinnuvegunum, þeir hafa fengið mjög miklu meiri fríðindi en ætlað var í upphafi. Þetta mikla fé, sem tekið er með eignaraukaskattinum, átti að fara í framkvæmdasjóð allt, en um það hefur nú verið *breytt ákvæðum frv., þannig að helmingurinn af* því verður látinn renna í afla- og hlutatryggingasjóð. Þetta fékkst fram fyrir djúpan skilning hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. á þessum málum gegn vilja Framsfl. — Og hvað er svo framkvæmdasjóður ríkisins? Nú eiga menn að greiða atkv. um, að þessi mikli skattur eigi að fara að hálfu í framkvæmdasjóðinn. Hann var stofnaður 1942 með 8 millj. kr. tekjuafgangi frá 1941 og ⅝ hlutum af tekjuafgangi frá 1942. Hlutverk sjóðsins var að koma upp nauðsynlegum framkvæmdum, sérstaklega til þess að stofna nýjar framleiðslugreinar fyrir landbúnaðinn, svo sem til framleiðslu á áburði og fleira, sem landbúnaðurinn þyrfti til ræktunar landsins, og til þess að fjölga býlum í sveitum landsins, til að byggja verkamannabústaði, skipasmíðastöð, lýsisherzlustöð o. s. frv. Til hvers hefur svo þessum sjóði verið varið? Hve miklu af nýjum framleiðslugreinum hefur verið komið upp fyrir þetta fé? Bókstaflega engri. Það er búið að greiða 28 millj. kr. úr þessum sjóði til báta, en það er ekki ný framleiðslugrein. Og tveim millj. kr. hefur verið varið úr þessum sjóði til ýmislegs í sambandi við landbúnað. Hitt allt, það nýja og stóra, er eftir, en fé sjóðsins allt er upp étið. Og þó að þessar stóru fúlgur, sem hér er gert ráð fyrir, að renni í þennan sjóð, geri það, þá býst ég ekki við, að það verði annað en eyðslufé fyrir þjóðina, vitanlega eitthvað til gagns. Hins vegar, ef það tekst að borga helminginn af þessu í afla- og hlutatryggingasjóð, þá er ákaflega mikið unnið með því spori. En það hefur tekið harða baráttu að fá Framsfl. til að ganga inn á það.

Þá skal ég nokkuð ræða brtt. á þskj. 229 varðandi 6. gr. frv. Í 4. tölul. 6. gr. frv. er ætlazt til þess, þegar reiknuð er út lokaeign, að skip verði reiknuð með kaskóvátryggingarverði. Þessi regla fyrir útreikningi er fjarri allri sanngirni. Það þarf ekki að vera um neina eign að ræða hjá manni, þó að hann hafi vátryggt einhvern hlut með einhverju verði. Og sérstaklega er það svo oft viðkomandi skipum, að það er krafa frá bönkunum um að hafa vátryggingarverð skipanna svo hátt sem hægt er til þess að tryggja bönkunum, að þeir fái skuldir greiddar, sem þeir eiga hjá eigendum skipanna, ef óhapp hendir. Þetta er svo frámunaleg regla, að eiga að reikna verð skipa þannig til eigna í þessu sambandi viðvíkjandi eignaraukaskatti, að ég er hissa á því, að nokkur skuli geta hugsað sér að reikna þennan

skatt af þeim vátryggingarhluta á þessum skipum, sem fram yfir er raunverulegt verðmæti þeirra. — Ég hef því borið fram brtt. um, að þessu verði breytt þannig, að skip verði reiknuð á bókfærðu eignarverði, án tillits til vátryggingarupphæðar, enda hafi skattanefndir viðurkennt það mat skipanna við framtal.

Hér í 2 tölul. 6. gr. frv. er til tekið, að það eigi að reikna til eignar fasteignir, sem skattþegn hefur eignazt á árunum 1946 og 1947, með 500% álagi. En slíkt er ekkert grundvallaratriði í sambandi við eign manns, hvenær maður hefur eignazt eignina. Hér hefði í raun og veru ekkert átt að gilda annað en fasteignamat, nema kannske að einhverju leyti að taka tillit til þess, að fasteignamatið er ekki almennt miðað við sömu upphæð og eignarverðið. En þá hefði átt að hafa þann umreikning hóflegan og eins um allt landið. Nei, nú er allt annað eftir þessu frv., ef þetta ákvæði þess verður að l., að eiga eign í Reykjavík en í Fossvogi eða úti á Seltjarnarnesi gagnvart reikningi á fasteignum við þetta framtal. Þetta er ekki sanngirni, það sér hver maður. Ég hef lagt til, að þessu verði breytt þannig í 2. tölul., að ef skattþegn hefur eignazt fasteign árið 1945, 1946 eða 1947, þá skuli fasteignamatsverðið teljast með 400% álagi, og er þó boginn með því spenntur of hátt.

Það er líka óskaplega mikil fjarstæða, sem fram getur komið eftir ákvæðum þessara l., t. d. ef maður á eign, sem er 200 þús. kr. virði að fasteignamati í dag, og segjum, að hún sé ekki metin nema á 200 þús. kr. til lokaframtals. Svo selur hann eignina daginn eftir, og hann getur fengið fimmfalt eða sexfalt verð fyrir hana á við fasteignamatsverð. En hann er skattfrjáls með þessa verðhækkun, bara ef selt er eftir að búið er að meta eignina, og þá sleppur hann við eignaraukaskatt af þessu, nema ætlunin sé, að fram komi einhver nýr tekjuskattur í landinu og þetta væri byrjunin á því að ákveða, hvenær sem mönnum sýndist, nýjan eignaraukaskatt í landinu. Og þá eru það ekki bara þessir stóru menn, þessir glæpamenn, sem virðast vera álitnir, sem ekki hafa eytt öllu sínu fé, sem verða fyrir barðinu á Alþ. Þá yrðu það líka smælingjarnir og aðrir, sem nokkuð hafa á milli handa. Það er nú byrjað á þessari stefnu hér með söluskattinum, sem hér liggur fyrir. Og ef haldið væri langt út á þessa braut, þá færi það líkt og ef farið væri í fjós fátæks manns, sem ætti aðeins eina kú, og hún skorin niður í stað þess að láta hana mjólka. Það verður kannske sagt, að ég tali í þessu máli fyrir milljónamæringana. En þessi stefna er verst fyrir þá fátækari — nema menn ætli að stefna að því að koma öllum atvinnurekstri undir ríkið. En þá höfum við nærtækt dæmi, sem er Landssmiðjan, sem hefur verið stórkostlegur baggi á ríkinu öll þessi ár, sem hún hefur verið starfrækt, meðan önnur sams konar fyrirtæki rétt við hliðina á henni hafa blómgazt sem hinir stærstu skattþegnar. Það væri heldur huggulegt, ef ætti að koma öllum rekstri í landinu í sama horf og rekstur Landssmiðjunnar hefur verið í undanfarið. — Guð hjálpi þá verkalýðnum í landinu, sem þá ætti að sækja lífskjör sín undir þessa sömu menn.

Ég hef borið hér fram brtt. við 9. gr., þar sem segir: „Lífsábyrgð, útborguð í lifanda lífi, fallinn útborgaður arfur og dánargjafir skulu dragast að hálfu frá lokaeign.“ Ég legg til, að í stað orðanna „að hálfu“ í 2. málsl. komi: að fullu. Hvaða vit er nú í svona ákvæði? Hvers vegna ekki annaðhvort ekkert eða allt? Og lífsábyrgð, sem borguð er út í lifanda lífi, er ekki skattskyld, og úr því að hún hefur ekki verið skattskyld, þá er að sjálfsögðu engan veginn rétt að láta hana koma undir þennan skatt. Sama er náttúrlega með fyrirframgreiðslu upp í arf, það á ekki að koma undir þetta, það á að greiða af því fé erfðaskatt, en ekkert þar fram yfir. Ég hef því lagt til, að þetta falli niður. Þó er enn broslegra það, sem kemur næst í gr. Þar stendur: „Fyrirframgreiðsla upp í arf á árunum 1946 og 1947 leggist við lokaeign þess, sem greiðsluna innti af hendi, en dregst frá hjá viðtakanda, sem þó ber ábyrgð á greiðslu skattsins.“ Nú vil ég taka dæmi: Hugsum okkur mann, sem á 1600000 kr. og 6 börn og lætur 600000 kr. á árinu 1946 í fyrir fram greiddan arf til sinna barna, en heldur sjálfur eftir 1. millj. kr. Út á þetta á hann fyrst að greiða 145000 kr. fyrir þessa 1 millj., sem hann á, og 180,000 kr. í viðbót fyrir fé, sem hann ekki á lengur. Síðan færist þetta á þessi 6 börn, sem hvert hefur fengið 100,000 kr., og á að takast hjá þeim. Nú skulum við hugsa okkur, að þetta séu börn, sem eru að mennta sig og nota féð til að vera í erlendum skóla í 5—7 ár. Hann á að vera gjaldandi fyrir þetta hér. En til hvers er þetta gert? Er þetta gert til þess að geta tekið 180000 kr. af þessari eign í staðinn fyrir að taka 15000 kr., ef börnin greiddu það sjálf hvert um sig? Það er ekki óhugguleg meðferð þetta hjá hæstv. Alþ. Ég mundi ekki öfunda skattheimtumenn af því að ná slíkum gjöldum eins og þessum, ef þessi dæmi kæmu fram. Ég hef því lagt til að þetta félli niður.

Við 12. gr. hef ég lagt til, að aftan við gr. bætist ný málsgr., er orðist svo: „Í byrjun hvers mánaðar, eftir að verðlagsuppbót hefur verið greidd í fyrsta skipti samkv. lögum þessum, skal útgreidd verðlagsuppbót lækka um 1 stig. Vinnuveitandi greiði þó, þar til öðruvísi verður ákveðið, verðlagsvísitölu á laun samkvæmt fyrirmælum 1. málsgr. þessarar gr. Mismuninum skal varið til niðurgreiðslu á neyzluvörum landsmanna fram yfir það, sem nú er greitt úr ríkissjóði.“ Ef það er alvara hjá ríkissjóði að koma niður dýrtíðinni í landinu, þá er það eina ráðið að fara inn á eitthvað, sem aftur fer að lækka dýrtíðina, en ekki eiga á hættu, að hún haldi áfram upp á við aftur. Eina ráðið er að lækka þannig annars vegar kaupgjald og hins vegar auka kaupmátt launanna með því að lækka vöruverð í landinu. Ég geri ráð fyrir því, að það verði kannske eins með þetta eins og margt annað, að það þyki ekki tímabært að ræða það nú, en mér þótti rétt að láta þetta sjónarmið koma fram, og það verður sjálfsagt tekin upp barátta fyrir því að stöðvast ekki hér, heldur halda áfram, þangað til náðst hefur samræmi milli atvinnuveganna annars vegar og kaupgjaldsins hins vegar.

Á þskj. 231 hef ég borið fram brtt. við 13. gr. um það, að taka skuli upp almennt 48 klst.

vinnuviku án sérstakrar launahækkunar. Á þessum tímum hefur verkalýðurinn í landinu fengið samninga, þar sem vinnuvikan er ákveðin 48 klst. á viku eða 8 klst. á dag, en hjá ýmsum öðrum stéttum landsins er það ekki svo. M. a. hefur verið gefin út reglugerð, þar sem segir, að menn skuli ekki vinna nema 6 klst. á dag. En það er ekki af því, að þeir vinni ekki lengur, því að þeim eru gefnir 4—6 tímar í aukavinnu á dag með 50—100% hærri launum, og dæmi eru til um það, að kennarar, sem ekki vinna nema 24 klst. á viku — það hefur sýnt sig í fjárl., að þessir sömu menn hafa unnið aðrar 24 klst. á viku. Það er komið svo, að einn kennari við menntaskólann hefur yfir 60000 kr. í laun yfir árið, af því að hann vann meiri vinnu en reglugerðin ákvað. Það, sem er orðið eitt aðalmeinið í sambandi við dýrtíðina, eru vinnusvikin. Menn vilja ekki vinna fyrir þau laun, sem þeir hafa fengið, enda er það svo, að því var lýst yfir við fjvn. af forstöðumönnum einnar stofnunar, að þeir geti ekki fengið fólk til að vinna, fyrr en komin er eftirvinna. Það þarf ekki annað en að líta á póst og síma. Það var strax heimtað að fá reglugerð um það, að þessir menn skyldu ekki vinna nema 6 klst. á dag. En það er áreiðanlegt, að fólkið í landinu sættir sig ekki við það að eiga að vinna 48 klst. á viku og fá lækkuð laun, á sama tíma og aðrir fá tækifæri til þess að vinna aðeins 6 klst. á dag og halda að mestu leyti sínum launum og fá sínar uppbætur að auki á margvíslegan annan hátt. Það er meginatriðið í þessu máli, að það sé hafizt handa um að ráðast á þetta atriði, að koma í veg fyrir vinnusvik og heimta meiri afköst af fólkinu, en borga því sæmileg laun.

Ég hef hér einnig á þskj. 229 borið fram brtt. við 15. gr. frv., um, að á eftir orðunum „til þess að færa niður“ í upphafi 1. málsgr. komi: „útlánsvexti og.“ Hljóðar þá greinin þannig: „Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til þess að færa niður útlánsvexti og verð á hvers konar vörum o. s. frv.“ Ef allir aðilar í landinu eiga að fórna, og það finnst mér vera kjörorð í þessu máli, það er ætlazt til að eignamenn fórni stórkostlegum upphæðum, og er ekkert við því að segja, en þá eiga a. m. k. þeir, sem hafa breiðu bökin í þessu landi, að fórna, og það eru sannarlega bankarnir. Það er ekki hægt að krefjast þess, að útvegurinn, sem er að stöðvast af fátækt og á hvíla drápsklyfjar í vöxtum, m. a. má benda á einstök frystihús, sem hafa orðið að greiða á þessu ári á annað hundrað þúsund krónur í vexti, það er ekki hægt að krefjast þess, að þau fórni í þessu tilfelli, ef bankarnir vilja ekki fórna, þeir verða einnig að fórna einhverju af sínum vöxtum almennt. Fyrir stríð voru innlánsvextir 4%, þeir eru nú 1½% og og sums staðar ekkert. Þá voru útlánsvextir 6%, nú 5%. Hvers vegna þessi mismunur? Ég veit, að það er talað um að hækka innlánsvexti. Hvers vegna? Af því að féð er flúið frá bönkunum, en það er ekki vegna framleiðslunnar, heldur fyrir aðgerðir Alþingis, eignakönnunina. Féð var ekki flúið áður. Það er eingöngu af umtali, að féð er flúið frá bönkunum. Það verður því að vera tvímælalaus krafa, að bankarnir, sem hafa grætt milljónir, og hafa sumir ekki farið betur með það fé en t. d. Búnaðarbankinn að reisa fyrir það milljónahöll, sem Framsfl. hefði einhvern tíma ásakað aðra fyrir, ef pólitísk aðstaða hans hefði verið sú, að hann hefði getað það, — að þessar stofnanir fórni einhverju af vöxtum sínum. (**HermJ**: Bankinn var húsnæðislaus.) Hann hefði ekki þurft að fara í slíka höll. Bankanum hefði verið nær að sinna þörf bænda og verja því fé til þess heldur en að leggja það í þessa byggingu. Hæstv. menntmrh. sagði hér í gær í útvarpsræðu sinni, að það hefði verið alveg sérstaklega Framsfl., sem hefði tekið að sér mikið björgunarstarf í gjaldeyris- og verðlagsmálum. Ég vænti þess, að hann taki að sér þetta björgunarstarf að sjá um, að vextir verði lækkaðir. Hann talaði um, að það ætti að láta endurskoða verðlag á öllum sviðum, það hefði verið gert mjög mikið að því og það yrði haldið áfram að gera það. Það væri þá æskilegt, að hann beitti sér fyrir, að uppfyllt yrðu þau loforð, sem hann gaf til þjóðarinnar í gær. Hann sagði, að höfuðverkefni núv. stjórnar, og þá sérstaklega Framsfl., væri að binda nú þann draug, sem hefði verið vakinn upp — dýrtíðardrauginn. Mér varð þá á að spyrja: Var það fyrsta ólin til að binda drauginn að flytja inn 100 bíla til S.Í.S.? Ef öll reipi verða fléttuð úr slíku efni, þá fær hann áreiðanlega lengi að dansa, dýrtíðardraugurinn hér á Íslandi, og það mætti sjálfsagt segja um þá menn eins og einn af kommúnistunum sagði nýlega: Hvað varðar þá um þjóðarhag?

Í b-lið sömu brtt. hef ég lagt til, að komi ný málsgr., sem hljóðar þannig: „Ef sannað verður, að verk, sem unnin eru í ákvæðisvinnu, eftir að lög þessi öðlast gildi, gefa verksala hærri launatekjur en 25% yfir gildandi grunnlaunataxta, að viðbættri verðlagsvísitölu samkv. 12. gr., skulu verðlagsyfirvöldin lækka greiðsluna niður í þá upphæð.“

Þetta er eitt af því, sem er mjög mikið mein í þjóðfélaginu í dag. Stéttirnar margar hverjar, m. a. bílstjórastéttin, múrarastéttin og ýmsar aðrar, hafa neitað að hlíta þeim samningum, sem gerðir hafa verið, — neitað að hlíta verðlagsákvæðum verðlagsstjóra og krafizt að fá að vinna verkið í ákvæðisvinnu og tekið fyrir það fjórfalt verð. Þetta er gersamlega óþolandi. Ef á að leggja hér byrðar á ákveðnar stéttir, t. d. verkamannastéttina og launþega, þá ber skylda til þess að laga þessi mál. Ég skal benda á eitt dæmi. Það hafa verið tekin stór skip til að flytja síld norður á Siglufjörð fyrir 5500 kr. á dag. Á sama tíma hefur síldarverksmiðjustjórnin orðið að beygja sig undir það að greiða 680 kr. fyrir einn bíl á sólarhring fyrir að flytja síld á milli skipa. Hvernig halda menn, að það sé hægt að bjóða þjóðinni þetta, á sama tíma sem verið er að skera niður laun verkamanna? Það er því alveg ófrávíkjanleg krafa til stjórnarinnar, að þetta mál verði lagað. Þetta fyrirkomulag er búið að kosta framleiðsluna hér í Rvík milljónir undanfarin ár. Þá er brtt. við 18. gr., að orðin „þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs.“ í 1. málsl. falli niður. Þetta átti aldrei að vera í frv. og er komið inn fyrir misgáning. Það er verið að ábyrgjast kr. 1.33 í frv. fyrir frosinn

fisk og á ekki að vera nein takmörkun þar á frekar en á nýjum fiski. Það kemur ekkert málinu við, þó að kostnaður frystihúsanna sé meiri. Það er ekki greitt nema 1.33 fyrir pundið, en ef kostnaðurinn fyrir ríkissjóð verður meiri heldur en 35 aurar á pund, þá kemur það ekki frystihúsunum við. Það hefur aldrei verið ætlazt til, að það yrði þeirra tjón. Hitt er annað mál, að það eru engin líkindi til, að það verði. Þá er brtt. á þskj. 232, einnig við 18. gr., að í stað orðsins „ýsuflökum“ í 1. málsl. komi: lönguflökum. Einnig þetta orð er komið inn fyrir misgáning. Þegar samið var um það í fyrra, að gefa út þessa löggjöf, þá var ákveðið með reglugerð, að ýsuflök skyldu greidd miklu hærra verði, því að bolfiskur kostaði sama, en svo koma umbúðir, vinna o. fl., svo að það er óhjákvæmilegt fyrir frystihúsin að fá meira verð fyrir þetta, svo að ég geri ráð fyrir, að það verði að taka þetta til greina. Ég hef einnig óskað eftir að bæta aftan við gr.: „Ríkissjóður greiði ábyrgðarverðið eigi síðar en 3 mán. eftir, að varan er tilbúin til útflutnings.“ Kemur þetta vegna þess, að þegar ríkissjóður er raunverulega orðinn seljandinn, þá er ekki óeðlilegt að haga þannig til, að varan sé tekin a. m. k. ekki seinna en 3 mánuðum eftir að hún er tilbúin og greidd þá fullu andvirði. Skyldi þetta ekki takast, getur ríkissjóður hliðrað svo til fyrir þessi fyrirtæki, að þau fengju lánað út á þessa vöru allt að því ábyrgðarverð. En á því hafa verið mjög mikil vandkvæði á yfirstandandi ári, að bankarnir vildu lána út á ríkisábyrgðina. Þeir hafa að vísu lánað 60—80% út á vöruna, en út á ríkisábyrgðina hafa þeir ekki viljað lána. Þessu þarf að kippa í lag, ef ekki verður samþykkt það, sem ég hef hér talað um.

Þá hef ég borið fram brtt. við 22. gr. á þskj. 229, að í stað orðanna: „og er ríkisstjórninni heimilt“ í 1. málsgr. komi: enda sé aðilum heimilt að selja vörur sínar sjálfir, ef þeir eiga þess kost að fá þannig hærra verð fyrir þær, og ríkisstjórninni. Eins og nú er, er svo að segja hver einstaklingur útilokaður frá því að selja vöruna. Það er með löggjöf á margvíslegan hátt hver einasti íslenzkur verzlunaraðili þvingaður út úr því að selja íslenzkar afurðir og þvingaður inn á að selja aðeins aðflutta vöru, sem er ákaflega óheppilegt fyrir þjóðina. Ég gæti lagt fram mörg dæmi um það, að einstaklingar hefðu getað náð betri tilboðum í vörur en ríkisstj., en ekki fengið að selja, og þeir hafa stundum háð harða baráttu við viðkomandi n. eða stjórn til þess að fá að selja, en stundum alls ekki fengið það. Ég veit, að hæstv. dómsmrh. hefur einmitt lagzt mjög mikið með því, að þessir aðilar fengju að selja fyrir hærra verð, en samt sem áður standa hér svo fast að ákveðnir aðilar, sem þykjast hafa einkarétt til þess að selja þessar vörur, að þeir hafa sagt, að þetta komi ekki öðrum við en þeim sjálfum, og hafa krafizt þess af ríkisstj., að hún gæfi opinbera yfirlýsingu um, að engum manni mætti koma til hugar að bjóða íslenzkar afurðir, hvað þá selja. En ef einstaklingar ná hæsta verði, þá er sjálfsagt að hafa svo rúmt þetta atriði, að þetta sé ekki bundið við einokun. Það er ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. á hverjum tíma vilji láta ákveða, að þessi vara skuli seld fyrir ákveðna mynt, en þá er hægt að segja: Við krefjumst, að þið seljið vöruna fyrir þetta verð, — en neita svo ekki viðkomandi aðila um að fá að taka hæsta tilboði. Slíkt siðferði sem hér tíðkast í verzlunarmálum getur ekki leitt til blessunar fyrir neina þjóð.

Þá er brtt. við 27. gr., að aftan við gr. bætist nýr málsl., er orðist svo: „Framlengingargjöld og stimpilgjöld af slíkum lánum greiði lánveitandi.“ Ég tel það algerlega óviðunandi fyrirkomulag, að víxlar séu framlengdir um 1—2 mánuði, þegar bak við það standa veð eins og framleiðslan, og viðkomandi aðili látinn borga vexti, síðan framlengingargjald og stimpilgjald til ríkissjóðs, vitandi það, að ríkissjóður verður að hjálpa þessum mönnum, og sé því sjálfsagður hlutur að haga þessu þannig. Þá mundi viðkomandi lánsstofnun hliðra sér hjá að vera að framlengja víxla þrítugasta hvern dag. Auk þess vil ég, að hér komi fram sá skilningur, að framleiðslulánin séu ekki eingöngu til sjávarútvegsins, heldur og til allra iðjuvera, sem standa í sambandi við sjávarútveginn, eins og t. d. frystihús, og yfirleitt til sjávarútvegsframleiðslunnar í heild. En ég hygg, að töluverður misbrestur hafi verið á, að þetta hafi verið þannig skilið. Sama er að segja um yfirdrátt í sambandi við togarasölur. Ég hygg, að bankarnir hafi reiknað fulla yfirdráttarvexti, þó að hér sé ekki um annað að ræða en rekstrarlán til útvegsins. Þessu verður að kippa í lag.

Við 46. gr. hef ég gert þá brtt., að gr. orðist þannig: „Söluskattinn er óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða að taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun. Er skatturinn frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur.“ Þetta er raunverulega að setja á gamla veltuskattinn, eins og hann var, að því undanteknu aðeins, að nú er ætlazt til, að skatturinn verði frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur. Það er ekki frambærilegt að setja þennan skatt á þjóðina, eftir að búið er að framkvæma ýmislegt, sem hér hefur verið gert. Það er fyrst og fremst rétt að setja skattinn á fyrirtækin. Hvað sem hver segir, eru það verzlunarfyrirtækin í landinu, sem hafa fleytt rjómann ofan af þessi ár, og hvað sem annars má segja á móti þessum skatti, þá er það víst, að hann hefur einn stóran kost. Hann þvingar viðkomandi fyrirtæki til þess að lækka rekstrarkostnað sinn, og þeir, sem ekki gætu gert það, yrðu að fara út úr verzluninni. Þessi skattur á aldrei að vera greiddur af neinum öðrum en fyrirtækjunum sjálfum. Það á ekki að leggja hann á þjóðina. Ég fæ ekki séð, hvernig hæstv. menntmrh. ætlar að telja nokkrum manni trú um, að það séu rök, að veltuskatturinn gamli hafi verið skattur um 500 kr. á hvert heimili, en komi ekkert við þau nú. Það hafa alltaf verið falsrök, að skatturinn komi ekki á fólkið. Sá arður, sem greiddur er úr samvinnufélögunum, er tekjur fyrir fólkið, sem hefur bundizt samtökum um að verzla í ákveðnum verzlunarfélögum. Það eru því hreinar verzlunartekjur, og þeir, sem ekki eru meðlimir í félögunum, hafa engar tekjur af að verzla þar. Þarna er því m. a. verið að greiða gjald af því, sem aðrir keyptu. Hér er því lagt til, að skatturinn verði lagður á fyrirtækin. Ég hefði

haft tilhneigingu til að ræða meira um þetta atriði, en hef lofað hæstv. forseta að stytta mál mitt og fer því ekki út í það.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum till. mínum og skal því láta máli mínu lokið að þessu sinni, en vonast til þess, að hv. fjhn. og hæstv. ríkisstj. sýni ekki þá þröngsýni í afgreiðslu þessa máls, að hér séu ekki sneiddir af verstu agnúarnir, sem eru á málinu, þeir agnúar, sem ég er alveg viss um, að verða til þess að skapa ríkisstj. miklu meiri örðugleika, ef hún lætur þá standa í frv., heldur en nokkur okkar, sem styðjum hana, ætlar, að þeir hefðu gert.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá fjhn. (sjá þskj. 245) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skal ekki fara mikið út í þetta mál almennt, enda þótt ástæða sé til þess. Þetta er 2. umr., og þá er mönnum ætlað að halda sér meira við einstakar gr. heldur en málið í heild.

Ég flyt hér nokkrar brtt. á þskj. 230, og þær eru nú fram settar til þess að sýna í aðalatriðum, hvernig ég hefði heldur óskað, að þetta væri í frv. En þó er það svo, að nokkru fleira hefði ég viljað breyta en hér er fram tekið, og mun ég kannske gera það við 3. umr., ef ég sæi, að einhverjar af þessum till. mínum næðu fram að ganga.

Það gæti nú verið ástæða til þess að svara einhverju af því, sem hv. þm. Barð. sagði, en þó vil ég láta hjá líða að svara því, þar sem hv. frsm. n. mun gera það. Ég vil aðeins benda honum á þann reginmun, sem er á samvinnufélögum og öðrum félögum í landinu. Samvinnufélög safna sjóðum, sem eru eign viðkomandi héraða um tíma og eilífð og ekki er hægt að gera neitt við, eins og oft er gert við ýmsa sjóði annarra félaga.

Hvað mínar brtt. snertir, þá er sú fyrsta við 2. gr., og er hún í mörgum liðum. Það er fyrst og fremst, að nú er gert ráð fyrir í frv., hvað gert verði við þann skatt, sem lagður er á samkv. II. kafla og kallaður er eignaraukaskattur. Ég vil fella þau ákvæði burt þar, en taka þau upp í annarri mynd síðar í frv. Ég kem að því, þegar sú brtt. mín kemur fyrir, sem er seinust.

2. brtt. er sú að fella það burt úr gr., að Eimskipafélag Íslands hafi skattfrelsi. Það er nú svo, að þótt það megi segja, að Alþ. og þeir, sem hér eru, hafi ráðið mestu um að hleypa dýrtíðinni af stað, þegar ákveðið var að greiða 100% vísitölu á kaupgjaldið, þá er þar næst Eimskipafélagið, sem með okri sínu á farmgjöldum hefur hleypt verðlaginu upp, og það á ekki að sleppa við þennan aukaskatt. Ef nokkuð væri gert, þá ætti að láta það fá hærri skatt en alla aðra í landinu fyrir þetta okur á farmgjöldum og hvernig það hefur notað aðstöðu sína hér til að græða sjálft og láta dýrtíðina þjóta upp í landinu.

Þá legg ég til í þriðja lagi undir c-lið, að eignaraukaskattur, sem lagður er á eignaraukningu yfir 1 millj., sé 40% í stað 30%. Þeir, sem hafa grætt 2 millj. á þessum árum, eiga þá eftir 1½ millj. kr.

Síðasta brtt. við 2. gr. er á þá leið, að í staðinn fyrir að láta eignaraukaskattinn hjá þeim, sem stunda sjávarútgerð, samvinnufélögum og einstaklingum, vera í tveimur „skölum“, sem eru 5—10%, geri ég ráð fyrir einum „skala“ með 5%.

Næsta brtt. er við 3. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að ef maður hefur haft „negatíva“ eign í byrjun tímabilsins, 1. jan. 1940, þá sé hann settur á = 0, þ. e. enga byrjunareign. Ef hann er búinn að borga upp „negatívu“ eignina og er svo í gróða, þá á hann samkv. minni till. að borga af öllu, líka því, sem hann hefur varið til að borga gamlar skuldir. Þetta var við 3. gr.

Það er um grundvallarmismun að ræða í II. kafla, enda felli ég niður bæði 5.—6. og 7. gr. Ég byggi á því, eins og eignaraukaskatturinn er hugsaður í l., að þá er í fyrsta lagi mjög erfitt og flókið að finna hann. Það þarf að fara í gegnum framtöl manna öll árin frá 1939 til 1948 og það líka meðtalið, því að ekki er bara tekin lokaeignin, eins og hún er, heldur eins og hún getur verið vegna kaupa á tímabilinu. Ég geri þetta auðveldara og gef lokaeign upp eins og hún er í lok tímabilsins. Ég vil láta skattanefnd meta lokaeign í hverju umdæmi. Eins og nú er gert ráð fyrir í l., þá er það eignakönnunarnefnd ein, sem gerir allt saman. Það er að vísu vikið að því á tveimur stöðum, að skattan. eigi að hafa með höndum viss möt, en ekki safna framtölum eða koma þeim á framfæri. Það er ekki einn stafur um það í l. Ég vil láta skattan. í einstökum umdæmum framkvæma þetta eftir ákveðnum reglum og halda áfram að meta fasteignir með fjórföldu fasteignamati. Fasteignir eru víða seldar með hærra verði, allt upp í tífalt. — Ég tel ekki, að miða eigi við það, heldur það, sem við getum hugsað okkur, að verði stöðugt, þegar allt er komið í eðlilegt ástand í landinu. Það má deila um, hvort það á að vera fjór- eða fimmfalt, en ég er þarna með að hafa það fjórfalt. Ég vil ekki sérstaklega íþyngja mönnum. Ég veit, að það er fjöldi manna, sem kemst í skattinn, sem ekki mundi vera annars. Tel ég sjálfsagt, að hús, sem metið er á 50 þús., yrði þá 200 þús. Húsin yrðu þá meira virði, ef seld yrðu, heldur en áður og því m ira virði að krónutali heldur en áður var. Með þessum eignaraukaskatti, eins og ég hef hugsað mér hann, kemst undir hann heill hópur af mönnum, sem ekki kæmust undir hann eins og hann er í frv. Þar að auki er hann auðveldari í framkvæmd eins og ég hugsa mér hann heldur en hann er í frv.

Ég tek svo fram í þessari gr., að skip skuli metin á vátryggingarverði, og tel ekki koma til mála að meta skipin á því verði, sem er bókfært í reikningum eiganda. Hann hefur fengið að skrifa svo niður nú síðustu árin, að það er ekkert hóf á. Hann má afskrifa skipin niður í eins árs afskrift. Það eru ekki fá skip, sem geta ekki afskrifað sig meira, af því að þau eru komin niður í það verð. Hins vegar eru þau seljanleg fyrir miklu hærra verð. Þessar afskriftir hafa komið fram fyrir þá breyt., sem Björn Ólafsson gerði á sínum tíma, aðallega vegna nýrra skipakaupa, sem þurfti að afskrifa fljótt. Þeir hafa líka fengið í l. að fá til frádráttar, ef þeir hafa þurft að láta gera við skipin, og þannig getað lækkað svo, að skipin

hafa farið niður í reikningsverð, sem kemur ekki til neinna mála. Þá er enn fremur tekið fram, að vörubirgðir skuli vera með kostnaðarverði og aðrar eignir með gangverði ÷ 30%, sams konar mínus og var yfirleitt á fasteignum, þegar þær voru metnar árið 1939. Þá voru þær 65—70% af því, sem þær seldust fyrir. Ég tek svo fram, að ég ætlast til, að skattan. í hverju umdæmi framkvæmi þessi framtöl og geri upp lokaeign manna, svo og að þeir geti kært og fengið það leiðrétt, en hvergi er gert ráð fyrir því í frv., heldur eigi þeir bara að sætta sig við það.

5., 6. og 7. gr. legg ég til að fella niður, en vil gera smábreytingu við 9. gr., sem ég hef beðið n. að athuga vel. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að verða ágreiningur um hana. Hún er um breyt. á því, hvernig orðuð er síðasta setningin í 9. gr., þannig að á eftir orðunum „einstakra manna“ bætist: á árinu 1947. Þetta er um gjafir til einstakra manna, sem nema meira en 1000 kr. Til hvers er þá að eiga þær, ef þær leggjast ekki við eignir mannsins, sem fékk þær, heldur þess, sem gaf? Nú vil ég spyrja þá, sem hafa samið þetta frv., hvernig þeir hugsi sér, að eignakönnunarn. fari að, ef einhverjum 60 ára manni hefði verið gefið gullúr kannske af mörgum. Ætlar hún þá að reyna að finna, hvað hver einstakur gaf í því? Það er fyrir sig að reyna með síðasta ár, 1947, til þess að komast hjá því, að menn síðustu daga ársins fari að gefa sínum vandamönnum til þess að losa sig undan að lenda í eignaraukaskattinum. Ég get nefnt annað dæmi. Það voru hjón, sem giftu sig í fyrra og bjuggu heima hjá foreldrunum. Það var ótalmörgum boðið, og var ætlunin að gefa þeim húsgögn í stofu, en af því að þau gátu ekki fengið innbúið, var horfið frá því og skotið saman peningum, og voru þeim gefnar 40 þús. kr. Hver vill taka að sér að rekja, hvað hver gaf, og færa það hjá honum, en ekki hjá þeim, sem þáðu? Þetta er alveg óframkvæmanlegt, og enginn tekur það að sér að hnýsast eftir þessu, alls enginn.

6. brtt. er við 11. gr., en hún er um það, að lokaeign skuli gerð upp af skattan. og skattstjórum í hverju umdæmi. Það getur verið, að tímatakmörkunin til 1. júlí 1948 sé of naum. Ég get búizt við því, að þar sem málið er ekki fyrr á ferðinni en þetta og þar sem eignakönnunareyðublöðin eru ekki gerð með það fyrir augum að fá þær upplýsingar, sem þarf, þá sé vafasamt, hvort ekki þarf að búa til ný eyðublöð, og þá get ég vel búizt við því, að þetta tímabil sé of stutt. Ef til vill getur eignakönnunarn. ekki verið búin að reikna út skattana og athuga, hvað hann verður í hverju einstöku umdæmi, fyrr en í október.

Þá kem ég að III. kafla í þessum l. Þar er gert ráð fyrir því að festa vísitöluna, sem megi borga kaup út á. Þetta er gert í þeim tilgangi að létta kaupgreiðslu á atvinnuvegum landsmanna. Það liggur í hlutarins eðli, að ef grunnkaup hækkar um það, sem þessu nemur, þá kemur sú lækkun, sem hér er átt við, ekki að neinu gagni fyrir atvinnuvegi landsins. Þess vegna legg ég til, að ný gr. bætist þar inn í, sem banni hækkun á grunnkaupi á árinu 1948. Ég tel það nauðsynlegt, ef l. eiga að koma að tilætluðum notum, vegna hinna sífelldu kauphækkana nærri því mánaðarlega undanfarin ár. Ég veit vel, að þessi grein á ekki frekar en aðrar brtt. mínar fylgi að fagna hjá ýmsum, þó að allir sjái og viðurkenni, að eigi sá tilgangur að nást, sem ætlazt er til með frv., þá er þessi grein nauðsynleg.

8. brtt. er við 15. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir, að nú er ætlazt til, að ríkisstj. geti með reglugerð lækkað húsaleigu allt að 10%, þá geri ég ráð fyrir, að húsaleigan megi lækka um 20% frá því, sem nú er. Það er tífalt hærri húsaleiga, sem borguð er sums staðar, heldur en þar, sem borgað er minnst. Ég tel, að þeir, sem leigja í þeim húsum, sem hátt eru leigð, geti tekið á sig meiri byrði heldur en 10% lækkun á sinni húsaleigu og það sé óhætt að hafa þessar tölur 20% minnst.

Þá er það við IV. kafla. Grundvallarmunur milli mín og frv. byggist á því, að ég vil ekki láta ríkissjóð taka neina ábyrgð á vöruverði, en í staðinn vil ég láta ríkissjóð fá heimild til að verðbæta þær að ákveðnu verðmarki. Höfuðmismunurinn liggur í þessu, að ég vil láta ríkissjóð hafa leyfi til að verðbæta vörur, ef þær seljast ekki fyrir það verð, sem er tiltekið í greininni, en ekki ábyrgjast verðið. Í því sambandi skal ég geta þess, að ef inn á það sjónarmið yrði farið, þá mundi ég bera fram brtt. við 21. gr., sem ég hef ekki gert till. um á þessu skjali. Það þarf að koma inn í gr. föstu verði eins og með fiskinn og heimild til bóta, en ekki eins og gr. er nú.

Um V. kafla, sem er um aðstoðarlán til útvegsmanna, hef ég ekki gert neina brtt. Ég vil þó segja það, að ég tel það vafamál, hvort síldarútvegsmenn muni þurfa á aðstoð að halda, og efast um, hvort sú aðstoð kæmi að fullu gagni. Ég held það hafi ekki verið athugað, hvort ekki væri eins gott að gefa þeim eftir lán frá því í hittiðfyrra. Það réttir þá frekar af heldur en að taka ný lán og standa undir þeim. Ég hef ekki gert við þetta neina brtt. Það er nú svo með ýmis stærstu mál þingsins, að þeim er hraðað svo, að það er varla tími til að skrifa brtt. á milli umr.

Við VI. kafla hef ég ekki flutt brtt., en flyt aftur á móti gagngerar brtt. við VII. kafla. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir að leggja á söluskatt, sem liggi á verzluninni, iðnaðinum og ýmsum fyrirtækjum, sem hafa menn í sinni þjónustu. Með þessu móti á að finna fé til þess að standa undir þeim ábyrgðum, sem á ríkissjóð kunna að falla vegna útflutningsafurða, er seljast undir ábyrgðarverði. Mér er illa við þennan skatt og vil taka fé á annan hátt, sem ég legg til í 15., 16. og 17. brtt. minni. Þar legg ég til, að í stað söluskattsins komi gjaldeyrisskattur, sem nemi 8% af öllum gjaldeyri, sem seldur er í landinu. Þessi skattur yrði mjög léttur í innheimtu, því að ég geri ráð fyrir, að bankarnir innheimti skattinn, um leið og þeir selja gjaldeyrinn, og skili skattinum síðan til ríkissjóðs, og sé þeim að öðrum kosti óheimilt að selja gjaldeyrinn. Nú geta komið til landsins gjafavörur og vörur, sem menn hafa keypt utanlands fyrir gjaldeyri, sem þeir hafa smyglað út úr landinu. Legg ég því til, að tollyfirvöld skuli ekki afgreiða neinar vörur úr tolli, fyrr en þau hafa sannfærzt um, að af þeim hafi verið greiddur gjaldeyrisskattur. Hafi

skatturinn ekki verið greiddur, skal áætla verð varanna, og skal þá viðtakandi greiða gjaldeyrisskattinn til tollyfirvaldanna. Þá legg ég til, að vöruverð megi aðeins hækka um helming skattsins, eða 4%, við það, að skattur þessi er lagður á. Samkv. frv., eins og það nú liggur fyrir, virðast mér byrðarnar, sem lagðar eru á verzlunarstéttina, nánast engar, en með því að láta hana bera helming gjaldeyrisskattsins, fengi hún líka sinn bróðurpart.

Þá hef ég lagt til, að tekinn verði í lögin nýr kafli, um verðuppbætur. Legg ég þar til, að því fé, sem inn kemur samkv. VI. og VII. kafla þessara l., skuli varið til að verðbæta útfluttar vörur og greiða niður vöruverð. Enn fremur, að þeim tekjum, sem ríkissjóður fær vegna eignarauka-skattsins, verði varið til að efla þá sjóði, sem sérstaklega er ætlað að lána ódýr lán til framleiðslunnar, og skulu tekjurnar skiptast milli þessara sjóða eftir því, er Alþingi síðar ákveður. Ég þarf ekki að útskýra fyrir hv. þm., hvernig ástand hinna ýmsu sjóða, sem lána eiga til framleiðslunnar, er nú. Það er ákveðið í l., að stofnlánadeildin eigi að lána til sjávarútvegsins, en stofnlánadeildin er nú tóm. Það er ákveðið í l., að lána megi manni, sem byggir í sveit, allt að 75% af byggingarkostnaðinum. Búnaðarbankinn á að afhenda þessi lán, og ríkissjóður á að greiða bankanum, en hefur ekkert greitt. Það er enn fremur ákveðið í l. að lána byggingarfélögum í bæjum og kauptúnum. Ekkert fá þau. Þá er enn ákveðið að lána bændum, sem byggja útihús eða rækta, og þessi lán á ræktunarsjóður að veita. Ríkissjóður átti að borga ræktunarsjóði ½ millj. kr. á þessu ári og 10 millj. kr. í stofnfé, en hefur ekkert greitt. Milli þessara lánsstofnana vil ég, að Alþingi skipti eignaraukaskattinum.

Þá hef ég í aðalatriðum gert grein fyrir brtt. mínum, og skal ég því ekki lengja mjög mál mitt, en vildi bæta því við, að ég tel alveg nauðsynlegt, að í frv. séu einhver ákvæði frekari en nú er um það, hvernig menn eigi að hegða sér, ef mönnum þykir einhver af þeim sköttum, sem nú er lagður, vera ranglátur. Þeir þurfa þá að geta fengið það leiðrétt og þurfa að vita, hvernig þeir eiga að bera sig að því. Ég hafði hugsað mér að bera fram um þetta ákveðnar brtt. við 3. umr., og hef nú gert hreint fyrir mínum dyrum með því að benda á þetta. Ég mun nú ljúka máli mínu, og býst ég ekki við að tala aftur í þessu máli. Ég vil taka það fram, að ég tel alveg nauðsynlegt að festa verðbólguna, og það er gert með þessu frv. og er spor í rétta átt. Það er einnig nauðsynlegt að hjálpa sjávarútveginum. Það er líka reynt með þessu frv., en ég tel, að betur hefði mátt fara að. Og ég tel mikla vöntun, að grunnkaup skuli ekki fest, því að án þess geta allar þessar dýrtíðarráðstafanir orðið að engu og allt runnið út í sandinn.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Í sambandi við afgreiðslu þessa máls gerðist hér í þessari hv. d. nokkuð óvenjulegur atburður í gærkvöld, sem sé sá, að allir hæstv. ráðh. mættu hér við umr. Það er nokkuð sjaldgæft að sjá ríkisstj. fylkja liði hingað í deildina, og bendir þetta til, að mikils hafi þótt við þurfa, og það því fremur, sem fjórir ráðherranna eiga sæti í hv. Nd. og lögðu þó á sig þetta ómak. En það eru ekki allir dagar hátíðisdagar, og minna sést nú til hæstv. ríkisstj., þótt málið sé enn til afgreiðslu og umr. um það hafi staðið í mestallan dag. Ráðherrarnir hafa varla sézt, og sem stendur er enginn þeirra viðstaddur. Ég mun þó leyfa mér að vitna í nokkur ummæli þeirra frá því í gærkvöld, enda þótt þeir séu ekki við til þess að hlusta og þá til að svara fyrir sig. En áður en ég kem að ummælum hæstv. ráðherra, þá vil ég víkja nokkrum orðum beint að frv.

Það hefur verið haft mjög á orði af hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. forsrh., að mjög hafi verið vandað til undirbúnings frv. Það sést þegar á I. kafla, þar sem byrjað er á því að gefa skilgreiningu á því, hver tilgangurinn með frv. sé. En tilgangurinn er þessi, eins og stendur í 1. gr., að frv. sé flutt og þessi lög eigi að setja „til þess, að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar.“ Eins og þetta er hér sett fram, virðist tilgangurinn ákaflega góður og nauðsynlegur, og gera má ráð fyrir, að samkomulag yrði milli flestra um samþykkt þessa frv., ef það í raun og veru væri líklegt til að ná þessum yfirlýsta tilgangi eftir réttum leiðum. Það er því rétt að rekja nokkuð, á hvern hátt ákvæði frv. eru líkleg til að ná þeim tilgangi, sem svo fagurlega er dreginn upp í 1. gr.

Við skulum fyrst athuga, hvaða ráðstafanir gegn verðbólgu og dýrtíð felast í frv. Það eru vafalaust ákvæði III. kafla, sem ríkisstj. ætlast til, að séu skilin sem barátta gegn dýrtíðinni, í fyrsta lagi það að lækka vísitöluna um 28 stig, eða, eins og upplýst hefur verið, um 8½%. Jafnframt hefur verið farið um það mörgum orðum, og hæstv. forsrh. lagði á það sérstaka áherzlu, að samhliða þessu ættu verðlagsyfirvöldin að láta vöruverð lækka að sama skapi, og hefur hann, eins og hann sagði í gær, látið reikna út áhrif þessa til lækkunar vöruverðs og taldi vonir til, að vöruverðið gæti lækkað um 3½%. Hæstv. forsrh. sagði aðeins, að vonir stæðu til, að vöruverðið gæti lækkað, sem þessu næmi. Það er augljóst, og hefur komið fram í umr., að bæði eru örðugleikar á að reikna út áhrif vinnulauna á vöruverð, og einnig eru miklir möguleikar fyrir þá, sem upplýsingar eiga að gefa í því sambandi, að dylja þetta og koma í veg fyrir lækkun vöruverðsins, svo þó að vilji væri fyrir hendi, mundi þetta verða torvelt í framkvæmd og ef til vill til einskis gagns. Auk þess er vitað og hefur komið fram í umr., að áhugi hæstv. forsrh. á því að lækka laun er meiri en á því að lækka vöruverð, þannig að ef nokkru ætti að slá föstu um þessa vöruverðslækkun, þá er augljóst, að hún mundi í framkvæmdinni verða lítil eða engin í höndum þessarar ríkisstj. En höldum okkur við þann fræðilega möguleika hæstv. forsrh., að hægt væri á grundvelli þessara l. að lækka vöruverðið um 3½%. Önnur ákvæði leiða til aukinnar verðbólgu og verðhækkunar, sem er meiri en hin hugsanlega lækkun vöruverðsins. Þessi ákvæði felast t. d. í VI. kafla, þar sem allir þeir tollar, sem lagðir voru á nauðsynjavörur á síðasta

þingi, eru framlengdir. Þótt ekki séu gerðar nýjar ráðstafanir til hækkunar, þá er haldið við þeirri hækkun vöruverðsins, sem gerð var á síðasta ári. Og í raun og veru er gert meira en viðhalda hækkuninni, því að með hækkuðu vöruverði á aðfluttum vörum vaxa líka áhrif tollahækkunarinnar, og felur þetta því í sér áframhaldandi verðhækkun vörunnar, þ. e. a. s. aukna verðbólgu. Auk þessa er svo söluskatturinn. Hann nemur samkv. frv. 3½% eða sömu upphæð og hæstv. forsrh. upplýsti, að í hæsta lagi væri hægt að lækka vöruverðið um, þannig að þótt sú verðlækkun yrði, mundi henni verða gereytt með söluskattinum. En ég vildi benda á það, að sá skattur hækkar vöruverðið meira en um 3½%, því að hann getur hæglega lagzt á oftar en einu sinni. Það má gera ráð fyrir, að iðnfyrirtæki kaupi erlent hráefni af heildsala. Hann leggur á það 2%. Síðan vinnur iðnfyrirtækið úr hráefninu og selur framleiðslu sína til smásala og leggur á hana 1½%, og síðan selur smásalinn neytendum vöruna með 1½% álagningu. Þannig verður söluskatturinn auðveldlega 5%, og það er hægt að hugsa sér möguleika fyrir því, að um enn fleiri milliliði yrði að ræða og skatturinn hækkaði enn, t. d. að iðnfyrirtækið seldi framleiðslu sína til heildsala og heildsalinn síðan til smásala, og væri skatturinn þá orðinn 7%. Það er að minnsta kosti alveg augljóst, að ákvæði VI. og VII. kafla frv. hafa í för með sér hækkun vöruverðs, sem er meiri en lækkunin, sem gæti orðið samkv. III. kafla. Með öðrum orðum, að frv., sem sagt er, að miði að því að lækka verðbólguna, stefnir beinlínis að því að auka hana, þetta er ekki hægt að hrekja. Viðvíkjandi dýrtíðinni, sem frv. er ætlað að vinna gegn samkv. 1. gr., þá liggur það fyrir samkv. III. kafla, að það á að lækka kaup um 8½%. Hins vegar leiða ákvæði frv. til þess, að vöruverð hækkar og verðbólga vex, þ. e. a. s.: dýrtíðin eykst. Sá, sem fær minni laun, en býr við hækkað vöruverð, á erfiðara með að kaupa nauðþurftir sínar. Það þýðir, að dýrtíðin hefur vaxið. Ákvæði frv. ganga því á móti því, sem í 1. gr. er talinn tilgangurinn með flutningi frv.

Þá er tekið fram, að frv. sé og flutt til að tryggja rekstur útvegsins. Það munu vera ákvæði IV. kafla, sem eiga að miða að því, eða ákvæðin um ríkisábyrgð á bátafiskinn. En það er vert að minna á, að þetta ákvæði er komið inn í frv. eftir till. okkar sósíalista. Það er till. um það verð til sjómanna og útvegsmanna, sem kallað var Ákaverð og Morgunblaðið skrifaði um á sinni tíð og fordæmdi sem allt of hátt. En ríkisstj. hefur séð sig tilneydda að taka það upp, og er þetta ákvæði gott, það sem það nær. En það er tæplega nægilegt til að tryggja rekstur útvegsins, þó að þetta eina atriði úr till. okkar sé tekið upp, en öðrum sleppt, sem miðuðu að því að draga verulega úr rekstrarkostnaði bátaútvegsins og lækka dýrtíðina með raunverulegum hætti. Það hefur greinilega komið fram í ræðu ráðh. að rekstur útvegsins er alls ekki tryggður með þessum ráðstöfunum. Hins vegar felast ákvæði í frv., sem geta leitt til þess, að útvegurinn stöðvist, en þar á ég við launaskerðinguna í III. kafla. Það er engin ástæða til að ætla annað en að launþegasamtökin reyni að hindra slíka árás á kjör sín eins og felst í þessum kafla.

Þess er skammt að minnast, hvernig fór í sumar, þegar tollahækkunin kom til framkvæmda, þ. e. a. s. stjórnin varð að lúta í lægra haldi fyrir verkalýðssamtökunum, þegar skerða átti lífskjör almennings. Verkalýðsfélögin munu svara á sama hátt nú, og sú barátta getur bæði orðið löng og hörð og leitt til stöðvunar í lengri eða skemmri tíma.

Aftur á móti hef ég ekkert getað fundið í þessu frv., sem miðar að því að auka framleiðsluna, enda virðist ríkisstj. hafa annað frekar á stefnuskrá sinni heldur en auka framleiðsluna og tryggja þar með atvinnu í landinu, og má í því sambandi benda á, að fjárhagsráð er nú þegar orðið allþekkt fyrir neitanir sínar, og virðist stefna þess vera beinlínis sú að skapa atvinnuleysi í landinu. Sama má segja um ríkisbankann, hann er orðinn allkunnur fyrir að neita um nauðsynleg rekstrarlán fyrir útveginn og þar með að koma í veg fyrir nýja og aukna framleiðslu. Það er sem sagt ljóst, að tilgangur stjórnarinnar er ekki að skapa atvinnuöryggi og auka framleiðsluna, heldur stefnir hún að því að ráðast á lífskjör almennings með launalækkun og hækkuðu vöruverði. Það fór heldur ekkert leynt í ræðum ráðherranna, að þeim óx í augum, hvað alþýðan í landinu býr við góð kjör, og aðalatriðið var að rýra þessi kjör og það sem allra fyrst. Þetta var niðurstaða ríkisstj., þegar hún fór loks að semja sitt frv. Og fyrsta atriðið í þessari niðurstöðu var það, að hjá launalækkun yrði ekki komizt. Hæstv. menntmrh. lagði áherzlu á, að laun manna yrði að skipuleggja, þannig að þeir fengju ekki meira en vinnan gæfi af sér. Hæstv. ráðh. útskýrði það ekkert nánar, hvernig það mætti verða, að verkamenn fengju meira en vinnan gæfi af sér. Nú er það kunnugt, auk þess sem það kom greinilega fram í ræðu dómsmrh., að þjóðarauðurinn hefur vaxið mikið á síðustu árum, — ég held, að hann hafi tekið upp orð skáldsins, þar sem það segir, að síðustu 7 ár jafngildi áður 7 öldum í þessu tilfelli. En hvernig hefur þessi auður orðið til? Er það ekki fyrst og fremst vegna þess, að vinnuafl fólksins hefur verið hagnýtt? Jú, það er sannarlega hið vinnandi fólk í landinu, sem hefur skapað þennan auð, en hins vegar hefur ekki nema brot af þessum verðmætum lent hjá fólkinu, sem skapaði þau. Það er því firra að halda því fram, að vinnufólk landsins hafi fengið hærri laun en vinnan gaf af sér. Þetta getur líka verið svar við þeim ummælum þm. Barð., þegar hann segir, að öll ógæfan stafi af grunnkaupshækkunum og að eina leiðin sé að færa niður grunnkaup, því að ég vil spyrja þm. Barð., hverjum beri bætt kjör, ef það er ekki fólkinu, sem skapar verðmætin, og sömuleiðis vil ég mótmæla ummælum þessa hv. þm. um hin geysilegu vinnusvik, eins og hann orðaði það.

Hæstv. dómsmrh. talaði mikið um, hversu miklar kjarabætur verkamenn hefðu fengið, fyrst hefðu þeir fengið vísitöluuppbót, þá grunnkaupshækkun og svo vísitöluhækkun á grunnkaupshækkunina. Það var að heyra á ráðh., að verkamönnum hafi verið gefið þetta af náð, en nú væri

svo komið, að þjóðarbúið gæti ekki lengur staðið undir þessum náðargjöfum, og nú yrði að halda til baka. Ég vil nú minna á í þessu tilefni, að verkamönnum hafa ekki verið gefnar þessar kjarabætur. Nei, þvert á móti. Þeir hafa orðið að sækja þær sjálfir og það með harðvítugri baráttu. Það hefur hvað eftir annað átt að skerða hlut verkamanna, og má í því sambandi minna á gengislækkunina 1939, gerðardómslögin alkunnu frá 1942 og svo tollahækkunina, sem samþykkt var á síðasta þingi. En verkamenn hafa brotið þetta á bak aftur, og þeir munu enn standa saman um það að láta ekki ráðast á lífskjör sín og rýra þau að ástæðulausu. — [Fundarhlé.]

Þegar ég lauk máli mínu fyrir fundarhléið, hafði ég með tilvitnunum í ræður ráðherra allra stjórnarflokkanna sýnt fram á, að allir þessir flokkar eru sammála um, að lífskjör alþýðunnar séu allt of góð og miklu betri en þjóðfélagið hafi ráð á og því sé það sérstök nauðsyn vegna atvinnuveganna að ráðast á þessi lífskjör. En það kemur einnig glöggt fram af ræðum ráðherranna, að allir stjórnarflokkarnir eru sammála um, að í þessu frv. felist árásir á lífskjör almennings, en þó sé þar allt of skammt gengið. Hæstv. forsrh. talaði um það klökkum rómi, að samkvæmt þessu frv. væri aðeins farið með vísitöluna niður í 300 stig, gerðar hefðu verið kröfur um miklu meiri lækkun, en horfið hefði verið frá þeim kröfum vegna óvissu um það, hvort þær mundu ná fram að ganga. Forsrh. lýsir því þar með yfir, að mikill vilji hafi verið fyrir hendi til að fara með vísitöluna miklu lengra niður, en hætt hafi verið við það vegna þess, að stjórnin hafi verið í óvissu um, hvort þær kröfur næðu fram að ganga, m. ö. o., stjórnin hafi ekki þorað þetta, sem hana langaði þó mest til. Hæstv. menntmrh. kom einnig inn á þetta og lýsti yfir því, að eftir allar bollaleggingar og útreikninga ríkisstj. hefði komið í ljós, að ekki hefði verið hægt að fara svo langt, að endarnir kæmu saman fyrir bátaútveginn, þ. e. a. s. stjórnarflokkarnir vildu færa vísitöluna svo langt niður, að útgerðin gæti farið af stað, en þá kom það í ljós, að áhrif vísitölunnar einnar á rekstrarkostnað báta voru svo lítil, að ekki var hægt með vísitölulækkun einni að tryggja útveginn, jafnvel þótt hætt yrði algerlega að bæta vísitölunni við. Og því lýsir hæstv. ráðh. yfir því, með þessari líka hryggð, að ekki hafi verið hægt að láta endana ná saman fyrir útgerðina. Hann vantaði sannarlega ekki viljann, en hann komst að þeirri leiðinlegu niðurstöðu, að þetta væri ekki hægt, og að verkafólk og launamenn mundu aldrei sætta sig við þann niðurskurð vísitölunnar, sem til þess hefði þurft. Hæstv. utanrrh. gaf einnig þá játningu, að sér félli langverst kaflinn um fiskábyrgðina, og vildi hann ganga svo langt í niðurskurði vísitölunnar, að ekki þyrfti neina ábyrgð, en svo langt taldi hann, að ekki væri þó hægt að komast í einum áfanga, eins og hann orðaði það. Sem sagt, allir stjórnarflokkarnir hafa gefið yfirlýsingar um, að *í þessu frv. sé allt of skammt gengið í þá átt, að gera árásir á launastéttirnar og lífskjör almennings*, en þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé heppilegt né hægt að ganga lengra að svo stöddu vegna fólksins sjálfs, og því hefur það orðið að samkomulagi hjá þeim að fara ekki lengra í þessum áfanga. Takist hins vegar að sætta alþýðuna við þennan fyrsta áfanga, þá er áreiðanlega vilji fyrir hendi að leggja upp í annan áfanga og taka þá stærra skref en þessir flokkar hafa nú þorað að taka. Sem sagt, nú liggur fyrir í ræðum ráðherranna og fulltrúa allra stjórnarflokkanna játning um, að þeir hafi mjög þráð að stíga stærra skref til árása á lífskjör íslenzkrar alþýðu, en þeir þorðu ekki að taka stærra skref núna í þessum áfanga, en eru að þræða sig áfram. Þetta er síðasta tilraunin, eins og hæstv. utanrrh. komst að orði, til þess að sætta alþýðuna við árás á lífskjör hennar. Ef sú tilraun tekst, á að halda áfram að vega í þann knérunn. En það er nú að mínu áliti nokkurn veginn gefið mál, hvert svar verkalýðsins verður. Hann mun ekki nú fremur en áður taka slíkri árás þegjandi. Hann mun treysta samtök sín og beita þeim fyrir sig til að hrinda árásunum eins *og fyrr, eins og t. d. fór um tollahækkunina á síðasta þingi.* Ég þori að slá því föstu, að styrkleiki verkalýðsins er nú eins og þá nægilega mikill til að láta þessa tilraun mistakast, eins og tollahækkununum var hrundið í vor og gerðardóminum á sínum tíma, á sama hátt og komið var í veg fyrir gengislækkun og niðurskurð á vísitölugreiðslum á árunum 1939—1942. Þegar róðurinn er hertur gegn alþýðunni, er alþýðan samtaka. Það kom skýrt fram í ræðu hv. 4. landsk. í dag, að verkalýðurinn og samtök hans ætla ekki að taka þessari árás þegjandi og hljóðalaust, og um afstöðu Sósfl. gagnvart þessu frv. og stefnu þess þarf ég ekki að fjölyrða. Því hefur verið lýst rækilega, bæði í umr. í Nd. og í þessari hv. d. í gærkvöld og einnig af hv. 4. landsk. í framsöguræðu hans á fundi hér í dag. En það vil ég aðeins segja, að sósíalistar munu nú eins og áður standa með verkalýðnum í baráttu hans fyrir því að hrinda þessum árásum, og sósíalistar hafa bent hér á leiðir til að leysa erfiðleika atvinnuveganna án þess að ráðast *nokkuð á lífskjör alþýðunnar.* Þær leiðir eru fyrst og fremst þær að tryggja framhaldsrekstur bátaútgerðarinnar með því að framkvæma raunverulegan sparnað á rekstrarútgjöldum bátaútvegsins. Þetta er sundurliðað í grg. fyrir frv. okkar sósíalista hér um dýrtíðarráðstafanir, sem alþm. hafa átt kost á að kynna sér, og ég hef ekki orðið var við, að tilraun hafi verið gerð til að hnekkja þeim áætlunum. Niðurstaða þeirra er sú, að með vaxtalækkunum til útgerðarinnar megi spara 15 þús. kr. á meðalbát, 10 þús. kr. með því að lækka vátryggingagjöld vegna útgerðarinnar, með breyttum verzlunarháttum má spara 12 þús. kr. á bát í veiðarfærakaupum, viðhaldskostnað má lækka um 8 þúsund, beitukostnað um 5 þúsund með því að lækka beituverð eins og tök eru á, miðað við hráefnið, sem fyrir hendi er, og loks olíukostnað um 5 þúsund, eða samtals má þannig lækka útgerðarkostnaðinn á hvern meðalbát um 55 þús. kr. Slíkar ráðstafanir mundu hafa í för með sér miklu *raunhæfari sparnað á rekstrarútgjöldum útvegsins* en frv. stjórnarinnar felur í sér, en bitna þó ekki á neinn hátt á lífskjörum almennings, heldur aðeins draga úr gróða lánsstofnana vegna viðskipta þeirra við bátaútveginn, og draga úr

óhæfilegri verzlunarálagningu og gróða þeirra, sem verzla með útgerðarvörur. Þetta yrði tekið af þeim milliliðum, sem koma hér nærri og hafa af því óeðlilegan gróða, en ekki tekið af þeim, sem að framleiðslunni vinna til hagsbóta fyrir þjóðina í heild. Annað ráð til að vinna gegn dýrtíðinni og lækka hana raunverulega er að afnema tolla á nauðsynjavörum, er ganga inn í vísitöluna. Ég skal ekki fara nánar út í þá útreikninga, en samkvæmt þeim reikningi, sem hagstofan hefur gert og ekki hefur verið hnekkt, yrði með því unnt að lækka verðlag, svo að vísitalan lækkaði við það um 20—30 stig. Þriðja höfuðleiðin er að breyta verzlunarskipulaginu, eins og lagt er til í frv. okkar sósíalista, sem ég skal ekki fara að útskýra hér, en aðeins þó taka fram, að það miðar að því að þurrka gersamlega út hinn geysilega milliliðagróða í verzluninni og lækka með því verðlag og þá um leið vísitöluna um önnur 20—30 stig. Alls næmi þá lækkun hennar 50—60 stigum og þýddi auðvitað það, að með því að fara þessa leið yrði engin árás gerð á lífskjör almennings, heldur væri hér aðeins um raunverulega verðlækkun að ræða. Enn fremur mundi þetta breytta fyrirkomulag afla ríkinu allverulegra tekna, svo að það er síður en svo rétt, sem haldið hefur verið hér fram, að tillögur okkar sósíalista miðuðu eingöngu að því að rýra tekjur ríkissjóðs. T. d. mundi tollalækkun verða til að lækka vísitöluna, og það breytta fyrirkomulag mundi þýða mjög auknar tekjur fyrir ríkið.

Ég hef þá rakið að nokkru, hvernig mér virðist, að ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, stangist mjög verulega og í raun og veru gersamlega við þann tilgang, sem því er ætlað að hafa samkv. upptalningunni í 1. gr. þessa frv. Ég hef sömuleiðis reynt að sýna fram á, hvernig tilgangur frv. er í raun og veru allt annar, þ. e. a. s. árás á lífskjör fólksins í landinu, og fært að því góð rök. Og ég hef bent á það, að í nokkrum tilvitnunum hæstv. ráðh., sem töluðu hér í gærkvöld, hafi það óneitanlega komið fram, hver hinn raunverulegi tilgangur frv. er, þótt annað sé látið í veðri vaka. — Ég mun því að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessu frv., nema því aðeins að fram nái að ganga þær gagngerðu brtt., sem fluttar eru hér af hv. minni hl. fjhn., þ. e. a. s. hv. 4. landsk. þm. En ég geri ráð fyrir hins vegar, að það sé nú búið að ganga þannig frá hnútunum, að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. sjái fyrir því, að þær till. nái ekki fram að ganga. Og mun ég þess vegna, eins og ég hef sagt, að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessu frv.

Ég vil að lokum segja það, að þó að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar séu nú að gera — eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það — síðustu tilraunina til þess að fá verkalýðinn og launþega í landinu til þess að slá af sínum lífskjörum, þá geri ég ráð fyrir og vona, að sú tilraun muni ekki takast og að þeim raunverulega tilgangi, sem liggur að baki þessu frv. af hálfu hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, verði ekki náð, jafnvel þó að þetta frv. verði samþ. hér á hæstv. Alþ.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Fjhn. hafði fund um þetta mál í kaffihléinu í dag og tók það nokkuð til meðferðar. Árangurinn af þeim fundi er sá, að fjhn. ber fram þrjár brtt. við frv., sem eru prentaðar á þskj. nr. 245. Fyrsta brtt. er við 18. gr. og er umorðun á gr. Það eru að nokkru leyti þrjár breyt., sem sú umorðun hefur í för með sér, og má segja, að tvær þeirra séu ekki stórvægilegar. Í fyrsta lagi er það, að hámark það, sem frvgr. ákveður, er þarna fellt niður. Í öðru lagi er það, að breytt er nokkuð orðalagi, þannig að það verði ótvírætt, að ábyrgzt er verð ekki einasta á þorskflökum, heldur og á samsvarandi fiskflökum öðrum, hvort sem það er ýsa eða langa eða hvað sem það er. Þá er meginbreyt., sem felst í umorðuninni á 18. gr., sú — sem er nýmæli í frv., — að ákveða megi í reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst, því að frystihúsin kvarta mjög um þann skaða, sem þau hafi beðið af því að geyma fiskinn, og þann kostnað, sem á þau leggst sökum þess.

2. brtt. fjhn. er við 27. gr. frv., þar sem lagt er þann við því, að vextir séu hækkaðir af rekstrarlánum til útgerðarinnar. Þar vill n. bæta við orðunum: og fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings. — Mundi þá 27. gr., þannig breytt, leggja þann við hækkuðum vöxtum af rekstrarlánum til útgerðarinnar og enn fremur til þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, hverju nafni sem nefnast. Þetta mundi ná til hraðfrystihúsanna og sjálfsagt fleiri stofnana. Tilgangurinn er auðsær, sem er sá að greiða fyrir sölu þessara afurða til útlanda, þannig að útflytjendur geti borið sæmilegt úr býtum, eftir því sem kostur er á.

Þá er 3. brtt. fjhn. við 42. gr. frv., í tveimur stafl. A-liðinn má nú skoða sem leiðréttingu, sem er um að bæta í b-lið 42. frvgr., undir síðari stafl. 1, garðávöxtum, og með samþykkt þessarar brtt. mundu garðávextir vera undanþegnir söluskattinum, svipað eins og er um kjöt og mjólk og aðrar innlendar afurðir, sem seldar eru í landinu. Virðist þetta ekki þurfa skýringa við. Mun aðeins hafa verið af vangá, að þetta var ekki í upphafi fram tekið í frv. — Þá er hér einnig brtt., 3. tölul. b, um nokkra breyt. á c-lið sama tölul. 42. gr. frv., þar sem n. leggur til, að gerð verði sú undanþága, að eigi skuli greiða skatt af sölu á ekki aðeins veiðarfærum, salti og olíu og á viðgerðum á skipum, sem eru nauðsynlegir hlutir fyrir útgerðina, heldur einnig fiskumbúðum. Einnig er nánar tilgreint í þessari brtt., hvers konar olíur það eru, sem ætlazt er til, að skattur hvíli ekki á, sem sé hráolíu, brennsluolíu og smurningsolíum öllum.

Ég tel nú, að þessar brtt. séu svo auðskildar, að þær þurfi ekki nánari skýringa við. Og skal ég geta þess, að öll fjhn. stendur að þeim óklofin, þó þannig, að hv. 4. landsk. þm. mun óska eftir því, að þær brtt. hans, sem um sama efni fjalla og lengra ganga, verði bornar upp við atkvgr. fyrst, en mun fylgja þessum brtt., ef hans brtt. falla, og telur þær til bóta.

Um aðrar brtt., sem fyrir liggja frá einstökum hv. þm., ræddi n. nokkuð, og var það yfirleitt stefna þeirra nm., sem styðja hæstv. ríkisstj., að

leggjast á móti þeim, þó að ég vilji ekki segja það, að nm. hafi bundið sig alveg um einstök atriði þeirra brtt. Sé ég ekki ástæðu til að ræða um hverja einstaka af þessum brtt., sem fram hafa komið, sökum þess að nánari ákvörðun var ekki tekin um þær í n. Þar fór ekki fram atkvgr. um hverja einstaka brtt., heldur var þetta svona andinn í n., sem ég gat um. Nú er það svo, að þetta er vandasamt mál og menn líta að sjálfsögðu misjöfnum augum á það. Og einstakir nm. hafa að sjálfsögðu tilhneigingu til þess að fylgja ýmsum af þeim brtt., sem fram hafa komið. Skal ég játa það, að þar á meðal eru till., sem ég persónulega hefði tilhneigingu til að fylgja. En það er nú þannig um þetta frv., þó að líklegt sé, að það gangi í gegnum þingið á ekki löngum tíma, þá hefur það til okkar komið eftir töluvert erfiðar fæðingarhríðir. Og það er öllum hv. þm. ljóst, og þýðir ekki að vera að leyna því, að frv. þetta er árangur af mjög erfiðum samningum á milli þeirra flokka, sem styðja hæstv. ríkisstj. Og ég segi fyrir mig, og ég býst við, að ég tali þar fyrir munn flestra hv. meðnm. minna, að þó að ég kynni að óska, að nokkur atriði í frv. væru höfð á annan veg heldur en í frv. eru, eftir að því kynni að vera breytt í þá átt, sem fjhn. leggur til, þá mætti búast við, ef farið væri þannig að samþykkja einstök atriði í brtt. hv. þm., að aðrir hv. þm. vildu þá fá annað fram til breyt. á frv. og þeir samningar, sem um þetta stóra mál hafa verið gerðir, færu þá úr reipunum og allt endaði í öngþveiti. Hér er því um það að ræða, hvort menn vilja halda til streitu sínum sérskoðunum í hverju einstöku atriði og eiga þá á hættu, að ekkert verði þá úr neinu af því, sem í frv. er stefnt að, eða hvort menn vilja slá af sínum sérskoðunum og viðurkenna það, sem er staðreynd, að frv. þetta er árangur samninga, sem við flestir höfum tekið þátt í. Ég tek síðar talda kostinn, og ég mun fyrir mitt leyti óhikað greiða atkv. á móti ýmsum brtt., sem ég persónulega vildi gjarnan hafa í l., beinlínis af þeirri ástæðu, að ég álít, að samþ. þeirra atriða mundi koma frv. í heild sinni fyrir kattarnef og koma þannig af stað alveg ófyrirsjáanlegu öngþveiti í þessum málum.

Því skal ekki leyna, að aðaltilefnið til þess, að þessar brtt. fjhn. eru fram bornar, eru kröfur hraðfrystihúsanna um breyt. á frv., sem fjhn. taldi rétt að taka til greina á þann hátt, sem hér er gert. Og þó að kröfur hraðfrystihúsanna gangi lengra heldur en hér er gengið inn á, þá hygg ég, að þó megi fullyrða, að með samþ. þessara till. telji forustumenn starfsemi frystihúsanna, að hægt muni verða að reka frystihúsin áfram, ef frv. heldur að öðru leyti sem lög.

Hv. 4. landsk. þm. sagði það í ræðu sinni í dag, að þetta frv. væri um aðstoð við atvinnurekendur. Það má segja það, að það sé aðstoð við sjávarútveginn og þá atvinnurekendur, sem þar eiga hlut að máli. En sá hv. þm. hefur sýnt fram á það bæði í orðum og athöfnum og oftar en einu sinni, að þeirrar aðstoðar er þörf, því að t. d. þeir, sem reka frystihúsin — og það verður að telja þá, sem þau reka, atvinnurekendur — þeir tjáðu n., að þeir teldu sér alls ekki fært að reka húsin áfram, nema þeir fengju frekari aðstoð en þeir fengju í frv. Og hv. 4. landsk. þm. vildi ganga til móts við þá atvinnurekendur. — Þá sagði hv. 4. landsk. þm., að þetta frv. hyggi nærri mannréttindum, og mun hann hafa átt við það, að vísitalan er ákveðin 300 stig í þessu frv. Ég get nú ekki séð, að þetta frv. höggvi á nokkurn hátt nærri mannréttindum í þeim skilningi, sem hann átti við. Ég get ekki séð, að það hyggi neitt nærri mannréttindum, þó að vísitalan væri afnumin með öllu. Það er Alþ. og löggjafarvaldið, sem hafði fyrirskipað það, að þessi vísitala skyldi vera reiknuð út. Og þó að ákveðið væri, að vísitalan skuli ekki reiknuð hærri en eitthvað og eitthvað, þá eru engin mannréttindi skert með því, þar sem frelsi manna til þess að semja um kaup sitt og kjör er ekki á nokkurn hátt skert með þessu frv. Í fyrra stríðinu, þegar mikil verðhækkun var líka og dýrtíð í landinu, þá held ég, að í sambandi við greiðslu verkamannakaups hafi engin vísitala verið ákveðin. Kaupið fór þá upp, meðan á stríðinu stóð, og smálækkaði svo eftir stríðið. En ég man ekki eftir, að það væri nein vísitala reiknuð út í þá daga. — En skyldi það nú ekki vera, að þessi hv. þm. hafi staðið að því að skerða meir mannréttindi heldur en felst í þessu frv.? Ég man ekki betur en að sú stjórn, sem hann átti sæti í, tæki algerlega ráðin af bændastétt landsins um það, fyrir hvað hún mætti selja vörur sínar. Og sé þetta mannréttindaskerðing, sem í þessu frv. felst, þá hefur hitt a. m. k. ekki síður verið mannréttindaskerðing. — Þá sagði hv. 4. landsk. þm., að þetta frv. hefði ekki fylgi þjóðarinnar, sem bezt sæist á því, að það væru stöðugt að berast mótmæli gegn því. Já, heyrt hef ég getið um þessi mótmæli, og ég hef sjálfur lesið hér í hv. þd. tilkynningar um þau. En það hefur nú stundum komið fyrir, að góðum málum hefur verið mótmælt af ýmsum aðilum. Ég er nú það aldraður t. d., að ég man ósköp vel eftir því, að þegar verið var að leggja síma hingað til landsins og um landið, þá drifu að mótmæli gegn því glæfrafyrirtæki, sem þá var kallað, að leggja síma til landsins og um landið. Það er alveg ósannað mál, þó að mótmæli komi fram frá einhverjum félögum gegn þessu frv., hvort þetta frv. hefur fylgi meiri hluta þjóðarinnar eða ekki. Mín sannfæring er sú, að þó að margir játi, að gallar séu á þessu frv., og mjög mörgum finnist það ganga fullskammt í því að snúa við á þeirri braut, sem gengið hefur verið á undanförnum, þá mundi það fá mikinn meiri hl. atkv. kjósenda í landinu, ef það væri borið undir þjóðaratkvæði. Ég held, að hv. 4. landsk. þm. og flokksbróðir hans, sem var að tala áðan, verði nú að játa það, að hv. 4. landsk. þm. hafi sýnt það með brtt. sínum, að hann játar það, að tilkostnaður við atvinnurekstur og tekjurnar af honum, þetta tvennt stenzt ekki á. Og það var einmitt ráðh. Sósfl., sem játaði þetta svo greinilega á síðasta þingi, að hann bar fram till. um sérstaka ábyrgð til handa sjávarútveginum, til þess að hann gæti orðið rekinn. En þegar þetta er svona, þá vildi ég mega spyrja þennan hv. þm., án þess að ég vilji lengja umr. hér: Hver á að borga þann mismun? Það hefur verið vísað á ríkissjóðinn. En ég hélt nú bæði það, að ríkissjóður, hvernig sem að er farið, væri ekki ótæmandi, og

einnig hélt ég, að ekki væri hægt að koma öðru við en að landsmenn legðu saman í ríkissjóðinn og það yrðu allir eða svo að segja allir bjargálna menn einhvern skerf þar að leggja fram, svo að jafnvel þó að útreikningur hv. 4. landsk. þm. um það, hvað vísitölufestingin skerði lífskjör manna, — sem er nú rangur, en þótt hann væri réttur, þá þyrfti einnig að draga fram, ef þetta frv. næði tilgangi sínum, hvað það léttir gjöldum af þeim einstaklingum, sem finnst lífskjör sín skert.

Hv. þm. vildi halda því fram, að þm. hefðu ekki umboð til þess að samþykkja þetta frv. Ég hélt nú, að þm. hefðu umboð til þess að samþykkja hvaða l. sem væri, ef þau ekki koma í bága við stjórnarskrá landsins. Og a. m. k. er það víst, að Alþ. taldi sig á sínum tíma hafa umboð til þess að semja lög um vísitöluútreikning. Og þá er undarlegt, ef þingið hefur ekki líka umboð til þess að breyta slíkum lögum og lagaákvæðum. — Þessi sami hv. þm. var líka að tala um söluskattinn og taldi hann mjög ranglátan. Ég get tekið undir ýmislegt, sem hann sagði um það. En það er nú ekki gott að komast hjá sliku. Hann hefur sjálfur verið í ríkisstj., sem beitti sér fyrir því að leggja á ákaflega svipaðan skatt, sem sízt var réttlátari heldur en þessi söluskattur, sem nú er ráðgerður. Veltuskatturinn, sem þessi hv. þm. stóð að, hann kom nú alveg með fullum þunga á þá, sem verzluðu í kaupfélögum. Því getur enginn neitað og verður ekki neitað með nokkrum rökum, því að þrátt fyrir lagaákvæðin um, að ekki mætti hækka vöruna í verði, þá vitanlega gat það ekki komið öðruvísi fram í kaupfélögunum, þar sem félagsmenn eru sínir eigin kaupmenn, heldur en þannig, að arðsúthlutun þeirra varð þeim mun lægri, sem nam söluskattinum, svo að um það þarf ekki að ræða eða deila, að sá skattur hafi komið beinlínis á allan þann fjölda manna, sem verzla í kaupfélögunum. Það veit ég að hann viðurkennir. Og skyldi veltuskatturinn þá ekki líka, þegar allt kemur til alls, hafa komið niður á þeim líka, sem verzla við kaupmenn? Það er verra að sanna það, en ég býst við því, að það hafi verið fært svo til verðlag milli vara, að það hafi, þegar allt kom til alls, ekki verið verzlanirnar, heldur viðskiptamenn þeirra, sem veltuskattinn greiddu.

Þá er það hv. þm. Barð. Hann áleit, að það væri aðalatriðið, a. m. k. fyrir mér, í þessu máli, að frv. væri afgreitt svo, að ég kæmist heim fyrir jólin. Ég játa það, að mig langar til að komast heim fyrir jólin, og ég skammast mín ekkert fyrir það, þó að mig langi til þess. En ég held, að hann geri minn veg fullmikinn, ef hann heldur, að það sé ég sérstaklega, sem ráði afgreiðslu þessa máls. Ég hef lesið í Morgunblaðinu í morgun og veit, að það hefur verið ætlun hæstv. ríkisstj. að koma þessu máli af á morgun og geta frestað þingi á morgun eða annað kvöld. Ef um það væri að ræða, að eitthvað væri hægt að bæta þetta frv. með því, að ég legði það á mig að sitja hér fram yfir jól, þá mundi ég að sjálfsögðu fúslega gera það, en ég hef nú ekki mikla trú á því. Þó að málið gangi með nokkrum hraða gegnum þingið, að því er formsatriði snertir, þá veit hvert mannsbarn, að þetta frv. hefur verið fyrir þinginu nærri því í þrjá mánuði, eða nákvæmlega sagt 2⅔ mánaðar, því að byrjað var að ræða um það strax í þingbyrjun, þó að meira væri um það fjallað af flokkunum og ríkisstj. en formlega af þinginu sjálfu. Og þó að Sósfl., sem styður ekki ríkisstj., hafi ekki verið þar með, þá hefur hann þó fjallað um málið líka. — Og svo sagði hv. þm. meira. Hann sagði, að þetta mál hefði í raun og veru staðið yfir síðan 1941, svo að ég hef ekki mikla trú á því, að þótt málið hefði dregizt þangað til milli jóla og nýárs, að það hefði gert mikla gagnbreytingu á frv. frá því, sem nú er, til bóta.

Svo fékk hv. þm. eitt af þessum köstum, sem við könnumst við frá eldri tímum, en hefur ekki borið á á þessu þingi og mjög lítið á síðasta þingi. Hann þurfti að ausa Framsfl. auri og kenna honum um allt illt, hvernig nú er komið. Hann gerði t. d. veður út af því, að Framsfl. hefði alltaf spáð hruni. Hafi Framsfl. spáð hruni, þá hefur hann því miður orðið allt of sannspár, því að ég sé ekki annað en að það hrun, sem um hefur verið talað, sé komið fyrir nokkru og það í tíð fyrrv. stjórnar, því þegar ekki er hægt að halda höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar uppi nema með ríkisstyrk og ríkisábyrgð, þá kalla ég, að komið sé hrun. Hv. þm. veit, að í fyrravetur, í tíð fyrrv. stjórnar, lá fyrir stöðvun sjávarútvegsins, ef Alþ. hefði þá ekki bundið ríkissjóði bagga, til þess að hann gæti haldið áfram.

Hv. þm. talaði eins og maður, sem hefur skilið við konuna sína, gifzt annarri, sér eftir öllu og segir, að sú fyrri hafi verið betri. Það var mikil örvænting hjá honum að hafa misst kommúnista úr samstarfi við sig og fengið hina vondu framsóknarmenn í staðinn. Ég skal ekki blanda mér í tilfinningar hans í þessu efni, en ég veit ekki, hvað sambúðin hefði verið orðin góð nú, ef hjónabandið hefði haldizt áfram.

Þá sagði hv. þm., að stjórnin mundi ekki vera fær um að framfylgja þessu frv., ef að l. yrði. Það kann að vera, ég skal engu spá um það. En ég segi hitt, að ef ekki er hægt að framfylgja l. eins og þessum, þá er landið ekki lengur réttarríki. Ef Alþingi, löggjafarvaldið, má ekki setja l., sem það telur, að sé tilraun til viðreisnar þjóðinni, þó að það á einhvern hátt snerti menn og að menn verði einhverju lítils háttar að fórna, öðruvísi en það verði brotið niður með lögbrotum og ofbeldi, þá er það ríki, þar sem slíkt á sér stað, ekki lengur réttarríki, og þá verður að sýna sig, hvort svo er.

Hv. þm. var að gefa í skyn, að togaraflotinn mundi stöðvast, ef þetta frv. yrði samþ., og að mér skildist vegna ákvæðanna um eignaraukaskatt. Í því sambandi var hann að tala um svik og líka í sambandi við þá sjómenn, sem nú ætti að svipta skatthlunnindum. Ég held, að það væri eitthvað undarlegt við skattal. þessa lands, ef einhver gömul skattal. ættu að skoðast sem loforð um, að slík l. skyldu gilda um aldur og ævi. Hann var að tala um, að sjómenn hefðu verið narraðir með skattfrelsi til að sigla á stríðsárunum, meðan hættan var mest. Já, þeir fengu skattfrelsi á sínar gríðarlega háu tekjur, sem a. m. k. sumir þeirra höfðu á þessum árum. En ég man ekki eftir og kannast ekki við, að þessum mönnum hafi verið

gefið nokkurt fyrirheit um, að slíkt skattfrelsi skyldi gilda um aldur og ævi. Ég hygg, að þeir hafi aldrei fengið skattfrelsi, að því er eignarskatt snertir, heldur aðeins, að áhættuþóknunin skyldi vera skattfrjáls til tekjuskatts. Þess vegna geta það ekki verið nein svik, þó að hér sé lagður á eignaraukaskattur, jafnt á þessa menn og aðra. Þessir menn hafa gert mikið gagn, það skal ég fyllilega játa, en þeir hafa líka borið margfalt úr býtum á við flesta aðra.

Hv. þm. ber fram till. um, að almenn hlutafélög njóti sömu réttinda og samvinnufélög við þau skattfríðindi, sem þau hafa áður haft, gagnvart eignaraukaskatti. Ég skal fyllilega játa, að það geta verið til hlutafélög, sem vinna að þarflegum hlutum og ættu slík hlunnindi skilið. En mig grunar, að það séu til hlutafélög, sem eru hreint og beint gervihlutafélög, þar sem fjölskyldan ein er hluthafar. Það hefur verið sagt, að hér í bæ væru mörg hlutafélög, þar sem hægt væri að halda löglegan stjórnarfund í hjónarúminu, og ég býst við, að það sé satt. Í stjórn hlutafélags þurfa ekki að vera nema þrír, og þá getur meiri hlutinn verið í hjónarúminu. Ég dreg ekki í efa, að sá stjórnarfundur mundi fara vel og friðsamlega fram, og er ekkert við því að segja, en mér finnst, að svona hlutafélög, og þau eru mörg, séu nauðalík einstakling, þó að maður hafi stofnað með börnum *sínum og kannske einhverjum nánustu ættingjum* svo kallað hlutafélag, þar sem hann á aðalhlutann. Mér virðist það vera ákaflega svipað einstaklingsrekstri. Mér virðist ákaflega vafasamt og enda ekki ná neinni átt að láta öll þessi hlutafélög hafa skattfríðindi. Það yrði þá að fara miklu nákvæmar út í það, ekki aðeins að hlutafélög skuli fá þessi skattfríðindi, heldur hvers konar félög það væru. Ég álít, að í núverandi skattal. sé gengið allt of langt í að láta gervifélög hafa 20% skattfrjáls í varasjóð, þó að það sé raunverulega ekkert annað en einstaklingsrekstur eða einn og sami maður sé aðalhluthafinn og þó að starf hans sé ekki að neinu leyti þjóðinni til heilla. Það eru til félög, sem eru ekki til neinna þjóðarheilla, þó að þau *stefni að fjárgróða fyrir sína meðlimi.* Ég býst við, að næst þegar skattal. verða endurskoðuð, þá sé nauðsynlegt að flokka þessi hlutafélög, og þá tel ég víst, að ýmis þeirra eigi skilið að fá skattfríðindi. En ég er jafnsannfærður um, að sum eiga ekki frekar skilið að fá skattfríðindi en hv. þm. Barð. sem einstaklingur eða ég.

Mér finnst satt að segja hv. þm. Barð. gera sig að eins konar uppvakningi frá löngu liðnum tímum, þegar hann fór að tala um samvinnufélögin. Það var eins og hann skildi ekkert eðli þeirra. Það er að vísu rétt, að samvinnufélög eru rekin með svipuðu sniði og aðrar verzlanir, en sá er bara munurinn, að samvinnufélögin sem slík græða aldrei neitt. Að sumu leyti er ágóðanum skipt milli félagsmanna og er þannig *borgað beinlínis út eða lagt í stofnsjóð,* sem síðan er borgað út við dauðsfall eða aðrar slíkar ástæður, eða lagt í sameiginlegan sjóð og er aldrei borgað út til einstaklinga. Ef samvinnufélag leggst niður, þá er honum ekki skipt milli félagsmanna, heldur á að verja því fé til almenningsheilla. Að bera þetta saman við hlutafélag, sem skipta má upp, hvenær sem er, og hver hluthafi má hirða sinn hlut, finnst mér svo fjarri öllu lagi, að það sé varla svaravert. Annars býst ég við, að okkur skilji hér svo mikið á, að ekki þýði að ræða um það.

Þá varð ég enn meira hissa, þegar hann fór að tala um Eimskipafélagið og taldi sjálfsagt, að Eimskipafélagið héldi skattfrelsi sínu, þó að hann vilji láta samvinnufélögin greiða skatta á sama hátt og hvert annað hlutafélag. Ég neita því ekki, að Eimskipafélag Íslands hefur unnið þjóðnýtt starf, og það var réttmætt á sínum tíma að veita því skattfrelsi, enda var ég l. flm. þess máls hér á þingi fyrir meira en 20 árum síðan. Hitt er annað mál, hvort þetta skattfrelsi Eimskipafélagsins á að verða eilíft. Það er fjöldi landsmanna, sem á hluti í þessu félagi. Það má kalla það eins konar þjóðarfélag, en svo er líka með samvinnufélögin. Nú mun vera 24 þús. manns í samvinnufélögunum. Ég efast um, að fleiri eigi í Eimskipafélagi Íslands. Samt sem áður ætla ég ekki að greiða atkv. með þeirri till., sem fram er komin um að leggja ekki eignaraukaskatt á Eimskipafélagið, en ég verð að segja, að sanngjarnt hefði mér þótt, að Eimskipafélagið og samvinnufélögin hefðu fylgzt að.

Ég gat ekki verið við, þegar fundur hófst hér að nýju, og heyrði ekki ræðu hv. síðasta ræðu*manns.* Ég kom að í því, er hann var að tala um, að hæstv. stjórn væri hér að krefjast þess, að almenningur lækkaði lífskröfur sínar. Ég er ekki viss um þetta. Ég er ekki viss um, að þótt þetta frv. verði að l., þurfi nokkur maður að slá neitt af lífskröfum sínum, því að það er alveg rangt, sem hv. 4. landsk. og fleiri hafa hér verið að tala um, að dýrtíðin lækki ekkert við þetta frv. *Menn hafa viljað ganga fram hjá,* að landbúnaðarvörur eiga að lækka í sama hlutfalli og vísitalan eða eins og kaupgjaldið.

En við skyldum segja, að einhver þyrfti að lækka lífskjör sín. Skyldi ekki geta skeð, að það væri alveg nauðsynlegt? Hvernig á að fara að, ef þjóðin getur ekki aflað þeirra tekna, að menn hafi þessi lífskjör, sem þeir hafa nú, jafnvel þó *að jafnt væri skipt á milli allra?* Hver á að sjá um yfirleitt, að menn geti alltaf, hvernig sem allt veltist, hvernig sem umheimurinn er, hvernig sem markaðir okkar eru, að fólkið hafi alltaf tiltekin lífskjör? Það er fræði, sem ég get ekki skilið. Ég var lengi bóndi og er bóndasonur og þekki það því bezt. Og ég vandist því, að við bændur urðum í gamla daga að miða okkar lífskjör við afurðaverð, sem var breytilegt, hvernig heyskapurinn gekk og yfirleitt hvaða tekjur við gátum fengið af búrekstrinum. Þá var enginn til að ábyrgjast okkur einhver ákveðin lífskjör.

Það eru ákvæði í þessu frv., sem ákveða, að gerð verði tilraun til að finna út, hver meðallífskjör þjóðarinnar séu. Þar eru ákvæði um það, að *gerðar verði ráðstafanir til að finna* vísitölu útflutningsvaranna, og útflutningsvörurnar og verð þeirra er í raun og veru það, sem skapar þjóðinni lífskjör. Það má deila um, hvort þeim sé réttlátlega skipt, sjálfsagt er þeim ekki réttlátlega skipt, en ég verð að segja, að bara

það, að berja í borðið og segja: Enga lífskjaraskerðingu! — það er bara vitleysa og fjarstæða. Slíkt getur hent eina þjóð, þó að nákvæmlega rétt sé skipt milli þegnanna, að þetta séu tóm orð, tekjur þjóðarinnar geti ekki fullnægt því, sem talið er, að þurfi að vera lífskjör hennar.

Ég mun svo ekki frekar orðlengja um þetta mál. Ég þykist hafa gert grein fyrir afstöðu n. Ég var í vafa um, hvort ég ætti nokkuð að fara út í ræður manna, en taldi þó rétt að gera þessar aths., en mun svo ekki taka frekari þátt í umr., nema ég þurfi alveg sérstaklega að svara f. h. nefndarinnar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að þakka hv. frsm. n. fyrir þann hluta ræðunnar, sem snerti þá till., sem tekin hefur verið til greina af því þskj., sem ég hef lagt fram, og vil í sambandi við það lýsa yfir við hæstv. forseta, að ég mun taka aftur 6. lið brtt. á þskj. 229, þar sem lögð hefur verið fram sérstök brtt., þar sem tekið er til greina það, sem ég fer fram á. Einnig mun ég taka aftur brtt. á þskj. 232 við 13. gr., a- og b-lið, þar sem ég tel einnig, að því sé fullnægt, sem ég fer þar fram á. Viðvíkjandi brtt. n. við 27. gr. þá mun ég fylgja þeirri till. við atkvgr., en geymi mér rétt til að leggja fram nýja till. um breyt. á gr. við 3. umr., og mun ég koma að því síðar.

Þá vildi ég lýsa yfir því við forseta, að ég mun taka aftur til 3. umr. 1. brtt. mína á þskj. 229 undir a-lið, en ber hana aftur fram við 3. umr., ef n. sér sér ekki fært að taka hana upp í sínar till. við þá umr. Ég geri þetta vegna þess, að frsm. hefur lýst yfir, að ekki séu teknar endanlegar ákvarðanir um till., og trúi ég varla, að þessi till. verði felld, þegar hún kemur til atkvæða. — Aðrar till. mínar á þskj. mun ég láta ganga til þessarar umr.

Viðvíkjandi ummælum frá hv. 6. landsk., þar sem hann sagði, að ég hefði beint því að sjómönnum, að þeir hefðu sýnt vinnusvik, þá vil ég mótmæla því. Ég sagði, að það væru vinnusvikin í landi, sem væru ein orsök dýrtíðarinnar. Og ég vil benda hv. þm. á, ef hann hefur ekki kynnt sér það, að í útvarpserindi, sem ég hélt, sagði ég, að þess væri ekki að vænta, að sjómenn ynnu í 16 klukkustundir, meðan aðrir ynnu 6, svo að orð mín átti ekki að skilja á þann veg, sem þm. gerði. Ég benti á það sérstaklega, að viss stétt hefði tekið upp þann hátt, m. a. fyrir tilstilli Sósfl., að neita að gangast undir gerða samninga, þessir menn vildu ekki vinna dagvinnu, heldur eftirvinnu fyrir fjórfalt kaup. — Tel ég svo ekki ástæðu til að ræða fleira við þm. um þetta atriði.

Út af aths. frsm. skal ég vera stuttorður. Hann talaði um söluskattinn, og þó að hann svaraði hv. 4. landsk., mátti hann eins svara mér, því að það var ein af mínum brtt. og ég hélt fram, að gera ætti hann að sama veltuskattinum og áður var. Það þýðir ekki fyrir frsm. að halda þessum blekkingum áfram, að veltuskatturinn hafi verið lagður á bændur. Það er af því, að þeir vilja ekki viðurkenna þær staðreyndir, að kaupfélögin og samvinnufélögin eru sérstakir aðilar. Það eru ekki þúsundir bænda, það eru nákvæmlega sömu aðilar út af fyrir sig, eins og t. d. verzlunarfélög eða hlutafélög eru sérstakir aðilar til skatts og annars í landinu. Það má ekki blanda því saman við þúsundir bænda í landinu, eins og hv. frsm. gerir, því að auðvitað ber bændum að vera undir sömu skattal. og öðrum aðilum. En þessu blandar frsm. saman við hjónabandshlutafélögin. Hvers vegna skyldu þau vera réttminni, þar sem má halda fundina í hjónarúminu? Þessi félög eru undir sama stranga eftirlitinu eins og í þeim væru þúsundir manna. Þessi hjón — hve vel sem þeim kemur saman í hjónarúminu, geta þau ekki tekið fé úr varasjóðum. Það er undir eftirliti allt annarra manna. Ég er hræddur um, að formaður nýbyggingarsjóðs mundi segja eitthvað, hversu góð hjón sem kæmu til hans og vildu fá úr varasjóðnum. Nei, hvers vegna ættu hjónarúmshlutafélög að vera réttlægri en önnur hlutafélög? Þau eru hreinir aðilar, sem falla undir sömu reglur eins og um væri að ræða þúsundir manna. — Og þegar svo frsm. er að bera þetta saman við hlutafélög, það megi hvenær sem er skipta upp hlutafélögunum, og það er rétt. Einu var skipt upp fyrir þyrjun stríðsins, sem átti 30-falda hlutafjáreign sína. Hve mikið fór í ríkissjóð? Allt, eins og það lagði sig. Þannig fer um hlutafélögin, sem rekin eru og stofnsett í hjónarúmunum. Ef þau ganga lengra en fyrirmælin kveða á um, fer allt í ríkissjóð.

Svo hélt hv. frsm. því fram, að samvinnufélögin réðu svo sem ekki yfir eigum sínum. Hvaða skattanefndir hafa átalið það, að samvinnufélögin kasta fé í að halda uppi pólitískum blöðum í landinu? Skyldu þessar nefndir hafa fundið að því, þegar athuguð hafa verið skattframtöl þessara félaga? Ég held ekki. Ef þessi félög fara út fyrir takmörkin, verða þau að líða fyrir það eins og hjónarúmshlutafélögin. Þetta er því hreinasta fjarstæða hjá hv. frsm. — Þessir menn segja, að það sé allt annað með Eimskipafélagið. Það eru settar fastar reglur um það félag, að það má ekki borga út nema 4% arð. Ég er hræddur um, að þeir mundu eitthvað segja, ef það borgaði út 30—40% arð, en það hefur tekið á sig þá skyldu, að ekki megi greiða nema 4% í arð, ef það fengi þessi fríðindi. En engar skorður hafa verið settar í þessum efnum, að því er snertir samvinnufélögin, það vita allir menn í landinu.

Þá skal ég aðeins leiðrétta eitt, sem kom fram hjá hv. frsm. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að þjóðin mundi ekki framfylgja þessum l., ef þau yrðu samþ. Ég sagði þetta aldrei. Ég sagði, að þjóðin mundi ekki framfylgja þeim, ef þau yrðu afgreidd í þeirri mynd, sem þau eru nú, og það hefur frsm. fallizt á, því að hann hefur fallizt á að gera á þeim nauðsynlegar breyt. Ég hefði nú ekki vænzt þess af jafnsamvizkusömum manni og hv. 1. þm. Eyf., að hann afflytti svo ummæli mín sem hann gerði.

Ég skal svo ekki við þessa umr. ræða meira um þetta atriði, en láta máli mínu lokið.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Þegar ég talaði í dag, lýsti ég í stórum dráttum þeim till., sem ég mundi leggja fram

sem minni hl. fjhn., en till. voru þá ekki fram komnar, þannig að ég gerði ekki grein fyrir einstökum atriðum þeirra. En áður en ég sný mér að því, vil ég segja nokkur orð út af ræðu hv. frsm. meiri hl. — Hann sagði, að það væri viðurkennt, að sjávarútvegurinn þyrfti á aðstoð að halda og einmitt þess vegna sæti sízt á mér að vera á móti því, að gerð yrði sú ráðstöfun af Alþ. að aðstoða atvinnurekendur til þess að lækka kaup verkamanna, því að það væri einmitt sú aðstoð við sjávarútveginn, sem hér um ræðir, sem á þyrfti að halda. En ég sýndi fram á það svo skýrt, að ég held, að ekki verði á móti því mælt, enda gerði frsm. ekki tilraun til þess, að þetta dugar sjávarútveginum alls ekki. Þessi kauplækkun, sem frv. framkvæmir, er ekki gerð fyrir sjávarútveginn, vegna þess að það er honum engin aðstoð. Á fundi með fjhn. var forstöðumaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og skýrði hann þetta mál nokkuð frá sjónarmiði hraðfrystihúsanna. Hann sagði, að þessi vísitölulækkun — þ. e. þessi kauplækkun, því að um lækkun hinnar eiginlegu vísitölu er ekki að ræða — hún gerði ekki betur en vega rétt á móti þeirri hækkun, sem nú hefði orðið aðeins á umbúðum einum. Þetta sagði formaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Frsm. spurði þá, hver ætti að borga það, sem þyrfti til aðstoðar sjávarútveginum. Ég hef einmitt sýnt fram á, hver ætti að gera það: ýmsir aðilar, sem nákvæmlega hefur verið gerð grein fyrir og lifa hátt á sjávarútveginum, og það er einmitt þessi leið, sem Sósfl. vill fara, að létta þessari byrði af útveginum, og mun ég nú einmitt í sambandi við þessar till. gera nokkru nánari grein fyrir því.

Frsm. talaði um mannréttindi í þessu sambandi. Hann mótmælti því, að hér væri höggvið nærri nokkrum mannréttindum. Ég vissi nú, að hv. frsm. er ekki sérstaklega viðkvæmur fyrir þeim mannréttindum, sem sérstaklega snerta rétt verkamanna til að lifa. En þar sem hann talaði um, að skerðingin væri í því fólgin að breyta l. um vísitöluna, á ég ekki við það, heldur hitt, að með þessum l. eru frjálsir samningar milli atvinnurekenda og verkamanna að engu gerðir og þar með höggvið nærri mannréttindum, sem maður skyldi ætla, að tryggð væru með stjórnarskrá landsins.

Frsm. hneykslaðist einnig á því, að því skyldi hafa verið haldið fram í bréfi, sem ég vitnaði til, að þm. hefðu ekkert umboð til þess að setja slík l. Ég held, að þetta sé alveg rétt. Ég held, að þeir hafi ekkert umboð til þess að afnema frjálsa og löglega samninga, sem verkalýðsfélögin hafa gert.

Hv. frsm. sagði, að það hefðu verið tekin ráðin af bændum í tíð fráfarandi stjórnar. Það er furðulegt, að þm. skuli bera slíkt fram, því að eins og nú standa sakir er afurðaverð bænda ákveðið með gerðardómi, nú síðast með gerðardómi, þar sem hagstofustjóri er oddamaður. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var það verðlag ákveðið af n., þar sem bændur áttu sæti.

Frsm. vill ekki gera mikið úr þeim mótmælum, sem fram hafa komið gegn frv. Það hafi oft góðum málum verið mótmælt, og réttast sé fyrir þm. að hafa þau mótmæli að engu. Hefur hann athugað það, að þessi mótmæli eru frá öllum þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, undirstöðustéttum þjóðarinnar, þeim stéttum, sem allt þjóðfélagið byggist á? Og þegar setja á þvingunarlög gegn slíkum stéttum, verða lögin ekki framkvæmanleg, en hér hefur slíkt gerzt, og þetta er eini þm., sem hefur ekki viðurkennt, að ekki sé hægt að setja slík l. gegn meiri hl. þjóðarinnar og sérstaklega þeim stéttum, sem hér eiga hlut að máli. En úr því að hv. þm. hefur þessa skoðun, að þetta sé ekki á móti vilja meiri hluta þjóðarinnar, — hvers vegna vill hann þá ekki vera því fylgjandi, að þetta sé lagt undir þjóðaratkvæði, og láta reynsluna skera úr?

Þá minntist hann á söluskattinn og bar hann saman við veltuskattinn. Hér er um rangan samanburð að ræða. Ég var að tala um söluskattinn í sambandi við það, að hann yrði til þess að hækka stórum dýrtíðina í landinu. Veltuskatturinn hækkaði ekki dýrtíðina, svo að hér er um óskylda hluti að ræða. Veltuskatturinn var lagður á verzlunarfyrirtæki, en þessi skattur leggst aftur á móti á neytendur, á vöruna, og hækkar verðlag í landinu og þá réttu vísitölu.

Mun ég svo snúa mér að till., sem ég ber fram. Ég hef rætt um þær almennt áður og mun nú gera nánari grein fyrir nokkrum þeirra í örstuttu máli. Ætla ég fyrst að minnast nokkuð á þær till., sem miða að því að aðstoða bátaútveginn. Það er þá í fyrsta lagi 6. brtt., þar sem lagt er til, að vátryggingariðgjöld fiskiskipa verði lækkuð niður í 4% á ári og þegar um sérstaklega vandaða báta er að ræða niður í 3%. Vátryggingarútgjöldin eru nú gífurlega stór útgjaldaliður hjá útgerðinni, yfirleitt 8%. Af bátum, sem eru vátryggðir fyrir 600 þús. kr., eru þetta 45 þús. kr. á ári. Á því er enginn vafi, að þessi gjöld eru óeðlilega há. — Þá er b-liður 6. brtt. um það, að ríkisstj. endurgreiði þær 4 kr. af verði hvers síldarmáls, sem haldið var eftir samkv. 6. gr. l. nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. Þetta teljum við bæði sanngjarnt og sjálfsagt, þegar athugað er, hvernig síldarvertíðin gekk í sumar, og það sé fyllilega sanngjarnt að greiða þetta út nú. Samtals nemur þetta 3 millj. kr. — Þá er það c-liðurinn, að allar afborganir af lánum útvegsins, sem tryggð eru með veði í bátum, skipum, fiskiðjuverum og öðrum fasteignum og falla til greiðslu á árinu 1947, skuli falla niður, og framlengist lánstíminn um eitt ár, nema breyt. séu gerðar á lánstíma samkv. 6. gr. Þegar þess er gætt, við hve mikla erfiðleika sjávarútvegurinn hefur að stríða, er vissulega ekki óeðlilegt, að þessar breyt. séu gerðar, og mundu þær verða útveginum mikil aðstoð, enda er lánstími þessara lána miklu styttri en nauðsyn ber til í flestum tilfellum, en samkv. öðrum till., sem ég ber fram hér á sama þskj., er einmitt lagt til, að lánstíminn verði lengdur. — Þá er það d-liðurinn, en samkv. honum er ríkisstj. heimilt að veita samtökum útvegsmanna einkarétt til þess að flytja inn og annast heildsölu á veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ef nauðsynlegt reynist að taka leigueða eignarnámi veiðarfæraverksmiðjur, til þess

að hægt sé að tryggja útvegsmönnum veiðarfærin með kostnaðarverði, er ríkisstj. heimilt, að fengnum till. útvegsmanna, að gera slíkar ráðstafanir. — Veiðarfærakostnaður og kostnaður á öðrum útgerðarvörum er orðinn mjög tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir útgerðina, og hef ég minnzt á eitt tilfelli áður, þar sem er umbúðakostnaður hraðfrystihúsanna. Þær upplýsingar, sem formaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna gaf fjhn. í sambandi við þetta, sýna bezt, hve ónotalegar ráðstafanir fyrir sjávarútveginn það eru að lækka kaupið á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Eðlilegasta leiðin til þess að lækka verð útgerðarvara er vafalaust sú, að samtök útgerðarmanna hafi innflutninginn með höndum, og er það áreiðanlega bezta tryggingin fyrir því að fá þessar vörur ódýrt. — Þá er það e-liðurinn, sem fjallar um, að ríkið taki einkasölu á olíu til þess að tryggja, að útgerðin fái hvers konar olíu og benzín með kostnaðarverði.

Þá er það 7. brtt. Það er till. um nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar. Það fyrirkomulag, sem nú er, stuðlar beinlínis að því að gera viðgerðarkostnaðinn óhæfilega mikinn, því að þessu er svo vísdómslega fyrir komið, að því meiri sem tilkostnaðurinn er og því lengri tíma sem vinnan tekur, því meira fá fyrirtækin í sinn hlut.

Þá er það loks 8. brtt., sem er um lækkun vaxta á lánum til útgerðarinnar og lengri lánstíma. Þetta er ein veigamesta till. og hefur úrslitaþýðingu beinlínis fyrir útgerðina. Það er viðurkennt af bönkunum, að mismunurinn á útlánsvöxtum og innlánsvöxtum sé óeðlilega mikill. Bankarnir hafa haft óeðlilega mikinn gróða, en hins vegar hafa bankarnir haft í undirbúningi að jafna metin þannig að hækka innlánsvexti og hækka líka útlánsvexti, bara ekki eins mikið, og virðist þetta furðuleg ráðstöfun, þegar allir viðurkenna, að nauðsyn ber til þess að styðja útgerðina, og vextirnir, sem útgerðin verður að bera, eru eins gífulegir og raun ber vitni. Það virðist vera sjálfsagður hlutur, eins og hag útgerðarinnar er nú komið, að lækka útlánsvextina að mun, enda eru heildarvextirnir hér óeðlilega háir, og sérstaklega sýnist það auðsætt, að hið fyrsta, sem gera ætti til aðstoðar útgerðinni, væri að lækka vextina.

Það hefur áður verið rætt um heildarþýðingu þessara till. Samkvæmt þeim útreikningum, sem gerðir hafa verið um rekstrarkostnað hvers fiskibáts, mundu með þessu sparast milli 50 og 60 þús. kr. fyrir hvern bát, og getur enginn neitað því, að slíkt er raunveruleg aðstoð við útgerðina.

Þá eru hér nokkrar till. á þessu sama þskj., sem ég hef borið fram samkv. þeim óskum, sem hraðfrystihúsin hafa komið á framfæri hjá hv. fjhn. Ég tel þessar till. hraðfrystihúsanna yfirleitt sanngjarnar, enda hafa þau lýst yfir því, að þessar breyt. sé nauðsynlegt að gera á l., til þess að þau verði rekin. Þessar till. ganga sumpart í sömu átt og brtt. fjhn., en sumar af brtt. minum ganga enn lengra, og nái þær ekki fram að ganga, mun ég fylgja samsvarandi till. á þskj. 245, sem bornar eru fram af fjhn. allri.

Þá er hér loks brtt., sem ég flyt við III. kafla frv. Legg ég til, að sá kafli falli alveg niður, þ. e. *kaflinn um festingu vísitölunnar og lækkun* kaups, en að í staðinn fyrir þetta komi ein gr., sem fjallar um niðurfellingu tolla. Samkvæmt henni er ætlazt til, að allir tollar af þeim vörum, sem inn í vísitöluna ganga, falli niður árið 1948. Það hefur verið reiknað út, hvað þetta muni miklu til þess að lækka vísitöluna, og samkvæmt útreikningum hagstofunnar lækkar vísitalan strax um 21 stig, ef þetta verður gert, og af því mundi síðan leiða nokkra lækkun vegna þeirra áhrifa, sem slík vísitölulækkun mundi hafa á verð annarra vörutegunda. Samkv. þessari till. á sem sé að fella niður tolla af öllum þeim vörum, sem inn í vísitöluna ganga, sem nokkru máli skipta, en svo að segja eina undantekningin, sem til greina kemur og nokkru munar, er varðandi búsáhöld, sem ekki eru tekin með af þeim ástæðum, að þau verka lítið á vísitöluna og í öðru lagi er erfitt að greina á milli nauðsynjavöru og miður nauðsynlegrar vöru og sumpart lúxusvöru. Þetta munar þó aðeins broti úr stigi. Þá er lagt til að fella niður tolla af ýmsum hráefnum til iðnaðar, sem inn í vísitöluna ganga, og er gert *ráð fyrir því samkv. útreikningum*, að þetta muni lækka vísitöluna um rúmlega 20 stig. Kemur þarna náttúrlega til greina bæði tollarnir sjálfir og álagning á tollana. Það hefur verið reiknað út, að sparnaðurinn, sem af þessu mundi leiða, yrði svo mikill vegna lækkaðra útgjalda í fjárl., að um tiltölulega lítil bein útgjöld yrði að ræða fyrir ríkissjóð, og þar með yrði þeim tilgangi náð að koma vísitölunni raunverulega niður í 300 stig — ekki með því að setja hana niður í 300 stig með því að lækka kaup almennings, heldur með því að lækka verðlag í landinu.

Heildarútkoman af þessum brtt., ef þær næðu samþykki, yrði því þessi: Útgerðinni yrði veitt sú aðstoð, sem dugar, og vísitalan raunverulega lækkuð allt niður í 300 stig. En vissulega teljum við sósialistar þessar ráðstafanir ekki nægilegar. Það þyrfti að gera miklu meira, t. d. að breyta verzlunarfyrirkomulaginu, svo sem Sósfl. hefur lagt fram frv. um í hv. Nd., og þyrfti því að samþykkja það frv., en ef þær till., sem ég hef nú rætt um, yrðu hér samþykktar og frv. hæstv. ríkisstj. þar með breytt, mundi það samt sem áður nægja til þess að leysa vandann í bili og hefja sókn í rétta átt, sem frv. hæstv. ríkisstj. gerir hins vegar ekki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu, en stend upp vegna þess, að því hefur verið hreyft hér við umr. í dag, að ég hafi áður fyrr talað á móti eignaraukaskatti, og var því haldið fram, að í þessum efnum gætti nokkurs ósamræmis af minni hálfu. Vil ég fyrst geta þess, að breyttir tímar og breyttar aðstæður geta hæglega breytt skoðunum bæði mínum og annarra, og þess vegna hefur það ekki ýkja mikla þýðingu, þótt hægt sé að taka upp gömul ummæli og vitna í þau. Í öðru lagi er rétt að geta þess, að eignaraukaskatturinn í því formi, sem hann er í frv., er ekki kominn þangað eftir minni kröfu. Ég hefði óskað eftir slíkum fyrirmælum í öðru

formi, þótt ég hins vegar telji, að óhjákvæmilegt hafi verið að hafa einhver slík ákvæði um veruleg framlög þeirra manna, sem mest hafa hagnazt undanfarið, í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, og skal ég ekki rekja það frekar. Ástæðan fyrir því, að ég stóð hér upp, er sú, að það hefur ekki verið rakið hér til hlítar, sem ég sagði um þetta mál á árinu 1943. Þá lét ég réttilega koma fram, að ég gæti undir vissum kringumstæðum fallizt á og teldi sanngjarnt, að eignaraukaskattur yrði í einhverju formi á lagður. Ég var fyrst og fremst á móti því frv., sem þá var til umr., vegna þess, að það var borið fram sem skattálagning eitt út af fyrir sig, án þess að allsherjarráðstafanir væru gerðar til þess að koma fjármálum landsins í lag, en hafði ætíð þann fyrirvara, þegar ég á annað borð gerði rækilega grein fyrir máli mínu, að málið horfði allt öðruvísi við, ef ætlunin væri sú að gera verulega tilraun til þess að ráða bug á dýrtíðinni og koma verðlagsmálunum í rétt horf. Þessu til sannindamerkis vil ég vitna í ummæli, er ég viðhafði og eru prentuð í C-deild Alþt. frá 1943, þar sem ég ber frv. saman við annað frv., þar sem gert var ráð fyrir eignaraukaskatti í sambandi við lausn dýrtíðarmálanna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vil ég leyfa mér að benda á, að mikill munur er hér á þessu frv. og þeim ákvæðum stjfrv., sem snerta skattamálin. Þar var skatturinn fyrst og fremst áætlaður miklu lægri, en í sjálfu sér hefur það ekki neina úrslitaþýðingu um afstöðuna til þessa frv., heldur hitt, að í frv. stjórnarinnar voru till. bornar fram beinlínis sem þáttur í þeirri viðleitni að verðfesta og halda í gildi íslenzkum verðmætum, jafnframt því að tryggja atvinnurekstrinn og verðmæti eignanna. Og þótt að nafninu til hafi verið lagður nokkur skattur á eignir manna með ákvæðum þess frv., þá átti sá skattur að renna aftur beint til skattgreiðenda, með því að eignir þeirra voru gerðar verðmeiri en áður. Þetta var eftir efnum og ástæðum skynsamleg ráðstöfun og verjandi.“ Sú ráðstöfun var sem sé hliðstæð þeirri, sem ætlazt er til, að gerð verði með frv. því, sem hér liggur fyrir. Og til frekari áréttingar vil ég lesa upp ummæli mín í C-deild Alþt. á bls. 567, í sama máli, með leyfi hæstv. forseta: „Þá getur komið til greina, þegar menn snúa sér í alvöru að því að koma föstu formi á fjármálin, að gripa verði til slíkra ráðstafana sem þeirra, er hér ræðir um. Það voru aðrar ástæður, sem ollu því, að frv. ríkisstj. um verðlagsmálin á síðasta þingi náði ekki fram að ganga. Mönnum þótti ekki tímabært að taka verðlagsmálin upp og gátu ekki sameinazt um lausnina. Við lausn þessa mikla vandamáls hefði getað verið ástæða til að gera ráðstafanir svipaðar þeim, sem hér er gert ráð fyrir. En að gera slíkt án fullrar nauðsynjar og án þess að tryggja, að skatturinn komi raunverulega niður á þeim, sem mest hafa grætt á stríðinu og tekizt hefur fram til þessa að skjóta tekjum sínum undan skatti, það verður ekki til að bæta neins manns vanda og auka þjóðarheill.“

Með þessu kemur glögglega fram það, sem ég sagði, að ég væri á móti skattaálagningu, ef hún **væri borin fram sundurslitin við verðlagsmálin** í heild, en hafði þann fyrirvara, að allt öðruvísi stæði á, ef málið væri tekið upp í sambandi við lausn verðlagsmálanna í heild, enda hafði sá flokkur, sem ég á sæti í, tekið þátt í umr. um eignaraukaskatt haustið 1942 í sambandi við lausn verðlagsmálanna, en vildi ekki sinna því máli nema einhver lausn verðlagsmálanna hefði legið fyrir hendi. Hitt er annað mál, að menn geta sagt, eins og ég sagði í gær, að þetta frv., sem hér liggur fyrir um lausn dýrtíðarmálanna, sé ekki fullnægjandi. Það er saga út af fyrir sig. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í gær, að þótt frv. væri að vísu ekki fullnægjandi, þá væri það þó fyrsta sporið í rétta átt, og það er fullvíst, að ekki hefði tekizt að ná samkomulagi um þetta, nema því aðeins að þessi ákvæði um eignaraukaskattinn eða svipuð þeim hefðu verið tekin upp í frv. Og þó að ég telji það út af fyrir sig skipta litlu máli að vera að rekja ummæli, sem hafa verið viðhöfð undir allt öðrum kringumstæðum, þá vill nú þannig til, að það, sem ég sagði um eignaraukaskattinn árið 1943 og um afstöðu mína þá, áður og nú, er allt í fullu samræmi hvað við annað, svo að það er engin ástæða til að bera mér neitt á brýn í því sambandi.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Ég flyt hér brtt. á þskj. 242 ásamt hv. 6. landsk. þm. við 12. gr. frv. Sú gr. hljóðaði upphaflega í frv. þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkv. l., samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi.“ Í hv. Nd. var bætt við þessa gr. því ákvæði, að elli- og örorkulífeyri skv. l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, megi greiða með verðlagsuppbót, er nemi allt að 315 vísitölustigum. Vil ég nú leyfa mér að skýra frá því, að til er allstór hópur fólks, sem mjög er líkt ástatt um og þá, sem hér er heimilað að greiða elli- og örorkulífeyri með verðlagsuppbót, er nemi allt að 315 stigum, og á ég þar við fólk, sem hafði lögboðinn lífeyri, áður en l. um almannatryggingar gengu í gildi. Við leggjum því til, að á eftir orðunum „lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar“ komi: svo og lífeyri starfsmanna ríkisins samkv. lögum nr. 101 30. des. 1943, lífeyri barnakennara og ekkna þeirra samkv. lögum nr. 102 30. des. 1943 og lífeyri hjúkrunarkvenna samkv. lögum nr. 103 30. des. 1943. Ég ætla, að hv. þdm. muni fallast á, að hér sé um sanngirnismál að ræða, og að þessi brtt. verði því samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Í tilefni af ræðu hæstv. dómsmrh. vil ég benda á, að ummælin, sem ég las eftir hann í C-deild Alþt. 1943, voru mælt hér á Alþ. alveg sérstaklega af manni, sem vissi, að hann væri álitinn og væri einn af skýrustu lögfræðingum þessa lands — enda verið lagaprófessor við Háskóla Íslands — og voru beinlínis miðuð við ákvæði stjskr. Sé ég því ekki ástæðu til að taka neitt aftur af því, sem ég sagði í ræðu minni, einmitt þegar ég sé nú, að það, sem hér var sagt, er talað frá sjónarmiði stjórnmálamannsins, en ekki frá sjónarmiði lögfræðingsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 230,1.a felld með 13:1 atkv.
— 230,1.b felld með 11:5 atkv.
— 229,1.A.1 tekin aftur til 3. umr.
— 229,1.A.2 felld með 10:3 atkv.
— 230,1.c felld með 10:5 atkv.
— 229,1.B felld með 12:1 atkv.
— 230,1.d felld með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 230,2 felld með 11:4 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 230,3 felld með 9:5 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 230,4 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 229,2.a felld með 9:3 atkv.
— 229,2.b felld með 10:1 atkv.
— 238 tekin aftur til 3. umr.
6.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 229,3.a felld með 9:2 atkv.
— 229,3.b felld með 9:2 atkv.
— 230,5 felld með 9:1 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 230,6 felld með 11:5 atkv.
11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 230,7 felld með 12:1 atkv.
— 236 felld með 11:3 atkv.
— 242 tekin aftur til 3. umr.
— 229,4 felld með 11:2 atkv.
12. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 231 felld með 9:1 atkv.
13. gr. samþ. með 10:2 atkv.
14. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 229,5.a felld með 9:2 atkv.
— 229,5.b felld með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ.
nei: GÍG, HV, JJós, PZ, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BBen, BK, BrB, EE, BSt.
PM greiddi ekki atkv.
2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Þar sem ég tel alveg óþarft að setja lagaákvæði um þetta atriði, þar sem umsaminn taxti gæti gilt um þetta, þá er ég þeirrar skoðunar, að það sé óþarft að setja lög um þetta, og segi því nei.

Páll Zóphóníasson: Mér er ekki ljóst, hvernig hægt væri að framkvæma þetta, — segi því nei.

Brtt. 230,8 felld með 9:6 atkv.
15.—16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 230,10 felld með 13:1 atkv.
— 230,9 og 11 teknar aftur.
17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 229,6 tekin aftur.
— 235,1.a tekin aftur.
— 232,a tekin aftur.
— 245,1 tekin aftur til 3. umr.
— 232,b tekin aftur.
— 235,1.b felld með 10:3 atkv.
18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 230,12 tekin aftur.
— 235,2 felld með 11:3 atkv.
19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 235,3 felld með 10:3 atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 235,4 felld með 9:3 atkv.
21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 235,5.a felld með 10:3 atkv.
— 229,7 tekin aftur til 3. umr.
— 235,5.b felld með 9:3 atkv.
22.—24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 235,6.a felld með 10:3 atkv.
— 235,6.b felld með 10:3 atkv.
— 235,6.c felld með 10:3 atkv.
— 235,6.d felld með 9:3 atkv.
— 235,6.e felld með 9:4 atkv.
25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 235,7 felld með 9:4 atkv.
26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 235,8 felld með 9:3 atkv.
— 230,13 tekin aftur.
— 245,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 229,8 felld með 10:4 atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
28.—35. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
36.—39. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 230,15 felld með 12:1 atkv.
— 230,14 tekin aftur.
40. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 230,16 tekin aftur.
41. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 230,17 tekin aftur.
— 245,3.a—b samþ. með 13 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 230,18 tekin aftur.
43. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 230,19 tekin aftur.
44.—45. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 230,20 tekin aftur.
— 229,9 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, StgrA, ÁS, BrB, GJ, HV.
nei: PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, EE, GÍG, JJós, BSt.
2 þm. (LJóh, HermJ) fjarstaddir.
46. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 230,21 tekin aftur.
47.—48. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 230,23 felld með 10:1 atkv.
— 230,22,24—26 teknar aftur.
49.—50. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og einstakra kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Forseti (BSt): *Ég geri ráð fyrir, að fjhn. verði að koma saman litla stund. Næsti fundur d. er boðaður eftir tíu mínútur, og verður þá sama mál tekið á dagskrá.*

Á 43. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Fjhn. ber fram tvær skriflegar brtt. við frv., og er hvorug stórvægileg. Sú fyrri er við 14. gr. frv. og er svo hljóðandi, að í stað orðanna „forsjármaður heimilis“ komi: maður. En

orðalagið í gr. er þannig: „Nú stundar forsjármaður heimilis atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda.“ En með brtt. er gert ráð fyrir, að þarna komi: Nú stundar maður atvinnu fjarri heimili sínu o. s. frv. Meiningin með þessari breytingu er öllum auðsæ, að þessi hlunnindi, ef menn dveljast utan heimilis, nái til allra slíkra manna, hvort sem þeir eru forsjármenn heimilis eða ekki. — Þá ber meiri hl. n. fram aðra skrifl. brtt. við brtt. sína á þskj. 245, við 18. gr. Sú brtt. var tekin aftur við 2. umr., og er hún um það, að í staðinn fyrir „flökum“ í endi fyrstu málsgr. komi: fisktegundum.

Um aðrar brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr., er það að segja, að hver einstakur nm. hefur áfram óbundnar hendur um þær, þó með þeim fyrirvara, sem ég gat um í dag við 2. umr. málsins, en vitanlega eru menn nokkuð bundnir af því samkomulagi, sem þegar hefur verið gert milli þeirra flokka, sem styðja ríkisstj.

Ég afhendi hér með hæstv. forseta þessar skriflegu brtt.

Forseti (ÞÞ): Mér hafa borizt tvær skriflegar brtt. frá hv. meiri hl. fjhn., sem frsm. hefur þegar lýst, og er önnur brtt. við 14. gr. frv., að í stað orðsins „forsjármaður“ komi: maður. — Hin brtt. er við 1. tölul. brtt. á þskj. 245 og er þannig, að í staðinn fyrir „flökum“ í endi fyrstu málsgr. komi: fisktegundum.

Ég mun leita afbrigða fyrir báðum þessum brtt. í einu, þær eru bæði skriflegar og of seint fram komnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 248 og 249) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég harma það, að hv. fjhn. hefur ekki séð sér fært að taka upp þær brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr. af mér á þskj. 229. Ég skal þó ekkert um það deila, en ég mun þó hins vegar óska þess, að þær verði bornar undir atkv. í sambandi við 14. gr. frv.

Ég vil benda á, að ég veit ekki, hvort hv. n. hefur gert sér það nægilega ljóst, að samkvæmt orðalagi brtt. n., að maður stundi atvinnu fjarri heimili sínu, þá getur þarna verið um allstóran hóp manna að ræða, sem getur þannig notið þessara hlunninda og þannig dregið undan skatti. Það mun ekki hafa verið meiningin í fyrstu að hafa þetta svo og ekki gert ráð fyrir því, þegar um þetta var talað við mig persónulega, heldur aðeins að þetta þyrfti ekki að reiknast til tekna hjá þeim sjómönnum, sem vinna fjarri heimilum sínum.

Ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með þessari breytingu, nema því sé lýst yfir, að þetta verði ekki notað nema viðkomandi sjómönnum. **(PZ:** Það er hér um bil annar hver maður í landinu, sem þessara hlunninda getur notið.)

Þá vil ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. frá mér ásamt hv. 7. landsk. þm. og hv. þm. N-Þ. við 27. gr. frv. Greinin orðist svo: „Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkv. 17.—20. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.“ Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. Ég vil ekki lengja þessar umr. frekar, en óska þess, að um báðar þessar brtt. mínar verði haft nafnakall við atkvgr.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð., sem hann hefur lýst. Brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf afbrigði fyrir henni, sem ég mun nú leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 251) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Út af þeirri aths., sem hv. þm. Barð. gerði við síðustu brtt., sem komið hefur fram varðandi 14. gr., sem hljóðar svo í frv.: „Nú stundar forsjármaður heimilis atvinnu fjarri heimili sínu“ og með brtt. er þannig breytt, að þar komi í staðinn: Nú stundar maður atvinnu fjarri heimili sínu —, þá vil ég taka það fram, að það er fyrst og fremst átt við þá, sem fara frá heimili sínu til sjós eða annað, þar sem menn vinna um langan eða skamman tíma, en eru þó ekki heimilisfastir. Og ég held, að það sé ákaflega hæpin skýring, sem hv. þm. Barð. gaf á þessu atriði. Ef þessi undanþága er sanngjörn gagnvart forsjármanni heimilis, þá getur hún verið það í flestum öðrum tilfellum gagnvart þeim, sem líkt stendur á fyrir, þó að þeir séu ekki forsjármenn heimilis. Með forsjármanni heimilis er átt við húsbónda. Ég sé ekki, að nein stórhætta stafi af því, þó að sú brtt., sem síðast kom fram, verði samþ.

Þá vildi ég með örfáum orðum minnast á það, að í II. kafla, um eignaraukaskattinn, segir svo: „Eignaraukaskattur allra samvinnufélaga svo og félaga og einstaklinga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, reiknast þannig“ — eins og þar segir. Ég vildi leggja í þetta þann skilning, að með þessum orðum sé átt einnig við þau fyrirtæki, sem vinna úr sjávarafurðum, og á ég þar fyrst og fremst við hraðfrystihúsin og hliðstæð fiskiðjufyrirtæki, sem vinna úr sjávarafurðum, og ég lít svo á, að það beri að skilja þetta þannig.

Í fiskábyrgðarkaflanum er ekki minnzt á tvær tegundir, sem geta þó haft talsverða fjárhagslega þýðingu, það er hrogn og fiskþunnildi. Á þessu ári varð ákaflega lítið úr hrognum hjá útvegsmönnum, og skal ég ekki um það dæma, hvaða ástæður hafa að því legið. En það er mjög nauðsynlegt fyrir þá, sem framleiða þessa vöru, að að því sé stuðlað eftir megni, að þau séu gerð verðmæt, jafnvel þó að maður hafi ekki treyst sér til að taka ábyrgð á vissu verði fyrir þau. Sama má segja um fiskþunnildin, sem til falla hjá hraðfrystihúsunum. Þau geta gefið, ef rétt er að farið, drjúgan skilding, en þau eru vitaskuld ekki hvarvetna seljandi, heldur á vissum stöðum.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur farið fram á það í bréfi, sem hv. fjhn. var sent og er dagsett 18. des. 1947, að ýmsar lagfæringar væru

gerðar hraðfrystihúsaeigendum í hag á þessu frv. Og þar var minnzt á tvær vörutegundir, hrogn og fiskþunnildi, og óskað eftir því, að þeir mættu sjálfir verzla með þessar vörur, ef þeir gætu. Það er nú því miður ekki hægt, eins og gildandi reglur eru um slíka hluti í landinu, að verða við óskum þeirra. En við höfum athugað þetta mál í ríkisstj., og það varð að samkomulagi að gera það, sem hægt er, af hálfu ríkisstj., til þess að eigendur þessara vara geti komið þeim í peninga, og ef svo ber undir með því að selja þær til svo kallaðra vöruskiptalanda gegn greiðslu í vörum. En ef sá háttur verður á hafður, þá yrði það vitaskuld að vera þannig, að viðskiptan. hefði með þær vörur að gera eins og aðrar vörur, sem fluttar eru til landsins, og mættu fyrir því hraðfrystihúsunum eða hverjum öðrum, sem ættu vörurnar, verða að því full not. Þetta vildi ég taka fram til þess að sýna lit á því, hvað þessar vörur snertir, að verða við óskum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eins og fært þykir.

Að öðru leyti hafa ýmsar óskir borizt frá söluiniðstöðinni, og þær brtt., sem hv. fjhn. ber fram, sýna þann vilja ríkisstj. og n., sem fyrir hendi hefur verið til þess að mæta óskum sölumiðstöðvarinnar. Eins og vænta má, þá hefur ekki verið hægt að fallast á allt, sem þar hefur verið farið fram á, en ég vil vona, að það, sem hér hefur verið gengið til móts við þessa mjög svo mikilsverðu framleiðendur í landinu, megi verða þeim léttir í starfi og auðvelda fjárhagslega afkomu þeirra.

Ég held, að ég hafi ekki ástæðu til að svo komnu máli að orðlengja um þetta frekar, og út í umr. um málið sjálft tel ég á þessu stigi málsins ekki ástæðu til að fara, nema sérstakt tilefni gefist til við þessa umr. Þau gáfust mörg við 2. umr., en ég taldi ekki ástæðu til þess að tefja störf þingsins með því að fara út í almennar umr. um málið, með því að það var gert við 1. umr., eins og kunnugt er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég vildi leyfa mér að benda hæstv. fjmrh. og n. á, hver háski og alveg fjarstæða er að setja orðið „maður“ þarna í gr. í stað „forsjármaður“. Ég skal fyrst benda á það ranglæti, sem felst í þessari breyt. Bóndi hefur vinnumann allt árið. Vinnumaður vinnur á sínu heimili, fær til tekna fæði sitt bætt við kaupið. En svo fær sami bóndi einn kaupamann, annan vormann, þriðja haustmann og fjórða vetrarmann. Þeir eiga annars staðar heima, vinna allir utan heimilis síns, hafa sama kaup og vinnumaðurinn og fá allir dregið frá kaupi sínu fæði. Nú munu vera um tvö þúsund kaupamenn í sveitum landsins á hverju sumri og nokkru fleiri kvenmenn sem kaupakonur í sveitunum, fyrir svo utan vormenn, haustmenn og vetrarmenn. Allt þetta fólk kemur til með að mega draga frá skatti það fæði, sem það þarna fær ókeypis.

Nú, allir vita, að á hverjum vetri koma hingað nokkur þúsund manns utan af landsbyggðinni til þess að leita sér atvinnu. Hjá þeim öllum á að draga tekjur vegna fæðis frá skattskyldum tekjum. Svo koma sjómenn á skipum. Svo koma menn, sem eru um lítinn tíma burtu, eru viku og hálfan mánuð frá heimili sínu. Margir menn eru í opinberum störfum. Frá öllum þessum mönnum á að draga tekjur vegna fæðis, ef þeir fá það ókeypis, og ef þeir þurfa að kaupa það sjálfir, á að draga það frá, en allir eiga að hafa sama persónufrádrátt. Allir eiga að hafa það sama, en sumir eiga að leggja þetta við tekjur sínar, en aðrir að draga það frá. Tökum til dæmis mann, sem hefur tvo vinnumenn. Annar er bara hlaupamaður, var hjá þessum í haust, öðrum í vetur og enn öðrum í vor. Hann á að fá allan frádráttinn, og hann kemur út með helmingi lægri tekjur en hinn. Ef hann er forsjármaður heimilis, þarf heimilið að hafa matargerð, og þá horfir málið öðruvísi við. Það munar lítið um það, þó að einn maður sé til viðbótar.

Hér eru alltaf um 300—400 manns, sem ekki er vitað, hvar eiga heima. Þeir sleppa, hvort sem er. Það er alveg óþolandi, að sá maður, sem ræður sig fast, verði hærri í skatti en sá, sem er lausamaður. Þess vegna ræð ég frá að samþykkja þessa brtt. Hún ætti eingöngu að eiga við menn, sem eru á millilandaskipunum, og gæti gengið, ef hún væri eingöngu takmörkuð við þá. Meðan ákvæðið átti að vera það, var dálítið réttlæti í því, en þegar farið var út fyrir það, verður hún órétt-lát, því hvernig á skattanefnd að vita það, hvort maður er að heiman 6 vikur eða meira, það er ekki ævinlega, sem hægt er að fylgjast með því. Þessi till. yrði því mjög erfið í framkvæmd.

Gísli Jónsson: Ég vil benda á það, að þessi till. er fram komin til þess að bæta upp það, sem tekið er af sjómönnum með 1. mgr. 14. gr. Það var ég á sama máli um, að ætti beinlínis að takmarka við þá stétt, vegna þess að tekjur sjómanna eru nú skattlagðar. Það átti aldrei að ná til sjúkrahúsa. Þar er nú fjöldi manns, sem reiknað er kr. 12.00 í fæðispeninga á dag. Þetta fólk á ekki heima í sjúkrahúsum, einhleypar hjúkrunarkonur og starfskonur, sem aldrei var hugsað, að ákvæði þetta kæmi til góða. Ég mun greiða atkv. gegn þessari till., úr því að þm. hafa ekki getað undirbúið hana öðruvísi en svo, að hún hefði þessi áhrif.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Það er aðeins í sambandi við ummæli, sem fram komu við brtt. við 14. gr., sem ég ætla að segja nokkur orð. Mér virðist, að hjá samherjunum, hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð., gæti nokkurs misskilnings. Sérstaklega virtist mér hv. þm. Barð. leggja mikla áherzlu á það, að ef þessi till. yrði samþ., mundu allir þeir, sem starfa utan heimilis síns, njóta góðs af hlunnindum þeim, sem hún gerir ráð fyrir, og virtist mér hv. þm. setja það fyrir sig, að þessi hlunnindi kæmu starfsfólki sjúkrahúsanna að gagni. (**GJ:** Ég nefndi það bara sem dæmi.) Hv. þm. segist hafa tekið það sem dæmi, en hann setti það fyrst og fremst fyrir sig.

Ég get sagt það, að mér er ekki fullkomlega kunnugt, hvernig hagar til í sjúkrahúsum landsins um þessa hluti, en eftir því sem ég bezt veit, þá á starfsfólk sjúkrahúsanna þar heimili. Þar borðar það, og þar hefur það íbúð. Það starfar því ekki utan heimilis síns. Eftir því sem ég

bezt veit, er þessi regla tvímælalaus. Mér er þetta dálítið kunnugt, þar sem ég hef orðið að fara inn í íbúðir þessa fólks til þess að meta þær til peningaverðs. Mér er kunnugt um, að á Kleppi og Kópavogi býr það. Þetta fólk býr því á heimili og mundi ekki falla hér undir.

Þá minntist hv. 1. þm. N-M. á hróplegt ranglæti, sem skapaðist með þessari brtt. Hann talaði um, að samkvæmt þessari till. ætti að draga fæðispeninga frá þeim mönnum, sem störfuðu utan heimilis. Þarna á ekki að draga frá, en hins vegar á að láta vera að bæta við.

Annars vil ég segja það, að till., eins og hún var í frv. upphaflega, var ranglát, en það ranglæti er leiðrétt með brtt., eins og hún liggur fyrir. Frv. gerir ráð fyrir, að þeir einir, sem teljast forsjármenn heimilis, skuli falla hér undir. Við sjáum dæmin, ef við lítum um borð í skip. Þar vinna menn hlið við hlið, en frv. gerir ráð fyrir, að þar skuli menn dregnir í dilka eftir því, hvort þeir teljast vinna fyrir heimili eða ekki. Það er gert ráð fyrir, að skipshöfnin sitji ekki öll við sama borð. Þetta finnst mér ranglátt. Mér finnst, að skipshöfnin eigi öll að meðhöndlast eins.

Hv. 1. þm. N-M. taldi, að erfitt yrði að framkvæma þessa till., ef hún yrði samþ. Mér finnst það vera að snúa hlutunum við. Ef till. verður felld, verða erfiðleikar á framkvæmdum, en ef hún verður samþ., lagast þetta. Það verður matsatriði, hvenær maður teljist forsjármaður heimilis, allur vafi í þeim efnum verður talinn skattgreiðanda í hag. Þarna eru markatilfelli, sem mundu valda erfiðleikum eða deilum, en með till. er línan dregin hrein, þannig að þar eru engir erfiðleikar.

Hv. 1. þm. N-M. segir, að oft sé erfitt að komast fyrir það, hvort til fæðishlunninda sé stofnað utan heimilis eða ekki. Þetta er misskilningur. Skattan. á að vita um heimilisfesti skattgreiðandans, þannig að þetta er ekki erfitt.

Ég get ekki séð, að brtt., sem hér liggur fyrir, hafi í sér fólgna hættu, og það, sem hv. þm. Barð. talaði um í sambandi við hjúkrunarfólkið og starfsfólk spítalanna, eru smámunir. Það mundi ekki verða nema um 10—12 þús. kr. á ári, svo að það er smáræði eitt, auk þess sem svo virðist, að þetta falli ekki undir l. Ég sé ekki nokkra hættu í að samþykkja þessa till., og hún mundi ekki baka ríkissjóði neitt tjón. Það er réttlátt að hafa málið svona, en ekki erfitt í framkvæmd.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég verð að svara hv. 7. landsk. þm. nokkrum orðum. Hann segir, að þetta komi ranglátt niður á mönnum á sama skipi. Hvernig er það ranglæti? Annars vegar er maður, sem á heima konu með 4 — 5 — 6 börn, sem þarf að matreiða fyrir, hvort sem maðurinn kemur heim að borða eða ekki. Hins vegar er maður, sem leigir herbergi úti í bæ og þarf að kaupa sér mat. Það er mikill aðstöðumunur hjá þessum tveimur mönnum. Það er allt annað. Það kostar minna fyrir manninn, sem fer burt frá heimili sínu, hvort hann borðar heima eða ekki, heldur en hinn, sem þarf að kaupa matinn. Þar að auki lætur hann það á móti sér að yfirgefa fjölskyldu sína, meðan hinn er ef til vill að leitast við að skapa fjölskyldu síðar meir. Í hinu kemur fram ranglæti. Ég nefni dæmi, sem eru í hverri sveit. Ég nefni mann, sem er í vinnumennsku og alltaf hefur fengið fæðið sem tekjur. En við hlið hans eru 4 menn á heimilinu. Við skulum segja, að þessir menn fái sama kaup, en það er lagt við hans kaup, fæðið, sem hann fær, en dregið frá kaupi hinna. Með þessu er stefnt að því, að engin fastráðin hjú verði til, allt lausafólk, sem er þessa stundina hjá þessum og hina hjá hinum.

Þá sagði hv. þm. (GÍG), að ég hefði viljað segja, að erfitt yrði að framkvæma þetta. Ég skal nefna dæmi. Það er alþekkt saga um landið, að þegar maður kom á heimili mikils virðingarmanns, sagði tengdafaðir hans: „Já, hann var nú heima í nótt.“ Hann var nefnilega aldrei heima. Hvar ætlar þm. að fylgjast með fæðisdögum hans? Hvar ætlar þm. að fá seðla hans? Hvernig ætlar hann að fylgjast með því? Það leikur ekki á tveim tungum, að eins og maður þarf að kaupa fæði, þegar hann er frá heimilinu, á hann að fá fæðiskostnað, og af þessum hlaupastörfum hefur þessi maður nokkur þúsund kr. á hverju ári í tekjur. Ég fullyrði, að það er hér um bil ómögulegt að fylgjast með þessu. Ég viðurkenni fúslega, að það er álitamál, hvenær á að telja mann forsjármann heimilis eða ekki. Það liggur undir úrskurð viðkomandi yfirvalds á hverjum tíma, en ég held ekki, að þau tilfelli séu svo mörg, að það verði ósköp erfitt að skera úr því.

Ég vara alvarlega við að samþykkja þessa till. Hún mun draga á eftir sér verulegan dilk, ef hún verður samþykkt, og lækka tekjuskattinn miklu meira en hv. 7. landsk. gerir sér ljóst, og það er af því, að þótt fæðið sé ekki nema 12 kr. sinnum 365, dregst það alls staðar frá ofan frá og lækkar þann hluta teknanna, sem hæstur tekjuskattur hvílir á. Það eru margir, sem finnst þetta lítið af tekjum manna, en þetta dregst frá toppnum og setur menn í annan „skala“. Þess vegna lækka skattarnir miklu meira en menn gera sér í hugarlund fljótt á litið. Annars skal ég ekki vera með neinar spár um það, hve miklu þessi skattalækkun nemur í heildinni, en hún er veruleg, því að það er fjöldi manna, sem hún nær til. En það er verst, hvað þetta er ranglátt, því að það ýtir undir það, sem það ekki á að gera. Ef þetta yrði framkvæmt í nokkur ár, mundi það verða til þess, að enginn maður yrði eftir þann tíma í ársvinnu í sveit. Þeir mundu allir verða komnir í lausamennsku, og það vil ég ekki láta kalla yfir okkur. Ég held það ætti aðeins að gilda um sjómenn þetta undantekningarákvæði, og mætti þá bara setja „sjómenn“ í stað „forsjármanna heimila“.

Forseti (BSt): Ég vil óska þess, að menn þreyti ekki mikið umr. um einstök atriði.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki verða langorður. Það er misskilningur, að ég ætti sérstaklega við starfsfólk spítalanna. Ég vil benda á, að allt þjónustufólk á hótelum kemur undir það sama.

Hv. þm. (GÍG) kom ekki að því, sem er kjarni málsins, að þetta átti að gilda eingöngu fyrir sjómenn vegna áhættuþóknunarinnar. Ég leyfi mér því að bera fram brtt., að í staðinn fyrir

„forsjármaður heimilis“ komi: sjómaður. Vænti ég, að þetta leysi úr deiluatriðinu.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við 14. gr. á þá leið, að í stað orðanna „forsjármaður heimilis“ í 2. málsgr. komi: sjómaður.

Brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og mun ég nú leita afbrigða um hana, svo að hún megi koma til atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 250) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 229,1.A.1 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, PM, StgrA, ÁS, BrB.

nei: EE, GÍG, HV, JJós, PZ, ÞÞ, BBen, BK, BSt.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Mér virðist þessi till. þannig orðuð, að hún sé lítt framkvæmanleg, og segi því nei.

Hannibal Valdimarsson: Með skírskotun til grg. hv. 7. landsk. þm. segi ég nei.

Brtt. 238 felld með 9 shlj. atkv.

— 242 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, StgrA, ÁS, BrB.

nei: EE, GJ, GÍG, JJós, PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 248 felld með 8:6 atkv.

— 250 samþ. með 13:1 atkv.

— 249 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 245,1, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

— 229,7 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, StgrA, ÁS, BrB.

nei: GÍG, HV, JJós, PZ, PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, BSt.

EE greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þó að ég sé í sjálfu sér samþykkur því, að mönnum sé heimilað að selja á þennan hátt, þegar svo ber undir, þá álít ég óþarft að setja þetta í lög, sérstaklega þessi lög. Að öðru leyti er hætta á því, ef þessi breyt. yrði sett inn í gr., að það stangaðist á við niðurlag þessarar sömu gr., sem hljóðar svo: „Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í ríkissjóð, unz hann er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.“ Þetta getur því aðeins orðið, að ríkisstj. hafi á þessu fullt vald, og vegna þess vil ég ekki rugla greininni og segi því nei.

Brtt. 251 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, GJ, GÍG, HV, JJós, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK.

nei: EE, PM, ÞÞ, BSt.

PZ, BBen greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Þetta er alveg nýstárlegt hér á Alþ., að það sé verið að flokka í sundur, hverjir megi vera hámarksvextir af lánum til aðila til lands og sjávar. Og þangað til þetta skýrist betur, segi ég nei við þessu.

Bernharð Stefánsson: Þó að ég vildi gjarnan, að ráðstafanir væru gerðar til þess að lækka vexti þá, sem útgerðin verður að greiða, þá sýnist mér of langt gengið með því að setja bönkunum reglur um það, hvaða vexti þeir eigi að taka fyrir ef til vill sitt eigið fé, og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HV, JJós, PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, EE, GJ, BSt.

nei: StgrA, ÁS, BrB.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Með því að ég lít svo á, að í þessu frv. felist ákvæði, sem skapi aukið atvinnuöryggi, sem ég tel, að veiti verkalýð landsins betri hagsbætur heldur en sem nemur þeirri kaupskerðingu, sem binding vísitölunnar leiðir af sér, þá greiði ég atkv. með þessu frv. Auk þess virði ég það við núv. hæstv. ríkisstj., að hún hefur með því að bera þetta frv. fram sýnt viðleitni í að gera þó eitthvað í dýrtíðarmálunum, sem ég líka vænti, að verði til góðs, og hefur hún þá gert betur heldur en tvær síðustu ríkisstjórnir á undan henni, sem gengið hafa alveg á snið við dýrtíðarmálið.

Páll Zóphóníasson: Mér er ljós sá virðingarverði tilgangur hæstv. ríkisstj. með þessu frv. að reyna þó að láta flota landsmanna fara af stað með útgerð. Mér er líka ljós sú tilraun hennar að reyna með þessu að slíta í sundur tengslin á milli kaupgjalds og verðlags. Ég hef reynt að flytja við frv. brtt., til þess að þessi tilgangur gæti frekar náðst. Þeim hefur öllum verið hafnað. Ég hef enga trú á, að sá tilgangur, sem á að ná með þessu frv., náist, eins og það nú er. En ég vil ekki setja fót fyrir það, að hæstv. ríkisstj. fái að reyna það, og sérstaklega, að hún fái að draga þá lærdóma af því, sem hún mun fá. Þess vegna legg ég ekki stein í götu frv. og greiði ekki atkv.

Gísli Jónsson: Þegar frv. þetta var fyrst lagt fram fyrir stjórnarflokkana, var það á þann veg, að ljóst var, að það mundi á margvíslegan hátt lama atvinnulífið í landinu, ef það yrði að l. óbreytt. Fyrir harðfylgi einstakra sjálfstæðismanna og sérstakan velvilja og skilning hæstv. fjmrh. á málinu hefur tekizt að fá gerðar ýmsar mikilsverðar breyt. á frv., svo sem framlag til

aflatryggingarsjóðs, hagkvæmari ábyrgðir og vaxtakjör fyrir sjávarútveginn o. fl., og þótt enn séu margir ágallar á frv., tel ég, að þær umbætur, sem fengizt hafa á því, séu svo mikilsverðar fyrir atvinnuvegina, að ég vil ekki verða valdur að því, að þær nái ekki fram að ganga, og segi því já.

Frv. endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 252).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Ég sé, að þetta umdeilda frv. er komið aftur til okkar, og gefur það eitt til kynna, að þetta aðalstjórnarfrv., sem hefur verið lagt fyrir þingið og búið er að bíða eftir í 2½ mánuð —, að ríkisstj. hafi ekki einu sinni haft slíkan undirbúning á því, að það hafi verið hugsanlegt að setja þetta frv. í gegnum þingið án þess að láta það taka breyt. í neðri og efri deild, enda mun það hafa sýnt sig við meðhöndlun þessa máls, að ekki er tryggt að neinu leyti, að rekin verði skip og hraðfrystihús, þótt þetta frv. verði samþ. Hvort það er tryggt með þeim breyt., sem gerðar voru í hv. Ed., væri æskilegt að fá upplýst fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það hafa verið miklar óánægjuraddir um þetta frv., og ég sé, að 14. gr. hefur verið breytt til hins verra og rýrð þau réttindi, sem eftir voru skilin, á vissan hátt. Mér er ekki kunnugt um, hvaða röksemdir eru færðar fyrir því, að þessu var breytt þannig. Það er hins vegar augljóst mál, að á þessum skamma tíma, sem frv. hefur nú verið til umr. á Alþ. og úti á meðal þjóðarinnar, hafa komið fram fleiri og fleiri mótmæli gegn frv. Nú þegar er auðséð, að verkalýðsfélögin í landinu taka þetta frv., eins og það er, einungis sem beina árás á kjör sín og skilja það fyllilega, sem áherzla hefur verið lögð á, að með þessu frv. er á engan hátt verið að vinna gegn dýrtíðinni, heldur til að auka hana. Hins vegar byrjar fólkið nú þegar að sjá og skilja, hvers konar árás þarna er verið að gera einmitt á þá, sem lægst eru launaðir.

Þetta frv. hefur nú gengið í gegnum 6 umr., og ekki hefur fengizt fram við neina af þessum umr. nein yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, hvernig hún ætlar að nota þær vísitöluheimildir, sem henni eru gefnar með 12. gr. Ríkisstj. hefur enga yfirlýsingu gert í þá átt, að niðurgreiðslur haldi áfram, heldur komu fram mjög harðvítugar yfirlýsingar frá sumum ráðherrum, og skilst manni á þeim, að þetta sé fyrsta skrefið, sem verið sé að stíga, og með þessum þrælalögum sé grundvöllurinn lagður. En ríkisstj. þorir ekki að stíga stærri skref í einu. Samtímis á að reyna að gylla fyrir almenningi, að þetta skref sé ekki svo stórt, ekki nema 5% lækkun. Þetta allt saman er ekki svo tilfinnanlegt fyrir almenning, en það kom greinilega fram í umr., að frekari launalækkun er fyrirhuguð. Og svo framarlega sem tækist að framkvæma þessa launalækkun, sem í þessum l. felst, þá mun hún halda áfram. Slíkar yfirlýsingar komu sérstaklega fram hjá hæstv. dómsmrh. Og hvað eftir annað var hæstv. ríkisstj. gefið tækifæri til að leiðrétta þær, ef þær hefðu verið sagðar í hita umræðnanna. Með þessu er verið að höggva skarð í múrinn, og þetta verður til þess að örva almenning til að taka á móti og svara þessari árás, því að ef ekki verður tekið á móti nú, þá mun fleira koma á eftir. Nú hefur það hins vegar sýnt sig, að þessi launalækkun hefur enga þýðingu fyrir sjávarútveginn. Það, sem þeir menn, sem stjórna sjávarútveginum, hafa lagt mesta áherzlu á í skrifum sínum til n., er, að þeir fengju ýmsar tilslakanir á öðrum sviðum, t. d. lækkaða vexti, vátryggingarverð og annað þess háttar. Þetta er allt saman í samræmi við það frv., sem við sósialistar höfum flutt hér í d. og hefði minnkað kostnaðinn fyrir sjávarútveginn, þannig að afurðir sjávarútvegsins hefðu orðið ódýrari, en ekki með því að ganga á lífskjör almennings. Hins vegar er það vitað, að ýmsir stærri atvinnurekendur í landinu, sem eru ekki í neinum sérstökum vandræðum með framleiðslu sína, munu fá launalækkun með þessu. Þá er það orðið einkennilegt og sýnir, hver tilgangurinn er með frv., ef sjávarútveginum er neitað um það, sem hann leggur áherzlu á, en öðrum atvinnurekendum, sem grætt hafa undanfarin ár, eru veitt fríðindi með lögboðinni launalækkun hjá starfsmönnum þeirra. Þá sýnir sig bezt, að allt, sem á að tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, er ekki nema á yfirborðinu, því að aðaltilgangur stjórnarinnar er að knýja fram launalækkun hjá almenningi. Það hefur verið látið í veðri vaka, að þetta væri til þess að tryggja atvinnuna í landinu. Hvernig sem stjórnin hefur verið spurð að því, hvernig hún hugsi sér að gera það, þá hefur enginn getað svarað því. Og engin trygging er fyrir því í þessu frv., að atvinnan aukist, heldur hefur það hvað eftir annað sýnt sig, að það hafa þegar af hálfu ríkisstj. verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr atvinnunni í landinu. Nú þegar væri komið atvinnuleysi hér og víðar, ef síldin hefði ekki komið hér. Það hafa ekki heldur verið gefnar af hálfu ríkisstj. né stuðningsliðs hennar neinar yfirlýsingar um, að með samþ. þessa frv. yrðu gerðar nokkrar ráðstafanir til þess að bæta úr atvinnuástandinu, síður en svo.

Þá hefur ríkisstj. haldið því fram, að þetta sé gert til þess að vinna gegn dýrtíðinni. Það hefur verið margsýnt fram á það, að þetta frv. muni verða til þess að auka dýrtíðina, ekki síst með söluskattinum, og nú seinast mjög rækilega, eins og hæstv. forsrh. orðaði það sjálfur, þegar samsvarandi frv. var til umr. 1943.

Það eina, sem verið er að gera með þessu frv., er árás á lífskjör almennings. Það hefur verið vakin eftirtekt ríkisstj. á því, að hún hefur áður reynt að framkvæma svona launalækkun og tvisvar sinnum lagt til við verkalýðssamtökin og beðið ósigur í bæði skiptin. Það reyndi á pólitískan þroska hjá verkamönnum að skilja það, hvers konar árás þetta var. Þess vegna þurfti pólitískt fylgi um leið til að hrinda þeirri árás.

Hins vegar mun þessi árás, sem felst í frv., varða alla launþega í landinu samtímis. Launin lækka 1. jan., og þeir, sem daglega eru nú í jólaönnum, gera sér ekki ljóst, hvað verið er að gera gagnvart þeim. Mér er ekki grunlaust um, að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér jólahelgina einungis til að fela árásina. En þeir finna þetta greinilega eftir nýár. Ég á þess vegna mjög bágt með að skilja pólitíska blindni þeirra manna, sem halda, að með svona klunnalegri árás eins og hér er gerð, sé hægt að komast hjá því að vekja svo almenna mótspyrnu launþega í landinu, að það leiði til átaka. Það kann að vera, að valdhafar landsins óski eftir þeim, en sé svo, þá er það undarleg ósk, þar sem ekkert væri annað að vinna við það en ófrið. Sé þessum ráðh. hins vegar stjórnað af svo blindu ofstækisvaldi að heimta slíka árás á lífskjör almennings, þá er meiri ástæða fyrir launþegana að taka vel á móti. Slíkar árásir koma ekki frá atvinnurekendastéttinni almennt. Íslenzkir atvinnurekendur hafa sýnt það undanfarin ár í viðureign sinni við verkalýðsfélögin, að þeir hafa sjálfir verið til í að taka sanngjarnt tillit til þarfa launþega. Vitanlega eru á meðal atvinnurekenda slíkir ofstækismenn, sem hafa alltaf, frá því að atvinnuleysið hvarf og launakjör voru bætt, hugsað til þess, að fyrr eða síðar kæmi að því, að þeir gætu aftur byrjað árásir á verkamannastéttina. Það er kunnugt, hvernig einn af helztu ríkismönnum Reykjavíkur stjórnaði atvinnurekendum, sem lengi borguðu verkamönnum sínum sultarlaun. Svo alræmt var það orðið, að sagt var, þegar verkamönnum tókst að fá kauphækkun: „Þeir eru nógu kotrosknir núna. Bíði þeir bara, þar til atvinnuleysið kemur aftur.“ Þá átti að ná sér niðri á þeim. En því var afstýrt með samstarfi verkalýðsins og atvinnurekenda og allra framfaraafla í landinu, að það ástand hæfist strax upp úr styrjöldinni, eins og ýmsir ofstækismenn höfðu gert sér vonir um.

Mér virðist nú ríkisstj. beinlínis gera ráðstafanir til að reyna að skapa atvinnuleysi með því að horfa á það aðgerðarlaust, að atvinnuleysi sé að skapast. Það er ef til vill gert í þeim tilgangi að reyna að skapa sér betri grundvöll til árása á lífskjör almennings. Það má vera, að ríkisstj. reikni svo út, að það sé hægara að svelta verkamenn til undanlátssemi, ef þeir geti ekki farið úr einni atvinnugrein í aðra og þannig varizt kauplækkunartilraunum. En það er þó tæpt fyrir ríkisstj. að treysta á slíkt. Verkalýðshreyfing Íslands og annarra landa hefur ekki alltaf háð baráttu sína undir þeim kringumstæðum, að hún gæti verið örugg um vinnu annars staðar, ef verkfall væri í einni grein. Verkamenn hafa oft háð baráttu þannig, að engin vinna hefur verið, og þeir hafa þurft að neita fjölskyldu sinni um margt til sigurs fyrir stétt sína. Íslenzk verkalýðshreyfing hefur eflzt meira undanfarin ár en mörg þar á undan. Ég vildi segja þetta, til þess að hæstv. ríkisstj. vissi, að hverju hún gengur, ef hún skyldi hafa reiknað skakkt út viðvíkjandi þessu.

Vitanlega er svona árás eins og hér á að framkvæma einhliða árás á tekjur launþega. En henni verður svarað af verkalýðshreyfingunni. Þessum árásum verður svarað af hálfu verkalýðsins, meðan þar er til kraftur og skilningur, einkum þegar það er boðað, að þetta sé aðeins fyrsta árásin, en aðrar muni á eftir koma, ef þessi heppnast.

Það voru áðan lesin mótmæli gegn þessu frv. frá því verkalýðsfélagi, sem bezt laun hefur og er fjárhagslega sterkast, þ. e. frá prentarafélaginu. Það er engin tilviljun, að þetta félag, sem yfirleitt er ekki fyrir það að stofna til átaka, er nú einna fyrst til að mótmæla, eins og þegar gerðardómslögin voru sett. Ennþá einu sinni vildi ég vara þm. við að samþykkja þetta, ef þeim á síðustu stundu mætti verða ljóst, hvað þeir eru í raun og veru að gera. Gerðardómsl. voru sett í janúar 1942, og sú ríkisstj., sem setti þau, varð að fara frá eftir skamma stund, og l. sjálf urðu að engu, og á áttunda mánuðinum afnam Alþ. það ræksni, sem eftir var af þeim. Ýmsir þm. sögðu þá, að þeir hefðu ekki gert sér ljóst, að þeir hefðu reist sér hurðarás um öxl, og sögðust hafa lært, að ekki væri hægt að leysa dýrtíðarvandamálið á kostnað verkalýðsins eingöngu. Nú virðast þeir hafa gleymt þessu, og það er dýrt fyrir þjóðina, að leiðtogar hennar skuli ekki hafa betra minni, og dýrt, að þjóðin skuli þurfa að kenna þeim, hvenær valdi þeirra eru takmörk sett, og það er hart, að ríkisstj. skuli hafa stofnað til þessa.

Ríkisstj. mun ekki láta sitja við það að stofna til deilna út af III. kafla. Hvað eftir annað heyrast hótanir stjórnarliðsins um gengislækkun. Fyrir þessari hótun er enginn grundvöllur, meðan ekki er að fullu rannsakað, hvað við getum fengið fyrir útflutningsafurðir okkar, og gengislækkun væri því hrein glæpamennska gagnvart þjóðinni ofan á það, sem í þessu frv. felst. Ég sagði á fundum í haust, að hægt mundi vera að fá ábyrgðarverð fyrir fiskafurðir okkar. Ef hugmyndir okkar reynast rangar og verðið verður lægra, þá viljum við láta auðmennina fórna, og ef það dygði ekki, þá mundum við koma til alþýðunnar og biðja hana að leggja fram sinn skerf. En áður en sannprófað er, hvaða verð við getum fengið fyrir útflutninginn, og áður en auðmennirnir eru látnir fórna, þá er óheiðarlegt að krefjast fórna af alþýðunni. En sannleikurinn er sá, að ríkisstj. hefur alls ekki fengizt til að sannprófa, hvaða verð væri hægt að fá fyrir útflutningsafurðir okkar. Ríkisstj. hefur meira að segja gert allt til að spilla því, að við fengjum fyrir þær eins hátt verð og hægt er. Þegar hollenzka verzlunarsendinefndin kom, skrifaði hæstv. utanrrh. grein í Morgunblaðið og hélt því fram, að við yrðum að lækka verðið á útflutningsvörunum. En Hollendingarnir vildu kaupa af okkur vörur fyrir meira en ábyrgðarverð, og hæstv. utanrrh. tókst ekki að prútta verðið niður. Þá hindraði ríkisstj. og sölu hraðfrysts fisks til Tékkóslóvakíu, en þar gátum við selt með góðum kjörum.

Hjá ríkisstj. finnst engin viðleitni til að láta þá ríku bera neinar byrðar og engin viðleitni til sparnaðar á opinberu fé. Öll viðleitni hennar beinist að því að lækka kaup alþýðunnar. Það er þó lífsspursmál, að hátt kaupgjald haldist, því að það knýr atvinnurekendur til að beita fullkomnari vinnutækni og vinnuaðferðum og

miðar þannig að allsherjar tæknilegum framförum. Þegar ríkisstj. er með hótanir um, að ef þessi herferð hennar gegn alþýðunni í landinu tekst ekki, þá muni hún lækka gengið, þá er það hrein ósvífni gagnvart verkamönnum og sparifjáreigendum. En þessi hótun um gengislækkun er ekki einasta ósvífin og ónauðsynleg. Hún einkennist enn fremur af skammsýni stjórnarliðsins. Ef ríkisstj. tekst ekki að framkvæma þessa árás, ef henni tekst ekki að stela 180—200 kr. af 2000 kr. mánaðarlaunum launþegans, þá tekst henni ekki heldur að framkvæma gengislækkun. Hvernig býst hún frekar við að hafa vald til að framkvæma launalækkun með því að fella krónuna? Þessi orð og hótanir um gengislækkun eru mælt í reiði og ofstæki, án þess að reiknað sé með mótstöðukrafti þjóðarinnar. Það verður aldrei ráðin bót á dýrtíðinni eingöngu á kostnað verkalýðsins, og það verður aldrei gert nema í samráði við verkalýðinn. Allar tilraunir til þess að leysa dýrtíðarmálin út frá eiginhagsmunasjónarmiði hinna ríku hafa til þessa mistekizt. Hér við 7. umr. um þetta frv. vildi ég enn freista þess að fá hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar til að sjá að sér og fá þá til að sjá og skilja, að hér eru þeir ekki aðeins að gera stórfellda árás á alþýðu landsins, heldur eru þeir einnig að fremja pólitíska skyssu. Vita hv. þm. ekki, hvað það þýðir fyrir mann, sem hefur 2000 kr. laun á mánuði, að missa 200 kr. af þeim? Vísitölulækkunin, sem þessari kaupskerðingu veldur, orkar og engu til þess, að sjávarútvegurinn fari af stað. Ég flyt því brtt. þess efnis, að III. kafli falli niður, þ. e. a. s. vísitölubindingin. Ég mælist til þess við hv. þm., að þeir athugi nú, hvort ekki sé skynsamlegra upp á framtíðina að gera slíkt. Þeir, sem settu gerðardómslögin, sáu alltaf eftir því verki. Og nú eru fram undan einhverjir mestu möguleikar, sem við höfum átt, til að selja útflutningsafurðir okkar háu verði, þannig að vinnustöðvun á komandi ári yrði dýrari en nokkru sinni fyrr, og ef stofna á til vinnudeilna nú, mun það valda þjóðinni tugmilljóna tjóni. Því leyfi ég mér að leggja þessa brtt. fram og bið forseta að æskja afbrigða fyrir hana, með því að hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

Forseti (BG): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. Önnur frá hv. 2. þm. Reykv., sem hann hefur nú lýst, hin frá hv. þm. Siglf. Leyfi ég mér að leita afbrigða fyrir báðar till. í senn, ef enginn mælir því í gegn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 253 og 254) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það var tilkynnt með allmiklum belgingi, þegar frv. þetta kom fyrir þingið, að nú hefði málið verið hugsað svo til þrautar, að ekki mundi hægt að bæta það í meðferð þingsins. Í útvarpsumr. sagði hæstv. forsrh., að hann hefði kosið að hugsa þetta mál rækilega og ekki viljað leggja fram vanhugsaðar till., en þegar hann rakti frv., lagði hann mesta áherzlu á þau atriði, sem breytt hafði verið frá því, er stjórnin lagði til í upphafi. Frv. kom þannig frá ríkisstj., að það væri öruggt, að engin útgerð yrði rekin á næstu vertíð. Frv. var samið af sama hroka og lýsti sér í ræðu hæstv. sjútvmrh., er hann kallaði andstæðinga frv. labbakúta. En framkoma hans sjálfs í þessu máli hefur verið alveg sérstaklega labbakútsleg. Hann hafði engin samráð við útgerðarmenn við samningu frv. og hefur nú verið hrakinn úr einu víginu í annað, þegar útvegsmenn hafa neyðzt til að senda nefndir til hans til þess að fá hlut sinn bættan. Af þessu frv. er öllum ljós fjandskapur ríkisstj. í garð launastéttanna, en gagnvart sjávarútveginum hefur frv. nokkuð lagazt í meðferð þingsins.

Ég ætla að lofa hv. þm. að heyra yfirlit yfir þær breyt., sem orðið hafa á frv., hvað snertir sjávarútveginn, og hversu margfaldlega hæstv. sjútvmrh. hefur orðið að hrekjast frá fyrri fullyrðingum sínum, en hann sem ráðh. sjávarútvegsmála ber ábyrgðina á þeim kafla frv., sem að útveginum snýr. Helmingur eignaraukaskattsins hefur verið látinn í hlutatryggingasjóð, og er gizkað á, að sú upphæð sé um 5 millj. kr., og er enginn vafi á, að þetta er til mikilla bóta fyrir sjávarútveginn. Þetta fékkst þó aðeins fram vegna krafna útvegsmanna og vegna þess, að við sósíalistar hindruðum, að frv. yrði hraðað svo gegnum þingið sem hæstv. ríkisstj. ætlaðist til. Nokkrar fleiri breytingar hefur stjórnin séð sig knúða til að gera á frv., t. d. að greiða rýrnun á saltfiski, sem dregizt hefur að senda út, án þess að útgerðarmenn eigi nokkra sök á því. Það er að vísu ekki ákveðið, eftir hvaða reglum greitt verður, en samtök útvegsmanna eiga að fylgjast svo vel með, að þeir fái bætt það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir. Þetta getur líka orðið nokkurt aðhald fyrir stjórnina í afurðasölumálunum. Það þarf að koma í veg fyrir, að saga þessa árs endurtaki sig í afurðasölumálunum, þar sem stjórnin hefur hafnað sölu, sem fyllilega stendur fyrir ábyrgðarverði, af því að heildsalarnir gerðu kröfu til að fá pund og dollara til að braska með. Það hefur verið lögð mikil áherzla á það að losna við ábyrgðarverð á fiski, þó að það sé alveg nauðsynlegt, m. a. til að fyrirbyggja, að stjórnin selji afurðirnar fyrir miklu lægra verð en hægt er að fá. Það nær ekki nokkurri átt, að útvegurinn, sem berst í bökkum, eigi að greiða fyrir afglöp hæstv. ríkisstj. á árinu 1947. Því er alltaf haldið fram, að Alþ. geti ekki tekið fram fyrir hendur bankanna í því að ákveða vexti, en nú er vitað mál, að Landsbankinn hefur í hyggju að hækka útlánsvexti um 1% og þar með rekstrarlán til útvegsins. Í frv. stjórnarinnar var ekkert orð um vexti, þó að útvegurinn sé skuldum hlaðinn og vaxtabyrðin eitt mesta vandamálið af þeim sökum. Þetta hefur nú fengizt nokkuð lagfært, þannig að eftir að ráðh. hafði fallizt á 1% vaxtahækkun bankanna, þá hefur stjórnin verið knúin til að setja inn þau ákvæði, að vextir skuli ekki hækka af rekstrarlánum útvegsins. Það þýðir, að stjórnin hefur neyðzt til að breyta út af ákvörðunum, sem hún var búin að taka, með lagafyrirmæli frá Alþingi vegna mótspyrnu þingsins. Saga vaxtanna var ekki þar með búin, því að í Ed. var gengið það langt, að

stjórnin neyddist til að fallast á, að vextirnir skyldu ekki fara fram úr 4% til útvegsins, en hraðfrystihúsin hafa orðið að greiða 4½% fyrstu 6 mánuði ársins, en 5½% síðan. Hér hefur úrslitaákvörðunin í þessu efni verið færð í hendur löggjafarvaldsins, eins og ég tel eðlilegt og sjálfsagt, og er það ef til vill þýðingarmest af því, sem ávannst í Ed. Hins vegar eru það engin rök að heimta 4% vexti af hraðfrystihúsunum. Erlendis þekkist slíkt ekki, og þar eru vextirnir ekki einu sinni 1%, heldur ½%, enda er áhættan í raun og veru engin, þegar lánað er út á ákveðna framleiðslu, sem er verið að fullgera eða er ef til vill fullgerð. Ég hef nú ekki viljað ganga eins langt í þessu og hér hefur verið minnzt á, en tel mig aðeins flytja væga sanngirniskröfu með brtt. minni um, að vextir hraðfrystihúsanna verði færðir niður í 3%. Í sambandi við ábyrgðarlögin hefur stjórnin hörfað nokkuð og fallið frá að binda ábyrgðina við 35 aura, en fallizt á að borga geymslukostnað. Það er líka alveg nauðsynlegt, að ríkisstj. geti ekki lengur skákað í því skjóli að láta framleiðsluna liggja mánuðum saman á kostnað útvegsmanna, sem auk vaxtanna af rekstrarlánunum hafa orðið að bera allan skaða af þeirri rýrnun, sem óhjákvæmileg er. Þannig hefur stjórnin orðið að hörfa allverulega fyrir útvegsmönnum, bæði hvað snertir ábyrgðina og vextina, og undanhaldið sýnir, hversu veik hún er. Hún hefur að vísu ekki ennþá hörfað fyrir launþegum, heldur haft í hótunum um atvinnuleysi og gengislækkun, ef reynt væri að koma í veg fyrir þá árás á kjör launþega, sem felst í þessu frv. En ríkisstj. mun fyrr eða síðar verða að hörfa fyrir launþegum eða að öðrum kosti víkja úr sæti, því að þeir munu ekki þola skerðingu á lífskjörum sínum að óþörfu.

ATKVGR.

Brtt. 253 felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HermG, KTh, SigfS, SG, ÁkJ.

nei: EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, BG.

GÞG, JPálm, JJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (EmJ, GTh, LJós, ÓTh, PÞ, SK) fjarstaddir.

Brtt. 254,1 felld með 18:6 atkv.

— 254,2 felld með 19:6 atkv.

— 254,3 felld með 19:6 atkv.

Frv. samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PO, SB, BG.

nei: ÁkJ, EOl, HermG, JPálm, KTh, SigfS, SG.

GÞG, JJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (SK, EmJ, GTh, LJós, ÓTh, PÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Jón Pálmason: Niðurgreiðsla launavísitölunnar um 55 stig, eins og nú er og á að halda áfram, mun kosta rúmar 40 milljónir króna yfir árið. Fiskábyrgðin er áætluð af forsrh. 20 milljónir króna, og kjötábyrgðin kostar eigi minna en 6 milljónir króna. Allt þetta kostar því ríkissjóð nálægt 70 milljónum króna. Það á að greiðast með almennum veltuskatti og framlengingu á tollahækkunum síðasta Alþingis. Þetta hrekkur ekki nærri til, en þýðir auðvitað hærra vöruverð en ella mundi. Eignaraukaskatt hef ég frá upphafi talið óheppilega skattaleið, og álagning hans er ósanngjörn eftir reglum þessa frv. Þá tel ég vafasamt, að hve miklu leyti það verður raunhæf ráðstöfun að lækka útborgaða launavísitölu án þess að afnema vísitölulögin í þeirri mynd, sem þau eru. Allt þetta gerir það að verkum, að ég get eigi samþ. frv. og segi því nei.

Sigurður Bjarnason: Ég hef litla trú á því, að ráðstafanir þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, muni hafa þau áhrif, að dýrtíðin í landinu lækki og aðstaða atvinnuveganna batni. Ég tel þó felast í því tilraun til þess að stíga spor í rétta átt og segi því já.

Jónas Jónsson: Fyrir jól í fyrra bar einn af leiðtogum kommúnista, Áki Jakobsson, fram hér í þessari d. frv. með sama aðalefni sem liggur hér fyrir í lítið endurbættri útgáfu. Aldrei fyrr hefur verið gerð jafnkostnaðarsöm tilraun til að sanna bókstaf hinnar frægu skrumsögu um manninn, sem dró sjálfan sig á hárinu upp úr fúafeni. Ráðagerð kommúnista að leggja neyzluskatta á almenning, sem nema tugum milljóna, til að borga fyrir útlendinga mikið af andvirði stærstu og verðmestu útflutningsvörunnar mun vera algerlega fordæmalaus, enda var frv. borið fram í þeim tilgangi að eyðileggja útveginn sem sjálfstæða atvinnugrein og koma skattgreiðendum, sem stunda aðra atvinnu, á vonarvöl. Í það sinn var ég einn af þingmönnum um að greiða atkv. gegn frv. Leit ég svo á, að samþykkt þessa ábyrgðarmáls 1946 mundi marka línu í sögu landsins, því að sjálfstæð framleiðsla var þá látin þoka úr sessi fyrir allra lélegustu tegund þjóðnýtingar. Þegar þetta gerðist, voru tveir af borgaraflokkunum samverkamenn kommúnista um landsstjórnina, en hinn þriðji, Framsfl., var fyrir sitt leyti að búa sig undir að setjast á þann bekk. Nú ber ríkisstj. allra borgaraflokkanna þriggja fram hið sama mál, en þá bregður svo undarlega við, að kommúnistar snúast gegn sínu eigin hugarsmíði. Kunna kommúnistar, sem von er, vel við, að fulltrúar borgaraflokkanna hafa nú tekið tréhest þann, er þeir hafa smíðað og fyllt með banaráðum móti vestrænu atvinnufrelsi, og bera nú þennan smíðisgrip inn fyrir niðurbrotna múra íslenzks atvinnulífs. Ég get ekki átt samleið um frv. við upphafsmenn þess, sem nú hafa snúizt gegn því til að gera aðstöðu borgaraflokkanna ennþá óaðgengilegri. Ekki þykir mér frv. betra fyrir það, að fram hjá formanni S.Í.S., hæstv. menntmrh., sem er einn af núverandi flm. þess, hafa slæðzt inn í það meinlokur, svo sem það, að þar er gert ráð fyrir að leggja þungan skatt á skipti kaupfélagsmanna við sitt eigið félag, eins og um gróðafélag væri að ræða. Í ofanálag er stærsta og ríkasta hlutafélag landsins með beinum fyrirmælum laganna undanþegið þeim byrðum, sem annars eru lagðar á skattþegnana. Með þessari löggjöf hafa kommúnistar

og borgaraflokkarnir ofið saman örlög sín í þessu máli á ótrúlegan hátt. Sýnist mér þess vegna einsætt, að þeir aðilar, sem fyrr eða síðar hafa gerzt stuðningsmenn hins þjóðnýtta útvegs, hafi þann vanda með höndum framvegis. Mun ég þess vegna sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 255).

10. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (stjfrv., A. 212).

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 222).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Með l. nr. 98 1941 var stj. heimilað að fella niður tolla af ýmsum kornvörum, svo og lækka um helming toll af sykri og jafnframt hækka um 80% tolla af áfengi, tóbaki og innlendum tollvörutegundum. Þessar heimildir, sem hafa verið notaðar, hafa jafnan verið framlengdar frá 1941, og nú er flutt frv. um framlengingu þeirra árið 1948. Fjhn. mælir með því, að frv. verði samþ. Það má ef til vill segja, að viðhorfið sé lítið eitt breytt nú, en það er sennilega bezt, að stj. hafi þessa heimild. Hér er um almennar neyzluvörur að ræða, og má því telja óheppilegt, að þær hækki í verði samtímis þeim ráðstöfunum, sem nú eru gerðar. N. leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, ÞÞ, BK, EE, GJ, GÍG, HV, HermJ, BSt.
nei: PZ.
7 þm. (SÁÓ, StgrA, ÁS, BBen, BrB, JJós, LJóh) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., 19. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. 6. þm. Reykv. var eitthvað að spyrja úr sæti sínu um nál. í þessu máli. Ég vil því taka það fram, að fjhn. hefur ekki skilað áliti sökum þess, að ekki hefur unnizt tími til að prenta það. En þar sem þetta frv. hefur áður verið samþ. sex sinnum af öllum þm., leyfir n. sér að fara fram á, að það verði nú samþ. í sjöunda sinn, án þess að hún skili um málið sérstöku áliti eða geri nánari grein fyrir því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 256).

11. Tekjuskattsviðauki 1948.

Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1948 (stjfrv., A. 61).

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 264).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1.umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að vekja eftirtekt forseta á því, að þetta frv. þarf óhjákvæmilega að fara til n., þar sem ekki er hægt að afgreiða það án þess að gera breyt. á því. M. a. stendur í frv.: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948“ — og hann er liðinn. Ég veit ekki, hvort það hefur verið ætlun ríkisstj. að afgreiða þetta mál fyrir nýár. En hvernig sem það kann að vera, þarf málið í öllu falli að fara til n. og fá sína þinglegu athugun.

Forseti (BG): Mér var það ljóst, að hér var um formgalla að ræða, og ætlaði við 2. umr. málsins að benda á þetta, en annars lít ég svo á, að formgallinn sé þess eðlis, að ekki sé nauðsynlegt að tefja framgang málsins með því að vísa því til n. Ég vona, að enginn hv. þm. mæli á móti því, að orðalaginu sé breytt þannig, að í stað þess, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1948, komi: Lög þessi öðlast þegar gildi. — Þannig þarf það auðsjáanlega að vera.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil eindregið óska þess, að þetta mál fari til n. eins og það er. Og ég vil vekja eftirtekt á því, að það er vafalaust ekki gott að vita, hvaða afleiðingar það hefur, að þetta frv. er ekki samþ. fyrir 1. jan., sem sé viðvíkjandi því, hvernig það verkar á tekjur manna á þessu ári. Ég vil þess vegna eindregið óska eftir, að frv. verði vísað til fjhn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil upplýsa það, að þessi galli á frv. er til kominn þannig, að frv. er lagt fram í október og hefur orðið eitthvað síðbúið í Ed., sem hafði það með höndum, en þá var eðlilegt form á því að segja, að l. ættu að ganga í gildi í ársbyrjun. Svo kom þingfrestunin, án þess að þetta mál væri afgreitt, og nú standa sakir þannig, að þetta mál er mjög aðkallandi, því að útlendingar ýmsir eru að fara burt af landinu, og þarf að gera upp við þá þeirra skattamál, áður en þeir fara. Ég bað því í gær form. fjhn. Ed. að afgreiða málið fljótt og forseta Ed. að hraða því í gegnum d. þar, en þar var því ekki veitt athygli, að þessi formgalli var á því. Og af því að ég veit, að hv. þm. skilja nauðsyn þess, að mál þetta fái afgreiðslu, vildi ég mælast til þess, að ekki yrði farið að tefja málið hér með því að vísa því til n. vegna orðalagsins.

Einar Olgeirsson: Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að ætlazt mun hafa verið til þess, að þetta mál yrði afgreitt fyrir nýár. Þar hefur skeð yfirsjón. Fjhn. Ed. hefur ekki afgreitt málið, og ríkisstj. hefur ekki rekið á eftir því, og ég sé ekki, að hægt sé að bæta úr þeirri yfirsjón með því að breyta l. nú í Nd. Það er ekki hægt að afgreiða þetta frv. öðruvísi en að breyta 3. gr. Fjhn. Ed. hefur líka gert sig seka um þá yfirsjón að breyta ekki þessu, sem hún þurfti að breyta, þegar hún rekur sig á, að ekki er hægt að afgreiða málið í tæka tíð, og ég sé því ekki, þó að hv. Ed. hafi afgreitt málið á þennan vitlausa hátt, að þá þurfi hv. Nd. að gera það líka. Ég held, að það þurfi að standa í l., að l. skuli öðlast gildi nú þegar, þar eð ekki er hægt að láta þau gera það frá degi, sem er liðinn. Það er þess vegna óhugsandi að láta þetta standa svona, en nauðsynlegt að gera þarna breyt., og verður þá Ed. að sætta sig við það, þó að hún verði kölluð saman aftur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Að athuguðu máli get ég fallizt á það, sem hér hefur komið fram, að hv. Ed. verði að taka þetta upp til einnar umr. á ný, þar sem það kemur í sama stað niður. Ég skal svo ekki tefja málið.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég tek undir það, sem báðir síðustu ræðumenn hafa sagt, en þetta er svo einfalt atriði, að ég sé ekki, að málið þurfi að ganga til n. þess vegna. Ég leyfi mér því að leggja fram brtt. þess efnis, að lög þessi öðlist þegar gildi.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég sagði, en leyfi mér hér með við þessa umr. að leggja fram þá brtt., sem ég hef áður getið um, að lög þessi öðlist þegar gildi.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., sem hann lýsti. Brtt. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf afbrigði til þess, að hana megi taka fyrir til umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 269) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Ég vil ekki tefja þetta mál, en finnst ekki rétt, að það fari ekki til n. Ég tel, að það hefði mátt athuga þetta mál í n. og athuga, hvort ekki mætti gera á því breyt. Hér er verið að leggja skatt á menn fyrir tekjur ársins 1947, sem þeir eiga að greiða af tekjum sínum 1948, og það er gengið út frá því, að þær tekjur, sem menn hafa 1948, verði minni en tekjurnar á árinu 1947. Það hefði verið sanngjarnt, að ríkisstj., af því að hún gerði ráðstafanir til þess að lækka tekjur á þeim, sem lægst eru launaðir, en lét auðmennina halda sínum tekjum, þá hefði verið ástæða til þess, að tekjuskattsviðaukinn hefði frekar verið lækkaður á þeim, sem lægstar hafa tekjur, en hækkaður á hinum. Það er óréttmætt af ríkinu að ætlast til þess, að endilega þurfi strax að hækka á þeim lægst launuðu, þegar þeir hafa minni tekjur í ár en í fyrra. Hins vegar er ég á því, að taka þurfi þá fúlgu, sem þarf að ná, með þeim tekjuskattsviðauka, sem ætlazt er til með þessum l. Ég mundi, ef þetta mál hefði farið til n., hafa komið með brtt. í þessa átt, en eins og mönnum er kunnugt, fá menn of lítinn tíma til þess að koma með brtt., því að þetta þarf útreikning. Ég sé því ekki, að ég fái tíma til að koma með brtt., úr því að það á að keyra málið í gegn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 269 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort hann viti, að fundur verður haldinn í hv. Ed. í kvöld um frv. til l. um tekjuaukaskatt, og ef svo væri, að þar yrði ekki haldinn fundur um málið fyrr en á morgun, vildi ég mælast til þess, að 3. umr. um það hér í hv. d. yrði frestað til morguns, því að þá gæfist tækifæri til þess að koma fram með brtt. við frv. Ef fundur yrði hins vegar haldinn í hv. Ed. í kvöld um málið, gæti slíkt auðvitað ekki komið til greina, nema hæstv. forseti vildi halda hér fund síðar í dag.

Forseti (BG): Ég get því miður ekki gefið upplýsingar um það, hvort fundur verður haldinn um þetta mál í hv. Ed. í kvöld eða ekki. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. óski eftir að hraða afgreiðslu málsins, og vildi ég því gjarnan heyra álit hæstv. fjmrh. um það, hversu mikið kapp hann leggur á að hraða afgreiðslu þess.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þar sem tilmæli hafa komið fram um það að fresta 3. umr. þessa máls til morguns og þar sem ég veit ekki með vissu um, hvort hægt verður að halda fund í hv. Ed. í kvöld, sé ég ekki ástæðu til að gera ágreining út af því, þótt þessi frestur verði gefinn til morguns í þeirri von, að málið fáist þá afgr.

Forseti (BG): Þar sem ósk hefur komið fram um að fresta 3. umr. þessa máls til morguns og því hefur ekki verið andmælt innan hv. þd., sé ég ekki ástæðu til annars en að verða við þeim tilmælum.

Á 43. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 270).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 271).

---

12. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1948.

Á 40. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1948** (stjfrv., A. 299).

Á 50. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og verið hefur allmörg undanfarin ár, hefur þingi verið frestað og það komið saman að haustinu og setið svo fram eftir næsta ári. Það er öldungis einsýnt, þar sem nú er komið fram í febrúar og fjárl. ekki komin lengra áleiðis en raun ber vitni, að ókleift er að ljúka fjárl. fyrir þann tíma, sem gert er ráð fyrir í 35. gr. stjskr., að reglulegt þing komi saman. Ríkisstj. leggur því fyrir Alþ., eins og verið hefur mörg undanfarin ár, frv. um það, að Alþ. skuli kvatt saman eigi síðar en 1. okt. n. k., og er þá með því reiknað, að þessu reglulega þingi ljúki þegar búið er að afgreiða nauðsynleg málefni og þá sérstaklega fjárl., en að reglulegt þing ársins 1948 komi saman eigi síðar en 1. okt. n. k. Það er að sjálfsögðu heimild til þess að kalla þing saman fyrr, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og jafnvel að kalla aukaþing saman, en engin ástæða virðist til þess að binda samkomudag reglulegs Alþ. 1948 við fyrri dag en 1. okt., eins og verið hefur undanfarin ár. Vill ríkisstj. því vænta þess, að frv. þetta nái fram að ganga, og

vildi ég að þessari umr. lokinni óska eftir því, að frv. yrði vísað til 2. umr., en út af fyrir sig sé ég ekki ástæðu til að gera till. um, að það fari til n., en vel má svo vera ef vill, og ætti það þá heima í allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það leiðir af sjálfu sér, eins og hæstv. forsrh. sagði, að samkomudegi reglulegs Alþ. verði frestað eins og gert hefur verið oft undanfarið. Ég álít ekki nema eðlilegt, að till. komi fram um 1. sept. og 15. sept., eins og undanfarið, en hins vegar hafði Sósfl. ekki till. um það síðast þegar málið var til umr. Ég álít hins vegar, að allshn. ætti að fá tækifæri til að athuga, hvort þær skoðanir eru uppi í flokkunum, að heppilegra sé að hafa samkomudaginn fyrr. Ég vil því gera till. um, að málið fari til allshn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég hef ekkert á móti því, að málið fari til allshn. og hún athugaði það hjá fulltrúum flokkanna, hvort þeir vildu stinga upp á öðrum tíma, þegar Alþ. skyldi koma saman, heldur en hér er tilgreindur í frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj atkv.

Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 309, 310).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað mál þetta og gefið út nál., sem prentað er á þskj. 309. N. hefur orðið sammála um það, að nauðsynlegt sé að fresta samkomudegi reglulegs Alþingis til haustsins, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um að flytja brtt. um, hvaða dag Alþ. skuli saman koma í síðasta lagi. Kom það til út af því, að nokkrir nm. höfðu þau ummæli að þeir teldu heppilegt, að þingið kæmi eigi fyrr saman en. 10. okt., sökum mikilla anna á þessum tíma, og töldu sumir nm., að það yrði þeim mikils virði, ef þingið kæmi saman þann 10. okt. í stað 1. okt. Á þskj. 310 eru prentaðar þær breyt., að síðasti dagurinn, sem ríkisstj. sé heimilt að kalla þingið saman til funda, sé 10. okt. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um mál þetta.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú vikið að brtt. þeim, sem við flytjum í máli þessu, og mér er óþarft að bæta þar miklu við, en læt nægja að vísa til ummæla hans.

Mönnum, sem koma til þings utan af landi, er það mikils virði að þurfa ekki að mæta fyrr en þann 10. okt. í stað 1. okt. Hvað snertir afgreiðslu fjárl., þá sé ég ekki, að þessi frestur breyti miklu. Ef vegur er að ljúka afgreiðslu fjárl. fyrir jól, þá hefur ríkisstj. heimild til þess að kalla þingið fyrr saman. Að öðru leyti mun breyt. þessi ekki hafa nein sérstök áhrif. Ég vona, að hv. d. fallist á þessa breyt.

ATKVGR.
Brtt. 310 samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, FJ, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, StSt.
nei: ÁkJ, EOl, HÁ, HermG, KTh, SigfS, SG, SK.
StgrSt, ÁÁ, SkG, BG greiddu ekki atkv.
11 þm. (EmJ, EystJ, GTh, JóhH, JG, JJ, LJós, ÓTh, SB, SEH, StJSt) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SK, SkG, BG.
ÁkJ, EOl, HÁ, HermG, KTh, SigfS, SG greiddu ekki atkv.
10 þm. (EystJ, GTh, JóhH, JG, JJ, LJós, ÓTh, SB, SEH, StJSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigfús Sigurhjartarson: Þar sem ég hef enga tryggingu fyrir því, að þm. hafi betri tíma til þingstarfa 10. okt. en 1. okt., get ég ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls og greiði því ekki atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, BÁ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SK, SkG, StSt, BG.
ÁkJ, EOl, HermG, JörB, SigfS, SG greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁÁ, EmJ, EystJ, GTh, JóhH, JG, JJ, LJós, ÓTh, SB, SEH, StJSt) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 18 shlj atkv.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 316).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HB, IngJ, JóhH, JS, JörB, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, BG.
nei: EOl, HÁ, SigfS, SG.
KTh greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁkJ, ÁÁ, BÁ, GTh, HelgJ, HermG, JG, JPálm, JJ, LJós, ÓTh, SB, SEH, SK, StJSt) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1 umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér þykja þetta í meira lagi einkennileg vinnubrögð. Í fyrsta lagi er hér um stjfrv. að ræða, en þó fylgir enginn ráðh. því úr hlaði né gerir grein fyrir efni þess. Þetta er að vísu ekki nýtt hér, það hefur endurtekið sig hvað eftir annað, að ráðh. sýndu svo mikla fyrirlitningu á þeim málum, sem þeir eiga að flytja, að þeim hefur ekki dottið í hug að gera grein fyrir þeim hér í deildinni. Hvað eftir annað koma þeir hér með frumvörp og láta svo ekki sjá sig þegar þau eru tekin til umræðu. Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, hefur reynslan þar að auki sýnt, eins og ég hef margsagt, að það er sama, þegar þing er byrjað að haustinu, hve gleiðgosalega talað er um, að fjárl. verði samþ. fyrir áramót, þau ganga alltaf langt fram á það ár, sem þau eiga að gilda fyrir. Nú ætlaðist þó hæstv. ríkisstj. til þess, að þingið hefði tímann fyrir sér frá 1. okt. til áramóta til að ganga frá fjárl. En þm. í Nd. þótti svo gaman að láta vera fjárlagalaust, að þeir færðu þetta aftur, svo að lengdist sá tími, sem fjárlagalaust er, og er það til skammar, hve þingið hefur dregizt. Og samkomudaginn vilja þeir hafa sunnudag, sjálfsagt til þess að þurfa ekki sérstaklega að greiða fyrir messugerð. Svo liggur þessu máli hér svo á, að engu líkara er en slíta eigi þingi á morgun, eins og engin leið eða frestur sé til að athuga það eins og önnur mál, heldur hespa það í gegn athugunarlaust og án þess að það gangi til n. Nýtt þing ætti að vísu að byrja 15. febr., en ekki fyrr. Þetta er í hæsta máta óverjandi, og vil ég ekki taka þátt í því. Ég tel, að þetta mál, eins og önnur, eigi að sæta þinglegri meðferð, og ætli það yrði ekki nóg að afgreiða það endanlega á föstudag eða laugardag, ætli það verði búið að slíta þingi þá? Ég skil ekki þessa meðferð. Hafi ríkisstj. verið ákaflega umhugað um að koma þessu máli áfram, þá hefði hún átt að koma því í gegnum Nd. án þess að vika liði á milli umræðna. Þetta er að öllu leyti langt fyrir neðan það, sem sæmilegt má teljast af ríkisstj. og Alþ.

Forseti (BSt): Ég bendi á, að hverjum dm. var að sjálfsögðu heimilt að gera till. um það við 1. umr. þessa máls að vísa því til n., það átti hver kost á því, sem vildi. En það lá ekki fyrir nein till. um það, og leitaði ég því að sjálfsögðu aðeins atkvæða um að vísa málinu til 2. umr., en ekki um að vísa því til n., þar sem ekki lá nein till. fyrir um það.

Viðvíkjandi því, hvað málinu liggur á, er það að segja, að það verður að vera búið að samþykkja þetta frv. fyrir 15. febr., því að þá á nýtt þing að hefjast samkvæmt stjskr., ef því hefur ekki áður verið frestað með lögum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má til sanns vegar færa, að viðkunnanlegra hefði verið að fylgja þessu frv. úr hlaði, en bæði er það, að hæstv. forsrh. er staddur erlendis, en undir hann heyrir málið, og svo er málið ákaflega einfalt. Nýtt þing á að hefjast 15. febr., og verður að vera búið að slíta þessu þingi fyrir þann tíma, en öllum er ljóst, að þess er enginn kostur, og síðan fyrir jól hafa allir búizt við, að setja þyrfti þessi lög. Það er rétt, að Nd. færði samkomudaginn aftur um 10 daga, þó þannig, að ríkisstj. getur kallað þingið saman áður, ef henni sýnist svo. Mér hefur skilizt, að bændur utan af landi, sem sæti eiga í Nd., leggi töluverða áherzlu á, að þingið verði ekki kvatt saman fyrr en 10. okt., því að það henti þeim betur varðandi réttir og slátrun og fleiri annir að haustinu. Hitt er að vísu greinilegt, að ef líkur eru til, að unnt sé að ljúka þingi fyrir jól með því að byrja þinghald 10 dögum fyrr, eða 1. okt., þá er það á valdi ríkisstj. að kveðja það saman á þeim tíma, og ég tel víst, að hún geri það, ef hún telur það muna því, að með því móti verði unnt að ljúka þingi fyrir jól. Hitt er eðlilegt, að þm., sem jafnframt eru bændur, vilji vera heima yfir mesta annatíma haustsins, ef það er ekki talið óheppilegt fyrir þinghaldið, og er engin ástæða til þess fyrir bæjarþm. að fjandskapast við þá hugmynd.

Ég held, að rétt sé, að málið gangi til allshn., því að nægur tími er samt til að afgreiða það fyrir 15. febr., og ég geri því að till. minni, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Hv. 2. þm. N-M. var með aðfinningar í sambandi við það, að ríkisstj. fylgdi ekki frv. sínum hér úr hlaði, en ég held, að það sé ekki rétt nema um þau frv., sem borin hafa verið fram í Nd. Hitt veit hann sem mér eldri þm., að það er ákaflega tvíbent með það, hvort frv. er fylgt úr hlaði í seinni d. eða ekki. Það er aftur verra, þegar ekki er gerð grein fyrir frv., þegar þau koma fram í fyrri d. eða eru borin fram í fyrsta skipti, eins og henti mig hér áðan, þegar frv. til l. um ákvörðun fésekta var tekið fyrir, en þá var ég bundinn við annað mál í Nd., og bið ég hv. dm. hér velvirðingar á þessu. Ég játa, að það á að gera grein fyrir málum, sem koma fram, annað á ekki að eiga sér stað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 316, n. 328, 329).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það er orðin nokkuð föst venja að fresta að minnsta kosti samkomudegi reglulegs Alþ. eða aðalstörfum reglulegs Alþ. fram á haustið. Kemur þetta til af því, að nokkuð þykir óþægi-

legt og erfitt að afgreiða fjárl. með svo miklum fyrirvara sem nauðsynlegt væri, ef Alþ. ætti að koma saman á þeim tíma, sem ákveðinn hefur verið.

Ríkisstj. hefur borið fram frv. í hv. Nd. um það að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. 1948 til 1. okt. þetta ár. Við meðferð málsins í hv. Nd. komst sú n., sem hafði þetta mál til meðferðar, að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri, að þingið kæmi ekki saman fyrr en 10. okt. Þetta álit sitt byggði n. á því, að það væri talsvert óþægilegt fyrir þm. sveitakjördæmanna að koma til þings í byrjun okt. vegna haustanna, og taldi því nauðsynlegt, að þing kæmi ekki saman fyrr en 10. okt. Á þetta féllst hv. d. og er málið komið í þeim búningi til þessarar hv. d.

Allshn. hefur athugað frv., og leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt. En minni hl., hv. 1. þm. N-M. og hv. 4. landsk., leggja til, að frv. verði fært í það horf, sem það var, þegar ríkisstj. bar það fram í Nd.

Ástæðan fyrir því, að meiri hl. n. vill fallast á að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, er meðal annars sú, að n. getur fallizt á þau rök, sem fram komu í hv. Nd., að óþægilegt væri fyrir utanbæjarþm. að koma svo fljótt til þings, og það gæti verið þægilegra fyrir þá að þurfa ekki að fara heiman frá sér til þingstarfa fyrr en 10. okt., enda hefur reynslan orðið sú, þegar þing hefur komið saman 1. okt., að fyrstu dagana hafa verið heldur slæmar heimtur.

Þá er á það að líta, að búið er að breyta frv. í þetta form, og af því að ekki virðist bera á milli nema 10 dagar og slíkt sýnist vera lítil breyting, telur meiri hl. n. ástæðulaust að vera að kasta frv. á milli d. einungis út af þessu atriði og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég á hér ásamt hv. 4. landsk. eina brtt. á þskj. 329, en fyrst langar mig til að leiðrétta tvennt.

Það er rangt hjá hv. síðasta ræðumanni, að n. hafi breytt frv. í Nd. Það er fjarri því. N. bar lagði til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En það voru nokkrir hv. þm. í Nd., sem komu með þessa brtt., og meiri hl. n. féllst á hana.

Í öðru lagi vil ég leiðrétta það, sem hæstv. dómsmrh. sagði í gær, þar sem hann talaði um, að nokkrir bændur hefðu borið þessa brtt. fram í hv. Nd. Ég hélt, að hvorki hv. þm. Ísaf. (FJ) né hv. 7. þm. Reykv. (SK) væru kallaðir bændur. Svo að það er ekki fyrst og fremst vegna áhuga bændastéttarinnar, að þessi breyt. var gerð á frv.

Þegar ég legg til ásamt meðnm. mínum að hafa 1. okt. í stað 10. okt., þá byggist það í fyrsta lagi á því, að það er hugsanlegt, ef ríkisstj. er dálítið samstæð og eyðir ekki öllu sumrinu í frí og veizluhöld, að það sé hægt að undirbúa fjárl. þannig, að ef þing kemur saman 1. okt., verði þau afgr. fyrir áramót, en slíkt er alveg óhugsandi, ef þing kemur ekki saman fyrr en 10. okt. Helzt hefði ég kosið að færa samkomudag Alþ. til miðs sept., því að þá eru meiri líkur fyrir því, ef sæmilega er unnið, að hægt sé að afgreiða fjárl. fyrir áramót.

Ég vænti þess, þó að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir nú og ekki verði tekið tillit til brtt. okkar í minni hl. n., að hæstv. ríkisstj. athugi, hversu mikil skömm er að því í raun og veru að vera á hverju einasta ári með aðalþing ársins, sem átti að halda næst á undan, langt fram á það ár, sem fjárl. eru samin fyrir. Það er varla hægt að segja annað en að það sé skömm að því að vera nú á árinu 1948 að halda þing ársins 1947, og það er næstum óverjandi að vera alltaf stóran hluta af árinu án nokkurra fjárl. annarra en heimilda, sem búnar eru til, þegar allt er komið í eindaga.

Ég vildi biðja hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta frv. að athuga mjög gaumgæfilega, hvort ekki bæri á næsta ári að færa reikningsár ríkisins frá almanaksárinu yfir á það að hafa reikningslokin annaðhvort um mánaðamótin maí og júní eða júní og júlí. Og svo á þingið að starfa þann tíma, sem því er ætlað eftir stjórnarskránni, að byrja 15. febr., sem þá yrði síðast á reikningsárinu. Þetta er hægt að gera með því að semja einu sinni fjárl. fyrir hálft ár, t. d. frá 1. jan. 1949 og til þess tíma, sem maður vildi láta reikningslokin vera, hvort sem væri um mánaðamótin maí og júní eða júní og júlí, það finnst mér ekki skipta máli.

Þá mætti og semja fjárl. fyrir eitt og hálft ár í einu, og með þessum aðferðum mætti breyta þessu fyrirkomulagi, eins og ég hef lýst. Og ég er viss um, að það mundi í alla staði reynast heppilegra, og með því fyrirkomulagi væri ekki hætta á því, að vetrarkosningar þyrftu að koma fyrir, ef þing yrði rofið, og það tel ég ekki lítið atriði, eins og staðháttum lands okkar er háttað.

Hvað sem verður um brtt. okkar hv. 4. landsk., þá bið ég hæstv. ríkisstj. að athuga þetta tvennt: Í fyrsta lagi, að nota ekki þessa heimild, ef frv. verður samþ., heldur komi þing saman þannig, að það verði búið fyrir áramót að ganga frá fjárl., og reyna um leið að koma því til vegar að færa reikningsár ríkisins yfir á hentugri tíma, svo að þing geti verið haldið á venjulegum tíma vetrar, eins og l. gera ráð fyrir, og þó síðast á reikningsárinu.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. við frv. frá hv. 10. landsk. þm. við 1. gr.:

Í stað „10. okt.“ komi: 11. okt.

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin. Þarf því hennar vegna að veita afbrigði, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 332) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Till. þessi er flutt vegna þess, að menn hafa komið auga á, að 10. okt. er sunnudagur, og óviðkunnanlegt er að setja þing á sunnudegi. Það varð því að ráði á milli mín og frsm. n., að við skyldum flytja brtt. og setja 11. í staðinn fyrir 10.

ATKVGR.

Brtt. 329 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK, BrB, GJ.
nei: HV, LJóh, ÞÞ, BBen, EE, GÍG, BSt.
3 þm. (HermJ, JJós, PM) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Á þskj. 316 er gert ráð fyrir því, að stj. geti kallað saman Alþ. fyrr en 10. okt., en brtt. bendir til þess, að stj. ætli sér ekki að nota sér þessa heimild, því að annars hefði þessi brtt. ekki komið fram. Með tilvísun til þessa segi ég já.

Bernharð Stefánsson: Ég tel alveg vonlaust, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar, að sá tilgangur náist, sem flm. ætluðust til, þó að þing komi saman 1. okt. Ég tel, að þing þyrfti að koma saman 1. sept., ef svo ætti að verða, að þingstörfum lyki fyrir jól, en með því að ýmsir þm. utan af landi eiga mjög erfitt með að vera fjarverandi um mánaðamótin september—október, þykir mér rétt að neyða þá ekki til þess. Þinghaldið leggur nógar hindranir í götu þeirra manna, sem eiga heima utan Rvíkur. Ég segi því nei.

Brtt. 332 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PM, ÞÞ, BBen, BK, EE, GÍG, HV, BSt.
nei: PZ, StgrA, ÁS, BrB, GJ.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
2 þm. (HermJ, JJós) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Brynjólfur Bjarnason: Þessi till. frá hæstv. ráðh. bendir til þess, að stj. ætli sér ekki að kalla þ. saman fyrr en 11. okt. Ef svo væri ekki, væri till. óþörf. Ég segi því nei.

Gísli Jónsson: Það voru rök hjá hv. frsm. að breyta ekki frv. til þess að það þyrfti ekki að fara aftur til Nd. Ég sé ekki ástæðu til að breyta þessu, því að stj. getur kallað þ. saman þann 9., og segi ég því nei.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi leiðrétta það, sem hér hefur komið fram í tveim grg., þó að ég mótmælti því þá strax. Það getur ákaflega vel komið fyrir, að stj. kalli þ. saman fyrr en 11. okt. Ég gerði grein fyrir því, af hverju við flytjum þessa brtt. Það er til þess að ákveða ekki, að þ. komi saman á sunnudegi. Ég segi já.

Björn Kristjánsson: Ég taldi ekki vonlaust, að þinghaldi yrði lokið fyrir jól, ef þ. kæmi saman 1. okt. En úr því að búið er að fella till. um, að þ. komi saman þá, sýnist mér alveg nákvæmlega jafnvonlaust, hvort sem þ. kemur saman þann 10. eða 11., og af því að 10. er sunnudagur, en þá starfar þ. ekki, er mér sama um þetta og segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., 12. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 333).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 341).

---

13. Réttindi Sameinuðu þjóðanna.

Á 34. fundi í Sþ., 20 jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna (stjfrv., A. 259).

Á 44. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Frv. þetta er um það að staðfesta fyrir Íslands hönd samning þann um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem sjá má á fskj. með frv. En þau réttindi eru þess eðlis, að þeir menn, sem eru í erindum Sameinuðu þjóðanna innan lögsögu íslenzka ríkisins, hafa sama rétt eins og diplómatískir embættismenn. Þetta er aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Það má kannske segja, að þessi réttindi séu þannig í eðli sínu, að ekki þyrfti lögbindingu á þeim. Við athugun virtist okkur þetta vafasamt. Annars staðar í löndum hefur verið farið þannig að, að gefin hafa verið þar út lög til staðfestingar þessum réttindum. Og úr því að svo var farið að þar, þótti rétt að fara eins að hér.
Um málið sjálft efnislega mun ekki vera ágreiningur, og má skoða samþ. þessa frv. sem hreint formsatriði í framhaldi af því, sem áður hefur verið gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 302).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar Ísland á sínum tíma gerðist meðlimur Sameinuðu þjóðanna, þurfti að undirrita sérstakan sáttmála, sem þær þjóðir höfðu gert með sér. Í þessum sáttmála var meðal annars skuldbinding, sem allir meðlimir Sameinuðu þjóðanna urðu að taka á sig um að tryggja stofnun Sameinuðu þjóðanna og starfslið hennar öll sérréttindi, sem nauðsynleg gætu talizt, til þess að stofnunin gæti náð tilgangi sínum og unnið að starfi sínu. Í sáttmálanum var ákveðið, að alþjóðaþingið skyldi útfæra það nánar, hver þessi sérréttindi skyldu vera. Og á þingi sínu 1946 gengu Sameinuðu þjóðirnar frá reglu-

gerð um þessi sérréttindi. Reglugerðin hefur síðan verið send til þjóða, sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, m. a. til ríkisstj. Íslands. Ríkisstj. hefur athugað þennan samning og getur fyrir sitt leyti fallizt á, að hann verði gerður, eða hefur ekkert við hann að athuga. Hins vegar hefur íslenzka ríkisstj. samkv. l. ekki heimild til þess að staðfesta þennan samning án sérstakrar lagaheimildar. Hæstv. forsrh. hefur því borið fram frv., sem hér liggur fyrir, þar sem hann óskar eftir heimild Alþ. fyrir því, að Ísland megi gerast aðili að þessum samningi. Frv. var vísað til allshn., sem hefur kynnt sér efni þess og rætt það í einstökum atriðum. Allshn. er sammála um, að rétt sé fyrir Íslendinga að staðfesta þennan samning og að í honum felist ekki nein þau ákvæði, sem séu þess eðlis, að við getum ekki á samninginn fallizt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þennan samning í einstökum atriðum. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á, að samningurinn virðist tryggja Sameinuðu þjóðunum og starfsmönnum stofnunarinnar þau réttindi, sem sendiherrar erlendra ríkja njóta, þó með þeim breytingum, sem af eðli málsins leiðir. Það virðast ekki felast nein þau ákvæði í þessum samningi, sem gangi óeðlilega langt í þessum efnum eða stofni okkar réttindum á nokkurn hátt í háska.

Allshn. hefur því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. og ríkisstj. þannig veitt heimild til þess að láta þennan samning öðlast gildi hér hjá okkur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þetta litla frv. hefur hlotið greiða afgreiðslu í Ed. Efni þess er það eitt, að starfsmenn og erindrekar Sameinuðu þjóðanna fái hér að njóta diplómatískra réttinda. Það er lítið áhorfsmál og rétt að fá þetta staðfest beinlínis á formlegan hátt í samræmi við alþjóðavenjur, og býst ég við, að það fái greiða afgreiðslu hér, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 337).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef ekkert um þetta mál að segja af hálfu n. annað en það, að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. þm. Siglf., var fjarverandi, þegar málið var afgr. Ég óska þess, að d. afgreiði málið nú og láti það ganga til 3. umr. að þessari lokinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 350).

---

14. Fésektir.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ákvörðun fésekta (stjfrv., A. 314).

Á 56. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 331).

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Af því að hv. frsm. er ekki mættur, get ég skýrt frá því, að allshn. hélt fund um þetta mál, og þeir af nm., sem mættir voru á fundinum, voru allir sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. landsk. þm., var ekki viðstaddur á þeim fundi, en það var talið á fundinum, að hann einnig mundi vera samþ. þessu um samþ. málsins. En úr því að hann er hér viðstaddur, mun hann segja til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, HermJ, PZ, ÞÞ, ÁS, BBen, BK, BSt. BrB, StgrA greiddu ekki atkv.
6 þm. (GÍG, HV, JJós, LJóh, PM, SÁÓ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 17. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Eins og mönnum er kunnugt, hefur verðlag mjög breytzt frá því, sem var fyrir ófriðinn, en í öllum þorra l. er upphæð sekta miðuð við fyrri tíma verðlag. Það eru ekki nema sum l., þar sem sektarákvæðum hefur verið breytt til samræmis við það verðlag, sem orðið hefur. Í fiskveiðilöggjöfina hafa verið sett hækkuð sektarákvæði, og enn róttækari sektarákvæði hafa verið sett í frv., sem borið hefur verið fram um að ákveða sektir við brotum á gildandi verðlagslöggjöf. Það er svo um mörg alvarleg afbrot eins og smygl og brot á tollalöggjöfinni, að þar eru hlægilega lág sektarákvæði miðað við núverandi verðlag. Þannig mætti lengi telja. Það væri hægt að telja upp öll þessi fyrirmæli og hækka sektirnar í hverjum einstökum þeirra, en það hefur ekki þótt ástæða til þess, heldur þótti skynsamlegra að setja almennt lagaboð um heimild fyrir dómstólana til að ákveða lág- og hámarkssektir eftir þeirri vísitölu, sem kaupgjald er reiknað eftir. Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, fer í þá átt að lögfesta þetta.
Frv. fékk góðan framgang í Ed., og vona ég, að eins verði hér. Vil ég mælast til þess, að d. afgr. það nú til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 362).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, BÁ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, PÞ, PO, BG.
SG, EOl, HermG, LJós, SigfS greiddu ekki atkv.
13 þm. (SEH, SK, StgrSt, ÁkJ, EmJ, EystJ, GTh, HB, JóhH, JJ, JörB, KTh, ÓTh) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 377).

---

15. Bændaskólar.

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um bændaskóla** (stjfrv., A. 23).

Á 5. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Þær breyt., sem felast í þessu frv. frá núgildandi l., byggjast á athugunum, sem fram fóru að tilhlutan landbrn. s. l. sumar á eldri l., og framkvæmdu þessa athugun skólastjórar Hvanneyrarskólans og Hólaskóla ásamt búnaðarmálastjóra. Höfuðbreyt. er fyrirkomulagsatriði um verklegt nám í bændaskólunum, en það hefur sýnt sig, að mjög erfitt hefur verið að fylgja þeirri námstilhögun, sem höfð hefur verið, og einnig, að oft hefur þurft að sækja um undanþágur. Nú er farið fram á, að breyt. verði gerðar samkvæmt þeirri reynslu, sem fengizt hefur. Einnig er farið fram á að greiða skólastjórunum nokkur bústjóralaun vegna þess, að aðrir kennarar hafa sumarfrí 2—3 mánuði ársins, og kemur það ranglátlega niður, að þeir verða ekki þessara hlunninda aðnjótandi, en verða að vinna að ýmsum störfum á sumrin fyrir ekki neitt. Þá er heimild til að stofna deild, þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun. Það hefur löngum verið áhugamál þeirra, sem við búnaðarmál starfa, að geta komið upp slíkri framhaldsdeild, og hafa á búnaðarþingi hvað eftir annað verið gerðar samþykktir í þessa átt, síðast nú í vetur. Þrátt fyrir mikla menntun búfræðinga erlendis, hefur verið mikill börgull á að fá leiðbeinandi menn úti um land, sem nauðsynlegir eru, og ekki sízt nú, eftir að jarðræktarákvæðin hafa verið samþykkt og miklar framkvæmdir hafa siglt í kjölfar þeirra. Á fleiri sviðum, t. d. við búfjárræktina, þarf að fá leiðbeinendur, og þótti rétt að koma upp stofnun, sem veitti mönnum þekkingu á þessum greinum, sem nægði til þess, að þeir gætu verið leiðbeinendur bænda. Það hefur verið ákveðið, að þessi framhaldsdeild byrjaði við bændaskólann á Hvanneyri nú í haust.
Annað er það ekki, sem ég þarf að taka fram viðvíkjandi þessum breyt., og legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn.

Jónas Jónsson: Mér sýnist ástæða til við þessa 1. umr. að fá eitthvað að heyra hjá stj. um það mál í heild, sem hér liggur fyrir. Sú breyt., sem þetta frv. leggur til, er sennilega frekar æskileg. Það er um nýja deild, sem ekki er til. En um leið finnst mér rétt að athuga, hvort búnaðarfræðslan í landinu sé á réttri leið, og hygg ég,

að á henni þurfi að gera aðrar og miklu meiri breyt. en hér er farið fram á.

Fyrst er að geta þess, að við höfum haft búnaðarskóla síðan 1880 og nú á síðari árum tvo búnaðarskóla, á Hólum og Hvanneyri, sem hefur verið vandað til eftir ástæðum, en samt er það þannig, að bændurnir hafa ekki sótt þá mikið. Það er áberandi, að húsmæðraskólarnir, sem eru hliðstæðir við bændaskólana, eru svo miklu meira sóttir, þannig að ef húsmæðraskólarnir væru nægilega margir, mundu 10 stúlkur sækja þá skóla í staðinn fyrir einn pilt, sem sækir bændaskóla. Húsmæðraskólarnir eru alltaf fullir, en bændaskólarnir eru ekki alveg fullir, og jafnvel á síðustu árum hefur verið misbrestur á því þrátt fyrir sæmilega kennslu. Því er ekki til að dreifa, að ekki sé sæmileg kennsla, heldur hafa ungu bændurnir fundið það, að við erum ekki á réttri leið. Húsmæðraskólunum hafa húsmæðurnar ráðið. Þeir eru svo að segja eingöngu verklegar stofnanir, en bændaskólarnir svo að segja eingöngu bóklegar stofnanir. Bændurnir hafa fundið, að það er ekki það, sem þá vantar, og það, sem ég hygg, að hæstv. ráðh. ætti að gera, er ekki það að beita sér fyrir þeim litilfjörlegu breyt., sem hér liggja fyrir nú, heldur að gera breyt., sem eru við hæfi fólksins. Ég vil nota tækifærið, af því að svo vill til, að hæstv. ráðh., sem með þessi mál fer, er þm. rétt hjá öðrum bændaskólanum, að benda honum á, að þessi skóli á ekkert verkstæði. Þar er engin smíðakennsla að heita má, og hinn skólinn er litið betur settur. Ég hygg, að það þurfi á búnaðarskólum að kenna margháttaða vinnu og meðferð búpenings — ekki af bókum, heldur með vinnu. Ég vitna aftur til þess, að á húsmæðraskólunum, sem kenna daglega vinnu, þar vill kvenfólkið vera. Ég ætla að segja hæstv. ráðh. frá því, að fyrir löngu síðan, það var löngu áður en hann var nemandi á Hvanneyri — og sjálfsagt er það orðið breytt nú —, þá var kennd þar, að því er mér var sagt af manni, sem var þar, bók um húsdýrafræði, sem var um 300 síður, en þar af voru 4 blaðsíður um íslenzk húsdýr. Eftir að skólanum var breytt, var tekið upp nýtt form. Það var lánað frá Dönum, en þar er formið það, að ungir menn læra alla nauðsynlega vinnu heima hjá sér eða á stórum búgörðum, þannig að þeir kunna öll nauðsynleg vinnubrögð við búskapinn, þegar þeir koma í skólann. Hjá okkur er þetta öfugt. Okkar ungu menn hafa tiltölulega mikla bóklega fræðslu, en litið af vinnu. Nú er það svo, að farið er að litilsvirða vinnu bændanna. Það þarf ekki annað en að benda á það, að hér á Suðurlandsundirlendinu er höfuðatvinna fólksins mjólkurframleiðsla, en bæði hér og annars staðar er litið niður á þau störf, sem henni fylgja. Fjósamannsstarfið hefur verið fyrirlitið og það stendur áreiðanlega mjög fyrir þrifum nauðsynlegum vinnubrögðum. Ég bendi á þetta, af því að við hér í bænum þurfum að fá mjólk og fólkið í sveitinni þarf að selja mjólk og fólkið, sem vinnur í fjósum og sér um kýrnar, þarf að hafa álika menntun og hjúkrunarkonur á spítala.

Ég er viss um það, að ef bændaskólarnir sneru sér að því að kenna bændaefnunum vinnubrögð í stað þess, að bændaefnin læra nú bækur, þar á meðal að vinna í fjósi, gerði það þá betur færa til starfs sins. Ég beini þessu fyrst og fremst til hæstv. ráðh., en það getur verið, að ég beri fram brtt. um þetta efni til þess að undirstrika það, sem mér finnst, að þurfi að gera síðar. Ég álit, að á Hólum og Hvanneyri ætti að vera 9—9½ mán. kennsla. Aðalheyskapartíminn mætti dragast frá, og ég geri ráð fyrir, að nemendur hefðu sæmilega bóklega þekkingu. Ég veit þetta af því unga fólki, sem kemur til mín, bæði frá alþýðuskólum og gagnfræðaskólum. Ég held, að við mættum í þessu efni þræða för kvenfólksins með húsmæðraskólana. Það væri ofur lítil bókleg kennsla, en fyrst og fremst ekkert erlent tungumál. Það yrði kennsla um húsdýr, um kynbætur og allt sem praktiskast. Ég á við, að það yrði að smíða, setja saman vélar og stunda vinnu við búskap undir þeim fullkomnustu skilyrðum, sem hægt er að hafa. Hæstv. ráðh. tók fram, að það hefði verið erfitt að fá ungu mennina til að sætta sig við að vinna sumarið milli skólavetranna, en ég held líka, að ekki sé nauðsynlegt, að þeir ungu menn, sem á skólanum eru, séu þar yfir heyskapartímann, en aftur er hægt i tímum að kenna þeim alla meðferð búvéla. Ég spái því, að ef þessi hæstv. ráðh. eða aðrir sæju sér fært að láta bændaskólana fara í för húsmæðraskólanna, þá mundu koma aftur heim betri bændur, sem nú er dregið í efa, með þá bóklegu kennslu, sem þar er veitt.

Þá vil ég leyfa mér að snúa mér að þriðja skólanum, Skálholti. Ég vil þá fyrst spyrja að því, hvort mönnum finnist ástæða til að byrja nú þegar á þessum skóla, fyrst hinir skólarnir eru ekki fullir. Mér virðist líka, að ef byrjað yrði á honum, að hann ætti að vera með nýju sniði, þar sem ekki virðist vera svo mikil ánægja með hina skólana.

Ég hef nýlega komið þarna austur, og ég vil láta hæstv. ráðh. vita, að það eru talsverðir annmarkar á því að framkvæma þetta mál. Það er nú búið að gera teikningu af skólanum, og mundi hann kosta uppkominn einar 5 millj. kr. Ég get ekki hugsað mér, að ræktun, útihús og leiðslur mundu kosta innan við 2 millj. kr., þannig að 7 millj. er það minnsta, sem það mundi kosta að koma þessari stofnun upp. Og þetta er samtímis því, að ekki er hægt að fá peninga til þess að koma upp sæmilegu verkstæði á Hvanneyri, og það er margt, sem skólana vantar vegna þess, að ekki er hægt að fá peninga til þess.

Þetta er nú það peningalega, en ég vil líka segja hæstv. ráðh. annan annmarka á þessu Skálholtsmáli, og það er það, að okkur er nokkur vandi á höndum með okkar sögustaði. Það er ekki vansalaust, hvernig farið er með Odda, Haukadal, Skálholt, Þingvelli, Reykholt og Hóla. Nú hefur þingið um skeið lagt nokkurt fé til Þingvalla og Reykholts. Ef Reykholt hefði ekki verið undirbúið þannig, áður en hinir góðu gestir komu í sumar, ef Reykholt hefði verið eins og það var, þegar búið var að byggja fjós og olíutank fyrir framan staðinn, — þá hefði verið þjóðarskömm að taka á móti hinni góðu gjöf, sem okkur var færð í sumar.

Nú vil ég segja, hvernig það er með Skálholt.

Þar er duglegur bóndi, sem rekur mikið bú, eftir því sem hægt er á þessum fólksleysistímum, en það er ekki hægt að reisa Skálholt við af einum bónda. Til þess þarf mörg hundruð þúsund kr., ef það á ekki að vera til skammar. Nú vil ég segja, hvað kom fyrir með Skálholt í sumar. Það langaði marga þessara manna til að koma í Skálholt, sérstaklega fræðimenn, og ég verð að segja það mér til minnkunar, að ég hafði ekki hugsað út í, að þetta var ekki hægt, en einn prófessorinn við háskólann og annar maður í n. fullyrtu, að þetta væri ómögulegt, og við gripum til þess ráðs að senda lítinn bíl með þá, sem sérstaklega höfðu óskað eftir því að sjá Skálholt, en létum hitt fólkið halda áfram.

Að undirbúningi Skálholtsskóla vann n., sem fór inn á þær villigötur að ákveða húsinu stað langt úti í bithaga, og þar hefði það verið nú, ef peningar hefðu verið til. En haldið þið, að hægt hefði verið að sýna gestum staðinn fyrir það? Það verður að byrja þar eins og í Reykholti og eyða í það mörg hundruð þúsundum, en það getur enginn bóndi gert. Mér er kunnugt um, að kirkjunnar menn vilja láta byggja myndarlega kirkju í Skálholti, — en hvernig haldið þið, að þá yrði, þegar skólinn yrði kominn langt út í bithaga? Það verður að hætta við þetta, því að það verður ægilegt skandalmál, ef það verður gert. Og ég vil vara hæstv. ráðh. við því að gera þetta og benda honum á að reyna heldur að draga málið á langinn, því að það verður til hneisu hverjum þeim, sem nærri því kemur. Gamli tíminn lét allt grotna niður, en nýi tíminn er langt úti í bithaga. Ég held þess vegna, að það, sem ætti að gera, væri að reisa fyrirmyndarbú í Skálholti, og svo ætti að reisa þar veglega kirkju. Það má ganga út frá því, að kirkjunnar menn mundu vilja byggja þar og laga kirkjugarðinn. Það, sem gera þarf á þessum stað eins og í Reykholti, er að reisa staðinn við. Þar er myndarlegur búskapur, sem rekinn er af 1—2 kennurum skólans. Sama á að gera með Skálholt, sem var miðstöð þessa lands í 700 ár. Ég vildi gjarna heyra, hvort hæstv. ráðh. álítur, að það eigi að reisa þennan skóla, hvort hann álítur, að það eigi að leggja í þennan 7 milljón króna „business“ samtímis því, að hinir skólarnir eru ekki fullir af nemendum, og hvort ráðh. er ekki með því að gerbreyta þessum skóla, að gera hann að verklegum skóla.

Það er sjálfsagt mjög hyggilegt, að þetta frv. gangi til landbn., því að þetta kemur ekki við hinu almenna formi.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég tek fullkomlega þátt í undrun hv. þm. S.-Þ. út af þessu frv. Ég hélt eins og hann, að fremur væri þörf fyrir að koma með frv. í þá átt að auka verklegu kennsluna í búnaðarskólununm heldur en hitt. Ég skal taka það fram, að ég þekki ekki mikið inn á þetta, en ég hef þó rætt þetta við skólastjóra þessara skóla, og tel ég, að þörfin sé fyrst og fremst sú að auka verklegu kennsluna.

Í 7. gr. frv. er rætt um þær bóklegu námsgreinar, sem á að kenna í búnaðarskólunum, og þær eru hvorki meira né minna en 20—30 í tveggja vetra skóla. Það er þá íslenzka, stærðfræði, innan sviga talnafræði, — og hef ég ekki heyrt það orð notað í þessari merkingu. Björn Gunnlaugsson mun þó hafa notað það um algebruna sína —, flatar- og rúmmálsfræði, búreikningar, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsaga og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, búnaðarlandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði og svo náttúrlega danska. Enn fremur skal kenna söng, íþróttir, leikfimi og teikningu. Svo er þess lítillega getið, að það eigi að kenna nemendunum eitthvað verklegt.

Ég er öldungis hissa á þessu, og eitt af því, sem vekur undrun mína, er sú staðreynd, að hér er starfandi n., sem hefur verið falið að endurskoða alla skóla allt frá barnaskólum. Þessi n. hefur nú þegar endurskoðað barnaskólana, gagnfræðaskólana, menntaskólana, kennaraskólann og húsmæðraskólana, og hafa verið afgreidd l. um þessa skóla. Þá var komið að sérskólunum. N. hefur tvísent bréf til allra skóla varðandi sérnámsefnin. Henni var ljóst, að það var þeirra verkefni að koma með sérnámsverkefnin. Hennar verkefni var að tengja þetta saman. Hvað iðnaðarmennina snertir, hafa þeir tekið þessu vel, og þar það þann árangur, að nú er langt komið frv. um iðnaðarskóla. Frá búnaðarskólunum höfum við ekkert heyrt, og virðist sem þeir vilji ekkert við n. tala. Er svo að sjá sem stj. sé á sömu skoðun, þar sem ekkert hefur verið við n. talað um þetta. Vekur þetta því meiri undrun mína, sem ég veit ekki annað en að n. starfi í góðri samvinnu við hæstv. menntmrh., sem er yfirmaður hennar.

Í sambandi við það, að n. var að undirbúa störf sín, virðist mér eins og hv. þm. S-Þ., að inntökuskilyrði í þessa skóla ættu að vera nokkuð ströng, miðuð við miðskólapróf. Þar ætti að fara fram verkleg kennsla og bókleg eftir því, sem skólarnir fjalla um, og svo það, sem ég álít, að kenna ætti í öllum skólum, sem sé íslenzk tunga.

Ég gat ekki látið hjá líða að láta í ljós undrun mína á tvennu: Í fyrsta lagi, að stj. kom fram með þetta frv. fram hjá n. og að skólarnir hafa ekki svarað n. um upplýsingar. Í öðru lagi er ég sérstaklega undrandi yfir meginstefnu frv., sem er sú að stytta verklega námið, og er ég sannfærður um, að sú stefna er ekki rétt.

Hæstv. ráðh. lagði til, að frv. yrði vísað til landbn. Ég legg til, að því verði vísað til menntmn. Þetta er að vísu sérskóli, og hvaða skóli sem er þarf að fá upplýsingar frá sérfróðum mönnum, en þetta er fyrst og fremst skólamál. Og þegar verið er að byggja upp öll okkar skólamál, er sjálfsagt, að þau fari gegnum eina og sömu þingn. Ég legg því til, að málinu verði vísað til menntmn.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég er hræddur um, að það hafi villt suma þm., að stj. lét fella breyt., sem hér eru bornar fram, inn í l., en sannleikurinn er sá, að breyt. eru mjög smávægilegar. En af því að undirbúningsn. valdi þá leið að fella breyt. inn í l., virðist eins og hér sé verið

að koma með nýjan lagabálk. Mér var kunnugt um endurskoðun skólalöggjafarinnar, og af þeim sökum taldi ég það ekki í mínum verkahring að gera till. um alhliða breyt. á l. um búnaðarskóla. Ég vildi aðeins fá smábreyt. Verklega kennslan hefur verið þannig framkvæmd, að það hafa verið vandræði, og vildi ég heldur hafa þetta innan löggjafarinnar en utan við hana. Í þessu átti engin endurskoðun að felast, því að hennar er von annars staðar frá.

Um það, sem sagt hefur verið um verklegu kennsluna í sambandi við þetta mál, get ég að sumu leyti verið þeim sammála, sem talað hafa, og að sumu leyti ekki. Sú breyt., sem gerð er á tímunum, kemur aðallega niður á sumartímanum, að starfstími manna verður minni þá, en öll verklega kennslan er frekar aukin en minnkuð. Ég er þeim sammála um það, að nauðsynlegt er að koma á fullkominni verklegri kennslu við bændaskólana, og er að því unnið að útvega til skólanna öll þau nýjustu verkfæri, sem tök eru á að fá við íslenzkan landbúnað, bæði vegna skólabúanna og til þess að kenna mönnum vinnubrögð með þau. Ég er sammála um það, að kennsla, sérstaklega í meðferð vinnuvéla, sé stórnauðsynleg námsgrein.

Um hitt skal ég ekki segja að svo stöddu, hvort það er til framfara að leggja að mestu niður þá bóklegu kennslu, sem er í búnaðarskólum okkar. Þeir hafa verið sniðnir eftir sams konar skólum á Norðurlöndum, og hefur verið tekin upp sú kennsla, sem þar tíðkast, og tel ég, að menn verði að hugsa sig vel um, áður en hinni bóklegu kennslu er kippt burt. Þó getur komið til mála, að almenn kennsla, sem frekar á heima í unglingaskólum, verði numin burt, þegar sú endurskoðun fer fram á skólalöggjöfinni á Alþingi, sem nú stendur til. Ég held ekki, að hægt sé að segja það, þó að húsmæðraskólarnir séu betur sóttir en bændaskólarnir, að það sé fyrir það, að bændaskólarnir séu skakkt uppsettir, og vil minna á það, að húsmæðrastéttin er að minnsta kosti tvöföld á við bændastéttina, svo að það er ekki undarlegt, þótt þátttakan sé meiri. Hitt er rétt, að aðsóknin að bændaskólunum hefur oft verið undarlega lítil, en mér er sagt, að það sé ekki minni tala hlutfallslega hér, sem sækir bændaskóla, en annars staðar á Norðurlöndum, og sé ég ekki, að hægt sé að kenna kennslufyrirkomulaginu um það, að þeir eru ekki meira sóttir.

Um verklega kennslu á bændaskólunum er það að segja, að verklegu kennsluna þarf að auka, en ég er ekki alveg viss um, að rétta leiðin sé að láta þessa kennslu alla fara fram í bændaskólunum. Ég hef heyrt það, að þar sem nemendur eru margir í verknámsdeildum bændaskólanna, þar falli svo lítið í hvers hlut, að þeir, sem þar stunda nám, verði verr að sér heldur en þeir, sem komast að verknámi hjá einstökum bændum. Ég get hugsað mér, að rétt sé að koma því svo fyrir, að sú verklega kennsla, sem þurfi að vera, geti farið fram víðar en á bændaskólunum, eins og er t. d. við sjómannaskólana. Kennslan í sambandi við þá fer fram víða. Þetta er allt til athugunar, þegar löggjöfin verður endurskoðuð.

Um Skálholtsskóla skal ég segja það, að eins og þm. er kunnugt, voru samþykkt l. um hann og samþykkt gerð um fjárframlag frá Alþingi til framkvæmdar þessum l. Nú hefur þessu máli lítið þokað áfram, aðeins ofur lítið haldið áfram með vegagerð. Hins vegar, þegar fram á sumarið kom og gjaldeyrisskorturinn fór að koma í ljós, sneri ég mér til fjárhagsráðs og spurði, hvort það mundi heimila áframhaldandi fjárfestingu vegna þessa skóla. Fékk ég þau svör, að vegna þess, að stöðva þyrfti ýmsar byggingar, sem byrjað væri á, teldi ráðið ekki mögulegt að festa stórfé í byggingu eins og Skálholtsskóla, og m. a. af því og af því að mér fannst þeir hafa lög að mæla, hefur ekkert frekar verið gert í málinu. Þær milljónir, sem til þess áttu að fara, eru óeyddar og verða það, þangað til nýjar ákvarðanir verða teknar um þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég eða núverandi stj. leggi út í framkvæmdir, fyrr en málið hefur verið athugað á ný og fyrir liggja nýjar ákvarðanir. Hins vegar tel ég mér skylt að vaka yfir þessu máli eins og Alþingi hefur fengið mér það í hendur og koma því áleiðis svo sem hægt er.

Jörundur Brynjólfsson: Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, en sökum þess, að inn í þessar umr. hefur dregizt bændaskóli Suðurlands og það á þann hátt eins og það gæfi tilefni til, að breytt yrði ákvörðun Alþingis um þetta mál, get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð.

Eins og hæstv. landbrh. hefur sagt, er tilefni þessa frv. aðeins það að breyta nokkuð til á bændaskólunum, Hólum og Hvanneyri. Lýtur það sérstaklega að verklega náminu. Hæstv. ráðh. hefur einnig gert grein fyrir því, hvers vegna þetta væri borið fram í þeim búningi, sem það er, að það hefur verið fellt inn í þau lög, sem um þetta gilda, og borið þannig fram. Hér er ekki um nýmæli að ræða, nema það, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Svo kemur það fram, að menn líta nokkuð öðrum augum á bændafræðsluna heldur en bæði var gert, þegar l. um hana voru sett, og eins þegar l. um bændaskóla Suðurlands voru sett. Alþ. hefur það vitanlega á valdi sínu að breyta l. og breyta sínum fyrri ákvörðunum, ef ástæða er til, en það finnst mér bera vott um næsta mikinn hringlandahátt, ef ætlunin er að fara á árs fresti að breyta l. um þetta. Það er nú ákveðið, að bændaskólarnir skuli vera 3. Síðan það var gert, hefur engin breyting orðið á Hólum eða Hvanneyri. Húsrúmið hefur ekkert stækkað frá því, sem þá var. Skólarnir eru nokkurn veginn fullskipaðir. Þeir rúma ekki nema um 70 nemendur. Ef gera má ráð fyrir, sem ég hef reyndar ekki reiknað út, að bændur búi að meðaltali um 20 ár, mætti ætla, að 500—600 bændur nytu hinnar almennu fræðslu, því að nokkuð af húsrúmi skólanna yrði notað fyrir framhaldsdeildir. Það skarðar þá í húsrúmið um 10—20 pilta, og mér er sagt, að í ráði sé, að nemendur séu í eina tvo vetur í framhaldsdeild, svo að ég hygg ekki of í lagt að gera ráð fyrir, að bændaskólarnir tveir geti tæpast tekið við meira en sem svarar 50 nemendum til almennrar fræðslu.

Eftir frv. er gert ráð fyrir, að frekar sé dregið

úr verklegu kennslunni en hitt. Þetta mun vera vegna þess, að piltar hafa tæpast fengizt til að dveljast við verklega námið sumarlangt. Nú er það svo, að undanfarin ár hefur verið gnægð atvinnu og hátt kaup, og hefur það freistað pilta til að sitja við þann eldinn sem bezt brennur, án tillits til framtíðarinnar, og um flesta er það svo yfirleitt, að þeir vilja sitja við þann eldinn. Þetta, hygg ég, að eigi sinn þátt í því, að bændaskólarnir hafa ekki verið betur sóttir hin síðari ár. Og þó að við verðum að vona, að hér verði áfram fjörugt atvinnulíf eins og að undanförnu, þá má þó vera, að það verði með nokkuð öðrum hætti, að atvinnan verði meira til að efla okkar eigið atvinnulíf en verið hefur, og mætti þá svo fara, að aðsókn yrði meiri að þessum skólum.

Það er rétt að líta á það í þessu sambandi, að mér finnst það sæta furðu einmitt nú á þessum tíma eftir þá breytingu, sem orðin er á okkar búnaðarháttum, að fram skuli koma hér á Alþ. hugmyndir, er gætu orðið til að draga úr bændamenntun, ef þær yrðu framkvæmdar. Það er að vísu erfitt að sjá fram í tímann, hvernig atvinnulíf okkar verður, en eitt er víst, að hér eftir verða gerðar harðari og meiri kröfur til bænda, að þeir séu starfi sínu vaxnir og hafi til að bera meiri kunnáttu og hæfni en verið hefur. Aðstaða bænda til að búa verður áreiðanlega sú, að þeir fá minna vinnuafl til daglegra starfa en hingað til. Bændur þurfa því meiri og fjölbreyttari þekkingu, ekki eingöngu verklega, heldur einnig bóklega þekkingu, sem grípur inn í starf þeirra enn meir en verið hefur. Og nú er verið að taka fleiri og fjölbreyttari tæki í notkun við landbúnaðarstörf en nokkru sinni hefur þekkzt hér, og það sjá allir, hve nauðsynlegt er, að bændur hafi sem bezta þekkingu á þeim. Og þeir þurfa á mikilli hæfni og tækni að halda til að láta þessi tæki endast sem bezt og halda þeim við, og til þess þarf fræðslu og æfingu í starfi. Þá gera neytendur meiri kröfur til bænda um vöruvöndun en nokkru sinni áður, og í sambandi við vöndun framleiðslunnar er þörf mikillar þekkingar, til að bændur geti orðið vandanum vaxnir. Þessi breyting er sumpart þegar orðin og sumpart er hún að verða, og á sama tíma er ekki örgrannt um, að hér séu komnar fram tillögur, sem miða að því að draga úr bændafræðslunni, og gegnir það mestu furðu. Vera má, að því verði til svarað, að þetta frv. gefi ekki tilefni til slíkrar gagnrýni, en þó er hér verið að draga heldur úr verklegu fræðslunni, og hefði þó verið þvert á móti ástæða til að auka hana. En ef ég mætti velja um almennu bændafræðsluna og framhaldsnám bændum til handa, ef við værum ekki menn til að hafa hvort tveggja í góðu lagi, þá mundi ég heldur kjósa, að almenna fræðslan væri í góðu lagi. Að vísu er það vel farið, að menntun þeirra, sem leiðbeina bændaefnum, sé í bezta lagi, leiðbeinandinn getur unnið ómetanlegt gagn, ef hann hefur bæði áhuga og menntun, en það verða áreiðanlega því meiri not að góðum leiðbeinanda, sem bændastéttin er almennt menntaðri og þeim vanda vaxin að hagnýta sér það, sem leiðbeinandinn ber fram. Ég álít því, að aðaláherzluna beri að leggja á hina almennu menntun bænda.

Hvað áhrærir svo bændaskóla Suðurlands, finnst mér illa með það mál farið (þó að þetta frv. gefi ekki tilefni til þessara ummæla), ef nú á að fara að breyta ákvörðun þingsins fyrir nokkrum árum og skerða fjárframlög til þeirrar fyrirhuguðu framkvæmdar. Ég tel það alveg fráleitt, og liggur þá við, að búnaðarfræðslan hér á landi eða aðstaða til hennar sé komin niður á það stig, sem hún var á fyrir síðustu aldamót. Hér á þó hlut að máli önnur stærsta stétt landsins, og framtíðaröryggi þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á því, að hafa góðan landbúnað. Og þetta gerist hér á sama tíma sem nágrannaþjóðir okkar auka bændamenntun sína stórkostlega. Nú þegar er hafinn lítils háttar undirbúningur að bændaskóla Suðurlands, og þó að sumum kunni nú að vaxa í augum, hvað hann kann að kosta, þá held ég, að mönnum væri hollt að hugleiða í því sambandi, að við mundum ekki vera komnir mjög langt áleiðis með tilliti til verklegra umbóta, ef alltaf hefði verið byrjað á því að gera dæmið upp fyrir fram, þegar átt hefur að hefja einhverja verklega framkvæmd, reikna út, hver kostnaðurinn verði, áður en lýkur, og láta sér vaxa það svo í augum að byrja aldrei á verkinu. Hversu haldgott væri t. d. vegakerfi okkar nú, sími og brýr, ef við hefðum reiknað út fyrir fram, hvað þetta mundi nú allt verða dýrt að lokum, og hefðum þá auðvitað hætt við að leggja í framkvæmdirnar? Ef sá háttur hefði verið hafður, mundu seint hafa verið teknar ákvarðanir um slíkar umbætur. Það á ekki við um fyrrnefndar framkvæmdir og því síður, hvað bændaskóla Suðurlands áhrærir.

Ég hefði búizt við öðru í þessu efni hér á Alþ. en því, sem hér hefur verið rætt um, að draga úr menntun bændastéttarinnar. Ég held, að það væri sæmilegra fyrir okkur hér að hlynna að henni eftir föngum. Störf hennar eru svo þýðingarmikil fyrir þjóðina, að okkur væri sæmra að reyna frekar að búa vel að henni heldur en gera tilraun til að draga úr menntun hennar og láta okkur í léttu rúmi, hvaða menntun bændur fá. Vera má, að ungmennum í þessum skólum sé svo farið í seinni tíð, að þeir hafi verið eitthvað veigrunarsamari en áður. En ég sé enga ástæðu til að leggja sérstaka áherzlu á það. Ég hygg, að það sé stundarfyrirbæri. Það má vera, að umrót undanfarinna ára hafi haft einhver áhrif á því sviði eins og í mörgum öðrum efnum. En það vil ég vona, að þó að þjóðin kunni að hafa verið eitthvað miður sín á þessum byltingatímum, sem eru svo ólíkir því, sem við höfum átt að venjast, að þá komi hún aftur til sjálfrar sín og verði þess megnug að færa sér þessa fræðslu og aðra í nyt.

Ég hefði nú viljað vænta þess af hv. d., að hún gerði þá bráðabirgðabreytingu á þessum l., er hæstv. ráðh. leggur til, en dragi ekki inn í þetta mál önnur efni og sízt þau, er orðið gætu til að tefja eða spilla menntun bænda.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. Árn. Ég held, að það gæti einhvers misskilnings hjá honum varðandi bendingar mínar í þessu máli, að þær miði að því að vinna gegn menntun

bænda. Ég stakk upp á, að bændaskólarnir yrðu eins árs eða 9 mánaða skólar, og með litlum breytingum gætu þá helmingi fleiri nemendur sótt skólana að Hólum og Hvanneyri, eða um 100 á ári hverju.

Ég veit, að þegar hv. þm., sem er sjálfur gamall búfræðingur, athugar, að í bændaskólunum eru nú kenndar yfir 20 námsgreinar og margar þeirra stórar, þá sér hann, að það er ekki æskilegt fyrir bændaefni að dreifa kröftum sínum á allt það námsefni, og það er ekki von, að piltar geri því öllu góð skil. Hv. þm. verður að minnast þess, að á hans gamla skóla, Hvanneyri, er enn þá ekkert verkstæði t. d., ranghyggjan er svo stórkostleg. Hví má ekki fyrst laga þá skóla, sem fyrir eru, svo að þeir nýtist sem bezt, áður en farið er að ráðast í það vafasama fyrirtæki að stækka þá? Námsgreinafjöldinn er minnisvarði yfir allt „húmbúg" í þessu sambandi. Hvaða meining er t. d. í því að kenna dönsku og almennan reikning í bændaskólunum? Ég er viss um, að ef hv. 1. þm. Árn. athugar málið, þá sér hann, að það er ekki heppilegt að blanda almennum kennslugreinum inn í sérfræðinámið, og í sambandi við það, sem hæstv. landbrh. viðurkenndi áðan, að bændaskólarnir hefðu jafnan verið illa sóttir, þá vil ég benda á, að við verðum að mæta þeirri staðreynd með því að gera skólana þannig úr garði, að bændur finni, að þeir eigi þangað eitthvert erindi og hafi það gagn af skólavistinni, sem til er ætlazt. Nýr skóli kemur af sjálfu sér, þegar hinir eru fullir, en meðan hins vegar er hægt að tvöfalda nemendatölu gömlu skólanna með skynsamlegu móti, bráðliggur ekki á nýjum skóla.

Ég dreg ekki í efa, að Ólafsdalsskólinn hafi verið einhver bezti búnaðarskóli hér á landi, en skólakerfi hans var mjög líkt og húsmæðraskólanna nú, mikið verklegt nám, enda blessaðist það vel. En að núverandi skólakerfi bændaskólanna gafst vel hjá Sigurði Sigurðssyni og Halldóri á Hvanneyri, stafaði bara af því, að þeir voru afburðamenn, en það er ekki öllum gefið, þessir menn voru yfirfullir af persónulegum krafti. Tökum t. d. húsdýrafræðina dönsku, sem hefur verið kennd, þar eru 296 blaðsíður um útlend húsdýr, en 4 blaðsíður um innlend húsdýr. Þegar Sigurður Sigurðsson kenndi eða talaði, þá hafði hann alltaf áheyrn, en þetta er ekki öllum gefið. Einstakir kennarar geta haft það mikinn persónuleika, að gallar ríkjandi skólafyrirkomulags komi ekki svo skýrt í ljós, meðan þeirra nýtur við, en þegar þeir falla frá, verður oft ekki lengur við unað.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að hin almenna skólaskylda hefur nú nýlega verið framlengd og það ekki svo lítið. Unglingarnir eru í hörðum bóklegum böndum, taka mikil og mörg próf og njóta sívaxandi bókfræðslu, svo að allir sjá, hve fjarri lagi það er að ætla sérskólum bændanna að burðast með alla hina almennu bókfræði, sem er kennd í lögboðnum skólum. Einn útgangurinn út úr hinum almennu unglingaprófum og námi er stúdentspróf við 18 ára aldur í framtíðinni. Stúdentar munu e. t. v. skipta hundruðum á ári hverju, og þeir stúdentar, sem fara í búnaðarskólana, ættu ekki að þurfa að taka annað en verklega námið. Menn hljóta að sjá, að það væri að bera í bakkafullan lækinn að láta bændur framtíðarinnar eða bændaefni fást enn við mikil bókleg efni, eftir að þeir væru komnir í gegnum hina almennu skóla og í bændaskólana eða sérskóla.

Hitt er rétt, að það er nauðsynlegt að reisa Skálholtsstað við í nútíðarmynd, koma þar upp fyrirmyndarbúi, stækka túnið og reisa hús fyrir það fé, sem Alþ. hefur heimilað að verja til staðarins, og reyna að láta bráðna þar saman virðulegar minningar liðna tímans og virðulegt og myndarlegt nútímalíf. Nefnd sú, er ákveðið hefur að endurreisa Skálholtsstað og fara með hann út í bithagann, er starfi sínu ekki vaxin.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta. Ég mun síðar koma hér með brtt. sem mótmæli gegn þeirri stefnu í búnaðarmálum, sem kemur fram í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 14:7 atkv.

Á 30. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 160).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður um þetta mál, því að frv. fylgir nál. landbn. á þskj. 160, og hef ég litlu við það að bæta. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með lítils háttar breytingum. Ég skal taka það fram, að n. taldi rétt að leita álits skólastjóra beggja bændaskólanna, og fékk n. umsögn frá þeim báðum um mál þetta, og lét hún prenta þær sem fskj. nr. 1 og 2 með nál. Eins og þar kemur fram, þá mæla þeir báðir með þeim meginbreyt., sem n. vill gera láta, og kemur þar fyrst til greina breytingin um verknámið við skólana, en hún er þess efnis, að verknámið skuli ekki taka yfir sumarið milli námsvetranna. Það ákvæði hefur reynzt mjög erfitt í framkvæmd og undanþágur frá því oftast verið gefnar, svo að heita má, að þær undantekningar séu orðnar að algildri reglu, en það stafar af því, að óhægt hefur reynzt fyrir bændasyni að binda sig allt sumarið, eins erfitt og nú er að fá vinnukraft í sveitirnar. Þó að slakað sé til um þetta, þá er síður en svo langt gengið með þessu. Ef breytingin yrði gerð, þá er gert ráð fyrir, að verklega námið við bændaskólana standi yfir 780 klst., en það svarar til 17—18 vikna tíma. Hin meginbreytingin, sem felst í frv., er í 15. gr. og fjallar um heimild þá, sem landbrh. er veitt til þess að stofna sérstaka deild við einn bændaskólanna eða annars staðar, ef hentara þykir, þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun. Þetta hefur nú reyndar þegar komið til framkvæmda, þar sem slík deild tók til starfa á Hvanneyri á s. l. hausti, og er hér því eiginlega aðeins leitað eftir staðfestingu, hvað þessa framhaldsdeild snertir. N. lítur svo á, að hún muni koma að miklu gagni, þar sem bændaefni, sem læra vilja meira en kennt er á bændaskólunum, þurfa ekki lengur að sækja þá menntun til útlanda, eins og verið hefur.

Ég vil nú lítils háttar drepa á þær breytingar, sem n. vill gera við frv., en þær eru í fyrsta lagi við 7. gr. frv. Þar viljum við láta koma í staðinn fyrir orðið: dönsku „eitthvert norðurlandamálið eða ensku". Okkur fannst óviðkunnanlegt að binda málanámið aðeins við dönskuna og breyttum því þess vegna. B-liður, sem er breyting við sömu gr., er á þessa leið: „Aftan við 4. málsgr. bætist: Nemendur, sem stunda verknám utan skólabúanna, fá greiddan ferðakostnað til og frá kennslustað."

Í 15. gr. frv. er heimild fyrir landbrh. að stofna sérstaka framhaldsdeild við bændaskólana, og leggur n. til, að kostnaður við stofnun hennar verði greiddur eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Aðrar breytingar en þær, sem nú hafa verið taldar, hefur n. ekki gert á frv. Í 6. gr. er prentvilla, sem að sjálfsögðu verður leiðrétt við endurprentun, en þar stendur „skólann" í stað „skólana".

Ég vil geta þess, að ég var fjarstaddur, er 1. umr. um mál þetta fór fram, en á þessu stigi málsins sé ég þó ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það og vil leggja til, að frv. með áðurnefndum breytingum verði samþykkt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að ég varð fyrir vonbrigðum, er ég sá frv. frá hendi hæstv. atvmrh., og vonbrigði mín minnka ekki, þegar ég nú heyri, að hv. landbn. mælir með því svo að segja óbreyttu.

Nú er það svo, að að undanförnu hefur farið fram nokkurs konar endurskoðun á skólum í landinu, og hefur verið ætlazt til þess, að bændaskólarnir heyrðu undir hana sem aðrir skólar. Sérfróðir menn skyldu við þessa endurskoðun leggja fram sína sérfræðilegu þekkingu og koma með tillögur, sem til bóta mættu verða.

Ég ætla, að báðum skólastjórum bændaskólanna hafi verið skrifað af mþn. og þeir verið beðnir um að láta í té upplýsingar og koma með till. um væntanlegt fyrirkomulag bændaskólanna, eftir að hin nýja fræðslulöggjöf gengur í gildi, og ég hygg, að n. hafi vænzt samstarfs við þessa menn. Ég hef við fyrri umr. þessa máls lýst því yfir, að mér voru það ógeðfelld vonbrigði, að enn hefur ekkert svar borizt frá þessum mönnum.

Ég tel það efalaust, að bændaskólunum sé í framtíðinni ætlað að taka á móti nemendum, sem lokið hafa miðskólaprófi, og sama máli gegnir um iðnskólana. Að vísu hefur það enn ekki verið ákveðið fyrir fullt og fast, en ég veit, að í bígerð er frv. — þótt það sé enn ekki komið fram — um, að nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi, skuli fá inngöngu í iðnskóla. Ég álít, að meginverkefni bændaskólanna eigi að vera verklega námið, en ég vil frábiðja þann misskilning, sem fram kom hér við 1. umr. málsins, að með því vilji ég, að bændur séu verr menntaðir en aðrir, en það er eindregið álit mitt, að sjómannaskólar, bændaskólar, iðnskólar og aðrir slíkir skólar skuli taka við að miðskólaprófi loknu. Nemendur hafa þá lært: í fyrsta lagi íslenzk fræði og í öðru lagi reikning, eðlisfræði og fleira það, sem almenn fræði kallast. Ég held því, að verið sé að ganga í öfuga átt með því að stytta verknámstímann við bændaskólana í stað þess að lengja hann. Ég hygg hins vegar, að í rétta átt sé gengið með stofnun framhaldsdeildar, en að verklega námið þurfi miklu gagngerari endurskoðunar við.

Það mun vera ætlazt til þess, að verklega námið fari fram á jörðum skólanna. Þetta er skólunum alveg um megn. Nemendurnir þyrftu að geta verið við verklega námið á tilrauna- og myndarbúum, sem væru undir eftirliti skólanna.

Ég skal svo ekki fjölyrða þetta frekar, en vil enn lýsa yfir skoðun minni, að mér finnst með þessu frv. í fyrsta lagi gengið fram hjá þeim aðilum, sem um þessi mál eiga að fjalla, í öðru lagi, að með því sé verið að ganga á verklega námið í stað þess, að það þyrfti að lengja það. Ég er því á móti frv. í heild, þó að ég hins vegar sé með ákvæðinu um framhaldsdeildina, en ég hygg, að það nái fram að ganga, þó að frv. verði fellt, en eins og ég hef áður sagt, þá hygg ég, að bændaskólarnir þurfi gagngerra breytinga við, áður en þeir séu komnir í það horf, sem æskilegt er.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt, þá var ég ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls og hef því ekki fylgzt með því, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur áður en nú sagt um það. Mér er ókunnugt um, hvað mþn. sú, sem hv. 6. þm. Reykv. gat um, hefur gert í þessu máli, en mér þykir það næsta einkennilegar upplýsingar, ef réttar eru, að skólastjórar bændaskólanna hafi neitað að láta n. í té umbeðnar upplýsingar. (**SigfS:** Ekki neitað því, en látið það undir höfuð leggjast.) Ég skal ekki afsaka það.

Hv. 6. þm. Reykv. heldur því fram, að á bændaskólunum eigi að vera verklegt nám eingöngu. Ég er hér ekki á sama máli. Hann sagði, að sín skoðun væri sú, að að miðskólaprófi loknu tækju bændaskólar og aðrir hliðstæðir skólar við nemendunum. Nú er þess að gæta, að hin nýja fræðslulöggjöf er enn ekki komin í gildi og þar með engin miðskólapróf, og þess vegna er of snemmt að ganga út frá þeim. Hins vegar hefur það iðulega verið gert að taka héraðsskólanemendur í bændaskólana, en ég hygg, að hvorki þeir né þeir, sem miðskólaprófi hafa lokið, hafi fullnægjandi bóklega menntun sem bændaefni, því að bændaskólamenntun hlýtur alltaf, ef vel á að vera, að vera nokkuð sérfræðileg. Nægilega menntun hafa þessir nemendur e. t. v. í nokkrum greinum, svo sem stærðfræði og móðurmáli, en ég tel mikið á vanta í náttúrufræði, því að þörf er mikil á góðri kunnáttu í grasafræði, eðlis- og efnafræði. Ég verð að segja það, að þegar ég sem ungur piltur kom í bændaskóla, þá opnuðust fyrir mér nýir heimar í þessum greinum. Ég hygg því, að það sé á miklum misskilningi byggt að vilja útrýma slíkri kennslu úr bændaskólunum, enda er það ekki í neinu nágrannalandi okkar svo, að bændaefnum sé ekki í té látið allmikið sérnám, sem atvinnugrein þeirra útheimtir. Þeir verða að fá skilning á ræktun og eldi húsdýra, en það hlýtur að

byggjast á sérnámi. Ég hygg því, að það sé mikill undansláttur að hverfa frá þessu námi.

Um það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um það, að þeir nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi, færu að því loknu í bændaskóla, þá er því til að svara, að þeir eru of ungir í flestum tilfellum. Bændaskólanemandi mætti helzt ekki vera yngri en 18 ára gamall, og lengi hefur það tíðkazt, að menn væru um tvítugt, þegar þeir fara á þessa skóla. Það er einnig algerlega óvíst, hvort unglingar um 16 ára aldur hafi náð þeim þroska, að þeir séu færir um að helga sig sveitastörfunum. Ég geri því varla ráð fyrir því, að hægt sé að tengja búnaðarnámið svo einfaldlega inn í hið nýja skólakerfi, enda þótt sjálfsagt sé að athuga þetta. Það á ég hægt með að viðurkenna, og ég tel eðlilegt að skipa bændakennslunni vissan stað, en þess er ekki brýn þörf sem stendur.

Ég get nú ekki hopað á hæl varðandi skoðun mína um verklegt nám við bændaskólana. Það er rétt hjá hv. þm., að slakað hefur verið til um verklega námið, þannig að verknámsskyldan hefur verið færð úr 6 mánuðum niður í 4 mánuði eða ákveðna klukkustundatölu. Reyndin hefur verið sú, að undanþága hefur verið veitt til að framkvæma þetta og undanþágur voru að verða aðalreglan, sem farið var eftir með verklega námið. Ég held það sé alveg rétt hjá skólastjóranum á Hvanneyri, að nú skuli ákveðnar breytingar á verknámi nemenda. Nú á tímum hinnar nýju tækni koma fleiri og fleiri piltar á búnaðarskólana, sem vanizt hafa nýmóðins vinnuverkfærum og vinnuaðferðum heima hjá sér, og er þeir finna, að þeir eru æfðir í flestum þeim verkum, þá er ekki að furða, að þeir kunni ekki við að þurfa að stunda verknám allt sumarið. Í öðru lagi er mannekla svo mikil í sveitunum, að bændasynir margir hverjir eru neyddir til að hætta við að sækja skóla, ef þeim er gert ómögulegt að fara heim til sín um hábjargræðistímann og hjálpa til við heyannirnar. Með þessum breytingum er því verið að laga sig eftir aðstæðum, og er ekki til neins að berja höfðinu við steininn varðandi þennan vanda. Nú sem stendur er frekar slæm aðsókn að bændaskólunum, og er nú svo komið, að ekki er treystandi að eiga það yfir höfði, að bændasynir geti ekki sótt skóla fyrir það, að þeim sé synjað um frí frá námi um hábjargræðistímann. Er því rangt að hafa slíkt verknámsákvæði í l. sem nú.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði af vinsemd um þetta mál, en virðist ekki vera nægilega inn í þeim ástæðum, sem fyrir eru. Það er verið að gera verknámið mun fjölbreyttara en áður þekktist. Nú útskrifast nemendur t. d. allir með bílstjórapróf og fá skírteini upp á kunnáttu að fara með dráttarvélar. Einnig vinna þeir tíma á vetrum að vélaviðgerðum, og færist þannig sá hluti verknámsins yfir á veturinn, auk þess sem nemendur læra þá skepnuhirðingu og mjaltir, en erfitt er að framkvæma þetta í stórum stíl með bóknáminu. Ég get því ekki viðurkennt, að hér sé um stórkostlegt undanhald að ræða.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta nú, en ég taldi rétt að segja þetta hér um verknámið, og ég held, að það ætti ekki að tefja lagasetninguna, þótt þessi breyting yrði gerð á verknáminu. Með þessu frv. þótti rétt að sameina ákvæði úr þrennum l. eða fernum og koma þeim ákvæðum, sem í þeim felast, fyrir á einum stað, og var frv. því samið upp að öllu leyti, þótt breytingarnar séu ekki fleiri en hér er nefnt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég held, að ekki sé um mikinn ágreining að ræða á milli mín og hv. 1. þm. Skagf., en ég held því fram, að tímabært sé að endurskoða í heild l. um bændaskóla, en hann vill bíða og hverfa til baka með verklega námið við þessa skóla. Nú er hið nýja fyrirkomulag samkv. nýju skólalöggjöfinni að komast í framkvæmd, en sú löggjöf á að fullu að vera komin í framkvæmd árið 1951. Ef l. um bændaskóla hefðu fyrr verið endurskoðuð, þá hefði átt að setja inn í fræðslulögin ákvæði varðandi nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi. Þannig er þetta t. d. í Danmörku, að nemendur fá hina almennu fræðslu í hinum almennu miðskólum, en sérfræðslu í búnaðarskólum, iðnskólum og sjómannaskólum. Í ræðu minni drap ég að nokkru á undirbúning verklega námsins við búnaðarskóla — hinn bóklega undirbúning. Og það er rétt hjá frsm. n., að stærðfræði, náttúrufræði, líffærafræði og grasafræði er undirstöðulærdómur undir verklega námið. Um það er enginn ágreiningur okkar í milli.

Í lok ræðu hv. 1. þm. Skagf. virtist mér mergurinn málsins vera, að vegna þess, hve aðsókn að bændaskólunum er dræm, þá megi bæta úr þessu með einu ráði, en það er að skera niður verknámið. Það tel ég mjög vanhugsað og órétta ályktun. Nei, það á ekki að grípa til þessa ráðs, heldur endurskoða fyrirkomulag þessara mála í heild og reyna að finna leið til þess, að bændaskólarnir verði sóttir, Hver maður, sem ætlar sér að stunda búskap, ætti að ganga á bændaskóla.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara út í neinar kappræður um þetta, en vænti þess, að mál þessi verði endurskoðuð af vandvirkni, en ekki séu gerðar kákbreytingar á l. þessum, sem koma að litlum notum. Hv. frsm. sagði, að þeir nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi, séu of ungir til að geta haft full not af búnaðarnámi. Mér hefur heldur aldrei dottið í hug, að ungmenni undir 18—20 ára aldri væru á heppilegasta aldursskeiði til að hefja slíkt sérnám. Hins vegar tel ég 20—30 ára aldurinn heppilegastan, og ekki sé ég, að það mundi skaða neitt, þótt nokkur bið yrði hjá nemanda, frá því að hann hefur lokið miðskólaprófi og þar til að hann hefur búnaðarnám, og mér finnst rétt að athuga, hvort lágmarksaldur skuli miðaður við 18 eða 20 ára aldur.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem ég vildi nefna, en það er fullyrðing hans um, að búnaðarskólarnir fari í hundana, verði verklega námið stytt. Þetta er ofmælt. Það hefur komið fyrir frá fyrstu tíð búnaðarskólanna, að bláþræðir hafa verið í aðsókn að þeim. Byrjað var með verknámsbúnaðarskóla, og áttu nem-

endur þá að vinna að sem flestu, sem að búskap laut í þann tíð, með minni háttar bóklegri kennslu. Raunin varð sú, að þetta fyrirkomulag fór í rústir. Fólk fékkst ekki til að sækja búnaðarskólana á þessum grundvelli, svo að breyta varð til, og engin verknámsskylda var höfð. Sama er að gerast nú, að ákvæðið frá árinu 1938, að skylda nemendur að stunda verknám, hefur hindrað aðsókn að skólunum. Síðan voru gerðar nokkrar undantekningar frá þessu, og er nú ekki seinna vænna, að bændasynir viti, að hverju þeir ganga, og sett sé í l., að verknámi sé hagað svipað því, sem hér er lagt til í frv. þessu, og ég mótmæli því, að skólarnir fari í hundana fyrir þessa eðlilegu breytingu. Að öðru leyti ber okkur ekki margt í milli, hv. 6. þm. Reykv. og mér.

Í raun og veru var ekki margt fleira í ræðu þm., sem ástæða er til að svara, en ef gengið væri út frá miðskólaprófi sem inntökuskilyrði, mundi aldur nemenda vera um 15—16 ár, ef þeir færu sjálfkrafa í bændaskóla eða annan sérskóla eftir því kerfi. Þess vegna er það ekki á sterkum rökum reist hjá hv. þm.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 175, frá 6. þm. Reykv., felld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, ÁkJ, EOl.

nei: HB, HelgJ, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SG, SkG, StSt, StgrSt, GÞG, BG.

ÓTh, FJ greiddu ekki atkv.

12 þm. (IngJ, JóhH, JJ, SEH, SK, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, HÁ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: PÞ, PO, SB, SG, SEH, SkG, StSt, StgrSt, ÁkJ, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, BG.

SigfS, FJ, KTh, LJós greiddu ekki atkv.

13 þm. (SK, StJSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GTh, HÁ, HermG, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 160,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

8.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 160,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 179).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til **1. umr.**

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 72. og 74. fundi í Ed., 2. og 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 179, n. 389 og 411).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við í landbn. þessarar d. höfum athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og ég verð að segja, að yfirleitt hefur mér fundizt ríkja fremur lítill áhugi fyrir því í n. Þó varð það endir málsins í n., að 3 nm. vildu mæla með því, að frv. yrði samþ., þó með nokkurri breytingu. Einn nm. lýsti því yfir, að hann hefði óbundnar hendur í málinu, en sá 5. gaf út sérstakt nál. og vildi láta afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Meiri hl. n. fannst rétt, að farin væri sú leið að lögfesta ýmislegt af því, sem í frv. ræðir um, og þar á meðal er 15. gr. N. hefur verið tjáð, að þegar sé farið að reka sérstakan ráðunautaskóla, án þess þó að nokkur lagastafur sé fyrir því. Hins vegar getur verið rétt, að nokkrum mönnum sé veitt þessi menntun, sem hér er um að ræða, en við í n. töldum rétt, að ef Alþ. og fjvn. vilja leyfa, að þessi skóli sé rekinn, þá væri sjálfsagt að lögleiða hann.

En svo er annað atriði, sem nokkur breyt. hefur verið gerð á, en það eru ákvæðin um verklega námið við bændaskólana. Áður var ákveðið, að það skyldi vera allt árið. Nú hefur þetta verið nokkuð rýmkað, og um leið er fátækum piltum, sem þurfa að vinna sér inn peninga yfir sumarið, gert kleift að sækja skólana. Það hefur og sýnt sig, að margir bændasynir eiga erfitt með að vera heiman að allt sumarið, þar sem vinnuaflsskortur er svo tilfinnanlegur í sveitum landsins. Við hyggjum, að þessi breyt, geti orðið til þess að örva nokkuð sókn að skólunum.

Samkvæmt gömlu lögunum voru 2 fastakennarar auk skólastjóra, en nú er gert ráð fyrir þremur. Þetta virtist okkur nm. ofrausn og vildum ekki, að þeir yrðu fleiri en áður. Þá er annað atriði, að samkvæmt 3. gr. er heimilt að reisa bústað fyrir kennara og þjónustufólk skólanna í landi skólans á kostnað ríkissjóðs. Þetta fannst okkur ekki ná nokkurri átt. T. d. gæti þjónustustúlka krafizt þess, að yfir hana væri byggt. Að sjálfsögðu verður að sjá þessu fólki fyrir húsnæði, en svona heimild fannst okkur ekki ná nokkurri átt, og breyttum við því þessu. Nú er yfirvofandi dagskrá, sem ef til vill verður samþykkt. Við vildum nú ekki gera fleiri brtt., en sjá, hverju fram vindur. Mér virðist það kaldar kveðjur frá hv. 1. þm. N-M. til búnaðarskólanna, ef hann vill drepa málið nú þegar, þar eð búnaðarskólarnir hafa verið nokkurs konar brjóstmylkingar hans, svo að maður segi nú ekki hið gagnstæða, og þaðan hefur hann a. m. k. mikinn hluta frama síns.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég kannast fúslega við, að mér er annt

um bændur og bændaskóla og vil því ekki búa skólunum löggjöf, sem gerir þá a. m. k. ekki eins og maður vill láta þá vera. Eftir því, sem mér hefur skilizt af viðtali við skólastjóra annars bændaskólans, landbrh. og mþn. í skólamálum, er breyt. einkum rökstudd með tvennu. Í fyrsta lagi hefur þróunin orðið sú, að ekki hefur reynzt unnt að framfylgja ákvæðum gömlu l. um verklegt nám, þar eð ekki hefur reynzt unnt að halda piltunum að náminu. Hin rökin eru þau, að nú er verið að koma á framhaldsnámi fyrir búfræðinga, sem síðan gætu farið út á land og orðið ráðunautar þar, en á mönnum til starfa héraðsráðunauta er nú tilfinnanleg vöntun hjá búnaðarsamböndunum.

Nú er að verða bylting í atvinnulífi þjóðarinnar. Ný atvinnutæki hafa verið tekin í notkun við sjávarsíðuna, sem munu krefjast um 6000 manna. Þessi „nýsköpunartæki“ kalla á menn til vinnu. Af þessum ástæðum hafa margar jarðir farið í eyði, og þeir, sem eftir búa, reyna að spara fólkshald, meðan vinnuliðið streymir í vinnu hins opinbera og að sjávarsíðunni. Og búskaparaðferðir eru smám saman að breytast, tæknin eykst, og vélanot fara í vöxt. En jafnframt færist það í þá áttina, að búskapurinn verður sérhæfari. Sumir bændur stunda sauðfjárrækt, aðrir nautgriparækt, sumir rækta kartöflur, gulrætur o. s. frv. En eftir því, sem búskapurinn verður einhæfari, krefst hann aukins verklegs náms. Bóndi, sem stundar eingöngu kartöflurækt, þarf meira verklegt nám en hinn, sem ræktar aðeins handa sjálfum sér. Og bóndi, sem þarf mikið að fara með vélar, þarf meira verklegt nám en í gamla daga þegar eingöngu voru notuð handverkfæri. Ég tel það því spor aftur á bak að draga úr verklegu námi, og væri þar frekar þörf aukningar. Ég álít, að setja verði ramma um verklega námið og gera það prófskylt, einnig verður að afmarka bóknáminu ákveðið svið. Nú er verið að koma upp sérstöku skólakerfi, þannig að einn skóli taki við af öðrum og ekki rekist á kennslan hjá þeim innbyrðis. En bændaskólarnir eru ekki enn komnir inn í það kerfi. Mþn. sú, er um þessi mál fjallar, á eftir að afgreiða sérskólana og ætla þeim sérstakt rúm innan kerfisins og tengja þá öðrum skólum, þannig að nemendurnir koma allir með álíka mikla bókþekkingu, þegar þeir koma í skólana. Reynslan hefur verið sú, að nemendur hafa komið lítt undirbúnir í skólana, og hefur þetta valdið miklum töfum. En nú er ætlunin sú, að aðrir skólar séu búnir að undirbúa piltana, þegar þeir koma í bændaskólana, og er því auðveldara að einhæfa bændanámið við það, sem fyrst og fremst vantar, og að auka verklega námið og gera það prófskylt, og í öðru lagi, að lögin sem heild séu látin falla inn í skólakerfi landsins og að bændaskólarnir séu látnir taka við af miðskólunum og kennslan miðuð við það. Ég tel það misráðið að koma á stofn búnaðarháskóla við annan hvorn búnaðarskólann til að mennta menn til kennslu og annarra slíkra starfa. Þörfin er ekki meiri en svo, að 20 eða í mesta lagi 30 menn mundu nægja allt í allt. Og þegar þeir eru komnir til starfs, þarf ekki nema sem svarar 1—2 nýjum mönnum árlega. Ég tel því misráðið að koma upp sérstökum skóla til að mennta þessa menn, þar eð viðkoman er svo lítil og kostnaður verður óhjákvæmilega mikill, og því heppilegra að senda mennina annað. Það eru engin rök með þessu, þótt á stofn hafi verið sett slík deild á Hvanneyri í trássi við lög og án heimildar í fjárlögum. Ég tel ástæðulaust að fara að lögfesta þessa deild, þótt búið sé að setja hana á stofn, það er eins og lögfesta ætti þjófnað, ef einhver stæli. Rétt er að athuga, hvort þetta gæti orðið til frambúðar. Ég viðurkenni þörf þá, sem nú er í augnablikinu fyrir þá menn, sem hugsað er að skrifa út úr þessari deild, en tel, að það mundi verða ódýrara á annan hátt í framtíðinni. Og eigi þeir að menntast hér heima, þá má koma kennslunni miklu betur fyrir en gert er með þessum lögum. Það má láta þá starfa með ráðunautum Búnaðarfélags Íslands, og fá þeir þar verklega æfingu og um leið fjölbreyttara yfirlit heldur en þeir hefðu fengið, hversu mikið sem þeir hefðu lesið. Ég legg því til, að verklega námið verði aukið, en nemendurnir þurfi ekki að lesa aftur sömu fögin og í bændaskóla, og tel lítið gagn að slíku. Þeir þurfa viðbótarnám, en ekki upplestur. Ég legg því til, að frv. sé ekki samþykkt nú. Ég vil leggja fram rökstudda dagskrá um að vísa frv. frá og semja ný bændaskólalög, þar sem verklega náminu sé skapað meira rúm og bóklega námið sniðið í samræmi við skólakerfið. Ég vil því vísa frv. til ríkisstj., eins og rökstudda dagskráin segir, í trausti þess, að það verði endurbætt. En verði hún felld, mun ég gera mjög miklar brtt. milli 2. og 3. umr. um það, að nemendur verði að koma úr miðskólunum eða taka sérstakt inntökupróf, gera verklega námið mun þyngra og fella niður 15. gr., þar eð hún á ekki heima í frv. En hvort ég sé mér fært að gera þetta, fer eftir því, hve langt verður milli umræðna. Við sjáum, hvað setur.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og vil ég nú gera grein fyrir því. Ég get fallizt á fyrri brtt. um að setja hömlur við, hvaða hús séu reist, svo að slíkt verði ekki gert úr hófi fram. En fyrirvari minn er gerður vegna síðari brtt. meiri hl. n. að breyta tölu fastakennara úr 3 í 2. Mér hefði þótt sönnu nær, ef setja hefði átt varnagla gegn því, að of mörg kennaraembætti væru stofnuð, að sett hefði verið, að kennarar skyldu ekki vera fleiri en 3, heldur en að einskorða sig við að fækka þeim úr 3 í 2. Mér þykir n. skorða sér of þröngan hlöðubás með þessu, því að vitað er, að eftir því, sem menntagreinum fjölgar, eykst kennslan meir og meir, og gilda rök þessi um allar menntastofnanir. En slíkt getur ekki orðið við bændaskólana, ef einskorða á sig við 2 kennara, og þykir mér það of þröngt skorið. Legg ég því til, að ákvæði laganna standi, en get þó sætt mig við, að sett sé „ekki fleiri en 3“. Ég vil, að tillit sé tekið til þenslu skólanna og að kennsla sé aukin, og þá þarf 3 kennara, þar sem áður voru 2, og tel ég þetta næg rök.

Ég hef ekki ætlað að blanda mér inn í umræðurnar um frv. að öðru leyti, vil ekki hætta mér út á það hála svell. En þótt mörg álitamál

séu í frv., mun ég greiða því atkvæði, því að með því er sýnd viðleitni til bóta, þótt gallað sé, en vera má, að reynslan sniði þá af. Þetta eina atriði í 15. gr., að veita fé í fjárlögum til framhaldskennslu, er óheppilegt, þar eð orðalag greinarinnar er mjög álappalegt og ekkert tekið fram, hvar slíkri deild skuli vera komið upp eða hvernig fyrirkomulag skuli vera. Ef einhver vill læra meira, er það gott og blessað, og hann á að eiga slíks kost. Höfuðatriðið fyrir bændaskólana er, að þeir geti veitt hverjum nemanda góða menntun og að piltarnir séu ánægðir, þegar þeir halda heim úr skólunum, og geti sagt við sjálfa sig: Ég fór ekki fýluferð á skólabekkinn — og geti sótt fræðslu til skólanna, þannig að þeir verði skólunum þakklátir ævilangt. Ég mun ekki fetta frekar fingur út í frv. Þannig löguð framhaldsdeild getur orðið góð, þótt svo sé til stofnað. Ég mun því fylgja frv. Fyrirvari minn er gerður vegna annarrar brtt., sem mér finnst óþörf.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mér datt í hug, að ég hefði ekki tekið nógu greinilega fram, hvernig stóð á þeirri brtt. n., að hafa aðeins 2 kennara og skólastjóra í stað 3 og skólastj. Samkvæmt gömlu l. voru aðeins 2 kennarar auk skólastjóra, og þótti n. því varhugavert að fara út í embættafjölgun, þar sem fé var þá einnig veitt til að koma á stofn framhaldsdeild. Vildum við því heldur hafa fastakennarana færri en bæta frekar við aukakennurum, en samkv. 3. gr. á að láta þeim í té sérstök býli. En ef brtt. yrði samþ., þyrfti aðeins að leggja 2 kennurum þau til, — og yrðu aukakennararnir þá ekki ódýrari? Venjulega ganga búnaðarskólarnir svo eftir málum sínum, að þeir munu ná þessum hlunnindum. Ég tel enga nauðsyn á þessu, og einhvers staðar verður að stoppa við. Það á ekki að stofna fleiri föst kennaraembætti en áður, heldur byggja þar fyrir utan á tímakennslu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil beina athygli hv. n. að 3. gr., sem hún ber fram brtt. við, en í grein þessari felst, að heimilað er að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk hvers skóla á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbrh. ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum. Mér skilst, að ef brtt. n. við þessa gr. verður felld, að þá væru opnir möguleikar á því að reisa fjögur nýbýli á hverri skólajörð á kostnað ríkisins, fyrir skólastjóra og þrjá fasta kennara, og þar að auki eins mörg býli og starfsfólkið er margt, fyrir ráðsmann, ráðskonu o. s. frv. En þó að maður haldi sér aðeins við hina föstu kennara og skólastjórann, eins og brtt. fer fram á, þá skilst mér, að fjögur nýbýli yrðu reist á hverjum stað. Í fyrsta lagi veit ég ekki, hvort skólajarðirnar þola öll þessi býli, — það getur verið, að Hvanneyri, Hólar og Skálholt þoli það, en hitt er annað og verra, og við því vil ég vara, að ríkið gangi inn á þessa braut, því að það verður ekki aðeins að reisa íbúðarhúsin, heldur og öll peningshús og kosta ræktun, og hefur svo enga tryggingu fyrir því, hvað um þessi nýbýli verður síðar. Í öðrum l. eru ákvæði um nýbýli og þátt ríkisins í stofnun þeirra, svo að ég sé ekki, að þetta ákvæði hafi neitt að gera inn í þessi l., það eykur aðeins á kostnað ríkissjóðs og getur valdið árekstrum í framkvæmd. Ég mun því bera fram brtt. við þessa gr. um, að hún falli niður, og kemur þá sú brtt. fyrr til atkvæða en brtt. við sömu gr. á þskj. 389. Hins vegar ætla ég að verða við tilmælum frsm. að bera ekki fram þessa brtt. fyrr en við 3. umr., en þá mun ég bera hana fram, ef ekki hefur náðst samkomulag um annað.

Í öðru lagi vil ég benda hv. landbn. á, að í 7. gr. stendur, að eitt af því, sem kenna á í búnaðarskólunum, er „helztu undirstöðuatriði húsbygginga í sveitum“, og hvort ekki væri hægt að auka þá starfsemi, því að hér er tæpt á merkilegu atriði. Einu sinni átti að kenna þetta í sérstakri deild við bændaskólana, og er nú meiri þörf á þessari kennslu en nokkru sinni áður, og má í því sambandi minna á frv. til laga um iðnskóla í sveit, sem hefur nú verið flutt hér í þriðja sinn. Er ekki hægt að samræma þessi mál nokkuð í sambandi við bændaskólana? Það efast enginn um, að það þarf að koma á þeirri kennslu, sem hér um ræðir og iðnskólafrv. gerir ráð fyrir. En það frv. á sjálfsagt nokkuð langt í land með að verða að l. í núverandi mynd sinni, og ég vildi aðeins vekja athygli á því, hvort ekki væri hægt að byrja með nokkurs konar iðnaðardeild við bændaskóla.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem stendur á áliti landbn., að ég hafi óbundnar hendur í málinu.

Þegar þessu frv. var útbýtt hér á öndverðu þingi, hefði mátt ætla, að um verulegar breyt. væri að ræða á bændaskólalöggjöfinni. En við nánari athugun kom í ljós, að eiginlega var ekki nema um tvær breyt. að ræða. Önnur breyt. er sú að lögfesta styttingu á verklega náminu, þó að eiginlega sé heimild fyrir styttingu námstímans í núgildandi l. og það hafi verið praktíserað að undanförnu að hafa hann styttri. Hin breyt. er heimild sú í 15. gr., sem ráðh. er gefin til að stofna framhaldsdeild við einhvern bændaskólann.

Ég verð að segja það um fyrri breyt., styttingu verklega námsins, að í vissum tilfellum hefur hún nokkuð til síns máls. Það er ekki hægt að neita því skilyrðislaust, og að því leyti er ég ekki alveg sammála hv. 1. þm. N-M., sem er algerlega á móti þessari breyt. Hins vegar er ég honum alveg sammála um annað meginatriðið, sem kom fram í ræðu hans, að það þurfi að taka þessa skóla sem lið inn í skólakerfi landsins, en það hefur enn þá ekki verið gert, þó að skólalöggjöfin hafi verið samræmd á öðrum sviðum. En hvað viðkemur verklega náminu, þá bendi ég á þá staðreynd, að mörg ung bændaefni hafa þá aðstöðu, að allerfitt er fyrir þessa nemendur að vera að heiman allt sumarið, enda þótt þeir vilji og geti stundað eitthvert verklegt nám, og af þeim ástæðum er ég ekki með öllu á móti þeirri breyt. að stytta verklega námið. Hitt er annað mál, og það er alveg rétt hjá hv. þm.

N-M., að það er nauðsynlegt að auka verklegt nám þeirra, sem hafa hugsað sér að fara með stórar landbúnaðarvélar eða gerast einhverjir ráðunautar í jarðrækt, mælingum eða öðru slíku.

Að endingu vil ég segja það, að ég hef hér lýst afstöðu minni og því, að ég vildi ekki skrifa undir álit minni hl., hv. 1. þm. N-M., af því að ég taldi ekki rétt að skylda alla nemendur við bændaskólana til verklegs náms allan þennan tíma. En að öðru leyti er ég hv. þm. alveg sammála og álít, að bændaskólana eigi að taka inn í heildarskólakerfi landsins og til endurskoðunar í samræmi við það. Af þeirri ástæðu mun ég greiða atkv. með hinni rökst. dagskrá, af því að hún gerir ráð fyrir, að þessi athugun og endurskoðun fari fram og fyrirkomulagi bændaskólanna verði breytt til samræmingar heildarskólakerfinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 411, frá minni hl. landbn., felld með 8:3 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 389,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 389,2 samþ. með 8:2 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

5.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 450).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég lýsti um daginn, að ég mundi bera fram brtt. við 3. gr. frv. á þskj. 179 við það, að það skyldi lögboðið, að heimilt sé að reisa á landi skólajarðanna nýbýli. Ég legg til, að gr. sé felld niður, og vil leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. um það. Þegar lagafyrirmæli eru til um það, hvernig reisa skuli nýbýli í landinu og að ríkissjóður skuli veita ríflegan styrk til slíkra framkvæmda, þá sé ég enga ástæðu til að setja inn í þessi l. fyrirmæli um það, að á ríkisins kostnað skuli reisa nýbýli á skólajörðunum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 513) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við aðra umr. flutti ég rökstudda dagskrá, sem var felld. Sú dagskrá var um það að vísa málinu til stj. til frekari aðgerða, og var bent á, að hún legði það aftur fyrir næsta þing betur undirbúið. Mér hefur ekki unnizt tími til að gera þær breyt., sem ég vildi gjarnan gera, en vil hins vegar láta það koma fram hér, hvernig ég tel, að þessi l. eigi að byggja upp. Ég tel það fyrst og fremst rétt hjá hv. þm. Barð., að það sé engin þörf á 3. gr. En það er aðalatriðið fyrir mér, að ég tel skólana þurfa að vera öðruvísi í sniðinu heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir, enda er það viðurkennt af hæstv. atvmrh., að þessi l. séu hugsuð sem brbl. í 1 eða 2 ár og þá þurfi að breyta þeim. Ég álít, að það þurfi að byggja þannig upp bændaskólana, að þeir falli inn í heildarskólakerfi landsins. Þess vegna þarf það að vera vitað, hvaða undirbúningsmenntun bændaskólanemendur hafa, þegar þeir koma í skólann, og miða bóklega námið við það, en ekki, eins og hér er gert, að þeir komi illa undirbúnir og taki svo aukatíma í ýmsum fögum. Fyrsti veturinn, sem nemendur eru í skólanum, á að vera nám út af fyrir sig, þá eiga þeir að læra í viðbót við það almenna, sem þeir kunna, þegar þeir koma inn í skólann, þeir eiga að læra byggingu, hirðingu og verkun á verkfærum, og að þessum vetri loknum eiga þeir að taka próf í þessum fögum, en hluta af því prófi, allt sem snertir verkfæri, á ekki að ljúka fyrr en að haustinu. Þá eiga þeir að vera búnir að fá verklegt nám að sumrinu og kunna að fara með verkfæri, og prófskírteini frá þessu tímabili á að veita aðgang að síðari vetrinum. Hvernig þeir afla sér þeirrar þekkingar, hvort þeir hafa gert það á skólum eða með því að vinna með mönnum að jarðabótavinnslu, er í rauninni aukaatriði. En það, sem krefjast verður, er, að þeir fái þá verklegu þekkingu, sem geri þá færa um að leysa af hendi störf, sem þeir vinna sem starfsmenn bænda, áður en þeir festa ráð sitt. Svo kemur þriðja námstímabilið. Það á að vera eingöngu bóklegt. Í þessu formi á frv. að sníðast. Það á að búa til skóla, sem svona eru upp byggðir og falla inn í skólakerfi landsins. Sú framhaldsfræðsla, sem hér er ætlazt til, að veitt verði, á ekki að vera við bændaskólana. Þó að mikil eftirspurn sé nú eftir héraðsráðunautum, þá er það ekki svo mikið, að það þurfi að vera skólar hér á landi til þess. En meðan það vantar í kringum 20 héraðsráðunauta, þá getur vel verið, að það sé rétt að flýta fyrir þessari menntun með því að setja upp innlenda stofnun til að mennta þessa menn, en það á ekki að vera við bændaskólana, þeir eiga fyrst og fremst að láta sína nemendur vera í verklegu námi og vera með ráðunautunum, sem fyrir eru, eftir því, hvort þessir menn ætla sér að leggja stund á jarðrækt, verkfæri eða búfé. Þessir menn eiga ekki að fara á skóla til þess að lesa upp aftur sömu fögin eins og þeir læra nú á Hvanneyri. Af þessum ástæðum er ég á móti frv., og úr því að því var ekki vísað til ríkisstj. með rökstuddri dagskrá, þá legg ég til, að því verði vísað til ríkisstj. og hún ráði því, hvort hún svæfir það í mörg ár eða fá.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Við 2. umr. var þetta mál nokkuð rætt, og þarf ekki að endurtaka það, sem þá var sagt.

Ég get að mestu leyti verið sammála hv. 1. þm. N-M. um það, að þetta er ekki sú endanlega, eilífa úrlausn í málum búnaðarskólanna, sem

gerð er í frv., en hitt er víst, að nokkuð er fært til bóta um fyrirkomulag í skólunum með þessu frv., einkanlega að staðfesta það, sem þegar er orðið um framhaldskennslu, þannig að héraðsráðunautar geti fengið sérstaka kennslu, og um leið yrði gert fært fyrir fátæka pilta, sem erfitt eiga heima fyrir og þurfa að vinna hjá foreldrum sínum á sumrin, að sækja þessa skóla. Það var sérstaklega þetta, sem okkur fannst vera til bóta í þessum efnum og það svo mikið, að ekki væri ástæða til, þar sem málið er búið að ganga gegnum Nd. og langt komið hér, að fara að fella það, því að ég tel þetta talsvert mikið spor í áttina. Um það, hvernig hið nýja frv. kann að verða, sem á að koma, eftir því sem hv. þm. N-M. boðaði, er engin ástæða til að tala.

Þá vil ég minnast á hina skrifl. brtt. hv. þm. Barð. um að fella niður 3. gr. frv. Ég álít, sérstaklega þegar þessi l. eiga ekki að vera nema til bráðabirgða, enga nauðsyn á því að fella þessa gr., því að það er sérstaklega varðandi nýbýlin, sem honum er þyrnir í augum, og vill hann meina, að þau eigi að heyra öll undir nýbýlalöggjöfina. Má vel vera, að það sé nokkur stafur fyrir því, en eins og hér er gert ráð fyrir í 3. gr., þá er þetta aðeins fyrir fasta kennara, sem reisa á nýbýli. Það eru nú komin upp nýbýli fyrir tvo kennara við Hvanneyrarskólann, og eitthvað svipað hefur eftir þörfum átt sér stað við Hólaskóla. Styrkveitingar til þessara nýbýlastofnana eru háðar því skilyrði, að þar verði farið eftir ákvörðunum landbrh. í samráði við viðkomandi skólastjóra og fjárveitingar verði eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, og þegar þessi skilyrði eru sett, þá er engin hætta, að farið verði mjög freklega í þessa sálma, og tel ég rétt, og sú mun skoðun meiri hl. landbn., að samþykkja frv. óbreytt og fella brtt. hv. þm. Barð., en persónulega geri ég það þó ekki að neinu kappsmáli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið, en vil aðeins benda hv. þm. Dal. á, að með 3. gr. er verið að fara inn á mjög varhugaverða braut, sem erfitt kann að verða að stöðva sig á. Það er og því síður ástæða til að setja þetta vafasama ákvæði inn í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að hér verði aðeins um bráðabirgðalög að ræða og að málið verði mjög bráðlega endurskoðað í heild. Það, að hér er aðeins farið fram á nýbýli fyrir tvo kennara, er að þakka varfærni hv. þm. Dal., en það geta komið aðrir, sem vilja nýbýli fyrir 3, 4 eða 5 kennara, og er raunar vafasamt, hvort skólajarðirnar hafa land til nýbýlastofnana handa kennurunum, hvað þá þeim og öllu starfsfólkinu, eins og var upphaflega í frv. Ég skil ekki, hvers vegna svo varfærinn maður sem hv. þm. Dal. vill fara inn á svo hæpna braut, og ég held fast við mína brtt. og skora á þm. að samþykkja hana og óska nafnakalls um hana.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Út af orðum hv. þm. Barð. um nýbýlastofnanirnar skal ég upplýsa, hvernig málin standa nú. Á Hvanneyri eru tveir kennarar, sem byggt hefur verið yfir af ríkinu, en hvorugur þeirra rekur bú. Aftur á móti var keypt næsta jörð við Hvanneyri, Bárustaðir, og þar býr nú leikfimikennarinn, sem jafnframt er ráðsmaður hjá skólastjóranum. Hann er ekki fastakennari, en fær samt sem áður þessi hlunnindi. Á Hólum hefur aftur á móti ekki verið byggt yfir neina kennara, en þeim er gefinn kostur á að hafa sína kúna hver og nokkrar aðrar skepnur eftir samkomulagi við skólastjórann, en leikfimikennarinn hefur fengið til afnota hálfa jörðina Hof, sem liggur undir Hóla, en hann er aðeins stundakennari. Af þessu sést, að núverandi fyrirkomulag er hvorki fugl né fiskur og fer aðeins eftir samkomulagi milli kennara og skólastjóra. Hins vegar tel ég enga þörf á 3. gr. og get fylgt hv. þm. Barð. í því.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Þótt í þessu frv. séu ákvæði, sem ég er ekki sem ánægðastur með, svo sem takmörkun kennarafjöldans í 4. gr., þar sem ég vildi hafa 3 eða að minnsta kosti allt að þrem í staðinn fyrir 2, þá mun ég reyna að sætta mig við það, og treysti mér ekki til að bera fram brtt. um þetta, því að mér skilst, að hún muni hljóta litinn byr í deildinni. En það vildi ég segja um nýbýlastofnanir fyrir kennara, að beita má því ákvæði betur eða verr eftir því, hvernig á er haldið. Slík nýbýlastofnun ætti að vera gerð með hliðsjón af því, að þau komi að notum sem þáttur í skólakerfinu sjálfu. Það þarf bæði að kenna það stærra og smærra í búskapnum, og ef þessi heimild til að stofna nýbýli verður gefin, þá eru þeir góðu herrar ekki of góðir til þess að hafa þar eitthvað, sem nemendur geta lært af. Þetta vildi ég láta koma fram við umr., þótt ég hins vegar muni ekki bera fram brtt. um það. Hitt er svo annað mál, hvað skólinn hefur mikið land til að reyta sundur í nýbýli. Það hefur verið keypt jörð við Hvanneyri til nytja fyrir einn kennara, og vekur það athygli á því, að skólastaður þarf að vera ræktanlegur og fjölbreytilegur og viðlendur, því að ef möguleikinn til að stofna nýbýli fyrir kennara er fyrir hendi, þá er það mikið atriði, hvort jörðin hefur landrými og fjölbreytni til framtíðarathafna.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. N-M. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, PZ, ÁS, BrB.

nei: EE, GJ, GÍG, HermJ, SÁÓ, ÞÞ, BK, BSt.

5 þm. (JJós, LJóh, PM, StgrA, BBen) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hermann Jónasson: Ég er óánægður með frv., m. a. vegna þess, að skv. því verður allt of lítil kennsla í meðferð véla, svo að ég get tæplega samþ. frv. Þó er það betra en ekki neitt, og segi ég því nei við því að vísa málinu til ríkisstj.

Páll Zóphóníasson: Með því að bændaskólalögin eru nú betri en þetta frv., einkum með tilliti tilkennslu í meðferð véla, þá legg ég til að vísa málinu til hæstv. ríkisstj.

Brtt. 513 felld með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ.
nei: PZ, SÁÓ, ÞÞ, BK, EE, GÍG, HV, BSt.
HermJ, LJóh, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJós, PM, BBen, BrB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÍG, HermJ, SÁÓ, ÞÞ, BK, BSt.
nei: GJ, PZ, BrB.
HV, LJóh, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJós, PM, BBen) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að brtt. *mín* hefur verið felld, tel ég, að með frv. sé farið inn á mjög varhugaverða braut, og treysti mér ekki til að fylgja því. Segi ég því nei.

Páll Zóphóníasson: Með því að frv. þetta rýrir kosti bændaskólalaganna, sem nú gilda, segi ég nei.

Frv. endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

---

16. Landsbanki Íslands.

Á 3. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928 (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í l. um Landsbanka Íslands eru ákvæði um það, hvernig seðlar bankans í umferð skuli tryggðir, bæði með gulli og innstæðum. Þegar þessar innstæður voru jafnmiklar og þær hafa verið á undanförnum árum, þá voru þær náttúrlega meir en nægileg trygging, eftir því sem l. um þetta ákveða. En eftir að erlendu innstæðurnar minnkuðu, kom svo s. l. sumar, að þær voru ekki nægar, nema með því að grípa til sama úrræðis og gert hefur verið áður tvisvar sinnum fyrir nokkrum árum, að ekki þurfi að telja til frádráttar bráðabirgðalán bankans, sem tekin voru erlendis. Bankinn fór þá fram á það við viðskmrh., að gefin væru út lög um þetta efni, að þær lántökur, sem bankinn hefur stofnað til erlendis, yrðu ekki reiknaðar til frádráttar inneignum bankans erlendis, sem væru til tryggingar seðlaútgáfunni. Um þetta voru gefin út brbl. 3. sept. s. l., og er þetta frv. lagt fram til staðfestingar á þessum lögum.

Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj atkv.

Á 8. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 50 og 58).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er það einfalt, að ég sé ekki ástæðu til að hafa um það mörg orð. Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir og heimildin gefin til fimm ára að sinni til slíkrar undanþágu.

Minni hl., hv. 2. þm. Reykv., hefur sérstöðu í þessu máli og gerir sjálfsagt grein fyrir afstöðu sinni, þó að hann hafi áður gert það í ýtarlegu nál. En meiri hl. gat ekki fallizt á þá skoðun, að ástæða væri til í sambandi við þetta mál sérstaklega að gera aðrar ákvarðanir eða till. en þær, sem um ræðir, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Í raun og veru er þetta mál sjálft, sem fyrir liggur, ekki stórt. Það mun hafa verið svo fyrir stríð, að slíkar undanþágur sem þarna um ræðir, voru þá gefnar Landsbankanum, því að hann þurfti þá á þeim að halda. Síðar, þegar nægilegar gjaldeyrisinnstæður sköpuðust erlendis, féll þetta eðlilega niður. Og nú fer bankinn fram á það *aftur*, að *lögleiddar* verði þessar undanþágur.

Það er rétt að athuga, hvernig stendur á þessu lagalega sambandi bankans og Alþingis. Í l. um bankann er gengið út frá gullinnlausn á seðlum, en gert er ráð fyrir, að þau skuli ekki öðlast gildi, fyrr en Alþingi ákveður, þannig að þessi innlausn hefur ekki komið til greina. Hins vegar hafa þessi ákvæði um gullinnlausn hjá fjöldamörgum þjóðum verið eins konar átylla, til þess að löggjafarsamkundan léti nokkuð til sín taka um fjármálastefnu bankans á hverjum tíma. En búast má við því, að þessi undanþága, sem hér um ræðir, verði endurtekin, að hún verði veitt stöðugt áfram, og það er í rauninni það formlega tækifæri, sem þannig gefst, sem ég vildi nota til þess að varpa fram þeirri uppástungu, hvort ekki væri rétt, að Alþingi léti meir til sín taka um stefnu bankans. Raunar má segja, að Alþ. hafi mikið yfir þessu að segja, þar sem það ákveður með lögum alla starfsháttu bankans og kýs landsbankanefnd. En að því er snertir þann möguleika Alþingis að hafa raunverulega ráð yfir stefnu bankans með

þessari aðferð, þá skulum við minnast þess, að að því er það snertir að breyta að einhverju leyti lögum bankans, hefur það sýnt sig s. l. 20 ár, að mönnum hefur þótt það mjög varhugavert að raska lögunum út af fyrir sig. Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir það, að ríkisstj. fengi oft ástæðu til að gera þarna nýjungar, þá hefur það alltaf orðið úr, að þessi lög hafa verið látin standa óbreytt. Hins vegar er svo komið málum okkar hér, að þjóðfélag okkar er orðið allt annað en þegar l. um Landsbankann voru sett. Þegar þeim var breytt 1927, var fjármála- og atvinnulíf þjóðarinnar fyrst og fremst rekið án nokkurra verulegra afskipta Alþingis. Nú er þetta gerbreytt. Nú er svo komið, að í raun og veru er það Alþingi, sem með hverju ári hefur verið að setja ákvæðnari og ákveðnari lög um allt atvinnulíf þjóðarinnar, nú síðast l. um fjárhagsráð, þar sem ríkisstj. tekur í sínar hendur höfuðstjórnina á fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar, þannig að það er orðið gersamlega annað viðhorf en var 1927, þegar l. var breytt. Nú er það hins vegar reynslan, sem hver einasti maður hefur rekið sig á, sem eitthvað hefur starfað s. l. ár, að þetta hefur veruleg áhrif á fjármálalíf þjóðar okkar. Stefna sú, sem Alþ. og ríkisstj. hefur tekið, hefur oft verið allt önnur en sú, sem ráðið hefur í Landsbankanum, og þetta hefur orðið til þess, að það hafa beinlínis orðið árekstrar milli þessara stofnana, Alþingis og ríkisvaldsins annars vegar og Landsbankans hins vegar, og öllum þm. er kunnugt um það, hvers konar barátta hefur farið fram í þessu sambandi, þannig að engum getur blandazt hugur um það, að Landsbankinn er nú orðinn ríki í ríkinu. Mín skoðun er sú, að í augnablikinu sé ástandið þannig, að stjórn Landsbankans ráði raunverulega meira um fjármála- og atvinnulíf þjóðarinnar en sjálf ríkisstj. En það er ekki aðalatriðið í sambandi við þetta, heldur hitt, að það er ekki hægt að reka skynsamlega fjármálastefnu í okkar landi, án þess að þessar tvær stofnanir séu samræmdar. Annars verða þarna árekstrar, sem valda þjóðinni miklu tjóni í framkvæmd. Þess vegna held ég, að það væri mjög heppilegt, svo að ekki sé hér farið fram á stærra, að það væri rætt einu sinni á hverju ári á Alþ., hvaða stefnu Alþ. og þar með ríkisstj. áliti rétt, að seðlabankinn reki. Ég veit, að t. d. Svíar hafa slíkan hátt á hjá sér, og með þeim hætti tókst þeim að yfirvinna kreppuna frá 1934, sem hefði verið alveg óhugsandi, ef þessi samræming hefði ekki átt sér stað milli aðgerða þingsins og ríkisbankans. Nú háttar svo til hjá okkur hvað Landsbankann snertir, að valdið er hvorki hjá landsbankanefnd né landsbankaráði, heldur raunverulega hjá bankastjórunum, og það þýðir, að það er raunverulega undir þeirra skoðun komið, hvers konar stefna er rekin. Þetta skapar hjá okkur á sviði, sem hefur afgerandi þýðingu fyrir atvinnulíf okkar, embættisvald, sem að mínu áliti er hættulegt. Við tölum allmikið um lýðræði, og við viljum framfylgja því, en við höfum banka, marga banka, sem ríkið á, og þjóðbanka, sem ríkið beinlínis á að stjórna, en reynslan verður sú, að stjórnin á þessum þjóðbanka verður í höndum nokkurra embættismanna, sem setja verður ævilangt, en ríkisstj. og Alþ. geta ekki tryggt það, að vilji þjóðarinnar á hverjum tíma komi í ljós í þessari stofnun ríkisins — nema þá grípa til þeirra ráða, sem menn ógjarnan vilja grípa til og ég skal viðurkenna, að mjög óviðkunnanlegt væri að grípa til, þ. e. ef eftir hverjar kosningar væri farið að breyta landsbankalögunum. Það er því gefið, að það væri miklu betri aðferð, að þing og stjórn láti sínar skoðanir í ljós við árlegar umræður. Ég hafði þess vegna hugsað mér, þegar þetta frv. kom fram og fór fram á þessa undanþágu, að rétt mundi vera að freista þess, hvort Alþ. mundi vilja taka upp þann sið að hefja árlega nokkrar umræður í sambandi við þessi mál. Ég geri það þess vegna að tillögu minni, að í stað „septemberloka 1952“ komi: októberloka 1948. Það er svo, að Alþ. er yfirleitt kvatt saman 1. okt., og gæfist þá þinginu tóm til að framlengja slík lög, ef meiri hluti þess vill. Ég fæ ekki séð, að þessi breyt., sem ég legg til, að hér verði gerð, muni á nokkurn hátt verða til tjóns fyrir bankann, og álít ekki rétt að binda hendur þingsins með því að veita þessa undanþágu til 5 ára, heldur, að hvert þing fái að ráða slíku.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 58 felld með 18:4 atkv.
2. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 11. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, FJ, GÞG, HÁ, HB, IngJ, JG, JS, BG.
nei: SG, EOl.
17 þm. (KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, HelgJ, HermG, JóhH, JPálm, JJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 499).

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað mál þetta og orðið sammála um að leggja til, að hv. d. samþykki frv. óbreytt.

Í II. kafla landsbankalaganna frá 1928 eru ákvæði um seðlaútgáfu og hvernig tryggja skuli seðla. Þar er ákveðið, að bankaseðlar skuli sumpart tryggðir með gullforða og auðseljanlegum eignum. Enn fremur með gullforða, sem er í erlendum bönkum, og innistæðum. Frá þessu hefur verið veitt undanþága. Árin fyrir stríð var veitt undanþága frá þessu, en hin mikla innistæðusöfnun erlendis hefur gert þessa undanþágu óþarfa. En s. l. ár hafa innistæður erlendis minnkað að mun, svo að innistæður erlendis eru ekki lengur næg trygging fyrir gullforðanum samkvæmt ákvæðum bankalaganna.

Það er nú mál út af fyrir sig, sem ekki er ástæða til að gera að umræðuefni nú, að þessi seðlatryggingarákvæði l. eru án efa öll úrelt og þyrftu endurskoðunar við. En hér er ekki farið fram á annað í þessu frv. en að undanþága sé gerð þess efnis, að þær skuldir, sem bankinn kann að standa í erlendis og hingað til a. m. k. hafa ekki verið annað en bráðabirgðalántökur, þurfi ekki að dragast frá hinum erlendu innistæðum. Þess má nú geta, að eftir að seðlaútgáfa minnkaði aftur nú fyrir áramótin, breyttist þetta viðhorf þannig, að nægileg trygging var fyrir seðlunum, án þess að þessarar undanþágu nyti við. En hins vegar getur komið að því hvenær sem er, að nauðsynlegt verði, a. m. k. um stundarsakir, að taka bráðabirgðalán, og getur því aftur dregið að því, að tryggingarákvæðum bankalaganna verði ekki fullnægt, nema því aðeins að þessi áður nefnda undanþága verði gerð. — Fjhn. hefur sem sagt ekki séð, að neitt væri athugavert við að gera þetta, og leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 545).

---

17. Meðferð einkamála í héraði.

Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði (stjfrv., A. 313).

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Frv. þetta um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði er flutt vegna þess ósamræmis, sem hefur skapazt milli réttarstöðu hæstaréttardómara annars vegar og héraðsdómara hins vegar. — Frá fornu fari hefur svo verið ákveðið í lögum, að hæstaréttardómurum yrði ekki vikið úr embætti nema með dómi fyrr en eftir að þeir hafa náð 65 ára aldri, og þá með fullum launum eftir það. Á síðari árum hefur nú tvennt gerzt. Í einkamálalöggjöfinni frá 1936 var svo kveðið á, að héraðsdómurum mætti ekki víkja frá nema með dómi. Og enn fremur, að aldurshámark venjulegra embættismanna var hækkað á s. l. ári og miðað við 70 ár í stað 65.

Þannig verða nú hæstaréttardómarar, ef dómsmrh. sýnist að veita þeim lausn frá embætti, að hverfa úr stöðum 65 ára að aldri, en héraðsdómarar ekki fyrr en þeir hafa náð 70 ára aldri, og þannig tryggðir í starfi 5 árum lengur, enda þótt þeir séu lægra settir sem embættismenn en dómarar hæstaréttar. Þetta virðist mér fullkomið ósamræmi og óeðlilegt að menn, sem sitja í lægri og umfangsminni dómaraembættum, hafi að þessu leyti meiri rétt en hinir æðstu dómendur. Þetta lagafrv. fer í þá átt að færa þetta til samræmis, og er til þess ætlazt, að dómsmrh. geti veitt þeim héraðsdómurum, sem náð hafa 65 ára aldri, lausn frá embætti, enda njóti þeir þá sömu eftirlauna sem þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

Nú geri ég ráð fyrir, að sumir spyrji, hvort héraðsdómarar verði þá ekki að þessu leyti verr settir en aðrir embættismenn. En svo er ekki. Allir embættismenn eru undir það seldir, að þeim má víkja frá embætti, og þeir geta þá borið mál sitt undir dóm og fengið skaðabætur, hafi þeir verið látnir hverfa frá embætti að ósekju. En ég játa, að oft er það mikið vafamál, hvort telja skuli menn, sem eru á aldursskeiðinu frá 65—70 ára, hæfa til að gegna embætti. Getur verið, að hæpið sé, að maður á þeim aldri gegni dómarastöðu, þótt embættisfærsla hans sé slík, að ekki sé hægt að saka hann um brot í því sambandi.

Ef mönnum skyldi ekki sýnast öruggt að réttarstaða héraðsdómara væri nægilega trygg með þessu, þá hef ég ekkert á móti því, að tryggt verði, að hún sé í engu lakari en annarra embættismanna.

Vil ég svo að lokum leggja til, að málið sé látið fara til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 336).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. N. hefur athugað þetta mál og þau rök, sem fram komu í ræðu hæstv. dómsmrh., og álítur rétt

að samræma kjör héraðsdómara við kjör annarra embættismanna og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, PO, SigfS, SG, SEH, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG.
nei: SK, SkG.
KTh, PÞ greiddu ekki atkv.
14 þm. (EOl, EmJ, EystJ, GTh, HermG, JG, JPálm, JJ, LJós, ÓTh, SB, StJSt, ÁkJ, BÁ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Ég verð að viðurkenna, að ég villtist á þessu frv. vegna fyrirsagnar þess. Þetta frv. er um breyt. á l., sem sett voru í fyrra, og ég var einn af flm. þess frv. En ég er alveg á móti þessu frv., þó að það hafi farið fram hjá mér, og mun ég gera grein fyrir afstöðu minni við 3. umr. Ég segi nei.

Á 57. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lét ég þess getið, að ég mundi gera aths. við þessa umr. Málið er nýkomið fram og er mér viðkomandi sérstaklega, þar sem það hnígur að breyt. á l., sem ég ásamt fleiri þm. stóð að að samþykkja á Alþingi.

Hv. þm. er það kunnugt, að fyrir 12—13 árum voru sett lög um aldurshámark embættismanna, og mátti samkv. þeim veita mönnum lausn frá embætti, er náð höfðu 65 ára aldri. Var þetta rökstutt með því, að menn væru þá orðnir of lasburða til að sitja í opinberum stöðum. Síðan hefur komið í ljós í fyrsta lagi, að með batnandi lífskjörum almennt hefur orðið talsverð breyting á því, hve lengi menn endast til að starfa. Menn eru nú minna slitnir og halda betur andlegri og líkamlegri hreysti. Enn fremur sýndi reynslan, að margir þeir, sem á þessum aldri urðu að láta af embættum, voru enn við beztu heilsu og skarð þeirra vandfyllt, þar sem þeir voru æfðir við störf þau, er þeir höfðu gegnt.

Því er ekki að neita, að talsverðri skriðu lausnarveitinga var hleypt af stað fyrst eftir að lögin voru sett og vitanlega bar talsvert á því, að þeim væri beitt eftir því, hvaða landsmálaflokka menn fylltu. Er fram liðu stundir og ráðh. varð ljóst, að menn entust yfirleitt betur en lögin gerðu ráð fyrir, en þau sköpuðu glundroða og bundu ríkissjóði þunga eftirlaunabagga, var horfið að því að láta menn sitja lengur í embættum yfirleitt og þó misjafnlega lengi; sumir miðuðu við aldur, aðrir aftur á móti við hæfni.

Þetta leiddi til þess, að í fyrra var aldurshámark hækkað upp í 70 ár með lögum, og stóð ég að þeim ásamt öðrum. Mætti það frv. ekki mikilli mótspyrnu. Sumir voru þó fyrst í vafa um, hvort gera ætti embættismönnum að skyldu að sitja til 70 ára aldurs, og var ákveðið, að jafnframt því, að þeir fengju rétt til að gegna embættum til 70 ára aldurs skyldu þeir og hafa rétt til að fá lausn, ef þeir bæðust hennar, frá 65 ára aldri og þá með fullum eftirlaunum. Var frv. þetta afgr. héðan úr d. ágreiningslitið, við 2. umr. með 16:4 atkv. og við 3. umr. með 17:5 atkv.

Nú er komið hér fram frv., sem breytir þessu þannig, að víkja megi héraðsdómurum úr embætti, er þeir hafa náð 65 ára aldri. Í grg. segir, að þetta sé gert til samræmingar við embættisaldur hæstaréttardómara. Ég sé nú satt að segja ekki, að mikið samband sé á milli héraðsdómara og hæstaréttardómara. Þeir vinna ekki sambærileg dómarastörf, og hæstaréttardómarar fara frá með fullum launum, en hinir með lögskyldum eftirlaunum aðeins. Flestir héraðsdómarar hafa dómarastarf aðeins sem aukastarf, og sumir þeirra kveða jafnvel ekki upp dóm svo árum skiptir. Má minna á það, að í héraði einu voru dómar svo fágætir, að menn töluðu um það í gamni að breyta tímatalinu og miða við það, hvenær síðast hefði verið kveðinn þar upp dómur. Því fer sem sagt mjög fjarri, að dómarastörf séu aðalstörf héraðsdómara.

Mér finnst þess vegna, að ekki liggi nein rök til þess að breyta þessum l. til samræmingar á kjörum hæstaréttardómara og héraðsdómara. Ég er þeirrar skoðunar, að aldurstakmark hæstaréttardómara ætti heldur að vera hærra. Það hefur farið svo, að þeir hafa orðið að fara frá samdægurs og þeir urðu 65 ára, þótt starfshæfir væru; og þar sem laun þeirra eru upp undir 50 þús. kr. á ári, er það ekki heldur hagkvæmt af þeim sökum.

Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á það, hversu ráðh. hafa farið misjafnlega að í þessu efni. Sumir hafa sópað úr embættunum til þess að geta fyllt þau nýjum mönnum og látið þar ráða pólitísk sjónarmið, að því er virðist. Aðrir hafa litið á þetta frá þjóðhagslegu sjónarmiði og látið menn sitja til 70 ára aldurs, ef starfhæfir voru.

Ég tel ákaflega hæpið, að farið sé að opna þarna smugu á nýjan leik. Þetta mundi þá alveg eins þurfa að ná til allra opinberra starfsmanna, sem lögin frá 24. jan. 1947 fjalla um, en það er mikill fjöldi, sýslumenn, læknar, kennarar, prestar o. s. frv. Samræmi fæst ekki nema allir lúti sömu lögum.

Mér þykir undarlegt, ef hv. dm., sem með yfirgnæfandi meiri hluta samþykktu í fyrra l. um aldurshámark embættismanna, hafa nú skipt um skoðun og vilja nú fara að breyta þessu aftur, því að eitt skref leiðir af sér annað skref til samræmingar. Ég tel, að ekki sé heldur rétt að komast svo að orði eins og gert er í frv., að héraðsdómarar njóti meiri réttar. Væri það t. d. nokkur þvingun líka, ef dómurum bæri skylda til að sitja í embætti til 70 ára aldurs, og var því samþykkt í fyrra að lögþvinga það ekki. Hygg ég, að með þessu mundi sækja í sama horfið og áður, að sumir ráðh. beittu þess-

um l. eftir geðþótta sínum og rýmdu embættin til þess að koma í þau sínum mönnum, en aðrir leyfa lengri setu með þjóðhagsleg sjónarmið í huga.

Ég mun þess vegna greiða atkvæði á móti þessu frv., og þykir mér einkennilegt, ef aðrir hafa nú skipt um skoðun í málinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tek undir það, að merkilegt væri, ef frv. yrði samþ., ef efni þess væri það, sem hv. þm. nú lýsti. Jafnvel þótt mér sé ljóst, að lög þau, er sett voru á Alþ. í fyrra um aldurshámark embættismanna, kunni að vera vafasöm, hefur mér ekki dottið í hug að breyta þeim um form né efni. Þetta frv. haggar þar engu um. Þótt það yrði samþ., mundu almenn ákvæði um aldurshámark embættismanna gilda alveg óbreytt. Það, sem breytast mundi, eru aftur á móti ákvæði í einkamálalöggjöfinni, sem skapa héraðsdómurum allt aðra réttarstöðu en öðrum embættismönnum.

Hv. þm. gat þess, að aðstaða héraðsdómara væri allt önnur en hæstaréttardómara, þeir dæmdu fáa dóma o. s. frv. Þetta er alveg rétt. Og frá því sama sjónarmiði tel ég rangt, að héraðsdómarar, er gegna vandaminna starfi, eigi að njóta ríkari réttarverndar en hæstaréttardómarar.

Það eru fyrirmæli um það í fyrstu málsgr., að héraðsdómurum megi ekki víkja frá embætti nema með dómi. Það eru engir aðrir embættismenn en héraðsdómarar og hæstaréttardómarar, sem njóta þessarar verndar. Þeir eru varðir fyrir framkvæmdavaldinu til 65 ára aldurs samkv. gömlu lögunum um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna. Áður en þeim lögum var breytt hér í fyrra, nutu héraðsdómarar aðeins þessarar verndar til 65 ára aldurs. En með breytingunni, sem fékkst fram á þessum l. í fyrra og þingmenn hafa tæpast að því leyti áttað sig á til hlítar, var héraðsdómurum fengin sú aukalagavernd umfram alla aðra menn í landinu, að þeir eru varðir til 70 ára aldurs, þannig að eftir 65 ára aldur getur ráðh. látið hæstaréttardómara fara frá embætti án þess að bera þá ákvörðun undir dómstól, en það getur ráðh. ekki gert við héraðsdómara, þeim verður ekki komið úr störfum nema með dómi fyrr en eftir að þeir eru sjötugir. Ég sé enga ástæðu til þess að héraðsdómarar njóti í þessu réttinda fram yfir hæstaréttardómara og fram yfir alla menn aðra, og mér skildist á ræðu hv. 5. þm. Reykv. (SK) áðan, að hann teldi það ekki heldur rétt. Hins vegar gætti þess undarlega skilnings í ræðu hans, að þetta frv. hér væri flutt í því skyni, að nú ætti að fara að láta alla héraðsdómara fara frá störfum 65 ára. Frv. segir ekki orð um það, það haggar ekki fyrirmælum laganna frá í fyrra eða breytingunni á aldurshámarkinu. Áður „skyldu“ opinberir embættismenn og starfsmenn fara frá 65 ára, nú „skulu“ þeir fara frá 70 ára. Þetta gildir jafnt um héraðsdómara og aðra, þó að þetta frv. verði samþ., og þó að það verði samþ. óbreytt, þá tel ég, að þeir hafi rétt til að sitja til 70 ára aldurs, eða sama rétt til þess og aðrir. Þó er þess að gæta, að forseti getur með atbeina ráðh. vikið manni úr stöðu hvenær á starfsaldrinum sem er, sbr. 3. mgr. 20. gr. stjskr., en þar segir, að forseti geti vikið manni úr embætti, sem hann hafi veitt það. Það er að sjálfsögðu hægt á öllum aldri. En verndin, sem aldurshámarkið veitir, er sú, að ef það er gert innan 70 ára, þá er frávikningin skaðabótaskyld athöfn, ef vikið er frá að ósekju. Frávikningin er þó engu að síður gild. Sá, sem vikið er úr embætti, hefur alltaf þann möguleika að fá sér tildæmdar skaðabætur með málssókn, en þó að það sannist, að honum hafi verið vikið frá að ósekju, getur hann ekki fengið sig settan aftur inn í embættið. Frá þessu eru þó gerðar tvær undantekningar, önnur í 61. gr. stjskr. með hæstaréttardómara, hin með héraðsdómara samkvæmt einkamálalögunum frá 1936, og getur forseti Íslands ekki vikið þessum mönnum úr embættum án þess að bera það áður undir dómstól. Ég gæti skilið, að menn segðu, að allir ættu að njóta sömu verndar í þessu sambandi, þ. e. undangengins dóms. En ekki hafa komið fram neinar till. um slíkt. Nú er það vitað mál, að héraðsdómarar hafa þessi hlunnindi samkvæmt einkamálal. til að tryggja dómsvaldið í landinu, og það er því að fara aftan að siðunum að tryggja þeim ríkari vernd en hæstaréttardómurum, en hæstaréttardómarar njóta þessarar verndar aðeins til 65 ára aldurs samkvæmt stjskr. Samkvæmt l. um aldurshámark embættismanna frá í fyrra eiga héraðsdómarar rétt á að sitja í embættum til 70 ára aldurs eins og aðrir, og meira en það, þeim einum allra manna er ekki hægt að víkja úr embættum, nema að undangengnum dómi, fyrr en eftir 70 ára aldur. — En það eru ástæður til þess, að þessi vernd, þ. e. undangenginn dómur, gildi ekki þetta fimm ára tímabil, frá 65—70 ára. Fyrsta ástæðan er sú, að hæstaréttardómarar njóta þessarar verndar aðeins til 65 ára aldurs samkvæmt stjskr., og fráleitt er að veita héraðsdómurum meiri rétt en þeim. Í öðru lagi vil ég til viðbótar minnast á það, sem ég kom inn á við 1. umr. þessa máls, að menn á aldrinum 65—70 ára eru oft háðir aldurskvillum, sljóleik eða byrjandi ellimörkum, svo að hæpið er að trúa þeim fyrir viðkvæmum málum, jafnvel þó að menn séu nú farnir að endast betur en hér áður. Þrátt fyrir það er það svo, að á umræddu aldursskeiði verður ellimarka oft fyrst vart, og ég held, að þótt margir embættismenn séu þá fullkomlega heilbrigðir, að réttara sé, að framkvæmdavaldið hafi það í hendi sér að víkja þeim frá þegar á þann aldur er komið, ef með þarf. Ef það reynist gert að ósekju, geta menn fengið sér tildæmdar skaðabætur, en ef þörf er á að gera það, er betra að hafa opna leið til að fara hægt og hljóðalaust í þetta, í stað þess að þurfa að valda opinberu hneyksli með því að dæma viðkomandi mann áður frá embættinu og valda honum þannig álitshnekki, sem væri þó eina ráðið til að taka af honum starfið, sem hann væri ekki orðinn maður til að gegna. Þó að þetta frv. hér yrði að lögum, gætu héraðsdómarar að sjálfsögðu eins og aðrir farið í mál og fengið sér tildæmdar skaðabætur, ef

sannað þætti, að þeim hefði verið vikið frá að ósekju.

Ég held nú, að ekki verði um það villzt, að hv. 5. þm. Reykv. og aðrir þm., sem fengu því framgengt í fyrra, að lögunum um aldurshámark var breytt, hafi ruglazt í málinu að því leyti, að þeir hafi ekki athugað héraðsdómarana sérstaklega. Ég vil með þessu frv. afnema sérréttindi þessara manna umfram alla aðra, en á hinn bóginn halda þeir eftir sem áður þeim réttindum, sem allir opinberir embættismenn fengu í fyrra með breytingu á aldurshámarkinu.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. að ráði, málið hefur ekki verið hér lengi á döfinni, en ég hef þá skoðun, að þm. þurfi ekki lengri tíma til að átta sig á því. En út af því, sem hv. dómsmrh. sagði um það, að héraðsdómarar nytu rýmri og meiri lagaverndar en hæstaréttardómarar, þá hef ég komið að því áður, að ef ósamræmi virtist þar á milli, þá lægi næst að veita hæstaréttardómurum hina sömu vernd og héraðsdómarar hafa nú. Mín skoðun er sú, að lagaákvæðin, sem koma í veg fyrir það, að unnt sé að víkja dómurum frá án undangengins dóms, séu eingöngu sett til að auka dómsöryggið í landinu, svo að ráðherra eða valdamenn geti ekki sópað burtu þeim dómurum, sem þeim eru ekki að skapi af einhverjum ástæðum. Hér er ekki um vernd til handa mönnunum sjálfum að ræða, heldur vernd þess embættis, er þeir gegna, og ef svo er, sem ég tel rétt hjá hv. dómsmrh., að frv. þetta, ef að lögum verður, fyrirbyggi ekki, að dómarar sitji í embættum til sjötugs, þá vil ég spyrja, hvaða ástæða sé til þess að undanþiggja fimm síðustu árin, sem þeir gegna embættum sínum, þessari umræddu vernd. Hvað er á móti því, að sama réttaröryggið haldist allan embættisaldurinn, í stað þess að undanþiggja árin frá 65—70 ára og opna þar með leið til að veikja réttaröryggið? Annars er það ekki rétt hjá hæstv. dómsmrh., að ég hafi haldið því fram, að þetta frv. hér mælti svo fyrir, að héraðsdómarar væru undantekningarlaust látnir fara úr embættum 65 ára, en ég gerði ráð fyrir, að það sækti í sama horfið og áður, að ráðh. og aðrir valdamenn létu þessa embættismenn stundum fara frá, áður en þeir raunverulega þyrftu aldurs síns vegna, og þá án þess að líta á það, sem hagkvæmt er fyrir þjóðfélagið.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en einu er ekki hægt að neita, og það er, að með þessu frv. er opnuð leið, sem áður var notuð, til að láta héraðsdómara fara úr embættum 65 ára, án tillits til þess, hvort þeir eru færir um að gegna þeim áfram eða ekki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. spurði um það, hví ekki mætti heldur rýmka vernd hæstaréttardómara upp í sjötíu ára aldur í stað þess að færa vernd héraðsdómara niður í 65 ára aldurstakmark. Ástæðan er sú, sem ég gat um áðan, að viðbúið er, þegar menn eru orðnir 65 ára, að ellimörkin séu farin að setja fingraför sín á störf þeirra, og að þeir átti sig ekki á því sjálfir, að þeir eru raunverulega orðnir óhæfir til starfa, þó að viljinn sé góður og embættisfærslan kunni að ýmsu leyti að vera í lagi. Það er því sama ástæða og áður til að binda sig við 65 ára aldur í þessu efni, við það hefur verið miðað síðan stjskr. var sett 1874, réttarverndaraldri hefur aldrei verið breytt í öll þessi ár, og hefði þó legið nær en nú að gera það, er embættismenn sátu oft í embættum til 80 ára aldurs. En af skiljanlegum ástæðum treystu menn sér ekki til að veita dómurum réttarverndina svo lengi, það var og er óhjákvæmilegt, að framkvæmdavaldið hafi það í hendi sér að láta þá fara frá þegar á þann aldur er komið, ef störf þeirra fara að bera augljósum ellimörkum vitni. Ég vil ítreka það, sem ég hef áður sagt, að það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv., að í þessu frv. felist, að allir héraðsdómarar verði látnir fara frá 65 ára. Þeir geta þó látið af störfum eftir 65 ára aldur með fullum eftirlaunum, eins og aðrir embættismenn geta samkvæmt lögum eða breytingunni á aldurshámarkinu, er gerð var í fyrra fyrir atbeina hv. 5. þm. Reykv., svo að það er möguleiki til þess, að þeir fari frá 65 ára. Og ef þetta er kölluð glufa í löggjöfinni, er opni víðari leið, þá má alveg með sama rétti tala um glufu í stjskr. sjálfri, þar sem forseti getur látið alla embættismenn aðra en dómara víkja úr embættum á hvaða aldri sem er. Einu viðurlögin, sem þá gilda, eru þau, að ef það sannast, að manni hafi verið vikið úr embætti að ósekju, þá getur hann fengið sér tildæmdar skaðabætur. Ég geri ráð fyrir, að ef héraðsdómara væri vikið úr embætti 65 ára, eftir að frv. þetta væri orðið að lögum, þá væri það lögformlega gilt. Ef dómarinn teldi sér hins vegar hafa verið vikið ranglega úr embætti, þá gæti hann höfðað mál til að fá sér dæmdar skaðabætur, en þó að hann fengi skaðabætur greiddar, þá fengi hann sig ekki dæmdan aftur inn í embættið. Ég gæti trúað, að skaðabæturnar yrðu miðaðar við það tjón, sem hann biður við það að vera sviptur embættinu frá 65 til 70 ára, eða um fimm ára skeið, þ. e. ef talið væri, að dómaranum hafi verið vikið úr embættinu algerlega að ósekju. Hins vegar gæti svo farið, að ráðh. gæti fært þau rök fyrir máli sínu eða brottvikningunni, að dómarinn fengi sér ekki tildæmdar neinar skaðabætur. Alveg hið sama gilti, ef öðrum embættismönnum væri vikið úr embættum á sama tíma, eða eftir 65 ára aldur, þar kæmu l. um aldurshámark embættismanna jafnt til greina að mínu viti. Eini munurinn á því, sem er, og því, sem yrði, ef frv. þetta yrði að lögum, er sá gagnvart héraðsdómurum, að frávikningin sjálf væri gild án undangengins dóms, ef þeim væri vikið frá embætti frá 65 til 70 ára, en þeir hefðu hins vegar sama rétt til skaðabóta og aðrir embættismenn, réttarstaða þeirra yrði með öðrum orðum hin sama og hjá öðrum embættismönnum. Hér er aðeins verið að afnema sérréttindi héraðsdómara, sem þeir hafa fram yfir alla aðra menn í þjóðfélaginu, en lögin um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna halda að öllu leyti gildi sínu eins og frá þeim var gengið í fyrra m. a. fyrir atbeina hv. 5. þm. Reykv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að segja eins og hv. 5. þm. Reykv., að það er einkennilegt, ef sömu menn sem samþykktu í fyrra breytinguna á aldurshámarkinu, samþykkja nú þetta frv. Að vísu heitir það frv. til l. um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, og hin nýja málsgr. á að koma aftan við 35. gr. þeirra laga. Sú grein þeirra laga er um það, að dómsmrh. víki dómara úr embætti um stundarsakir, en höfði síðan mál á hendur honum til embættismissis, svo fljótt sem verða má, ef dómsmrh. telur dómarann hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning æðra dóms eða ráðh. ekki komið að haldi eða dómarinn hafi að áliti ráðh. með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti.

Það er nú í fyrsta lagi óviðfelldið að hnýta hinni nýju frvgr. hér aftan við fyrrnefnda 35. gr., sem eingöngu fjallar um misferli dómara að áliti ráðherra, og í öðru lagi fæ ég ekki séð, að það standist, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að frv. þetta haggaði í engu ákvæðum þeirrar breyt., sem gerð var í fyrra á lögum um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna. Ég skil það ekki. Samkvæmt því, sem samþykkt var í fyrra, er aldurshámarkið 70 ár. Þó voru ákvæði sett inn í lögin um það, að ef þessir embættis- og starfsmenn hins opinbera óskuðu eftir að fá lausn frá embætti fyrr, þá væri heimilt að veita þeim lausn, þegar þeir væru orðnir fullra 65 ára eða hvenær sem væri eftir þann tíma, með fullum eftirlaunarétti. En ef þessi breyt. hér yrði samþ., fæ ég ekki betur séð en ráðh. gæti vikið dómurum frá störfum eftir að þeir væru orðnir 65 ára gamlir, hvort sem þeir óskuðu eftir því sjálfir eða ekki. Hér er því um að ræða breytingu frá því, sem samþykkt var í fyrra.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. V.-Húnv. hefur sýnilega ekki áttað sig á því, sem ég var þó búinn að sýna fram á ... öllum nema dómurum hæstaréttar og héraðsdómurum. Ég mundi segja, að ráðh., sem óánægður væri með lögreglustjóra, tollstjóra og hvaða embættismann sem væri, gæti vikið þeim embættismanni frá og sú frávikning væri fullkomlega gild að öðru leyti en því, að þessir menn ættu rétt á skaðabótum. Aftur á móti yrði frávikning ekki gild á héraðsdómara, þótt maðurinn væri orðinn 65 ára og fram til 70 ára aldurs, fyrr en það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið samþ. Ég verð að segja það, að það er ástæðulaust að láta héraðsdómara njóta þeirrar réttarverndar, sem þeir hafa umfram alla aðra menn í landinu aðra en hæstaréttardómara, lengur en hæstaréttardómarar njóta sömu réttarverndar.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mig langar til að leggja orð í belg, bæði vegna þess, að ég mælti með því sem frsm. n., að þetta frv. yrði samþ., og af því að í fyrra átti ég þátt í að breyta l. um aldurshámark opinberra starfsmanna, en það hefur komið fram bæði hjá hv. 5. þm. Reykv. (SK) og hv. þm. V.-Húnv. (SkG), að þetta frv. væri illa samrímanlegt þeirri breyt., sem gerð var í fyrra.

Ég var ekki í fyrra sammála um frv., þó að niðurstaðan yrði sú, að samkomulag gæti náðst um málið. En ég átti hlut að því, að í stað þess, að aldurshámarkið yrði 70 ár, væri þessum mönnum heimilað að fara frá á tímabilinu 65—70 ára, sem sneri við þeirri reglu, sem áður gilti.

Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. (BBen) um það, að þetta tvennt, sem hér um ræðir, þessi brtt. og frv. frá í fyrra, stangast á engan hátt, og það hefur komið skýrt fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að það, sem hér um ræðir, er ekkert annað en það að breyta réttarstöðu dómara á tímabilinu 65—70 ára. Það mætti um það deila, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. (SK), hvers vegna þeir nytu ekki sömu réttarverndar allan tímann, eins milli 65—70 ára. Það mætti til sanns vegar færa, en með tilliti til þess, að hæstaréttardómarar njóta ekki þessarar réttarverndar nema til 65 ára, og með tilliti til þess, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., gæti verið ástæða til að fallast á, að aðstaða þessara embættismanna væri nokkuð önnur á þessum árum í sambandi við frávikningu. Ég get ekki fallizt á það með hv. 5. þm. Reykv. (SK), að þetta opni ráðh. á nokkurn hátt heimild til þess að láta dómara fara frá 65 ára.

Mér skilst breyt. vera sú, að áður en l. var breytt í fyrra, var aldurshámarkið 65 ár. Það, sem þeir sátu fram yfir það, áttu þeir alveg undir ráðh., og hann gat látið þá hætta að gegna störfum, og þeir áttu þá ekki annars kost en að hætta. Þótt þessi l. verði samþ., mundu héraðsdómarar eiga rétt á því, ef þeir vildu sitja áfram frá 65—70 ára aldurs. Þeir eiga það ekki undir ráðh., aðeins er um það að ræða, að sú almenna heimild gildir hér um héraðsdómara eins og aðra, en ekki hitt, að þeir njóti þeirrar sérstöku lagaverndar, að þeim verði ekki vikið frá nema með dómi, og ef þeim væri vikið frá, gætu þeir átt skaðabótarétt, sem þeir gátu ekki áður en l. var breytt í fyrra, þegar almenna reglan var, að þeir skyldu fara frá 65 ára.

Ég held, að hér sé um misskilning að ræða hjá hv. 5. þm. Reykv. (SK) og hv. þm. V.-Húnv. (SkG), og að hér sé ekki um að ræða neitt nema breytta réttarstöðu héraðsdómara frá 65—70 ára aldurs.

Skúli Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Hæstv. dómsmrh. mælti ekki móti því, sem ég hélt fram í minni fyrri ræðu, að með þessu frv., ef samþ. yrði, væri gerð breyt. á því, sem samþ. var í fyrra í l. um aldurshámark embættismanna.

Hæstv. ráðh. (BBen) sagði, að hægt væri að víkja öllum embættismönnum frá nema dómurum. Þetta er sjálfsagt rétt hjá ráðh., en benda má á það, að þetta er yfirleitt ekki gert nema einhver sök sé fyrir hendi. Þótt svo kunni að vera, að dómarar hafi heimild til að segja mönnum upp og þótt dómarar njóti þessarar sérstöku verndar umfram aðra embættismenn, er þá nokkur ástæða til að hafa þessa sérstöðu

um þá aðeins milli 65—70 ára? Ættu þeir ekki að hafa sama rétt á öllum aldri?

Annars verð ég að segja það, að mér kemur dálítið einkennilega fyrir sjónir þessi skilningur hjá hv. 7. þm. Reykv. (JóhH), sem er frsm. n., á frv., því að mér skilst hann halda því fram, að þótt þetta yrði samþ., veitist ráðh. þar með ekkert ríkari heimild til að víkja dómara frá en öðrum embættismönnum, þ. e. a. s. þeim, sem yrðu fyrir því að verða vikið frá milli 65—70 ára. Þeir hafi rétt til skaðabóta. Ef þetta er meiningin, vildi ég, að þetta yrði gert greinilegra, því að í frv. stendur, að þeir njóti sömu eftirlauna, en það er annað en það, sem kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv.

Sigurður Kristjánsson: Hv. þm. V.-Húnv. (SkG) tók eiginlega fram það atriði, sem ég ætlaði að minnast á. Ég er ekki fyllilega viss um, að 1. gr. þessa frv. verði skilin þannig, að dómari, sem yrði látinn fara frá eftir 65 ára aldur, gæti sótt skaðabótamál á hendur ríkinu, af því að gr. virðist tæmandi um það, hvaða rétt hann hefur. Ég skal ekki fullyrða um þetta efni, en mér skilst, að dómari, sem yrði að fara frá 65 ára, mundi ekki hafa þann rétt.

Hins vegar, út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. (JóhH) sagði, að 1. gr. opnaði enga leið til þess að láta dómara fara frá embætti, og af því, sem hæstv. dómsmrh. (BBen) sagði, að ráðh. gæti vikið hvaða embættismanni sem væri úr starfi, vildi ég segja það, að aldurshámark í l. hefur verið skoðað sem lögmál síðan það komst á. Við vitum með hæstaréttardómarana, að þeir hefðu verið látnir fara frá, og að það hefur ekki verið gert, sýnir, hvað ráðh. telja sig fastbundna við að láta embættismenn ekki fara frá fyrr en aldurshámarkinu er náð. Þetta mundi verða til þess að ráðh., sem það vildi viðhafa, gæti látið alla hæstaréttardómarana fara frá í sinni embættistíð. Aftur aðrir mundu láta aldurshámarkið ráða og láta menn sitja meðan embættismaðurinn væri í fullu fjöri. Það er meira að segja svo ríkt hjá ráðh. að ganga ekki lengra en l. heimila með aldurshámark embættismanna, að það hefur komið hér fyrir oftar en einu sinni, að þegar ráðh. hefur viljað koma manni úr embætti, hefur hann fengið embættið lagt niður með l. til þess að losna við manninn. Þetta er vottur um það, að aldurshámark í l. er ríkt aðhald, og ráðh. mundi hika við að láta menn fara og bindur sig því við aldurshámarkið, og það var með hliðsjón af þessu, sem við flm. þessa máls í fyrra komum því í l.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. Menn fá réttan dóm um þetta mál eftir sannfæringu þm., og ég legg það kapplaust undir atkv., hvort menn vilja samþykkja þetta eða ekki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Reykv. (SK) sagði og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, að dómari, sem án sakar og í fullu fjöri yrði vikið frá milli 65 og 70 ára, hefði rétt til skaðabóta. Ég tók þetta fram við 1. umr. og óska að segja það skýrt, ef það kemur eigi nægilega skýrt fram í frv., að þetta er minn skilningur á málinu. Ég held því, að það sé nægilega ljóst, að þetta er sá skilningur, sem frv. er flutt í.

Ég vildi spyrja hv. þm. V.-Húnv. (SkG), hvort hann álíti, að ætlunin sé að færa niður aldurshámarkið með 35. gr. einkamálal. Hér er einungis um þann rétt að ræða, sem menn eiga skv. 35. gr. einkamálal., en ekki um aldurshámark embættismanna. Ef hann áttar sig, held ég, að hann falli frá þessu.

Viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Reykv. (SK) sagði, að aldurshámarkið væri aðhald fyrir ráðh., þá er það rétt. Sjötíu ára aldurshámarkið verður eftir sem áður aðhald, því að ef dómari hefur ekkert látið á sjá og ekkert gert af sér, þá á hann rétt til að sitja til 70 ára aldurs eins og fyrir þetta frv.

Hitt er ekki rétt, að það sé almenn regla að láta hæstaréttardómara fara frá, þegar þeir eru 65 ára. Eins og ég sagði, hefur aldurshámarkið verið í stjskr. frá því 1874. Kristján Jónsson háyfirdómari sat til áttræðisaldurs. Eggert Briem og Páll Einarsson sátu fram yfir 65 ára aldur, og þeir fóru frá einungis vegna þess, að nýr ráðh. kom, en ekki vegna þess, að aldurshámarkinu væri breytt. Ég tek undir það, að hæstaréttardómarar hafa verið látnir hverfa úr stöðu sinni, þótt þeir hefðu getað setið lengur. En þrátt fyrir það, að menn hafa verið látnir fara úr stöðu, sem þeir hefðu getað gegnt lengur, hefur enginn treyst sér til að breyta þessu, því að menn gera sér ljóst, að það er varhugavert að láta menn njóta dómaraverndar um setu í embætti fram yfir 65 ára aldur. Það getur verið fullkomlega rétt að láta menn hafa vernd til þess tíma, en eftir það fer að verða álitamál, hvort menn eiga að sitja í svo vandasömum stöðum. Það gæti orðið til þess, að menn á sínum efri árum mundu lenda í hneykslis- og leiðindamálum fyrir þá og aðra, sem bezt væri að komast hjá.

Skúli Guðmundsson: Ég vil ítreka það, að mér finnst, að n. mætti athuga þetta mál nánar, því að mér finnst, bæði af því, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh. og hjá hv. 7. þm. Reykv. (JóhH), að fyrir þeim vaki eitthvað annað en það, sem orðalagið bendir til. Mér skilst, að ráðh. hafi þrátt fyrir þessa breyt. engu meiri rétt til að láta dómara víkja frá störfum en aðra embættismenn. Og hv. 7. þm. Reykv. (JóhH) segir, að maður, sem vikið er frá störfum skv. þessu, gæti krafizt skaðabóta. Þetta finnst mér nokkuð annað en það, sem fá má út úr frv. við lestur þess.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Ég ætla að svara þessum síðustu orðum. Það var gerð grein fyrir þessu í hinni upphaflegu framsöguræðu hæstv. dómsmrh., og okkur þótti ekki ástæða til að breyta því í n. Það getur verið, að það villi menn, að það er sérstaklega tiltekið, að menn fái sömu eftirlaun og dómari fengi, ef hann gegndi starfinu til 70 ára aldurs. Ég hef litið svo á, að í því felist bending um það, hvað viðkomandi maður fengi, ef honum væri vikið frá, en ég hef litið svo á, að fram yfir það ætti hann allan skaðabótarétt eins og fyrr.

Annað atriði vildi ég nefna í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Reykv. (SK). Hann sagði, að það opnuðust nýjar leiðir til þess að láta menn fara frá. Ég verð að endurtaka það, að aldurshámarkið er eftir sem áður 70 ár, en ekki 65 ár eins og fyrr. Hér hefur tvennu verið blandað saman: aldurshámarki og réttarstöðu, sem er sitt hvað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá,

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 313, n. 493).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var vísað til allshn., sem hefur haft það til athugunar. Breyt. þær, sem gert er ráð fyrir í frv., eru ekki mikils varðandi og eru nánast til samræmis við þær reglur, sem gilda um þessi réttindi. Það þykir óviðeigandi, að undirréttardómarar séu hafðir rétthærri en hæstaréttardómarar. — N. hefur lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, þó þannig, að tveir nm. (PZ og BrB) hafa áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins, án þess þó að vilja kljúfa n.

Eins og l. eru nú, þá er skilyrði fyrir því, að setja megi dómara frá starfi fyrir fullt og allt, að ráðh. réttlæti þá ráðstöfun með máli. Þetta gilti aðeins um dómara, sem voru undir 65 ára aldri, vegna laga frá 1935, þar til í fyrra að l. var breytt, en eftir það tekur þessi regla einnig til héraðsdómara frá 65 til 70 ára aldurs. Þetta hefur þær verkanir, að það er skilyrðislaus skylda ráðuneytisins að höfða réttlætingarmál, ef það álítur sig þurfa að víkja slíkum dómara frá embætti, sem er á aldrinum 65 til 70 ára. Aftur á móti ef þessi breyt. verður samþykkt, þá er það skylda dómarans að höfða mál gegn ríkisstjórninni, ef hann telur sig óréttri beittan. Og verður að álíta, að þetta komi ekki til greina, nema hann sé nokkuð viss í sinni sök. En þá hefur hann líka fullan rétt til skaðabóta.

Eins og sést á undirskrift nál., þá eru þarna tveir undirdómarar, sem mæla með því, að málið verði samþ., enda mun það hafa verið rætt a. m. k. af stjórn héraðsdómarafélagsins og ekki sætt andmælum þar. — Ég leyfi mér svo, fyrir hönd þess hluta n., sem hefur skrifað undir nál. fyrirvaralaust, að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það kunna sjálfsagt að vera einhverjar ástæður til þess, að rétt sé að samþ. þetta frv. En ég vil þó láta það í ljós, að mér þykja þær ástæður, sem fram eru færðar, ákaflega einkennilegar. Það er talað um og fært fram í grg. frv. og einnig í ræðu hv. frsm. sem aðalástæða, að því er mér skilst, fyrir þessu frv., að eins og nú stendur hafi héraðsdómarar meiri rétt en hæstaréttardómarar, þar sem ekki megi án dóms víkja héraðsdómara frá sínum störfum fyrr en hann er orðinn 70 ára gamall, en hæstaréttardómurum 65 ára gömlum. En ég sé ekki, að hæstaréttardómarar missi nokkurn minnsta rétt, þó þeim sé veitt lausn frá embætti. Því að svo er ákveðið, og ef ég man rétt í sjálfri stjskr., að þeir missa einskis í af launum, þó þeim sé þannig veitt lausn, og þeir eru einu embættismenn þjóðfélagsins, sem halda sínum fullu launum til æviloka, en héraðsdómarar, sem kynni að verða sagt upp störfum, eftir að þeir eru orðnir 65 ára gamlir, þeir halda ekki fullum launum og hafa ekki annað sér til framfæris en lítilfjörleg eftirlaun, nema því aðeins að Alþ. — eins og nú er farið að tíðka um suma — veiti þeim full laun. Svo að þetta finnst mér undarleg ástæða, ef þetta frv. á að vera flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að héraðsdómarar hafi meiri rétt en hæstaréttardómarar. Að vísu er svo til tekið hér í frv., að þeir skuli hafa sömu eftirlaun, þegar þeim er veitt lausn á þennan hátt, eins og ef þeir hefðu verið 70 ára gamlir. Og er það að vísu réttarbót. En allt annað er það heldur en að halda fullum launum til æviloka, eins og hæstaréttardómarar gera. Þó að ég sé enginn héraðsdómari og hafi engra sérstakra skyldna að gæta gagnvart þeim, þá vildi ég nú eiginlega mælast til þess, að hv. n. athugaði þetta nánar, eða þá að fram kæmu einhverjar sérstakar ástæður fyrir frv. — Svo eru mér ekki vel ljós öll ákvæði þessa frv. — Ég geri ráð fyrir, að þó að þetta frv. væri samþ. — og vil spyrja dómarana hér, hvort það sé ekki rétt skilið —, þá sé aldurshámark héraðsdómara eftir sem áður 70 ár, eins og annarra embættismanna samkvæmt l. um aldurshámark embættismanna.

Það, sem meint er með frv., er það, að víkja megi manni frá embætti þegar hann er 65 ára gamall án þess að dómi sé beitt, og mundi þá, ef þessi skilningur minn er réttur, að aldurshámarkið er 70 ár, raunverulega gilda þó þessu verði beitt við hámark milli 65—70 ára, nema því aðeins að hann þætti hafa brotið af sér. Ég vil að vísu benda á, að menn eru viðkvæmari eftir því sem þeir eldast, og gæti það ef til vill réttlætt starfið af því að setja þetta ákvæði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta framsöguræðu, sem ég hélt, og ekki mikið að leiðrétta

í ræðu hv. 1. þm. Eyf., því að aðalatriði frv. skildi hann rétt.

Eina breyt., sem verður með þessu frv., er sú, að héraðsdómarar fengu sérstaka vernd með lagasetningu í fyrra, áreiðanlega án þess að Alþ. átti sig á þeirri sérstöðu, sem þeim með því var sköpuð, að þeir máttu vera í embætti til 70 ára, og þeim væri ekki komið frá nema áður væri dómur genginn, sem svipti þá embættinu. Slíkrar verndar njóta eftir stjórnarskránni engir aðrir en hæstaréttardómarar, og þeir einir aðeins til 65 ára aldurs.

Um aðra embættismenn er það svo, að sá, sem hefur veitt þeim embætti, getur einnig svipt þá embættinu hvenær sem er, þótt þeir séu yngri en 65—70 ára. Þeir, sem sviptir eru embætti að ósekju, geta fengið skaðabætur úr ríkissjóði fyrir því tjóni, sem þeim þannig hefur verið valdið. Hæstaréttardómara er hins vegar ekki hægt að víkja úr embætti nema á 5 ára fresti, nema að undangengnum dómi. Þetta er gert til að tryggja setu þeirra í embætti fyrir ágangi handhafa framkvæmdarvaldsins. Líka náði það ekki neinni átt og vakti ekki fyrir mönnum að láta háttsetta embættismenn hafa meiri vernd heldur en sjálfa hæstaréttardómarana.

Frv., sem hér liggur fyrir, fer eingöngu í þá átt að fá þessu breytt. Hins vegar hefur héraðsdómari eftir sem áður þá vernd, að ef hann er látinn fara úr embætti að ósekju á þessu 5 ára tímabili, þá verður ríkissjóður að greiða honum skaðabætur. Ég tel vafalaust, ef hann er látinn fara að ósekju, þá mundu skaðabæturnar um þetta 5 ára tímabil svara til embættislauna hans á því tímabili. Þessi frávikning embættismanna er því heimild, sem yfirvaldið hafði ekki áður heimild til að gera, en þurfti að sækja undir dómstólana um það, og getur það oft tekið langan tíma, stundum ár eða fleiri, að fá endanlegan úrskurð dómsvaldsins um slíkt.

En það er óheppilegt að setja fyrirmæli um slíkt án þess að menn hafi fyrir fram gert sér grein fyrir því, hvað í því felst. En ég fullyrði, að menn gerðu sér ekki grein fyrir því varðandi þetta, þegar breyt. var gerð á s. l. þingi.

Hitt þykir mér rétt að geta um, að menn, sem komnir eru um 65—70 ára aldur, sem flestum fer að hrörna á, þá vil ég undirstrika það, að þeir eru ekki lengur jafnfærir um að gegna dómarastörfum og menn, sem ekki eru neitt farnir að láta á sjá. Þess vegna getur það orðið varhugavert varðandi hæstaréttardómara að láta menn njóta slíkrar fullkominnar verndar eftir 65 ára aldur. Og með því að láta þá njóta slíkrar verndar umfram alla aðra embættismenn ríkisins getur það leitt til þess, að embættismaður, sem hefur komið vel fram á sínum starfstíma, yrði til vandræða síðustu ár sín vegna þess, að hann er ekki lengur maður til að gegna starfi sínu, og því verði að höfða mál á hendur honum til að fá hann frá embætti. Þetta getur oft bakað tímatöf og kostar leiðindi fyrir ríkið og þann embættismann, sem í hlut á. Aftur á móti, ef á hluta manns er gengið með frávikningu, þá á hann fullan rétt til skaðabóta, einmitt full embættislaun þann tíma, sem þar er um að ræða, svo engin hætta er á, að hann fari verr út úr því en efni standa til. Að þessu athuguðu vona ég, að d. sýni málinu sama velvilja og Nd. með því að samþ. það með yfirgnæfandi meiri hluta.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þessi ákvæði, sem gilt hafa á ýmsum tímum um aldurshámark embættismanna, hafa fengið einatt misjafna dóma, en þó hygg ég, að það hafi verið eitt ákvæði, sem um þetta hefur verið í l., sem þótti varhugavert, og það er ákvæðið um aldurshámark embættismanna, sem borið var fram hér á Alþ. fyrir nokkrum árum. Þá voru það ýmsir, sem vildu hafa aldurshámarkið 70 ár, en samkomulag varð um að setja þetta hámark og hafa það 70 ár, en heimilt væri ráðh. að láta embættismann fara úr embætti þegar hann er 65 ára. Ég fullyrði, að það hefur ekkert ákvæði verið í l. og ekkert sem hægt er að setja í l., sem er óheppilegra en þetta.

Ég veit það mætavel og við getum sett okkur í þau spor, að það er ekki þægilegt fyrir embættismann þegar hann er 65 ára að hafa ekki meiri réttarvernd en það, að hæstv. dómsmrh. getur sagt honum upp eins og þeim starfsmanni, sem minnst réttindi hefur. Við skulum ekki vera að gera okkur neinar grillur út af skaðabótum, eftir að búið er að setja ákvæði eins og þessi. Það stendur hér skýrum stöfum, og er að því leyti sams konar ákvæði eins og áður hefur gilt, að dómsmrh. getur veitt þeim lausn eftir 65 ára aldur. Ég man ekki til á meðan ég var dómsmrh., að það kæmi oft til greina að framkvæma þetta ákvæði, og ég man ekki til, að ég hafi nokkurn tíma notað það. En ég man eftir því, að seinasti dómari, sem sat undir þessu ákvæði, var Sigurður Eggerz, og ég tilkynnti honum, þegar hann var 68 ára, að ég mundi ekki framkvæma þetta ákvæði. Ég sá undireins, að þetta samkomulag, sem þarna var gert um aldurshámark, var óheppilegt, og vildi ég þess vegna ekki ganga inn á þá braut að framkvæma það.

Ég trúi ekki á þær sögusagnir um að þetta frv. sé komið fram til að koma einum eða öðrum úr embætti, og ég geng út frá því, að það sé allt saman slúðursögur. En ég er ákaflega hræddur um, að það fari eftir því, hver er dómsmrh., hvernig þessu valdi er beitt. Hins vegar mun núverandi dómsmrh. ekki nota slíkt ákvæði nema í ýtrustu neyð, og það eru rétt rök hjá honum, að það getur verið nauðsynlegt að nota það undir þeim kringumstæðum. En ganga verður út frá því, að það verði ekki notað, en á það vil ég benda, að ef hins vegar á að nota það, þá má búast við, að hver pólitískur dómsmrh., sem tekur við af öðrum, hann gæti notað það til þess að koma eigin mönnum í embætti. Það er alls ekki rétt undir neinum kringumstæðum að innleiða slíka vinnuaðferð og ekki rétt hjá Alþ. að ganga frá l., sem gera líklegt, að slík vinnuaðferð yrði tekin upp. Með þessu getur dómari, sem er öruggur í sínu dómarasæti, átt allt í einu von á, að honum yrði vikið úr embætti, þannig að dómsmrh. geti með einfaldri ákvörðun, ef honum ekki líkar hann, vikið honum frá starfi og borið það fyrir, að hann telji hann ekki hæfan til að gegna starfinu.

Hæstaréttardómarar hafa meiri réttindi heldur en þeir dómarar, sem nú sitja í öðrum embættum hér á þessu landi. Það er vitað mál, og þarf ekki að rekja það fyrir þessari d., að hæstaréttardómarar hafa full laun, þegar þeir fara frá starfi 65 ára, en dómarar hafa eftirlaun að vísu samkv. þessum framkvæmdum, hvort sem um er að ræða 65 eða 70 ára aldur, en ekki annað en eftirlaun svipta þá réttindum. Ef þeir eru á fullum launum starfhæfir, þá er það ekki svo lítil réttarskerðing ef hægt er að víkja þeim úr embætti og setja á eftirlaun. Ég álít þess vegna, að það væri miklu nær að lækka aldurshámark embættismanna almennt. En það getur tæplega komið til mála að semja löggjöf, sem veitir dómurum landsins misjafnan rétt eða vernd eftir því hvað þeir eru gamlir að árum. Það er ekki hægt að neita því, að þau rök, sem fram komu hjá hæstv. dómsmrh. um að menn á aldrinum 65—70 ára færu að hrörna, þannig að þeim sé ekki sjálfum treystandi til að dæma, hvort þeir eru hæfir að hafa starfið eða ekki. Ég skal ekki neita því, að það er nokkuð seinfært að fara dómsleiðina, en þó er ég ekki í vafa, ef kveður mikið að þessu, að þá mætti ef til vill finna aðra leið til að koma dómurunum úr starfi heldur en þá, að um hrörnun væri að ræða. En þetta getur komið fyrir á öllum aldursskeiðum, að dómarar, sem eru yngri en 65 ára, geta hafa tapað það miklu andlega af ýmsum ástæðum og eðlilegum ástæðum, eins og alltaf kemur fyrir með menn, hvort sem þeir eru dómarar eða í öðrum stöðum, að ástæða er að víkja þeim úr starfi. Ég er ekki í vafa, að allir, sem hér eru staddir, vita slík dæmi. Þannig er það með menn í öðrum embættum, sem ekki njóta þessarar verndar, að þeir hafa óneitanlega, þó þeir séu ekki 65 ára, sýnt þá ágalla í embættinu, að ástæða hefði þótt að láta þá fara frá, þó það hafi ekki verið gert. Þess vegna, þó þessi rök hæstv. dómsmrh. séu nokkurs virði, að maður frá 65—70 ára kunni að vera sljór og hann eigi erfitt með að dæma þetta atriði, þá er því að svara, að ávinningurinn, sem þarna fæst, hann er ekki keyptur fyrir það verð, að það borgi sig að láta hæstv. dómsmrh. byrja á því að víkja úr embættum. Ég álít, að dómarar eigi að hafa þessa vernd meðan þeim er trúað fyrir að gegna starfi, sem er samkvæmt okkar l. til 70 ára aldurs. Og ef þetta ákvæði verður innleitt, þá getur það leitt til þess, að hæstv. dómsmrh. taki að nota það á óviðkunnanlegan hátt, og sé þetta innleitt einu sinni, þá er hægt að halda áfram að misnota það, og það óttast ég. Í þriðja lagi vegna þessarar tilhneigingar, þá gæti svo farið, að dómarar milli 65—70 ára væru réttminni en aðrir embættismenn einmitt vegna þessa atriðis, og það yrði mjög illa farið.

Ég get sagt það enn aftur, að ég er ekki á móti ákvæðunum fyrir það, að ég leggi nokkurn trúnað á, að það eigi að beita þessu ákvæði eins og sögusagnir ganga um, og ekki heldur á móti því vegna þess, að ég geri sérstaklega ráð fyrir því, að núverandi dómsmrh. noti ákvæðið þannig, en um það ber svo raun vitni, hvort svo verður eða ekki. En ég hef ástæðu til að ætla, að í þetta embætti kunni að geta komið menn sem byrja að misnota þau. Einmitt vegna þess hvað ég sá greinilega í fyrri heimildinni, sem sett var inn til samkomulags um 65—70 ára aldur, sá, hvað það var hættulegt og skaðlegt, þá er ég á móti því að innleiða neitt slíkt ákvæði. — Ég ætla ekki að eyða tíma í það að rökræða þetta mál lengur. Ég hef fært fram rök, sem mæla gegn þessari breyt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær skýringar, sem hann gaf hér á þessu máli, en skýringar hæstv. ráðh. staðfesta einmitt það, sem ég hef haldið fram í þessu máli. Þessi breyt. á frv. heimilar ráðh. að setja dómara frá við 65 ára aldur. Frá mínu sjónarmiði fá héraðsdómarar minna öryggi um heiður sinn með þessari breyt., ef að l. verður, en áður. Eins og nú háttar gat ríkisstjórn veitt héraðsdómara lausn frá embætti við 65—70 ára aldur, og dómarar fóru frá með fullum heiðri samkvæmt landslögum. Sæmd hans var óskert, þó ráðh. notaði rétt sinn. Samkvæmt skýringum hæstv. dómsmrh., þá má víkja dómara frá, þó hann hafi ekki náð 70 ára aldri, en það mun leiða af sér, að flestir dómarar munu segja af sér, er þeir eru 65 ára. Þetta gæti kostað ríkissjóð allmiklar upphæðir í greiðslu eftirlauna miðað við það, ef þessir menn sætu í embættum sínum 5 árum lengur. Ef ég væri héraðsdómari, hefði ég viljað losna frá starfi um 65 ára aldurinn, heldur en að eiga á hættu að þurfa að fara frá með ráðherraskipun.

Að öðru leyti kvaddi ég mér hljóðs til þess að fá skýringu hjá hæstv. dómsmrh., en ekki til þess að deila. Þó hæstv. ráðh. hafi gefið hér nokkrar skýringar á þessum málum, þá hefur engin skýring komið hér fram á því, sem segir í grg. frv., að héraðsdómarar hafi meiri rétt en hæstaréttardómarar. Hæstaréttardómurum er veitt lausn frá embætti við 65 ára aldurinn, og geta frá þeim tíma unnið að hugðarefnum sínum. Mér finnst nokkuð undarlegt, að tveir héraðsdómarar hafa mælt með þessu frv. Þeir um það, en mér finnst það undarlegt, og ég skal ekki blanda mér frekar í umr. um þetta mál.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki deila frekar um frv. þetta. Ég hef þegar gert ýtarlega grein fyrir þessu máli, hvað fyrir mér vakir með því, og við það verður að sitja. Hvað viðkemur hæstaréttardómurunum, þá hafa þeir ekki miklu meiri rétt en héraðsdómarar, þó þeir fari frá við 65 ára aldurinn. Þeir fara frá með fullum launum, og ég geri nú ráð fyrir, að þeir hefðu heldur kosið að halda áfram starfi og vinna fyrir kaupi sínu. Það er meiri heiður að sinna ábyrgðarmiklu starfi.

Út af þeim ugg, sem hv. þm. Str. lét í ljós um það, að ráðh. gæti misbeitt valdi sínu eftir ákvæðum frv., þá er sízt meiri hætta á því eftir ákvæðum þessa frv. en ákvæðum l. frá 1935. Á því tímabili var ráðh. heimilt að láta dómara fara frá án nokkurra skaðabóta, en með þessu frv. getur dómari krafizt skaðabóta, ef ráðh. víkur honum frá að ástæðulausu eða misbeitir embættisvaldi sínu. Ef l. frá 1935 hefur ekki verið

misbeitt, þá eru enn minni líkur til þess, að svo verði nú, því nú fær ráðh. ekki meiri rétt en áður, en dómarar hafa rétt til skaðabóta, ef ráðh. misbeitir valdi sínu. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að andmæla hv. þm. Str. Fjórir af færustu hæstaréttardómurum hérlendis hafa verið látnir fara frá fyrir sjötugsaldurinn, þeir Eggert Briem, Páll Einarsson, Einar Arnórsson og Lárus H. Bjarnason, en nú er lagt til, að menn í slíkum embættum megi fara eftir 65 ára aldur, en engin skylda hvílir á að víkja þeim frá. Tveir af þeim mönnum, sem ég nefndi, voru mér vel kunnir og andlegt atgervi þeirra var með þeim hætti, að þeir voru í fullu fjöri og fullfærir til þess að gegna dómarastörfum, er þeir hurfu úr embætti.

Ég skal ekki ræða þetta mál frekar. Frv. þetta er byggt á rökréttri hugsun. Lögfræðingafélagið og þeir héraðsdómarar, sem tóku frv. til athugunar, hafa engar athugasemdir gert við það eftir að hafa kynnt sér efni þess. Lögfræðingafélagið hefði áreiðanlega gert athugasemdir við frv., ef því hefði fundizt vera hallað á stétt sína í þessu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. með löngu máli, en aðeins þetta: Varðandi hæstaréttardómara þá, sem frá fóru við 65 ára aldur, þá vil ég lýsa því yfir, að þeir fóru allir frá með fullum launum. Nokkrar breytingar voru gerðar á skipun hæstaréttar, er ég var dómsmrh., sem leiddu þetta af sér. Hins vegar var ég samvizkusamur í allri framkvæmd minni samkv. l. um 65 ára hámarksstarfsaldur með heimildinni, að dómarar mættu gegna embætti til sjötugs. Ég misnotaði ekki ráðherravald mitt og það er ekkert tilefni til að álykta slíkt. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ef ráðh. vill, að dómari fari frá við 65—70 ára aldurinn, þá getur hann svipt hann embætti án dóms samkvæmt frv. þessu. Ef frávikning ráðh. reynist nú ástæðulaus, þá getur dómari fengið skaðabótarétt. Hér er um matsatriði að ræða, hvenær dómari er orðinn ófær að gegna dómarastarfi, og ég vildi gjarnan fá frekari skýringu á þessu frá hæstv. dómsmrh. Það væri fróðlegt að fá að heyra, hvort matið á óhæfni dómara heyrir undir og er á valdi dómsmrh. eða dómstólanna.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af spurningu hv. þm. Str., þá er því til að svara, að þessari spurningu hans hefur bæði verið svarað hér í Ed. og í Nd. Fullnaðarmatið heyrir vitanlega undir dómstólana. Að vísu getur dómsmrh. vikið manni úr embætti, en ef héraðsdómari telur frávikningarástæðuna ekki vera byggða á fullkomnum rétti, getur hann leitað réttar síns til dómstólanna. Þetta felst í frv. og er augljóst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 80. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, LJóh, PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, EE, GJ, GÍG.
nei: HermJ, PZ, StgrA, ÁS, BSt.
HV, BK, BrB greiddu ekki atkv.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 566).

---

18. Eignakönnun (skráning innstæðna o. fl.).

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun (stjfrv., A. 273).

Á 49. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 273, n. 392).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, er hæstv. forseti samþykkti sem brbl., hefur nú verið í gildi um nokkurt skeið. Samkvæmt því er ekki skylda að gefa upp vegna eignakönnunar fjárhæðir í sparisjóðsbókum, sem minni eru en 200 kr., og hefur það orðið til mikilla þæginda, því að fjöldi innstæðna fellur undir þetta, og hefur það gert eignakönnunina umfangsminni en ella hefði orðið.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og taldi sig einróma fylgjandi því, að frv. væri samþ. eins og fyrir liggur, og ég vænti þess, að svo verði, enda í raun og veru liðnir þeir tímar, er það nær til. — Hef ég svo ekki fleira um þetta að segja.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er ekki til að mótmæla frv., að ég tek til máls, heldur til þess að benda n. á það, að það er alveg nauðsynlegt að gera nú jafnframt aðrar breytingar á eignakönnunarlögunum.

Í fyrsta lagi vantar í þau öll ákvæðin um það, hvernig menn eigi að ná rétti sínum, ef þeir þykjast hafa orðið hart úti við eignauppgjör og verið rangindum beittir af nefndinni. Um þetta er ekki svo mikið sem einn stafur í lögunum. Það er heldur enginn stafur fyrir því í lögunum, að menn hafi rétt til að fylgjast með því, hvernig á þá er lagt.

Væntanlega gætu menn kannske gert skriflegar kvartanir til stjórnaraðila, en um það vantar sem sagt öll ákvæði í lögin.

Það vantar og í lögin ákvæði um það, að gerðir nefndarinnar skuli liggja frammi eins og annarra skattanefnda og að menn hafi rétt til að kæra. Og þegar nú er verið að breyta lögunum og þessi hlið laganna ekki komin í framkvæmd að neinu leyti, þá er upplagt að lagfæra þetta einmitt nú og setja inn í lögin ákvæði um það, hvernig menn eigi að ná rétti sínum, ef þeir eru órétti beittir. — Þetta vænti ég, að nefndin vilji taka til athugunar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég get borið formanni nefndarinnar þetta, sem hv. þm. sagði. En frá mínum bæjardyrum séð virðist mér leiðin hljóta að vera sú, að menn snúi sér til fjármálaráðuneytisins, sem sett er yfir nefndina og gæti tekið í taumana, ef ástæða væri til. Annars finnst mér ekki eiga við að hnýta þessum óskyldu ákvæðum aftan við þessi bráðabirgðalög, sem hér á að staðfesta, og teldi réttara, að þau kæmu fram sem sérstakt frv. En ég skal minnast á þetta við form. n. fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann tæki málið af dagskrá til næsta fundar, og er það eftir samkomulagi við hæstv. fjmrh. Ég mun þá vera búinn að afla þeirra upplýsinga, sem með þarf.

Ég býst við, að fjhn. komi með brtt. við brtt. hv. þm. N-M., en sú breyt. hefur ekki verið rædd til hlítar. — Ég vildi því óska þess, að umr. yrði frestað og málið tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 76. fundi d., 8. marz.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 273, 422, 455).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er um þetta mál að segja, að um það voru gefin út brbl., og n., sem fjallaði um það hér í d., taldi rétt að mæla með þessum brbl. eins og þau lágu fyrir og frv. samkvæmt þeim yrði samþ. óbreytt, því þetta er sjálfsagt rétt og þægilegt mál fyrir þá, sem áttu inni hlut innstæðna, 200 kr. eða minna, í sjóði eða banka, að þeir þyrftu ekki að gefa sérstaka yfirlýsingu út af því atriði. En svo er annað, sem kom fram í umr. um þetta mál. Eignakönnunarn. þótti leika vafi á því, hvort ákvæði 6. gr. reglugerðar um eignakönnun hefðu nógu sterka stoð í gildandi l., og þótti því rétt að koma fram með viðaukatill. til þess að tryggja, að á þessu gæti enginn vafi orðið. Fyrst kom fram brtt. frá hv. 1. þm. N-M., en svo varð það samkomulag við hann, að ég kæmi fram með brtt. við brtt. hans. Þó sumt í þeirri brtt. mætti betur fara, t. d. að síðasti aðili, sem skjóta má kæru til, sé fjmrh., fyrir utan dómstólana, þá sáum við ekki á þessu stigi ástæðu til að breyta til frá því, sem er í reglugerðinni nú, því ef nauðsynlegt er að breyta þessu, má gera það á næsta þingi. En þar sem komin er reglugerð um þetta efni, þá töldum við okkar hlutskipti það að setja styrkari stoðir undir þessa reglug., svo að ekki léki á tveim tungum um það, að hún væri í fullum krafti, þegar til hennar kemur. Þess vegna er það mín ósk, og ég hygg n. allrar, að brtt. hv. 1. þm. N-M. verði samþ., þegar búið er að breyta henni samkvæmt till. minni á þskj. 455.

Páll Zóphóníasson: Ég verð að viðurkenna, að þegar ég samdi mína brtt., þá var mér ekki kunnugt um þessa reglugerð, og er skammarlegt að segja frá því, því hún er samin fyrir áramót. En nú höfum við talað um þetta, ég og hv. þm. Dal., og ég get yfirleitt gengið inn á hans brtt., með henni er reglugerðinni fundin stoð í l., sem hún hefur ekki nú, en hins vegar tel ég, að nokkur atriði þessa máls mættu betur fara. Ég kann ekki vel við þá leynd, að enginn maður fái að sjá þetta annar en framtalsn., hún ákveður, hverjir eigi að borga skatt, og sendir þeim í ábyrgðarbréfi tilkynningu um, að þeir eigi að borga, þeir geta kært til hennar og skotið úrskurðinum til fjmrn., annars veit enginn, hvað hver maður á að greiða mikið. En eins og þetta mál er í pottinn búið frá fyrstu hendi, held ég að með brtt. komi eitthvað betra út úr þessu en með reglugerðinni eins og hún er, sem á enga stoð í lögum.

ATKVGR.
Brtt. 455 samþ. með 9:3 atkv.
— 422, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 459).

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 459, n. 527).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

---

19. Brunavarnir og brunamál.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um brunamál (stjfrv., A. 65).

Á 11. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. um brunamál, sem nú er lagt fram sem stjfrv., var lagt fyrir síðasta Alþ. og fór í gegnum 1. umr., en kom ekki frá n., enda var orðið áliðið þings.

Frv. felur í sér almenn ákvæði um brunamál. Núverandi löggjöf um þessi mál er orðin úrelt og slitrótt, og það hefur því verið nauðsyn að safna í eina allsherjar löggjöf ákvæðum varðandi þessi mál og fella inn í hana þau ný ákvæði, sem reynslan hefur sýnt, að þörf er á. Fyrsti kaflinn er um stjórn brunamála, er þar gert ráð fyrir, að skipaður verði sérstakur maður til þess að hafa yfirumsjón með l. Annar kaflinn er um slökkvilið. Þriðji kaflinn er um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl. Þar eru nokkur nýmæli um geymslu eldfimra efna, sem nauðsyn þótti að lögfesta. Fjórði kaflinn er um meðferð sprengiefna, fimmti kaflinn um skyldur borgaranna, ef eldsvoða ber að höndum, sjötti kaflinn um brunavarnir, sjöundi kaflinn um tilkynningu um eldsvoða og um réttarrannsókn, áttundi kaflinn um gerð húsa með tilliti til brunavarna og níundi kaflinn um sektir o. fl. Loks eru niðurlagsákvæði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja ákvæði frv. nánar. Það hefur fyrir skömmu legið fyrir og verið athugað í n. Frv. er skýrt og greinilegt og ber það með sér, sem um er að ræða. Það felur í sér samræmingu á gamalli löggjöf um þessi efni og breyt. á henni, þar sem hún er orðin úrelt. Ég vænti þess, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 402).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en get látið nægja að skírskota til nál. og þeirra brtt., sem n. hefur borið fram, sem ekki eru stórvægilegar. Ég get að vísu sagt það af hálfu n., að hún var í nokkrum vafa um nokkur atriði í frv., hve ýtarlega skyldi taka þau fram, t. d. um slökkvitæki og ýmislegt þess konar. En þegar athugað er, hve efni þessa máls er margþætt, leizt n. sem ekki væri hægt að hafa tæmandi ákvæði þar að lútandi í löggjöfinni sjálfri, heldur væru lögin fremur sem heildarrammi, sem fyllt væri nánar út í með reglugerð. Því að bæði kann þetta að breytast eftir byggingum og öðru á hverjum tíma, og þess vegna þykir okkur nm. ekki fært að setja um þetta tæmandi ákvæði í löggjöf. T. d. bar það á góma í n., að almenn fræðsla um þessi mál væri nauðsynleg, og jafnvel ætti helzt að taka hana upp í skólum, upplýsa ungmennin um það t. d., hvernig þau ættu að haga sér ef eldsvoða bæri að höndum, bjarga sér og öðrum. Skólarnir þyrftu að láta í té einhverja þekkingu í þessum efnum. Hið sama er að segja um meðferð hinna einföldustu heimilistækja, slökkviáhalda og björgunartækja, að mönnum er mjög ósýnt um að nota þetta. N. átti tal við Sigurjón, sem nú er forstöðumaður brunamálanna, og talaði einnig við brunaeftirlitsmenn, sem ferðazt hafa um landið, og höfðu þeir orðið þess greinilega áskynja á ferðum sínum um landið, að menn eru býsna fákunnandi um það, hvernig á að nota hin einföldustu slökkvitæki, sem fást í verzlunum. Auðvitað ber ekki að skilja þetta svo, að einhverjir menn á hverjum stað kunni ekki að fara með þessi tæki, en það er ekki nóg, og það er óhjákvæmilegt, að almenningur öðlist þekkingu á þessu. En allt þetta sýndist okkur eðlilegra, að kæmi í reglugerð, og væri vel til fallið, ef ríkisstj. kæmi þessu í betra horf meðal almennings úti um land. Hið sama er að segja um notkun á köðlum og björgun úr brennandi húsum. Það er skemmst að minnast brunans á Laugarvatni. Þar þurfti aðeins ein stúlka á kaðli að halda, og hann var við höndina, og stúlkan notaði kaðalinn eitthvað til að bjarga sér fyrst í stað, en sleppti tökum á honum áður en hún var komin niður og meiddist við það. Það getur að sönnu alltaf viljað til, að menn missi stjórn á sér undir slíkum og líkum kringumstæðum, en þó er ég ekki í neinum vafa um það, að í flestum tilfellum mundu menn vera öruggari og rólegri undir slíkum kringumstæðum, ef þeir hefðu þekkingu og æfingu í að nota sér björgunartækin.

Ég vil af hálfu allshn. beina því til ríkisstj. eða þess ráðh., er um þessi mál fjallar, að það væri vel til fallið að gera eitthvað í þessa átt, er ég hef lýst, til þess að upplýsa almenning og koma betra skipulagi á þessi mál. Í háum húsum þarf kaðall að vera í hverju herbergi. Það felst vafalaust í þessu frv., en þó væri réttara að taka það betur fram í reglugerð.

Ég hirði ekki að fara nánar út í þessi atriði, en kem þá að brtt. okkar.

1. brtt. er við 31. gr., en samkvæmt frv. skyldar þessi gr. alla kaupstaði og kauptún, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, til þess að hafa hæfileg slökkviáhöld og björgunartæki, en við teljum, að ekki sé rétt að binda þessa skyldu við íbúatöluna. Við hvaða tölu skuli binda þetta, má að vísu nokkuð deila um, en n. fannst ekki óeðlilegt að miða þetta við 200 íbúa. En við höfum lagt til, að bætt verði við gr., þ. e. við 31. gr., að á eftir orðunum „sem hafa 200 íbúa eða fleiri, sbr. 2. gr.“ komi: svo og öðrum stöðum, þar sem um sérstaklega verðmætar byggingar eða eignir er að ræða að dómi ráðuneytisins.

2. brtt. n. er um það, að l. þessi verði ekki látin ná til Rvíkur. Þó var n. í nokkrum vafa um réttmæti þessarar breyt., en að svo vöxnu máli vildi n. ekki setja sig á móti því að samþykkja þetta, þar sem henni höfðu borizt eindregnar óskir um það. En með því að undanskilja Reykjavíkurbæ frá l. þessum, þá gæti verið nokkur hætta á, að önnur bæjarfélög mundu bera fram sams konar óskir, en með því gætu l. þessi misst marks. Þrátt fyrir þetta vildi n. ekki setja sig á móti þessari breyt.

3. brtt. n. er breyt. á fyrirsögn frv. Leggjum við til, að fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um brunavarnir og brunamál. — Okkur fannst rétt að breyta heiti l. á þennan veg, og er óþarfi að hafa fleiri orð um það.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál nú.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir það að koma þessu máli áleiðis, og ég tel vera mikinn feng að fá þessa löggjöf, því að margir þættir fyrri löggjafar um brunavarnir og brunamál eru fyrir löngu úreltir. Ég tek það fram, að gert er ráð fyrir því í 51. gr. frv. þessa, að rn. geti sett reglugerð með nánari fyrirmælum og ákvæðum en l. þessara, ef það telur þess vera þörf. Það var rétt hjá hv. frsm., að nauðsynlegt er að setja strangar reglur um brunavarnir við skóla og á öðrum stöðum, þar sem margt fólk býr, að mönnum verði gefnar leiðbeiningar um, hvernig beri að haga sér, ef eldsvoða ber að höndum. Það gæti komið til mála að ráða sérstakan mann til þess að semja leiðbeiningar í þessum efnum til leiðbeiningar fólki. Ég gæti t. d. trúað því, að Erlendur Halldórsson í Hafnarfirði væri líklegur maður til þess að varpa fram algildum reglum, sem kæmu að gagni í skólum og í stórum húsum, þar sem margir íbúar eru. Erlendur er mjög duglegur og hugkvæmur maður, og mundi hann áreiðanlega verða að miklu liði í slíku starfi.

Um breyt. þær, sem hv. n. hefur gert á frv., vil ég segja það, að ég hef ekkert við þær að athuga, og ég sé ekki, að það sé neinn skaði fyrir frv., þó að þær verði samþ. Aðalbreyt. n. er sú að undanskilja Reykjavíkurbæ frá l. Hin brtt. n. um að breyta fyrirsögn frv. er réttmæt. Þriðju brtt. n. við 31. gr. frv., eins og segir á n. 402, tel ég vera til bóta. En varðandi aðalbrtt. n., um að undanskilja Reykjavíkurbæ ákvæðum þessara l., þá mun sú breyt. fram komin vegna þess, að bæjarráð Rvíkur hefur eindregið óskað hennar, og læt ég hana í léttu rúmi liggja. Því er og svo varið, að í l. um brunavarnir í Rvík frá 1945 er hluti, sem er samhljóða einum kafla þessa frv., og ég sé ekki annað en eðlilegt geti talizt, að þau lög gildi áfram, og frekar vegna þess, hve nýleg þau eru. Hins vegar eru heildarlög þau um brunavarnir, sem nú gilda, gömul, eða frá 1907, og eru því 40 ára. Þess vegna var full þörf á viðauka við þau l. og að ýmsar endurbætur yrðu á þeim gerðar.

Ég vildi rétt drepa á þetta vegna brtt. þeirra, sem n. hefur látið frá sér fara. Ég hef ekkert við það að athuga, þó að frv. verði samþ. með þessum breyt. Rvík býr við svo að segja ný l. í þessum efnum, en um aðra staði á landinu gildir öðru máli og lagasetning þessi mun úr því bæta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
19.—30. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 402,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
34.—39. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
40.—50. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
51.—54. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 402,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Brtt. 402,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um brunavarnir og brunamál.

Á 70. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 430).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 517).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir mikill lagabálkur, ég held 55 gr., sem er að mestu saminn upp úr eldri lögum. Ef

ég ætti að reifa þetta frv. mjög ýtarlega í framsöguræðu, tæki það satt að segja of mikinn tíma hér allra seinustu daga þingsins. Ég verð því að gera ráð fyrir, að hv. dm. sé kunnugt um innihald þessa frv. Það hefur nú gengið gegnum Nd. og tekið þar nokkrum breyt., en síðan var því vísað hér til allshn., og n. er öll sammála um að mæla með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir með áorðnum breyt. frá Nd. Ég vil því ekki tefja tímann með neinni ræðu, en lýsi yfir því aftur, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—55. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 600).

---

20. Dýrtíðarráðstafanir (viðauki við l. 128/1947).

Á 34. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um viðauka við l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir** (stjfrv., A. 260).

Á 45. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. 19. des. s. l. reiknaði kauplagsnefnd út húsaleiguvísitölu samkv. 6. gr. l. nr. 39 frá 1943 og lagði þá til grundvallar hina almennu vísitölu eins og hún var 1947, en ekki l. nr. 128 frá 1947, um dýrtíðarráðstafanir, sem samþ. voru í þann mund. Með því að dýrtíðarlögin slógu því föstu í 12. gr., að miða skyldi við verðlagsuppbót eigi hærri en 300, og í 15. gr., að ráðstafanir skuli gerðar til þess að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar, átti það einnig að ná til ákvarðana kauplagsnefndar um húsaleiguvísitöluna. En eftir að n. hafði reiknað út húsaleiguvísitöluna á áður gildandi grundvelli, var henni bent á það af félmrn. að reikna hana út eftir hinum nýju lögum um dýrtíðarráðstafanir, sem gengu í gildi um áramótin, en af einhverjum misskilningi reiknaði hún samt ekki út samkv. þeim, og þá voru gefin út brbl. og kauplagsnefnd þar með boðið að reikna út nýja húsaleiguvísitölu, er gildi frá 1. jan. til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300. Eftir að þessi brbl. voru gefin út, reiknaði nefndin út húsaleiguvísitöluna í samræmi við þau, en vegna misskilnings, sem kom fram í meðferð málsins, var nauðsynlegt að setja þessi brbl. Er þess svo að vænta, að Alþ. samþ. þau nú hér í samræmi við dýrtíðarlögin, sem það hefur áður afgr.

Að lokinni umræðu óska ég eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 443 og 448, 272, 449).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. leggur til í einu hljóði, að frvgr. verði samþ. Sá ágreiningur, sem er í n., er ekki um frvgr. þessara brbl., heldur um viðaukatill., sem bornar hafa verið fram og flm. munu greina frá síðar. Ég tel þess vegna, að ekki þurfi fyrir hönd meiri hl. n. að hafa lengri framsögu um þetta. Ríkisstj. taldi sig að vísu hafa heimild til þess að leggja 300 stiga vísitölu til grundvallar í húsaleiguvísitölunni, en kauplagsnefnd vefengdi þessa heimild, og þess vegna voru brbl. sett.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta stjfrv., sem leitar staðfestingar á brbl., sem gefin voru út um jólin í fyrra, fer fram á að staðfesta, hvað skuli lagt til grundvallar fyrir útreikningi þeirrar nýju húsaleiguvísitölu frá og með 1. jan. Fyrst á annað borð á að fara að setja l. um það, hvað leggja skuli til grundvallar húsaleiguvísitölunni, virðist sjálfsagt að sjá svo um, að húsaleiguvísitalan sé rétt reiknuð út. Og fyrst þarna er farið að gefa út brbl. og frv. um það í þinginu, hvernig húsaleiguvísitalan skuli reiknuð, fannst mér rétt að koma með till. um það, að það skuli tryggt, að rétt húsaleiguvísitala væri lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölunnar. Þó fer ég ekki fram á, að taka eigi tillit til allrar hinnar raunverulegu húsaleigu eins og hún er í Rvík, heldur stendur: „Kauplagsnefnd skal láta reikna út meðalhúsaleigu í Reykjavík, og skal hún lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölu samkvæmt lögum nr. 51 12. febr. 1940.“ Með þessu er ekki farið fram á, að reynt sé að vita um svartamarkaðshúsaleigu, ekki verið að krefjast þess, að gerð verði gangskör að því, — sem hefði þó þurft að gera, — hvernig hús og íbúðir eru leigðar út í Rvík með margföldu verði, heldur er hér um að ræða löglega, opinbera húsaleigu, sem byggist á löglegu mati stjórnskipaðrar n., og þess vegna eingöngu farið þarna fram á, að ekki sé eingöngu haldið sig við, hvað húsaleiguvísitöluna snertir, þann grundvöll, sem var fyrir húsaleiguvísitölunni fyrir stríð, heldur líka húsaleiguna í þeim húsum, sem síðan hafa verið byggð og húsaleigan hefur verið metin í. Það er þess vegna ekki verið að fara fram á sérstaklega nýtt, heldur að tekið sé tillit til þess ástands, sem viðurkennt er af löggjafarvaldinu hvað snertir húsaleigu í Rvík.

Því hefur verið haldið fram, sérstaklega af Vinnuveitendafélaginu, að raunverulega væri öll húsaleiga, sem metin hefði verið í nýju húsunum, ólögleg, og það er atriði, sem er einkennilegt, að skuli vera borið fram, því að þá væri Reykjavíkurbær búinn að fremja mörg lögbrot með leigu á sínum húsum. — Hingað til hafa oft komið kröfur um það, að ekki væri viðunandi, að húsaleiguvísitalan væri ekki rétt reiknuð. Ég lagði fram rökstutt álit um það. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessa, og rökin á móti því eru þau, að ef farið væri að reikna vísitölu samkv. áliti n., þá hefði það í för með sér kauphækkun. Þessi rökstuðningur hefur orðið til þess, að málið hlaut ekki stuðning Alþ.

Nú verða menn að gera sér ljóst, að með lögum þeim, sem sett voru um áramótin um það, að reikna skyldi með 300 stiga vísitölu, breytist viðhorfið. Með festingu kaupgjaldsvísitölunnar við 300 stig fellur niður veigamesta mótbáran gegn þessari leiðréttingu, sem sé það, að sú hækkun framfærsluvísitölunnar, sem af þessu mundi leiða, gæfi kaupþegum, er búa við gamla húsaleigu, of mikla kaupuppbót, en eftir sem áður þeim, er í nýju húsunum búa, of litla. Þá er engin mótbára eftir nema sú, hvort menn vilja, að vísitalan gefi rétta hugmynd um ástandið eins og það er eða ekki. Með því að till. mín væri samþ. og framkvæmd, fengi almenningur að vita, hvernig háttað er með húsaleigugreiðslur og dýrtíð í landinu. Þess vegna er ekki hægt að mótmæla till. minni með neinum rökum, öðrum en þeim, að almenningur megi ekki vita, hvernig dýrtíðinni er háttað og hversu mikil hún raunverulega er.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. deild sjái sér fært að samþ. till. mína, því að með henni er tekið tillit til allra, sem hlut eiga að máli.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 11. landsk. brtt. við frv. til l. um viðauka við l. nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir. Þessi till. fjallar um vísitöluuppbótargreiðslur á laun verkamanna, og á mál þetta sér nokkra sögu. Till. er tilraun til að ná rétti okkar verkamanna, en samkv. samningi við atvinnurekendur er kaup greitt með vísitöluuppbót fyrir mánuðinn eftir að unnið hefur verið fyrir því. Verkamenn voru því búnir að borga vörur í 1—1½ mánuð með hækkuðu verði samkv. vísitölu áður en vísitöluhækkunin kom fram á kaupi þeirra. Þannig var þessi samningur við atvinnurekendur. Vísitalan, sem í desember átti að greiða kaup eftir, var 328 stig, en samkvæmt dýrtíðarl., sem sett voru um áramót, átti að greiða kaup samkv. vísitölunni 300 stig. Þegar því kaup fyrir desember var greitt eftir áramót samkv. þeim samningi að greiða kaupið eftir á, þá var það greitt samkv. l. um 300 stiga vísitölu, en hefði auðvitað átt að greiðast eftir 328 stiga vísitölu, en það er það, sem við viljum fá lagfært með till. okkar, — sem sagt að kaup fyrir desember verði greitt eftir gömlu vísitölunni, 328 stiga.

Mál þetta hefur komið fyrir félagsdóm, en hann hefur úrskurðað, að við hefðum ekki rétt til kaupgreiðslu í janúar samkv. vísitölu í desember. Kauplagsn. hefur ekki heldur viljað taka þetta til greina í sínum útreikningi. Nú er litið þannig á og framkvæmt þannig, að starfsmenn ríkisins fengju greidd laun sín fyrir vinnu í des. samkv. desember-vísitölu, og þess vegna þykir okkur verkamönnum eðlilegt, að eins verði okkur greitt fyrir vinnu á sama tíma, og ríkisstj. hlýtur að líta þannig á alla þjónustu innta af hendi í desembermánuði.

Sérstaklega er eðlilegt, að þessi brtt. okkar verði samþ., þegar þess er gætt, að þeir verkamenn, sem unnu fyrir tímakaupi í des., fengu greitt kaup samkv. vísitölu í þeim mánuði. Það virðist undarlegt, ef hér eiga að gilda tvenns konar reglur, þannig að vinnuveitendur, sem greiða verkamönnum mánaðarkaup, eigi viðkomandi desemberkaupgreiðslu, að hafa meiri friðindi en það opinbera og meiri friðindi en þeir, sem greiða verkamönnum tímakaup. Einmitt til þess að leiðrétta þetta misræmi höfum við hv. 11. landsk. flutt þessa brtt., og við væntum þess fastlega, að hún verði samþykkt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. fjhn. er yfirleitt öll með því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. og gert að l. Hins vegar hefur minni hl. fjhn., hv. 2. þm. Reykv., flutt brtt. við frv., og hefur hann lýst henni. Hv. 2. þm. Reykv. álítur, að húsaleigan í Rvík eigi að verka á hina almennu vísitölu samkv. nýjum útreikningi. Með því er farið fram á að raska þeim grundvelli, sem hin almenna vísitala er byggð á. E. t. v. mætti ýmislegt segja um þann grundvöll, en ég sé þó ekki ástæðu til að taka þetta eina atriði út úr og raska með því öllum grundvellinum, sem hingað til hefur verið byggt á. Það er vitað mál, að þó nokkuð af húsnæði í Rvík mörg undanfarin ár, eða frá 1940 til þessa dags, hefur verið leigt nokkru dýrara en í hlutfalli við hina almennu vísitölu. Það hefði kannske verið ástæða til þess að taka þetta mál upp fyrr, þar sem um það er að ræða, að greitt hefur verið kaup með vísitöluútreikningi hverju sinni, og ég tel ekki ástæðu til að taka þennan þátt — sem um er að ræða í till. hv. 2. þm. Reykv. — vísitöluútreikningsins út úr hér á Alþingi nú að þessu sinni. Hv. 2. þm. Reykv. hafði betri aðstöðu til þess að koma þessu máli fram meðan hann studdi ríkisstj., en þá hreyfði hann engum till. í þessa átt. Mér virðist því, að hér sé um að ræða aðeins stundaráhuga hjá honum.

Það má vera, að ef búreikningarnir gömlu, sem vísitalan var byggð á, væru endurskoðaðir, þá kæmi fram, að þeir þyrftu endurbóta við, en eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki ástæðu til þess, að Alþ. taki þennan eina þátt út úr.

Ef till. hv. 2. þm. Reykv. yrði samþ., þá er það vitað mál, að hin almenna vísitala mundi hækka um 19 stig. Ég minnist þess, og það stendur hér í grg. hv. 2. þm. Reykv., að ef sama leiðrétting hefði verið gerð árið 1945, þá hefði vísitalan samkv. útreikningi hækkað um 15 stig. Kjarni málsins er, að það hefur enga praktiska þýðingu að taka þennan eina lið út úr vísitöluútreikningi og breyta með því öllum grundvelli hans. Ætla má, að nýjum íbúðum í Rvík hafi fjölgað um ca. 3000 síðan hinn almenni grund-

völlur fyrir vísitölu var lögfestur. Ég verð fyrir mitt leyti að mæla á móti brtt. hv. 2. þm. Reykv., því að ég tel hana gersamlega þýðingarlausa.

Þá hafa þeir hv. 11. landsk. og 8. þm. Reykv. flutt hér brtt. á þskj. 272 og gert grein fyrir henni. Um það atriði, sem hún fjallar um, er það að segja, að uppbótin á laun launþega fór nokkuð á misvíxl um áramótin eftir því, hvernig útborgunum var háttað. Eins og hv. þm. vita, átti að greiða opinberum starfsmönnum þannig, að þeir fái laun greidd fyrirfram í byrjun hvers mánaðar, og hefur verið haldið þeirri reglu að greiða dýrtíðaruppbót á grunnlaun, þegar búið er að reikna út almenna vísitölu. Þeir, sem fengu laun sín greidd í des., fengu þau greidd samkv. vísitölu 328 stig. Þeir, sem tóku þau jafnóðum, fengu þau reiknuð samkv. vísitölu 326 stig. Hér munar þá tveimur stigum, en hjá því var ekki hægt að komast. Ég tel ákaflega örðugt að taka til greina þennan 2 stiga mismun, eftir allan þennan tíma, og illframkvæmanlegt það, sem farið er fram á með till. þeirra hv. 11. landsk. og 8. þm. Reykv. Enginn vafi er á því, að dýrtíðarl. eru rétt skilin á þann hátt, sem þau hljóða og hafa verið framkvæmd, og í meðferð málsins á Alþ. hefur ekki sérstaklega verið farið út í þetta atriði, hvorki af andstæðingum stj. né þeim flokkum á Alþ., sem fylgja stj. að málum. Eins og mönnum er kunnugt um, þá er samkv. l., sem sett voru um áramótin síðustu, óheimilt að reikna eftir annarri vísitölu en 300 stiga.

Ég vildi því mega vænta þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Hér hafa nú komið fram tvær brtt., og hefur verið talað fyrir þeim. Mér þykir því réttur tími til að skýra frá því, að meiri hl. fjhn. leggur á móti þeim.

Ég hef aðeins litlu að bæta við það, sem hæstv. forsrh. sagði. Hvað viðvíkur till. hv. 11. landsk. og 8. þm. Reykv., þá hefur félagsdómur úrskurðað, að verkamönnum skyldi ekki greidd þessi vísitöluuppbót fyrir desember, og samkv. þeim úrskurði félagsdóms, sem byggður er á gildandi l., vill n. ekki mæla með till.

Hvað snertir till. minni hl. fjhn., þá er meiri hluti n. henni mótfallinn. Ég hef ekki lesið grg. hv. 2. þm. Reykv. nákvæmlega, en meiri hlutinn telur, að aldrei hafi verið minni ástæða til að breyta þessu en einmitt nú. Öllum er það kunnugt, að verðlagsvísitalan a. m. k. hefur verið vafasöm síðan árið 1942, ef ekki fyrir alla, þá a. m. k. fyrir marga. Það hefur því aðeins fræðilega þýðingu að fara nú að reikna út þessa vísitölu, og það er vel hægt að gera sér hana ljósa. En að ríkisvaldið fari nú að fyrirskipa útreikning meðalvísitölu, tel ég óþarft. Það kæmi aðeins örfáum að gagni. Sá húsaleiguútreikningur, sem gerður yrði hér í Rvík, gæti aldrei orðið í samræmi við húsaleigu annars staðar á landinu, og því gæti ekki verið rétt að reikna eftir þeirri húsaleiguvísitölu, sem hv. 2. þm. Reykv. vill láta finna. Meiri hluti fjhn. er því á móti því að láta reikna þetta út, því það gildir fáa eða enga hvort það er gert.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Forsrh. var að tala um till. mína um leiðréttingu rangrar vísitölu og taldi, að ég hafi fyrr haft betri aðstöðu til að leiðrétta slíkt, en vanrækt það. Þótt við sósíalistar höfum átt setu í ríkisstj., hefur ekki verið hægt um vik að fá samþ. á Alþ. kjarabætur handa launþegum í landinu. Við sósíalistar höfum stutt verkalýðinn í viðleitni hans til að bæta kjör sín, en ef hæstv. forsrh. vill halda því fram, að ég og minn flokkur höfum ekki reynt að bæta aðstöðu verkalýðsins í landinu, fer hann með rangt mál. Undanfarin 6 ár hefur verið unnið að því af verkalýðnum og Sósfl., að verkalýðurinn fengi hækkað kaup sitt. En ég er hræddur um, að hæstv. forsrh. hafi látið þetta tækifæri ganga sér úr greipum. Verkalýðurinn hefur á undanförnum 5—6 árum knúið fram grunnkaupshækkun, en hæstv. forsrh. og hans flokkur hefur alltaf, og síðast í sumar, barizt gegn þessu eftir megni. Vitanlega hafa þessar grunnkaupshækkanir bætt kjör verkalýðsins og leiðrétt rangláta vísitölu. Þessar kröfur hafa meðal annars verið studdar með því, hve mikið húsaleiga hefur hækkað. Ef hæstv. forsrh. álasar mér fyrir að hafa ekki lagt mig allan fram, þá vil ég því til svara, að það hefur ekki verið aðstaða til þess á Alþ. að leiðrétta vísitöluna, en verkalýðurinn hefur knúið fram leiðréttingu með samtökum sínum. Það var sanngjarnt að bæta hlut starfsmanna ríkis og bæja eins og gert var með launalögunum. Við sósíalistar höfum reynt að vinna gegn ranglátri vísitölu. Og ef hæstv. forsrh. heldur, að framsókn verkalýðsins hafi verið stöðvuð með launalögunum, þá er það misskilningur. En hvað snertir vísitöluna, þá er sú röksemd, sem fram kom í brtt. hv. þm. V-Ísf., að vísitalan hefði aðeins fræðilega þýðingu, brott fallin. Vísitalan hefur praktiska þýðingu, þar eð hún hefur í för með sér kauphækkun. Og ef þetta hefði komið fyrir vísitölulækkunina, hefði það hækkað vísitöluna um 15—18 stig. Nú berst hv. þm. gegn hækkun og talar um, að sér þyki leitt, að vísitalan skuli ekki hækka kaupið, en þar sem hún sé aðeins fræðileg, sé það ómögulegt. En úr því að vísitalan hefur aðeins fræðilega þýðingu, þá ætti að vera óhætt að láta reikna hana út. Verðlagsvísitala á fyrst og fremst að vera fræðileg og vísindaleg mynd af ástandinu í þessum málum í landinu. Sú mynd á að vera rétt, og eru það næg rök til að samþ. þetta frv. og sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að leiðrétta vísitöluna. Ég vonast til, að hinn sami meiri hl., sem hefur gert vísitöluna að rangri vísitölu, vilji heldur byggja á því, sem sannara reynist, og gangist því inn á þetta. Ég vil vonast til, að þeir styðji að því að fá réttan, fræðilegan grundvöll fyrir vísitölunni og að menn geti fengið réttar heimildir frá hagstofunni. En það er fleira, sem þarf að leiðrétta. Húsaleiguvísitalan var tekin sérstaklega til umræðu, þegar séð var, hve ranglát hún var. Ríkisstj. lét taka hana sérstaklega út úr um áramótin og reikna hana sérstaklega út. Það er misskilningur hjá hv. þm. V-Ísf., þótt 7 eða á 8. þúsund gamlar íbúðir væru af 11 þúsund í Rvík 1940, að 70% eigenda eða leigjenda sitji í gamalli leigu. Ég hygg, að í ekki helmingi íbúða

sitji menn með gamla leigu. Í skýrslu, sem húsaleigunefnd hefur látið gera og ríkisstj. mun hafa, en ekki þm., mun þetta vera upplýst, hve margir sitji í gamalli leigu, og munu það vera miklu færr en 70%, og ég efast um einu sinni 50%. En um þetta verður að láta í té nákvæmar og áreiðanlegar heimildir.

Hv. 8. þm. Reykv. og hv. 11. landsk. flytja till., sem tryggir verkamönnum rétta kaupgreiðslu í desembermánuði. Hv. 8. þm. Reykv. hefur fært rök fyrir þessu og hæstv. forsrh. ekki mótmælt þeim, enda ekki hægt. Um helmingur þm. munu vera launaðir embættismenn ríkisins og hafa hlotið desemberlaun með hærri vísitölu en verkamenn. Það er því ekki hægt fyrir þá að skammta verkamönnum minna en sjálfum sér og ríkið starfsmönnum sínum. Hæstv. forsrh. taldi svo langt um liðið, að ekki tæki því að fara að leiðrétta þetta. Þetta kalla ég slæman móral, að láta óréttinn viðgangast af því, að svo langt er um liðið síðan hann var framinn. Hvernig færi þá með dóma, ef óréttur eða glæpur fyrntist 2 mánuðum eftir að hann væri framinn? Þetta getur ekki svo gengið og verður að lagfærast, og Alþingi og þm. ættu að sjá sóma sinn í því að leiðrétta þetta sem fyrst og láta verkamenn ná rétti sínum á borð við aðra launþega í landinu. Því var marglofað hér á þinginu 1942, að þegar vísitalan lækkaði, skyldu verkamenn fá uppbót. Vil ég því eindregið mæla með þessari till. Það er rétt hjá forsrh., að ég kom ekki fram með brtt. um þetta, þegar dýrtíðarlögin voru rædd. Stj. hafði nægan tíma til að útbúa þau, en stjórnarandstaðan hafði nauman tíma, varla til að lesa þau. Er því engin furða, þótt okkur yfirsæist í einhverju. En nú, eftir að verkalýður landsins hefur bent á þetta, ættu þm. að sjá sóma sinn í því að leiðrétta það, sem miður fer.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að ég hefði verið með ásakanir í garð hans og flokks hans í ræðu minni hvað viðkæmi bættum kjörum launþega í landinu. Ég mun ekki fara út í að bera saman flokka okkar hv. 2. þm. Reykv., en þegar um er að ræða bætt kjör alþýðunnar í landinu, gæti ég það óhikað. Það er óhætt að fullyrða, eins og hv. þm. V-Ísf. tók fram, að það er ekki til neins góðs fyrir launþega og gefur ranga hugmynd um dýrtíðina, ef nú 1948 á að fara að breyta grundvelli vísitölunnar, ef nú ætti að fara að bera verðvísitöluna saman við vísitöluna eins og hún var í ársbyrjun 1947, eða 312 stig. Ef þessi samanburður verður gerður, sem hv. 2. þm. Reykv. leggur til, kemur út rangur samanburður miðað við ársbyrjun 1947 og 1948. Þessi samanburður verður engum til gagns né gleði og ekki til annars skapaður en að þyrla upp moldryki og frá þjóðfélagslegu sjónarmiði ekki til annars en að skapa misskilning, sem óhlutvandir stjórnmálamenn gætu síðan notað sér til framdráttar

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að þeim rangindum, sem höfð hafa verið í frammi við verkamenn, og víkja um leið að nokkru að ræðu hæstv. forsrh. — Margir launþegar höfðu réttilega búizt við að fá þessa uppbót fyrir desembermánuð og treyst á það. Það er rangt hjá hæstv. forsrh., að þetta hafi aðeins numið 2 stigum. Það er að segja frá 326 stigum til 328. En þetta er rangt, þar eð venja er að greiða vísitölu fyrir nóvember í desember og desembervísitölu í janúar. Af þessu leiðir, að mismunurinn er ekki 2 stig, heldur 26, og er það ekki svo lítill munur. Nú er þess að gæta, að starfsmenn hins opinbera hafa fengið þetta greitt að fullu, en verkamenn fá ekki þessa uppbót nema 11 mánuði ársins. Þungamiðjan í málinu er sú, að löggjafinn hefur litið svo á, að greiða bæri þessa uppbót, þar eð hann hefur greitt sínum mönnum hana, en aðrir atvinnurekendur greiða aðeins fyrir 11 mánuði ársins Þetta þarf að leiðrétta, og treysti ég því, að hv. þm. vilji leiðrétta og bæta fyrir þau rangindi, sem hér hafa verið höfð í frammi við hina vinnandi stétt í landinu, og láti það ekki viðgangast, að þeir atvinnurekendur í landinu, sem hafa menn í þjónustu sinni, þurfi minna að greiða þeim en hið opinbera greiðir þeim mönnum, sem hjá því vinna.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég játa, að ég hef misskilið till. hv. 8. þm. Reykv. Ég hélt, að hann ætti við það, að laun greidd í desember ættu að miðast við vísitölu 328 stig, en ekki 326, þar eð margir starfsmenn fengu laun greidd miðað við vísitölu 328, en verkamenn fengu greitt samkv. 326. Það er rangt, að opinberir starfsmenn hafi fengið greidd laun í janúar með 328 stiga vísitölu, heldur fengu þeir laun greidd eftir vísitölu 300 stig. Ég hélt að þessi till. væri sú sama og lögð var fyrir félagsdóm, að verkamenn hefðu fengið laun greidd í desember miðað við vísitölu 326 stig í stað 328 stiga. Það er ekki rétt hjá hv. 8. þm. Reykv., að opinberir starfsmenn og launþegar hafi fengið greidd laun í janúar samkv. vísitölu 328, það fékk enginn laun greidd með hærri vísitölu en 300 stigum. Deilan stendur um það, hvort ákveðinn hópur opinberra starfsmanna og verkamanna hafi í desember fengið hærri laun, sem munaði 2 stigum. Till. er því enn þá fráleitari en ég hugði í fyrstu.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Eins og ég hef áður tekið fram, er það þungamiðja þessa máls, að raunveruleg verðlagsvísitala var ekki borguð nema 11 mánuði ársins. Og opinberir starfsmenn fengu laun greidd með verðlagsvísitöluuppbót fyrir nóvember borgaða fyrst í desember með 328 stigum. Þannig fengu þeir desembervísitöluna borgaða tvisvar á þessum mánuði. **(Forsrh.:** Það er misskilningur.) Nei, það er ljóst, og það, sem skiptir hér mestu máli, er, að það eru laun fyrir þjónustu opinberra starfsmanna í desember, en ekki í janúar, sem þarna er um að ræða. Og okkur þykir það hart, að öllum launþegum, hvort sem þeir eru starfsmenn hins opinbera eða ekki, sé ekki gert jafnt undir höfði.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir brtt., sem við

flytjum á þskj. 272. Ég var ekki viðstaddur umr. um málið, en hef aðeins heyrt nokkuð af því, sem hæstv. forsrh. hefur sagt um málið. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að ef þessi brtt. yrði samþ., mundi hún gefa ranga hugmynd um dýrtíðina í landinu, og væri hún frá því sjónarmiði ekki sanngjörn. Ég viðurkenni fúslega, að mér er ekki vel ljóst, við hvað hæstv. forsrh. á með þessum ummælum sínum.

Hæstv. forsrh. taldi, að engri sanngirni væri fullnægt, þó að þessi till. yrði samþ. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í samþykkt, sem gilt hefur hér meðal verkamanna og atvinnurekenda í þessu landi, þá hafa verið ákveðin ákvæði, sem hafa verið á þann veg, að verkamenn skyldu fá laun greidd með vísitölu hvers mánaðar einum mánuði seinna en vísitalan var birt. Það er því rétt, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, að það hefur ekki komið fram raunveruleg verðlagsvísitala nema fyrir 11 mánuði á laun verkamanna s. l. ár og janúarmánuð þessa árs. Það hlýtur því að vera sanngjarnt, að verkamenn fái réttláta uppbót á kaup, sem þeir fengu fyrir janúarmánuð.

Hæstv. forsrh. minntist á það í niðurlagi ræðu sinnar, að sú málssókn, sem hafin væri fyrir félagsdómi út af því, hvort ætti að greiða verkamönnum 328 eða 326 stig fyrir janúarmánuð, væri einungis deila um 2 stig. Síðan hefur hæstv. ráðh. upplýst, að hann hafi misskilið þetta atriði og það hefðu verið 28 stig, sem um hefði verið deilt. Það er rétt. En um félagsdóm ætla ég ekki að ræða hér, en sá dómur var ekki sanngjarn að dómi launþeganna. Og ég hygg, að það væri mjög vel til fallið, að Alþ. leiðrétti þá rangsleitni, sem mér skilst, að launþegar hafi orðið fyrir vegna þessarar gr., sem við förum hér fram á breytingu á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 449 felld með 24:6 atkv.
Brtt. 272 felld með 25:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, BG.
4 þm. (ÁkJ, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, og verður nú gengið til atkv.

Páll Zóphóníasson: Ég vil geta þess í eitt skipti fyrir öll, að ég greiði ekki atkv. um stjórnarfrv., sem stj. lítilsvirðir svo, bæði frv. og d., að hún er ekki viðstödd við afgreiðslu þess.

Forseti (BSt): Án þess að ég vilji nokkuð blanda mér í ádeilur á ríkisstj., þá má þó geta þess, að frv. fylgir grg., og geta hv. þm. nokkuð áttað sig á henni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 537, 541).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í l. um dýrtíðarráðstafanir var svo ákveðið, að ekki mætti miða við hærri verðlagsuppbót en 300 stig, og samtímis voru gerðar ráðstafanir til þess að færa niður verðlagið. Þegar þessi l. voru sett, var litið svo á, að þegar kauplagsnefnd reiknaði út húsaleiguvísitöluna, yrði hún reiknuð út á grundvelli almennrar vísitölu, 300. Ákvæði l. virtust líka ótvíræð í þessum efnum. En kauplagsnefnd vildi ekki skilja þetta þannig, og þegar hún reiknaði út húsaleiguvísitöluna 19. des. s. l., lagði hún til grundvallar vísitöluna eins og hún var 1. des. 1947. Forsrh. skrifaði þá nefndinni bréf og fól henni að reikna út nýja húsaleiguvísitölu, þar sem hin almenna vísitala 300 stig væri lögð til grundvallar samkvæmt l., til þess að taka af allan efa í þessum efnum. Fjhn. hefur fengið frv. til umsagnar, og mælir öll n. með því, að það verði samþ., nema hv. 4. landsk., sem áskilur sér rétt til að bera fram brtt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. frsm. sagði, að n. væri sammála um það að mæla með frv., en ég hefði áskilið mér rétt til að bera fram brtt. Ég lagði til, að kauplagsnefnd reiknaði út meðalhúsaleigu í Rvík og að hún yrði lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölu samkv. l. frá 1940. Húsaleigan hefur ekki haft mikil áhrif á vísitöluna. Þeir, sem haft hafa með þessi mál að gera, segja, að vísitalan muni hækka um 19 stig, ef tillit sé tekið til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á húsaleigunni á undanförnum árum. Þessi hækkun hefði áður m. a. haft í för með sér hækkun á kaupgjaldi í landinu, en nú er viðhorfið breytt, þar sem það hefur verið ákveðið með l., að vísitalan sé 300. Þetta hefur því ekki í för með sér neina hækkun eða breytingar á kaupgjaldi, heldur er aðeins

um það að ræða, að hagskýrslurnar séu réttar. Ég ræddi um þetta í n., en það varð ekki samkomulag um það, þótt ég yrði ekki var við það, að nokkur rök kæmu fram gegn þessu. D. ætti að geta fallizt á þessa till. mína, því að það er erfitt að skilja það, að nokkur maður geti verið á móti því, að vísitalan sé rétt reiknuð út.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Það er rétt, að hv. 4. landsk. hreyfði þessu í n., en enginn vildi taka undir það. Eins og hann hefur skýrt frá, gekk brtt. hans út á það, að meðalhúsaleigan í Rvík skyldi lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölunnar samkv. l. frá 1940. Áður hefur húsaleigan í gömlum húsum verið lögð til grundvallar. Ef farið yrði inn á þá leið, sem hann vill, mundi það valda ruglingi og glundroða. Ef þessi grundvöllur yrði tekinn upp nú, mundi sú vísitala, sem út úr því kæmi, ekki vera sambærileg við þá vísitölu, sem reiknuð er út frá núverandi grundvelli, því að nú er allt bundið við vísitöluna 300. — Það hefði verið annað mál, ef hv. 4. landsk. hefði borið þetta mál fram áður en vísitalan var fastsett með l., þá hefðu kaupgreiðslur hækkað. En það er einkennilegt, að hann skuli hafa svona mikinn áhuga á þessu máli nú. Hann hefði átt að leiðrétta þetta, þegar hann var í stj.

Eins og ég hef áður sagt, vill n. ekki fallast á þetta, þar sem hún álítur, að það hafi aðeins glundroða í för með sér.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. gat þess í sambandi við þá brtt., sem hann ber fram á þskj. 541, að hann bæri hana fram til þess að fá réttari hagskýrslur. Það er þó svo, þvert á móti því sem hv. 4. landsk. hélt fram, að þetta getur haft í för með sér rangar hagskýrslur, samanborið við það, sem liðið er. Vísitalan mundi hækka um 19 stig, og þó að þetta hafi ekki áhrif á kaupgjald í landinu nú, mundi það geta valdið misskilningi og pólitískir spekúlantar notað sér það í áróðursskyni með röngum samanburði.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er hissa á þeirri taugaveiklun, sem kemur fram hjá hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál. Hann sagði ekki neitt, sem hv. frsm. hafði ekki sagt áður. Það er einkennilegt, ef réttar hagskýrslur valda glundroða og ruglingi vegna þess, að þær séu ekki sambærilegar við fyrri hagskýrslur. Það er vægast sagt furðuleg kenning. Það vita það allir, að gefnar eru út rangar skýrslur í þessum efnum, en það má ekki leiðrétta þær! Hæstv. forsrh. veit, að þetta er stærsta skekkjan í útreikningi vísitölunnar, þó að skekkjurnar séu fleiri, og því fer ég fram á, að þetta sé leiðrétt. Ef þessi skekkja væri leiðrétt, gæfi vísitalan réttari mynd af ástandinu eins og það er.

Hv. 7. landsk. spurði, af hverju ég hefði ekki flutt þessa till. áður. Hann veit, að það hefði verið tilgangslaust. Nú er þetta borið fram til þess að fá rétta mynd af verðlaginu, og hver getur verið á móti því, að gefnar séu út réttar hagskýrslur?

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hv. 4. landsk. var eitthvað að tala um taugaveiklun. Honum væri bezt að líta sér nær, í stað þess að beina slíkum ásökunum til annarra. Enginn trúir því, að þessi till. sé fram borin vegna áhuga þessa hv. þm. á réttum hagskýrslum. Honum hefur áreiðanlega verið pólitískur áróður meira í huga en réttar hagskýrslur, þegar hann bar till. fram. Réttar hagskýrslur eru honum ekki aðalatriðið, heldur það að slá ryki í augu manna. En umhyggjan fyrir hagskýrslunum held ég, að ekki sé svo ýkjamikil hjá þessum hv. þm. Ég held, að pólitískur ávinningur sé alltaf ofar í huga hans en áhugi fyrir nákvæmum hagskýrslum.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins stutt aths. Þetta voru nú ekki annað en dylgjur og getsakir í minn garð, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. nú, — og því óþarfi að svara því — um það, að ég bæri till. mína í þessu máli fram í pólitískum tilgangi og til þess að slá ryki í augu manna. Hæstv. forsrh. var hér nú með dylgjur um það, að óvandaður stjórnmálamaður — þ. e. a. s. ég — ætlaði sér, með því að fá samþ. þessa till., að fá tækifæri til að slá ryki í augu manna. Ég vona, að enginn hv. þm. greiði atkv. eftir slíkum getsökum. Því að ég get engan veginn skilið, hvernig réttar hagskýrslur eiga að geta orðið til þess að gefa óvönduðum mönnum tækifæri til þess að slá ryki í augu manna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 541 felld með 11:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 601).

---

21. Sementsverksmiðja.

Á 11. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sementsverksmiðju (stjfrv., A. 73).

Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það eru nú liðin um tólf ár síðan undirbúningi

að byggingu sementsverksmiðju var fyrst hreyft hér á hæstv. Alþ. Það var þá gert í tilefni af rannsóknum, sem sýndu, að á vissum stöðum á Vesturlandi var skeljasandur mjög blandinn kalki, allt upp í 80 til 90% og talinn því inni að halda meginefni þess, sem notað er almennt til sementsgerðar. Árið 1935 var samþ. þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj. að láta fara fram athugun á möguleikum um framleiðslu sements hér á landi. Árin 1936 og 1937 fór svo fram athugun á kalksandi víðs vegar um landið og ýmsum atriðum, sem nauðsynleg voru í sambandi við sementsgerð, og kom þá fram áframhaldandi sönnun þess, að sérstaklega sums staðar á Vestfjörðum er feikna mikið af gömlum skeljasandi, sem er svo kalkauðugur, að hann er fyrsta flokks hráefni til sementsgerðar. En það kom í ljós einnig, að önnur efni, sérstaklega kísilsýra eða kísill, voru af mjög skornum skammti á þeim svæðum, sem rannsóknir fóru fram á. Þó var talið, að unnt væri að fá nóg hráefni innanlands, sem þyrfti til sementsgerðar. En eftir því sem málið horfði þá við, var álitið, að það hefði mikinn kostnað í för með sér. Till. danska verkfræðingsins, sem hafði þessar rannsóknir með höndum, gerði ráð fyrir, að sandurinn yrði fluttur af Vesturlandi hingað í námunda við Rvík, þar sem sementsverksmiðja yrði sett upp. En til þess að afla nægilega mikils kísils til verksmiðjunnar, taldi hann nauðsynlegt að taka hverahrúður af Reykjanesi og frá Geysi og víðar að, til þess að fá nóga kísilsýru til sementsgerðar. Taldi hann eftir rannsóknir sínar, að það miklar kísilbirgðir væri þar að finna í hverahrúðrinu, að það gæti enzt til sementsgerðar fyrir landið um nokkurt árabil. En allur þessi kostnaður, sem hann gerði ráð fyrir í sambandi við sementsverksmiðjuna, var mikill og erfiður í vöfum, og með samanburði við sementsþörf landsins, sem var fremur lítil þá, sýndi sig, að fremur mundi vera örðugt að framleiða hér sement, sem væri í sölu samkeppnisfært við það sement, sem við áttum og eigum kost á að kaupa frá útlöndum, þannig að þessi hugmynd féll niður í bili. Síðan komu stríðsárin, og féllu umr. um þetta mál þá að mestu niður. Svo var það tekið upp aftur. Mér skilst, að nýbyggingarráð hafi tekið það upp 1945, og var það gert í sambandi við ungan mann, sem hafði kynnt sér sementsgerð, Harald Ásgeirsson verkfræðing, sem hafði farið til Ameríku og fengið styrk til þess að kynna sér sementsvinnslu og sementsgerð. Eftir að hann kom til landsins, setti nýbyggingarráð sig í samband við hann og hófst handa um, að nýjar rannsóknir yrðu byrjaðar á þessu sviði. Skrifaði svo nýbyggingarráð atvmrh., sem hafði einnig umsjón með Atvinnudeild háskólans, og skipaði þáv. atvmrh. (ÁkJ) Harald þennan til þess að hafa þessar rannsóknir með höndum og fól Atvinnudeildinni að taka málið að sér með því að taka Harald sem starfsmann til þessara hluta. Árið 1945, og þó sérstaklega árið 1946, unnu þeir að þessu, Haraldur Ásgeirsson og Tómas Tryggvason jarðfræðingur, og gerðu athuganir, sérstaklega vestra, á hráefni, sandi og öðru slíku, sem nauðsynlegt er til sementsgerðar. Og niðurstaða þeirra er sú, að unnt sé að fá hér innanlands, og það meira að segja á sama staðnum — og benda þeir í því efni sérstaklega á Önundarfjörð — svo að segja öll hráefni, sem nauðsynleg eru til þess að hafa hina beztu sementsgerð hér á landi. Þeir telja, að í sandinum í Önundarfirði, sem að vísu sé ekki eins kalkauðugur og annar kalksandur í nágrenninu, þar sé að finna kísilefni og önnur efni, sem nauðsynleg eru til sementsgerðar, og telja aðeins tekniskan hlut, sem sé þó ekki vandalaust verk, að blanda efnin og hreinsa þau þannig, að falli vel til hráefnis, sem sement almennt er unnið úr, og að það þyrfti þá ekki að sækja annað efni að til þessa staðar en gips af efnum til sementsgerðarinnar. Hef ég látið prenta álit þessara manna, sem ég nefndi, sem hafa verið látnir annast rannsóknir þessar, með í grg. með þessu frv., til þess að hv. þingmenn geti kynnt sér þau með eigin augum.

Það var till. Haralds Ásgeirssonar verkfræðings, að hafizt yrði handa um að reisa fullkomna sementsverksmiðju við Önundarfjörð, þar sem gert væri ráð fyrir 75 þús. tonna afköstum á ári, og gerir hann ráð fyrir, að hún muni kosta uppkomin um 15 millj. kr., sem á hins vegar að vera arðbært fyrirtæki, svo að hún geti í rekstri greitt sig niður á hæfilegum tíma. Og hann telur, að það sement, sem hún framleiði, verði samkeppnisfært við erlent sement, miðað við það verð, sem á sementi er nú, og með þeim kostnaðarliðum, sem hann reiknar með í útreikningi sínum. Að vísu ber þess að geta, að ekki er fyllilega ljóst í áætluninni, hvernig hentugast muni að koma fyrir flutningi á sementinu. Að vísu gerir hann ráð fyrir, að ódýrast muni að flytja sementið laust í skipi ósekkjað og hafa sekkjunarútbúnað um borð í því og sekkja það áður en því er skipað í land. En allmikinn kostnað hefði það í för með sér. Það skip yrði vitanlega dýrt. Og það er ekki nákvæmlega búið að ganga frá þeim lið málsins. En mjög sennilegt er, að það yrði nauðsynlegt að hafa þetta fyrirkomulag á þessu. Því að ef maður reiknaði með þeim töxtum, sem nú eru á vinnu kringum landið, og með þeim skipum og skipakosti, sem við höfum nú við að búa, getur orðið örðugt að gera sementið samkeppnisfært við erlent sement á aðalinnflutningshöfnum landsins. Því að þá yrði þetta að skoðast sem eins konar innflutningshöfn, þar sem verksmiðjan væri, og kostnaður að leggjast á aðrar hafnir af flutningnum frá verksmiðjunni og kringum landið.

Það er í þessu efni eins og venja er til um áætlanir hjá okkur, sérstaklega varðandi ný fyrirtæki, sem við höfum ekki verulega reynslu til að byggja á áætlun um, að maður er alltaf hræddur fyrir fram, og er skylda af reynslunni að vera nokkuð hræddur um, að ýmsir liðir kostnaðarins fari fram úr áætlun frá því, sem upphaflega er ráðgert. Og ég geri ráð fyrir, að svo geti einnig farið um þessa áætlun, þó að hún sé vel og samvizkusamlega gerð. En ég tel, að þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir, og þessi rannsókn, sem þetta allt er byggt á, sé það mikils virði, að sjálfsagt sé að draga ekki lengur þann nauðsynlega undirbúning, sem þarf til þess að koma slíkri stofnun upp. Það tekur alltaf — og

ekki sízt nú — langan tíma t. d. að fá smíðaðar þær vélar og þau tæki, sem nauðsynleg eru til svona starfrækslu. Og þó að byrjað væri nú að leita fyrir sér um samninga, mundi það taka nokkur ár, þar til fengnar væru fullsmíðaðar allar nauðsynlegar vélar til sementsverksmiðjunnar. En ef við sannfærumst um það Íslendingar, — og það liggur nú fyrir í till. þessara manna, sem hafa þetta með höndum, — ef við sannfærumst um það, að við getum framleitt sement með svipuðu verði og von er um, að við fáum það frá útlöndum, þá liggur í augum uppi. að slíkt fyrirtæki sem þetta á að vera eitt af því fyrsta, sem við eigum að koma upp. Ef nokkrar *verulegar framkvæmdir og atvinnulíf* verður í þessu landi, þá er ekki vafi á því, að geysileg þörf verður hjá okkur fyrir sement, bæði til byggingarframkvæmda, vegagerða, hafnargerða, virkjunarframkvæmda og annars slíks. Og það hefur ekki lítið að segja fyrir þjóðina, ef hún getur orðið, þó að ekki verði alveg, en nokkurn veginn óháð ráðstöfunum erlends gjaldeyris við þær framkvæmdir, sem hafa mikla sementsnotkun í för með sér.

Nú skal ég aðeins geta þess, að þessir útreikningar á kostnaðarliðum, sem byggt er á í þessum áætlunum, sem hér liggja fyrir frá þessum mönnum, sem ég hef nefnt, eru að vísu miðaðir við nokkru lægra kaupgjald en það, sem er í aðalvinnustöðvum landsins, og eru reiknaðir með annarri vísitölu, þannig að ef nauðsynleg leiðrétting er gerð á áætluninni í þessum efnum, miðað við núverandi ástand í þeim, þá hækka allir liðirnir, sem byggjast á vinnulaunum, um 10—12% frá niðurstöðu verkfræðinganna. Auk þess má geta þess, að ef ríkið hættir að geta greitt niður vinnulaun eins og það gerir nú með niðurgreiðslu á ýmsum afurðum, sem ganga inn í vísitöluna, þá mundu vinnulaun, sem hér er gert ráð fyrir, hækka um 50%. Þannig að þótt hér liggi þetta mál frammi sem framtíðarmál, þá er framkvæmd þess bundin því, hvernig okkur tekst að koma því viti í verðlagsmálin, að þetta fyrirtæki og önnur geti þrifizt. En svo mikið þykist ég sjá á þessum útreikningum og niðurstöðum verkfræðinganna, að ef okkur tekst að koma verðlagsmálum okkar í það lag, sem nauðsynlegt er til þess að við getum haldið áfram að flytja út fiskinn, þá mundi það hafa þau áhrif á fyrirtæki eins og þetta, að það mundi verða samkeppnisfært við erlendan iðnað um öflun þessarar vörutegundar. Og þess vegna er þetta frv. borið fram, í þeirri von, að hæstv. Alþ. og ríkisstj. beri gæfu til þess að laga þannig verðlagsgrundvöll undir atvinnu- og verðlagsmálum þjóðarinnar, að bæði þetta og önnur fyrirtæki geti borið sig. Og í þeirri von, að svo fari, legg ég þetta frv. fram fyrir hönd ríkisstj. og vonast til, að sú n., sem fær það til meðferðar, kynni sér einstök atriði þess og ræði um málið við þá sérfræðinga, sem hún getur náð til og hér eru í bænum. Og ég legg til, að frv. verði vísað til hv. iðnn., að þessari umr. lokinni.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta mál. Það eru svo margvíslegar upplýsingar, sem frv. fylgja og prentaðar eru í grg. þess fyrir þá hv. þm., sem hafa sérstaklega áhuga á að fá nánari upplýsingar um málið og á annað borð unnt er að fá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 19. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 73, n. 339).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til meðferðar um hríð og rætt það við ýmsa sérfræðinga, og hefur n. orðið einróma sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. með smávægilegri breyt., sem ég vil gera grein fyrir hér á eftir.

Þegar um það er að ræða, hvort skynsamlegt sé að hefja hér sementsgerð, þá þarf að skera úr því, hvort tæknilegir möguleikar eru á því, og í öðru lagi, hvort verksmiðja, sem framleiddi það hér, væri samkeppnisfær við aðflutning sements til landsins. N. hefur ekki haft skilyrði til þess að gera sér þess nákvæma grein, hvort teknisk skilyrði séu hér fyrir hendi til þessa. En hún hefur eftir getu athugað þær upplýsingar, sem fyrir liggja um þetta mál frá sérfræðingum, og rætt þetta mál rækilega við einn af þessum sérfræðingum, og hefur af því sannfærzt um, að eftir því, sem upplýsingar liggja fyrir, þá muni tæknileg skilyrði vera fyrir hendi hér til þess að framleiða gott Portlands sement. — Um hitt, hvort sementsgerðin mundi verða samkeppnisfær um verðlag á sementinu við aðflutning á sömu vöru, er erfitt að gera sér nákvæma grein. Í því efni skiptir það máli fyrst og fremst að reyna að gera sér grein fyrir, hve mikil eftirspurn muni vera eftir sementi á næstu árum og þá að hve miklu leyti verksmiðjan mundi geta notað afkastagetu sína. Og framleiðslukostnaðurinn færi mikið eftir því, að hve miklu leyti verksmiðjan gæti nýtt framleiðslugetu sína og svo hinu, hvaða verð verður á innfluttu sementi. Um þetta er það að segja, að í þeim áætlunum, sem fyrir liggja, er gert ráð fyrir 75 þús. tonnum, sem verksmiðjan geti framleitt af sementi á ári. Á síðasta ári mun sementsnotkun landsins hafa verið svipuð og þetta. En á því ári mun sementsinnflutningur hafa verið meiri hér en á nokkru öðru ári, og svo mikill, að ekki virðist rétt að gera ráð fyrir því, að sementsnotkun verði svo mikil á næstu árum. Fyrir stríð munu hafa verið notaðar 20 til 25 þús. smálestir af sementi á ári að meðaltali. En ekki er ástæða til að gera ráð fyrir, að sementsnotkun muni minnka niður í það hjá landsmönnum. Nú er sement notað til margra fleiri mannvirkja hér á landi en þá tíðkaðist. Auk þess mundi sennilega færast í vöxt notkun sements, ef völ væri á íslenzku sementi.

Í öðru lagi reyndi n. að gera sér grein fyrir, hver áhrif það mundi hafa á framleiðslukostnað þessarar verksmiðju, ef framleiðslan yrði miklu minni en sementsþörf landsmanna hefur verið

tvö undanfarin ár. Gert er ráð fyrir, að framleiðslukostnaður verði, með óbreyttu verðlagi á vinnu og öðru, 120 kr. á smálest, og gerðu verkfræðingarnir ráð fyrir, að hann mundi kannske vaxa og verða allt að 136 kr. á smálest. Innflutningsverð á sementi er nú 189 kr. pr. smálest. Framleiðslukostnaður mætti því vaxa um allt að því 53 til 69 kr. á smálest, til þess að verksmiðjan yrði ekki samkeppnisfær við innflutning á sementi, eftir þessum útreikningum sérfræðinganna. Og aðalatriðið í þessu sambandi er, að verksmiðjan yrði samkeppnisfær á þeirri stærstu innflutningshöfn á landinu, sem er Rvík. Og það virðist mega gera ráð fyrir, að flutningskostnaður yrði ekki svo mikill frá Vestfjörðum á sementinu, að verksmiðjan yrði ekki samkeppnisfær hans vegna. Hitt er annað mál, að hæpið kann að vera, að sementsverðið verði eins hátt erlendis og það er nú, og hefði það áhrif á samkeppnishæfni verksmiðjunnar við erlent sement. Verð á sementi fyrir stríð var 70 til 80 kr. á smálest, og svo kom gengislækkunin 1939, og má bæta henni við verðið, svo að verðið hækkar raunverulega sem henni nemur. Ef gert er ráð fyrir, að sement fari aftur niður í það verð, sem var á því 1930—1940, má segja, að vafasamt megi telja, að verksmiðjan gæti verið samkeppnishæf. En fróðir menn telja, að ekki séu líkindi til þess, að verð á sementi muni lækka — a. m. k. á næstu árum — svo mikið. Og auk þess má verð á sementi lækka talsvert frá því, sem nú er og hefur verið á undanförnum árum, til þess að verksmiðjan yrði ekki samkeppnisfær miðað við innflutt sement, svo að henni stafaði hætta af. En aðalatriðið er, að verksmiðjan gæti verið samkeppnisfær við innflutning á sementi. Verðbreyt. á sementi á heimsmarkaðinum eru nokkuð miklar, því að verulegur hluti sementsverðsins er flutningsgjöld.

Einn af höfuðkostum þess að hafa innlenda framleiðslu á slíkum efnum, sem hér er um að ræða, er, að landið sem heild stendur mun betur að vígi með því að hafa innlenda framleiðslu á þeim, ef um verðhækkun á innfluttum vörum er að ræða, vegna þess að sú verðhækkun kemur þá landinu í heild til góða sem hagur fyrirtækisins og gerir því þar með kleift að selja við þeim mun lægra verði síðar.

Þá er þess að geta, að það getur haft verulega þýðingu að hafa það öryggi, að völ sé á jafnnauðsynlegu byggingarefni og sementi í landinu. Það ástand kann að skapast í alþjóðamálum, þó að við höfum að vísu ekki orðið fyrir því óláni enn að þurfa að skorta slíkt byggingarefni, þá geta orðið erfiðleikar á því fyrir okkur að afla sements frá öðrum löndum, og getur þá reynzt gott að eiga völ á slíku byggingarefni í landinu sjálfu.

Þó að það kosti nokkurn gjaldeyri að koma upp fyrirtæki eins og þessu, mundi það, þegar það væri komið upp, spara gjaldeyri þjóðarinnar, þegar fram í sækti, og það til muna.

Ég skal svo að síðustu gera örlitla grein fyrir þeim brtt., sem n. gerir við 7., 8. og 9. gr. frv. Í þessum brtt. er engin veigamikil efnisbreyt. Í 7. gr. frv. var ákveðið um skatt og útsvar verksmiðjunnar og gert ráð fyrir, að verksmiðjan greiði ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar hvert ár til þess sveitarfélags, sem hún er rekin í, þó ekki yfir 25% af útsvörum hlutaðeigandi sveitarfélags, og að aldrei megi þó leggja hærra útsvar á verksmiðjuna en nemur 50% af nettótekjum hennar. Við töldum ekki ástæðu til að miða þetta gjald að neinu leyti við kostnaðarverð framleiðslunnar, heldur töldum nægilegt að telja hana útsvarsskylda til viðkomandi sveitarfélags, en ákveða, að aldrei mætti þó leggja hærra útsvar á hana en næmi helmingi af tekjuafgangi hennar eða fjórðungi af samanlögðum útsvörum sveitarfélagsins.

Síðari brtt. n. er við 8. og 9. gr. frv. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir, að afskrifa skuli á ári hverju 3% af fasteignamati húsa. N. taldi ástæðulaust að leggja svo mikla afskriftakvöð á verksmiðjuna, og taldi eðlilegt, að henni yrði gert að skyldu að afskrifa a. m. k. 3% af byggingarkostnaði húseigna sinna. Lóðir hins vegar eru ekki afskrifaðar, og er það leiðrétt, sem í frv. stóð um það. Og enn fremur er gert ráð fyrir, að verksmiðjunni sé skylt að afskrifa a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda, eftir frv. Það mun eðlilegt vera að skrifa ýmis tæki meira niður á ári en um 10%. N. taldi mestu skipta í þessu sambandi, að til yrði tekið, hvað verksmiðjan ætti að afskrifa þessa hluti minnst, en láta svo stjórn þessarar verksmiðju um það, hvort hún treysti sér til að afskrifa eitthvað meira í þessu efni á ári. Gerði n. brtt. um þetta atriði samkvæmt því. — Enn fremur leggjum við til í n., að tekjuafgangur allur renni í varasjóð, þannig að verksmiðjan geti ekki orðið tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð, heldur skuli sjálf eiga tekjuafgang sinn að öðru leyti en því, sem honum yrði varið til óhjákvæmilegra greiðslna.

Þetta eru þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., og eru þær mjög smávægilegar.

Að síðustu vildi ég geta þess, að hér er einungis um heimildarlöggjöf að ræða. Ríkisstj. hefur lagt þetta frv. fram í því formi, að það yrði heimildarlög, og n. hefur talið eðlilegast, að málið verði afgreitt í því formi. Ég geri ráð fyrir, að ef ráðizt verður í þessar framkvæmdir, sé henni nauðsynlegt að láta rannsaka málið og endurskoða þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, enda þótt sá, sem hefur haft þær með höndum, sé verkfræðingur og hafi lagt í þær mikla vinnu, því að gera má ráð fyrir, að það þurfi að yfirfara alla áætlunina. Og þess vegna höfum við talið eðlilegast að afgreiða þetta mál í heimildarlagaformi, og reyndar nægilegt, til þess að þessar framkvæmdir verði gerðar. Ef í ljós kemur, að skynsamlegt sé að ráðast í þær, mun ríkisstj. vafalaust nota heimildina og hefjast handa um að byggja verksmiðjuna.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. iðnn. fyrir það starf, sem hún hefur lagt í að athuga þetta mál, og fyrir þær niðurstöður, sem hún leggur hér fram á þskj. 399 og komu fram í framsöguræðu hv. frsm. iðnn. Ég skal geta þess um leið, að eins og kemur hér fram í nál., þá ræddi n. við mig um þær

smávægilegu breyt., sem hún vill gera á frv. Og ég fellst fyllilega á, að þær séu til bóta.

Eins og hv. frsm. n. tók fram, er þetta frv. aðeins um heimildarl. um að reisa þessa verksmiðju.

Ég tel, eins og ég hef látið í ljós við þetta mál, að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, ef það er sýnilegt, að svona verksmiðja ætti hér tilgangsrétt og gæti starfað nokkurn veginn á samkeppnishæfum grundvelli við erlendar verksmiðjur, þó að segja megi, að ýmsa hluti þyrfti að athuga betur, áður en ráðizt er í framkvæmdir. En málið er sem sé það mikilsvert, að rétt væri að afla ríkisstj. heimildar til að hefja framkvæmdir í þessu máli.

Ég geri ráð fyrir og vænti þess, að þetta frv. verði að l. á þessu þingi. Og meðan ég á sæti í atvmrn., mun ég beita mér fyrir því, að það verði kannað enn betur en orðið er, hvort sá grundvöllur, sem hér er byggður á útreikningur og rannsóknir, sé ekki öruggur til að hefja framkvæmdir á. Það er sýnilegt, eins og nú er háttað um gjaldeyriseignir þjóðarinnar, að það er ekki á þessu eða næsta ári hægt að verja af þeim gjaldeyri, sem til fellur, því sem fram þarf að leggja samkvæmt frv. í þetta fyrirtæki. Sjálfsagt tel ég, ef málið þarf að standa eða bíða vegna þessa, að leita fyrir sér um erlent lán, að því leyti sem erlendan gjaldeyri þyrfti að nota til kostnaðar fyrirtækisins. Ég tel sjálfsagt, að það sé reynt, heldur en að málið af þeim ástæðum þyrfti að dragast um ófyrirsjáanlegan tíma. Hvernig það muni ganga, er ekki hægt að segja um fyrirfram, en ég tel sjálfsagt að reyna þá leið til þrautar, heldur en að verkið tefjist. Að öðru leyti er sjálfsagt að verða við því, sem kom fram hjá hv. frsm., að rannsaka niður í kjölinn einstaka kostnaðarliði, sem hægt er að fá betri vissu um, nema með útboðum í vélar, þannig að nokkurn veginn sé tryggt, að ekki sé rasað um ráð fram í þessu og að ekki sé ráðizt í annað og meira fyrirtæki en hér er gert ráð fyrir að byggja.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. atvmrh. fyrir, að þetta frv. er fram komið og líka fyrir það, að séð verður fyrir því, að sú reynsla, sem fengizt hefur, verði hagnýtt, þó að það hafi kostað ríkissjóð nokkra peninga. Sérstaklega ber að þakka þeim, sem upptökin eiga að því, að út í þetta var lagt, sem ég er sannfærður um, að verður til mikils gagns, ef haldið verður áfram.

Eins og fram kemur í grg. frv., er þetta mál búið að vera á döfinni frá því 1935, og liggja fyrir ýtarlegar rannsóknir og var þetta svo langt komið, að búið var að afla tilboða í vélarnar frá Danmörku fyrir stríð, en enn þá hefur ekki orðið nein framkvæmd á þessu. Að vísu var það stór galli að halda, að verksmiðjan þyrfti endilega að vera nálægt Rvík. Það mundi skapa ýmsan aukakostnað, því að það er sjálfsagt að byggja verksmiðjuna þar, sem sandurinn er, þ. e. á Vestfjörðum, og með það fyrir augum var farið að rannsaka firðina á Vestfjörðum. Það hafa verið gerðar till. um ýmsa staði. En þrátt fyrir það að verksmiðjan hefði verið staðfest hér í Rvík, þá er ekki vafi á því, að hún væri búin að veita íslenzku þjóðinni margar milljónir króna, ef við hefðum borið gæfu til þess að ráðast í þessar framkvæmdir fyrir stríð. Verksmiðjan hefði þó ekki kostað nema brot af því, sem hún hefði sparað okkur í gjaldeyri þessi árin, ef svo vel hefði til tekizt. Það þýðir ekki að sakast um það. Við höfum þarna glatað tækifæri á þessu sviði, eins og mörgum öðrum. Ég man ekki tölur, sem talið var, að verksmiðjan hefði kostað fyrir stríð. Ég býst við, að það hefði ekki verið fjarri að ætla það 2—3 millj. kr. Það mundi sannarlega kosta 10 millj. kr. nú, eða meira en þre- til fjórfalt miðað við það, sem var fyrir stríð. Nú þýðir ekki að sakast um orðinn hlut, en reyna að læra af því, þegar svona mistök eru gerð.

Hvað snertir framleiðsluna, þá er hægt að kaupa vélar, þó að staðhættir séu ekki fyrir hendi. Það þarf að gera þau innkaup, þegar búið er að finna það út, að til eru hráefni í landinu.

Staðsetning eða nákvæmt fyrirkomulag verksmiðjunnar er atriði, sem hægt er að vinna að meðan verið er að smíða vélarnar, því búast má við, að það taki langan tíma, 1½—2 ár. Ég tel því mjög nauðsynlegt að hafa hraðar framkvæmdir á þessu, og ég er sannfærður um, að enn um stund muni verða töluverð hækkun á allri iðnaðarvöru erlendri, svo að þannig töpum við fjármunum með hverjum deginum, sem líður, ef ekki eru fest kaup á þessum vélum. — Frá gjaldeyrissjónarmiði er þetta svo stór þáttur í gjaldeyrissparnaði, að við ættum ekki að hika við að ráðast í þessa framkvæmd. Ég er sannfærður um, að ef keyptar verða nýtízku vélar, geta Íslendingar ekki síður rekið verksmiðju á hagkvæman hátt en útlendingar.

Ég er ekki í vafa um, að það er rétt að miða afköstin við 75 þús. tonn. Það eru allir, sem telja líkur fyrir því, að ekki veiti af því, sérstaklega ef farið verður inn á þá braut að steypa þjóðvegi, sem fremur er hægt að gera, ef ekki þarf að greiða sementið í erlendum gjaldeyri. Ef við þurfum ekki á öllu því sementi að halda, þá er ég sannfærður um, að möguleikar væru á að flytja sement út. Það eru ýmsar borgir í Evrópu, sem geta ekki framleitt sement sjálfar, heldur verða að flytja það til sín með járnbrautum. Nú er það þannig með vöru eins og sement, að ef taka á það í skip, munar litlu á verði, hvort sem það er flutt hundrað mílur eða þúsund mílur. Þannig að það er ekki útilokað, að ýmsar þjóðir sjái sér hag í að kaupa sement frá Íslandi frekar en að flytja það langar leiðir með járnbrautum, þó að þær framleiði það sjálfar. Því þykir mér rétt að miða afköstin við 75 þús. tonn, eins og gert er í frv. Eins og kunnugt er, liggja fyrir mörg l. um byggingu á ýmsum verksmiðjum, t. d. byggingu á tunnuverksmiðju o. fl., sem ekkert hefur verið gert í. Eigum við nú að setja þessa sementsverksmiðju í þetta safn, sem núverandi ríkisstj. virðist ekki hafa sérstakan áhuga fyrir að rusla til í og láta framkvæma? Eða eigum við nú þegar að afgreiða þetta frv. og láta í ljós vilja Alþ. um, hvort meiningin er að gefa bara heimild, sem hægt er svo að flagga með og síðan að fram-

kvæma ekkert? Alþ. á nú að taka þetta föstum tökum og segja ákveðið: Þetta skal verða framkvæmt. Því að það liggja þegar fyrir þær upplýsingar, sem þarf, þó að margt eigi eftir að gera til undirbúnings á byggingu verksmiðjunnar. Og þegar er vitað, að nóg hráefni er til, og því ekki að skaffa orku með gufukatli eða mótor eins og gert var ráð fyrir hér til að byrja með? Því fyrr sem hægt er að framleiða sement með svipuðu verði og erlent, því minni gjaldeyri þarf til að afla sements. Þetta liggur hér fyrir, og þess vegna tel ég eðlilegt, af því að það er ekki svo bjart framundan hjá stj. og hún hefði ef til vill ekki hug til að nota þessa heimild, þá vil ég, að Alþ. skeri hér úr eða ákveði skýrt um, hvort byggja á þessa verksmiðju eða ekki.

Með tilvísun til þessa leyfi ég mér að bera fram skriflega brtt. við 1. gr. frv., og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana: Ríkisstj. skal láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til framleiðslu sements. Vinnslugeta skal miðast við 75 þús. tonna framleiðslu á 300 dögum. Skal ríkisstj. láta hefja byggingarframkvæmdir á árinu 1948 og hraða þeim sem mest.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 366) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta frv. Ég get ekki hælt mér af því að hafa vit á möguleikum, sem hér eru til sementsverksmiðju. Þar verð ég eins og aðrir þm. að byggja á sérfræðingum. Ég hygg nú, eftir þeim rannsóknum, sem fram hafa farið, að tími sé kominn til að gefa hæstv. ríkisstj. heimild til að byggja sementsverksmiðju. Ég þakka því hæstv. ráðh. fyrir að flytja frv. og mæli með samþykkt þess. Mér er það ljóst, sem hæstv. ráðh. tók fram, að til þess að framkvæma þetta og ýmislegt annað, sem bíður, þá mundi nú, ef framkvæma ætti þessa hluti á næstunni, verða að taka gjaldeyrislán. En ég tel það enga fjarstæðu, heldur sjálfsagt að fara þá leið, þegar um er að ræða að auka framleiðsluna til útflutnings eða að draga úr innflutningi, eins og hér er um að ræða. Gjaldeyrislán er sjálfsagt að taka til fyrirtækja, sem búið er að rannsaka, að muni skapa eða spara gjaldeyri. — Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, en ég vona það, að þær vonir okkar komi til með að rætast og þær vonir, sem þessir sérfræðingar hafa skapað um þessa möguleika, því að okkur er það mikils virði að þurfa ekki að flytja inn þessa vöru, sem þjóðin notar til allrar byggingar, bæði á vegum, höfnum og húsum o. fl.

Það er eitt smáatriði, sem ég vil þó minnast á. Vitanlega er það algengt og fullkomið aukaatriði í þessu sambandi, en þ. e. 7. gr., um útsvör. Ég hefði fellt mig fullt eins vel við hana eins og hún er í frv., þ. e. að hafa veltuútsvar, sem þó takmarkast af því, hvort nokkur ágóði er hjá fyrirtækinu, og að það verði ekki miðað við verð á innlendu sementi, heldur við verð, sem svarar til innflutts sements á sama tíma. Þessi regla þykir mér heppilegri, þó að ekki megi leggja meira á en sem nemur 50% af nettótekjunum miðað við erlent sement. En hv. n. leggur til, að útsvarið miðist eingöngu við tekjuafgang, en hann er ekki á neinn hátt miðaður við útlent sement. Ég vildi nú benda á þetta, því að ég felli mig betur við veltuútsvar en útsvar á tekjuafgang. Vegna þess, hvernig fyrirtækið er byggt upp, er því ekki ætlað fyrst og fremst að hafa tekjuafgang, heldur að spara gjaldeyri og framleiða þá með því verði, sem væri samkeppnisfært. Þetta er ekki hlutafélag og ekki ætlazt til að safna fé frá einstökum mönnum, heldur er ríkinu ætlað að standa undir því sem sjálfstæðri stofnun.

Það er annað smáatriði, sem ekki var með í till. n., en það er mér að kenna, því að ég hafði ekki fengið óskir um það fyrr en n. hafði skilað áliti, en það er, eftir því sem lagt er til í frv. og þó aðallega í grg. þess, ætlazt til, að sjálf verksmiðjan skuli standa norðan Önundarfjarðar, þar sem bezt eru hafnarskilyrðin, en hráefnin tekin að vestanverðu. Önfirðingar telja margir æskilegra, að útsvarið gæti skipzt milli þessara tveggja hreppa, annaðhvort á þann hátt, sem hrepparnir koma sér saman um, eða þá eftir úrskurði ráðh., og þá sennilega atvmrh., er yrði ráðh. þessarar verksmiðju.

Vegna þessarar viðbótar, sem mig langaði til að koma við, vildi ég spyrja hv. frsm. n., hvort hann væri ekki tilleiðanlegur að geyma fyrri till. til 3. umr. Það ætti ekki að valda tjóni, en mér gefst þá kostur á að ræða þetta smáatriði við n. á milli umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. V-Ísf. vil ég geta þess, að ég minntist á það mál við meðnm. mína að taka brtt. aftur til 3. umr., og er okkur ljúft að verða við þeirri ósk hv. þm., til þess að okkur gefist tækifæri til þess að athuga möguleika á því að breyta 7. gr. í samræmi við óskir hans. Ég leyfi mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að þessi brtt. komi ekki fram nú, heldur verði geymd til 3. umr.

Hitt atriðið, sem hann minntist á með 7. gr., höfum við sjálfir talið æskilegra, að hún yrði eins og hún var, vegna þess að upphaflega var gert ráð fyrir því, að verksmiðjan skyldi greiða útsvar af ákveðnum hundraðshluta kostnaðarverðs framleiðslunnar. Þ. e. a. s. í núgildandi útsvarsl. er niðurjöfnunarn. í sjálfsvald sett, eftir hvaða reglum hún leggur á útsvar, og getur hún því lagt eftir sínum vilja á tekjuafgang eða veltuútsvar eða hvort tveggja. N. þótti ekki ástæða til að binda hér í l., að útsvarið skyldi vera veltuútsvar eingöngu, þar sem hvort sem er aðrar takmarkanir eru í gr. um, að útsvar megi ekki fara fram úr 50% af nettótekjunum. Það er því á valdi niðurjöfnunarn. sveitarstjórnar viðkomandi hrepps, eftir hvaða reglum hún leggur á verksmiðjuna. — Um hitt atriðið, að miða útsvarsskyldu hennar við innflutt sement, er það að segja, að ef verksmiðjan seldi sement sitt við lægra verði en væri á innfluttu sementi, væri hún skyldug til að greiða útsvar af hagnaði, sem hún hefði aldrei haft, og þá útsvarsskylda verksmiðjunnar meiri en raunverulega, og taldi n.

það ekki eðlilegt og gerði þess vegna breyt. á þessu, því að eðlilegra væri, að hún greiddi af þeim hagnaði, sem reikningarnir sýndu miðað við söluverð.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. hv. þm. Siglf., þar sem hann leggur til, að 1. gr. verði breytt þannig, að ríkisstj. verði gert það að skyldu að byggja, en í frv. er henni heimilað að láta byggja. — Svo mun háttað um allar verksmiðjur ríkisins, sem hafa með höndum verklegar framkvæmdir, að lagafrv. hafa verið afgr. frá Alþ. í heimildarformi, og má hér benda á, að l. um síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið samþ. sem heimildarlög. Ég tel því ekki neina ástæðu til þess að breyta frá þeirri venju, sem skapazt hefur, og rök þau, sem fram hafa verið borin um, að nauðsynlegt væri að fyrirskipa í l., hvenær og hvernig skuli hefjast handa með sementsverksmiðju, fá ekki staðizt. Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort hv. þd. hefur það mikið traust á hæstv. ríkisstj., að henni sé treystandi til þess að ráðast í verklegar framkvæmdir, ef henni finnst það skynsamlegt. Ég dreg ekki í efa, að lokaathugun á þessu máli muni leiða í ljós, að bygging sementsverksmiðju sé skynsamlegt fyrirtæki, og ég treysti hæstv. ríkisstj., þeirri er nú situr, til þess að koma því í framkvæmd að athugunum loknum. Ég tel því enga ástæðu vera til þess að hvika frá því, að l. séu afgr. í heimildarformi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. atvmrh. langar mig til þess að spyrja hann nokkurra spurninga. Hv. þdm. virðast ekki vera ósammála hvað viðkemur frv. sjálfu, en ég skil ekki þau ummæli hæstv. ráðh., að ekki sé unnt að leggja nægilegt til hliðar af þeim erlenda gjaldeyri, sem aflast, til framkvæmdar þessa máls. Hæstv. ríkisstj. tók að sér með samþykkt l. um fjárhagsráð að áætla innflutning og útflutning og setja ákveðna gjaldeyrisupphæð á sérstakan reikning, sem nota skyldi til atvinnutækja og nýrra framkvæmda. Hæstv. ríkisstj. hefur skuldbundið sig til að leggja þetta fyrir Alþ., leggja fyrir Alþ. þessar áætlanir. Nú er það vitað mál, að þetta fyrirtæki, sementsverksmiðjan, muni spara 8,5 millj. kr. á ári í erlendum gjaldeyri. Sementsverksmiðja mun því borga sig upp á einu ári gjaldeyrislega séð. Gjaldeyrislega séð mun hún geta borgað sig fyrir þjóðina á einu ári, en hitt er spurning út af fyrir sig, hvort fara eigi til útlanda til þess að taka lán til þessarar verksmiðju. Það mátti e. t. v. skilja á hæstv. ráðh., að ríkisstj. ætti erfitt um vik að fá lán til þessa fyrirtækis hér innanlands, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki fundið náð í augum embættismanna Landsbankans og að hún kjósi heldur að fara út fyrir pollinn til manna, sem velviljaðir væru og gætu skilið nauðsyn þessa máls, eftir þeirri reynslu, sem fengin er. Ef það er ekki þetta, sem hæstv. atvmrh. átti við, þá kann að vera, að hann viti ekki enn, hvernig ráðstafa eigi gjaldeyrinum. Það er ákveðið með l., hvernig ráðstafa eigi hluta af þeim gjaldeyri, sem aflast á árinu, og Alþ. getur því ekki tekið þessa yfirlýsingu sem réttmæta. Það má og teljast mjög undarlegt, að við alþm. sjáum það í einu blaði í Rvík, að einn nm. úr fjhn. hefur skýrt frá því, að innflutnings- og útflutningsáætlunin fyrir árið 1948 sé nú tilbúin, þótt hún hafi ekki verið lögð fyrir þm. Það hefur verið gengið fram hjá alþm. með þetta, en hins vegar er skýrt frá þessum áætlunum á öðrum vettvangi, og þaðan fá svo þm. að vita, að einhverjar áætlanir hafi verið gerðar. Ég hef spurt menn úr viðskiptan., hvort þeir hafi séð þessa áætlun, en þeir segjast ekkert vita um hana. Ég verð nú að segja það, að við þm. hljótum að krefjast þess að fá að sjá þessa áætlun, sem okkur ber samkvæmt l. um fjárhagsráð og innflutningsverzlun. Fjárhagsráð á að skila innflutningsáætlun sinni til þingsins. Mér skilst, að gert sé ráð fyrir innflutningi á þessu ári fyrir 400 millj. kr., og er þá reiknað með 400—500 millj. kr. gjaldeyrisöflun. Samkv. l. um fjárhagsráð hefur hæstv. ríkisstj. sjálf sett inn í l. ákvæði um, að leggja skuli 15% af gjaldeyristekjum ársins inn á sérstakan reikning til nýsköpunar. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt þetta, en ef reiknað er með 400 millj. kr. útflutningi og 15% hans sé lagt inn á nýbyggingarreikning, þá ættu að hafa sparazt 60 millj. kr. á árinu 1946 og í árslok 1947 um 90 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Og ef svo er reiknað með 400—500 millj. kr. útflutningi á þessu ári, ættu að fást alltaf 60 millj. kr. á nýbyggingarreikning. Nú langar mig að fá upplýsingar um það, hvernig verja á öllum þessum gjaldeyri. Það hlýtur að liggja fyrir einhver áætlun um þetta, en það getur vart verið hægt að forsvara, að við alþm. fáum ekkert um þetta að vita. Nú hefur hæstv. atvmrh. fylgt úr hlaði ágætu frv. um byggingu sementsverksmiðju, og eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja um málið, getum við gjaldeyrislega grætt á einu ári það fé, sem til hennar færi, miðað við sementsinnflutninginn. Nú langar mig að spyrja hæstv. atvmrh. um það, hvað sé til fyrirstöðu að nota þann gjaldeyri, sem fyrir er lagður á nýbyggingarreikning, til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það væri gott, ef hæstv. ráðh. vildi gefa hv. Nd. upplýsingar um þetta. Það er skylda ríkisstj. að gefa Alþ. upplýsingar um það, hvernig gjaldeyri þjóðarinnar er ráðstafað. Ef það er ekki hægt að spara þessar 8 millj., sem þarf í erlendum gjaldeyri til sementsverksmiðjunnar, hvað verður þá um þær 60 millj. kr., sem fyrir eiga að vera á nýbyggingarreikningi? Þó það sé alls ekki útilokað að taka erlent gjaldeyrislán til framdráttar jafngóðu máli og þetta er, þá er það óþarfa eyðsla á gjaldeyri og ber að forðast slík í lengstu lög, þótt ekki sé til annars en þess að spara vaxtagreiðslur.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði hér um sparnað og sagðist fyrir sitt leyti bera það traust til núv. hæstv. ríkisstj., að hann teldi nægilegt, að hér yrði aðeins um heimildarlög að ræða. Það getur nú verið allfrábrugðið og mismunandi traust, sem þm. bera til hinna ýmsu ríkisstj., sem með völdin fara. En hvað snertir framkvæmd mála hefur nú komið fyrir, að ríkisstj. hafi frestað framkvæmd þeirra, og jafnvel þó að um beina lagaskipun hafi verið að ræða. Það hefur ekki í öllu gengið vel að fá hæstv. ríkisstj. til þess að framkvæma l. um ýmsar framkvæmdir, sem samþykktar hafa verið. Nýlega hótaði formaður

eins stjórnmálaflokksins að höfða mál á hendur ríkisstj. fyrir það, að hún brjóti sett lagafyrirmæli um framlög úr ríkissjóði, með því að neita að leggja þau fram. Það eru æði viðkvæmir blettir á hæstv. ríkisstj., þegar rætt er um lánveitingar. Hæstv. atvmrh. hefur kvartað yfir því hér í þessum umr., að erfitt sé að fá nauðsynlegan erlendan gjaldeyri til sementsverksmiðjunnar. Það kynni nú að vera svo, að hæstv. ríkisstj. sé hrædd við að knýja á dyr Landsbankans til þess að leggja þetta fé fram, og að hæstv. ríkisstj. kjósi heldur að flýja með þetta út fyrir pollinn og leita á náðir velviljaðra erlendra manna, sem skilning hefðu á málinu. Það sýnist svo, að hæstv. stj. þori ekki að kveða upp úr við bankastjóra Landsbankans, en þá er bankinn kominn langt út fyrir það hlutverk, sem hann var stofnaður til, ef ekki er hægt að fá þar nauðsynlegt fé til fyrirtækis sem sementsverksmiðjunnar.

Ég vona, að hæstv. ráðh. verði við þeim tilmælum að leggja fram á Alþ. skýrslu um það, hvernig ráðgert sé að verja gjaldeyri þjóðarinnar og hversu mikið gert sé ráð fyrir, að notað verði af gjaldeyristekjunum til nýrra framkvæmda.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir, að ég mundi taka þátt í þessari umr., en ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er brtt. sú, sem fram hefur komið frá hv. þm. Siglf., en sams konar till. bar hann fram í iðnn. Mörgum okkar í iðnn. leizt svo á, að æskilegt væri, að þessi brtt. næði fram að ganga, en við nánari athugun komumst við á þá skoðun, að það væri ekki hyggilegt. Við erum, að ég held allir, sem sæti eigum á Alþ., sammála um það, að nauðsyn beri til, að byggð verði sementsverksmiðja, og við sjáum mikinn þjóðhagslegan hagnað af því fyrirtæki, ef áætlanir þær, sem nú liggja fyrir í málinu, standast. En reynslan hefur kennt okkur, að fáar áætlanir standast, þó að þær hafi litið fallega út á pappírnum og virðist hafa fengið vandlegar yfirveganir og verið reiknaðar út eftir beztu vitund, og ég efast ekki um, að þeir verkfræðingar, sem hér hafa verið að verki, hafi unnið verk sitt af samvizkusemi. En margar áætlanir — og má segja flestar — fyrri ára hafa ekki staðizt. Oft hefur það verið svo, að ráðizt hefur verið í framkvæmdir fyrir það, að áætlanir litu vel út. En er til kastanna kom, hafa framkvæmdirnar oft farið helming fram úr áætlun, og stundum hefur kostnaðurinn orðið þrisvar sinnum meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Ég gæti trúað, að áætlanir þær, sem hér liggja fyrir um þetta mál, muni standast betur en margar aðrar, en reynslan hefur kennt okkur alþm., að of margar áætlanir hafa ekki staðizt, og af því eigum við að hafa lært. Ég álít hyggilegt að draga framkvæmd þessa máls enn um stund og endurskoða þær áætlanir, sem fyrir eru. Hv. þm. Siglf. segir í brtt. sinni, að ríkisstjórnin skuli láta hefja byggingarframkvæmdir á árinu 1948. Það væri mjög æskilegt, að slíkt gæti orðið, en ég tel rétt að nota þann tíma til þess að athuga allar áætlanir nánar. Ég er því hlynntur, að hafizt sé handa um byggingu sementsverksmiðju, er nákvæm athugun hefur leitt í ljós, að þær áætlanir, sem fyrir liggja, séu réttar. Eftirminnilegt dæmi er það, er áburðarverksmiðjan var til umr. hér á Alþ., og þá lá við, að það frv. yrði samþ. án þess að það væri athugað frekar. Reynslan hefur sýnt, að það hefði verið rangt að byggja áburðarverksmiðju eftir því frv. Nákvæm rannsókn hefur leitt í ljós, að það hefði ekki verið heppilegt. Af þessu ættum við að hafa lært það, þegar á ferðinni er frv., sem kosta mun 15 millj. kr., að gefa ríkisstj. tíma til þess að athuga og endurskoða þær áætlanir, sem fyrir liggja, áður en hún ræðst í framkvæmdir. Við nánari rannsókn gæti komið í ljós eitt og annað, sem betur færi með öðru fyrirkomulagi en nú er lagt til í frv. Það gæti einnig komið í ljós, að heppilegra væri að byggja þessa verksmiðju annars staðar en nú er lagt til. T. d. er nú gert ráð fyrir, að reist verði dieselorkuver til þess að knýja verksmiðjuna, en slíkt virðist nú vera fráleitt, ef hægt væri að komast hjá því í olíulausu landi. Er ómögulegt að staðsetja verksmiðjuna þar, sem hagnýta mætti vatnsorkuna?

Ég veit, að ríkisstj. ætlar ekki að leggjast á þetta mál, en það er ekki rétt að flana að neinu. Það er ekki rétt að fara aftur að eins og við Skeiðsfossvirkjunina og byggingu nýju síldarverksmiðjanna. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að verksmiðjan kosti 15 millj. kr. Og ef allar áætlanir standast nú á borð við áætlanirnar um síldarverksmiðjurnar eða Skeiðsfossvirkjunina, mundi verksmiðjan kosta 40—50 millj. kr. Vegna þeirrar dýrkeyptu reynslu virðist mér hyggilegast að flana ekki að neinu, en gefa hæstv. ríkisstj. tíma til þess að endurskoða málið. Ég er hv. þm. Siglf. sammála um að miða afköst verksmiðjunnar við 75 þúsund smálestir á ári. Það er engan veginn of mikið, og notkun sements í landinu mun aukast að miklum mun frá því, sem nú er. Búast má við því, að mun meira sement verði notað til vega og alveg verði hætt að byggja hús úr timbri, en í stað þeirra steinhús. Ef miðað er við það, hversu mikið sement er notað í landinu, er eðlilegast, að afköst verksmiðjunnar verði miðuð við 70—80 þús. smálestir árlega.

Ég skal nú ekki fjölyrða frekar um málið, en mér fannst vera ástæða til að minnast á fjárhagshlið málsins, því að hún er ekkert aukaatriði. Ríkisstj. verður einnig að gera sér grein fyrir, hvernig hún ætlar að afla fjár til verksins. Það er ekki nóg, þó að bankastjórar Landsbankans opni upp á gátt fjárhirzlur bankans, því að helmingur kostnaðarins við bygginguna verður að greiðast í gjaldeyri. Ríkisstj. þarf einnig að glíma við það, að útflutningurinn hrökkvi fyrir nauðsynlegum innflutningi á nauðsynjavörum. Það eru margar framkvæmdir, sem búið er að ákveða og þola enga bið. Og við hv. 2. þm. Reykv. erum áreiðanlega sammála um, að Sogsvirkjunin megi ekki bíða lengi. En hvað kostar það fyrirtæki? Fyrir tveimur árum var áætlað, að það fyrirtæki kostaði 50 millj. kr. En eftir nýjustu heildaráætlun um þessa virkjun er kostnaðurinn hvorki meiri né minni en upp á 60 millj. kr. Og þar af verður ríkissjóður að sjá fyrir helmingnum, og þar af verða að vera 20 millj. kr. fyrir hendi í erlendum gjaldeyri. Þetta þarf að vinna

á tveimur næstu árum, ekki síður en að byggja sementsverksmiðju. Og það er hægt að telja upp fleira, eins og hv. þm. Ísaf. sagði. Hann nefndi 7—8 verksmiðjur, sem ríkisstj. hefur heimild til þess að byggja eða ráðast í að láta reisa. Hvað ætli þessar verksmiðjur kosti? Það er ekkert aukaatriði, að reynt sé að gera sér grein fyrir því, hvernig á að fara að því að finansera þessi fyrirtæki, ekki aðeins finansera þau þegar þau eru komin upp, heldur sjá fyrir byggingarkostnaði á þeim. (EOl: Eru þessi fyrirtæki á áætlun í ár?) Þessi fyrirtæki eru ekki á áætlun í ár, og því síður er til áætlun um byggingu þessarar verksmiðju í ár.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta meira, en vildi óska þess, að frv. þetta og áætlun sú, sem því fylgir, mætti standast, og að ríkisstj. treysti sér til að ráðast í að byggja sementsverksmiðju hér á landi sem fyrst. Og enda þótt við álitum þá áætlun, sem hér fylgir, ekki svo nákvæma, að það mætti 100% treysta henni, vitum við samt, að sá maður, sem gert hefur hana, hefur gert hana þannig, að við getum álitið, að það megi treysta honum a. m. k. ekki síður en mörgum öðrum í þessum efnum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get nú skilið það, að hv. 2. þm. Reykv. vildi gjarnan fá að sjá sem fyrst þá innflutnings- og fjárfestingaráætlun, sem fjárhagsráð vinnur að og hefur unnið að nú um skeið, og ég efast ekki um, að hann fái það fljótlega. Það hefur nú ekki verið fyllilega frá þessu gengið í einstökum atriðum fram til þessa, en mun mjög langt komið. Og undir eins og fjárhagsráð hefur gengið frá þessu þannig, að til fullnustu megi teljast, hygg ég, að þetta verði birt í þinginu ekki síður en annars staðar. Og ég hygg, að nú næstu daga eða jafnvel nú þegar sé búið að tilkynna fjvn. það. Ef ekki er búið að tilkynna þetta nú þegar í sambandi við afgreiðslu fjárl., mun það verða gert næstu daga, og hefur ríkisstj. gert ráðstafanir til þess, að það verði gert. En ég vona nú, að hv. þm. sýni ofurlitla biðlund, þó að gott hefði verið, að þetta hefði legið fyrir nú þegar.

En þegar ég greindi frá því áðan, að ég gerði ekki ráð fyrir því, að sá erlendi gjaldeyrir, sem nota þyrfti til þessara framkvæmda, yrði tekinn fyrst um sinn af gjaldeyrisöflun hvers árs, þá byggði ég það á áætlun fjárhagsráðs. Og ég sannfærðist um það eftir viðtali við fjárhagsráð og athugun á skýrslum þess, að ekki muni vera unnt að leggja til þá upphæð, a. m. k. ekki á yfirstandandi ári, sem gert er ráð fyrir, að þyrfti til að reisa sementsverksmiðju. Hv. þm. var að óska eftir, að ég legði þessar áætlanir fram hér í þinginu. Ég hef þær ekki við höndina og tel ekki heldur mitt hlutverk né ríkisstj. að leggja þetta fram, heldur annarra. En ég efast ekki um, að þetta verði fljótlega gert.

Hv. þm. spurði um það, hvort það væri almenn fjármagnsvöntun til þessa fyrirtækis eða aðeins gjaldeyrisvöntun, sem ég miðaði við, þegar ég viðhafði þau orð, sem ég gerði. Ég er ekki enn þá farinn að leita fyrir mér um það fjármagn, sem a. m. k. væri sjálfsagt og eðlilegt, að tekið væri innanlands til þessara framkvæmda, og ekki um erlend lán heldur. En ég verð aðeins að segja það, að ég er ekki svo bjartsýnn, að ég sé alveg viss um, að það sé hægt að láta stökkva upp úr steinum í einum hvelli það innlenda fjármagn, sem áætlað er til þess innlenda kostnaðar af þessu verki, því að ég hef allt aðrar hugmyndir viðkomandi fjárþörf þjóðfélags en sumir hv. þm. virðast hafa. Því að ég álít, að það geti komið fyrir, að eitt þjóðfélag bresti fjármagn til þess, sem það þyrfti að gera, alveg eins og einstaklinga. Ég hef ekki trú á, að hægt sé að leysa allar þarfir þjóðfélags með því að setja seðlaveltu í gang. Það eru einhver takmörk fyrir því, þó að hv. 2. þm. Reykv. tali oft þannig, eins og þarna séu engin takmörk, sem komi til greina. Ég hef hins vegar gert mér von um, að unnt væri að fá kannske innanlands það fjármagn, sem þarf til innlendrar notkunar við að reisa þetta fyrirtæki. En eins og ég sagði þessum hv. þm. áðan, er það svo, að eftir þeim áætlunum, sem fjárhagsráð þegar hefur gengið frá um gjaldeyrisöflun og gjaldeyrismeðferð á þessu ári, hef ég enga von um, að það takist að fá þetta fé á einu til tveimur árum. — Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að það væri einkennilegt, að þjóðin gæti ekki aflað gjaldeyris af eigin framleiðslu til fyrirtækis, sem borgaði þann gjaldeyri á einu ári. Það má kannske segja það. En hv. þm. verður að athuga það, að þessi sementsverksmiðja er ekki farin að framleiða til að borga okkur þann erlenda gjaldeyri, sem til hennar þarf, undir eins og fyrsti hornsteinn hennar er lagður. Það hafa sagt mér kunnugir menn, sem um þetta mál hafa rætt, að það mundi líða a. m. k. eitt til tvö ár frá því að gerður væri samningur um smíði vélanna og þangað til líkur séu til þess, að þær séu tilbúnar til afhendingar. En það þarf sennilega að greiða þær, a. m. k. að nokkru leyti, um leið og samningur er gerður um þær. Þannig að þó að ákveðið væri að hefjast handa um byggingu þessarar verksmiðju í ár, eða eftir því sem ástæður leyfa, þá er ekki hægt að búast við, að hún sé tilbúin fyrr en tveimur til þremur árum þar á eftir, eins og afgreiðsla gengur um alla hluti nú í veröldinni. Og ef samningar eru gerðir um að koma þessu í framkvæmd, verður að hafa þetta fé handbært. Og einmitt á þeirri sannfæringu okkar, að þetta fyrirtæki beri sig fjárhagslega, byggjum við það allir, að áhættulaust sé að binda í því erlent fjármagn, ef annars er ekki kostur, vegna þess að það muni á fáum árum endurgreiða þann gjaldeyri, sem til þess þarf, með sparnaði í innflutningi.

Það er því alveg óhugsandi, eftir því sem ég bezt veit, þó að byrjað yrði á þessu verki í ár, að því verði lokið á næsta ári, eins og hv. þm. vill þó vera láta. Ég held, að hlutirnir gangi ekki svo hratt fyrir sig í heiminum nú, þó að fylgt sé eftir eins og mögulegt er. — Af þessum ástæðum er það nú, sem ég sagði þessi orð áðan, að ég byggi það á þeirri áætlun, sem gerð hefur verið um þessi efni og innan skamms mun liggja fyrir hv. 2. þm. Reykv. eins og öðrum hv. þm. Og vegna þessarar óvissu m. a. um lánsútvegun teldi ég óheppilegt að fyrirskipa ríkisstj. að framkvæma þetta verk á ákveðnum tíma, bæði vegna þess, að ekki er enn þá búið að sjá fyrir þeim

erlenda gjaldeyri og því fjármagni, sem til þessa fyrirtækis fer, og við vitum ekki enn, hvort tekniskir möguleikar eru til þess að afla véla og annars til fyrirtækisins á þeim tíma, þegar Alþ. þóknaðist að setja ríkisstj. fyrir um að setja fyrirtækið upp. Og þess vegna tel ég réttara, að frv. verði, eins og það liggur fyrir nú, heimildarlöggjöf til ríkisstj., en ekki sem bein fyrirskipun. Þann stutta tíma, sem ég er búinn að sitja í ráðherrasæti, er ég búinn að fá nóg af gömlum fyrirskipunum um þetta og hitt frá undanförnum árum, sem nú er komið til, að átt hefði að framkvæma, en hefur vantað til ýmissa hluta af því afl þeirra hluta, sem gera skal, þó að hv. 2. þm. Reykv. vilji ekki taka slíkt alvarlega. Og ég verð að segja það, eftir þeim framkvæmdum, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að lægju fyrir ákvarðanir um frá Alþ., að þótt þær heyri ekki undir mitt ráðuneyti, þá vil ég óska, að þetta frv. verði samþ. í heimildarformi. En það er ætlun mín að framkvæma þetta fyrirtæki svo fljótt sem nokkur tök eru á, því að ég álít, að hér sé um fyrirtæki að ræða, sem liggi einna mest á að koma í framkvæmd af þeirri áætlun, sem gerð hefur verið um mál.

Ég get ekki svarað þessum fyrirspurnum hv. þm. ýtarlegar en ég hef gert. Áætlunina hef ég ekki í höndum nú, en hún mun koma fram fljótlega.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 20. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 73, n. 339, 366).

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er aðeins út af nokkrum þeim atriðum, sem komu fram hjá hæstv. atvmrh. og hv. þm. Rang., sem ég stóð hér upp.

Ég skil það ósköp vel hjá hv. 2. þm. Rang., að hann sé á móti því að hafa þetta annað en heimild, eins og hann túlkaði þetta mál í ræðu sinni, en það er grundvallarmismunurinn á skoðun minni og hans, að ég tel, að búið sé að gera fullnaðarrannsókn í þessum efnum, sem leitt hafi í ljós, að mögulegt sé að ráðast hér í sementsframleiðslu. Hér eru hráefnin fyrir hendi, sem þarf til þessarar framleiðslu, og mun óvíða í Evrópu þurfa eins lítinn tilkostnað í sambandi við þessa framleiðslu eins og hér á landi. Mér er kunnugt um það, að víða í nágrannalöndunum þarf að flytja hráefnið á flutningaböndum úr 40 km fjarlægð til verksmiðjanna, og sér hver maður, hvað slíkt hlýtur að vera dýrt miðað við að hafa ótakmarkað af hráefnum til staðar, þar sem verksmiðjan er staðsett og ekki þarf að flytja þau nema nokkra tugi metra eins og hér háttar í þessum efnum. Málið liggur því þannig fyrir frá mínu sjónarmiði, að það sé í alla staði mögulegt að leggja út í þessar framkvæmdir. Einasta vafaatriðið í þessum efnum kann að vera það, að við Íslendingar kunnum ekki að fara með þær vélar, sem nágrannaþjóðirnar eru búnar að koma upp hjá sér. Það hefur farið mikið í vöxt undanfarið í öllum löndum að byggja sementsverksmiðjur, og gerir hin aukna eftirspurn eftir slíkum vélum auðvitað okkur stórum erfiðara fyrir um útvegun þeirra. Sýnir þetta, hve nauðsynlegt er að ráðast í þetta fyrirtæki og gera vélapantanir sem fyrst, og það þarf mikla bölsýni til að álíta það vanhugsað og varhugavert fyrir okkur að hrinda þessu fyrirtæki af stað á sama tíma sem allar nágrannaþjóðir okkar keppast við að koma slíku upp. Ég fæ ekki betur séð en að allri undirbúningsrannsókn sé lokið, en hv. 2. þm. Rang. virðist hins vegar á þeirri skoðun, að hér sé ekki um annað að ræða en að ríkisstj. láti fara fram rannsókn á því, hvort það muni svara kostnaði að byggja sementsverksmiðju hér á landi. Hann telur, að slík rannsókn hafi ekki verið gerð, en það er ekki hægt fyrir hann að hafa þessa skoðun nema því aðeins, að hann álíti þá menn, sem unnið hafa að undirbúningi málsins, ómerka fleiprara, en þeir hafa lýst yfir og lagt við embættisheiður sinn, að þessum spurningum sé svarað og það játandi. Hitt er annað mál, að ef hv. 2. þm. Rang. vill halda því fram, að þessar rannsóknir séu ófullkomnar eða óáreiðanlegar, er eðlilegt, að hann vilji, að frv. sé borið fram í heimildarformi til þess að ríkisstj. fari ekki út í þessar framkvæmdir þegar í stað, og að tilgangur frv. sé að láta þessa rannsókn fara fram, þar sem hann telur, að undirstöðurannsókn sé enn ógerð. Þá rannsókn er hins vegar búið að gera, en það eru aðrar rannsóknir, sem ekki er búið að gera, svo sem nákvæmar teikningar og ákvörðun um fyrirkomulag á verksmiðjulóð o. fl., sem að vísu er töluvert verk, en mundi þó aldrei taka eins langan tíma og að bíða eftir vélunum, frá því að þær hafa verið pantaðar.

Þá sagðist hv. 2. þm. Rang. hafa haft slæma reynslu af því, hvernig áætlanir verkfræðinga reyndust og hve þær færu fram úr áætlun. Nefndi hann í því sambandi Skeiðsfossvirkjunina og síldarverksmiðjurnar, og hygg ég, að þau dæmi hafi verið valin með tilliti til mín. En það er nú svo, að það er vitanlega ekki á færi verkfræðinga og engin sanngirni að ætlast til þess, að þeir geti séð fyrir þær verðlagsbreytingar, sem verða almennt. Það getur t. d. vel svo farið, að þótt áætlað sé, að bygging sementsverksmiðju kosti um 15 millj. kr., að raunverulegur kostnaður hennar verði um 30 millj., en það er þó ekki þar með sagt, að afkomumöguleikar hennar verði neitt verri fyrir það. Og ef kostnaðurinn fer svo langt fram úr áætlun vegna almennra verðlagsbreytinga eða að gildi peninga hafi breytzt, getur svo farið, að afkomumöguleikar hennar verði enn betri. — Um annað dæmið, sem hv. 2. þm. Rang. tilnefndi, sem sé það, að kostnaður Skeiðsfossvirkjunarinnar, sem áætlaður var í fyrstu 6 millj. kr., reyndist helmingi hærri, eða 12 millj., er það að segja, að afkomumöguleikar þessarar virkjunar með þessum háa kostnaði eru mun betri en þeir áttu að vera samkv. 6 millj. kr. áætluninni, vegna þess að tekjumöguleikarnir með hækkuðu rafmagnsverði hafa fyllilega fylgzt með — og meira en það, því að verulegur þáttur þarna voru vélarnar, sem voru keyptar það snemma, að verðlagshækkunin kom aðallega á byggingarkostnaðinn, en þessi virkjun var byggð á mjög miklum breytingatímum, og við vitum ekki, hvort þeir tímar eru liðnir eða ekki. Það eru margir, sem óska þess, að

þessi bylgja vaxandi verðlags stöðvist, a. m. k. hér á landi. En það er nú svo, að verulegur hluti af nauðsynjum einstaklinga hér á landi er ákveðinn hvað verðlag snertir erlendis frá, og við verðum því að fljóta þar með og getum ekkert þar við ráðið. Ég er hins vegar sannfærður um það, að þótt byggingarkostnaður sementsverksmiðjunnar fari svipað fram úr áætlun og kostnaður Skeiðsfossvirkjunarinnar, þá eru engar líkur til þess, að verð á afurðum verksmiðjunnar fylgist ekki algerlega með þeim verðlagsbreytingum, sem valda verðhækkun, þannig að afkomumöguleikar hennar ættu að vera svipaðir eins og Skeiðsfossvirkjunarinnar, sem — eins og ég sagði áðan — hafa ekki orðið verri þrátt fyrir þessa hækkun á byggingarkostnaðinum. Og það er dálítið skrýtið sjónarmið hjá hv. 2. þm. Rang., að framkvæmdum sé bezt borgið með því að bíða með þær, unz hægt er að gera áætlanir upp á eyri. Við getum rakið alla okkar atvinnuframkvæmdasögu og hvarvetna séð dæmi um það, að þeir, sem hafa haft þennan hugsunarhátt, hafa jafnan beðið stærstan skaða af seinlæti sínu. Þó að sementsverksmiðja, t. d., sem reist hefði verið 1938, hefði að kostnaði til farið 200% fram úr áætlun, hefði sá kostnaður ekki orðið nema ⅓ af því fé, sem nú yrði að greiða fyrir slíka verksmiðju. Það ber því fyrst og fremst að athuga, hvort fyrirtækið er þjóðfélagsleg nauðsyn og hvort nægilegt vinnuafl sé fyrir hendi til framkvæmda, og sé svo, þá að ráðast í það. Hvað viðvíkur síldarverksmiðjubyggingunum, vildi ég benda á, að það er kannske mesta gæfan, að ráðizt var í þær svo snemma og framkvæmdum hraðað, þótt þær færu fram úr áætlun. T. d. fengust vélar til þeirra árið 1945 fyrir helming þess verðs, sem orðið hefði að greiða nú. Og það mundi koma í ljós, ef reisa ætti slíkar verksmiðjur nú, að þótt verksmiðjurnar á Siglufirði og Skagaströnd yrðu dýrari en ætlað var, þá væri sá kostnaður lítill á móts við það, sem nú yrði, og ef sú gæfa fylgdi á eftir, að við fengjum góða síldarvertíð á næsta sumri, mundu þær alveg borga sig gjaldeyrislega og jafnvel mikið af kostnaðinum við að reisa þær.

Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang. hvað snertir sementsverksmiðjuna, að það standi eins á um hana og áburðarverksmiðjuna. Þar voru ótal atriði, sem ekki var búið að rannsaka, til dæmis það, sem veigamest var, að ekki var rannsakað til fulls, hvers konar áburð væri þýðingarmest að framleiða. Þar vantaði allt. Nú kann að vera, að hyggilegt hefði verið að ráðast í byggingu áburðarverksmiðju, en þá stóð öðruvísi á en nú um sementsverksmiðjuna, þar sem rannsóknir hafa verið öll meginatriði og fagmenn okkar hafa átt kost á að kynna sér málið ýtarlega.

Enda þótt verðlag breytist og verð hækki, eru engin hyggindi í því að halda að sér höndum. Við verðum að halda áfram að byggja upp atvinnutækin, hvað sem því líður. Þetta trúleysi og vonleysi, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Rang., hefur þegar valdið okkur óbætanlegu tjóni í sambandi við allar mögulegar framkvæmdir, sem við höfum verið að velta fyrir okkur áratugum saman. Til dæmis fóru fram undirbúningsrannsóknir í þessu máli fyrir árið 1935 og ríkisstj. það ár falið að láta framkvæma þær. Þær rannsóknir leiddu hið sama í ljós í málinu og nú er fram komið, svo að þær rannsóknir, sem nú hafa verið gerðar, hafa þess vegna orðið miklu léttari. Við bættum því ekkert fyrir málinu með því að velta því fyrir okkur svo lengi. Og ef hæstv. atvmrh. hefur áhuga fyrir að leysa málið, sem ég efast ekki um, þá stendur hann ólíku betur að vígi, ef hann fær um það fyrirmæli í ákveðnu formi frá þinginu heldur en heimild eina. Hæstv. atvmrh. ætti að vera mér þakklátur fyrir till. og fylgja henni.

Hæstv. atvmrh. taldi nauðsynlegt að taka erlent gjaldeyrislán til þessara hluta. En eins og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði, er ekki rétt að fara inn á þá braut fyrr en áætlun liggur fyrir um gjaldeyrisöflun okkar og hve miklu af gjaldeyrinum við þurfum að verja til daglegs brauðs og hve miklu við getum varið til bygginga á atvinnufyrirtækjum. Þá fyrst, er það er komið á daginn, að um raunverulega gjaldeyrisþörf sé að ræða, koma lántökur til greina. Ég er svo annars sammála hæstv. atvmrh. um það, að sé gjaldeyrir ekki fyrir hendi til þessara framkvæmda, sé rétt að taka lán.

Hæstv. atvmrh. minntist á, að ríkisstj. vildi ekki fara inn á þá braut að prenta peningaseðla til þess að afla innlends fjár til þessara framkvæmda, eins og hv. 2. þm. Reykv. talaði um, og lái ég honum það ekki, ef hann heldur, að með því sé átt við það að reisa verksmiðjuna úr tómum seðlum. Spurningin er fyrst og fremst um vinnuaflið, og á Vestfjörðum eru hendur í hundraðatali til þess að vinna þetta verk. Seðlaveltan á hverjum tíma verður svo að vera í samræmi við það vinnuframboð, sem í landinu er, ef hún á að miðast við það að halda öllum vinnufærum mönnum að starfi.

Eina vandamálið verður þá gjaldeyririnn. Höfum við hann? Og ef svo er ekki, hvernig fáum við þá lán? Hitt sjá allir heilvita menn, að það borgar sig að láta atvinnulausar hendur koma upp arðbærum fyrirtækjum, og það er óþarft að vera að rugla og flækja svo ljóst mál með háfleygum hagfræðiskýringum um peningapólitík og seðlaveltu.

Það kom ekki greinilega fram í ræðu hæstv. atvmrh., og ég vænti þess, að hann gefi upplýsingar um það, hvort sementsverksmiðjan hefur verið tekin inn í fjárfestingaráætlun fjárhagsráðs eða ekki. Ef svo er ekki, verður Alþ. að skera úr því, hvort hún skuli reist, og því er brtt. mín fram komin, að það er nauðsynlegt, að sá úrskurður verði sem skýrastur, ef þdm. ætla að vera vissir um, að ráðizt verði í þessar framkvæmdir, en ekki fari enn á sömu leið og 1935, að við verðum enn að velta málinu fyrir okkur í 5—10 ár og eyðum erlendum gjaldeyri tugmilljónum saman til sementskaupa. Þm. verða hér að taka alveg af skarið og ákveða að reisa verksmiðjuna. Þetta er svo þýðingarmikið skref til að skapa hér stóriðnað, að við megum ekki við því að eyða fleiri árum í tómar bollaleggingar um það, hvort rétt sé að ráðast í það eða ekki, heldur ber að viðurkenna almennar staðreyndir, er fyrir liggja, og ákveða, að verksmiðjan skuli reist.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, þar sem hæstv. atvmrh. hét því í ræðu sinni, að áætlun fjárhagsráðs mundi verða útbýtt fljótlega hér á Alþ., að frestað yrði umr. um þetta mál, því að erfitt er að ræða það raunhæft unz sú áætlun liggur fyrir.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil skjóta því til hv. þm. Siglf. (ÁkJ), hvort honum finnist ekki rétt, þar sem þetta er 2. umr. um málið, að taka till. sína aftur til 3. umr. Það mundi verða til þess að hraða afgreiðslu málsins, en nauðsynlegt, að hún verði sem greiðust, og hætta á, að öll töf yrði því til óþurftar, enda gerði þá iðnn. slíkt hið sama.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi heldur, að 2. umr. yrði frestað, því að ef þm. fá áætlun fjárhagsráðs, verða væntanlega talsverðar umræður um málið á þeim grundvelli, og væri eðlilegt, að þær yrðu þá við 2. umr. Ég sé ekki, að það mundi verða til að tefja málið, heldur mundi það þvert á móti tryggja framgang þess.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég get ekki skilið annað, ef hv. þm. sósíalista hafa þann áhuga fyrir þessu máli sem þeir vilja vera láta, en þeir geti gengið inn á till. hv. frsm. iðnn., því að það er frekar til að tefja málið að fresta 2. umr. þar til áætlun fjárhagsráðs liggur fyrir, og betra að hafa þá heldur þokað því einum spöl lengra en skemmra.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þar sem úrskurður forseta er ekki fallinn um það, hvort umr. skuli frestað, en ég gæti búizt við, að hann yrði á þá lund, að annað yrði ástæðulaust en þeim yrði haldið áfram, vil ég segja nokkur orð við hv. þm. Siglf. — Hv. þm. talar um grundvallarmun á mínum skoðunum og sínum, og er það rétt. Hann litur allt öðrum augum á framkvæmdir en ég. Það er aukaatriði frá hans sjónarmiði, hvort fyrirtæki kostar 15 eða 30 millj., og að því leyti get ég undirstrikað það, að á skoðunum okkar er grundvallarmunur. Frá mínu sjónarmiði er það höfuðatriði að tryggja fyrirtækið fjárhagslega og sjá í upphafi endinn. Ef ráðizt er í fyrirtæki, sem á að kosta 15 millj., en það verða svo 30 millj., verður það ekki aukaatriði fyrir ríkisstj., sem á að greiða fé. Og það yrði heldur ekkert aukaatriði fyrir hv. þm. Siglf., ef hann ætlaði að ráðast í fyrirtæki með eina millj. í höndunum, en kæmi svo á daginn, að hann yrði að greiða tvær. Hann mundi þá bæði verða ráðþrota og gjaldþrota.

Hv. þm. Siglf. varð á unga aldri ráðh. og fékk þannig mikil og góð tækifæri til að verða þjóð sinni að liði. En störf hans hefðu orðið þjóðinni til meiri nytsemdar, ef þetta sjónarmið hefði ekki verið jafnríkjandi hjá honum, að kostnaðarhliðin á framkvæmdum væri aukaatriði, því að það er síður en svo, að það sé nokkuð einkennilegt sjónarmið, þótt um það sé hugsað, áður en byrjað er á fyrirtæki, að sjá því fyrirtæki fjárhagslega borgið.

Hv. þm. Siglf. telur öllum undirbúningi lokið og nánari athuganir alveg óþarfar áður en hafizt er handa, og í samræmi við þessa skoðun flytur hann brtt., þar sem hann vill gera lögin um verksmiðjubyggingu að skyldulögum. Mér þykir leitt, að hv. þm. skuli ekki hafa lært meira af reynslunni en raun ber vitni um. Hann nefndi aðeins tvö dæmi í gær um framkvæmdir, sem hefðu orðið fjárfrekari en gert var ráð fyrir, Skeiðsfossvirkjunina og síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði. Sagði hann, að Skeiðsfossvirkjunin hefði ekki orðið nema helmingi dýrari en áætlað var, og þótti það engin fjarstæða, þar sem miklar verðhækkanir hefðu orðið á því tímabili, sem framkvæmdir stóðu yfir. En kostnaðurinn varð bara enn meiri en þeim hækkunum nemur og framkvæmdirnar mun meira en helmingi dýrari, þar sem upphaflega var reiknað með 6 millj., en kostnaður er kominn hátt á 15. millj. Siglufjarðarbær á því mjög erfitt með að standa undir virkjuninni og hefur verið í vandræðum með stofnkostnaðinn og orðið að leita á náðir ríkisins til þess að standa straum af rekstrinum. Ég sé því ekki, að hv. þm. Siglf. hafi neina sérstaka ástæðu til að lýsa gleði sinni yfir þessu, og það eru mér vonbrigði, hve lítið hann virðist hafa lært af þessari illu reynslu. Síldarverksmiðjurnar, sem reistar voru í hans tíð, voru þörf fyrirtæki, og ber ekki að lasta það út af fyrir sig, að þær voru reistar. En það hefði mátt koma þeim upp fyrir minna fé, ef allt hefði verið betur undirbúið og hugsað í upphafi. Það er ekki undarlegt, þó að hv. þm. Siglf. hafi gert þetta, af því að hann var sannfærður um það þá, sem hann er sannfærður um enn þá, að þau drög að áætlunum, sem lögð voru fyrir hann, væru rétt og nákvæm.

Hann talar um það, að byggingar hinna nýju síldarverksmiðja á Siglufirði og Skagaströnd hafi farið fram úr áætlun vegna þess, að vinnulaun hafi hækkað. En þær fóru meira fram úr áætlun en sem nemur þeirri hækkun. Eða voru síldarverksmiðjur þessar ekki upphaflega áætlaðar 18 millj. kr.? Það minnir mig. Á öðru stigi voru þær áætlaðar 27 millj., og á þriðja stigi held ég, að þær hafi komizt upp í 40—42 millj. kr. Ég er ekki viss upp á milljón, man það ekki, en það er aukaatriði í þessu sambandi, því að kostnaðurinn við þessar verksmiðjur tvöfaldaðist ekki aðeins, miðað við fyrstu áætlanir, heldur liggur nærri, að margfalda megi fyrstu áætlun með tveimur og hálfum til að fá út kostnaðarverð verksmiðjanna.

Það mætti nú ætla, að hv. þm. Siglf. hefði eitthvað af þessu lært og ástæðulaust væri fyrir hann að tala um bölsýni hjá þeim, sem vilja athuga þetta mál með sementsverksmiðjuna með gaumgæfni og fá úr því skorið, hvort málið sé eins vel og heppilega undirbúið og hægt er og ekki sé hægt að gera það betur. Að fenginni reynslu í byggingu verksmiðja er síður en svo undarlegt, þó að hér komi fram raddir um, að sjá verði fótum sínum forráð í þessum efnum umfram alla muni. Ég lýsti yfir því hér í gær, að ég vildi, að hv. ríkisstj. sæi sér fært að ráðast í þessa framkvæmd og byggja sementsverksmiðjuna, og hv. atvmrh. hefur nú lýst yfir því, að það verði gert, ef fært þyki eftir fullnaðarrannsókn. Það er þessi yfirlýsing, sem iðnn. hefur

látið sér nægja, að fela ríkisstj. málið og heimila henni að ráðast í framkvæmdir, ef það er talið heppilegt, í stað þess að æða út í eitthvert fen að lítt rannsökuðu máli. Hitt er aðeins til að heimska sig á, að skipa ríkisstj. að framkvæma verk, sem ef til vill er ekki unnt að framkvæma. Hv. þm. Siglf. ætti ekki sem fyrrv. atvmrh. að láta sér sæma að koma með slíkar áskoranir. Hvaða þm. öðrum en þá honum dettur í hug, að nokkur möguleiki sé á því að hefja byggingu þessarar verksmiðju á næsta sumri, þar sem hvorki er farið að gera nokkrar teikningar af henni né hefja annan undirbúning að byggingunni? Og samt vill hv. þm. setja inn í 1. gr. fyrirskipun um, að byggingin skuli hafin á þessu ári.

Sem sagt, ríkisstj. hefur lýst yfir því, að hún muni ráðast í þá framkvæmd, sem hér um ræðir, ef það reynist hægt við nánari rannsókn. Það látum við okkur nægja, sem viljum, að málið nái fram að ganga. Ég efast ekki um, að almennur vilji er fyrir þessari verksmiðjubyggingu, ef rétt er talið frá þjóðhagslegu sjónarmiði að reisa hana. Til huggunar hv. þm. Siglf. vil ég segja það, að ég er því eindregið fylgjandi, að rannsóknum verði hraðað svo fyrir næstu áramót, að framkvæmdir geti hafizt árið 1949, ef rannsóknirnar hafa leitt í ljós, að heppilegt er talið að ráðast í þetta. Og er þá ekki betra að bíða í nokkra mánuði og rasa ekki um ráð fram? Þannig hugsa þeir, sem vilja tryggja fyrirtækið fjárhagslega, um leið og ráðizt er í það. Ríkisstj. þarf m. a. að athuga gjaldeyrismöguleikana. Það þarf 7—8 millj. í erlendum gjaldeyri, og það þarf að athuga, hvort það fé fæst af tekjum þjóðarinnar eða taka þarf það að láni. Svo þarf aðrar 7—8 millj. fyrir innlenda vinnu, og athuga þarf, hvort þær þarf að taka að láni í Landsbankanum eða hvort hægt er að leggja þær til hliðar af tekjum ársins. Hv. þm. Siglf. talaði svo spaugilega um peningamálin í þessu sambandi, að mér datt í hug grein, sem ég las um Hitler einu sinni, þó að annars sé líku saman að jafna, en þar segir, að ráð Hitlers til að leysa peningavandræði hafi bara verið að láta alltaf prenta meiri og meiri peninga. Ég álít nú raunar ekki, að prenta þurfi nýja peninga vegna þessarar verksmiðju. Ég álít, að við höfum nægilegt fjármagn til að standa undir innlenda kostnaðinum, en það er meira vafaatriði með erlenda gjaldeyrinn; það eru margar dýrar framkvæmdir á döfinni á næstu árum.

Ég held nú, að hv. þm. Siglf. ætti að láta sér nægja, að þetta frv. verði samþ. sem heimildarlög. Og í sannleika sagt býst ég við, að hann væri jafnnær, þó að till. hans væri samþ. Því að þótt hann fengi till. sína samþykkta, væri jafnvafasamt, að unnt væri að framkvæma hana, eins og þó að hún hefði aldrei verið samþykkt. Það liggur fyrir yfirlýsing frá ríkisstj. um, að ráðizt verði í byggingu þessarar sementsverksmiðju, ef talið sé þjóðhagslega rétt að gera það. Þessu máli er fylgt eftir með þunga, og ríkisstj. hefur hvorki vilja á að svæfa það né sér sér það fært. Og ég er á sama máli og hv. þm. Siglf. um, að þetta fyrirtæki eigi að setja á stofn, og það sem fyrst, þegar fullnaðarúrskurður hefur verið felldur um það, að það sé þjóðhagslega rétt að ráðast í það.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Rang. hreinskilni hans. Mér skilst, að við séum ekki sammála. Hann segir, að þeir vilji ekki samþykkja till. mína, af því að þeir vilji staldra við í málinu. Það er gott að fá þetta fram. Það sýnir muninn, sem er á till. minni og frv. Á að staldra við eða byggja á þeim rannsóknum, sem fyrir liggja og leitt hafa til jákvæðs árangurs? Um það snýst málið nú. Það á að staldra við í málinu til að sjá fótum sínum forráð! Það hefur nefnilega aldrei verið risið gegn neinum verksmiðjubyggingum hér á landi nema með þessari einu mótbáru, sem hefði líka komið í veg fyrir allar verksmiðjubyggingar, ef hún hefði alltaf verið tekin til greina. Það hafa svo sem allir verið með verksmiðjubyggingum, en bara viljað sjá fótum sínum forráð. Ég býst við, að þessi viðbára hafi stoppað byggingu þessarar sementsverksmiðju fyrir stríð, og nú er orðið þrefalt eða fjórfalt sinnum dýrara að reisa hana, og það getum við þakkað því, að hinir varkáru fengu að ráða.

Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að það væri aukaatriði, hvort verksmiðjan kostaði 15 eða 30 millj. Það sagði ég ekki. En ég sagði, að við gætum ekki farið að stöðva framkvæmdir af þeirri sök, að við vissum ekki nákvæmlega, hver kostnaðurinn yrði, því ef við ættum ávallt að stoppa við unz öruggt væri, að engir áætlaðir kostnaðarliðir gætu haggazt, — ja, þá legðum við bara aldrei í neinar framkvæmdir. Frá því að vélarnar í nýju verksmiðjurnar á Skagaströnd og Siglufirði voru t. d. keyptar, hefur verð á slíkum vélum aukizt nærri því um helming og kaupgjald hækkað, svo að í því tilfelli hefði ekki reynzt hyggilegra að bíða og bíða. Til þess að standa fyrir byggingu þessara verksmiðja voru valdir hinir beztu kunnáttumenn, sem þjóðin átti kost á á því sviði, menn eins og Þórður Runólfsson, viðurkenndur vélaverkfræðingur, Snorri Stefánsson verksmiðjustjóri, sem manna lengst hefur starfað hér við síldarverksmiðjur, eða síðan 1911, og loks Magnús Vigfússon og Trausti Ólafsson, sem manna bezt hefur fylgzt með síldarverksmiðjubyggingum síðan 1931. Enda var fullt samkomulag milli mín og stjórnar síldarverksmiðja ríkisins um, að þetta væru hinir beztu fagmenn, sem hægt væri að fá, og allir voru sammála um að bíða ekki í hálft ár eftir áætlunum. Það, að verksmiðjurnar urðu dýrari en ella, var af því, að verkinu var hraðað óeðlilega mikið, og það var aftur gert í því skyni, eins og kunnugt er, að þær gætu orðið tilbúnar á síldarvertíðinni 1946. Byggingarnefndin telur, að henni hafi tekizt að gera verksmiðjurnar svo úr garði, að þær væru tilbúnar á þessari vertíð. Síldarverksmiðjustjórnin eða Sveinn Benediktsson telur hins vegar, að það hafi ekki tekizt. Úr því fékkst ekki skorið til fulls, því miður, því að það kom engin síld sumarið 1946. Ef síld hefði borizt til vinnslu þá í þessum verksmiðjum, hefðu e. t. v. sparazt 4—6 millj. kr., og þessi kostnaður hefði margfaldlega borgað sig.

Skeiðsfossvirkjunin á Siglufirði fór rösklega

100% fram úr áætlun, svo að Siglufjarðarkaupstaður hélt því fram, að áætlanirnar hefðu verið skakkar og þess vegna hefði verkið farið svo mjög fram úr áætlun. Á þessum grundvelli fór Siglufjörður í mál, en gerðardómur taldi áætlanirnar hafa staðizt, en verkið aðeins hafa farið svo langt fram úr áætlun vegna verðhækkana. Siglufjarðarkaupstaður tapaði því þessu máli, en áætlanirnar þóttu hafa staðizt, og er þó verra að áætla raforkuver en sementsverksmiðju, sem er vel þekkt fyrirtæki, eins vel þekkt og síldarverksmiðja. Ástæðan til þess, að nýju síldarverksmiðjurnar urðu dýrari en gert hafði verið ráð fyrir, voru þær, að verðlag hækkaði, og það réð byggingarnefndin ekki við. Og svo er aukakostnaðurinn, sem ég minntist á áðan, sem varð af því, að verið var að hraða byggingunni fyrir síldarvertíðina. Það er rangt hjá hv. 2. þm. Rang., að fyrst hafi verksmiðjurnar verið áætlaðar 18, þá 27 og loks orðið 40—42 millj. Þetta er rangt, því að engar áætlanir voru gerðar um það. En það liggur fyrir áætlun, sem Jón Gunnarsson gerði 1943, um verksmiðju með 10 þúsund mála meðalafköst upp á 16 millj. kr. Reynslan hefur sýnt, að nýja Siglufjarðarverksmiðjan kostaði innan við 20 millj., og ef byggja ætti sams konar verksmiðju nú, yrði hún mjög miklu dýrari. Verksmiðjan á Siglufirði hefur afkastað 10 þúsund málum í vetur og komizt á tólfta þúsundið, en alltaf þarf að vera að breyta gömlu verksmiðjunum og gera við þær. SRN hefur alltaf öðru hverju verið stopp, SRP hefur tæplega skilað hálfum afköstum, afköst SRN hafa verið 3—4 þúsund mál að jafnaði, þegar hún hefur verið í gangi, en sjaldan komizt í 5 þúsund mál, eins og hún er þó gerð fyrir, en SR 30 hefur ein verið í góðu lagi af gömlu verksmiðjunum. Rekstrarkostnaður nýju verksmiðjunnar er ódýrari en hinna gömlu, og ef við hefðum nóg af nýjum verksmiðjum, yrði það ekki talið borga sig að reka þær gömlu. Varðandi nýju verksmiðjuna á Siglufirði stendur þannig fullyrðing gegn fullyrðingu, en Siglfirðingar hafa þreifað á því í vetur, hvers virði hún er, og sjómenn og útgerðarmenn eru farnir að gera sér það ljóst. Ég læt því núv. ríkisstj. um að byggja betur verksmiðju, þó að ég þakki sjálfum mér ekki, heldur því, að valdir voru menn til að standa fyrir byggingunni, sem bezt voru til þess fallnir. En eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Rang. áðan, er hér um það að ræða, hvort byggja skuli strax sementsverksmiðju eða staldra við. Hann velur síðari kostinn. Ég álít, að nægileg rannsókn sé fyrir hendi. Á kannske að staldra við í 12 til 14 ár enn þá, eða á að reisa sementsverksmiðjuna strax? Út um það verður gert nú.

Einar Olgeirsson: Ég sé, að þessu máli verður ekki frestað nú, eins og ég vildi.

Ég ætla þá að svara ræðu hv. atvmrh. frá því í gær. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að áætlun sú, er hann talaði þá um, hefur hvergi komið fram enn þá. Það virðist helzt vera, að sá háttur hafi verið upp tekinn, að einstakir menn úr fjárhagsráði hlaupi með hinar og þessar áætlanir í allar áttir og ólíklegustu stofnanir áður en Alþ. á þess kost að sjá þær, sem hefur þó meiri rétt til þess. Með innflutningsáætlunina er farið á verzlunarráðsþingið, án þess að sú innflutningsáætlun hafi verið lögð fyrir fjvn. eða þingið. Og hvað snertir þá áætlun, þá virðist hún vera hreinasta ómynd og raunverulega engin áætlun, a. m. k. eins og hún hefur verið birt í blöðunum. Hins vegar verð ég að lýsa yfir því, að ég álít, að það sé óhæf aðferð, sem nú er viðhöfð gagnvart Alþ., að útbýta ekki þessari áætlun til þingsins. Ég veit, að hæstv. atvmrh. (BÁ) segir það í góðri trú, að í gær hafi verið farið að útbýta þessari áætlun til fjhn. En hún er ekki komin til fjvn. enn þá, en það er farið að sýna hana hinum og öðrum mönnum utan fjárhagsráðs og einstökum þm. Það þýðir það, að farið er með plögg, sem ætti að leggja fyrir þ., til einstakra manna. Það þýðir það, að l. eru brotin. Ég vil átelja þetta fyrirkomulag og sérstaklega vegna þess, að hæstv. atvmrh. og sessunautur hans, hæstv. menntmrh., hafa báðir staðið í þeirri meiningu, að búið væri að útbýta þessari áætlun. Þetta getur ekki gengið. Það er krafa þm. að fá þessa áætlun.

Ég hef nokkrum sinnum skorað á þann þm. þessarar hv. d., sem á sæti í fjárhagsráði, að gera grein fyrir þessum málum, en hann hefur kosið að flýja og samtímis að fara með þessa áætlun, sem fjárhagsráð hefur verið að semja, sem eitthvert dularfullt plagg. Ég hef orðið var við það, að blað Framsfl. er ekki ánægt með þessa aðferð, og ég þykist vita, að ekki sé samkomulag um þetta. Mér finnst það sízt sitja á þeim þm., sem hér á sæti í fjárhagsráði, að draga svo á langinn að leggja þessar áætlanir fyrir þ. Hann reis ekki svo lágt í fyrra, þegar verið var að undirbúa l. um fjárhagsráð, en hann var einn í þeirri n. Í þeim l. var sagt svo í 3. gr., 2. mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.“

Í því frv., sem hv. þm. Ísaf. (FJ) undirritaði fyrir hönd stj., er gert ráð fyrir hvorki meira né minna en því, að í fjárhagsáætluninni fyrir árið 1948, sem skuli verða til um leið og fjárlfrv., skuli vera gerð áætlun um hverja framkvæmd, bókstaflega hverja framkvæmd.

Ég sé, að hv. þm. Ísaf. er þarna inni í hliðarherberginu. Ef hann skyldi ekki hafa heyrt mál mitt, var ég að tala um undirbúninginn að frv. um fjárhagsráð. Ég vakti athygli á því, að það mundi verða örðugt að ætla að setja svona nákvæmar kröfur. Þess vegna stakk ég upp á því, að gerðar væru áætlanir um stóru framkvæmdirnar. Nú hefur það gengið svo með áætlun um stærri framkvæmdir, að hún er ekki einu sinni farin að koma. Sú áætlun, sem stj. fullvissaði okkur um, að væri til, með hana er farið eins og huldubörn, og virðist verða að toga hana með töngum úr stj. til þess að hún komi fram. Nú veit ég, að þegar þessi áætlun að lokum kemur fram, þá mun verða sagt: Já, það er ekki hægt að byrja á framkvæmdum sementsverksmiðju, vegna þess að það vantar vélar. Hvað þýðir

þetta? Það þýðir það, að ekki er hægt að skapa sér nýtt heildaryfirlit yfir þjóðarbúskapinn 1948. Einnig viðvíkjandi þessum stóru atriðum er óhjákvæmilegt, að um leið og áætlun er gerð fyrir árið 1948, sé einnig gerð áætlun fyrir lengri tíma um þau stóru fyrirtæki, sem sérstaklega er gert ráð fyrir að reisa. Peninga, sem þjóðin ætlar að leggja til hliðar, þarf hún að spara saman á meira en ári. Hún þarf að spara fyrir vélum, sem þurfa 2—3 ára pöntunarfrest. Ég held þess vegna, að þeir, sem hafa hugsað út aðferðir til þess að búa út áætlanir fyrir allar framkvæmdir, ættu að hugsa um það að búa út áætlanir fyrir lengri tíma um þessar stóru framkvæmdir, vegna þess að það getur tekið langan tíma að undirbúa þessar framkvæmdir. Þetta hélt ég, að þeim mönnum, sem á annað borð hugsa alvarlega um áætlunarbúskap, væri ljóst og út af því gerði ég þá till., að áætlanirnar væru tvenns konar. Þessar brtt. voru á þskj. 725 og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk ráðsins skal vera að semja og framfylgja heildaráætlunum um þjóðarbúskap Íslendinga. Séu áætlanir tvenns konar:

1. Áætlanir um nýsköpun íslenzka atvinnulífsins fyrir ákveðin tímabil, 5—10 ára, eftir nánari ákvörðun laga þessara, ríkisstjórnar og ráðsins.

2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn."

Þessi till. mín var felld.

Stjórnarliðið sá ekki ástæðu til að búa til slíka áætlun. Nú finnst hæstv. atvmrh., að þetta þurfi að ákveða fram í tímann. Þetta er alveg rétt. Till. um þetta lagði ég fram í fyrra, og þá var hún felld af stj. og hennar fylgifiskum. Mér þykir leitt, ef stj. þarf að vera í mörg ár að læra það, sem hún hefði getað lært strax af því litla, sem reynt hafði verið að undirbúa í nýbyggingarráði. Ég held þess vegna, að það væri ráð fyrir hæstv. ráðh. að taka upp till. mína og undirbúa áætlun fyrir lengri tíma og svo fyrir hvert ár í senn. Eitt mun reka sig á annars horn, ef þessi háttur verður ekki hafður á. Mér þykir leitt, að ekki hefur verið haft almennilegt verklag um undirbúning á þessu. Þá þykir mér leitt að þurfa að ræða þessi mál án þess að hafa getað fengið þá stóru fjárhagsáætlun, sem átti að hafa verið búið að leggja fram.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á það, að ekki væri rétt að hrópa svona hátt á þessa áætlun. Hann og aðrir góðir menn hefðu haft svo mikla biðlund gagnvart nýbyggingarráði, að hægt væri að ætlast til, að ég hefði líka nokkra biðlund.

Þegar l. um nýbyggingarráð voru samþykkt og reglugerð viðvíkjandi þeim, gerðu þeir, sem l. og reglugerðina settu, sér alveg grein fyrir því, hvers konar verkefni þeir væru að leggja út í. Verkefnið var tvíþætt. Annars vegar að semja áætlun um þjóðarbúskapinn til 5 ára, en jafnframt að framkvæma þessa hluti, stóru framkvæmdirnar. Og af því að ég átti þátt í þessu, og af því að ég sá, hve mikið ólag er á öllu, sem snertir hagskýrslur á Íslandi, þannig að þeir, sem vildu vita um afla, urðu að fara í gegnum heilan stafla af skýrslum, þá var sleginn varnagli við þessu í reglugerðinni. En þar segir í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Samtímis því, sem nýbyggingarráð vinnur að samningu slíkrar heildaráætlunar um nýbyggingu í þjóðarbúskapnum, sem um ræðir í 1. gr., getur það, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar og í samráði við hana, leitað fyrir sér um kaup slíkra atvinnutækja erlendis og enn fremur haft um það milligöngu fyrir þá aðila, er þess óska. Skal eigi beðið með slíka umleitun þar til heildaráætlun er lokið, heldur þegar rannsakað í samráði við ríkisstjórnina, hvað hægt sé að fá af tækjum og efni og hvenær."

Jafnhliða þessu er nýbyggingarráði falið að ráðstafa vörudreifingu og í 5. gr. reglugerðarinnar er síðan tekið fram, hvernig ráðstafa skuli í höfuðatriðum því fé, sem nýbyggingarráði var fengið til umráða.

5. gr., sem ég skal lesa með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo:

„Þessir skulu vera höfuðflokkar atvinnutækja og eftirgreindar fjárhæðir áætlaðar til þeirra til bráðabirgða:

1. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl. samtals a. m. k. 200 milljónir króna.

2. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerðar, skipasmíða o. fl. um 50 millj. króna.

3. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbúnaðarafurða, jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl. um 50 milljónir króna.

Nýbyggingarráð skal þegar eftir fyrstu bráðabirgðaathugun á verkefni sínu gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um fleiri flokka tækja og efnivara, svo sem til bygginga, og um nánari skiptingu fjár milli þessara flokka."

Í þeirri reglugerð, sem nýbyggingarráð hafði til að vinna eftir, var í höfuðdráttum skipt upp, hvernig verja skyldi þessu fé, og ráðinu falið að gera í höfuðdráttum áætlun.

Ég lagði á það áherzlu, að aðalatriðið væri að fá þessar framkvæmdir fram, að framkvæmdirnar væru þýðingarmeiri en áætlanir. Þess vegna var það, að áður en nýbyggingarráð var búið að sitja meira en ár, var búið að gera ákvörðun eins og það að kaupa 30 togara og aðrar slíkar ákvarðanir, sem stj. hafði falið nýbyggingarráði að gera. Og ég vil spyrja þá aðila, sem álasa nýbyggingarráði fyrir að hafa ekki gert áætlanir um starf sitt, hvort hafi verið þýðingarmeira að semja slíka áætlun eða framkvæma höfuðatriði hennar. Ef ég á að velja, hvort er þýðingarmeira, þá eru það framkvæmdirnar. Þess vegna er ég reiðubúinn hvenær sem er að jafna því saman, hvernig unnið var af fyrrv. stj. á hennar fyrsta ári og hvernig unnið hefur verið af núv. stj. á hennar fyrsta ári.

Hvað viðvíkur nýbyggingarráði, var áætlun þess útbúin og byrjaður undirbúningur áframhaldandi áætlunar. Ég skal enn fremur geta þess, að vegna hinna fjölmörgu starfa, sem nýbyggingarráð hafði með höndum, voru starfskraftar þess teknir til ýmislegs annars. Nýbyggingarráð undirbjó lagafrv., sem sum hafa verið framkvæmd í tíð núv. stj., eins og ræktunarsjóðurinn. Svo voru mál eins og stofnlánasjóðurinn, þar sem baráttan á þ. var hörð, og þess vegna

þurfti að leggja aukna vinnu í málið. Kraftarnir dreifðust vegna þess, að þeir voru uppteknir við að undirbúa þessi l. og framkvæma þau. Og ef menn vilja álasa nýbyggingarráði fyrir að hafa ekki komið nógu miklu í verk, vil ég minna á það, að meðan nýbyggingarráð starfaði, var af Framsfl. talinn eftir hver maður, sem að því vann. Þetta var meðan verið var að undirbúa löggjöf til hagsbóta fyrir útvegsmenn og bændur. En þegar fjárhagsráð var sett á laggirnar, var ekki verið að sjá í vinnukraftinn. Mér þætti gaman að því að fá upplýsingar um, hve margir vinna þar. Ég veit, að húsnæðið hefur verið aukið stórum og að bætt hefur verið við mönnum. Ég veit, að fjvn. hefur farið fram á að fá að vita þetta, en það hefur aldrei fengizt nein skýrsla. Ég er tilbúinn til umræðna um þetta mál og til samanburðar á því.

Ég vil þá koma að því, sem er annað aðalatriðið í því, sem hér er um að ræða, en það er spurningin um fjármagnið. Það hefur hvað eftir annað komið hér fram í þessum umr., að hv. þm. líta svo á, að ég haldi því fram, að bezta ráðið sé að prenta seðla. En það, sem ég sérstaklega vildi ræða í þessu sambandi, er takmarkið með seðlaútgáfunni, því að ég er hræddur um, að takmark núv. stj. með útgáfu seðla sé annað en það, sem eðlilegt mætti telja.

Ég held þá, að ég verði að fara inn á grundvallaratriði hagfræðinnar. Ég held, að þeim, sem stjórna gjaldeyrismálum á Íslandi, fari eins og hænu, sem dregið er hvítt strik í kringum. Hún heldur, að hvíta strikið sé óyfirstiganleg hætta, en hættan er aðeins til í hennar eigin heila. — Við skulum athuga, hvað seðlar eru. Þeir eru ávísun á þrennt. Menn klæðast ekki í peningaseðla fremur en skömmtunarseðla, sem landsfólkið talar um að klæðast í. Seðlarnir eru aðeins til að skipta fyrir annað, og þess vegna eru þeir afl þeirra hluta, sem gera skal, og þetta þrennt, sem þeir eru ávísun á, er: 1) Vinnuafl. 2) Erlendur gjaldeyrir. 3) Innlent efni. Vinnuaflið er nauðsynlegt, ef þjóðfélaginu á að vegna vel, að hagnýta til fullnustu, og seðlaútgáfuna þarf að miða við það, að vinnuaflið sé hagnýtt til fulls. Það þýðir það, að það verður að vera nákvæmlega áætlað, í hvað við verjum vinnuaflinu. Og þá kem ég að því, sem hv. þm. Rang. var að tala um í þessu sambandi, að það dygði ekki að nota vinnuaflið þar, sem það gæfi ekki arð. Spursmálið er ekki, hvort það gefur arð, heldur, hvort það hefur notagildi. Spítalar gefa ekki arð, skólar gefa ekki arð, vegir gefa ekki arð, eins og það venjulega er skilið, en allt þetta hefur mikið afnotagildi fyrir þjóðfélagið, og er það undir öllum kringumstæðum þannig, að það er alltaf nægilegt til að vinna, sem gefur slíkan arð fyrir þjóðfélagið. Þess vegna er það undir öllum kringumstæðum rétt og sjálfsagt, að seðlaútgáfa sé miðuð við að hagnýta vinnuafl þjóðarinnar til fulls og án tillits til þess, hvort það er notað til þess, sem gefur arð eða ekki. Ég skal minna á það, að þegar Roosevelt var að skapa sína nýju skipun í fjárhagsmálum Bandaríkjanna, lét hann listamenn fara að vinna við það að gera mikið skraut á hin og þessi stórhýsi í Ameríku til þess þannig að koma þessum mönnum í vinnu, sem var kostnaður fyrir þjóðfélagið að láta vinna, en hjálpaði til að skapa kaupgetu og koma á hreyfingu í þjóðfélaginu á öllum sviðum, allt frá því að vinna praktiska vinnu og til þess að láta listamenn skapa ný listaverk. Arðsjónarmiðið er ekki það afgerandi sjónarmið. Það er vert að taka mikið tillit til þess, en það er ekki afgerandi, og vil ég leyfa mér að halda því fram, að það sé ekki samræmi í þeirri yfirlýsingu núv. stj. að styðja að því, að hver maður hafi vinnu, og því sjónarmiði, sem ræður í seðlaútgáfunni. Seðlaútgáfan er ávísun á erlent efni, sem við getum haft til umráða að miklu eða litlu leyti, og út frá því, hvort erlenda efnið er mikið eða lítið, ber okkur að gera okkar áætlanir. Ef við erum mjög fátækir í erlendum gjaldeyri, þannig að við getum ekki lagt í eins mikið, mundi koma til greina á þeim tíma, sem lítið erlent efni væri hægt að fá, að láta vinna það, sem heimtaði lítinn erlendan gjaldeyri. Þessir hlutir: vinnuaflið, erlenda og innlenda efnið, það er afl þeirra hluta, sem gera skal. Seðlaútgáfan hefur vissulega lítið að segja, ef við höfum ekki þessa hluti. Seðlarnir eru aðeins ávísun, og það væri dæmalaust, ef það gæti komið fyrir í einu þjóðfélagi, sem hefur áætlunarbúskap, að það stæði á því að gefa út seðla. Þess vegna er ég ákaflega hræddur um, eftir þeirri þekkingu, sem fram kemur í umr. um seðlaútgáfuna, að hv. alþm. geri sér ekki ljóst, um hvað var að ræða, þegar við vorum að setja l. um fjárhagsráð og ákveða að koma upp áætlunarbúskap og nægri atvinnu. Þess vegna er það, sem ég hef sérstaklega óskað þess, einmitt áður en við höfum framkvæmt þetta víðvíkjandi fjármagninu og ráðstöfun á því, að þessar áætlanir fjárhagsráðs hefðu legið fyrir. Ég geng út frá því sem sjálfsögðu, að með þeirri áætlun fylgdi samþykkt landsbankastjórnarinnar og að ríkisstj. leyfi sér ekki að leggja fyrir okkur alþm. áætlanir, sem síðan eigi að fara að sækja um leyfi fyrir, hvort eigi að framkvæma. Það væri jafnfráleitt og að gefa út fjárfestingarl. og gjaldeyrisl. án þess að sjá fyrir gjaldeyri. Ég ætlast ekki til, að Alþ. sé beiningamaður gagnvart landsbankastjórninni. Til þess er verið að undirbúa áætlunarbúskap, að ríkið sé ekki sjálfu sér sundurþykkt. Af því að bankinn er eign ríkisins, sem ræður seðlaútgáfunni, hefur það þarna umráðaréttinn og ákvarðar um það, hvað rétt sé að hafa mikla seðlaútgáfu á hverjum tíma, og það er eitt af frumatriðum slíkra áætlana.

Ég hef farið svo ýtarlega út í þetta af því, að aðalgrundvöllur ríkisstj. átti að vera áætlunarbúskapur. Ég mun ekki ræða þetta frekar, en vona, að af því, sem ég hef sagt, sé hæstv. atvmrh. ljóst, að ég er mér þess meðvitandi, hvaða takmörk eru fyrir seðlaútgáfunni, og vonast til þess, að embættismenn ríkisins, sem vinna að þessu, geri sér jafnvel ljóst, hvaða skyldur fylgja seðlaútgáfu hjá þjóð, sem ætlar að búa við áætlunarbúskap.

Þá kom hæstv. atvmrh. inn á þetta með vélarnar. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur spurzt fyrir um vélar í þessu sambandi og hvar helzt ætti að kaupa þær. Frá því að ég fór að skipta mér af þessum málum, hef ég haft augastað á sérstöku landi í þessu sambandi, þar sem

ég veit, að við gætum gert hagstæðustu kaup, en það er Tékkóslóvakía. Mér er kunnugt um, að tékkneskur iðnaður er um framkvæmdir svona verka eins vel útbúinn og samkeppnisfær við amerískan stóriðnað. Hins vegar er hvað verðið snertir fyrir okkur um tvennt ólíkt að ræða. Verðið, sem við fáum fyrir hraðfrysta fiskinn í Tékkóslóvakíu, er 100% hærra en það verð, sem við fáum í Bandaríkjunum, en þetta gildir ekki um alla hluti, sem keyptir eru í Tékkóslóvakíu. Við vitum, að þar, sem Bandaríkin geta komið fjöldaframleiðslunni að, geta þau undirboðið alla aðra. Það er því nauðsynlegt, að við tökum tillit til þessara hluta, og vona ég, að ríkisstj. hafi athugað slíkt í tíma út frá þeirri hugmynd, að við mundum á næstu árum, fram að 1950, geta gert slík stórinnkaup í Tékkóslóvakíu og geta selt eitthvað ákveðið af vöru okkar þar.

Þegar ég var umboðsmaður fyrrv. ríkisstj. í Tékkóslóvakíu með Pétri Benediktssyni, lagði ég til, að íslenzka ríkið lánaði Tékkum 25 millj. kr. Ég skal játa, að þegar ég gerði slíkar kröfur, þá var það ekki aðeins út frá því sjónarmiði að tryggja innkaup okkur á slíkum stórtækjum, heldur líka út frá því sjónarmiði að knýja okkur til að spara útlendan gjaldeyri. Ég sá vel þá, hvert stefndi með gjaldeyri okkar og vissi, að ef við frystum eitthvað verulegt af því, sem við áttum þá inni í sterlingspundum í Englandi, og lánuðum það til slíkra þjóða, þá mundum við eiga inneignir á næstu árum, sem gætu komið sér vel, fyrst ekki var þá hægt að stöðva þá eyðslu, sem átti sér stað samtímis því, sem þjóðin var að gera sinn stórfellda sparnað með nýsköpunarframkvæmdum. Því miður tókst ekki að fá það fram, að við gætum átt þetta mikið inni hjá Tékkum. M. a. strandaði það á skilningsleysi Landsbankans, og það skilningsleysi kom fram í fyrra, þegar lánsinneign okkar hjá Tékkum var milli 7—8 millj. og Landsbankinn heimtaði, að gengið yrði hart að Tékkum og stj. borgaði þetta út, í staðinn fyrir að skilja, hver nauðsyn það var fyrir íslenzkan þjóðarbúskap að eiga fé inni og nota það í varanlega hluti. — Þegar hæstv. atvmrh. þess vegna var að tala um, að við mundum þurfa að fá lán, hefði mátt búast við því, að þess háttar hugmyndir hefðu komið fram að nota það fé, sem við eigum hjá öðrum þjóðum, í slíku skyni. Og það hefði verið æskilegt að fá það upplýst einmitt í sambandi við þær áætlanir, sem hér ættu að liggja fyrir, hvernig innflutningi okkar til Tékkóslóvakíu er háttað í augnablikinu. Ég hef heyrt, að það hafi verið hægt að gera samninga við þetta land í nóvember s. l. um að selja þangað fyrir 37 millj. kr., en ríkisstj. hafi neitað að gera þessa samninga og haft það að yfirvarpi, að hún vissi ekki, hvað hægt væri að kaupa frá þessu landi. Og rétt á eftir kemur hæstv. atvmrh. og segir: Við verðum líklega að taka lán til þess að kaupa þessar vélar, og við vitum, hvað það getur tekið langan tíma að fá þær. Ég hef áður minnzt á það í sambandi við stórvirkjanir, svo sem sementsverksmiðjuna, áburðarverksmiðjuna og stór raforkuver, hversu heppilegt væri að semja við þetta riki og tryggja okkur að fá þessar vélar þar. Og ef þessar vélar væru allar búnar til í eitt skipti fyrir öll, ætti að vera hægt að fá þær ódýrara, hvort sem þær væru keyptar í Bandaríkjunum eða Tékkóslóvakíu. Ríkisstj. hefur sannarlega verið bent á þetta í tíma. M. a. lagði ég sérstaka áherzlu á það í haust, eftir að þetta þing hófst, að það væri tækifæri til að gera samninga til margra ára við þetta ríki um að afla sér þessara hluta sem fyrst. Samkvæmt ákvæðum 1. áttu áætlanir fjárhagsráðs um stórfelldar framkvæmdir að liggja fyrir í upphafi þings. Samkvæmt ráðleggingu, sem ríkisstj. fékk frá okkur sósialistum, var hægt að gera samning til margra ára og tryggja langan afhendingarfrest. Það þurfti að gera samninga við þessi ríki um það, að þau í áætlun sinni um vélaframleiðslu gerðu ráð fyrir að framleiða þetta árabil handa Íslendingum svona og svona mikið af dýnamóum, túrbínum og alls konar vélum viðvíkjandi verksmiðjum, sem ráðstafanir hafa verið gerðar til að byggja. Ríkisstj. var bent á þetta, en hún skellti skollaeyrunum við. Síðan er komið hér og reynt að telja okkur trú um, að Íslendingum liggi svo mikið á því að taka erlent lán.

Ég hef gerzt svo fjölorður um þetta vegna þess, að mér þykir sárt, að það skuli ekki vera hægt að fá þá menn, sem hér ráða og hafa tekið að sér að stjórna okkar þjóðarbúskap og marka honum bás til margra ára, til þess, sem tvímælalaust hefði verið hagkvæmast fyrir þjóðarbúskap okkar, ekki aðeins fyrir þetta árabil, heldur miklu lengri tíma. Svo kemur hæstv. atvmrh. og segir, að við munum þurfa að taka lán erlendis. Hins vegar er ég ákaflega hræddur um, eftir því sem lánamarkaðurinn er í heiminum og eftir því sem áður hefur verið talað hér af hæstv. samgmrh. í haust, að það mundi verða í Bandaríkjunum, sem lánsféð yrði tekið, en ef það er ekki meiningin, þá fáum við væntanlega að heyra, hvar hugsað er fyrir því.

Viðvíkjandi spursmálinu um erlent lán, þá álít ég, að það sé leið, sem við eigum ekki að fara út í fyrr en í síðustu forvöð. Það fyrsta, sem við verðum að heimta af ríkisstj., þegar um þess háttar mál er að ræða, er það, hvort allt sé gert, sem hugsanlegt er til þess að tryggja sem mesta framleiðslu og útflutning frá Íslandi og sem mest verð fyrir það. Það er það, sem við hljótum að setja sem nr. 1. Og þegar Alþ. ætlar að dæma um það, hvort þörf sé fyrir að taka erlent lán, verðum við fyrst og fremst að hafa þetta í huga: Hefur verið gert allt, sem hægt er, til þess að auka framleiðslu okkar, framleiðslan verið hagnýtt innanlands og sparaður þannig innflutningur? Hafa öll okkar skip og verksmiðjur verið settar í gang til þess að framleiða sem allra dýrmætasta vöru til útflutnings? Þetta hlýtur að vera fyrsta spurningin. Ég hef rökstudda ástæðu til að ætla, að af hendi fjárhagsráðs hafi ekki verið skeytt um að hagnýta alla möguleika innanlands, og í öðru lagi, að ekki hafi verið skeytt um að tryggja, að öll okkar framleiðslutæki séu í gangi til útflutningsframleiðslunnar. Í þriðja lagi er ég hræddur um, að alls ekki hafi verið um það hugsað að framleiða úr þeim afurðum, sem við drögum úr sjónum, svo dýrmæta vöru sem nauðsynlegt er. Ég held, að fjárhagsráð hafi stillt þannig til, að úr Faxaflóasíldinni hafi

verið unnin vara, sem ekki gefur nema helming þess verðmætis, sem önnur meðferð á sömu afurðum getur gefið. Hefði verið sett meiri síld í fiskiðjuverið hér á hafnarbakkanum og unnin úr því dýrmæt vara, hefði verið hægt að selja hana hæsta verði. Mér er sagt, að ríkisstj. hafi staðið til boða að selja þannig verkaða síld fyrir ½ millj. kr. til Tékka, og mér reiknast, að það mundi þýða a. m. k. helmingi meiri gjaldeyri fyrir Faxaflóasíldina, ef þannig væri farið með hana. Ég held þess vegna, að það sé afskaplega fjarri því, að framleiðslumöguleikar okkar séu hagnýttir til fulls með þeim framleiðslutækjum, sem við höfum til að vinna sem dýrmætasta gjaldeyrisvöru, og meðan slíkt á sér stað, þá er óviðfelldið að leggja til að taka lán, meðan þjóðin er þannig látin eyða og kasta í sjóinn dýrmætum gjaldeyri. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. verði, áður en hún heldur því fram í sambandi við stórmál eins og þetta, að það sé ekki gjaldeyrir fyrir hendi, að færa sönnur á það áður, að þeir möguleikar, sem hér eru innanlands, hafi verið hagnýttir til fulls. Ég veit meira að segja, að á sama tíma sem vanrækt er að nota þessa möguleika í sambandi við fiskiðjuverið, þá er af hálfu ríkisstj. verið að reyna að þvinga upp á erlenda kaupendur skemmdri niðursuðuvöru, sem kannske lokar mörkuðum, vegna þess að þar eiga góðir stuðningsmenn ríkisstj. hagsmuna að gæta og slíkir hagsmunir eru metnir þarna meira en hagsmunir ríkisins sjálfs. — Þessa hluti þurfum við að fá upplýsta, þegar verið er að ræða um þessi mál. Það er ómögulegt að ætlast til þess, að það sé tekið sem góð og gild vara að segja: Það er enginn gjaldeyrir til, — en láta á sama tíma þessa óstjórn viðgangast hvað snertir framleiðslu okkar. Ég mundi þess vegna, ef um slíkt væri að ræða, leggja höfuðáherzluna á sjálfa áætlunina viðvíkjandi útflutningnum. Við verðum fyrst að láta þingið fá tækifæri til þess að gera þetta, áður en það væri viðurkennt, að óhjákvæmilegt sé að taka lán erlendis til þess að koma upp þessum fyrirtækjum. Ég held því, að það þurfi fullkomna skýrslu frá ríkisstj. um það, hvernig gjaldeyrisöflun þjóðarinnar er háttað, áður en við gleypum þá flugu sundrungaraflanna, að það þurfi að taka erlent lán. Þetta er viðvíkjandi því, að við getum fengið meira fyrir okkar útflutning.

Næst er þá að athuga, hvort stj. hefur sparað eins og hægt er viðvíkjandi innflutningnum. Það er þá fyrst, þegar allt er orðið í fullkomnu lagi með útflutninginn og gjaldeyrisöflunina og sparsemi í innflutningi, sem ég mundi fyrir mitt leyti ganga inn á að taka lán erlendis. Viðvíkjandi því, sem hér hefur verið minnzt á í þessum umr., um möguleika á, að sementsverksmiðja borgaði sig viðvíkjandi sementsverði, þá vil ég taka það fram, sérstaklega viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. var að segja, að það væri ekki öryggi fyrir því, að það verð, sem reiknað er með, geti haldizt svipað erlendis og það er, — að það er ekki aðeins hugsanlegt, að þetta verð hækkaði, heldur, að það lækkaði. Við skulum gera okkur það ljóst, að það er líka hugsanlegt, að verðið yrði lægra en framleiðslukostnaður. Og þótt það gæti komið fyrir, að það yrði hærra, þýðir það á engan hátt, að við ættum að breyta neitt um viðvíkjandi afstöðu okkar um sementsverksmiðju. Ég vil aðeins taka þetta fram, ef ríkisstj., sem er áfram um að athuga málið betur, skyldi fara að hugsa út í það við meðferð málsins, að það kynni að verða fáanlegt sement erlendis, og ég tel það líklegt, en það eru engin rök á móti því að byggja sementsverksmiðju Ef kreppa skylli á í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, þá félli náttúrlega sementið þar. En samtímis, ef við erum markaðslega bundnir við þær þjóðir, mundu útflutningsvörur okkar einnig falla í verði og við yrðum svo gjaldeyrisfátækir, að við treystum okkur ekki til þess að kaupa sement, þótt fallið hefði í verði. En ef við þá hefðum komið upp okkar sementsverksmiðju, gætum við framleitt sement til okkar þarfa. Það, að verðfall verði á sementi erlendis, þýðir því ekki, að við ættum auðveldara með að kaupa það.

Þetta vildi ég segja við þessa umr., og ég vona, að þegar málið kemur til 3. umr., þá liggi fyrir áætlun fjárhagsráðs, sem hæstv. atvmrh. hefur boðað, að útbýtt verði á næstunni, svo að hv. þm. þurfi ekki að komast eftir innihaldi hennar upp úr heildsalablöðunum eða öðrum krókaleiðum, og það er krafa þm., að áætlunin verði lögð fyrir, eins og ákveðið er í lögum, enda þá fyrst hægt að ræða þetta mál á raunsæjan hátt.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég er undrandi á umr. um þetta mál. Þær hafa snúizt á þá leið, að ókunnugir, sem hlýddu á þær, gætu haldið, að hér væri um að ræða eitt mesta deilumál þingsins, og þó er málinu skilað af n., þar sem allir flokkar eiga fulltrúa, og eru allir nm. sammála. Svo rísa hér upp tveir sósialistaþm. og vaða vítt og breytt og virðast helzt ætla að stöðva málið með málæði og málþófi. Ég verð að segja, að ekkert hefur komið fram í umr., sem þoki málinu áfram.

Hv. 2. þm. Reykv. er orðinn langeygður eftir áætlun fjárhagsráðs, og lái ég honum það raunar ekki. Það er eðlilegt, að hv. þm. langi til að sjá hana, en það kom fram hjá honum, er hann var að ræða gerðir nýbyggingarráðs, að það er enginn leikur að gera slíka áætlun. Byrja þarf frá grunni og gera margar skýrslur og athuganir, og er eðlilegt, þegar þetta er gert í fyrsta skipti, að þá sé samning slíkrar áætlunar æði tímafrek. Og ég held, að það sitji sízt á þessum hv. þm. að deila á þá menn, sem gera eiga þessa áætlun, því að hann átti sæti í nýbyggingarráði, sem lögum samkvæmt átti að gera 5 ára framkvæmdaáætlun, sem aldrei var gerð. Næst á eftir þessu átti svo ráðið að ráðstafa fé til framkvæmdanna. Svo les hv. þm. reglugerð um framkvæmdir ráðsins. Ég verð að segja, að þessi reglugerð er tæplega byggð á lögum, því að fyrst átti að gera áætlunina og síðan að ráðstafa fé til framkvæmdanna. En öllu er snúið við, framkvæmdirnar gerðar fyrst og áætlunin aldrei, og því erum við svo illa staddir fjárhagslega, að peningunum var eytt áður en áætlunin lá fyrir. Í reglugerðinni er talað um áburðarverksmiðjuna, en aldrei var

gerð nein áætlun um hana og engir peningar lagðir til hliðar til hennar. Það var aðeins ákveðið að veita 50 millj. kr. til landbúnaðarins, en þegar ráðstafað hafði verið helmingi þeirrar upphæðar, voru allir peningar nýbyggingarráðs búnir. Fyrir vanrækslu hv. 2. þm. Reykv. stöndum við nú í fjárhagsvandræðum. Hann buslaði við að veita fé til þarfa og óþarfa, en hirti ekki um að skipuleggja það svo, að nauðsynlegar framkvæmdir gengju fyrir. Það sitja því illa á honum þau álösunarorð til fjárhagsráðs, að ekki skuli vera búið að leggja fram áætlunina fyrir þetta og næsta ár. En það get ég sagt, að fjárhagsráð er komið lengra í sínu starfi en hv. 2. þm. Reykv. komst í nýbyggingarráði. Síðast liðið haust sendi ég fjárhagsráði skjöl og skýringar á þessu máli, og hefur ráðið tekið málið til athugunar og gert því nokkra grein, en með því að ekki er gert ráð fyrir, að framkvæmdir hefjist á þessu ári, gerir ráðið ekki heldur ráð fyrir gjaldeyri til þessa á þessu ári. Af því að ég hef áhuga á þessu máli, tel ég reynandi að leysa það með því að taka lán, og veit ég, að hæstv. fjmrh. er mér þar sammála, um það, að rétt sé að leita fyrir sér um lán, því að sýnt þykir, að fyrirtækið geti borgað sig gjaldeyrislega. Ef gjaldeyrisástandið verður hins vegar betra en gert er ráð fyrir, þá verður sá gjaldeyrir, sem fæst, notaður til sementsverksmiðjunnar. Ef það verður ekki, vil ég ekki loka þeirri leið til framkvæmda, að tekið verði lán.

Ég skal svo ekki lengja umr. og vona, að hv. þm. geri sér ekki leik að því að tefja málið. Ég tel enga nauðsyn að samþykkja brtt. hv. þm. Siglf. og tel málið engu nær með því. Fjáröflunarleiðir þarf alltaf að athuga áður en byrjað er á framkvæmdinni, og að óraunsökuðu máli er ekki hægt að skipa ríkisstj. að reisa verksmiðjuna, en ríkisstj. mun leysa þetta mál eins fljótt og henni er unnt.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get látið mér fáein orð nægja að þessu sinni. Umr. hafa orðið mjög langar, og ég tek undir það með hæstv. atvmrh., að fátt hefur komið fram í þeim, er skiptir máli. Ég held, að í þessu máli sé yfirleitt enginn ágreiningur, heldur er verið að *reyna að búa til ágreining*. Hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. hafa, að því er mér finnst, tekið það í sig, að þeir séu að berjast við einhvern fyrir framgangi málsins. En það er misskilningur, því að við engan er að berjast, og allir viðurkenna nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga. Í n. kom ekki fram nein rödd í aðra átt, og var þó frv. athugað og rætt rækilega af n.

Hv. þm. Siglf. hefur sagt, að formið á frv. sé valið vegna þess, að meiningin sé að byrja ekki á framkvæmdum á næstu tímum. Það sé verið að búa til fánýtt pappírsgagn. Það er ekkert í nál., sem gefur tilefni til slíkra ályktana, og ef það lægi á bak við nál., þá skil ég ekki, að fulltrúi sósialista í n. hefði orðið sammála okkur hinum. En það er venja um þess konar frv. að afgreiða þau í heimildarformi, og ég sé enga ástæðu til að hafa þetta öðruvísi nú, nema ástæða væri til að tortryggja hæstv. ríkisstj. um, að hún mundi nota sér heimildina, en ekkert það hefur fram komið, sem gefi tilefni til slíks. Það liggur fyrir yfirlýsing hæstv. ríkisstj. um, að hún muni nota heimildina, þegar hægt er, og hæstv. atvmrh. hefur lagt málið hér fyrir og beitt sér fyrir framgangi þess, og sé ég því enga ástæðu til að hafa frv. öðruvísi en í heimildarformi. Ef Alþ. væri hins vegar að berjast við ríkisstj., væri ástæða til þess. En eftir yfirlýsingar stj. um fullan stuðning við málið, er það öldungis óþarft. Ég er því andvígur brtt. hv. þm. Siglf., ekki af því, að hér eigi að staldra við um framkvæmdir í málinu, heldur af því, að ég tel eðlilegt, að málið verði afgreitt eins og svipuð mál áður og af því að ég treysti yfirlýsingum hæstv. atvmrh.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hissa á því, að hv. 4. þm. Reykv. skuli fara í grafgötur með það, að það er erfitt að treysta því, að hæstv. ríkisstj. framkvæmi lög. Það hefur sýnt sig, að ríkisstj. hefur ekki framkvæmt lög, sem heimiluðu henni að skylda Landsbankann til þess að lána fé til framkvæmda. Í frv. nýbyggingarráðs var sú skylda lögð á Landsbankann, en þegar frv. kom frá n., þá var dregið úr þeirri skyldu, og svo gerir ríkisstj. ekki neitt. Það þýðir ekkert að segja: Það er nóg að gefa ríkisstj. heimild til þess að ráðast í framkvæmdir, því að við þekkjum hæstv. ríkisstj. og Landsbankavaldið. Ef við viljum hjálpa hæstv. atvmrh., sem ég efast ekki um, að vill málinu vel, til þess að koma málinu í gegn, þá verðum við að leggja skyldur á ríkisstj. Með því að samþykkja till. hv. þm. Siglf. gefum við ríkisstj. sterkari aðstöðu gagnvart einræðisherrunum í Landsbankanum, sem ráðherrarnir þurfa að knékrjúpa dag eftir dag til þess að fá lán til nauðsynlegra framkvæmda. Þeir þm., sem vilja, að málið nái fram að ganga og verði ekki að ónýtu pappírsgagni í ruslakistu ríkisstj., þeir samþykkja því brtt. hv. þm. Siglf.

Það er misskilningur hjá hæstv. atvmrh., að nýbyggingarráð hafi áætlað 50 milljónir til landbúnaðarins eins. Í þeirri upphæð voru einnig raforkumál og fleira. — Viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, þá var hæstv. atvmrh. sjálfur í nefnd til þess að gera till. um málið, og skilaði sú n. áliti haustið 1946, eða um það leyti sem *fyrrv. ríkisstj. fór frá*, en n. var ekki ákveðnari en svo, að hún lagði enga áherzlu á, að áburðarverksmiðjan yrði reist. Og vil ég vekja athygli á því, að þó að nýbyggingarráð veitti ekki fé til áburðarverksmiðju, þá studdi það íslenzkan landbúnað með því að veita fjárframlög til ullarverksmiðju, sem á að margfalda ullariðnað landsmanna.

Hæstv. ráðh. minntist og á gjaldeyrisvandræði okkar vegna aðgerða nýbyggingarráðs. Ég vil minna á það, að gjaldeyrisvandræðin eru ekki vegna ráðstöfunar nýbyggingarráðs á þeim 300 millj., sem það fékk, því að margt af því, sem ráðið stóð fyrir, að keypt væri, hefur nú borgað sig gjaldeyrislega. En ég er hvenær sem er reiðubúinn að ræða gerðir nýbyggingarráðs og skal útvega hæstv. ráðh. skýrslu yfir gjaldeyriseyðslu og framkvæmdir ráðsins, ef haun vill.

Þá var hæstv. ráðh. að bera saman starf nýbyggingarráðs og fjárhagsráðs. Það er allt ann-

ar hlutur, sem fjárhagsráð hefur tekið að sér, og það getur byggt á því starfi, sem nýbyggingarráð var búið að vinna. Að minnsta kosti ætti hæstv. ríkisstj. ekki að vera ókunnugt um reynslu nýbyggingarráðs, þar sem hæstv. fjmrh. átti sæti í ráðinu. En við í nýbyggingarráði unnum það, sem við tókum að okkur að gera. Eins og þau verk nú sýna, sem fjárhagsráð lætur frá sér fara, þá eru þær fáu áætlanir og skýrslur, sem það gefur út, fyrir neðan allar hellur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 23. febr., var enn fram haldið 2. umr. frv.

ATKVGR.

Brtt. 339 og 366 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 73, 339, 366, 393).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Við 2. umr. bar iðnn. fram tvær brtt. á þskj. 339 við frv. þetta og lagði til, að 7., 8. og 9. gr. yrði breytt. Þessar till. voru teknar aftur til 3. umr., vegna tilmæla hv. þm. V-Ísf. um að taka til athugunar breyt. á 7. gr., er fjallar um greiðslu skatta og útsvars. N. hefur athugað þetta og orðið sammála um að breyta 7. gr. nokkuð. Flytur n. um það brtt. á þskj. 393 við brtt. á þskj. 339. Ég skal gera nokkra grein fyrir því, hvernig n. leggur til, að 7. gr. verði orðuð.

Það er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan verði undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Þetta útsvar er þó háð þrenns konar takmörkunum. Það má aldrei nema meiru en helmingi af tekjuafgangi verksmiðjunnar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert, og útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta samanlagðra útsvara Flateyrarhrepps og Mosvallahrepps. Til þess að tryggja hreppunum nokkra útsvarsmöguleika, skal þó jafnan heimilt að leggja á verksmiðjuna útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar.

Ef athugað er, hvað þetta þýðir og miðað við þann framleiðslukostnað, er frv. gerir ráð fyrir, má útsvarið aldrei fara fram úr 45000 kr., en jafnan má leggja á útsvar allt að ¼% af kostnaðarverði framleiðslunnar eða allt að 22500 kr. Það er því vel séð fyrir því, að verksmiðjunni verði ekki íþyngt, en hreppunum þó séð fyrir útsvari.

Þá er enn fremur tekið inn í gr. samkvæmt tilmælum hv. þm. V-Ísf., að verði verksmiðjan reist í Flateyrarhreppi, en skeljasandur tekinn í Mosvallahreppi, þá skuli útsvarinu skipt milli hreppsfélaganna eftir samkomulagi eða að öðrum kosti samkvæmt úrskurði atvmrh.

Þetta er brtt. n. við 7. gr. Um brtt. við 8. og 9. gr. ræddi ég við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að ræða hana frekar nú.

Auk þessara tveggja brtt. liggur einnig fyrir brtt. frá hv. þm. Siglf., þar sem horfið er frá heimildarforminu og kveðið svo á, að skylt skuli að byggja verksmiðjuna, hefja framkvæmdir á árinu 1948 og hraða þeim sem mest. Um þetta var rætt við 2. umr. málsins

Ég vil leggja áherzlu á það, að iðnn. er sammála um það að mæla með frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. Í ræðum þeim, er haldnar voru um málið við 1. og 2. umr., kom ekki fram neinn ágreiningur um það, að þetta væri nauðsynjamál. Þar sem enginn ágreiningur var, tel ég brtt. hv. þm. Siglf. ástæðulausa og ekki ástæðu til að hverfa frá venjulegu formi. Allir flokkar í iðnn. eru málinu samþykkir. Barátta hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv. er því hálfgerð Don Quijote-barátta, því að það er enginn, sem berst gegn þeim. Ef lagzt verður á málið, er nógur tími fyrir þessa hv. þm. að hefja branda sína á loft og beita þeim af djörfung. Nú er þess engin þörf. Ég er því andvígur till. hv. þm. Siglf. af því einu, að hún er óþörf eins og málið stendur nú.

Áki Jakobsson: Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja, að afstaða hans í þessu máli er svipuð og í öðrum málum og ákvarðast af óskum ríkisstj. Atvmrh. hefur óskað, að málið sé afgreitt sem heimild, og þannig verður það bara ný viðbót við þær mörgu heimildir, sem stj. tekur ekki alvarlega. Í stað framkvæmda koma viðbárur um, að peningar séu ekki til, þótt þjóðin sé efnaðri nú en nokkru sinni áður.

Ég skal ekki lengja umr. mikið. Málið var mikið rætt við 2. umr., og hæstv. atvmrh. hefur kvartað undan því, að við höfum tafið það. Ég vil bara vona það, að hann vinni upp þá tvo daga, sem talið er, að við höfum tafið málið með umr.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að tilgangslaust væri að berjast fyrir þeirri till., sem ég flyt, af því að enginn væri á móti málinu enn sem komið er. Hann gleymdi ekki að bæta því við. Ég get sagt hv. 4. þm. Reykv. að það eru margir á móti þessu máli. Þó að hæstv. atvmrh. vilji, trúi ég ekki, að hann komi málinu fram, ef hann afþakkar ákveðna viljayfirlýsingu Alþ. Ég veit, að ráðamenn í fjármálum okkar, húsbændur hæstv. ríkisstj., eru á móti málinu, og spádómur minn byggist á þeirri reynslu, sem ég hef verið áhorfandi að í tíð núv. stj. Málið er ekki ákafamál hjá hæstv. ríkisstj. og ekki hjá hæstv fjmrh. Þess vegna er ekki mikið lagt upp úr stuðningi Alþ.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ef til þess kæmi, að lagzt yrði á málið, þá væri hægt að leggja út í orustu. Því miður verður efalaust tækifæri til þess, því að þess er ekki að vænta, að málinu verði hrundið í framkvæmd. Það verður fróðlegt að vita, hvort hv. 4. þm. Reykv. hefur þá ekki fundið nýjar ástæður fyrir því, að Alþ. láti ekki í ljós vilja sinn. Það mætti segja mér, að hann verði þá búinn að finna ný rök!

Hér er um þjóðþrifafyrirtæki að ræða og byrjun á stóriðnaði, sem við höfum ekki áður haft. Það eru ekki til nein rök gegn málinu. Ef við

getum klofið þau kaup, sem gera þarf erlendis, getum við líka haft ráð á því innlenda efni og þeirri vinnu, sem til þarf. Ég tek því upp aftur till. mína á þskj. 366.

Einar Olgeirsson: Í umr. við 2. umr. þessa máls óskaði ég þess, að þm. fengju að sjá áætlanir þær, sem fjárhagsráð á lögum samkvæmt að gera og leggja átti fyrir þingið og hafa til hliðsjónar við samningu fjárl. Þessar áætlanir eru ekki komnar fram enn, og má það undarlegt heita, ef ráða á til lykta stórmálum án þess að skapaður sé raunhæfur grundvöllur fyrir framkvæmd þeirra. Alþ. og stj. eiga að sjá um það, að þeir hlutir, sem ákveðnir hafa verið, séu gerðir, og Alþ. hlýtur að krefjast þess, að l. sé framfylgt. Ég vona, að hæstv. ráðh. skýri frá því, hvort tillit er tekið til þessa máls í áætlunum fjárhagsráðs.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að nú væri ekki þörf á baráttu fyrir þessu máli, því allir væru sammála um nauðsyn þess. En má ég spyrja: Hvernig hefur orðið um framkvæmd annarra mála? Hvað líður t. d. lýsisherzluverksmiðjunni? Það var ekki barizt á móti því máli á Alþ. Það þótti ekki þörf á því, vegna þess að það átti að svæfa málið utan veggja Alþingis. Meðan einstaklingar koma sér upp verksmiðjum, er svo lögunum stungið undir stól, meira að segja þótt vélar hafi verið keyptar. Hvaða dularfulla hönd er það, sem leggst á hvert einasta mál, sem hrinda á í framkvæmd? Það skaðar ekki, að hv. alþm. geri sér það t. d. ljóst, hvaða öfl standa á móti því, að lögin um ræktunarsjóð séu framkvæmd. Ráðh. hefur vald til þess að skylda seðlabankann til þess að veita ákveðið fé. Alþ. vildi með þessu tryggja það, að l. væri framfylgt. Nú rekur Alþ. sig á það, að stj. er hikandi við það að beita þessu valdi gegn Landsbankanum. Það er einkennilegt, að maður, sem er prófessor í hagfræði, skuli ekki gera sér þetta ljóst. Alþ. verður að tryggja það vald, sem því er gefið, svo að ein af embættisstofnunum þjóðarinnar leiki sér ekki að því að brjóta lög landsins. Í sambandi við lögin um ræktunarsjóð hefur jafnvel gengið svo langt, að hótað hefur verið með málssókn. Það hefur ekki skort viljann, heldur festuna gagnvart peningamönnunum.

Það er ekki til neins að ætla að blekkja þm. með því, að enginn standi á móti málinu. Það er staðið gegn því, og það er rétt að segja það, meðan málið er innan þingveggjanna, vegna þess að reynslan er sú, að mótstaðan kemur, þegar málið er komið út úr þinginu. Þeir, sem fylgdust með baráttunni um l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins, vita, að í n. var frv. breytt á móti skoðun n. sjálfrar. N. lýsti yfir því, að hún bæri brtt. fram, þó að hún væri á móti henni. Þetta er skráð í nál. Það er því þannig, að þessi dularfulla hönd seilist svo langt, að þm. fá ekki að halda sannfæringu sinni. Það er manns eins og hv. 4. þm. Reykv., sem er prófessor og hagfræðingur, að athuga, hvers konar svikamylna það er, sem hér er tefld af fjármálavaldinu gegn lögum þjóðarinnar. Þess vegna situr sízt á hv. 4. þm. Reykv. að reyna að dylja þjóðina, hvað þarna sé um að ræða. Þess vegna er það, þar sem við vitum, að það verður barátta um þetta mál, þegar það er komið út úr þinginu, þá er tækifæri nú til að ganga svo frá málinu, að þeir, sem eru á móti framkvæmdinni, geti ekki unnið sigur. Það má auðvitað segja, að það komi þing eftir þetta þing, og þá megi laga l., en það þýðir töf, og það þýðir tap. Og þeir, sem þekkja, hvað erfitt er að fá mál tekin upp hér og dregin út úr n., þeir vita, að bezt er að ganga ekki einungis frá málinu sem l., heldur einnig frá því sem framkvæmd.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann treysti sér til að tilnefna nokkurn tíma, nokkurt ár, sem hann gæti treyst sér til að byrja á þessari verksmiðju, hvort hann geti gefið þinginu nokkra bendingu eða loforð viðvíkjandi því, hvort hann geti gefið þinginu nokkurn skapaðan hlut, sem þingið geti fest fingur á, annað en það, að ef hægt er að fá fjárveitingu til þess setta í fjárl. og ef stj. lítist vel á, þá skuli verða ráðizt í það. Það er æskilegt fyrir þá, sem vilja tryggja framgang þessa máls, að fá þess háttar yfirlýsingu, svo að þeir geti fengið fullvissu um, að ekki verði farið með þetta mál eins og fjölda annarra góðra mála, sem samþ. hafa verið á Alþingi, en hafa verið stöðvuð af framkvæmdaleysinu í þessu landi, af því valdi, sem stjórnar því, að hlutirnir séu ekki framkvæmdir. Þess vegna er ég hræddur um, að slík yfirlýsing fáist ekki. Hins vegar efast ég ekki um, að hæstv. ráðh. muni vilja koma þessu máli í framkvæmd, og ég er viss um, að ef hæstv. ráðh. vildi segja d. það í dag, að hann vildi fá inn í frv. ákvæði, sem skyldaði Landsbankann til að leggja fram fé, þá mundi d. samþykkja það.

Nú er svo komið, að hvað eftir annað heyrist frá ýmsum ráðh., að það séu samþ. frá þinginu hin og þessi l., en síðan sé ekkert hugsað fyrir því, að hægt sé að framkvæma þessi l. Hins vegar tekur hæstv. stj. við hverjum l. á fætur öðrum. Það væri nú æskilegt, að hæstv. ríkisstj., fyrst hún ekki enn þá fæst til að leggja fram þá áætlun, sem henni lögum samkvæmt bar að leggja fram, vildi segja, með hvaða skilyrðum hún vill taka að sér að framkvæma þau l., sem hún tekur við, hvaða lán hún þurfti að fá til framkvæmdanna fram yfir þá lánsheimild, sem felst í þessu frv. Alþ. meinar það tvímælalaust með því að samþykkja þessi l., að þau verði framkvæmd. Og þá er eðlilegt, að Alþ. vilji fá að heyra frá framkvæmdavaldinu, hvað þurfi til þess að framkvæma þau.

Það hefur aldrei verið meining okkar sósíalista að tefja þetta mál, síður en svo. Við höfum gert bæði nú og áður það, sem í okkar valdi stóð, til að tryggja því framgang. Þetta er ekki nýtt mál, það er meira en áratugs gamalt. Og stjórnarflokkarnir segja, að það hafi ekki strandað á þingviljanum, heldur hafi mótstaðan verið utan þingveggjanna. En fyrst svo er, þá væri æskilegt, að þing og stj. reyndi, meðan málið er enn ekki afgreitt frá Alþingi, að ryðja þeirri hindrun úr vegi, og ég efast ekki um, að Alþingi er reiðubúið til að fá stj. það vald, sem þarf til að tryggja málinu framgang.

Ég endurtek, að það væri mjög æskilegt, ef hæstv. atvmrh. vildi við þessa umr. segja frá því, hvort þessi áætlun frá fjárhagsráði sé tilbúin og

hvenær hann búist við, að hægt verði að hefja framkvæmdir, og ef hann er ekki öruggur um það, hvað hann þurfi að fá frá þinginu til þess að l. verði framkvæmd.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég tel ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem ég hef þegar sagt um þetta mál.

Það er rétt, að hv. 2. þm. Reykv. óskaði eftir því við 2. umr., að áætlunin frá fjárhagsráði lægi fyrir áður en málið yrði afgr. frá d. Um þetta hef ég sagt honum það, að Alþingi mun á sínum tíma fá að sjá þær áætlanir, þegar þær lægju fyrir og fyllilega frá þeim gengið, en það er ekki enn þá, en vitanlega fær Alþingi að sjá þær, undir eins og frá þeim hefur verið gengið. Annars sé ég satt að segja ekki, hvaða beina þýðingu það hefur í sambandi við þetta mál. Ef svo stæði á, að svo og svo mikill hluti af þm. væri á móti þessu máli og bæri því við, að það væri ekki samkvæmt áætlun fjárhagsráðs unnt að hrinda málinu í framkvæmd, þá væri ástæða til að athuga áætlanir fjárhagsráðs. En nú stendur svo á, að Alþingi er sammála um að láta málið ganga fram, þó að við getum ekki á næsta ári eða árum varið gjaldeyri okkar til framkvæmdanna vegna annarra nauðsynlegra og aðkallandi hluta, en um það hefur verið rætt að leysa málið með því að taka til þess gjaldeyrislán. Af þessum ástæðum sé ég ekki neina knýjandi ástæðu til að athuga áætlanirnar nú. Ég get ekki heldur lofað neinu um, hvenær málið verði tekið til framkvæmda. En ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að því aðeins fer stj. fram á heimild til að hefjast handa um þetta mál, að hún hefur trú á málinu og áhuga á að fylgja því fram. Og ég get endurtekið það, sem ég hef sagt áður, að ég mun, þegar þetta frv. hefur endanlega verið samþ., sem ég vænti, að geti orðið innan skamms tíma, hefja þann undirbúning, sem í mínu valdi stendur, um fjáröflun, útvegun véla og annað, sem til framkvæmdanna þarf. Og ég get endurtekið það enn, ef þess er þörf, að meðráðh. mínir — og sérstaklega hæstv. fjmrh. — eru mér sammála um þetta mál, og ég tel, að ég standi ekki feti nær því að framkvæma málið, þó að till. sú verði samþ., sem hv. þm. Siglf. ber fram.

Pétur Ottesen: Það er í sambandi við brtt. á þskj. 393, sem ég vil segja nokkur orð. Það er gengið inn á nýja braut í útsvarsmálum hér á landi með því að gera útsvarsskylda efnistöku í sveitarfélögum. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er verksmiðjan reist í Flateyrarhreppi, en skeljasandur tekinn í Mosvallahreppi, og skal þá útsvari skipt á milli hreppsfélaganna eftir samkomulagi eða öðrum kosti samkvæmt úrskurði atvinnumálaráðherra.“

Þessi grundvöllur, sem hér virðist eiga að leggja, er alveg nýr í útsvarsmálum hér á landi. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta gæti leitt af sér allmikla togstreitu milli hreppsfélaga, ef farið væri að færa slík ákvæði út á víðara svið í útsvarsl. Og þegar einu sinni er búið að slá þessu föstu í l., þó að á takmörkuðu svæði sé, þá er mikil hætta á því, að fram komi raddir og óskir og kröfur um, að slík ákvæði verði tekin inn í þá almennu löggjöf, sem útsvör eru byggð á. Það er líka dálítið einkennilegt við þessa brtt., að í sjálfu frv. er sagt svo, að ríkisstj. sé heimilt að láta reisa við Önundarfjörð þessa verksmiðju, en ekki nánar til tekið, á hvaða stað. En svo kemur fram miklu síðar, þegar farið er að tala um útsvarsskyldu verksmiðjunnar, að þá fyrst er farið að tilnefna staði, ekki einn, heldur tvo, sem verksmiðjan verði tengd við. Það getur vel verið, að það hagi svo til við Önundarfjörð, að sá staður, sem tilnefndur er, Flateyri, sé þannig í sveit settur þarna, að sjálfsagt sé að reisa verksmiðjuna þar. Ég þekki það ekki, og við því er ekkert að segja, þó að það komi fram í frv., ef það er ótvírætt, að verksmiðjan eigi að vera þar. Ég vil mjög vekja athygli á þessu, að ef á að veita hreppi vegna efnistöku rétt til útsvars í þessu tilfelli, þá gæti það leitt til þess, að fleiri slíkar kröfur kæmu fram. Ég vil t. d. benda á í sambandi við hin væntanlegu fiskiðjuver, þar sem hráefnið kann að koma frá öðrum stöðum en þar, sem fiskiðjuverið sjálft er, að þá gæti svo farið, að slík krafa sem þessi kæmi fram. Það sama gæti orðið upp á teningnum í sambandi við síldarverksmiðjurnar á miklu stærra og víðtækara sviði en nokkurri annarri atvinnugrein.

Ég vil þess vegna mjög vekja athygli á þessu og fara fram á, að n., sem hefur borið þessa till. fram, athugi þetta á ný, og vil ég þá jafnframt vekja athygli d. á því, að þetta verður að skoðast nokkru gerr, áður en því er slegið föstu, að farið skuli inn á þessa braut, því að ég er ekki í vafa um, að það muni geta haft allvíðtækar afleiðingar og skapa mikla erfiðleika í okkar útsvarsmálum, sem ærnir eru fyrir.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get vel skilið aths. hv. þm. Borgf. og finnst þær mjög skynsamlegar og eðlilegt, að á þessu atriði sé vakin athygli. Það er alveg rétt, að hér er um að ræða nokkurt nýmæli. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, sem markaði skoðun n., að hér sé um mjög smávægilegt atriði að ræða, þar sem það útsvar, sem heimilt er að leggja á þessa verksmiðju, getur aldrei farið fram úr 45 þús. kr. En það er vel þess vert að vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir, að útsvarið skiptist milli hreppanna eftir samkomulagi þeirra sjálfra, og ef samkomulag næst ekki, þá sker atvmrh. úr. Ef hrepparnir geta komið sér saman um að skipta milli sín útsvarinu, sem er ekki stórvægilegra en þetta, þá virðist þessi tilhögun alls ekki óeðlileg. En verði ekki samkomulag, sker atvmrh. úr, og virðist því ekki vera stigið hér neitt spor, sem kallazt gæti varhugavert eða gæti gefið óheppilegt fordæmi. Hins vegar þykir mér mjög eðlilegt, að þessi aths. skyldi koma fram, og finnst hún skynsamleg, þó að ég sé hv. þm. Borgf. ekki sammála um, að hér sé stigið svo varhugavert spor, að ástæða sé til að stiga það til baka. Og þar sem hér er um að ræða 3. umr., vil ég mjög mælast til þess, að þetta atriði yrði ekki til að tefja afgreiðslu málsins. Enn eru eftir þrjár umr. í Ed., og þar verður frv. að sjálfsögðu athugað í n. og þessu atriði breytt, ef ástæða

þykir til. Ég skal gjarnan taka að mér að vekja athygli n. í Ed. sérstaklega á þessu atriði. Og breyti Ed. málinu, þá kemur það að sjálfsögðu aftur hingað. Ég skal gera mitt til, að þetta verði athugað sérstaklega í Ed.

Í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil ég leyfa mér að segja örfá orð.

Hv. þm. lagði höfuðáherzlu á, að nauðsyn væri að breyta 1. gr. í skylduform, því að nú legðist landsbankavaldið ekki einungis á framkvæmdir ríkisstj., heldur á allar framkvæmdir í landinu. En ef það er svo, að Landsbankinn vill hindra framgang þessa máls, þá er engin bót þar á ráðin með brtt. hv. þm. Siglf. Það bætir ekkert úr, þó að sett séu skyldul. í staðinn fyrir heimildarl. Þessi rökfærsla hv. þm. fær því ekki staðizt. Það, sem eftir hans hugsanagangi þarf að gera til að tryggja framkvæmd málsins, er ekki aðeins það að ákveða, að verksmiðjan skuli reist, heldur að tryggja nægilegan gjaldeyri til framkvæmdarinnar og skylda Landsbankann til að leggja fram nægilegt fé til stofnunar og rekstrar verksmiðjunnar, en um það hefur engin till. komið fram, og þó er þetta 3. umr. málsins. M. ö. o., hér liggur ekki neitt það fyrir í tillöguformi, sem að dómi hv. þm. tryggir málinu framgang. Það er augljóst, að þótt till. hv. þm. Siglf. verði samþ., er jafnauðvelt eftir sem áður fyrir Landsbankann að neita að leggja nokkurt fé til þessarar framkvæmdar. Það er fjarri mér að verja allar gerðir Landsbankans í fjármálum landsins, en þó getum við ekki leyft okkur að gera Landsbankann að einhverjum allsherjar syndasel og kenna honum allt, sem aflaga fer. Landsbankinn hefur oft beitt valdi sínu gálauslega og léttúðlega, og það er fjarri mér að verja allar hans gerðir, en þó kann að vera, að þegar í odda hefur skorizt milli ríkisstj. og Landsbankans, þá kann að vera, að málstaður bankans hafi stundum verið eins góður og ríkisstj.

Pétur Ottesen: Hv. 4. þm. Reykv. vill viðurkenna, að aths. mín við þessa brtt. sé skynsamleg og á rökum reist. Mér finnst það því harla mikið ósamræmi að vilja samt skella skolleyrunum við bendingum mínum og halda till. til streitu óbreyttri, en þannig skildi ég hv. þm Mér er ákaflega vel ljóst, að þessi till. út af fyrir sig er ekki alvarleg. Þó að svo ólíklega kynni að vilja til, að þessir tveir hreppar kæmu sér ekki saman um skiptinguna, þá er settur ákveðinn yfirdómstóll til að skera úr þeirri þrætu. Ég er því ekkert að óttast, að eitthvað kunni að fara illa í skiptum þessara tveggja hreppa, heldur virðist mér vera hér lagður grundvöllur, sem ásókn gæti verið um að komast inn á með þá almennu útsvarslöggjöf. Nú liggur fyrir þinginu frv. um allvíðtæka breyt. á útsvarslöggjöfinni, og er því meiri ástæða til að leggja hér ekki þann grundvöll, sem ekki yrði fullt samkomulag um í þeirri almennu löggjöf. Ég mun þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. um það, að þetta ákvæði brtt. verði felllt niður, af þeim ástæðum, sem ég nú hef bent á. Hins vegar mun ég ekki bera fram brtt. við þetta, ef frsm. fyrir hönd n. vill taka þessa brtt. aftur, sem ekki er annars kostur nú, þar sem málið er til 3. umr. Þetta væri þá til athugunar fyrir n., hvort ekki væri hægt að ná þessu, sem hér er farið fram á, með öðrum hætti í Ed., sem ekki skapar fordæmi í þeirri löggjöf um þetta efni. Þó að ég beri fram brtt., mun ég heyra svör frsm. fyrst um, hvort hann geti fallizt á að taka brtt. aftur á þessu stigi málsins, og að þeim svörum fengnum mun ég taka mínar ákvarðanir í sambandi við þetta.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. komst þannig að orði, að ég gat ekki annað en staðið upp. Hann sagði, að Landsbankinn hefði oft beitt valdi sínu gálauslega. Ég skora á hv. þm að nefna l., sem Landsbankinn hefur beitt valdi sínu gálauslega við. Það hafa aðrir heyrt þessi ummæli frá fulltrúa þessa hv. flokks, Alþfl., og ég skora á hv. þm. að nefna, hvaða l. það eru, sem þingið setur, sem eru gálausleg að áliti Alþfl. Svona tal undir rós er aumingjaskapur, sem hv. þm. á ekki að leyfa sér. Ég hef heyrt ýmsa ofstækisfulla menn í landinu halda því fram, að ýmis lagafyrirmæli, sem sett hafa verið undanfarin ár, væru illa hugsuð eða óheppileg. En það væri fróðlegt að heyra frá hv. 4. þm. Reykv., hvaða l. það eru, sem Alþfl. telur gálauslega sett og að Landsbankinn eða hæstv. stjórn hafi getað stöðvað framkvæmdir á. Ég vænti þess, að hann sýni manndóm, hv. 4. þm. Reykv., og svari þessari fyrirspurn minni.

Þá gat hv. þm. þess, að engin hugsun fylgdi málinu, því að það lægi engin till. fyrir til að tryggja nægan gjaldeyri til framkvæmdarinnar. Ég skil ekki hvaða hugsanagangur þetta er. Skyldi hv. 4. þm. Reykv. halda, að ráðh. skilji það ekki, að þegar þingið leggur fyrir þá að gera einhverja hluti, þá þurfi að afla peninga til að gera þá? Það, sem þingið gerir með því að samþykkja till., sem ég hef lagt fram, er að leggja fyrir hæstv. ríkisstj. að beita valdi sínu við þær stofnanir þjóðarinnar, sem undir hana heyra, til þess að koma málinu fram. Og stj. er meiri styrkur í því að geta beitt þessu valdi, ef hún hefur fengið þetta sem ákveðin fyrirmæli frá þinginu, heldur en í heimildarformi, sérstaklega eins og nú standa sakir, þegar heimildirnar liggja og ekkert er gert og búið er að sitja við það í marga mánuði, að peningastofnanir landsins hafa skellt skolleyrunum við því að láta fé til þeirra framkvæmda, sem ríkisstj. sjálf hefur ekki áhuga fyrir að koma í framkvæmd.

Mér fannst ræða þessa hv. þm. hafa hvorki upphaf né endi.

Varðandi það, sem hv. þm. Borgf. sagði, um að það gæti skapað fordæmi að láta vera skylt að greiða útsvar þar, sem sandur og möl eru tekin, þá vil ég svara hv. þm. því, að það getur ekki skapað neitt fordæmi. Ég held hann hefði átt að reyna að hlusta eftir því, sem hann var spurður um, og svara því, en ekki að stofna til deilu við mig um þetta mál.

Ég lofaði hæstv. atvmrh., að ég skyldi ekki tefja málið, og vænti þess, að hann með dugnaði sínum vinni upp þessa tvo daga, sem það hefur tafizt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hélt, að ýmsu af því, sem fram hefur komið áður, mundi

verða svarað, en fyrst það hefur ekki verið gert, langar mig til að segja nokkur orð, sérstaklega út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði. — Hann lýsti yfir því, að hann gæti ekki tilnefnt sérstakan tíma, þegar hann treysti sér til að láta hefjast handa um að framkvæma þetta, eða að eina leiðin til að framkvæma þetta væri að taka gjaldeyrislán. Ég skal ekki fara út í að deila lengi um þetta mál. Það er oft búið að taka það fram, að til þess að þetta mál verði vel afgr. frá þinginu, þá þyrfti að liggja fyrir áætlun um framkvæmdir, til þess að þetta gæti orðið vel úr garði gert. En þetta hefur ekki fengizt. Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki nota það tækifæri, sem enn er til, til þess að ganga þannig frá málinu.

Hv. 4. þm. Reykv. benti á það út frá ræðu minni, að till. væri fram komin um að skylda Landsbankann til þess að leggja þetta fé fram. Hins vegar hefur nú tvisvar verið rætt um það í þessum umr. að skora á hæstv. ríkisstj. að koma fram með slíka till., ef hún óskaði að fá slíka skyldu inn í l. Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að það væri ekki nóg að samþykkja svona heimildarl. og það væri ekki nóg að skylda Landsbankann til þess að tryggja framgang svona máls. En því betur sem þingið gengur frá svona máli, því erfiðara verður fyrir Landsbankann að rísa upp á móti því. Þegar l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins voru fyrir d., komu fram till. um það að skylda ekki Landsbankann til að leggja fram fé, heldur skyldi það fást með almennri sölu á skuldabréfum.

Ég mun ekki bera fram brtt. við þetta mál, af því að ég veit af reynslu, að það eru ekki möguleikar að fá slíkt fram, nema hæstv. ríkisstj. óski eftir slíku.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á, að það væri ekki allt að kenna Landsbankanum. Það er rétt. Það er nú svo, að Landsbankinn er ekki æðsta stofnun landsins. Hæstv. ríkisstj. og Alþ. eru þar æðri. Ráðh. getur vikið bankastjóra frá og Alþ. getur breytt bankal. Hvort tveggja er vald, sem afar sjaldan er gripið til. Landsbankinn, sem er aðalseðlabanki þjóðarinnar, þarf að starfa í samræmi við vilja þjóðarinnar og sérstaklega hagsmuni hennar. Hann hefur sem slíkur mikið vald, og Alþ. grípur ekki inn í að breyta því valdi, sem er í l., nema málin séu komin í öngþveiti. Alþ. reynir að bæta úr þeim göllum, sem eru á lagasetningum, en einmitt þegar Landsbankinn vill fara gálauslega að, þá á Alþ. að grípa fram í, þegar ljóst er, hve vitlausir menn það eru, sem stjórna. Hins vegar sé ég, að hv. 4. þm. Reykv. vill ekki svara áskorunum frá hv. þm. Siglf. vegna þess, að hvorki hann né aðrir treysta sér til þess eða óska eftir að ræða um fjármálapólitík landsins. Við sósíalistar höfum reynt að að gera það, sem við helzt kynnum að álíta, að þurfi að gera til að tryggja þetta. Við höfum boðið hæstv. ríkisstj. upp á að fylgja þeim till., sem hún kæmi með til að tryggja aðstöðu sína, en hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað fara inn á það. Þess vegna verður að fara sem fara vill um þetta nú. Ég býst við, því miður, að á næsta þingi verði að taka þessi mál til umr. aftur, ef þingið ætlar að sjá um, sem nú er ljóst, að samþykkt um sementsverksmiðju verði framkvæmd.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um Landsbanka Íslands. Ég vil aðeins minnast ofurlítið á þær umr., sem orðið hafa út af brtt. á þskj. 393.

Það er kunnugt, að þessi brtt. hefur verið gerð með samkomulagi við hv. þm. V-Ísf. Ég er ekki nógu kunnugur þarna til þess að vita nákvæmlega, hvernig staðhættir eru. Eins og kunnugt er, þá er fyrirhugaður staður verksmiðjunnar norðan Önundarfjarðar. Það hagar þannig til, að svo að segja allt hráefnið verður tekið úr öðrum hrepp, en af hagkvæmum ástæðum verður að byggja verksmiðjuna í hinum hreppnum, og má því segja, að þessi starfræksla yrði að nokkru leyti í báðum hreppunum og því verði að skipta útsvarsmöguleikunum á milli þessara tveggja aðila. Ég sé ekki undir þessum kringumstæðum, að þetta sé ósanngjarnt, þegar þannig er ástatt, að báðir hrepparnir leggi það til, sem þarf til þess að starfræksla verksmiðjunnar geti hafizt. Og þar sem annar hreppurinn leggur til land undir verksmiðjuna, en hinn hráefnið, þá þykir ekki óeðlilegt, þó að ráðstafanir séu gerðar til þess, að útsvarið geti skipzt milli þessara tveggja hreppa. Þar sem hér stendur sérstaklega á og gert er ráð fyrir, að svo að segja allt hráefnið til verksmiðjunnar verði tekið á einum og sama stað, þá held ég, að það ætti ekki að geta skapað almennt fordæmi um yfirfærslu á útsvörum á hverja smáefnistöku, sem fram fer víðs vegar um landið. Ég held, að því sé vel fyrir komið að ganga inn á samkomulag, sem þarna er gert, til þess að það valdi ekki hættulegu fordæmi í útsvarsmálum landsins.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. við brtt. hv. þm. Borgf. (PO). Ég hef talað við þá meðnm. mína, sem hér eru staddir, og erum við sammála um að leggja til, að málið verði afgr. út úr d. og að till. okkar á þskj. 393 verði samþ. Höfuðatriði þessa máls er, að starfræksla verksmiðjunnar mun væntanlega hafa áhrif á atvinnulíf beggja hreppanna, sem hér eiga hlut að máli.

Eins og hæstv. atvmrh. hefur tekið fram, verður væntanlega valinn staður nærri mörkum þessara tveggja hreppa, og er þá gert ráð fyrir, að samkomulag náist milli hreppanna um skiptingu útsvarsins. Náist það ekki, á hæstv. atvmrh. að skera úr. Svo að áætla má, að hér sé vel búið að og að í þessu sambandi verði ekki stigin nein þau spor, sem talizt gætu óheppileg fordæmi í framtíðinni eða á öðru sviði.

Hins vegar vil ég ítreka það fyrir hv. þm. Borgf., að ég hef vakið athygli iðnn. á þessu máli og óskar hún að athuga það, hvort ástæða þætti til að breyta hér um. En n. leggur það til, að málið nái fram að ganga eins og hún hefur lagt til í brtt. á þskj. 393.

Við hv. þm. Siglf. vil ég segja það, að mér kom það nokkuð á óvart, hve mikla tilhneigingu hann hefur til þess að draga þetta mál á langinn með alls konar umr., sem ekki eiga skylt við þetta

mál. Ég hef ekki dregið nein óviðkomandi mál inn í þessar umr. Það eina, sem ég sagði og ekki telst þessu máli við koma, var örstutt svar við þeim ummælum, sem hv. þm. lét sér um munn fara.

Hv. þm. skoraði á mig að ræða við sig um fjármálastefnu Landsbankans. Ég vænti þess, að enginn láti sér detta í hug, að ég hafi ástæðu til að skorast undan hv. þm. Siglf. Ég mundi feginn grípa hendi til að eiga slíkar umr. við hv. þm. Siglf., þegar eðlilegt tilefni gefst til þess. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til að blanda því inn í þetta mál. Það yrði bara til að tefja málið meira en orðið er. Þar sem hv. þm. hefur talað báða ræðutíma sína og á þess vegna ekki kost á að svara, þá held ég, að það sé bezt fyrir okkur að geyma það til annars og betri tíma. Hann getur verið þess fullviss, að það stendur ekki á mér að ræða þessi mál almennt í heild við hv. þm.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það var misskilningur, að ég skoraði á hv. þm. í almennar umr. um fjármálastefnu Landsbankans. Ég bara sagði við hv. þm., þegar þessi hv. þm. sagði, að þessi stofnun hefði beitt valdi sínu gálauslega, þá skoraði ég á hv. þm. að nefna, við hvaða mál hv. þm. ætti. Það var ekkert annað. Ég stóð upp til að leiðrétta þennan misskilning, og ég vænti, að hv. þm. geti nefnt það, þem hér er um að ræða. Þá hefur hv. þm. leyfi til þess að láta sér þannig orð um munn fara. Annars eru þau ómerkilegt fleipur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 408) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 366 felld með 18:6 atkv.

— 408 samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, HÁ, HelgJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KTh, LJós, PO, SigfS, SkG, StSt.

nei: StgrSt, ÁÁ, BÁ, FJ, GÞG, IngJ, JG, PÞ, SG, StJSt, BG.

EOl, HB greiddu ekki atkv.

9 þm. (EmJ, EystJ, GTh, HermG, JJ, ÓTh, SB, SEH, SK) fjarstaddir.

Brtt. 393, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

— 339,1 þar með ákveðin.

— 339,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 409).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér finnst mjög óviðkunnanlegt, ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að kasta þessu stórmáli hér inn í d. án þess að virða það svo mikils, að neinn hæstv. ráðh. sjáist í d. og án þess að nokkurt orð sé sagt til skýringar þessu margra milljóna máli og mikla atvinnumáli. Og ég vil lítt una því, að hæstv. ríkisstj. ræði ekki þetta mál við 1. umr. hér.

Forseti (BSt): Ég er nú hv. 3. landsk. þm. sammála um þetta. En það er með hæstv. ráðh. eins og aðra hv. þm., að það er ekki gott að ráða við það, ef menn mæta ekki á deildarfundum hér, því að forseti hefur ekkert refsivald eða annað vald til þess að beita til að þvinga hv. þm. til þess að mæta á þingfundum. Eina refsivaldið, sem í þingsköpum var, sem forseti hafði í þessu efni, er þaðan horfið, og liggur þetta mál fyrir til umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BrB, GJ, GÍG, HermJ, PZ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BSt.

HV greiddi ekki atkv.

6 þm. (BBen, EE, JJós, LJóh, PM, SÁÓ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Ég vil taka það fram, að mér er ákaflega óljúft að sætta mig við, að þessi hv. þd. taki við hverju málinu á fætur öðru sem hæstv. ríkisstj. flytur, án þess að hæstv. ríkisstj. virði þau svo mikils að leggja þau fyrir hv. d. Ég vil því mjög ógjarnan taka þátt í að vísa áfram máli, sem ríkisstj. ekki leggur fyrir hv. d., þó að hún flytji málið. Hér er um stórmál að ræða og því fyllsta ástæða til þess af hálfu ríkisstj. að gera grein fyrir þessu máli. Ég mun því sitja hjá við þessa atkvgr. og mun gera það, þegar svona stendur á um mál, sem hæstv. ríkisstj. flytur.

Frv. vísað til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 504).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., hélt iðnn. fund um þetta mál og ræddi um frv. við þann mann, sem mest hefur unnið að því að gera áætlanir um þessa sementsverksmiðju, Harald Ásgeirsson verkfræðing. Og að þeim umr. loknum var n. sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ.

Frv. þetta er um að veita ríkisstj. heimild til þess að láta reisa sementsverksmiðju við Önundarfjörð. Það hefur legið fyrir þinginu allýtarleg grg. frá þeim manni, sem hefur undirbúið þetta mál, sem ríkisstj. hefur svo að mestu leyti gert að sinni grg. fyrir frv., og þarf í raun og veru ekki neinu við hana að bæta. Það hefur verið rannsökuð aðstaða á fleiri stöðum á landinu til að reisa sementsverksmiðju, og hafa á ýmsum tímum verið uppi raddir um aðra staði, sem hafa þótt heppilegri, og jafnvel líka stundum um annað fyrirkomulag að ýmsu leyti. En

þetta, sem í frv. er gert ráð fyrir í þessu efni. er nú það, sem menn hafa seinast hafnað á sem hinu ódýrasta og hagkvæmasta í þessu efni.

Ég geri ráð fyrir, að mönnum sé yfirleitt ljóst, að okkur er þörf á því að framleiða sement okkar sjálfir, ekki sízt þegar gjaldeyrisástæður eru hjá okkur eins og þeim er nú komið. En vafalaust munu margir eiga erfitt með að átta sig á því, hvort sementsverksmiðja, sem stofnuð væri eftir þeim plönum, sem hér liggja fyrir, muni bera sig. En eftir því sem fagmenn álíta, þá á hún að gera það.

Þetta frv. er, sem sagt, um heimild handa ríkisstj. til að reisa þessa verksmiðju, og framkvæmdin byggist á því, hvort ríkisstj. heppnast að fá lán til þess að koma verksmiðjunni upp. Því að því fer fjarri, að fjárhag ríkisins sé þannig farið nú, að ríkið geti, án þess að fá lán, lagt þetta fé fram, sem þarf til þess að reisa þessa verksmiðju. — En trúlega þarf þetta mál að koma til þingsins kasta aftur, áður en endanlega er gengið frá því að ákveða byggingu þessarar verksmiðju. Hins vegar sér iðnn. ekkert athugavert við það, þó að ríkisstj. fái þessa heimild í hendur, svo að reynt verði að fara að vinna að málinu, svo sem að reyna að fá lánið, og svo á síðara stigi — sjálfsagt ekki fyrr en á næsta ári eða hitt árið — að reisa verksmiðjuna.

Ég hef ekki séð álit frá hv. minni hl. iðnn., enda hygg ég, að sá minni hl. n., sem þar kemur til greina, sé ekki svo mikið ósammála okkur hinum nm., þó að minni hl. n. kunni að vera með sérstöðu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál., gat ég ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls í iðnn. vegna anna við afgreiðslu fjárlagafrv. Ég vildi því mega fara þess á leit við hv. frsm. og hv. form. iðnn., hvort þeir vildu ekki taka frv. aftur til athugunar á þessu stigi málsins og halda a. m. k. einn fund með mér í iðnn. um málið og gefa mér tækifæri til þess að bera fram þær brtt. og þær aths. við frv., sem ég þá kynni að óska. Og fyrr en ég heyri undirtektir undir þessa ósk mína mun ég ekki halda áfram að ræða málið. Sé því neitað, mun ég að sjálfsögðu mæla fyrir brtt. mínum hér.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Út af þessum tilmælum hv. þm. Barð. virðist mér nú að sú ósk sé ófyrirsynju. Og ég byggi það á því, að ég leit svo á, að hv. þm. Barð. væri í raun og veru ekki okkur hinum nm. sammála um að afgreiða þetta frv. Ég gat ekki skilið annað á þessum hv. þm. á þriðja fundi n., þar sem hann aðeins leit inn, því að þá féllu hjá honum nokkur orð, sem ég gat ekki skilið á annan veg en þann, að hann væri ósammála um að afgreiða frv. En hvað sem þessu líður, vildi ég mælast til þess, að málið gangi í gegnum 2. umr. nú, og svo hefði iðnn. fund á milli umr., ef ske kynni, að hún vildi fallast á einhverjar brtt. frá hv. þm. Barð. Ég hygg, að þeir fjórir nm., sem mynda meiri hluta um þetta mál, séu að athuguðu máli alveg á einu máli um það, að ekki sé vert að gera breyt. á frv., og hv. frsm. n. hefur skýrt hvers vegna. Hins vegar skal ég ekki dylja það, að mér skilst, að samkomulag sé hjá a. m. k. allflestum þm. um það, að þetta mál geti náð samþykki þessa þings. Of mikil töf má ekki verða á afgreiðslu málsins hér í þessari hv. d., svo skammt sem nú er ætlað, að verði til þingloka. ef takast á að koma málinu í gegn á þessu þingi. Þess vegna vildi ég óska, að 2. umr. málsins væri látin nú ganga í gegn án frestunar, og svo yrði málið að sjálfsögðu tekið til athugunar í n. milli umr. Þetta er mín till.

Gísli Jónsson: Ég verð að segja, að mig undrar sú stirfni, sem fram hefur komið hjá form. iðnn., að vilja ekki taka þetta mál til frekari umr. í n. Í fyrsta lagi er honum fullkomlega ljóst, að ég hef af eðlilegum ástæðum ekki getað verið við þessar umr. og því ekki fengið tækifæri til að ræða þetta stóra fjárhagslega mál við n., og mér þykir það of mikil stirfni að neita að taka málið aftur til umr. í n., svo að mér gefist kostur á að ræða brtt. við n. og geti gefið þar út sérstakt nál. Og ég skil ekki, hvaða meðferð svona mál á að sæta yfirleitt, þar sem ekki er hér um að ræða stjórnarandstöðu í málinu. — Í öðru lagi vil ég benda á, að í þessari hv. d. hefur hæstv. ráðh. ekki sýnt þessu máli þann áhuga, að hann hafi sagt um það eitt einasta orð, þetta stóra mál, sem heimilar ríkissjóði fyrst og fremst að staðbinda án fullkominnar rannsóknar 15 millj. kr. fyrirtæki og þess utan að gera ráðstafanir til þess að halda því áfram. Mér er ekki heldur kunnugt, að hann hafi verið kvaddur til viðtals við n., svo að ég held, að meðnm. mínir samþykki þetta alveg út í bláinn. Þeir hafa raunar rætt um þetta við þann tekniska aðila, sem ríkisstj. hefur falið þetta, en engan veginn getur talizt trúanlegur í þessum efnum og þess utan tæplega heilbrigður á sönsum, eftir framkomu hans að dæma, en ég skal nú snúa mér að sjálfu frv.

Samkv. 1. gr. frv. er talað um heimild til ríkisstj. að láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Ég tel, að það sé óvarlegt á þessu stigi málsins að ákveða, að staðurinn skuli vera Önundarfjörður. Ég vil hafa það opið, til þess að skemma ekki frv. Þó að það sé samþ. þannig, að ríkisstj. heimilist að láta reisa verksmiðju með fullkomnum vélum þarf ekki á þessu stigi málsins að ákveða, að það skuli vera Önundarfjörður, og skal ég færa fyrir því nokkur rök.

Í fyrsta lagi teldi ég mjög óviðeigandi, ef það á síðara stigi málsins kæmi í ljós, að heppilegra væri að reisa verksmiðjuna annars staðar, því að þá væri mjög slæmt að vera búið að setja ný l. um að reisa hana á ákveðnum stað. Það kveikir að sjálfsögðu miklar vonir, þar sem ákveðið er með l., að slíkt fyrirtæki skuli reist af ríkinu eins og sementsverksmiðja, sem kostar 15 millj. Ég sé ekki, að nein nauðsyn sé að ákveða staðinn á þessu stigi málsins, og mun ég því leggja til, — ekki við þessa umr., því að ég bjóst við, að ég fengi að ræða þetta í n., heldur við 3. umr., — að þessu verði breytt.

Þá stendur í 2. gr., þar sem talað er um, að ríkisstj. heimilist að taka 15 millj. kr. lán: „Sem-

entsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán". Það er nú nokkuð líkt Egilsstaðasamþykkt þetta hér, þar sem talað er um, að verksmiðjan „skuli" gera þetta, en ekki talað um það í möguleikaformi.

Í þriðju gr. er sagt, að ríkisstj. skuli heimilt, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Þetta tel ég mjög óheppilegt að hafa í frv. á þessu stigi málsins. Ég tel miklu heppilegra, eins og ég gat um áðan, að fastbinda ekki, hvar staðurinn á að vera, og setja þar inn, að ríkisstj. muni leita samkomulags um kaup á þessum löndum áður en staðurinn er ákveðinn, og það skuli ekki ákveðið fyrr en gengið hefur verið frá þeim samningum, hvar verksmiðjan skuli vera. Við vitum, hvernig þetta hefur gengið. Það varð að fresta framkvæmdum um höfn í Njarðvíkum fyrir það eitt, að ekki var hægt að ná samkomulagi, en það stóð í l., að ekki mætti byrja á framkvæmdum fyrr en samkomulag hefði náðst, en af því að það var ákveðið, að höfnin skyldi byggð í Njarðvíkum, komst ríkissjóður ekki að sömu kjörum um þetta land og ef það hefði verið búið að ákveða þetta.

Ég skal fara hér nokkrum orðum um það, hvers vegna ég tel, að frekari rannsókna þurfi við í sambandi við það, hvar staðsetja eigi verksmiðjuna. Það hefur verið talað um 3 staði í þessu sambandi: Önundarfjörð, — sem mest er haldið fram hér —, Patreksfjörð og Brjánslæk. Það hafa verið athugaðir nokkrir aðrir möguleikar, sem sérfræðingurinn telur þó ekki, að komi til greina, en ef til vill eru til aðrir staðir á landinu, sem til greina gætu komið í þessu sambandi, en alls ekki hafa verið athugaðir. Ég skal ekki fara út í það, en bendi á, hvað sagt er um þessa staði hér, t. d. Vatnsfjörð: „Um sandinn við Vatnsfjörð má segja það, að þótt hann nálgist að vera nægilega hreinn til portlandsementsiðnaðar, og þótt þar séu nokkrir möguleikar til að byggja vatnsorkuver ....". Ég vil sýna, hve partiskuleg þessi grg. er. Sannleikurinn er, að það liggur fyrir, að á Vestfjörðum er líklega um að ræða einhvern líklegasta staðinn, þ. e. á Brjánslæk, eftir því sem mér hefur skilizt á raforkuráði og raforkumálastjóra, en þessi ungi verkfræðingur leyfir sér að segja: „.... þótt þar séu nokkrir möguleikar", sem sýnir, að hann hefur farið þarna á miklu hundavaði.

Svo segir hann: „.... er sigling á fjörðinn mjög ótrygg". Ég veit ekki annað en þetta sé vitleysa, en siglingin sé fullkomlega örugg, og ef allur undirbúningur undir frv. og niðurstöður eru byggðar á þessu líkum ummælum, er ekki við góðu að búast.

Sérfræðingurinn segir, að sandurinn sjálfur liggi fyrir opnu hafi. Ég veit ekki, hvernig þeir, sem til þekkja á þessum stöðum, ættu að geta fallizt á, að þetta hafi við neitt að styðjast, því að það er miklu skemmra beint til hafs frá botni Önundarfjarðar en frá Vatnsfjarðarbotni. — Sérfræðingurinn segir, að byggðarlagið sé mjög fámennt. Það er rétt. En á að hverfa frá því að velja staðinn, ef aðrar aðstæður eru þar betri, þó að byggðarlagið sé fámennara? Hér er ríkiseign, svo að ríkið þyrfti hvorki að kaupa landið né sandinn, en verður auðvitað að gera hvort tveggja, ef það er tekið úr einkaeign. — Ég vil líka benda á, að það er allt annað vetrarríki á Brjánslæk eða við Önundarfjörð. Hins vegar kann að vera, að það hafi ekki áhrif á rekstrinn, en ég vil bara benda á það. Frost og snjór og byljir hafa kannske engin áhrif á rekstur verksmiðjunnar, en það væri mjög nauðsynlegt að fá það upplýst.

Um Patreksfjörð segir hér: „Patreksfjarðarsandurinn, sem er að jafnaði 85% skel, og svarar til um 79% af kalki af glæddu efni, mætti nota að viðbættum kísilsýruríkum steinefnum. Hafnaraðstæður norðanvert í firðinum má gera sæmilegar ....". Þetta hlýtur að vera samið fyrir löngu, því að nú er í þann veginn verið að ljúka því að gera hafnaraðstæður þar sæmilegar. — Sérfræðingurinn segir enn fremur, að landrými sé takmarkað fyrir verksmiðju. Það viðurkenni ég, og mér er ekki kunnugt um, hvort mætti hafa verksmiðju við þá höfn, sem nú er verið að gera á Patreksfirði. Hins vegar er það, að sá sandur, sem hér um ræðir, er allur eign ríkisjarðar, því að það er Sauðlauksdalur.

Annars vegar fullyrðir þessi sérfræðingur, að undirbúningi varðandi Önundarfjörð sé engan veginn lokið, en hins vegar vill hann þó ákveða þann stað. Mér finnst allt benda til þess, að þetta þurfi að athuga nánar.

Hér á bls. 6 segir hann meðal annars: „Með samanburði á ofanskráðum efnagreiningum og efnahlutföllum portlandsements sést, að við Patreksfjarðarsandinn verður að bæta kísilsýruríku steinefni, en í Önundarfjarðarsandinn vantar meira kalk". Hann finnur engan stað, þar sem nota megi sandinn án þess að gera eitthvað við hann, nema Brjánslæk; þar þurfi að hreinsa hann lítils háttar. Hann segir einnig á bls. 9: „Það sem lýst hefur verið hér að framan, hefur að vísu aðeins verið framkvæmt á rannsóknarstofu ....". Hér er því aðeins um lítið magn að ræða, og það, að hann tekur þetta fram, sýnir bezt, að hann þorir ekki að taka ábyrgð á því, að svona verði þetta í framkvæmd. Hann segir: „Takist að hreinsa hráefnin þannig á auðveldan hátt, má þegar fullyrða, að fáar sementsverksmiðjur búi yfir betri hráefnum en sementsverksmiðja við Önundarfjörð". Væri nú ekki eðlilegt, að þessi rannsókn yrði látin fara fram rækilega, áður en sett væri upp 15 millj. kr. fyrirtæki, — hvort það tækist að hreinsa þessi efni eins og gert er ráð fyrir?

Ég hygg, að þetta sé nægilegt til að sýna, að það er sjálfsagt, þótt frv. verði samþ., sem ég er ekki á móti, að fella úr því ákvæðið um ákveðna staðsetningu verksmiðjunnar, heldur eigi að hafa þetta alveg opið. Vísa ég þar til raka, sem ég hef áður flutt hér í þessu sambandi.

Þá vil ég benda á í sambandi við 4. gr., þar sem talað er um atvmrh., að setja í stað þess orðs orðið „ráðh.", og fylgir þetta þá þeim ráðh., sem fer með þessi mál eftir verkaskiptingu ráðh. á hverjum tíma. Það er orðin venja í hverjum einstökum l. að taka ekki beint fram nein ákvæðin ráðuneyti, því að á því getur orðið breyt. frá ári til árs, hvaða rn. hafa með hin ýmsu mál

að gera, og sannleikurinn er sá, að mér finnst þetta mál miklu fremur heyra undir iðnmrh., því að hér er um hreint iðnaðarmál að ræða, en ekki landbúnaðarmál. — Sama er að segja um 6. gr., að þar þyrfti einnig að breyta til samræmingar og setja inn „ráðh." í stað „atvmrh.".

Ég mun einnig gera till. um gerbreytingu á 7. gr. Tel ég algerlega rangt, hvernig ráðgert er að koma fyrir opinberum gjöldum, sem verksmiðjan á að greiða samkv. þessari gr. Ég tel, að svona fyrirtæki, sem rekið er af ríkinu að öllu leyti, eins og m. a. síldarverksmiðjur o. fl., en þó sérstaklega slíkt fyrirtæki sem hér um ræðir, eigi að borga ákveðinn veltuskatt í rekstrarsjóð ríkisins. Tel ég nægilegt, að hann nemi 1% af framleiðslunni ár hvert, og síðan ætti að skipta hæfilega öðrum gjöldum til sveitarsjóðs. Það er þegar auðséð og viðurkennt, að löggjafinn síðustu árin hefur sveigt inn á þá leið að fara inn á opinberan rekstur, sem er algerlega skattlaus til ríkisins og að miklu leyti til bæjar- og sveitarsjóða, og þótt þetta fyrirtæki eigi að verða rekið af ríkinu, þá er vafalaust, að slíkt fyrirtæki eigi að greiða rekstrargjald til ríkisins. Það þyrfti ekki að vera hátt, og teldi ég 1% af ársframleiðslunni vera hæfilegt og auk þess hæfilega háa upphæð til sveitarsjóðs. Mun ég bera fram brtt. um þetta á síðara stigi málsins.

Ég tel, að einnig þurfi að gera breytingar á 8. gr. og setja inn „ráðh." í stað „atvmrh." til samræmis við hinar gr. frv.

Ég mun svo ekki ræða frv. frekar á þessu stigi málsins, en vil vænta þess, að form. og frsm. n. fallist á, að það sé eðlilegt að taka málið aftur til þess að sjá, hvort ekki sé unnt að ná samkomulagi um það. Sömuleiðis vildi ég heyra úrskurð hæstv. forseta, hvort honum fyndist þetta ekki eðlileg meðferð, en ef svo væri ekki, þá væri slíkt einkennileg stirfni um svo stórt mál sem hér er á ferðinni.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr., hafði ég ætlað að reifa það nokkuð, en var þá kallaður á fund. Næst er málið var tekið á dagskrá, var mér ekki tilkynnt um það, og var það að sjálfsögðu yfirsjón mín að biðja ekki hæstv. forseta að láta mig fylgjast með því. Mér finnst þó ekki ástæða til að fara að halda þá framsöguræðu, sem ég mundi þá hafa haldið, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi nú kynnzt sögu málsins og þeim rökum, sem flutt eru fram fyrir því í álitsgerð þeirri og skýrslu, sem fylgir frv.

Eins og hér er tekið fram, hefur þetta mál nú verið beint og óbeint alllengi á döfinni, þótt það hafi ekki komizt lengra til þessa. — Á þinginu 1935 var samþ. ályktun um að hefja rannsókn á sementsverksmiðju hér á landi. Þessi hreyfing átti sér þau upptök, að þá nýlega hafði verið rannsakaður skeljasandur á Vestfjörðum, er hafði að innihalda nægilegt kalk. Í áframhaldi af þessum athugunum var fenginn hingað danskur sementsverkfræðingur, sem gerði hér ýmsar rannsóknir á árunum 1936 og 1937, og taldi hann, að í Vestfjarðasandinum væri nægilegt kalk til þess að framleiða sement, en hins vegar erfitt að finna ýmis önnur efni nauðsynleg framleiðslunni, sérstaklega kísil, sem hann leitaði mjög að. Og eftir hans rannsóknum var kísil ekki að finna nema við hverí, þ. e. í hverahrúðri, austur við Geysi og á öðrum stórum hverasvæðum. Taldi hann, að um nokkurra ára skeið væri hægt að vinna nægilegan kísil til þess að unnt væri að framleiða það sementsmagn, sem þá var miðað við, að nægði hér á landi. Þess vegna gerði hann ráð fyrir í till. sínum, að efni til framleiðslunnar yrði að flytja á milli landsfjórðunga. Af þessum ástæðum og þar sem auðsýnt var, að þessi framleiðsla yrði óhjákvæmilega mjög dýr, var litið þannig á, að mjög hæpið væri að ráðast í þetta fyrirtæki eins og þá stóðu sakir. Nú hafa þessar rannsóknir hins vegar verið teknar upp að nýju. Hefur ungur og efnilegur verkfræðingur haft þær með höndum, og með honum hefur starfað hr. Tómas Tryggvason. Í stuttu máli varð það niðurstaða þessara manna, að hér innanlands væru fyrir hendi svo að segja öll hráefni, sem þyrfti til sementsframleiðslu, bæði kalk, kísill og ýmis önnur efni, sem nauðsynleg eru til að blanda með sementið, þannig að ekki mundi þurfa að flytja inn annað en gips til framleiðslunnar. En það, sem meira var um vert, var, að þeir fundu stað, þar sem öll þessi hráefni eru samankomin í sandleðjunni, þ. e. við Önundarfjörð, eins og talað er um í frv. Þarna eru þessi efni samankomin í sandleðjunni í nokkurn veginn réttum hlutföllum, en þó ekki alveg, þannig að það verður að þvo sandinn til þess að fá hin réttu hlutföll, og þarna virðist vera heil náma af þeim hráefnum, sem til þessara hluta þarf.

Hv. þm. Barð. (GJ) var að gera ýmsar aths. við niðurstöður þeirra sérfræðinga, sem þetta mál hafa nú rannsakað og bent hafa sérstaklega á Önundarfjörð. Vildi hv. þm. í þessu sambandi halda fram, að ýmsir aðrir staðir á landinu gætu engu síður komið til greina. Má vel vera, að víðar en á þessum stað væri unnt að koma þessari framleiðslu á með yfirstiganlegum kostnaði, en samkvæmt þeim niðurstöðum, sem ég hef minnzt á, hygg ég, að hver maður, sem les þetta frv. ásamt fskj. og athugar vel og hlutlaust þær rannsóknir, sem fyrir liggja, sannfærist um, að einn staður beri af öðrum í þessum efnum, og hann sé einmitt sá, sem þessir sérfræðingar hafa bent á og ákveðinn er í frv. fyrir sementsverksmiðju. Ég hef a. m. k. sannfærzt um þetta af þessum niðurstöðum, og hv. iðnn. Nd., sem hefur athugað þetta mál lengi og ýtarlega, er einnig sammála um þetta.

Hv. þm. Barð. sagði, að Haraldur Ásgeirsson hefði ekki aðstöðu til að geta verið hlutlaus í þessu máli, vegna þess að hann væri fæddur og uppalinn á þeim stað, sem hér um ræðir. En hvernig er með sálina hans Jóns míns? Mun ekki sál hv. þm. Barð. vera eitthvað bundin við Barðastrandarsýslu, og væri ekki eins hægt að véfengja álit hans eins og hinna mannanna? Annars finnst mér ekki rétt að vera með aðdróttanir í garð þessara manna, sem virðast hafa leyst þetta verkefni af hendi af mestu alúð og samvizkusemi, og engin ástæða til að ætla, að það sé vegna eigin hagsmuna, þótt þeir hafi bent á þennan

stað. Ég tel þó, að það sé ekkert nema viljinn til að finna hið rétta, sem vakir fyrir hv. þm. Barð., en vænti, að hann verði svo frjálslyndur að ætla öðrum það sama, þótt skoðun hans og þeirra falli ekki saman. Þá ræddi hv. þm. mikið um það, að vafasamt væri að staðsetja verksmiðjuna í frv., af þeirri ástæðu, að þá hlytu þær lóðir, sem á sínum tíma yrðu notaðar undir verksmiðjuna, að hækka mikið í verði, ef þessi staður yrði ákveðinn með l. Má ef til vill segja, að hv. þm. hafi að nokkru leyti rétt fyrir sér í því, að betra hefði verið að kaupa þessar jarðir áður en frv. kom fram, en hæpið hefði þetta verið, ef t. d. yrði samþ. brtt. frá hv. þm. Barð. um að reisa verksmiðjuna á Patreksfirði eða annars staðar. Hins vegar hygg ég, að það geti ekki gert mikinn mismun, þótt þetta ákvæði sé í frv. Það mundi alltaf vitnast, þegar komið hefði verið að því, að enn frekari rannsóknir hefðu farið fram eins og hv. þm. var að tala um, og endanleg niðurstaða legið fyrir um, hvaða staður væri heppilegastur og viðkomandi jarðeigendur þannig fengið aðstöðu til að hækka lóðarverð. En hér er gert ráð fyrir því, að um leið og verksmiðjan verður staðsett, verði land undir verksmiðjuna tekið eignarnámi, og ég er ekkert hræddur við, þegar sá háttur er á hafður, að landið verði óhóflega dýrt. Mér hefur verið sagt, að þessar jarðir hafi nýlega verið seldar, og það fyrir lágt verð, og dettur mér ekki annað í hug en að sá eignarmatsdómur, sem um þetta fjallaði, mundi taka tillit til þessa söluverðs. Annars er það ekkert aðalatriði fyrir mér að staðsetja verksmiðjuna nú. En þar sem hins vegar niðurstaða sérfróðra manna liggur fyrir um, að sá staður, sem nefndur er í frv., sé ákjósanlegastur, sé ég enga ástæðu til að draga að ákveða þetta með l.

Þá var hv. þm. að fetta fingur út í ýmsar greinar frv. Honum þótti t. d. óeðlilegt, að verksmiðjan skyldi ávaxta og endurgreiða lán, er ríkisstj. heimilast að taka samkv. 2. gr. Með þessu er átt við það, að haga verði verði á sementinu með það fyrir augum, að verksmiðjan standi undir þessu láni. Sementið verður að seljast með kostnaðarverði, og einn liðurinn þar er lánið, og ef gera á ráðstafanir um, hvernig lánið skuli greiðast, er ekki eðlilegt, að það greiðist á annan hátt en þennan.

Þá minntist hv. þm. á það Vatnsfirði til framdráttar, að þar væru mjög góð vatnsskilyrði. Ég skal viðurkenna, að nægilegt rafmagn er mjög mikill kostur í þessu máli, og það er að vísu ókostur, að ekki skuli nú vera fyrir hendi nægileg raforka á Vestfjörðum til þess að nota við þennan rekstur. Þess vegna er gert ráð fyrir því til bráðabirgða að reka dieselstöð við verksmiðjuna, og hefði óneitanlega verið mikill kostur að því, að ekki þyrfti að eyða útlendum gjaldeyri til að reka olíustöð í sambandi við reksturinn. Hins vegar þykir ekki rétt að fresta byggingu verksmiðjunnar, þar til rafvirkjun yrði komið á á Vestfjörðum, sem mundi nægja verksmiðjunni, vegna þess að gjaldeyrissparnaðurinn, sem hún skapar, er svo stórkostlegur, þrátt fyrir það, að verja þurfi erlendum gjaldeyri til rekstrar olíustöðvarinnar. Hins vegar verður að sjálfsögðu stefnt að því að koma upp stórvirkjun á Vestfjörðum, sem hægt væri að leiða rafmagn frá til þorpa og kaupstaða á Vestfjörðum og þ. á m. til þessarar verksmiðju.

Þá vildi hv. þm. fella úr frv., að þetta væri bundið við atvmrh., og hef ég ekkert við því að segja. Hins vegar er ég ekki sammála honum um, að það sé nokkuð óeðlilegt, að þetta mál heyri undir atvmrh., því að hér er um venjulegt atvinnumál að ræða.

Um málið almennt vil ég segja það, að ég tel það, ef það verður leyst á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, eitt af merkustu og nauðsynlegustu stórframkvæmdum, sem fyrir okkur liggja. Athuganir, sem fyrir liggja, sýna, að gjaldeyrislega getur verksmiðjan borgað sig eða borgað þann gjaldeyri, sem til stofnkostnaðar fer, jafnvel árlega, með þeirri sementsnotkun, sem hún mest hefur verið undanfarin ár. Og við verðum að vera svo bjartsýnir að vænta þess, að við getum og þurfum að koma sementsnotkun okkar upp í það, sem hún hefur mest verið undanfarin ár, en með þeirri framleiðslu eigum við að geta sparað gjaldeyrisupphæð í námunda við það, sem fer til kostnaðar verksmiðjunnar allt að því árlega. Auk þess tryggir þetta þjóðinni, að hún geti ráðizt í framkvæmdir, sem eru sementsfrekar, þótt gjaldeyrir sé lítill á hverjum tíma, sem ella yrðu að bíða kannske árum saman. Er hér ekki aðeins um byggingar og hafnarframkvæmdir að ræða, heldur einnig vegalagningar, sem vafalaust verður stór liður í framkvæmdum okkar á næstu árum. Það er ekki lítið öryggi að því að hafa slíka verksmiðju í landinu sjálfu. Ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að ef niðurstaðan verður í samræmi við álitsgerðina, þá liggi það fyrir að hrinda málinu í framkvæmd sem fyrst.

Ég viðurkenni það, að þó áætlanir séu vel og samvizkusamlega gerðar, þá getur alltaf farið svo, að fyrirtækið verði dýrara en gert er ráð fyrir, en það ætti þó að vera hægt að sjá nokkuð af tilboðunum, hvað fyrirtækið yrði dýrt, og kontrolera þannig kostnaðinn. Ef fyrirsjáanlegt verður, að kostnaðurinn fari ekki úr hófi fram, getur svo farið, að ríkisstj. sjái sér fært að hefja framkvæmdir. En ef ráðuneytinu litist svo á, að líkindi væru til, að kostnaðurinn færi langt fram úr áætlun, þá mundi ég auðvitað skýra frá því, og ég hygg, að alveg óhætt sé að samþykkja frv. vegna þess, að ekki verði ráðizt í neinar óframkvæmanlegar framkvæmdir.

Í frv. er gert ráð fyrir heimild til lántöku, og hef ég skilið heimild þá þannig, að ríkisstj. sé heimilt að taka lánið hvort heldur er í íslenzkum eða erlendum gjaldeyri, en án þess tel ég útilokað að koma fyrirtækinu upp. Þó að tekið yrði erlent gjaldeyrislán, þá hygg ég, að verksmiðjan yrði fljót að borga það upp, þar sem hún mundi spara mikið erlenda gjaldeyriseyðslu.

Hv. þm. Barð. óskaði eftir að málið væri nú tekið af dagskrá, svo að n. gæti athugað það, áður en þessari umr. lyki. Ég vil beina því til hv. þm. Barð., hvort hann treysti sér ekki til að athuga frv. milli umr. og koma með þær brtt., sem hann e. t. v. hefur í hyggju, við 3. umr. máls-

ins, svo að það verði ekki tafið nú með því að senda það til n. Eftir að þessari umr. er lokið, gæti n. athugað frv. sameiginlega og þá komið fram við 3. umr. öll þau sjónarmið og till., sem þm. kunna að vilja koma með. Ég vænti, að þótt málið sé ekki tekið af dagskrá nú, megi koma að öllum þeim athugunum og upplýsingum, sem fyrir hendi kunna að vera, og ég vil beina því til hæstv. forseta og hv. þm. Barð., að þessi málsmeðferð, sem ég hef hent á, verði viðhöfð.

Forseti (BSt): Meðal annars hefur það komið fram, hvort ég vildi ekki taka málið af dagskrá nú, til frekari athugunar í n. Hefði þetta verið fyrr á þingi, hefði ég strax orðið við þessari ósk. En þar sem nú er áliðið þings og frsm. n. og hæstv. atvmrh. mæla frekar á móti því, að málið sé tekið af dagskrá, get ég ekki orðið við þeirri ósk.

Ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að til þess eru þrjár umr. um mál, að athuganir geti farið fram á milli umr., og tek ég undir það með hæstv. ráðh., að n. geti athugað málið milli 2. og 3. umr. og þá komið fram með brtt. sínar við 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er ekki mikið, sem ég þarf að segja. Hæstv. atvmrh. hefur svarað hv. þm. Barð. flestu því, sem ég vildi hafa svarað honum.

Ég vil byrja á því að lýsa fylgi mínu við frv., en sjálfur hefði ég kosið, að tvennt hefði átt sér stað áður en frv. kom fram. Í fyrsta lagi, að leitað hefði verið fyrir um kaup á landi því, sem verksmiðjunni er fyrirhugað að standa á, en það mun verða í Hólslandi, Garðalandi eða Holtslandi, og hefðu átt að liggja fyrir upplýsingar um verð á þessu landi, því að venjulega er það svo, að þegar ríkissjóður þarf að kaupa land til einhverra hluta, þá er verðið svo vitleysislega hátt, að það nær engri átt.

Í öðru lagi finnst mér ekki liggja fyrir nógu góðar upplýsingar um sandinn. Það mun vera svo, að jarðir eiga út frá landi sínu 60 faðma í sjó fram. Ég veit til þess, að í Önundarfirði dagar iðulega uppi grásleppu á fjörunni, og eru það óskráð lög þar og síður, að hún sé almenningseign. Ég held því, að það, sem hv. þm. Barð. sagði um það, að í Patreksfirði ætti ríkið sand, en í Önundarfirði engan, hafi ekki við rök að styðjast, og finnst mér, eins og ég sagði áðan, ekki nógu glöggar upplýsingar um sandinn í nál.

Þá vil ég benda hæstv. ríkisstj. á það, hvort ekki væri rétt, að hún bætti inn í frv. ákvæðum um endurskoðun á reikningum verksmiðjunnar, en þá endurskoðun ættu að hafa á hendi sérstakir menn, sem endurskoðuðu alla ríkisreikninga, og mundi það vera betra en að vera alltaf að kjósa marga endurskoðendur, sem borga þarf svo hátt kaup hverjum og einum.

Þetta, sem ég hef nú minnzt á, finnst mér vanta í frv., en ég læt það þó ekki hafa áhrif á fylgi mitt við það. Og eftir að hafa heyrt röksemdir hv. þm. Barð. fyrir því, að Patreksfjörður sé betri staður fyrir sementsverksmiðju en Önundarfjörður, þá er ég sannfærðari en nokkru sinni fyrr um hið gagnstæða. Í Önundarfirði er nægur sandur, og má dæla honum beint úr firðinum inn í verksmiðjuna, þar sem efnin eru unnin úr honum með kvoðuþvotti eða segulmagni. Þótt nægur sandur sé fyrir hendi við Patreksfjörð, þá vantar í hann efni, og þyrfti til viðbótar við hann kísilrík steinefni.

Þá hafa sumir viljað halda því fram, að hafnarskilyrði væru betri við Patreksfjörð. Það er alls ekki tilfellið þeim megin, sem sandurinn er. Vafamál er og, hvort menn vildu hafa sementsverksmiðju þarna, þar sem sementsryk yrði mikið í nánd við verksmiðjuna og mundi það setjast á fiskinn. Í Önundarfirði yrði verksmiðjan alltaf 3 km frá þorpinu, svo að það ætti ekki að koma að sök þar. Á Patreksfirði er raforka mjög af skornum skammti, og sama er að segja um vatnið. Því verður ekki neitað, að á Patreksfirði er ekki eins snjóþungt og í Önundarfirði, en þar sem sandinum yrði þar dælt úr sjó, kæmi það ekki að sök. Þakið á byggingunni mætti kannske vera heldur veikara og veigaminna, ef hún væri á Patreksfirði! — Hvað snertir virkjun, þá eru skilyrði fyrir henni betri í Vatnsfirði, þar sem nota mætti vatnsafl, heldur en í Önundarfirði, þar sem gert er ráð fyrir, að verksmiðjunni verði séð fyrir rafmagni með diesel-orkuveri. Ekki er þó langt síðan ég heyrði hv. þm. Barð. halda því fram, að virkjunarskilyrði væru miklum mun betri við Dynjanda en í Vatnsfirði. Ég hygg, að það atriði, hvaðan verksmiðjan fær raforku, sé ekki afgerandi, og ég minnist þess, að hv. þm. Barð. óx raforkuspursmálið ekki í augum, þegar rætt var um vinnslu úr stálfjallinu við Patreksfjörð.

Rök þessa hv. þm. hafa öll hnigið að því að sannfæra mig um, enn betur en grg., að Önundarfjörður sé einmitt bezti staðurinn fyrir sementsverksmiðju, og þar eigi hún að vera og hvergi annars staðar.

Ég veit, að form. n. lætur ekki bíða að boða til fundar í n. að umr. lokinni, svo að ekki þarf það að tefja fyrir málinu, og þá geta sjónarmið allra nm. komið fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri, en eins og ég hef áður sagt, vildi ég, að kaup á stað fyrir verksmiðjuna væru tryggð áður en framkvæmdir verða hafnar. Sem betur fer er þetta ekki alveg bundið við neinn einn stað, þar sem um er að ræða 3 jarðir, sem hlut eiga að máli.

Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt, þótt vera kunni, að á því finnist einhverjir smágallar milli umr., en ég er þó ekki trúaður á það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir upplýsingar þær, sem hann hefur gefið varðandi mál þetta.

Ég vil, áður en ég held lengra í ræðu minni, reyna að fyrirbyggja þann misskilning, sem mér virðist koma fram hjá hæstv. ráðh., að ég væri að fjandskapast við málið. Ég gerðist aðeins svo djarfur að leyfa mér að benda á það, sem mér virtust veilur í málinu, en þær ábendingar mínar gáfu ekki tilefni til þeirra fullyrðinga, að ég vildi láta verksmiðjuna vera á Patreksfirði og hvergi annars staðar. Ég verð að segja, að ég skil ekki í þessu sálarástandi hæstv. ráðh. að

halda það, að ég vilji endilega setja hana niður á Patreksfirði. Ég hefi aðeins á. að í l. ætti ekki að vera nein staðsetning, og er það stórkostlegt fjárhagslegt atriði, og viðurkenndi frsm. það einnig. Og mér skildist á hæstv. ráðh., að það væri heldur ekkert atriði fyrir hann, hvort staðurinn væri ákveðinn. (Atvmrh.: Það er heldur ekkert atriði fyrir mig). Jæja, það kann þá að vera, að ég geti fallizt á frv. — Ég held, að mönnum hljóti að vera það ljóst, að það er mikill skaði skeður, ef til þess kæmi, að verksmiðjan yrði sett þar, sem skilyrði eru ekki hin beztu, og þess vegna er full ástæða til þess að athuga sinn gang rækilega áður en nokkuð er ákveðið, hvar hún eigi að vera.

Ég mun fallast á þá málsmeðferð, sem stungið var upp á hér áðan, og bera brtt. mínar fram milli 2. og 3. umr., en höfuðefni þeirra mun vera það, að verksmiðjan verði ekki staðsett í lögunum.

Hæstv. ráðh. er kunnugt um það, að mistök hafa orðið varðandi val á stöðum fyrir mannvirki, og á ég þar við Skeiðsár- og Andakílsárvirkjunina, en þetta hefur orðið dýrara en það þurfti að vera af þeim sökum. Á árunum 1943 og 1944 var ákveðið að leggja út í að koma upp raforkuveri við Dynjanda. Ágætur verkfræðingur hafði rannsakað öll skilyrði nákvæmlega og skrifað ýtarlega bók um málið, og hafði hann margfalt meiri reynslu en þessi ungi maður, sem hér er um að ræða. Ég er þó ekki með þessu að reyna að kasta neinni rýrð á hann. Það var ákveðið að fara út í virkjun Dynjanda, sem átti að kosta 12 millj. kr., og binda hreppana til að taka ákvarðanir í málinu. Þegar kom til okkar kasta, krafðist ég þess ásamt hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), að málið væri rannsakað nánar, svo að ugglaust væri, að ekki væri þar flanað að neinu. Og hvað kom á daginn? Niðurstöður allar á þá lund, að ef þetta væri rétt, þá væri hitt rétt, og ef þetta væri vitlaust, þá væri hitt vitlaust! Ég hef nú lesið niður í kjölinn skjöl og grg. þessa máls, og þar hefur komið fram það sama og við Dynjanda, að ef þetta er rétt, þá er hitt rétt! Ég ræddi líka þessi gögn mjög gaumgæfilega við Harald Ásgeirsson og meðal annars þessi sérfræðilegu atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á. En mundi hæstv. ráðh. treysta sér til að velja svo hlutdrægan dómara og þann, sem hér er um að ræða, í þýðingarmiklu máli? Ég veit ekki betur en ef um það er að ræða að fá rétt mat eða dóm, þá sé reynt að fá til þess óvilhalla menn. Og það er engin lítilsvirðing við Harald Ásgeirsson, sem ég hef rætt nákvæmlega við, þótt leitazt sé við að athuga málið sjálft, og ástæðulaust að vera með þess konar fleipur. Rannsóknir leiddu til þess, að nýr verkfræðingur var fenginn til að athuga Dynjanda, og það fór svo, að hinar fyrri niðurstöður reyndust rangar og í stað 12 millj. kr. kostnaðar var hann nú áætlaður a. m. k. 30 millj. Og enn fremur reyndist vafasamt, hvort hægt yrði að starfrækja stöðina, og fyrir það var hætt við að reisa hana, sem betur fór að minu áliti, og síðan hefur ekkert verið gert til þess að tryggja Vesturlandi neitt rafmagn, og raforkumálastjóri telur nú, að ekki sé hægt að virkja Dynjanda og telur Vatnsfjarðará heppilegri. Þannig fór nú enn um þetta, þegar málin voru rannsökuð. Og það hefði máske ekki heldur grafizt eins undan aðalleiðslunni við Skeiðsfossvirkjunina, ef allt hefði verið rannsakað nógu vel í upphafi. Og hvað rannsókn þessa máls snertir, þá hefur það ekki verið hrakið, að þær eru miklar veilur, sem mennirnir benda sjálfir á af vísindalegri samvizkusemi, en hæstv. ráðh. vill ekki líta á af pólitískum hroka. Það virðist ekki hvíla á honum með miklum ábyrgðarþunga, þótt frv. yrði samþ. án þess að hin þýðingarmestu atriði séu rannsökuð til hlítar. Ég tel, að það sé mikilsvert, að áður en lengra er haldið, sé það ekki ákveðið í l., hvar verksmiðjan skuli standa. Ráðh. hefur þá allt aðra aðstöðu til úrskurðar síðar en hann mundi hafa, ef búið væri að staðsetja verksmiðjuna. Hæstv. atvmrh. taldi, að það hefði verið betra að tryggja sér landið áður en frv. hefði verið borið fram. En ef farið væri eftir minni till., væri eins opin leið að semja, þegar komizt hefur verið að niðurstöðu með staðinn. Sú fullyrðing, að ég hafi borið fram till. um, að verksmiðjan yrði á Patreksfirði, er fjarstæða, og ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. gengur til. Það væri engu betra en ef verksmiðjan væri nú staðsett á Önundarfirði, og slíka till. mundi ég ekki bera fram á þessu stigi málsins. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. viðurkennt, að þar sé kostur á nærtæku rafmagni, og ég hef sýnt fram á, að e. t. v. kæmi í ljós, að Vatnsfjörður sé heppilegasti staðurinn að öllu leyti, einkum vegna vatnsafls, sem er mjög nærtækt. Aðalatriðið er þó það, hvar bezt er að fá efni, og það liggja ekki fyrir nægilega róttækar rannsóknir á því enn. Það er jafnvel tekið fram í nál., að þessar rannsóknir séu þannig, að ekki sé hægt að byggja á þeim lokaúrskurð um bezta staðinn, og alls staðar sagt, að ef það tekst að gera þetta eða hitt, þá geti annað gengið. — Vill nú hæstv. ráðh. bera ábyrgð á því, að slíkt staðarákvæði verði sett inn án undangenginnar rannsóknar, sem nauðsynleg er?

Ég vil taka það fram út af ummælum hæstv. ráðh. um 2. gr., að ég hef persónulega ekkert á móti erlendu gjaldeyrisláni og tel, að það eigi að vera á valdi ráðh. að taka það og meta lánskjör — og ekkert lakara í erlendri mynt en íslenzkri, ekki sízt þegar um er að ræða framkvæmdir, sem koma til með að spara 8 millj. kr. í erlendum gjaldeyri árlega.

Hins saknaði ég, að hæstv ráðh. reyndi ekkert til að hrekja það, sem ég sagði, að ekki ætti að staðsetja verksmiðjuna án ýtarlegrar rannsóknar. Heldur ekki önnur atriði, t. d. brtt., sem ég sagðist mundi gera við 7. gr. Og þætti mér gott, ef hæstv. ráðh. vildi skýra frá afstöðu sinni til þeirra atriða, sem hann fór hjá að minnast á.

Af ræðu hv. frsm. skildi ég ekki mikið. Hann fullyrti hér, að eini staðurinn, þar sem sandur væri til án þess að bæta þyrfti í hann efnum, væri við Önundarfjörð. En hann hefur þá bara ekki lesið grg., því að það stendur hér skýrt, að sandinn í Vatnsfirði þurfi aðeins að hreinsa, og er jafnvel kveðið fastar þar að orði en um sandinn í Önundarfirði. Hann kallar þetta kannske ekki rök. Hins vegar viðurkenndi hann það, að það væri alveg nauðsynlegt að tryggja löndin áður

en ákveðið væri til fulls um staðinn, og því geti hann verið með mér í því að fella burtu staðarákvörðunina um Önundarfjörð. Í Tálknafirði er líka talinn nógu góður sandur. Annars skal ég ekki leggja neinn dóm á það, hvar heppilegast er að reisa verksmiðjuna, en ég vil bara láta rannsaka þetta og sé ekki, að það tefji málið nokkurn skapaðan hlut, þó að sá tími, sem fer í að undirbúa þetta tæknilega og afla lánsfjár, sé jafnframt notaður til þess að rannsaka til fulls, hvar heppilegast sé, að verksmiðjan standi, og það hlýtur þá að vaka eitthvað sérstakt fyrir þeim, sem ekki geta fallizt á þetta.

Í sambandi við sjálfan sandinn skal ég ekkert segja um það, hvort tryggara sé að byggja á sandi úr sjó, eins og í Önundarfirði, Tálknafirði og Vatnsfirði, eða á sandi úr landi. En væri það tryggara, þá er allt fjallið sunnan Patreksfjarðar tómur sandur — og fjall, sem ríkið á. Ég skal hins vegar engan dóm á það leggja, hvort betra er.

Ég hefði talið æskilegt og tel, að það þurfi ekki að tefja málið, að n. kynnti sér enn betur öll gögn í málinu. En hins vegar teldi ég minni ástæðu til þess, ef fallizt yrði á að fella burtu staðsetninguna. Eins er sjálfsagt, að viðkomandi ráðh. kynni sér þau gögn til hlítar. — Mun ég svo ekki lengja umræður frekar, nema sérstakt tilefni gefist til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál er rétt á takmörkunum með að vera tilbúið til umr. N. hefur rætt málið síðan það var hér síðast á dagskrá og hefur þó ekki haldið um það fund síðan samkomulag var að nást innan n. um það. En ég var hér með brtt., sem ég veit ekki annað en að hv. nm. sætti sig yfirleitt við, og brtt. er þess vegna skrifleg, sem ég legg hér fram.

Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er það, að í n. varð ágreiningur um, hvort það skyldi ákveðið í frv., að verksmiðjan yrði byggð við Önundarfjörð eða ekki. Við, sem töldum, að eins og komið væri, þá væri rétt að hafa þetta eins og er í frv., höfum til samkomulags fallizt á að taka þessa staðarákvörðun úr frv., og er 1. brtt. meiri hl. iðnn. því um það, að orðin „við Önundarfjörð“ í 1. gr. frv. falli burt. Ástæðan fyrir því, að við gerum þetta, er sú, að þó að við teljum, að það sé þegar sýnt af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið, að Önundarfjörður sé heppilegasti staðurinn til þess að reisa verksmiðjuna við, þá beygjum við okkur fyrir því, að það geti verið betra að ná kaupum á þeim eyðijörðum, sem þarna þarf að kaupa, ef það er ekki staðsett í frv., hvar verksmiðjan skuli reist, því að ætti að skrúfa verðið þarna óskaplega upp, er hugsanlegt, að það gæti orðið það mikið, að það vegi upp á móti þeim mismun, sem flestir telja, að meiri ávinningur sé að með því að reisa verksmiðjuna við Önundarfjörð en annars staðar. Ég tel það ekki heldur fullrannsakað, hvort ríkið fær aðstöðu til að taka sand til þessarar framleiðslu án þess að greiða fyrir hann sérstakt gjald, en það tel ég, að þyrfti að athuga, áður en ráðizt er í fyrirtækið, hvort hann verður skoðaður sem almenningseign eða ekki, og yfirleitt þarf að rannsaka nánar eignarréttinn á sandinum. Það mál er mér ekki fullljóst, eins og það liggur fyrir, þannig að ég geti á það fallizt. En ef þessi brtt. um að fella niður staðsetningu verksmiðjunnar úr 1. gr. verður samþ., verður að breyta 4. gr., og hef ég leyft mér að bera fram brtt. um, að gr. verði svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum, er atvmrh. skipar til 4 ára í senn. Fyrsta verksmiðjustjórnin ákveður í samráði við atvmrh., hvar verksmiðjan skuli staðsett. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvmrh. setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.“ Það er m. ö. o. lagt í vald ráðh. og fyrstu verksmiðjustjórnar að ákveða, hvar verksmiðjan skuli reist, þó að undangenginni frekari rannsókn, sem frá mínu sjónarmiði á að beinast að því, hver hafi eignarréttinn yfir sandinum við Önundarfjörð og hvaða rétt ríkið hafi til að nota hann án sérstaks afgjalds.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt 2 skriflegar brtt. frá hv. meiri hl. iðnn., og eru þær enn fremur of seint fram komnar. Fyrir þeim þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 580) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að lýsa yfir því, að það hefur ekki verið rætt við mig um þessa seinustu brtt., og get ég ekki sætt mig við hana eins og hún er sett fram. — Það, sem hefur orðið samkomulag um milli mín og hæstv. atvmrh., var það, að ég freistaði að bera fram brtt. eða gefa út nál., þar til séð yrði, hvort samkomulag yrði um það, að 1. gr. yrði breytt þannig, að orðin „við Önundarfjörð“ mættu falla burt, og að engar aðrar breyt. yrðu gerðar á frv. Hæstv. ráðh. kvaðst mundu láta mig vita í dag, hvort gengið yrði að þessu, og ef það yrði ekki gert, lýsti hann yfir því við mig, að hann mundi leggja til, að málið yrði tekið af dagskrá, til þess að mér yrði gefinn tími til að gefa út nál. og bera fram brtt. mínar. Þess vegna vænti ég þess, ef ekki er samkomulag um það, að 2. brtt. falli niður og aðeins þessi eina breyt. gerð á frv., þá uppfylli hæstv. ráðh. þessi loforð, sem hann gaf mér, og taki málið af dagskrá, svo að ég geti komið fram með mínar víðtæku brtt. við frv. Ég er alls ekki sammála síðari brtt., og verði hún samþ., hefur ekkert annað gerzt í málinu en það, að í staðinn fyrir, að Alþ. ákveði með l., hvaða staður verði valinn fyrir verksmiðjuna, þá sé ráðh. falið að gera það upp á sitt eindæmi, og getur hann kannske gert

það daginn eftir að l. hafa verið staðfest, en slíkt er ekkert annað en skollaleikur.

Það, sem fyrir mér vakir, er, að málið verði rannsakað miklu betur. Vil ég t. d. benda hv. d. á, að þetta stórmál upp á 15 millj. kr. hefur aldrei verið sent til umsagnar rannsóknaráðs ríkisins. Það hafa að vísu 2 starfsmenn við atvinnudeild háskólans unnið við þetta mál, en ég hef það beint frá formanni rannsóknaráðs, að það hefur aldrei verið leitað umsagnar hans í þessu stóra máli. Er mér kunnugt um, að ráðið telur það mjög vafasamt, hvort hægt er að gera þá hreinsun á sandinum eins og lagt er til í frv. Og hugsið ykkur, hv. dm., ef það kæmi nú upp úr kafinu, þegar búið væri að reisa verksmiðju á þessum stað, að þetta væri ekki hægt og síðan yrði að flytja sand til verksmiðjunnar úr óra fjarlægð, af því að verksmiðjan hefði verið reist á röngum stað! Þess vegna er það till. mín, eins og ég hef sagt við hæstv. ráðh., að það verði aðeins breytt 1. gr., en hitt verði látið standa opið. Það þarf að útvega lán til fyrirtækisins, og það verður sjálfsagt ekki búið að tryggja 15 millj. kr. lán, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst, áður en þ. kemur saman næst.

Þá vil ég benda á, að í 4. gr. frv. nú er gert ráð fyrir, að atvmrh. einn skipi alla verksmiðjustjórnina og síðan er lagt til, að hún staðsetji verksmiðjuna. Þetta get ég ekki gengið inn á og vænti þess, að hæstv. atvmrh. sjái sér annaðhvort fært, að málið nái fram að ganga eins og ég hef óskað eða að það verði tekið af dagskrá og mér gefið tækifæri til að leggja fram nál. mitt og brtt.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika það, sem hér hefur komið fram, að utan fundar hefur meiri hl. iðnn. fallizt á að fella niður úr 1. gr. orðin „við Önundarfjörð", en lengra nær þetta ekki. Ég hef gengið milli meðnm. og frsm. einnig, og það, sem ég hef túlkað þar, var aðeins um það, að meiri hl. féllist á, að þessi eina breyt. yrði gerð á frv. Hins vegar er það vitanlegt, að það samkomulag er gert samkv. beiðni hæstv. atvmrh., til þess að málið gæti gengið nokkuð friðsamlega gegnum d. sökum þess, að hv. þm. Barð. hefur lagt mikla áherzlu á m. a. að fá þetta út úr frv. og vill gera miklar efnisbreyt. á frv., en sættir sig við að falla frá þeim, ef þessi eina breyt. er gerð á því.

Önnur brtt., sem frsm. hefur boðað, er alls ekki frá meiri hl. n., heldur beint út úr hans eigin heila, og get ég sagt það, — og hygg ég, að ég mæli það einnig fyrir hönd tveggja annarra úr meiri hl., — að við stöndum ekki að þessari brtt. Ég vil því skora á hv. frsm., að hann taki þessa brtt. aftur, þannig að það samkomulag, sem hér hefur unnizt, fái að standa.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Áður en ég sný mér að þessum umr., vil ég leyfa mér að lesa upp bréf Haralds Ásgeirssonar, verkfræðings, sem hann hefur ritað mér og óskað, að hér kæmi fram vegna ummæla hv. þm. Barð. við 2. umr. þessa máls, og er það á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ummæla, sem þm. Barð. bar fram í þingræðu í Ed. í sambandi við 2. umr. um frv. til l. um sementsverksmiðju, þykir mér hlýða að bera fram eftirfarandi aths.:

Þm. lýsti yfir því, að hann væri búinn að margræða þetta mál við mig, og auk þess búinn að þaulkynna sér fskj. með frv. Sé þetta rétt, ætti slík gagnrýni þm. ekki að hafa komið fram.

Mér veittist sá heiður að ræða þessi mál við þm. að afloknu þ. í maímánuði í fyrra. Ég tók það þá fram við hann, að mér þætti óaðgengilegt að birta öll smáatriði rannsókna minna og útreikninga í fylgiskjali með þingfrv. Hins vegar upplýsti ég þm. um ýmsa þá annmarka, sem við Tómas Tryggvason jarðfræðingur töldum á því að reisa arðvænlegan sementsiðnað við Vatnsfjörð, Patreksfjörð, Tálknafjörð eða Bíldudal. Sumt af þessu virðist nú því miður gleymt, og leyfi ég mér hér með að svara gagnrýni þm., sem beint var að staðarvali okkar Tómasar.

Það, sem átt er við með því að segja, að Vatnsfjarðarsandurinn „nálgist það að vera nægilega hreinn", í grg. okkar (bls. 5 í þskj.), er, að hann nálgist að vera nógu kalkríkur. Efnahlutföll leirefnanna og kísilsýrunnar eru hins vegar þannig, að ekki mundi verða hjá því komizt að bæta hann upp með kísilríkum efnum. Við Brjánslæk er enginn skeljasandur, en hinn umræddi sandur er á útfiri (aðallega) í kringum Sauðanes, 2 km fyrir utan Brjánslæk, og má teljast vera fyrir opnu hafi fyrir öllum vindáttum nema norðlægum.

Hvað viðvíkur gagnrýni á rannsóknum okkar varðandi hafnarskilyrði og aðrar aðstæður á Patreksfirði, má benda á, að hér hafa fleiri dæmt um. Í „dönsku skýrslunni" frá 1936 segir svo á bls. 19: „For det første vil der ikke være muligt at finde en egnet Grund i Nærheden af Sandet hvor man vil kunne lægge Fabrikken. Patreksfjord er nemlig i hele sin Længde omgivet af Klipper, der stiger næsten lodret op af Vandet. Dernæst findes der ingen Ler der i Nærheden, og da navnlig ikke Ler, der indeholder tilstrækkelig meget Kiselsyre."

Í áætlun minni er gert ráð fyrir, að kostnaður við bryggjugerð og ræsalagnir muni verða um 1100 þús. kr. Þetta er byggingarkostnaður, en sennilegt er, að sementsverksmiðja á Patreksfirði mundi þurfa að bera nokkurn kostnað af viðhaldi og rekstri Vatneyrarhafnarinnar, auk þess kostnaðar, sem væri fólginn í því að fyrirbyggja eyðingu fiskiðjunnar á staðnum. Og svo þyrfti verksmiðjan að horfa yfir fjörðinn eftir hráefnum.

Hvað viðvíkur því, að tillögur þær um hreinsun hráefnanna, sem birtar eru í grg., séu aðeins framkvæmdar af okkur Tómasi, þá skal bent á, að ég hef skýrt iðnn. Ed. frá elektromagnetiskri aðgreiningu, sem gerð hefur verið fyrir okkur af Dings Magnetic Separator Co. í Milwaukee, og kvoðuþvottaaðgreiningu, sem F. L. Smidth & Co. í Kaupmannahöfn hafa framkvæmt. Báðar þessar aðferðir lofa góðu.

Önnur gagnrýni á niðurstöðum mínum var veigalítil og verður því ekki svarað hér fremur en persónulegum óvirðingum þm. í minn garð."

Þetta vildi ég láta koma hér fram eftir ósk Haralds.

Að öðru leyti verð ég að segja það, að mig undrar nokkuð afstaða hv. þm. Barð. eins og málið liggur nú fyrir. Hv. þm. ræddi um það við mig og einnig við 2. umr., að hann legði megináherzlu á, að þessi staður væri ekki lögbundinn, og ég tók það fram, að fyrir mér væri það ekkert atriði. Ég sagði honum, að meiri hl. iðnn. hefði komið sér saman um að taka staðarákvæðið út úr frv., og að ég mundi fyrir mitt leyti sætta mig við það. Og þá gat ég ekki betur skilið en hann væri ánægður með það og að hann mundi láta frv. fara í gegn án nokkurra annarra breyt. af hans hendi. En það segir sig sjálft, að einhver verður að hafa heimild til þess að staðsetja verksmiðjuna. (GJ: Það getur næsta þing gert). Ég hélt, að það hefði verið einlægur vilji hv. þm. að flýta fyrir þessu máli, en ef hann vill leggja aðaláherzluna á þetta, fæ ég ekki betur séð en að hann vilji tefja fyrir málinu og hann ætlist til, að eitthvert þing einhvern tíma geri þetta. Hv. þm. vill kannske, að ákvæði verði sett í frv. um það, að hv. þm. Barð. verði falið að ákveða verksmiðjunni stað! En úr því að atvmrh. hefur með þetta mál að gera, þá sýnist það ekki óeðlilegt, að hann í samráði við verksmiðjustjórn ákveði henni stað, því að það verður einhver að gera, og ég geng aldrei inn á að skiljast svo við þetta frv., að ekki sé á einhvern hátt séð fyrir því, hver eigi að gera það. Þetta mundi tefja málið um eitt ár, ef enginn hefði vald til að velja verksmiðjunni stað, og ég tel því útilokað að afgreiða frv. eins og hv. þm. Barð. leggur til.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal staðfesta það, sem komið hefur fram hér í umr., að þótt till. sé talin frá n., samdi ég hana einn og vissi ekki um það samkomulag, sem orðið var, fyrr en ég var að koma á þennan fund og var síðan beðinn að bera fram brtt. um það, en um leið er byrjað á að greiða atkvæði. Ég sá strax, að ekki var hægt að komast hjá því að setja ákvæði um það, hver skuli ráða því, hvar verksmiðjan eigi að vera, og fannst mér eðlilegt að setja það inn í 4. gr. og gera þá breyt. í samræmi við það að fella orðin „við Önundarfjörð“ úr 1. gr. Um þetta hélt ég, að allir gætu orðið sammála, og mér kemur það því undarlega fyrir sjónir, er form. n. vill ekki, að neinn ráði því, hvar verksmiðjan skuli reist, og leggur til, að allt svífi í lausu lofti um það atriði. Það er þess vegna fjarri því, að ég taki till. aftur, og bezt, að hún sé þá frá mér, en ekki n. í heild.

Ég álít það óheppilegt að afgreiða svona mál án þess að tryggja staðinn fyrst og tel, að það hafi verið rangt að kaupa ekki tvær jarðir, sem hægt hefði verið að fá í sumar fyrir 15—20 þús. kr., en mundu nú verða margfalt dýrari. Þess eru mörg dæmi um eignarnámið, að matið vill verða hærra, þegar það er framkvæmt eftir á. T. d. var landið, sem fór undir flugvöllinn, metið á fleiri millj. af hæstarétti, eða eins hátt og mögulegt var, er mannvirkin höfðu verið gerð. Ég legg því ekkert upp úr slíku yfirmati. Og ég tel það rangt að hefja framkvæmdir áður en gengið er hreint frá slíku og láta svo meta landið með tilliti til þess, að mannvirkin séu risin. Það gæti farið svo í þessu tilfelli, að ríkið þyrfti beinlínis að kaupa sandinn, og þarf að hafa allt á hreinu um það, áður en hafizt er handa.

Ég tel það engum vafa bundið, að Önundarfjörður sé langheppilegasti staðurinn. Það er langt frá því, að Bíldudalur þoli t. d. samanburð við Flateyri, og sama er að segja um Patreksfjörð, að það er hæpið, hvort þar sé nægilegt vatn eða kísilsúr sambönd. Og sandinum er svo háttað við Vatnsfjörð og Tálknafjörð, að það þarf að hreinsa hann meira og þar að auki að blanda hann, til þess að fá rétt efnahlutföll. Ég tel því engum vafa undirorpið, að Önundarfjörður sé heppilegastur þessara staða, og hvað hreinsun á sandinum þar snertir, þá er mér nóg, að það liggja fyrir úrskurðir um það bæði frá Danmörku og Ameríku, að það er auðvelt að hreinsa hann hvort heldur er með útþvotti eða segulmagni.

Hvað rannsóknaráð snertir, þá hafa þessir menn starfað undir því, og það lýsir nánast sagt ekki mikilli árvekni hjá ráðinu, sem setur menninа í þessi störf, ef það er rétt, sem hv. þm. Barð. segir, að það hafi ekki hugmynd um, hvernig þau hafi verið unnin.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta öllu fleiri orð, en vænti þess, að með þessari brtt. sé samkomulag tryggt og hv. þm. Barð. geti fallizt á það, er staðarákvörðun hefur verið numin brott, að þá verði að láta einhverja velja staðinn og þá væntanlega verksmiðjustjórn í samráði við ráðh. eða þá ráðuneytið, sem kann að vera öruggara en að fela það einum manni, en þá virðist mér líka, að hér sé nógu tryggilega um búið.

Hitt er annað mál, að ég hef enga trú á, að við fáum ódýrara sement með þessu, en á hinu hef ég trú, að það verði okkur hagkvæmt gjaldeyrislega að framleiða sementið sjálfir og í öðru lagi visst öryggi í því að hafa það í landinu sjálfu, eins og allt er nú í heiminum. Ég fylgi því frv., þótt ég hafi ekki trú á, að það verði ódýrara en það sement, sem þaðan er fengið, sem það er brotið hreint úr jörðu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég heyrði það við 1. umr., að hv. þm. Barð. lagði aðeins áherzlu á eitt atriði — og aðeins eitt meginatriði — og það var þetta: hvar verksmiðjan yrði staðsett. Þetta er honum enn efst í huga, því að hann lét í ljós, að hann sæi ástæðu til að koma með viðtækar brtt. við frv., ef ekki fengist felld niður staðsetningin. Nú sé ég ekki, ef það er á annað borð þörf þessara viðtæku brtt., að þeirra væri ekki jafnt þörf hvar sem verksmiðjan yrði reist, hvort það væri við Önundarfjörð, Vatnsfjörð eða Patreksfjörð. En svo miklu máli finnst honum skipta, að ekki sé nefndur Önundarfjörður, að hann getur þá fallið frá öllum sínum viðtæku brtt. Þetta sýnir, að hv. þm. Barð. leggur á það ofurkapp, að ekki sé í frv. nein ákvörðun um staðinn.

Þeir hv. þm., sem töluðu við 1. umr., höfðu skilið hv. þm. Barð. svo, að honum fyndist það megingalli, að niðurstöður vísindamanna skyldu ekki verða á þá lund, að staðir í Barðastrandar-

sýslu hefðu yfirburði umfram alla aðra, og þeir legðu til, að verksmiðjan risi þar. Þegar hv. þm. Barð. svaraði þessu, taldi hann það á misskilningi byggt, að hann hefði nefnt nokkra staði í Barðastrandarsýslu sérstaklega. En það var nú eins og skáldið segir: „Á Skagafjörð benti það allt“. Á Barðastrandarsýslu benti allt hans tal um yfirburði Vatnsfjarðar, t. d. um vatn og sand og fleira. Nú hefur komið aths. frá Haraldi Ásgeirssyni á þá leið, að þótt hann hafi ekki fjölyrt um ókosti Vatnsfjarðar og annarra staða, væri ástæðan sú ein, að hann hefði talið rétt að fjalla fyrst og fremst um þá staði, sem flesta kosti hefðu, og í viðræðum við hv. þm. Barð. hefði hann gert grein fyrir ókostum hinna ýmsu staða áður. Mér mundi finnast það hjákátlegt, ef 1. gr. frv. hljóðaði á þessa leið: Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa verksmiðju einhvers staðar með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements o. s. frv. — Ríkisstj. ætti að vera heimilt að láta reisa verksmiðjuna einhvers staðar og ekkert að leggja upp úr vísindalegum niðurstöðum hvað staðinn snertir. Því að rökrétt niðurstaða af því, sem hv. þm. Barð. hefur sagt, hlýtur að verða sú, að hann leggi ekki upp úr rannsóknum vísindamannanna að neinu leyti. Og hverju er þá að treysta? Ég get ekki séð annað en það sé rétt, að ef staðsetningin verður felld niður, þá verði að ganga svo frá frv., að einhverjum aðila sé heimilað að skera úr um það, hvar verksmiðjan skuli reist, er rannsókn hefur farið fram og lán er fengið. En þegar hv. þm. Barð. segir, að bíða megi með ákvörðun Alþ., þá vakir fyrir honum sá duldi tilgangur að tefja málið í eitt ár. En ef d. vill fallast á þann drátt, er alveg eins gott að fresta afgreiðslu málsins í heild. En það er nú sameiginlegt álit flestra alþm., að það sé eitt af okkar stærstu framfaramálum, ef við gætum komið upp þessari verksmiðju og framleitt það, sem við þurfum af þessari nauðsynlegu vöru. Ég tel, að staðsetningin eigi að byggjast á niðurstöðum vísindamanna eftir nákvæma rannsókn. Og ég teldi það til skemmda á frv., ef ófagfróðum ráðh. væri ætlað að ákveða staðinn, sem e. t. v. tæki ekki tillit til slíks úrskurðar vísindamanna. Og ef meiri hluti verksmiðjustjórnar væri t. d. með sama hugarfari og hv. þm. Barð., þá yrði verksmiðjan hvergi staðsett nema við Vatnsfjörð, Patreksfjörð, Tálknafjörð, Hvestu eða annars staðar í Barðastrandarsýslu, hvað sem öllum rökum og niðurstöðum liði. Með því væru opnaðir möguleikar til þess, að verksmiðjan yrði sett á bandvitlausan stað, sem væri valinn af blindri hreppapólitík, og fyrirtækið þannig e. t. v. skaðað um hundruð þúsunda árlega.

Ég sætti mig mjög vel við frv. eins og það liggur fyrir, og ég geri ráð fyrir, að gengið yrði til fulls úr skugga um það, sem enn er ekki rannsakað að fullu, jafnhliða því sem fjáröflun færi fram, og sannprófað utanlands og innan, hvort öruggar niðurstöður séu fengnar, og ekki flanað út í framkvæmdir fyrr en leitað hefur verið álits vísindamanna um öll undirstöðuatriði.

Ég gat ekki annað en brosað í kamp, þegar hv. þm. Barð. fór að gera samanburð á hafnarskilyrðum Önundarfjarðar annars vegar og Patreksfjarðar og Vatnsfjarðar hins vegar og taldi hafnarskilyrði í Önundarfirði síður en svo góð. Nú er það vitað, að hafnarskilyrði í Önundarfirði eru einhver þau beztu á Vestfjörðum, svo að Patreksfjörður stenzt þar engan samanburð um hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi, og Vatnsfjörð dytti engum í hug að nefna í sömu andránni.

Hv. þm. var líka að tala um sandinn sem úrslitaatriði. Viðvíkjandi því má benda á, að ef verksmiðjan yrði reist í Önundarfirði, yrði sandur einkum tekinn í Holtslandi; en Holt er ríkisjörð.

Á það hefur verið minnzt, að taka þurfi eignarnámi tvö kot, þar sem verksmiðjan eigi að standa, Hól og Garða, smájarðir og mannvirkjalitlar, en þótt svo væri, yrði þar aldrei um þá upphæð að ræða, að hún hefði teljandi áhrif á byggingarkostnað 15 millj. kr. mannvirkis. Sá kostnaður gæti aldrei numið meiru en nokkrum tugum þúsunda og væri því svo mikið aukaatriði í sambandi við þetta mál, að það tekur varla að nefna, þegar rætt er um staðsetningu verksmiðjunnar. Það, sem úrslitum ræður, eru niðurstöður vísindamanna varðandi efnisöflun til þeirrar vöru, sem framleiða á.

Eitt af því, sem hv. þm. Barð. minntist á, var það, að algerlega væri úr því skorið, að ekki yrði litið við því í framtíðinni að virkja Dynjanda. Ég hef nú átt tal við Jakob Gíslason um þetta, og taldi hann litlar horfur á, að virkjað verði á næstunni, en hann hefur engu slegið föstu um það, að svo verði ekki í framtíðinni. Hv. þm. Barð. sagði, að Rafmagnseftirlit ríkisins benti helzt á vatnsföll í Vatnsfirði. Það hef ég aldrei heyrt. Þeir tveir staðir, sem einkum hafa verið hafðir í huga, eru Skúfnavötnin og Dynjandisárnar, og ef Vatnsfjörður hefur bætzt þar við, þá er það ekki fyrr en nú síðustu dagana. — Annars skiptir það litlu máli, eftir að raforkumál Vestfjarða hafa á annað borð verið leyst, hvar verksmiðjan verður reist, því að engin nauðsyn er á að byggja undir veggnum á rafstöðinni.

Allt, sem hv. þm. Barð. hefur fært fram í sambandi við þetta mál, er þannig hégóminn einber, því að hann hefur metið allt á vog hreppapólitíkur og hlutdrægni. Ég hefði ekki látið mér detta í hug að standa hér og halda því fram, sem hv. þm. Barð. hefur gert, þvert ofan í álit vísindamanna, en þennan málstað hefur hann nú kosið að gera að sínum. Ég tel óforsvaranlegt að ganga svo frá l., að ekki sé þar nein staðarákvörðun. En ef áframhaldandi rannsóknir skyldu leiða í ljós, að annar staður þætti heppilegri, þá treysti ég þeim ráðh., sem með þessi mál færi, til að hrapa ekki að neinu og hverfa að því ráði, sem traustast er. En fjarstæðan mesta væri sú að láta togstreitu og þrönga hreppapólitík hafa nokkur áhrif á þetta mál.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki fylgzt vel með þessu máli og ekki blandað mér mikið í umr., en ég er hræddur um, að hér sé verið að deila um keisarans skegg. Ef það er rétt, að samkomulag hafi orðið um brtt. við 1. gr., sem umr. bera með sér, þá skilst mér við lestur frv., að það sé ótvírætt,

að ef orðin „við Önundarfjörð“ séu felld úr frv., þá sé það algerlega á valdi ríkisstj. að velja verksmiðjunni stað, og þeir, sem gengið hafa til samkomulags um að fella þessi orð niður, hafa þar með fallizt á að láta ríkisstj. ráða staðarvalinu. Skoðað út frá því sjónarmiði, að samkomulag hafi orðið um þessa breyt. á 1. gr., er vægast sagt einkennilegt, hvernig lagt er til, að 4. gr. sé nú breytt. Að 1. gr. breyttri, en 4. gr. óbreyttri, getur enginn lögfræðingur skilið annað en ríkisstj. hafi staðarvalið í hendi sér. Það er því óvinafagnaður að bera fram þessa brtt. við 4. gr. og vera að deila um þetta, ef samkomulag hefur áður orðið um breyt. á 1. gr. Ég mun því greiða atkv. á móti brtt. við 4. gr., og þá auðvitað á þeim grundvelli, að ríkisstj. ráði ein staðarvalinu, ef hún ræðst í þessa framkvæmd. Þeir, sem raunverulega voru á móti því, hefðu átt að athuga það áður en samkomulag varð um breyt. á 1. gr., en nú er óeðlilegt að vekja þessar deilur upp, og úr því sem komið er, væri ekkert réttara en að afturkalla brtt. við 4. gr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil uppfylla það loforð mitt við ráðh. að lengja ekki þessar umr., ef samkomulagið verður haldið okkar í milli um brtt. við 1. gr. Það er rétt, að samkvæmt því hefur ríkisstj. staðarvalið alveg á valdi sínu. Hins vegar var það undirskilið hjá okkur ráðh. báðum, að framkvæmdum yrði ekki frestað eitthvað út í bláinn. — Ég vil svo ekki tefja þetta mál með langri ræðu. Ef ráðh. fellst á, að brtt. við 4. gr. sé dregin til baka og frv. samþ. með breyt. við 1. gr., þá fell ég frá ræðu minni að svo stöddu í trausti þess, að svo verði sem ég hef lýst. En ég áskil mér rétt til að halda ræðu minni áfram síðar, þegar ráðh. er búinn að svara, ef ræða hans gefur þá tilefni til.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég óska eftir, að umr. um þetta mál verði frestað þar til síðar í dag.

Umr. frestað um sinn, en fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Iðnn. hefur komið saman á fund og rætt málið ásamt hæstv. ráðh. Það hefur orðið samkomulag um að taka 2. stafl. aftur með tilliti til þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að ef ekkert stendur um það, hver eigi að ákveða verksmiðjunni stað, þá eigi atvmrh. að gera það í samráði við meðráðh. sína. Í trausti þess að málið verði vel athugað tek ég till. mína aftur og geri ráð fyrir, að öll n. og d. séu sammála um þessi heimildarlög.

Gísli Jónsson: Ef þessi breyt. er gerð, get ég fylgt málinu og treysti því, að hæstv. ráðh. láti fara fram nákvæma rannsókn á þessu. Það er rangt, að ég hafi sett það fyrir mig, hvar verksmiðjan verði sett, heldur var það hitt, að ég taldi málið ekki nægilega undirbúið og því ekki hægt að staðsetja verksmiðjuna strax.

Mig undrar það, að hæstv. ráðh. skyldi fá sig til að koma með þá yfirlýsingu að hann hefði ekki sagt, að sandurinn væri ekki nægilega hreinn, heldur vantaði í hann efni. Í gær sagði hann, að sandurinn væri óhreinn, en í dag segir hann, að vanti í hann efni.

Áður en undirbúningurinn verður betri getur hæstv. ráðh. ekki tekið á sig þá ábyrgð að láta reisa verksmiðju fyrir 15 millj. kr.

Ég vil svo að lokum spyrja að því, hvað liggur til grundvallar því, að leitað hefur verið álits hv. þm. V-Ísf. um þetta mál.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og komið hefur fram, hefur verið á það fallizt að draga til baka 2. stafl., og skal ég ekki ræða frekar um það.

Mér virðist hv. þm. Barð. sjálfum sér samkvæmur með að misskilja og fá út úr orðum mínum annað en ég sagði.

Út af því, að rætt var við hv. þm. V-Ísf. um málið, vil ég segja það, að það var gert vegna þess að rétt þótti að tala við menn í Nd., sem áhuga hafa á þessu máli, m. a. til þess að málinu yrði ekki flækt milli deilda og þannig dregið á langinn.

ATKVGR.
Brtt. 580,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 580,2 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 581).

Á 77. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

---

22. Útflutningur og innflutningur á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Á 3. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri (stjfrv., A. 12).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á s. l. sumri bárust viðskmrn. upplýsingar um það, að nokkur brögð væru að því, að Íslendingar færu út án þess að afla sér gjaldeyris hjá réttum aðilum og eins að útlendingar, sem hingað kæmu, mundu ekki skila þeim gjaldeyri, sem þeim bæri. Voru talin svo mikil brögð að þessu, að eitthvað þyrfti að gera. Var það ástæðan til þess, að gefin voru út brbl. um útflutning og inn-

flutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri um mánaðamótin ágúst og september, sem hér er leitað staðfestingar á. Í þessum l. er bannað að flytja peninga úr landi eða til landsins. Sömuleiðis er bannað, að þeir, sem héðan fara, taki með sér nema takmarkaðan gjaldeyri, samtals kr. 50.00 í erlendum gjaldmiðli. Það, sem þar er fram yfir, þurfa þeir að hafa í ávísunum eða öðrum þeim gjaldeyri, sem bankarnir hafa farið höndum um, og þannig tryggt, að allt sé rétt.

Þá er í l. heimiluð rannsókn á farangri og farþegum, sem milli landa fara, sömuleiðis ákvæði um nokkrar skuldbindingar, sem menn verða að undirskrifa, bæði útlendingar, sem koma, og Íslendingar, sem fara, sem eiga að tryggja það, að ekki verði farið bak við þessi lagaákvæði.

Fjárhagsráð hafði með samningu frv. að gera, en síðan var það sent Landsbankanum til athugunar, og breytti hann því nokkuð, en síðan voru l. sett nánast eins og þessir aðilar höfðu gengið frá málinu.

Ég hef ekki meira um þetta að segja, en vil leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 22. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 169, 170, 173).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., hefur þegar nokkuð verið rætt í sambandi við það mál, sem var hér á dagskrá næst á undan (frv. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, 107. mál). Fjhn. hefur klofnað um málið. Ég legg einn til, að frv. verði látið halda áfram með nokkrum breyt., en meiri hl. leggur til, að nýtt frv. verði samþ., en þetta látið daga uppi.

Brtt. þær, sem ég legg til, að gerðar verði við frv., eru samdar af tollstjóra og eru í höfuðatriðum eftirfarandi:

Við 2. gr. er gerð sú brtt., að í staðinn fyrir 50 kr. komi 150 kr. Það þótti of lítið að mega aðeins hafa 50 kr. með sér, eins og leyft er í brbl., vegna þess að menn þyrftu meira fé, ef þeir færu með skipum, til að greiða fæði og annað slíkt.

Enn fremur eru brtt. við 3. gr., sem ganga út á að gera einfaldara fyrir menn en verið hefur, þegar þeir koma frá útlöndum, að fá seðlum skipt og taka upp aðferðir, sem tíðkast í útlöndum og virðist, að komi þar að sæmilegu haldi. Það hefur verið skylt að menn leggi gjaldeyrinn inn í Landsbankann og geymi hann þar, meðan þeir dvelja hér, en þetta hefur þótt óþægilegt, og þótti því rétt að breyta því. Þarf ég ekki að fara nánar út í það.

Þá er brtt. við 4. gr., að hver sá, er fer af landi burt, skuli gefa tollyfirvöldunum skriflega sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis. Í brbl. er svo ákveðið, að einstaklingar, sem búsettir eru erlendis, skuli við komu sína til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir muni aðeins eiga gjaldeyrisviðskipti við þá banka, sem hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, og jafnframt skuli þeir skuldbinda sig til að semja ekki við hér búsetta aðila um það að fá íslenzkan gjaldeyri eða uppihald hér gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

Það er vitanlegt, að svona ákvæði er erfitt að framkvæma. Mundi það aðeins gera mönnum óþægilegra fyrir en til er ætlazt af stj. og veita mönnum leið til að brjóta l.

Ég held þess vegna, að með þeim breyt., sem tollstjóri hefur samið og ég hef borið fram, fáist jafngóð trygging fyrir því, að gjaldeyri sé ekki smyglað úr landinu og eftirlit með gjaldeyri útlendinga jafntryggt og gerist erlendis. Ég álít því heppilegast að samþykkja stjfrv. með þeim breyt., sem hér liggja fyrir og samdar eru af þeim embættismanni, sem mesta kunnleika hefur á þessum málum.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti ekki þetta mál ganga til atkvæða nú í dag, af þeirri ástæðu, að ef þetta frv. verður fellt, áður en hitt frv. verður orðið að l., sem var næst á undan á dagskránni, þá eru engin lög til um útflutning og innflutning á íslenzkum gjaldeyri, því að hér er um að ræða staðfestingu á brbl. Því er annaðhvort, að taka verður ákvörðun um hina till. fyrst, áður en þetta frv. er látið ganga lengra, eða við 3. umr. þessa máls að bera frv. fram í annarri mynd sem brtt. við 1. gr. þessa frv., og hygg ég þá kannske, að n. færi eins hina leiðina. En af þessum ástæðum er ekki hægt að láta atkvgr. fara fram, fyrr en n. hefur athugað málið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv., þegar það lá fyrir á sínum tíma fyrir jólin. Liggur hún hér fyrir á þskj. 173 og fer fram á, að námsmönnum og öðrum, sem eru erlendis um stundarsakir, sé heimilt að flytja inn verkfæri og áhöld, sem þeir hafa keypt fyrir sín laun eða annað fé, sem þeir hafa hlotið erlendis. — Ég skal taka fram, að ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er sú, að stúlka nokkur úr mínu héraði, sem búin er að vera 4 ár erlendis og fékk dálítið arfafé, kvartaði við mig undan því, að hún hefði keypt sér smábíl, áður en hún fór heim, en henni hefði verið neitað um innflutningsleyfi fyrir þessum bíl, þegar hún kemur. Og fleiri dæmi munu vera svipaðrar tegundar, en slíkt álít ég, að eigi ekki að eiga sér stað, þar sem líkt stendur á, því að kunnugt er, að það hafa það rúm leyfi verið veitt fyrir útflutningi á arfafé og öðrum líkum upphæðum, að engin sanngirni getur talizt að láta það ske, að ekki sé leyfður innflutningur á hlutum, sem færa má sönnur á, að engan íslenzkan gjaldeyri þarf fyrir. — Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 173 felld með 13:5 atkv.
— 170 tekin aftur til 3. umr.
3.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég ætla fyrir hönd fjhn. að óska þess, að þetta mál sé tekið af dagskrá þessa fundar, en jafnframt, að það verði tekið á dagskrá á morgun.

Forseti (BG): Það er sjálfsagt að verða við ósk form. n. um að taka málið af dagskrá og taka það á dagskrá næsta fundar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 12, 170, 528, 532).

Ásgeir Ásgeirsson: Þegar fjhn. fékk þetta mál til umsagnar snemma á þingi, sendi hún það til tollstjóra, sem gerði við það tvenns konar till. um breytingar, þ. e. breytingar á frv. og í öðru lagi till. um nýtt frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að setja reglugerð um meðferð á erlendum gjaldeyri og um útflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri. Það frv. tók meiri hl. n. upp sem sitt eigið frv. En þar sem liðið er á þingtímann og frv. skammt áleiðis komið, þá hefur n. haldið sig við fyrsta frv. og gert á því breytingu, sem er í samræmi við skoðun tollstjóra.

Innan n. er ágreiningur um eitt atriði, hvort krefja skuli drengskaparyfirlýsingar af innlendum og útlendum mönnum um það, að þeir hafi ekki samið við erlenda aðila um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri.

Um þetta ákvæði, sem kemur fram í 3. og 4. gr. frv., að því er snertir innlenda menn og erlenda menn, er ágreiningurinn, og leggur meiri hl. n. til á sérstöku þskj. að fella þessi ákvæði burt á báðum stöðum. En við, sem erum í minni hl., við hv. þm. V-Húnv., kjósum heldur að láta þetta ákvæði standa. Af þeirri ástæðu og þar sem það er meiri hl. n., sem gerir þarna breyt., þá vil ég óska þess, að hæstv. forseti vildi við atkvgr. bera sérstaklega upp 2. brtt. a frá n., síðan 1. brtt. meiri hl., því að ef hún verður felld, þá mundi 2. liður b koma til atkv. sem nokkurs konar varatill.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann gerði grein fyrir þeim skoðanamun, sem ríkir um þetta mál innan n. En af því að þetta er dálitið flókið, þá ætla ég að bæta nokkru við það, sem stendur í brtt. meiri hl. á þskj. 532.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að við viljum fella niður í 3. og 4. gr. ákvæði um það, að einstaklingar þurfi að skuldbinda sig til þess að semja ekki við hér búsetta aðila um það að fá íslenzkan gjaldeyri eða uppihald hér gegn erlendum gjaldeyri eða nokkurri annarri endurgreiðslu. Það felst þess vegna í brtt. okkar að útiloka ekki með l. þann möguleika, að menn geti gert slíkt samkomulag sín á milli um uppihald. Ég vona, að þetta sé þá svo ljóst, að menn villist ekki á því, sem um er að ræða.

Ég tek undir það, sem hv. þm. V-Ísf. sagði um tilhögun atkvgr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vildi aðeins láta ánægju mína í ljós yfir því, að tekizt hefur samkomulag um þetta mál að mestu leyti. Þetta mál er þannig vaxið, að ég álít heldur betra, að þetta form verði haft á, heldur en að gera breytingu við fjárhagsráðsl.

Um efni málsins skal ég svo ekki ræða. Það má segja, að fullt samkomulag hafi náðst nema um þetta litla atriði, sem ég er þó ekki óhræddur um, að geti valdið árekstri, þannig að menn geti óátalið samið um að fá tryggt uppihald erlendis fram hjá gjaldeyrisyfirvöldunum, og kemur þá sú spurning strax í huga manns, hvort sá einstaklingur hafi erlendis gjaldeyri, sem aflað hafi verið á löglegan hátt, ef hann hefur gert samning við kunningja sinn um uppihald, en ferðast svo um úti án þess að gera grein fyrir, hvaðan sá gjaldeyrir sé. Því miður lítur svo út, að það muni ekki vera hægt að veita í náinni framtíð þann gjaldeyri, sem óskað er eftir til utanferða, og gæti því verið ástæða til þess að óttast, ef ekki verða ákvæði um það sett og það verður talin lögleg gjaldeyrisöflun að gera samning við kunningja sinn um það, að hann greiði uppihald fyrir sig erlendis, að þetta yrði til þess, að gjaldeyrisyfirvöldin misstu þetta ákvæði út úr höndunum. Ég mæli því með brtt. minni hl. fjhn. í þessu efni.

Jóhann Hafstein: Út af því, sem fram hefur komið, vil ég bæta því við, að í brtt. fjhn. á þskj. 528 er gert ráð fyrir því, að einstaklingar geti samið um slíkt, en það er að vísu með þeim fyrirvara, að samþykki íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda komi til hverju sinni. Og við litum svo á, að það gæti farið eftir ýmsum atvikum, hvort menn fengju samþykki til þess, og menn hefðu mismunandi greiðan aðgang að gjaldeyrisyfirvöldunum. Og þetta yrði í framkvæmdinni miklu þunglamalegra en ástæða væri til og mjög ólík aðstaða, sem einstaklingar hefðu til þess að afla þessa samþykkis. Við töldum, að í þessu fælist engin sérstök hætta um misnotkun á gjaldeyri, þó að einstaklingur hefði samið á þennan hátt um uppihald.

Það, sem skilur hér á milli, er, að við viljum hafa þetta alveg laust og að einstaklingar þurfi ekki að sækja til yfirvaldanna við mjög mismunandi skilyrði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 170 tekin aftur.
— 528,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 528,2.a samþ. með 23 shlj. atkv.
— 532,1 felld með 12:9 atkv.
— 532,2 felld með 13:9 atkv.
— 528,2.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 532,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 583).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var í upphafi þessa þings eða mjög snemma á þinginu flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin um þetta efni á síðasta sumri. Það hefur dregizt í hv. Nd. lengur en æskilegt var að afgreiða málið, sem stafaði af því, að hv. fjhn. þeirrar d. breytti því nokkuð að formi, sem tafði afgreiðslu þess um hríð. En nú hefur náðst um það eiginlega fullt samkomulag að heita má, svo að ég vænti, að hv. Ed. sjái sér fært að afgreiða það, áður en þessu þingi lýkur. Ef það skyldi ekki ná fram að ganga, tel ég, að það geti valdið talsverðum vandræðum og erfiðleikum, og tel ég því nauðsynlegt, að það fái afgreiðslu á einhvern hátt.

Ef nauðsynlegt þykir að vísa málinu til n., þá væri það fjhn., sem ætti að athuga málið. En það er ekki till. frá mér um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.
Fellt með 11:3 atkv. að vísa frv. til fjhn.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 636).

---

23. Dýrtíðarráðstafanir (breyt. á l. 128/1947).

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir (stjfrv., A. 274).

Á 49. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 274, n. 492).

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Mér þykir líklegt, að allir hv. dm. hafi kynnt sér þær breytingar, sem felast í þessum bráðabirgðalögum, sem sett voru til breytinga á l. um dýrtíðarráðstafanir, og ég geng út frá, að óþarft sé að rekja að ráði þær breytingar, sem þannig hafa verið gerðar, en ég skal gera þetta með nokkrum orðum.

Við 41. gr. er gerð sú breyting, að úr henni eru felld orðin „án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu, svo og tilboðasöfnun“, en í þessari 1. málsgr. 41. gr. er verið að tala um, að söluskatt skuli greiða af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, en síðan koma þau orð, sem niður eru felld og vitnað hefur verið í. Þetta er fellt niður af því, að það er ekki framkvæmanlegt, og næsta breyting grípur yfir þetta atriði, sem hér er fellt niður. Hún er, eins og hún ber með sér, við 1. tölul. 42. gr., að í staðinn fyrir orðin „af heildsölu og smásölu 2%“ kemur þessi setning: „Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði — skal greiða 2%“, og er hér verið að ræða um álagningu söluskatts. Ákvæðið, eins og það var, þótti ekki hentugt í frv., og því er því breytt í einfaldara form. Ég hef þó ekki kynnt mér, hvort orðið „tollverð“ er skýrgreint í lögum, en það er vitað mál, hvað hér er átt við, það er verð vörunnar keyptrar til landsins að viðbættum tolli.

Þriðja breytingin, sem felst í þessum bráðabirgðalögum, er sú, að síðasta málsgr. 42. gr. laganna, 2. tölul., hljóðar svo sem þar er tiltekið, og ef menn bera þetta saman við liðinn, eins og hann er í upphaflegu lögunum, eins og gengið var frá þeim af Alþ., þá stendur þar „sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938“. Við þetta er bætt þessari setningu: „Undanþága þessi nær þó eigi til þeirra, sem greiða söluskatt við innflutning vara samkv. 1. tölul. 42. gr.“. En ef þessu væri ekki bætt við, þá yrði þessi undanþága allt of víðæk, sú undanþága, sem í þessu felst.

Fjórða breytingin er í því fólgin, að bætt er inn í nýju ákvæði framan við 44. gr., og þarf

það engrar skýringar við, og 5. breytingin er í samræmi við það, sem áður er talið, að upphaf 46. gr. orðist svo: „Verð vöru og þjónustu“.... og er þá bætt inn orðinu „þjónustu“ í sambandi við það, sem áður er tekið fram.

Þá kem ég að sjöttu breytingunni, og væri nú gott, ef hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur, því að í þessu sambandi þyrfti að liggja fyrir yfirlýsing frá honum. Þessi breyting er við 47. gr. Fyrri helmingur greinarinnar er orðaður eins og í lögunum um dýrtíðarráðstafanir, nema bætt er inn orðunum „og vissar vörutegundir og þjónusta“, en síðan er bætt inn í greinina þeirri málsgr., *er ég les nú:* „Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu sem um ræðir í 41 gr., skuli greiða söluskatt samkv. lögum þessum“. Þetta var talið nauðsynlegt, að setja þessi ákvæði, til þess að ríkisfyrirtæki, sem selja sams konar vörur og einstaklingar, hefðu ekki aðra aðstöðu en einkafyrirtæki í samkeppninni, og hefur n. ekkert við það að athuga. Hins vegar koma hér til athugunar önnur atriði. Það er svo áskilið í l. um dýrtíðarráðstafanir samkv. ákvæðum í 42. gr., að eigi skuli greiða söluskatt af sölu þeirra vara, sem þar eru taldar upp, andvirði mjólkur og mjólkurafurða, garðávaxta, kjöts, fisks o. s. frv. Nú hefur það átt sér stað vegna þeirrar breytingar, sem gerð var með bráðabirgðalögunum, að fjármálaráðuneytið hefur krafið Grænmetiseinkasölu ríkisins um söluskatt, en samkv. lögunum frá Alþ. og þeim ákvæðum 42. gr., sem ég hef nú lesið, eru garðávextir undanþegnir söluskatti. Ég held, að þetta sé því á einhverjum misskilningi byggt, sennilega farið eftir frv. að lögum þessum, eins og það kom til þessarar hv. d., en *hér var því breytt og orðinu „garðávaxta“* bætt inn í. En það er augljóst mál, að ráðuneytið brestur heimild til að innheimta skatt af garðávöxtum, því að þó að nýtt ákvæði sé sett inn í 47. gr. samkv. bráðabirgðalögunum um heimild fyrir ráðh., fellir það ekki úr gildi sérákvæðið í 42. gr., eins og gengið var frá því hér í lögunum, jafnvel þó að það ákvæði sé yngra en sérákvæðið. Hæstv. fjmrh. hefur lofað, að þetta skuli verða leiðrétt í framkvæmd, og enn fremur, að ekki skuli lagður söluskattur á erlendan áburð, enda er það í samræmi við aðrar undanþágur í 42. gr., þar sem yfirleitt er heimilað að veita undanþágu frá að greiða söluskatt af vörum, sem notaðar eru við framleiðsluna. Það er því óeðlilegt að leggja söluskatt á vörur, þar sem hann kemur í verulegum atriðum niður á framleiðslunni. Það var því rætt um að gera ekki neinar breytingar við bráðabirgðalögin, hvorki varðandi garðávextina né áburðinn, heldur aðeins fá yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. um það, hvernig þetta mundi verða framkvæmt. Með þessum formála get ég mælt með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil þakka hv. n. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli og kannast við það samkomulag, sem frsm. vísaði til, varðandi tvö atriði, er hann sagði, að ég hefði lofað að leiðrétta í framkvæmd, en það eru kartöflurnar og tilbúni áburðurinn. Ég hef ekki annað að segja, en vona aðeins, að þetta mál gangi áfram í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki við, þegar þetta mál var afgr. í fjhn. Hins vegar var ég við umr. um það í n., en það var þá ekki afgr. vegna þess, að ég bar fram eina brtt., og var ákveðið þá að ræða hana við hæstv. ríkisstjórn.

Ég hef ákveðið að bera fram þessa brtt. nú, og vænti ég þess, að henni verði útbýtt nú á þessum fundi, og vil ég lýsa henni nú þegar.

Frv. þetta sýnir bezt, hversu hroðvirknislega hefur verið gengið frá l. um dýrtíðarráðstafanir, þar sem bráðabirgðalög þessi voru sett skömmu eftir að l. gengu í gildi, og í athugasemdunum, sem með þessum lögum eru, segir: „Komið hefur í ljós, að ákvæði 7. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er varða söluskatt af umboðssölu, eru lítt framkvæmanleg og hafa allverulegan kostnað og óþægindi í för með sér“ o. s. frv. Þetta er sagt rétt þegar verið er að byrja að framkvæma lögin.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, þá orkar það ekki tvímælis, að þar sem iðnaðarmenn hafa samtök um kaup á þessum vörum, þá verður útkoman sú, að þeir verða að borga tvöfaldan söluskatt, fyrst af efnivörunum og síðan af vörunni fullunninni. Nú þykir mér hafa verið gengið svo nærri hagsmunum íslenzks iðnaðar á ýmsa lund, að það væri ekki ósanngjarnt, þó að iðnaðarmenn fengju að sleppa með að borga einfaldan söluskatt. Það hefur vissulega verið nægilega gengið nærri hagsmunum þeirra með hinum auknu tollum á vörum þeirra og þá ekki síst með þeim miklu hömlum, sem lagðar hafa verið á þessa atvinnugrein með þeim vöruskorti, sem nú á sér stað í landinu fyrir aðgerðir fjárhagsráðs, þannig að mikill hluti iðnaðarins í landinu má nú heita stöðvaður.

Ég hef þess vegna lagt fram brtt. við þetta frv., sem fer fram á, að efnivörur til iðnaðar séu undanþegnar söluskatti. Hæstv. forseti var að lýsa brtt. áðan, og ég geri ráð fyrir að hún sé á leiðinni.

Ég vænti, að hv. d. vilji sýna þá sanngirni að samþ. þessa brtt.

Forseti (BSt): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 518 við þetta frv., og þarf afbrigði til þess að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. telur sig ekki geta fylgt n. að málum að öllu leyti varðandi þetta frv. og talaði hér fyrir brtt. varðandi söluskattinn og benti á um leið, að frv. hefði verið hroðvirknislega samið. Það er nú svo um frv. um söluskatt, að það hefur mörg ákvæði inni að halda, og það, sem hefur orðið til þess að breyta þurfti þessum ákvæðum um söluskattinn, var, að nokkur vafi virtist vera á því, hvernig hægt væri að ná söluskatti af ýmsum svo kölluðum umboðssöluvörum, og það var eiginlega ástæðan til þess, að frv. var flutt. Ég held, að ég hafi lýst því við 1. umr. þessa máls, hvað því hafi valdið.

Hv. 4. landsk. ber svo fram brtt. við frv., eins og hann hefur lýst. En þessi skattur er í heild sinni ákaflega óverulegur og annað það, að þörfin fyrir þessar tekjur í sambandi við fiskábyrgðarl. er mjög mikil. Og í þriðja lagi er það, að ákvæðin um að undanskilja efnivörur til iðnaðar yrðu, að minni hyggju, dálitið erfið í framkvæmdinni. Því að þótt stundum megi á það benda, að varan sé eingöngu efnivara til iðnaðar, þá er samt sem áður svo um fjöldamargar vörur, sem fluttar eru inn, að þær eru notaðar til hvors tveggja, bæði sem iðnaðarvörur og einnig beinlínis fyrir notendur, alveg án þess að iðnaður komi þar til greina.

Hv. þm. kvartar fyrir hönd iðnaðarins í landinu undan afskiptum hins opinbera. Það kann að vera, að einhverjar greinar iðnaðarins hafi verið hafðar útundan, en margar iðngreinar hafa ekki þurft að kvarta fram að þessu. Hitt er vitað, að með takmörkun á innflutningi verður iðnaðurinn eins og verzlunin og einstaklingar allir fyrir áhrifum þeirrar takmörkunar. En allar þessar takmarkanir koma fyrst og fremst af gjaldeyrisskorti. Það gerir víst engin ríkisstj. að gamni sínu að takmarka innflutning, sem hefur stórminnkandi tekjur fyrir ríkissjóð í för með sér.

Þar sem nú er hér um mjög óverulegan skatt að ræða og einnig, að ef fallizt væri á þessa undanþágu, þá kemur enn upp — ekki kannske alveg hliðstæður, en nokkuð svipaður — ágreiningur um framkvæmd l. eins og var áður en þessi bráðabirgðal. voru sett varðandi umboðsskattinn, þá verð ég samt, þó mér þyki það leitt, að mæla gegn þessari brtt. hv. 4. landsk., sem mér virðist frekar hafa verið flutt af princip-ástæðum en að hann viti ekki eins vel og ég, að hér er ekki um neinn tilfinnanlegan skatt eða mismun að ræða.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að tala um erfiðleika, sem iðnaðurinn ætti við að búa vegna takmarkana á innflutningi hráefna, sem stöfuðu af gjaldeyrisskorti. Það getur verið deilt um það, þegar gjaldeyrisskortur er, hvaða vörum eigi fyrst og fremst að takmarka innflutning á. En ég held, að þær vörur, sem sízt eigi að grípa til takmarkana á innflutningi á, séu efnivörur til íslenzks iðnaðar, sem á annað borð á rétt á sér, enda er það hæpinn gjaldeyrissparnaður, eins og hver maður sér. — Þá sagði hæstv. ráðh., að þessi söluskattur væri óverulegur og munaði ekki miklu. Það er nú svo. En samt sem áður veit ég til þess, að ýmsar greinar iðnaðarins telja sig muna þetta nokkuð. Hins vegar, sé það rétt, að þessi skattur sé óverulegur, þá ætti ríkissjóð ekki að muna neitt sérstaklega um að missa hann. En hæstv. fjmrh. talaði einmitt um það, að hann mælti á móti brtt. af því, að þörfin væri svo mikil fyrir skatttekjur handa ríkissjóði. En sé hér um óverulegan hlut að ræða, skilst mér, að það ætti ekki að koma mjög hart við ríkissjóðinn, þó að þetta yrði fellt niður. Það, sem hæstv. ráðh. aðallega sagði á móti þessari niðurfellingu skattsins, var, að erfitt væri að framkvæma þessa niðurfellingu vegna þess, að vörur væru sumar hvort tveggja í senn efnivörur til iðnaðar og svo notaðar til annarra hluta jafnframt, svo sem til almennrar neyzlu. Ég get ekki skilið, að þetta þurfi að valda svo ákaflega óyfirstíganlegum erfiðleikum. Í framkvæmdinni mundi þetta verða þannig, að reglugerð mundi verða gefin út, þar sem þetta kæmi fram. Og um þær vörur, sem eru efnivörur til iðnaðar, en að einhverju leyti notaðar til annars, þá sé ég ekki, að við það væri svo stór skaði skeður, þó að niður félli söluskattur af þeim, að það ætti að vera nægileg rök fyrir því að létta ekki þessum skatti af iðnaðinum.

ATKVGR.
Brtt. 518 felld með 9:3 atkv.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 274, n. 585).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Þetta frv. er staðfesting á bráðabirgðalögum, og eftir að hafa athugað það leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég sé ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en vil geta þess, að í 1. gr. stendur „fyrsta málsgr.“, en ætti að vera „1. liður“. Við litum svo á, að laga mætti þetta í prentuninni. Ég legg til fyrir hönd n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 274, 621).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 621. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Ég mun eiga brtt. við þetta mál á þskj. 621, sem gengur út á það að undanþiggja íslenzkar iðnaðarvörur. Ég gat ekki verið á fundi í fjhn., þegar þetta mál var rætt, og kem þess vegna ekki fram með þessa brtt. fyrr en nú við 3. umr. Þar sem ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hækka nokkuð tolla, þá álít ég rétt, að efnivörur til iðnaðar séu undanþegnar söluskatti. Ég mun ekki tefja fundinn með því að gera langa grein fyrir því, en vona, að till. verði samþ.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Vegna fram kominnar brtt. vil ég segja það, að þetta var rætt við hæstv. fjmrh. um efnivörur til iðnaðar. Það kom greinilega fram hjá honum, að eins og l. eru orðuð og með þeim heimildum, sem þar eru, telur hæstv. ríkisstj., að við framkvæmdina á þeim muni hún sjá svo um, að þessar vörur yrðu ekki hafðar undir söluskattinum. Mér skilst, að þessi brtt. sé fram komin til þess að fyrirbyggja þetta. Eftir þessar viðræður við hæstv. fjmrh. teljum við nm. ekki þörf á þessari brtt., því í framkvæmdinni verður séð fyrir þessu.

ATKVGR.
Brtt. 621 felld með 17:4 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

24. Síldarvinnslutæki o. fl.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu (stjfrv., A. 489).

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er, eins og hv. þm. munu sjá, flutt í því skyni að afla stj. heimildar til að taka lán, allt að 15 millj. kr., innanlands eða erlendis, til kaupa á tækjum til síldarvinnslu.

Þótt síldveiði hafi oft verið hér við Faxaflóa, kom mörgum á óvart sú síld, sem var hér s. l. haust. Þ. e. a. s., sú mikla gengd síldar, sem var, kom á óvart, enda þótt menn byggjust við, að nokkur síldveiði kynni að verða eins og árin þar á undan. Hér þarf ekki að rekja þá sögu. Það var leitazt við af hálfu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins að gera allt það, sem tiltækilegt væri til að hagnýta þessa veiði, því að öllum bar saman um, að þess yrði að freista í lengstu lög. Nú var það svo, að hér í grennd var verksmiðjukostur lítill. Það var að vísu verið að byggja verksmiðjur hér við flóann, t. d. fiskimjölsverksmiðju á Akranesi, í Keflavík og í Njarðvíkum, og enn fremur var flutt nokkuð af síld til Patreksfjarðar til vinnslu þar. En þetta kom ekki að nægu haldi, og kom fljótt að því, að sigla varð með síldina um þennan erfiðasta tíma ársins til Siglufjarðar. Þetta hefur orðið mjög dýrt, svo dýrt, að allar líkur eru fyrir því, að síldarverksmiðjur ríkisins beri mjög skarðan hlut frá borði. Hins vegar var það svo, að ef ekki hefði átt að greiða sjómönnum nema það verð, sem öruggt var, að ekki væri of hátt fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, sem sé svo öruggt væri, að þær biða ekki tjón, þá er búið við, að sumir þeirra, sem stunduðu síldveiðarnar, og kannske allir hefðu séð sitt óvænna, þannig að þeir hefðu talið sig bera of lítið frá borði, og þannig hefði mátt svo fara, að síldveiðarnar hefðu ekki notazt svo sem varð.

Nú er það hins vegar vitað mál, að þótt þær ráðstafanir, sem gerðar voru, væru nokkuð miklar, komu þær ekki að haldi til þess að bjarga nema hluta af veiðinni, og þrátt fyrir mikinn skipakost varð að gripa til þeirra úrræða að safna síldinni í bing.

Sá kostnaður, sem í því fólst að flytja síldina norður, hefur að miklu leyti orðið að greiðast í erlendum gjaldeyri, þar á meðal mikið í dollurum, því að eins og vitað var, voru stærstu flutningaskipin amerísk og þurfti að gjalda þeim í þess lands mynt.

Nú er mikill undirbúningur í aðsigi um að stækka síldarmjöls- og fiskimjölsverksmiðjuna á Akranesi, enn fremur í Keflavík, og svo er undirbúningur hafinn undir það að byggja síldarverksmiðju í Reykjavík sjálfri. Þar fyrir utan hefur verið stofnað félag með þátttöku ríkisins og Reykjavíkurbæjar til að kaupa síldarbræðsluskip, og er ætlunin að láta í þetta skip vélar, sem hafa verið keyptar til landsins og búið er að inna af hendi gjaldeyrisgreiðslur fyrir. Þessar vélar eru nú eign Óskars Halldórssonar útgerðarmanns, og ætlar hann að gerast einn þátttakandinn í þessum félagsskap eða er orðinn það, eftir því sem ég bezt veit.

Eins og eðlilegt er, þarf mikinn undirbúning til þess að afla þeirra véla, sem þörf er á, bæði í landverksmiðjurnar, sem stækka á, og svo í hið væntanlega síldarbræðsluskip, og eru horfurnar ekki vænlegar, utan hægt sé að gera nú innan skamms ráðstafanir til þess að festa kaup á hinum nauðsynlegustu tækjum til þessara hluta. Á hinn bóginn er gjaldeyrisástandið þannig — og þá einkum um þann gjaldeyri, sem kemur þarna til greina, dollarana — að þeir eru ekki fyrir hendi, eins og stendur, til meira heldur en brýnustu þarfa, lífsnauðsynja, og tæplega eða ekki það. En eins og ég hef áður lýst, er talið stórhættulegt með tilliti til atvinnu sjómanna á komandi hausti, að það verði beðið með að panta eða smíða þessar vélar, ef þær eiga að vera komnar upp í tæka tíð til þess að verða að gagni, þar sem við allir vonum, að síldin verði með svipuðum hætti hér við Suðvesturlandið og hún hefur verið á síðari árum. Þess vegna þótti ríkisstj. nauðsynlegt að freista þess að fá lán til þessara hluta. Ekki lán til þess að verða eyðslueyrir fyrir okkar daglegu þörfum, heldur að fá lán, sem sérstaklega sé til þess tekið og notað að undirbúa véltækni til atvinnu, bæði á sjó og landi, fyrir væntanlega næstu haustsíldarvertíð og til að ná í nauðsynleg veiðarfæri. Og með þetta fyrir augum er þetta frv. hér flutt.

Ég tel óþarfa að hafa hér lengri formála. Í

aths. við frv. er tekið fram allt eða flest af því, sem ég hér hef sagt. Og að öðru leyti er hv. þdm. svo vel kunn þörfin á því að hafast að í þessum málum og hefja undirbúning í tæka tíð, að ég þarf ekki, að ég hygg, að lýsa þeirri þörf frekar en ég nú hef gert.

Ég vil svo mælast til þess, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta mál beina tveimur fyrirspurnum til hæstv. fjmrh., sem ég óska eftir, að hann svari þegar. Fyrst þeirri, hversu mikið af þessu láni er hugsað að taka í dollurum. Mér skilst reyndar á grg. frv., að ríkisstj. geri ráð fyrir því, að hún þurfi tveggja millj. dollara lán, eða um það bil 13 millj. kr. En ég taldi rétt, að skýrt væri tekið fram, og kannske í frv., hvað af þessu láni væri heimild til að taka í erlendum gjaldeyri og hvað í innlendum. — Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort hæstv. ríkisstj. hugsaði sér, að þessi erlenda lántaka yrði hluti af Marshall-áætluninni, eða hvort lánið yrði bundið einhverjum sérstökum skilyrðum eða öðrum skilyrðum um afborganir og vexti og tryggingu heldur en venjulegum verzlunarskilyrðum, sem gerast við lántökur. Það er alveg nauðsynlegt að fá skýr svör við þessu, áður en frv. fer til n., til þess að n. viti um þetta, áður en hún tekur afstöðu til málsins. Vildi ég fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann gæfi um þetta yfirlýsingu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að það er óskað eftir, að þetta mál fari til fjhn., þótt hins vegar flest þau frv., sem snerta síldarverksmiðjur, hafi farið til sjútvn. **(Fjmrh.:** Það getur vel verið, að þetta sé bara rangt athugað hjá mér. Ég hélt, af því að um lántöku er að ræða, að réttast væri, að málið færi til hv. fjhn.) — Ég geri þetta ekki að neinum ágreiningi. En ég ætlaði að segja hér nokkur orð um þetta mál. En það upplýsist þá betur, þegar ég fæ svar við nokkrum spurningum, sem ég ætla að leggja fyrir hæstv. ráðh., hvort málið á heima í fjhn. eða ekki, því að ef málið er eingöngu fjárhagsmál þannig, að það eigi að kaupa tæki til síldarvinnslu fyrir fé úr ríkissjóði, þá á málið eðli sínu samkvæmt að fara til sjútvn., eins og önnur mál hafa farið, sem verið hafa um byggingu síldarverksmiðja fyrir ríkið. — Ég vildi spyrja um það, hve mikið af þessu lánsfé hugsað er, að ríkið noti til sinna eigin þarfa í sambandi við þennan rekstur síldarvinnslutækja. Er það hugsað þannig, að þetta sé hluti ríkissjóðs í hinu nýja síldarbræðsluskipi, eða aðeins, að ríkissjóður sé að taka þetta fé að láni til þess að geta yfirfært eða útvegað gjaldeyri til hinna annarra aðila, sem ætla sér kannske að eiga þessi tæki? Eg sé, að í grg. fyrir frv. er tekið fram, að í þessu augnamiði sé stofnað hlutafélag, sem ætli sér að kaupa síldarbræðsluskip. Mér skilst þá, að það sé ekki ríkissjóður, sem ætli sér að kaupa þetta síldarbræðsluskip, heldur sé það hlutafélag, sem ætli að kaupa það. Og þá vil ég vita, hvort ríkissjóður á þar í nokkurn hlut, og þá hve stóran. Ég minnist þess nefnilega ekki, að í öðrum l. sé ríkisstj. heimilað að leggja fram fé til slíkrar starfsemi. Og hygg ég þá vafasamt, hvort ekki þurfi að leita eftir nýrri lagaheimild, ef ætlunin er, að ríkissjóður eigi eitthvað í þessu fyrirtæki. Hér er líka sagt í aths. við frv., að það sé hafinn undirbúningur að stækkun fiskimjöls- og síldarverksmiðjanna á Akranesi, Hafnarfirði og Keflavík, svo og byggingu síldarverksmiðju hér í Reykjavík. Mér skilst af aths., að það eigi einmitt að nota þennan gjaldeyri, sem fengist með þessu láni, til þess að aðstoða þá aðila, sem ætla sér að framkvæma þessi verk. Og vildi ég þá einnig fá upplýst, hvort ætlað er, að ríkissjóður hafi nokkra þátttöku í stækkun þeirra iðjuvera eða byggingu þeirra iðjuvera, sem hér um ræðir. Vildi ég gjarnan fá upplýst hjá hæstv. ráðh., hvort búið sé að festa kaup á hinu fyrirhugaða síldarbræðsluskipi, og hvort það séu sannar frásagnir í Vísi, að gerð hafi verið kaup á skipi í þessu augnamiði, sem sé 46 eða 47 ára gamalt. Mér þykir það vera mjög mikils virði fyrir alþm. að fá upplýst, hvort búið sé að kaupa eða hvort hugsað sé að festa kaup á þessu skipi, sem gæti verið, ef ekki móðir, þá a. m. k. systir „Súðarinnar". Og ef svo væri, þá væri gott að fá upplýst, hve mikið af dollurum ætti að láta fyrir slíka gersemi. — Hér talaði hæstv. ráðh. um það, að hugsað væri að láta í þetta síldarbræðsluskip vélar Óskars Halldórssonar. Nú hef ég séð á öðru þskj., sem hæstv. fjmrh. stendur að sem þm. Vestm., að þar er gerð mjög ýtarleg grein fyrir þessu. Vildi ég gjarnan fá upplýst, hvort þetta skip skuli vera nokkurn veginn líkt út búið eins og skip það, sem gert er ráð fyrir á þskj. nr. 239. Það er af kunnugum mönnum talinn mjög mikill vafi á því, að vélar þær, sem Óskar Halldórsson á, geti afkastað því, sem gert er ráð fyrir, 5 þús. mála vinnslu á sólarhring. — Þá vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um — því að ég geri ráð fyrir, að hann hafi staðið í sambandi við þá vísu menn, sem hafa undirbúið þetta —, hvernig hugsað sé að taka þetta skip í þurrkví, því að ekki mun vera unnt að láta það ganga meira en sex til sjö mánuði án þess að hreinsa það, því að það mun þurfa að hreinsa það einu sinni eða tvisvar á ári, úr því að valið hefur verið stálskip, eða hvort á að sigla því skipi einu sinni eða tvisvar á ári yfir hafið til hreinsunaraðgerðar. — Þá vildi ég gjarnan fá að vita, hvort hæstv. fjmrh. gæti upplýst um það, hve mikið tap muni hafa verið á síldarvinnslunni í ár, þ. e. Hvalfjarðarsíldinni. Mér skilst, að hann hafi hugmynd um, að þetta tap sé nokkuð mikið, og að það sé ein ástæðan fyrir því, að það sé farið út í þetta fyrirtæki, sem frv. miðar að, til þess að reyna að fyrirbyggja, að slíkt þurfi að koma fyrir aftur. Og svo vildi ég fá upplýst, hve mikið muni vera búið að greiða fyrir síldarflutningana í erlendum gjaldeyri alls.

Ég skal að öðru leyti ekki fara lengra út í þetta mál, fyrr en ég fæ einhver svör við því, sem ég hef spurt hér um.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur spurt um margt, sem ég ætlaði að spyrja um. Ég vildi bæta þar tvennu við. Annað er, að mér hefur skilizt, að í seinni tíð væru að

koma upp ný atriði viðvíkjandi vinnslu lýsis og síldarmjöls, sem gerðu bæði vinnsluna ódýrari og nýtingu hráefnisins miklu betri. Ég er ekki svo fróður, að ég viti, hvort þessi nýju tæki er hugsað að kaupa í þetta nýja síldarbræðsluskip eða ekki. En mér skilst, að það geti haft þó nokkuð að segja í framtíðinni, hvort þær verksmiðjur, sem þetta lántökumál snertir, samkv. aths. við frv., hvort sem þær eru á landi eða í skipum, og þær verksmiðjur yfirleitt, sem ætlað er að vinna lýsi úr síldinni, geti náð lýsinu svo til öllu úr síldinni eða hvort þær þurfa að láta verða eftir í mjölinu allt upp í kringum 11%, eins og á sér stað um þær nýju verksmiðjur, sem settar hafa verið upp hér á síðustu árum á Skagaströnd og á Siglufirði, þannig að mjölið er illnotandi til skepnufóðurs vegna fitunnar — fyrir utan það, sem verðmæti tapast með lýsismissinum. — Ég vildi vita, hvernig þessu á að vera fyrir komið í þessari fljótandi verksmiðju.

Í öðru lagi, fyrst hér á að veita heimild til lántöku handa ríkinu, sem mér skilst, að ríkið eigi að lána aftur út af lánsfénu til verksmiðjanna, sem hv. þm. Barð. minntist á, þá vildi ég spyrja um, hvort ekki væri rétt að hafa þetta lán miklu stærra. Það er öllum landsmönnum vitanlegt, að það er verið að undirbúa að samþ. heimildarlög um að reisa sementsverksmiðju, og á það frv. eftir að fara í gegnum þessa hv. d. Og það er talað um lántöku þar í því frv. Það er líka vitanlegt, að Skipaútgerð ríkisins er að láta smíða skip erlendis. Og við getum ekki borgað þau skip nema með lántöku, og þess vegna þurfum við að taka lán í því augnamiði. Og Eimskipafélag Íslands er að láta byggja skip, sem þarf að taka lán til að borga. Hvers vegna ætti þá ekki að leita fyrir sér um stærra lán, sem geti skipzt til þeirra aðila, sem eru að framkvæma sitt hvað, sem ég hef nefnt, sem þarf að taka erlent lán til, í staðinn fyrir að taka lán í mörgum stöðum, og þá með verri kjörum? Væri ekki réttara að taka stærra lán til þess að skipta á milli þeirra aðila, sem ég hef nefnt, til þess að þeir geti haldið áfram þessum framkvæmdum? Á þetta vil ég benda hæstv. fjmrh. og þeirri hv. n., sem fær málið til athugunar. Í sambandi við þetta má geta þess, að Eimskipafélag Íslands er í allmiklum tengslum við ríkið hvort sem er.

Ég vildi fá upplýst, hvort þetta fyrirhugaða síldarbræðsluskip á að vera svo útbúið, að það geti rækt sitt hlutverk vel, eða hvort það á að vera eins og þessar nýju síldarverksmiðjur, að afköstin eru fyrir neðan allar hellur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. hafa nú vikið að mér nokkrum fyrirspurnum í sambandi við þetta frv., og skal ég fúslega upplýsa það, sem ég get upplýst af því, sem þeir hafa spurt um. Hv. 4. landsk. þm. spurði, hve mikið væri hugsað af láninu innlent og hve mikið í erlendum gjaldeyri, og enn fremur, hvort fyrirhugað væri, að þessi lántaka stæði í sambandi við svo kallaða Marshall-áætlun. Ég skal geta þess, að því var þetta orðalag haft að tala um innlendan eða erlendan gjaldeyri, að ekki var og jafnvel er enn ekki vitað, hvort ríkið sjálft þurfi beinlínis að taka lánið ytra eða það verður gert fyrir milligöngu bankanna. Gæti þá, ef um milligöngu bankanna væri að ræða, lánið orðið innlent að því leyti. Og við það var orðalagið miðað, er talað er um innlent lán. En ef ríkið sjálft verður að vera lántakandinn ytra, þá var um það sett heimildin til, að ríkið tæki lánið í erlendum gjaldeyri. — Að því er snertir síðara atriðið, sem hv. 4. landsk. þm. spurði um, hvort þessi fyrirhugaða lántaka sé í sambandi við Marshall-áætlunina, þá get ég svarað því neitandi. Það á blátt áfram að reyna að fá venjulegt lán, eins og hv. þm. orðaði það, með einhverjum skynsamlegum afborgunarskilmálum og vöxtum, eftir því sem um kann að semjast, í þessu sérstaka skyni, til kaupa á þessum tækjum. (**BrB:** Og eru engin önnur skilyrði heldur en þessi venjulegu skilyrði?) Það hefur ekki verið til þess stofnað af okkur, sem þetta höfum hugsað. Ég get gjarnan sagt það eins og það er, að það hefur verið talað við Landsbankann um lán og það hefur verið falið sendiherra landsins í Washington að rannsaka möguleika fyrir því að fá þetta lán í þessu skyni. Og ég get bætt því við, að um niðurstöður er enn ekki vitað í þessu efni.

Hv. þm. Barð. spurði um það, hve mikill sé hluti ríkissjóðs í láninu, hve stóran hlut ríkissjóður eigi eða ætli sér að eiga í þessum félagsskap, sem ég minntist á, og hvort ríkissjóður ætlaði sér að eiga í öllum þeim verksmiðjum, skildist mér, sem ég var að tala um hér syðra, og hvort hugsað væri um að kaupa skip samkvæmt fregn í Vísi. Enn fremur spurði hann um, hversu mikið tap hefði orðið á rekstri síldarverksmiðjanna í sambandi við þennan vetrarrekstur þeirra og hve mikið hafi verið greitt í erlendum gjaldeyri vegna flutninga á síld til Norðurlandsins. — Út af þessu vildi ég mega taka fram, að það getur vel farið svo, að ríkissjóður verði beinlínis að heita þarna lántakandinn. En það er ekki meiningin, að ríkissjóður ætli að lána, hvorki einum né öðrum af þessum mönnum, nema ekki sé annar kostur fyrir hendi til að tryggja það, að hlutaðeigandi verksmiðja komist upp. Það væri þá bara af því, ef ríkissjóður yrði þarna lántakandinn, að það væri bezta leiðin til þess að fá lánaðan þennan erlenda gjaldeyri. Vitanlega yrði hann svo til ráðstöfunar fyrir þjóðbanka landsins að því leyti sem sá banki gæti lagt fram í íslenzkum peningum handa þeim aðilum, sem hefðu samþykki innflutningsyfirvaldanna fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfum til þess að afla þessara tækja, sem um er að ræða. Sama gildir auðvitað um aðra banka, ef þeir lána mönnum til að afla tækjanna. Höfuðmarkmið lántökunnar er að tryggja landsmönnum betri aðstöðu en nú til að veiða og hagnýta síld hér sunnanlands eins og annars staðar, og verður leitazt við að gera það eftir öllum færum leiðum og erfitt að leggja nú neina fasta reglu í því efni. Verði ríkissjóður sjálfur að veita lánin, munu þau auðvitað verða tryggð forsvaranlega. — Að því er það snertir, hversu stóran hlut ríkissjóður eigi í félaginu, sem hv. þm. minntist á, þá er það ekki hugsað þannig, heldur hafa síldarverksmiðjur ríkisins fengið leyfi ráðuneytisins til þess að verða að einum

fjórða hluta þátttakandi í þessu félagi. Mér skilst, að það sé þannig, að útgerðarmenn hér ýmsir eigi einn fjórða hluta og Óskar Halldórsson, sem leggur til vélarnar, eigi einn fjórða hlutann, Reykjavíkurbær einn fjórða hluta og síldarverksmiðjur ríkisins einn fjórða hluta. — Út af spurningunni um það, hvort áformað sé að kaupa skip það, sem dagblaðið Vísir getur um, þá verð ég að segja það, að ég er ekki stjórnarmeðlimur í þessu félagi, sem um þetta er stofnað, og hef engin afskipti af því, hvað um kaup þess skips er ákveðið, sem hugsað er sem síldarbræðsluskip. Hitt hefur mér verið tilkynnt, að þeir, sem að þessum skipskaupum standa, eigi kost á að fá keypt skip fyrir eitthvað um 200 þús. dollara, sem að vísu sé gamalt, en hafi verið kostað miklu upp á, árið 1943 að mig minnir. En hvort búið er að kaupa þetta skip, það er mér ókunnugt um. Hitt veit ég, að sá maður hér á landi, sem talinn er að vera mjög fróður í þessum efnum og stendur sjálfsagt mjög mikið jafnfætis hv. þm. Barð. að þekkingu á skipum, skipaverkfræðingurinn Ólafur Sigurðsson, hann hefur farið, eftir því sem mér er bezt kunnugt, á vegum þessa félagsskapar til Ameríku til ráðuneytis við þann mann, sem stendur í útvegun fyrir félagið, sem er Jón Gunnarsson forstjóri. — Þá var það tapið, sem síldarverksmiðjurnar munu hafa orðið fyrir í sambandi við síldarflutningana og síldarvinnsluna á síðustu haustvertíð. Um það get ég ekki upplýst á þessu stigi málsins, af þeirri einföldu ástæðu, að það verður ekki séð, fyrr en búið er að selja þær afurðir, sem framleiddar voru þá. Og það er ekki víst enn, fyrir hvað þær verða seldar, þ. e. a. s. sá hluti þeirra, sem óseldur er. Það hefur verið selt talsvert mikið af mjöli, en það gefur ekki grundvöll til þess, að maður geti lagt niður fyrir sér útkomuna í heild. En það er mjög líklegt, að það fari aldrei svo, að það verði ekki tilfinnanlegt rekstrartap hjá síldarverksmiðjum ríkisins á vinnslu þessarar síldar. Og hversu mikið hefur verið greitt af flutningskostnaði síldarinnar, sem veiddist á haustvertíðinni, í erlendum gjaldeyri, er mér ókunnugt. En ég veit, að það hlýtur að vera mjög mikið, þar sem þessi þrjú skip voru í flutningum á síldinni, „hnútarnir“ amerikönsku, fyrir utan þau skip, sem fengin voru til þessa og greitt var í sterlingspundum. En um greiðslu í erlendum gjaldeyri yfir höfuð til þessara hluta er mér ókunnugt. Ég hef ekki fengið skýrslur um það frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Og satt að segja hef ég ekki innt eftir að fá að vita það nákvæmlega.

Þá spurði hv. 1. þm. N-M. um það fyrst, hvort athugað hefði verið um hina nýju aðferð við vinnslu á efnum úr síld, og á hann þá sjálfsagt við það, sem við höfum heyrt og lesið um hér í blöðum, að það kvað vera komin upp enn ný vinnsluaðferð á síld, sem talið er, að gefi betri árangur heldur en gamla aðferðin. Og enn fremur spurði hann um, hvort ekki þyrfti að taka miklu stærra lán í erlendum gjaldeyri, og minntist hann í því sambandi á lánsfjárþörf Skipaútgerðar ríkisins og Eimskipafélags Íslands og lán fyrir sementsverksmiðju, sem hér hefur verið áformað að koma upp. Um þetta síðara atriði skal ég segja, að hvað Eimskipafélagið snertir, þá veit ég ekki til, að það félag sé í sérstakri lánsfjárþörf. Þeir munu hafa fengið sérstakt lán í Ameríku fyrir það félag, ég held sem svarar helmingi byggingarverðs hins nýja skips félagsins, Tröllafoss, sem nú er á leiðinni til Íslands, má ég segja, því að ég heyrði það í kvöld, að hann hefði farið í gegnum Panama-kanalinn rétt nýlega, og má segja, að hann sé á heimleið. — Þess vegna býst ég ekki við, að Eimskipafélag Íslands þurfi neitt lán frá ríkinu eða neina hjálp frá því til að fá lán, þar sem það hefur bjargað sér þannig á land sjálft með sitt stóra skip. Og að því er snertir þau skip, sem það félag hefur í smíðum í Danmörku, þá ætla ég, að Eimskipafélag Íslands hafi verið búið fyrir nokkuð löngu að fá yfirfærða þá peninga a. m. k., sem þar eru notaðir. Um Skipaútgerð ríkisins er öðru máli að gegna. Það er þannig með byggingu á þessum nýju strandferðaskipum ríkisins og enn fremur Esju, að ríkissjóður hefur verið látinn standa undir þessu öllu allt til þessa. Það má að vísu til sanns vegar færa, að þörf væri að fá einhver lán út á þau skip, því að það er, bæði hvað gjaldeyri snertir og líka hvað ríkissjóð snertir, þungt að standa undir þeim framkvæmdum án þess að fá lán, þannig að teknar séu ákvarðanir til þess að létta undir í þessum efnum. Og í raun og veru væri ekki óeðlilegt, þó að þau lán væru látin hvíla að einhverju leyti á þessum skipum. Það væri þörf á að fá lán út á þau skip. Í raun og veru er ekki óeðlilegt, þó að einhver lán séu látin hvíla á þessum skipum. Það hafa farið fram athuganir á því, hvort lán fengist, t. d. í Englandi, út á það að byggja skip fyrir Ríkisskip, og veit ég ekki til, að niðurstöður liggi fyrir, svo að hægt sé að segja með vissu um það, og tel ég óvíst, að slíkt lán fengist. En maður gæti nú sjálfsagt sagt, að þörfin væri mikil fyrir að fá lán. Það er víst sannleikur. En fyrir okkar augum var hér um bæði þörf að ræða, og einnig er þarna um síldarvinnslutæki að ræða, sem við teljum, að við þurfum mikils að meta. Og þess vegna var ekki farið með þessa hugmynd út yfir stærra svæði en hér er gert í frv. og ég hef þegar lýst fyrir dm. Það er enn óvíst, hvort þetta lán fæst, og held ég, að það sé rétt að bíða með að hugsa um stærri lántöku í þessu efni.

Ég veit ekki, hvaða vinnsluaðferð þeir hafa hugsað sér, sem hafa í hyggju að bæta hér við verksmiðju, veit ekki heldur, hvort þessi nýja vinnsla er búin að festa svo rætur og búin að fá þá reynsluprófun, að hægt sé á þessu stigi málsins að segja um það. Ég held líka, að sá dráttur, sem af því kynni að verða að fá þess háttar nýmæli komið í kring við allar verksmiðjur, kynni að fara þannig með þennan tilgang, að hann rynni út í sandinn, en tilgangurinn, sem hér er um að ræða, er sá aðallega að gera þarna þau tiltök með vinnslumöguleikum á þessu sviði sem haustvertíðin fengi gagn af. Og mér er sagt af kunnugum mönnum, að ef þeim tilgangi eigi að ná, þá megi ekki mikinn tíma missa, ef verksmiðjan eigi að koma að gagni næsta haust. Um skipið og stærð þess og möguleika á að koma því í þurrdokk er ég ekki fær um að gefa tekn-

iskar upplýsingar, því að ég hef ekki þekkingu til að bera um, hversu því megi við koma. En hins vegar standa svo margir áhugamenn að þessari hugmynd um að koma upp þessu svo kallaða síldarbræðsluskipi og hafa fengið sér til þess ráðunauta, tæknilega lærða menn, suma af þeim beztu, sem völ er á hér á landi, og má segja, að þeir hafi vit á því, hvað verið er að fara þarna út í.

Þm. minntist þess, að ég hef m. a. flutt hér till. í þessa átt um síldarbræðsluskip, en ég veit, að ég hef ekki byrjað með þessa hugmynd. En hitt er víst, að erfiðleikarnir í sumar og nú hafa komið mörgum mönnum af stað til að skrifa blaðagreinar og flytja till. hér á Alþ. um það mál og þetta hugtak, fljótandi síldarvinnslustöð. Ég kann ekki alveg að rekja það, hverjir hafa hreyft þessu fyrstir, en það fyrsta, sem ég man, er, að 4. þm. Reykv. (GÞG) flutti um þetta þáltill. og síðar flutti ég hér frv. Í öllum þessum till. og frv. var það hugmyndin að reyna að leysa þetta mál með fljótandi verksmiðju. Ég gerði það í rauninni að gefnu sérstöku tilefni með Hvalfjarðarsíldina. En eftir því, sem lagt hefur verið fram síðan, þá er t. d. sú hugmynd, sem ég var með, ekki aðgengileg frá ýmsum bæjardyrum skoðað. En nú hafa stjórnir síldarverksmiðja ríkisins og Reykjavíkurbæjar fallizt á að kaupa stærra skip, sem gæti haft vélar og geymslupláss um borð fyrir lýsi og mjöl. Vitanlega hefði verið hægt að koma vélunum fyrir í Lagarfossi, en þá hefði ekkert geymslupláss verið, svo að hann hefði orðið að vera tengdur við land. En þarna komu menn inn á aðra hugmynd, sem sérstaklega þótti glæsileg og mjög haldið fram, að verði ódýrari heldur en það, sem vakti fyrir okkur með að flytja frv. um Lagarfoss. Og svo er ekki hægt að ganga fram hjá því, þegar svona stór félagsskapur kom sér saman um þessa hugmynd og gat tryggt sér vélar Óskars Halldórssonar, sem þegar eru til í landinu, þá var það sýnilegt, að það hefði ekki verið rétt gert af mér né öðrum að tefja fyrir framgangi málsins með því að halda til streitu einhverju öðru, þó að við sjálfir höfum verið fyrri til að koma því á pappír. Það varð þess vegna mest að meta í mínum augum að ná skynsamlegri lausn á þessu máli og sérstaklega, að það gengi greiðlega með því að veita atbeina þessum félagsskap, sem stofnaður var eingöngu með þetta verkefni fyrir augum.

Ég held þá, að ég hafi leitazt við að gefa skýringar við því, sem alþm. hafa beðið um, og ég vona, að ég hafi leyst svo þolanlega úr þeim, að þeir fái við unað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans góðu svör í sambandi við fyrirspurn mína. Í fyrsta lagi upplýsti hann þetta lán, sem skiptist til þeirra aðila, sem þurfa að nota erlendan gjaldeyri til að auka framleiðsluna í landinu. Þegar sú yfirlýsing er fengin, þá er það rétt hjá hæstv. ráðh., að málið á heima í fjhn. og ekki annars staðar, enda breyta þessar upplýsingar mjög mikið minni afstöðu til málsins, eftir að ég heyrði, að síldarverksmiðjur ríkisins hefðu leyfi til að vera þátttakandi að ¼ hluta í þessu fyrirtæki. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. vísi til þeirrar heimildar, sem hún hefur í sambandi við byggingu síldarverksmiðju á landi, og þurfi því ekki að leita heimildar til þessa ákvæðis í l., þótt hún sé fljótandi. En hitt er annað atriði, hvort síldarverksmiðjur ríkisins þurfa ekki meira aðhald. Undanfarið hefur útkoman verið þannig, að það hefur verið millj. kr. tap. Og fyrir Alþ. liggja nú upplýsingar, að ríkissjóður hafi orðið að greiða halla af rekstrargjöldum og lagt sem beina skatta á þegnana vexti og afborganir af lánum. Þessar upphæðir nema á 6. millj. kr. s. l. ár. Þá spyr maður, hvort ekki sé ástæða til að gera verulega róttækar ráðstafanir til þess, að slík stjórn standi ekki ár eftir ár. Það er alvarlegt fyrir þingið, ef það á von á að þurfa að taka millj. kr. tap á slíkum rekstri á ári hverju.

Mér urðu það mikil vonbrigði, þegar ég heyrði það, að þessi félagsskapur, sem þó ríkissjóður á ¼ hluta í, hafi ákveðið að kaupa 47 ára gamalt skip til landsins, jafnvel þótt það sé ekki í öðru augnamiði en að setja í það verksmiðjuvélar. Ég vil í þessu sambandi benda á, að til þess þarf einmitt traust skip. Sannleikurinn er sá, að styrkleikinn þarf að vera meiri, ef standa á undir öllum þeim þunga og átökum, sem koma frá því og þeirri notkun, heldur en bara að sigla yfir hafið. Mér er ljóst, að til eru hvorki meira né minna en 3 slík skip með hagkvæmu verði í Ameríku af þessari stærð. Ég skil hins vegar hæstv. ráðh. og er ekki að ásaka hann fyrir það, að hann kastar frá sér ábyrgðinni. Í fyrsta lagi er ábyrgðin á verksmiðjustj. og þess utan þeim mönnum, sem er falið fullt umboð til að gera þetta. En að kaupa 47 ára gamalt skip, slíkt kemur þeim einhvern tíma í koll, ef þessi nauðsynlega viðleitni til að bjarga þessu máli skyldi verða fyrir óbætanlegu áfalli fyrir það glappaskot eitt. Ég hef heyrt tvær meginástæður, sem réttlæta það, að skipið sé keypt. Önnur er, að það er gamalt og uppbyggt árið 1943. Ég vil í þessu sambandi benda á, að það komu mörg tilboð um nýbyggð skip, sem byggð voru 1943 fyrir bandaríska flotann, og leit út fyrir, að þau væru heppileg til þessarar starfrækslu. En hin ástæðan er hin fáránlegasta, að það er sett innan gæsalappa, að þetta sé svo prýðilegt skip, byggt sem vatnaskip og hafi ekki komið í saltan sjó. Okkur, sem þekkjum til þeirra hluta, er vel kunnugt um, að vatnaskip eru síður en svo, að þau séu sterkbyggð, svo að sú ástæða sannfærir mig ekki.

Ég mun fylgja frv. eftir þessar upplýsingar, sem ég hefði ekki hugsað mér að gera, ef allt hefði verið gert fyrir ríkisins kostnað.

Ég held, að hæstv. ráðh. hafi misskilið mínar athugasemdir um frv. á þskj. 239. Ég aðeins spurði, hvort um sömu vélar væri að ræða. Ég vil benda á, ef hér er um að ræða allar þær vélar frá Óskari Halldórssyni, þá er ekki að ræða um nema 5—7 þús. mála vélar í staðinn fyrir 10 þús. En mér dettur ekki í hug að ásaka neinn ráðh. fyrir að fara eftir leiðbeiningum slíkra manna eins og Jóns Gunnarssonar. Ég mun því, eftir að hafa gert þannig grein fyrir mínu máli, fylgja frv. í gegnum deildina.

Brynjólfur Bjarnason: Ég þakka hæstv. ráðh. þau góðu svör, sem hann gaf, hvað snertir tvær fsp. þá svaraði hann því, að lántakan stæði ekki í sambandi við Marshall-áætlunina. Ríkisstj. hefur hugsað sér þessa lántöku með venjulegum skilyrðum. Ég lít þannig á þetta svar sem ríkisstj. hér sé þeirrar skoðunar, að þetta frv. heimili aðeins lántöku með venjulegum lánsskilyrðum. Það er nauðsynlegt, að það sé ljóst, að þetta sé skilningur ríkisstj., og ef því verður ekki mótmælt, þá er ekki þörf á því að taka frekara fram um þetta atriði í frv., sem annars hefði verið nauðsynlegt að *mínum dómi*.

Páll Zóphóníasson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við mínum spurningum. En ég vildi mælast til þess við þá, sem að þessu máli standa, að þeir athugi, hvort ekki er ástæða til þess að hafa skipið þannig, að búast megi við sæmilegum afköstum af því. Enn fremur bið ég n. að athuga, hvort ekki er rétt að hafa lántökuna hærri en þá, sem hæstv. ráðh. upplýsti, fyrst ríkisstj. fær lán í Englandi fyrir þessa tvo flóabáta, og hvort það er þá ekki eins gott að hafa það stærra heldur en að vera með mörg smá lán. — Ég bið n. að athuga þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 489, n. 538).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, voru allir nm. sammála um að mæla með frv. eins og það liggur fyrir. Þó hefur einn nm., hv. 4. landsk., skrifað undir það með fyrirvara, sem mun ganga í þá átt, að hann mæli með því, að heimild verði gefin til þessarar lántöku með tilliti til þess, að fyrir lá við fyrstu umr. yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. um það, að lánið yrði tekið með venjulegum skilyrðum um afborganir og vexti, sem liggur eiginlega í lántökuheimildinni sjálfri, því að ef lántökuskilyrðin væru óvenjuleg, yrði heimildin að vera í samræmi við það. Annars þarf ekki að geta í sambandi við þetta mál, nema hæstv. fjmrh. mun koma fram með þá brtt., að aftan við 1. gr. bætist „og fleira". Ég hef ekki fengið tækifæri til að ræða þessa breyt. við meðnm. mína, hvort þeir eru henni meðmæltir. Ég get því ekki talað fyrir þeirra hönd í þessu sambandi, þeir segja til, ef þeir vilja, að málið komi aftur til n. vegna þess arna. En ég fyrir mitt leyti fellst á þessa breytingu, enda er mér kunnugt um, að það getur verið óheppilegt að binda svona lánsheimild við eitt atriði, ríkskorða heimildina eins og gert er í 1. gr., því að í framkvæmdinni gæti fleira komið til mála en tæki til síldarvinnslu einvörðungu, þannig að ég get vel skilið þetta sjónarmið. Ég mæli því með þessari breyt., sem hæstv. fjmrh. hefur boðað, og mælist til þess við meðnm. mína, að þeir krefjist ekki nefndarfundar um þetta atriði.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að taka fleira fram á þessu stigi málsins, en mæli með því, að frv. verði samþ.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls og víkja að því, sem hv. frsm. gerði nokkuð að umtalsefni, sem sé að mér finnst eftir atvikum, að þetta fé, ef það fæst, sé svo ríkskorðað við þau tæki, sem nefnd eru í frv., að óheimilt megi teljast að verja því til nokkurs annars. Fjárhagsráð eða aðrir, sem ráðstafa gjaldeyri, mundu ekki að lögunum óbreyttum telja sig hafa leyfi til að verja þótt ekki væri nema litlum hluta af fénu til annarra framkvæmda. Það er þó margt, sem knýr á og krefst gjaldeyris, eins og öllum er kunnugt, og verður að aka nokkuð seglum eftir vindi með þau tæki. Það er því ekki heppilegt, að með lögunum sé alveg loku fyrir það skotið, að gjaldeyrisyfirvöldin geti varið nokkru til annarra framkvæmda, þó að fénu verði vitaskuld aðallega varið til síldarvinnslutækja, en með því að bæta við orðunum „og fleira" er opnuð leið til lítils háttar fyrirgreiðslu á öðrum sviðum, ef fé er fyrir hendi. Ég vil því bera fram hér skrifl. brtt. um, að þessum orðum verði bætt aftan við 1. gr., og breytist fyrirsögn frv. þá samkv. því, og leyfi ég mér síðan að afhenda hæstv. forseta þessa till.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt hér skrifleg brtt. frá hæstv. fjmrh., við 1. gr., að á eftir orðunum „tækjum til síldarvinnslu" komi: og fleira. — Enn fremur að við fyrirsögn frv. bætist: o. fl. Leyfi ég mér þá að leita afbrigða fyrir þessari brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 575) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Mig langar til að minnast örfáum orðum á eitt atriði, sem að vísu er ekki í beinu sambandi við sjálfa lántökuna, heldur þá framkvæmd, sem á að verja fénu í, það er byggingu síldarverksmiðju við Faxaflóa. Hæstv. fjmrh. upplýsti við 1. umr. þessa máls, að myndað hefði verið hlutafélag til að koma upp þessari verksmiðju, síldarverksmiðjur ríkisins legðu fram einn fjórða af hlutafénu, Reykjavíkurbær einn fjórða, Óskar Halldórsson einn fjórða, og félag, sem útgerðarmenn hefðu stofnað, einn fjórða hluta. Mér er tjáð, að þátttaka þessara útgerðarmanna í félagsstofnuninni (að vísu er þetta ekki nema lítill hluti allra útgerðarmanna) sé bundin því skilyrði, að veiðiskip þeirra hafi forgang um löndun hjá þessari verksmiðju. Nú er það kunnugt, að vegna þess, hve síldveiðarnar brugðust s. l. sumar, er talsverður hluti síldarútvegsmanna svo aðþrengdur fjárhagslega, að þessir menn eiga þess ekki kost að leggja fram fé í þessa verksmiðju og missa þá jafnframt forgangsrétt um löndun. Hins vegar er það gefið, að einmitt vegna fjárhagsörðugleikanna, sem gerðar hafa verið sérstakar ráðstafanir út af hér á Alþ., að þá er þessum mönnum alveg sér-

stök þörf á að nota síldarverksmiðjuna hér við Faxaflóa við ekki lakari skilyrði en aðrir útgerðarmenn. Ef hins vegar töluverður hluti útgerðarmanna nyti forréttinda og forgangs um notkun verksmiðjunnar, þá yrðu hinir, sem geta nú ekki lagt fram hlutaféð á móti forréttindunum, miklu lakar settir, og margir þeirra gætu ekki stundað þessar veiðar vegna lakari aðstöðu en hinir. Nú er það hins vegar venja hjá SR, sem eru hér aðili að einum fjórða hluta, að ráða til sín samningsbundin skip á síldarvertíðum, og þessi skip hafa hingað til verið öll jafnrétthá. Ég álít, að því prinsipi eigi að framfylgja eins við þessa verksmiðju, og það því fremur sem nú kemur í ljós, að til þess að verksmiðjan verði reist, þarf ekki aðeins þessa þátttöku síldarverksmiðjanna, heldur einnig aðstoð ríkisvaldsins sjálfs, þ. e. a. s. að ríkið þarf að taka það gjaldeyrislán, sem talað er um að taka þurfi til að kaupa þessar vélar, og það er fyrst og fremst fyrir forgöngu ríkisvaldsins, að þessi verksmiðja verður reist.

Ég vil því beina þeirri ósk til hæstv. sjútvmrh., sem er flytjandi þessa máls, að sú aðstoð, sem veitt er af hálfu ríkisvaldsins, og sú þátttaka síldarverksmiðja ríkisins, sem fyrirhuguð er til framgangs þessu máli, verði notuð til þess, að öllum útgerðarmönnum, sem síldveiði stunda, verði veittur jafn réttur, eins og gert er við síldarverksmiðjur ríkisins, til að koma þangað þeirri síld, sem þeir veiða á hverjum tíma, en enginn hafi þar forgangsrétt til löndunar og þar með sérstaka aðstöðu fram yfir aðra útgerðarmenn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessar aths., sem hv. 6. landsk. kom hér með, eru þess eðlis, að það er ekki nema eðlilegt, að slíkar raddir komi fram. Nú er það þannig, að ég á það enn undir þinginu að fá heimild til þessarar þátttöku ríkissjóðs, en ég hef gefið kost á því að leyfa síldarverksmiðjum ríkisins þátttöku að ¼ hluta og að leggja fram 1250 þús. kr. sem hlutafé í Hæring til kaupverðs og rekstrar síldarbræðsluskips, að fengnu samþykki Alþingis. Hv. þm. minntist á þessi tengsl, sem hér eiga að verða milli útgerðarmanna, Reykjavíkurbæjar og ríkisins um sérstaka aðferð til að koma upp síldarverksmiðju á þann veg, að hægt verði að nota þá verksmiðju bæði á sumar- og vetrarvertíð. Satt að segja varð ég feginn, þegar það kom í ljós, að útgerðarmenn vildu leggja fram fé til að koma þessari verksmiðju upp, þar sem þeir lögðu fram fúsir og frjálsir þetta hlutafé. En það er alveg rétt, að innan takmarka þessa félagsskapar er það skilyrði sett, að þeir skuli ganga fyrir með löndun hér syðra. Ég setti aftur á móti það skilyrði fyrir, að síldarbræðslur ríkisins yrðu þátttakendur, að síldarverksmiðjurnar eigi þess kost að fá skipið á leigu til Norðausturlands á sumarvertíð og að allir hafi þar jafna aðstöðu til afgreiðslu, hvort sem þeir eru hluthafar eða ekki.

Það er ekki nema eðlilegt, að sumir líti svo á, að það sé óviðunandi lausn á málinu, að þeir, sem hlut eiga í þessari verksmiðju, skuli hafa þar forgangsrétt, en þó verður það ekki kallað óeðlilegt, að þeir, sem leggja fé fram frá bátum sínum í þetta fyrirtæki, njóti þess á einhvern hátt. Hinir bátarnir njóta þess einnig óbeint á þann hátt, að með því er greitt fyrir því, að þeir fái frekar aðgang að þeim verksmiðjum, sem í landi eru, og þar er fyrirhuguð geipimikil aukning, og þar þykist ég sjá hilla undir hagræði fyrir okkur hina, sem ekki treystum okkur til að verða hluthafar í þessari nýju verksmiðju. Ég skal eftir megni vinna að því, meðan mín nýtur við, að þessi félagsskapur verði öllum að sem mestu hagræði, en ég hef ekkert vald til að lofa að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu gjaldeyrisleyfisins, því að það er ekki innan míns verkahrings. Ég skil hins vegar röksemdir hv. þm. og þykist vita, að hann muni líka meta þær röksemdir, sem eru hliðstæðar þeim, og að við séum báðir sammála um það, að hvað sem öðru líður, sé aukning síldarverksmiðjanna mikið framfaraatriði bæði fyrir væntanlega síldarvertíð hér sunnanlands og eins norðanlands. Þetta vil ég segja, hvað þetta mál snertir, og vona, að hv. 6. landsk. þm. fallist á skoðun mína.

Þá vil ég út frá því, sem hann sagði áður, víkja að þeirri skrifl. brtt., sem ég flutti, og þeim orðum, sem ég lét falla um, að fjárhagsráð hefði dálítið lausari hendur en nú er, eins og frv. horfir nú við. Ég vil taka það fram, að þetta fé átti ekki að verða eyðslueyrir fyrir nauðsynjavörur eða því um líkt, heldur eingöngu greiðast fyrir innflutning á „kapitalvörum", en svo hafa verið nefndar vörur og tæki, sem farið hafa til að efla atvinnu, samgöngur og því um líkt. M. ö. o. þetta fé mætti að einhverju leyti nota í líku skyni eftir mati fjárhagsráðs og annarra innflutningsyfirvalda. Þetta vildi ég segja til skýringar og glöggvunar á því, að hverju brtt. stefnir.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. staðfesti það, sem ég hafði áður heyrt um þetta fyrirkomulag á félaginu, að þessi þátttaka útgerðarmanna eða hluta þeirra í fjárframlögunum sé bundin við þennan forgangsrétt. Hins vegar upplýsti hæstv. ráðh. einnig, þegar tekin var ákvörðun um, að síldarverksmiðjur ríkisins yrðu með, að þá hefði hann áskilið sér að fá að nota þetta væntanlega skip á sumarvertíðinni fyrir norðan land og þá mundi vera jafn aðgangur fyrir öll samningsbundin skip að verksmiðjunni, eins og verið hefur við allar verksmiðjur og væntanlega verður. Það er að vísu gott, það sem það nær, en hins vegar er það staðreynd, að þetta skiptir miklu minna máli á sumarvertíðinni fyrir norðan og austan en á vetrarvertíðinni fyrir sunnan, því að fyrir norðan er það mikill verksmiðjukostur, að verulegur fjöldi skipa á þess kost að fá afgreiðslu við aðrar verksmiðjur en þetta væntanlega skip, þannig að þótt ég telji það sjálfsagðan hlut, að þannig sé þessu hagað á sumarvertíðinni, þá skiptir það ekki eins miklu máli og að vetri til hér fyrir sunnan, vegna þess að hér er verksmiðjukostur í landi svo miklu minni. Ég geri því ráð fyrir, að þótt það tækist, sem er ekki víst, að koma þessari verksmiðju upp fyrir næsta haust, að ef álíka síldveiði verður í Faxaflóa og var í haust

og vetur, þá geri þessi verksmiðja ekki betur en anna viðskiptum við þá eina, sem verða hlut-hafar í verksmiðjunni, en það mundi sýna, að önnur skip mundu ekki fá aðra afgreiðslu en hjá hinum tiltölulega smáu verksmiðjum, sem til eru nú við Faxaflóa, og mundi það að öllum líkum verða til þess, að a. m. k. einhver hluti af þeim skipum, sem annars stunda síldveiðar, sæju þess engan kost að gera það, því að þau sætu svo gersamlega á hakanum með löndun, og þá yrði þetta til að hindra, að hægt væri að nota þann skipastól til síldveiða, sem annars er fyrir hendi. Mundi það, auk þess sem það kæmi hart niður á þeim, sem þar ættu hlut að máli, en það eru fyrst og fremst þeir, sem hafa við mesta fjárhagsörðugleika að stríða vegna undanfarandi síldarvertíðar, draga úr þeirri gjaldeyrisöflun, sem annars gæti af þessu orðið, ef einhver hluti skipanna yrði að hætta við að stunda síldveiðar af þessum sökum.

Ég skil vel, að hæstv. ráðh. treysti sér ekki til að gefa loforð um að binda notkun þess fjár, sem hér er farið fram á að taka að láni, því skilyrði, sem ég var að tala um, og ég mun þess vegna ekki heldur gera tilraun til að flytja brtt. við þetta frv., því að það félli ekki saman við efni þess. Hins vegar hefur hæstv. ráðh., eins og hann minntist áður á, leitað eftir samþ. þingsins eða heimild þingsins fyrir þeirri þátttöku ríkisverksmiðjanna, sem fyrirhuguð er, og mundi þá vera tækifæri til að ræða þetta mál nánar og gera till. um það.

ATKVGR.
Brtt. 575,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 575,2 (við fyrirsögn bætist: o. fl.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 576).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi í sambandi við þetta frv. segja það, að það mætti ekki minna vera en að hæstv. ríkisstj. yrði viðstödd, er umr. fara fram um þetta mál. Ég hefði óskað þess, að hæstv. fjmrh. yrði hér viðstaddur, *því að ég mun þurfa að spyrja hann nokkurra spurninga í sambandi við þetta mál.* Ég mælist eindregið til þess, að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess, að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur umræðuna.

Forseti (BG): Fundi er frestað í 3—4 mínútur. — [Fundarhlé.]

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Af því að þetta mál mun fara til n., sem ég á sæti í, vil ég beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það, hvort þetta lán, sem hér er um að ræða og mun vera upp á 2 millj. dollara eða um 15 millj. ísl. kr., muni ekki, að áliti hæstv. ríkisstj., einungis verða *tekið með venjulegum verzlunar*legum skilmálum, sem almennt tíðkast að taka lán með, sem sé að það séu aðeins hin venjulegu skilyrði um vexti, afborganir og tryggingar, sem muni verða um að ræða í sambandi við töku slíks láns. Ég álít, að það þurfi að fá þetta fram, vegna þess að um ýmis þau lán, sem tekin eru í Bandaríkjunum, þar sem meiningin er að taka þetta lán, eru gerðir ýmsir pólitískir samningar eða lánin eru veitt með sérstökum fjármálalegum skilyrðum. Og ég vildi þess vegna mega vænta þess, að hæstv. fjmrh. lýsi yfir hér, að það væri ekki meiningin í sambandi við þetta lán að fara inn á slíka samninga, heldur væri hér aðeins um lán að ræða, sem tekið væri með venjulegum verzlunarlegum skilyrðum um vexti, afborganir og tryggingar, og ekkert annað. Ég ber þessa fyrirspurn fram vegna þess, að ég á sæti í þeirri n., sem þessu frv. mun verða vísað til til athugunar. Og afstaða mín til málsins mun velta á því, hvaða svör ég fæ hjá hæstv. fjmrh. í þessu efni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. *Svipuð eða sams konar fyrirspurn og hv.* 2. þm. Reykv. bar hér fram nú var borin fram til mín af einum hv. flokksbróður hans í Ed. varðandi þetta mál. — Lánsáform þetta er komið til vegna þess, að dollaraskortur er nú svo mikill hér, að sýnt þótti, að ekki yrði hægt í tæka tíð að efna til þeirra kaupa á vélum og tækjum til síldarvinnslu, sem til stendur að kaupa, nema einhverjar sérstakar ráðstafanir væru gerðar til þess að afla gjaldeyris utan þess eðlilega ramma, þ. e. a. s. annars gjaldeyris en þess, sem til fellur við afurðasölu okkar, og þá með láni.

Varðandi eftirgrennslan þm. get ég sagt, að eftir þessu láni er ekki leitað á neinum nýjum eða áður ókunnum grundvelli, heldur aðeins farið fram á lánveitingu eins og gerist og gengur, þegar beðið er um lán, og geri ég ekki ráð fyrir, að um neina skilmála verði að ræða — ef þetta lán fæst á annað borð — aðra en tryggingu og afborganir og vexti. Þetta yrði ekki nein óvenjuleg lántaka, heldur blátt áfram eins og áður hefur verið, þegar við höfum neyðzt til þess að leita út fyrir landið um lán.

Einar Olgeirsson: Ég vil þakka fjmrh. fyrir þessar upplýsingar. Ég skil hann svo, að ríkisstj. muni samkv. þessari heimild alls ekki taka lán með öðrum en þeim venjulegu skilmálum, sem hann talaði um, enda skil ég þessi lög svo, að slíkt muni ekki heimilt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 576, n. 643).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál var í athugun hjá fjhn., en ekki hefur verið útbýtt neinu nál., en ég get lýst því, að n. var sammála um að samþ. frv. óbreytt. Hv. 2. þm. Reykv. hefur þó fyrirvara um afstöðu sína, eins og fram kom við 1. umr. Hann fylgir málinu, þar sem hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir því, að hér verði aðeins um venjulega lántöku að ræða án sérstakra skilyrða annarra en vaxta og afborgana. Ég held, að það hafi einungis verið þetta, sem vakti fyrir hv. 2. þm. Reykv., og kannast hv. þm. við þetta frá 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og hv. 7. þm. Reykv., frsm. fjhn., hefur skýrt frá, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, er hann greindi rétt frá, og byggist fyrirvarinn á því, að tryggt skyldi vera, að þetta lán væri einungis venjulegt verzlunarlán án sérstakra skilyrða, enda hefur hæstv. fjmrh. staðfest, að svo muni verða. Það, sem veldur því, að ég legg áherzlu á þetta atriði, er það, að því hefur verið lýst yfir af hæstv. ríkisstj., seinast nú í útvarpsumr., að hæstv. ríkisstj. væri því mjög hlynnt, að Ísland tæki þátt í hinni svonefndu Marshall-hjálp, og heyrði ég ekki betur en hæstv. utanrrh. lýsti því í umr. áðan, að hér yrði sá gjaldeyrisskortur, sem gæti valdið því, að Ísland tæki lán samkvæmt Marshall-áætluninni. Síðan gat hæstv. ráðh. um valútuskort og lét í ljós, að það yrði að taka dollaralán samkvæmt Marshall-áætluninni. Hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir fyrir klukkustund síðan, að ekkert væri í frv. um Marshall-aðstoðina, sem gerði neinar kvaðir varðandi efnahagssjálfstæði nokkurrar þjóðar. Ég veit nú ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur kynnt sér það lagafrv. Ég hef þetta frv. hér fyrir framan mig, og ég held, eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið hér í þinginu, að menn muni hafa tilhneigingu til þess að fá Marshall-frv. rætt nánar hér á Alþ. Það hlýtur og að vera svo, ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki kynnt sér þetta frv., þá munu þm. ekki hafa getað myndað sér ákveðna skoðun á þessu frv. til l., sem liggur fyrir Bandaríkjaþingi. Er því eðlilegt, að þm. athugi, hvað í þessu frv. felst. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að ekki sé hægt að heimila lántöku neinu landi, nema viðkomandi land fullnægi ákveðnum skilyrðum, sem gerð er grein fyrir í frv. Ég hef hér fyrir framan mig frv. þetta, sem heitir: European Recovery Program. Það er lagafrv. eins og það liggur fyrir Bandaríkjaþingi, ásamt fylgiskjölum. Í fylgiskjölunum er t. d. gert ráð fyrir því, hve mikið einstök lönd þurfa af vörum. Ég skal ekki fara út í að ræða það, en í sjálfum l., í 10. gr. frv., eru ýmsir liðir, sem skuldbinda öll lönd, sem taka þessi lán, og í 6. undirlið eru ákvæði um lán með sérstökum samningum við Bandaríkjastjórn. Þar er sérstaklega ákveðið og áskilið, hve mikla fúlgu í innlendum gjaldeyri verði að taka frá, sem megi ekki ráðstafa, fyrr en umboðsmaður Bandaríkjastjórnar hefði þá gefið leyfi sitt til þess. Þessu má sem sagt ekki ráðstafa, nema hinn bandaríski fjárhaldsmaður segi til. Hvað þýðir svo þetta? Þetta þýðir viðtæka íblöndun í innanríkismál viðkomandi þjóðar. Ég vildi ræða þetta hér vegna þess og til þess að undirstrika afstöðu mína í þessu máli, þótt hæstv. ríkisstj. sé nú gefin heimild til þess að taka almennt verzlunarlán, en ekki lán samkvæmt Marshall-áætluninni. Hins vegar hafa margar þjóðir orðið þess varar, að Bandaríkin hafa meinað þeim um dollaralán nema samkvæmt Marshall-ákvæðunum.

Mér þykir vænt um, að hæstv. fjmrh. og hv. fjhn. eru sammála um það, að þetta frv., ef að l. verður, veiti aðeins verzlunarlán án nokkurra annarra skilyrða en felast í slíkum lánum. Hins vegar vil ég ekki tefja málið, en er reiðubúinn að ræða Marshall-áætlunina hvenær sem er, ef það kynni að verða vefengt, sem ég sagði, að felist í frv. um Marshall-lögin.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 655).

25. Fiskmat o. fl.

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski (stjfrv., A. 451).

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. L. um fiskimat frá 1931, sem eru í höfuðatriðum miðuð við saltfisksverkun, hafa ekki verið tekin til endurskoðunar nú á síðasta stríðstímabili, þó að fiskverkun hafi mjög breytzt á þessu tímabili. L. þessum var breytt og við þau aukið 1936. 1935 var sett löggjöf um fiskimatsstjóra.

Síðan þessum málum var skipað þannig, hefur skapazt alveg ný grein fiskverkunar, þar sem freðfisksverkunin er. Að vísu hefur mat á freðfiski verið framkvæmt af yfirstjórn og undirmönnum, en þó hafa engin l. verið um það mat sett, þó að það sé nú einna kostnaðarmesta matsstarf í landinu.

Þráfaldlega hefur verið um það rætt manna meðal, að nauðsynlegt væri að setja nýja löggjöf í þessu efni, en þó hefur það ávallt dregizt á langinn. Hins vegar hafa verið teknar í fjárl. upphæðir t. d. vegna freðfisksmats og líka vegna saltfisksmats, og yfir höfuð hefur allt „apparatið“ verið þarna í gangi, meira og minna verklítið á sumum sviðum, hvað saltfisksmatið áhrærir. Nú hafa þeir menn að vísu líka haft eftirlit með ísfiskinum, svo að þar hefur líka komið starf í staðinn fyrir það minnkandi starf við saltfisksmatið.

Það verður auðvitað að sjá fyrir því í framtíðinni, að til séu hæfir matsmenn á hverju sviði, en þó er rétt, að það sé haft í huga, að sameina má ýmis af þessum störfum meira en verið hefur hingað til, og við þá sameiningu virðist mega spara ríkissjóði þó nokkra upphæð, án þess að matsframkvæmdin þurfi að bíða af því nokkurt tjón. Með þetta fyrir augum skipaði ríkisstj. 4. des. sérstaka n. manna til þess að endurskoða og sameina l. og reglugerðir um mat á fiski í samræmi við þær þarfir, sem nú eru fyrir hendi. Í n. voru skipaðir Þorvarður K. Þorsteinsson stjórnarráðsfulltrúi, form., Sveinn Árnason fiskimatsstjóri, Bergsteinn Á. Bergsteinsson freðfisksmatsstjóri, Jón Auðunn Jónsson fyrrv. alþm., tilnefndur af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, og Björn G. Björnsson forstjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það þótti rétt, að sjónarmið þessara stofnana beggja kæmu fram við samningu þessara l. Enn fremur var Gísli Þorkelsson, deildarstjóri iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans, skipaður í n. 17. des. með öðrum þeim, sem fyrr voru taldir, og þeim til aðstoðar. Skyldi n. þá jafnframt athuga möguleika á að sameina mat á öllum sjávarafurðum undir eina stjórn.

N. hélt marga fundi um málið og talaði yfir höfuð við alla þá aðila, sem sjálfsagt var að kveðja til ráðuneytis um þessi mál, sérstaklega þá, sem áður höfðu séð um mat á sjávarafurðum. Það þótti ekki henta að sameina matið á öllum sjávarafurðum undir eina stjórn. Hins vegar mætti vel vera, að það þætti viðeigandi og hentugt síðar meir, en að þessu sinni steig n. ekki þetta spor. Hún hefur samt sem áður látið í ljós, að hún telji, að í framtíðinni beri að stefna að því að sameina allt mat á sjávarafurðum undir eina stjórn. Ef svo væri, þá yrði sennilega yfirstjórn þessara mála að vera undir iðnaðardeildinni, en það, sem liggur fyrir hér að þessu sinni, er ekki það.

Að sjálfsögðu deilist fiskimat nú í mat á saltfiski, mat á ísvörðum fiski, mat á freðfiski og mat á skreið, og það er þessi greining, sem höfð er fyrir augum í þessu frv.

Í aths. við lagafrv. þetta segir n. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin er aftur á móti á einu máli um það, að rétt sé að sameina mat á öllum fiski, þ. e. saltfiski, ísvörðum fiski, freðfiski og harðfiski, undir eina stjórn og fela sama yfirfiskmatsmanni yfirmat og eftirlit með mati á öllum fiski. Mundi sameining núverandi saltfisk- og ísfiskmats, skreiðarmats og freðfiskmats hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir hið opinbera, sem má áætla, borið saman við útgjöld við fiskmatið árið 1947, um 165 000.00 kr. á ári. Telur nefndin, að af þessari sameiningu matsins þurfi ekki að leiða lakara eftirlit með framleiðslunni eða lakari vöruvöndun, en forðast ber allt, sem gæti leitt til þess, að íslenzki fiskurinn missti það álit, sem hann hefur unnið sér á erlendum mörkuðum. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að tekin verði upp sú skipan á stjórn og framkvæmd fiskmatsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi“.

Þá er lagt til, að nokkur breyt. verði gerð á umdæmunum, þannig að þau verði ekki bundin við ákveðin takmörk. Reykjavíkurumdæmið nær nú t. d. frá Þjórsá til Öndverðaness. Í þessu frv. eru umdæmin ekki bundin við föst takmörk. Þykir hentugra að hafa takmörkin ekki föst, svo að hægt sé að færa til umdæmaskilin, ef störf hlaðast mjög á eitt umdæmi.

Enn er það, sem n. hefur tekið upp í sambandi við samningu þessa frv., en það er að tala ekki um fiskimat, heldur fiskmat. Orðið fiskmat er myndað hliðstætt og fiskveiðar, fiskverkun o. s. frv. Virðist réttara að kenna matið við fisk, en ekki fiski, sem þýðir afli eða veiði, eins og kunnugt er.

N. bendir á það, að í upphafi 12. gr. segi, að einn fiskmatsmaður skuli vera við hverja fiskverkunar- eða vinnslustöð og eigi þetta einkum við um hraðfrystihúsin og aðrar skyldar framleiðslustöðvar, en auk þess sé gert ráð fyrir, að á hverjum útflutningsstað fyrir nýjan fisk, saltfisk eða harðfisk séu eins margir fiskmatsmenn fyrir þessar tegundir og þörf er á.

Sveinn Árnason fiskimatsstjóri hefur gert sérstaka aths. við 15. gr., eins og aths. frv. bera með sér. Er það til athugunar fyrir þá n., sem þetta mál fær til meðferðar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að fylgja þessu frv. úr hlaði með öllu lengri formála. Ég vil þó geta þess, að fyrir utan þessa ágætu menn, sem unnu að samningu frv., og þeirra hjálparmenn og þá, er þeir kvöddu sér til ráðuneytis, þá var málið að lokum, áður en það var flutt, borið undir Fiskifélag Ísland, sem hefur þráfaldlega gert samþ. um það að breyta fiskimatsl. og færa þau í réttara horf og samræma þau meira þörfinni en gert hefur verið. Er umsögn Fiskifélagsins prentuð hér með aths. frv., og er hún á þann veg, að Fiskifélagið er sammála um, að frv. gangi í rétta átt, því að það hefur lengi þótt hlálegt og er auðvitað afleitt að hafa stórar greinar fiskmatsins algerlega ólögákveðnar, eins og nú er með freðfiskmatið.

Af því að hér er um sameiningu að ræða, sem að beztu manna yfirsýn er talið hentugt og er álitið spara ríkissjóði talsvert fé, þá þætti mér gott, ef Alþingi, og þá í fyrsta lagi þessi d., gæti unnið svo að þessu máli, að það gæti náð lögfestingu, áður en þingi lýkur, en vitaskuld er það á valdi Alþingis að gera það, en ég tel mér skylt að bera hér fram þessa ósk, og þá ekki síður sem fjmrh., vegna þess, að eins og ég hef bent á og frv. ber með sér, er hér um verulegan sparnað á útgjöldum ríkisins, hvað þetta mál snertir, að ræða. Það sýnir sig alltaf og ekki síst við samningu fjárl., að það er erfitt að koma

fram sparnaði á ýmsum gr. án breyt. á löggjöf, og oft torveldast sparnaðurinn vegna þess, að menn telja, að ekki sé hentugt að bera fram breyt. á löggjöfinni.

Því hefur verið lýst yfir af hinum kunnustu og fróðustu mönnum á sviði fiskmatsins, að fullt öryggi haldist á matinu með þeim ráðstöfunum, sem hér er lagt til að gera, og með því er sameinað í kerfi það, sem áður hefur leikið á lausu og alveg ótilhlýðilega lengi hefur verið rekið með launuðum embættum, án þess að nokkur löggjöf hafi verið um það sett, og á ég þar við fræðfiskmatið. — Allt þetta gefur mér vonir um, að hv. dm. muni taka vel þessari ráðabreytni um sameiningu matsins á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að ég hafði áður lýst yfir því í d., að ríkisstj. sýni þ. oft lítilsvirðingu með því að mæta ekki við 1. umr. í málum, sem hún á að tala fyrir, vil ég því þakka hæstv. fjmrh. fyrir að mæta hér núna — og vona, að þetta boði stefnubreytingu, hvað þetta snertir. — Það er hér talað um sparnað í sambandi við framkvæmd þessa máls, sem á að nást með því að leggja niður ýmsar stöður, sem áður hafa verið launaðar úr ríkissjóði. Mig langar því að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj. — ekki aðeins í sambandi við þetta frv., heldur af því að ég get búizt við því, að ýmislegt svipað komi upp á teningnum í þessum efnum, ef á að fara að draga úr útþenslu á launakerfi opinberra embættismanna, sem sé, hvað verði um þessa menn og hver eru réttindi þeirra, sem þannig verða sviptir störfum. Er það víst, að þeir eigi ekki kröfu á launum, þegar stöður þeirra eru lagðar niður? Þetta atriði er mér ekki ljóst, og vildi ég því heyra úrskurð hæstv. ríkisstj. um það.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég ætla, þó að mér þyki hólið gott hjá hv. 1. þm. N-M., að það þurfi ekki að brennimerkja núverandi ríkisstj. sérstaklega fyrir það, að hún mæti hér ekki og tali ekki fyrir sínu máli. Hafi það átt sér stað hjá mér, sem nú er ráðh., þá mun það hafa brunnið við áður, ef ekki er um stórmál að ræða. Það geta verið ýmis atvik að því, að ráðh. séu ekki viðlátnir, þegar mál, sem þá snertir, eru tekin til 1. umr., þó að ég sé ekki að lofa þetta. Ég tel sjálfsagt, svo framarlega sem hægt er að koma því við, að ráðh. tali fyrir sínu máli, eftir því sem þurfa þykir.

Hv. 1. þm. N-M. bar upp eins konar fyrirspurn, sem ég skal ekki fullyrða um, að ég kunni úr að leysa, svo að honum þyki viðunandi, en ég held nú, að þeir starfsmenn, sem hér um ræðir, heyri ekki undir það, sem kallað er embættismenn, þeir eru starfsmenn ríkisins, og stundum hef ég a. m. k. heyrt það greint nokkuð sundur. Það er ekki gert ráð fyrir öðru í þessu frv. en því að fækka mönnum á þessu sviði, en væntanlega þurfum við fiskmatsstjóra og fræðfiskmatsstjóra fyrir utan yfirfiskmatsmenn, bæði hvað saltfisk og fræðfisk snertir. Hvort þetta verða sömu mennirnir, skal ég ekkert um segja. T. d. hvað fiskmatsstjóra áhrærir, þá er hann orðinn hniginn að árum, þó að ég viti ekki, hvort hann er kominn fram yfir eða fram að þeim tíma, sem kallað er aldurshámark. En á hinn bóginn væri það ákaflega einkennilegt, ef ekki mætti breyta starfskerfi ríkisins, án þess að séð væri fyrir því, ef einhver losnaði úr starfi við þá breyt., að hann fengi annað starf. Ég býst ekki við, að það hafi verið nein föst regla, þó að leitazt hafi verið við að gera mönnum slíkar breyt. ekki þungbærari heldur en þær þurfa að vera, og ef svo ber undir, sé rétt að hnika því þannig til, að menn þurfi sem minnst að lenda á hrakhólum vegna slíkra breyt. Ég hef ekki sérstaklega látið fara fram neina lögfræðilega athugun á því, sem hv. þm. spurði um, en það eru mörg fordæmi að því, að breytt hafi verið til með löggjöf á einhverju sviði ríkisstarfseminnar, og svo mun verða framvegis, enda nauðsynlegt að samræma löggjöf um starfskerfi og þjónustu sem mest því, sem lif landsfólksins og atvinna þess í hvert sinn gerir kröfur til. Þetta er og verður alltaf sterkustu rök og höfuðsjónarmið, sem hafa verður fyrir augum. Að því er snertir eina grein starfsmannanna, þ. e. a. s. fræðfiskmatsmennina, þá eru þeir ekki skipaðir samkvæmt neinum l. — Ég vil bara benda á þetta, af því að þetta er staðreynd, en ekki af því, að ég líti á þessa menn sem hafandi minni siðferðislegan rétt til þess að sitja í sínum stöðum heldur en þá, sem skipaðir eru samkvæmt l. Menn, sem hafa þegar árum saman unnið dyggilega í starfinu, hafa í mínum augum svipaðan siðferðislegan rétt eins og þó að þeir væru settir til þess með sérstökum l., en það breytir ekki lagastafnum. Ég skal ekki fjölyrða um þessi atriði meira. Breyt. á kerfinu framkallar vitaskuld fækkun starfsmanna, um leið og hún býður upp á sparnað. Og ef menn þess vegna vilja sparnað í þessum efnum, þá er ekki hægt að komast áfram með það, nema fallizt sé á þá fækkun starfsmanna innan kerfisins, sem hér er gert ráð fyrir eða yrði lögbundin á annan hátt.

Páll Zóphóníasson: Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin, svo langt sem þau náðu, en þau eru mér ekki fullnægjandi. Ég er hæstv. ráðh. sammála um, að það eigi að fækka starfsmönnum til að ná sparnaði. En það, sem fyrir mér vakir, er: næst þessi fækkun nema að nokkru leyti? Ég hygg, að það sé í 2—3 eða fleiri tilfellum, þar sem hæstiréttur hefur dæmt mönnum, sem sagt var upp af ríkinu og orðið hafa utan gátta vegna lagabreyt., full laun, og þess vegna vafasamt frá mínu sjónarmiði, hvort þetta vinnst. Það, sem mig langaði til að fá upplýsingar um, er hæstv. ráðh. ekki ljóst heldur, þess vegna er hann í svipuðum vafa eins og ég um það, hvort þessi sparnaður næst. Ég tel sjálfsagt að reyna að ná sparnaði, en af því að ég þykist sjá fram á, að hann liggi fyrir á mörgum fleiri sviðum, þá langar mig til að vekja athygli á því, hvort á þennan hátt geti náðst þessi sparnaður, sem í framkvæmdinni er ætlazt til. Ég vænti, að hv. n. athugi það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 451, n. 494).

Frsm. (Gísli Jónsson): Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar og rætt það allýtarlega og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem ég skal skýra frá síðar við þessa umr.

Ég skal þegar í upphafi taka fram, að það er af vangá, að tvö nöfn hafa fallið út af nál. Það er aðeins undirskrifað af þremur nm., en nöfn hv. 1. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. hafa fallið út, en þeir gerðu engan ágreining. Skjalið verður því prentað upp aftur með þeirri leiðréttingu.

Fyrsta breyt., sem n. leggur til, er, að í stað orðanna „atvinnumálaráðuneytið“ og „atvinnumálaráðherra“ hvarvetna í frv. komi: ráðuneytið og ráðherra. — Það er engan veginn víst, að þessi mál liggi jafnan undir atvmrn. og atvmrh., enda er ekki svo nú, heldur er það dómsmrn. og fjmrh. Um þetta mun enginn ágreiningur. Meginbreyt. er sú, að fiskmatið og saltfisksmatið verði sameinað, en það hefur verið nokkur undanfarin ár í tvennu lagi. Og þó er það svo, að fiskmatið er sem stendur ekki rekið samkvæmt neinum lagafyrirmælum, heldur aðeins samkv. reglugerð, sem gefin hefur verið út, en mun þó ekki eiga neina stoð í lögum. Það er því mjög heppilegt einmitt á þessum tíma að láta fara fram þá breyt., sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj., og þá ekki hvað síst vegna þess, að fiskimatsstjóri er kominn yfir aldurstakmark og mun nú láta af störfum, og jafnvel ýmsir fiskimatsmenn eru komnir yfir aldurstakmark, og liggur því fyrir að skipa í þeirra stað. Þetta er einnig mjög í samræmi við þær till., sem fjvn. gerði um niðurfærslur á þeim kostnaði, sem er við fiskmatið nú.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að yfirmatsmenn skuli vera 7 í landinu. Sjútvn. gerir þá aths., að hún telur rétt að fækka um einn og sé þeim þá skipt þannig, að einn yfirfiskmatsmaður sé á Vestfjörðum, búsettur á Ísafirði, annar á Norðurlandi og búsettur á Akureyri, sá þriðji á Austurlandi og búsettur á Seyðisfirði eða Norðfirði, eins og gert er ráð fyrir í 2. till., undir b-lið, við 6. gr. Þetta atriði um búsetu á Austurlandi var rætt við núverandi fiskimatsstjóra, og kvað hann sig mótfallinn því, að búsetan yrði færð frá Seyðisfirði til Norðfjarðar, eða vildi jafnvel, að það væri látið á vald viðkomandi ráðuneyti á hverjum tíma. Hann taldi eðlilegast að hafa búsetu hans á Seyðisfirði eins og hingað til, allt frá því að yfirfiskmatsmaður á Austurlandi var ákveðinn með lögum. Hins vegar leit n. svo á, að ástæða gæti verið til að hafa þetta opið, ef t. d. valinn væri maður, sem ætti heima á Norðfirði og ætti húseign þar, að hann yrði ekki þvingaður til að flytja sig. Ætlazt er til, að fjórði matsmaðurinn sé í Vestmannaeyjum, en síðan aðeins tveir á Suðvesturlandi. Eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið frá fiskimatsstjóra nú, mun Suðvesturland eiga að tákna alla leið vestur undir Breiðafjörð og að honum meðtöldum, m. ö. o. allan Faxaflóa og þennan hluta Breiðafjarðar.

Nú segir í frv., að einn þessara þriggja manna, sem ætlað er að skipa á Suðvesturlandi, skuli hafa sérþekkingu í meðferð saltfisks og harðfisks, annar í meðferð og verkun freðfisks og öllu, sem lýtur að þeirri framleiðslu. Hins vegar er ekki gerð grein fyrir, hvaða þekkingu sá þriðji skuli hafa. En í bréfi, sem ég hef meðtekið, síðan n. gekk frá þessum málum, frá freðfisksmatsstjóra, dags. 15. febr., leggur hann áherzlu á það eitt, að einn af þessum mönnum hafi vit á freðfiski. Það kemur ekki neins staðar fram í gögnum, að bein nauðsyn sé, að tveir af þremur mönnum hafi sérþekkingu á freðfisksmati, og er þá sjálfsagt ætlazt til, að það sé látið lönd og leið, að þeir hafi tveir sérþekkingu á saltfisksmati. Það er líka upplýst, að þessi þriðji maður er hugsaður til aðstoðar við Faxaflóa, þegar mest er að gera hér, en starfi hins vegar á Norðurlandi á sumrin, þegar minna er að gera við Faxaflóa. Sé þessi hugmynd rétt og möguleiki fyrir því að geta þannig flutt menn til, þó að þeir séu staðbundnir samkvæmt l., sér n. því síður ástæðu til að ákveða, að þessir menn skuli vera sjö í landinu, en telur meiri ástæðu til að ætla, að nægilegt væri að hafa sex, þar sem til mála kæmi að nota starfskrafta frá fiskmatsmanni í Vestmannaeyjum til að gefa leiðbeiningar á Suðvesturlandi. Með tilvísun til þessa sér n. ekki ástæðu til að lögfesta á þessu stigi málsins, að yfirfiskmatsmenn séu sjö, heldur aðeins sex. Hefur þetta verið rætt við sjútvmrh., sem hefur fallizt á, að ekki sé alveg óeðlilegt á þessu stigi málsins, að mennirnir séu ekki fleiri en sex, enda er miklu hægara að fjölga mönnunum, ef ástæða þykir til og iðnaður þessi vex, heldur en að afnema embætti á eftir.

D- og e-liður eru ekki annað en afleiðing af því, að mönnunum er fækkað, sbr. upphaf gr.

3. brtt. er við 7. gr., að í stað orðsins „með“ komi: eða, — og mun vera um prentvillu að ræða.

4. brtt. mun einnig vera leiðréttíng, að í stað orðsins „fiskimatsmenn“ komi: fiskmatsmenn. Þeirri reglu hefur verið haldið, en yfirsézt í þessu eina tilviki. Við þessa sömu gr. er einnig, að í stað orðsins „starf“ komi: starfi.

Þá er 5. brtt., að 18. gr. falli niður. Er talið óeðlilegt, að efni hennar sé þarna, komi betur við eftir 20. gr., og er 6. brtt. um það. Er þar gert ráð fyrir, að l. öðlist þegar gildi, í stað 1. jan. 1949. Þykir heppilegra að gera breyt. nú en draga hana til næstu áramóta. Fiskmatið er orðið ákaflega fjárfrekt. Alveg sérstaklega hefur freðfisksmatið farið mjög fram úr saltfisksmatinu á síðustu árum. Er talið mögulegt að sameina þetta, án þess að matið sjálft þurfi að líða nokkuð við breyt., en hins vegar sé hægt að hafa mjög mikinn fjárhagslegan sparnað við það að breyta l. eins og hér er lagt til. Ég skal þó taka það fram, að yfirfiskimatsstjóri hefur heldur verið því andvígur, að yfirfiskmatsmönnum yrði fækkað úr 7 í 6, en ég leyfi mér að vísa til þess rökstuðnings, sem ég hef fært fram, og sé ekki ástæðu til að ræða það nánar.

Þá vil ég aðeins leyfa mér að benda á, að í 16. gr. eru sektarákvæði sett upp í 50 þús. kr. og í 17. gr. upp í 60 þús. kr. N. gerði ekki till. til breyt. á þessum upphæðum, en ég vil benda á, að þetta eru óeðlilega háar sektir fyrir slík brot. En það liggur að sjálfsögðu á valdi dómstólanna að fara neðar en hámarkið er.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta nánar. Það er lagt til, að breyt. þessar verði samþ. og frv. nái síðan samþykki hv. d.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil þakka hv. n. fyrir fljóta afgreiðslu þessa frv. Varðandi brtt. hef ég haft þau ummæli utan fundar við hv. frsm., að það, sem n. kæmi sér saman um að breyta og drepið var á við mig, mundi ég á þessu stigi málsins síður vilja gera að ágreiningi, þar sem mér finnst mest varið í, að þessum málum sé komið á grundvöll, því að eins og ég tók fram við fyrri umr., er ein tegund mats — gott ef það er ekki harðfisksmatið líka —, sem ekki er byggð á neinum lagalegum grundvelli fram að þessu. Ég átti við freðfisksmatið.

Hér eru lagðar til nokkrar breyt. Að í stað „atvinnumálaráðuneytið“ og „atvinnumálaráðherra“ komi bara: ráðuneytið og ráðherra, virðist rétt breyt., enda heyrir starf atvmrn. undir fleiri en einn ráðherra nú. Þá er næsta brtt., sem hv. 1. landsk. skrifaði undir með fyrirvara, um tölu fiskmatsmanna. Formaður minntist á þetta við mig líka, og það ég hann að eiga tal við fiskmatsstjórana og þá einkum og sér í lagi Svein Árnason, sem ég veit hann hefur gert. Lýsti hann nokkuð, hvaða hugsanir byggju á bak við orðalag það, sem er á frv. Ég býst við, að nokkuð vafasamt sé, hvort óhætt muni að fækka þessum yfirfiskmatsmönnum. Að vísu er, eins og hv. frsm. minntist á, hægara að fjölga en fækka. En hins vegar er vert að taka nokkurt tillit til þess, að hraðfrystihúsunum hefur fjölgað. Og eftir því sem þeim fjölgar, er eftirlitið víðtækara. Ég vil nú að vísu fylgja því, sem meiri hl. n. hefur orðið ásáttur um, en þó með því fororði, að ef til kemur, megi gera hér á bráðabirgðaskipun með því að láta töluna vera 7 eða bæta við þessum aukamanni á einhvern hátt, sem yrði síðar meir lögfestur, ef að því ráði væri hnigið. Þeir, sem hafa samið frv., hafa komizt klaufalega að orði, — og það má kenna mér um þetta líka að sigta ekki orðalagið meira en ég hef gert, — þegar þeir skýrgreindu þessi störf og þá hæfni, sem skuli lögð til grundvallar, því að það er aðeins talað þá um tvo, en annars staðar er talað um þrjá, sem eigi búsetu í Reykjavík. Eins og hv. frsm. tók fram, hafa þeir gefið þá skýringu eftir á, að þeir hafi hugsað sér, að þessi þriðji maður sé nokkurs konar hreyfanlegur yfirfiskmatsmaður, geti hlaupið undir bagga á Norðurlandi á sumrin. Og það getur sjálfsagt margt með því mælt að hafa þar nokkru meira eftirlit heldur en aðeins eins yfirfiskmatsmanns, sem er búsettur á Akureyri. Ég sagði frsm., að ég mundi á þessu stigi málsins sætta mig við það, sem meiri hl. vildi, og ekki gera úr því hávaða, en þó með því fororði, að ef til minna kasta kemur að hafa þetta með höndum framvegis, yrði ég að meta mest að sjá starfinu vel farborða og þá jafnvel þó að það kostaði að hafa þennan mann, sem ég leyfi mér að nefna — eins og sagt var í verstöðvunum — yfirskipsmann, til trausts og halds. Hitt er flest allt orðabreyt. eða lagfæringar hjá n., og skal ég ekki fjölyrða um þær.

Þá kem ég að gildistöku l. Ég þykist vita, hvað vakir fyrir n. með því að vilja hrinda l. í framkvæmd nú þegar og að það sé í sambandi við það, að hv. fjvn. hefur tekið tillit til þessarar væntanlegu niðurfærslu á greiðslum til fiskmatsmálanna. Hins vegar er þetta ekkert stórvægilegt atriði, og ég hefði talið nægilegt, að l. kæmu til framkvæmda um áramót, eins og stendur í frv., en ég læt samt ráðast, hvað verður hér ofan á í þessum efnum. — Þá er þess að geta, að sumir þeirra manna, sem hér um ræðir, eru — eins og bent var á við 1. umr. málsins — fastir í sínu starfi og er ekki hægt í einu vetfangi að rútta algerlega til í þessum efnum. Virðist því kannske eins heppilegt, að gildistaka l. yrði ekki fyrr en um næstu áramót, svo sem gert er ráð fyrir í upphaflega frv. En allt það, sem ég hef hér sagt, er þó ekki þess eðlis, að ég áliti það nein höfuðatriði. Hitt er að sjálfsögðu aðalatriðið, eins og oft hefur verið vakið máls á, a. m. k. utan þings og sérstaklega á fiskiþingi, að koma nokkurri breyt. á skipan þessara matsmála, en þá verður að hafa það í huga, að slíkt verði ekki á kostnað þeirrar vöruvöndunar, sem okkur er nauðsynleg, til þess að fiskurinn missi ekki það góða álit, sem hann nú nýtur, heldur að það megi aukast og þar með útflutningshæfni hans.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég er í öllum aðalatriðum sammála hv. n. um afgreiðslu þessa máls, en hef þó þann fyrirvara, er sjá má á brtt. á þskj. 494 og er varðandi c-lið 2. brtt. n., er fjallar um fjölda matsmanna á Suðvesturlandi. Það hefur komið hér fram, hversu víðtækt þetta svæði er, og kom það fram í ræðu hv. frsm. sjútvn., en þar eru, að mér skilst, með talin sjávarþorp austanfjalls, Stokkseyri og Eyrarbakki, og Faxaflói og Breiðafjörður. Þetta er það svæði, sem hvílir á þeim mönnum, sem eiga að annast matsstjórn á Suðvesturlandi, og er talið, að 60% af fiskframleiðslunni séu á þessu svæði. Er það nógu mikið dreift til þess, að það útheimtir mikla árvekni þeirra manna, sem matið eiga að framkvæma, og má ekki skera mjög við nögl framlög til þessara mála, til þess að matið verði sómasamlega framkvæmt. En frv. er þannig upp byggt, að lögð eru þung viti við því, ef út af settum reglum er brugðið, er l. setja, og útheimtir þetta mjög fullkomið eftirlit. Ég var á þeirri skoðun í n., að það væri mjög varhugavert að breyta til frá því, sem mþn. hafði lagt til. Eins og sjá má í grg. frv., er í þeirri n. maður frá stjórnarráðinu, tveir matsstjórar, þeir hr. Sveinn Árnason og hr. Bergsteinn Á. Bergsteinsson, hr. Jón Auðunn Jónsson, tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og hr. Björn G. Björnsson, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Hef ég fengið upplýsingar um, að í mþn. var enginn ágreiningur um samfærslu á fiskmatinu, og er óhætt að

fullyrða, að þarna hafi verið þeir menn að verki, sem beri hið fyllsta skyn á, hvað réttast sé í þessum efnum. Nú viðurkenndi hæstv. ráðh., að sjútvn. væri vorkunn, þótt hún hefði ekki getað glöggvað sig á, hvað mþn. ætlaðist fyrir, en í grg. frv. er lítið um þetta rætt. Sú skýring er á þessu, að þegar frv. var prentað, féll niður allveigamikill kafli úr grg. af ástæðum, sem ekki skal greina hér, en nm. viðurkenna, að það hefði átt að standa í grg. sem skoðun n. Ég hef átt samræður við hr. Svein Árnason fiskimatsstjóra um þetta mál, og getur enginn grunað hann um eiginhagsmunahvatir í þessum efnum, þar eð hann er farinn úr því starfi fyrir heilu ári, heldur er hér aðeins um að ræða hans reynslu og þekkingu. Það, sem okkur fór á milli, bað ég hann að gefa mér skriflegt, og vil ég — með leyfi hæstvirts forseta — lesa upp þessa umsögn hans, sem að vísu er einnig undirrituð af Bergsteini Á. Bergsteinssyni fiskmatsstjóra:

„Svo sem yður er kunnugt, áttum við báðir undirritaðir sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó frv., og miðuðust störf n. einkum við það tvennt að færa niður kostnað á fiskmati með því að sameina matsstörfin við þær verkunaraðferðir, svo sem lýst er í frv., og með það fyrir augum, að vöruvöndun væri ekki hætta búin frá því, sem nú er.

Viðkomandi tölu yfirmatsmanna viljum við taka fram, að tala þeirra, sem eru 7 menn í frv., var að okkar dómi alveg lágmark og byggt á margra ára reynslu okkar við þessi störf. Skal það skýrt nokkuð nánar.

Það er mjög sennilegt, þegar matið tekur til starfa sameinað, að sumir af yfirmatsmönnunum þurfi aðstoðar við viðkomandi nýjum starfsgreinum, en sé aðeins einn maður, sem annast fiskmat á svæðinu: Breiðafjörður, Faxaflói, Eyrarbakki og Stokkseyri, er útilokað, að það svæði geti nokkra aðstoð veitt, og einnig það, að einn maður mundi ekki anna þessum störfum aðstoðarlaust, þar sem á þessu svæði eru um 30 hraðfrystihús starfandi, á sama tíma og fiskframleiðsla þessa svæðis er yfir 60% af allri framleiðslu. Til frekari skýringar sendum við hér meðfylgjandi greinargerð fiskmatsstjóra, dags. 15/2 1948, viðkomandi 6. gr. frv., sem af einhverjum ástæðum féll niður, er frv. og nál. voru prentuð. Þar sem verið er að gera breytingar á fiskmatinu vegna framtíðarinnar, er nauðsynlegt, að það sé starfshæft, er það tekur sameinað til starfa.“

Þetta sögðu þeir varðandi matsmannafjöldann, — þeir, sem hafa mesta þekkingu og reynslu í þessum efnum, og það er af engum eiginhagsmunahvötum, að þeir hafa látið þetta álit uppi.

En það, sem átti að koma inn í grg., vil ég líka leyfa mér að lesa upp, svo að staðfest sé í þingtíðindum, þótt það hafi ekki komizt inn í grg., sem mér skilst, að allir nm. séu sammála um, að átti þar að standa. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samráði við form. n., hr. Þorvarð K. Þorsteinsson stjórnarráðsfulltrúa, var ákveðið, að ég gerði sérstaka grein fyrir þeirri ákvörðun n., að einn af 3 yfirmatsmönnum á Suðvesturlandi hafi sérþekkingu á öllu, er varðar framleiðslu hraðfrysts fisks.

Hraðfrysting á fiski er mjög ung iðngrein hér á landi, og má því gera ráð fyrir, að hún verði sem að undanförnu miklum breytingum háð næstu árin og samkeppni verði mjög hörð á heimsmarkaði fyrir þessa vöru.

Ég tel, að ríkismatið nái ekki tilgangi sínum, nema það hafi yfir að ráða einum manni, sem hefur sérstaka sérþekkingu til þess að annast kennslu, þar sem þess er þörf á hverjum tíma. Slíka aðstoð sem þessa getur þurft vegna ýmissa orsaka, svo sem mannaskipta hjá frystihúsum, nýrra frystihúsa, sem eru að byrja framleiðslu, og breyttra verkunaraðferða. Sé slík kennsla framkvæmd af einum sérfróðum manni, er trygging fyrir því, að kennslan verði rétt framkvæmd, og samræmi í vöruvöndun öruggt.

Þá vil ég benda á, þar sem þetta margir yfirmatsmenn, sem samkvæmt þessum nýju lögum eiga að annast fiskmat sameinað, hafa það misjafna þekkingu fyrstu árin, að þessi ráðstöfun sé nauðsynleg.

Ég tel, að mat á afurðum, sem ekki getur látið fullkomna kennslu í té, missi að verulegu leyti gildi sitt og að matið sé sú stofnun, sem ekki eigi aðeins að dæma um vörugæði, heldur að vera þess umkomið að fyrirbyggja vafasama framleiðslu.

Verði matið þannig skipað, að það geti ekki framkvæmt framtalin atriði, mundi verða að framkvæma þau utan við matið og þá með sérstökum kostnaði, og væri þá kennsla og eftirlit orðið skipt, jafnvel í marga staði, en slíkt hefur reynzt mjög óheppilegt í framkvæmd.

Það er að mínum dómi og reynslu sjálfsagt að gefa matsstofnuninni sem mest raunhæft gildi á þeim vettvangi, sem henni er ætlað að vinna, því annars missir starf hennar gildi sitt.“ — Er plagg þetta undirritað af hr. Bergsteini Á. Bergsteinssyni fiskmatsstjóra, og þetta var sú grg. fiskmatsstjóra, sem átti að koma inn í nál. og mér skilst, að öll n. hafi verið á sama máli um.

Ég heyri nú, að það er nokkurt hik á hæstv. ráðh. varðandi þá ákvörðun meiri hl. n. um að fella þarna niður einn mann og að hann telur þetta vafasamt, því að hann talaði um, að ef n. vill standa á þessari till., — og ég tek undir þessi ummæli hans og mun greiða atkv. á móti henni, — þá liggur það í hlutarins eðli, að ráðh. verður að hafa frjálsar hendur um að fylla upp í þetta skarð, ef nauðsyn krefur. Má því segja, að það sé miklu betra, að d. skrúfi fyrir þetta strax, til þess að ráðh. þurfi ekki að grípa til slíkrar heimildar, sem alls ekki er til í l., en hann þó þyrfti að gera af nauðsyn. Það er því miklu skynsamlegra, að n. taki undir mína till. um, að þessu verði ekki breytt, því að ég er orðinn sannfærður um það af viðtölum við þessa menn, að þeir hafa rétt mál að flytja í þessum efnum.

Ég skal játa, að málið lá þannig fyrir n., að n. hafði ekki svo glöggar upplýsingar um það, að menn gætu myndað sér ákveðna skoðun um það, og með allri virðingu fyrir meðnm. mínum legg ég miklu meira upp úr því, sem þessir sérfræðingar leggja hér til, heldur en því, sem

okkur kann að detta í hug og við leggjum til nú á þessum annríkisdögum þingsins, því að við erum engir sérfræðingar í þessum efnum.

Allir eru sammála um það, að þessi samfærsla gefi mikinn sparnað, og til þess er þetta frv. fram komið, og skilst mér, að hér sé um svo verulegan sparnað að ræða, að hann skipti hundruðum þúsunda króna, og getum við verið ánægðir yfir því, og þó er það svo, að sjá verður fyrir öllum agnúum, sem fram kunna að koma með hinu nýja skipulagi. Mér hefur verið bent á, að sumir þeirra manna, sem koma til með að verða skipaðir í þessi störf sem yfirmatsmenn, séu menn, sem hafa sérstaka kunnáttu og þekkingu á öllu, er snertir saltfisk, en þurfa að kynnast nánar þessu nýja starfi að því er varðar freðfisksmatið, og það liggur í hlutarins eðli, að það verður að vera hæfur maður, sem á að leiðbeina þeim á þessu stigi, þangað til þeir eru svo komnir inn í hið nýja starf, að þeir geti talizt fullfærðir í þessum efnum.

Ég skal játa það, að ég var óskiptur því fylgjandi, svo sem n. leggur til, að l. kæmu strax til framkvæmda. Það má að vísu viðurkenna það, að það væri til óþæginda fyrir þessa menn, sem nú eru skipaðir til að gegna þessum störfum, ef þeir yrðu sviptir launum sínum nú þegar, ef l. kæmu strax til framkvæmda. Hins vegar er það vel fær leið að sameina skrifstofur saltfisksmatsstjóra og freðfisksmatsstjóra í eina skrifstofu við gildistöku l., og ætti að því að verða nokkur sparnaður, þótt sumir þeirra manna, sem nú gegna þessum störfum, héldu launum sínum óbreyttum það, sem eftir er af þessu ári, svo að ég sé ekki, að það þurfi neitt að hindra það, þótt gildistaka l. færi fram nú þegar.

Ég þykist nú hafa fært nokkur rök fyrir því, að það sé misráðið að fella niður þennan 7. mann, og það veltur áreiðanlega mjög mikið á því, að ekki sé skorið svo við nögl um yfirstjórn þessara mála, að slíkt valdi tjóni eða álitshnekki á sjávarafurðum okkar, og afkoma okkar er mjög mikið undir því komin, að verkun á afurðum okkar, sem við flytjum á erlendan markað, sé framkvæmd nákvæmlega eins og l. ákveða, en til þess þarf mjög fullkomið eftirlit eins og sakir standa.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins út af einni brtt. hv. meiri hl. n., að ég kvaddi mér hljóðs. Hann leggur til, að 3. lið 6. gr. frv. verði breytt þannig: „Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði eða Norðfirði.“ Ég sé ekki ástæðu til að vera að breyta um búsetu þessa manns, sem hefur verið heimilisfastur á Seyðisfirði, frá því fiskmat var stofnað þarna, og því síður er ástæða til þess, þar sem vitað er, að Seyðisfjörður liggur miklu betur við samgöngum austanlands heldur en Norðfjörður, bæði til sjávar og þó sérstaklega við landsamgöngum. Og þetta er því meir áberandi, þegar athuguð er stækkun svæðis yfirfiskmatsmanns Austurlands til norðurs, þar sem búast má við mikilli veiði við Þórshöfn, þegar hafnarframkvæmdum þar hefur verið komið í kring.

Ég vil líka leyfa mér að leggja áherzlu á það, sem frsm. n. tók fram, að þessi breyt. er gerð á móti vilja þess manns, sem mesta reynslu og þekkingu hefur á þessum málum, hr. Sveins Árnasonar yfirfiskimatsstjóra, og þarna hefur hann því meiri sérþekkingu, þar sem hann hefur sjálfur verið yfirfiskimatsmaður Austurlands um áratugi. Er því mjög viðurhlutamikið að ganga á móti eindregnu áliti hans. — Það eru hins vegar ekki nokkur rök fyrir þessari brtt., að það gæti komið fyrir, að maður frá Norðfirði settist í þetta starf, sem ætti þar hús og þyrfti að selja það, því að það er venjan að hafa ákveðna staði, þar sem hinir ýmsu embættismenn eiga að vera, sem eru valdir með tilliti til þess, hvar þeim bezt hentar að sitja samkvæmt embættunum, og þótt slíkt komi fyrir, að húsasala eða húsaskipti þurfa að fara fram, ef maður úr öðru héraði tekur við embættinu, getur það engin áhrif haft í þessum efnum, enda stendur þetta mál þannig nú, að engin ástæða er til að breyta um þann yfirmatsmann, sem nú gegnir því starfi á Austurlandi, og hefur fiskimatsstjóri sagt mér, að hann sé langhæfasti maðurinn á Austurlandi til þess að gegna starfinu, og hann hefur einmitt búsetu á Seyðisfirði. Mér finnst því engin ástæða til að fara að breyta þessu, og mætti þá t. d. alveg eins breyta öðrum liðum 6. gr. og segja, að yfirfiskmatsmaðurinn á Vestfjörðum skuli hafa búsetu á Ísafirði eða Patreksfirði og yfirfiskmatsmaðurinn á Norðurlandi hafa búsetu á Akureyri eða Siglufirði.

Ég vil því vona, að hv. d. sjái sér fært að fella þessa till. n., og vil biðja hæstv. forseta að bera þennan lið sérstaklega upp við atkvgr.

Hannibal Valdimarsson: Ég skal vera fáorður um þetta mál. Ég hef ekkert við frv. að athuga, eins og það liggur fyrir, að viðbættum nokkrum af þeim brtt., sem n. hefur gert, þótt ég að vísu fylgi þeim ekki öllum. Ég hef hins vegar tekið eftir því, að í frv. er hvergi getið um umdæmamörk yfirfiskmatsmanna, og geri því ráð fyrir, að þau séu hugsuð svipuð og þau eru nú.

Það hefur þó komið hér fram við umr., að umdæmi Suðvesturlands eigi einnig að ná yfir Breiðafjörð, en það er breyting frá því, sem tíðkazt hefur, því að hann hefur hingað til heyrt undir umdæmi yfirfiskmatsmanns Vesturlands. Nú er þetta talin vera ein ástæðan fyrir því, að nauðsynlegt sé að hafa 3 yfirfiskmatsmenn á Suðvesturlandi, en ég sé enga þörf á því að minnka Vesturlandsumdæmið, þar eð mér er ekki kunnugt um annað en að einn maður hafi komizt prýðilega yfir þetta starf. Mér sýnist því ekki hægt að rökstyðja þörfina fyrir 3 yfirfiskmatsmenn fyrir Suðvesturlandsumdæmið. Þá kom hv. 1. landsk. þm. fram með ábendingu um það, að það hefði átt að vera kafli í grg. frv., er sýndi fram á, hvaða hlutverki þessi 3. maður ætti að gegna, og mér skildist, að það væri fyrst og fremst fólgið í að kenna fiskmatsmönnum, meðan þeir hefðu ekki fulla þekkingu á freðfisksmati til að gegna slíku starfi. Mér finnst ekki hægt að grundvalla eitt embætti til viðbótar á þessu atriði, þar sem hér er aðeins um að ræða byrjunarstig, en ekki varanlegt ástand, og að það sé miklu hyggilegra að fara ekki af stað með

að skipa fleiri embættismenn í þessum efnum heldur en ætla má, að geti innt þessi störf af hendi. Væri síðan hægt að heimila að bæta við einum manni, ef reynslan sýndi, að þörf á því væri fyrir hendi.

Þá langar mig að fá upplýsingar um, hvort það sé ekki rétt, að til fræðfisksmats hafi víðast verið valdir verkstjórar við fræðfiskhúsin. Hygg ég, að slíkt fyrirkomulag sé ekki heppilegt, og vildi spyrja, hvort menn áliti, að slík skipan ætti að haldast áfram.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég tel, að það sé til mikilla bóta, að heildarlöggjöf sé sett um allar greinar fiskmatsins, og að líklegt sé, að með henni skapist fullkomið öryggi fyrir framkvæmd þess.

Mér skilst, að þær brtt., sem hér liggja fyrir, séu allar smávægilegar nema sú, að matsmenn verði aðeins tveir í Suðvesturumdæminu. Ég er þeirri till. fylgjandi. Hins vegar finnst mér ástæðulaust að setja inn í l. heimild til að breyta búsetu fiskmatsmannsins á Austurlandi, og enn fremur sé ég ekki neina ástæðu til að gera l. gildandi fyrr en um næstu áramót, 6 mánaða frestur er ekki of langur til undirbúnings því, að þau komi til framkvæmda.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi biðja hv. 1. landsk. afsökunar á því, að ég tók ekki eftir þeim fyrirvara, sem hann hafði varðandi breytingu á tölu matsmanna í Suðvesturumdæminu. Það er rétt, að hann hafði hann í nefndinni.

Ég mun ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort fiskmatsmennirnir verða 7 eða 6 á landinu, það ætti aðallega að koma til kasta ráðherra að gera það upp, hvers þörf krefði um það. Og mér þykir rétt, eftir að þau gögn hafa komið fram, sem hv. 1. landsk. las upp, að þessi liður verði tekinn til baka til 3. umr. Annars skal ég upplýsa, að Sveinn Árnason fiskimatsstjóri taldi þetta kröfu fræðfisksmatsstjóra og vegna afstöðu hans væri hann ekki með því, að talan yrði lækkuð, og benti mér á að tala við hann. En ég þekki hans stefnu í þessu máli, og hv. 1. landsk. veit það líka, að eiginhagsmunastefnan hjá fræðfisksmatsstjóra ræður meira um afstöðu hans en nokkuð annað, og það hefur komið í ljós, að undir hans stjórn hefur fræðfisksmatið orðið helmingi dýrara en það þurfti að vera, og það er fyrir starf fjvn., sem tók þar í taumana, að það hefur lækkað. Og sannleikurinn er sá, að krafan er öll frá fræðfisksmatsstjóra og kappið um það, að hann geti setið hér jafnrétthár fiskimatsstjóra og haft hægari daga. Hv. 1. landsk. veit, að fyrirskipanir fræðfisksmatsstjóra hafa verið ein í dag og önnur á morgun, og ef það hefði átt að fara eftir þeim, þá væri engin fræðfiskframleiðsla í dag hér við Faxaflóa.

Er þá þörf á þremur matsmönnum við Faxaflóa? Mundi ekki hægara fyrir tvo yfirfiskmatsmenn og fiskmatsstjóra að annast þessi störf með þeim samgöngum, sem eru á þessu svæði, heldur en fyrir einn mann á Vestfjörðum öllum til dæmis með þeim samgöngum, sem þar eru? Annríkið stendur hér heldur ekki lengur en frá 1. jan. til 14. maí. Hinn tíminn er allur dauður. Og ég teldi það enga goðgá, þótt yfirfiskmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum þyrfti að skreppa annað slagið til Stokkseyrar og Eyrarbakka, og dálítið annað eða þurfa að ferðast frá Ísafirði til Tálknafjarðar, — eða við skulum taka Austurland til dæmis, þar sem þess er krafizt, að yfirfiskmatsmaðurinn sitji á Seyðisfirði og hafi eftirlit með allri saltfisks- og fræðfisksverkun alla leið til Hornafjarðar. Ég verð því að segja, að Suðvesturlandið er betur sett með þrjá menn í Reykjavík, eins og samgöngum þar er háttað, þar sem þeir geta komizt með mjólkurbílunum í allar áttir, ef þeir komast ekki öðruvísi.

Ég mun ekki greiða atkv. um þetta nú, en skal taka till. til baka til frekari umr. í n., en vil þó benda á, að þetta gæti orðið til að tefja málið. Ég hef annars rætt þetta við hv. þm. Ísaf., form. sjútvn. Nd., og það eina, sem hann hnaut um, var, að yfirmatsmennirnir yrðu sjö, og geri ég ekki ráð fyrir, að hans skoðun hafi breytzt í málinu. En ég mun reyna að hafa samband við sjútvn. Nd. til þess að forða hrakningi á milli deilda.

Í sambandi við aths. hv. þm. Seyðf. þykir mér rétt að taka þá till. til baka til 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar nú og skal ekki tefja umræður.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð. Ég vona, að það verði ekki til þess að tefja málið, að þessi brtt. verði tekin aftur til 3. umr. Hv. form. sjútvn. er það röskur til verka, og ég treysti hæstv. forseta til þess að taka málið snarlega aftur á dagskrá.

Út af því, sem hv. 3. landsk. sagði í ræðu sinni, þá er ég sammála honum um það, að óheppilegt er, að matsmenn séu verkstjórar, en þetta er auðvitað til komið vegna þess, hve atvinnugrein þessi er ný, og því fáir, sem hafa nasasjón af þessu nema verkstjórarnir, og frekast, að þeir viti þar jafnlangt nefi sínu. Því hefur verið horfið að þessu, sem ég álít óforsvaranlegt að viðhalda, því að það er á móti allri venju um saltfisksmat, og gilda um það strangar reglur varðandi fiskmatsmennina, að þeir séu ekki atvinnulega háðir framleiðendum fisksins.

Skal ég svo ekki tefja umræður með því að orðlengja þetta frekar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál. Tvennt hefur komið hér fram sem andmæli á móti því, sem ég hélt fram. Það hefur verið sagt, að yfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum geti jafnframt gegnt störfum á Stokkseyri og Eyrarbakka. Það sama má nú segja um þá yfirmatsmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, að þeir eiga greiðan aðgang austur, og sé ég ekki stigmun á því. En hitt er vitanlegt, að þetta fer fram á þeim tíma, sem mestar annir eru í Vestmannaeyjum og sömuleiðis á Eyrarbakka og Stokkseyri. Ég skal annars ekki þrátta um þetta, en vil beygja mig undir skoðun mþn. með allri þeirri þekkingu, sem hún hefur aflað sér á málinu.

Þá hefur því verið haldið fram, að óþarft væri að skilja Breiðafjörð og Vestfirðina. En mér er kunnugt um, að það hefur verið gert af hag-

kvæmum ástæðum, því að það eru greiðari samgöngur milli Reykjavíkur og Breiðafjarðar en að vestan og þangað og þægilegra fyrir mann héðan að gegna störfum þar heldur en fyrir yfirfiskmatsmanninn á Vestfjörðum, enda nógu erfitt umdæmi samt, sem hann hefur. Maður héðan að sunnan annast t. d. skipaeftirlitið þar, og er það talið hagkvæmara í alla staði, bæði vegna ferða og kostnaðar.

Hv. þm. Barð. vildi láta í það skína, að ekki væri neitt upp úr því leggjandi, sem fiskmatsstjóri legði til. Ég kann ekki við þann tón, að menn séu settir á dómarabekk og gefið í skyn, að þeim gangi ekki annað til en óhreinar hvatir. Fiskmatsstjóra gengur ábyggilega ekki annað til en umhyggja fyrir matinu, og ég tel óviðeigandi, að honum séu gerðar slíkar getsakir. Má vera, að hann hafi eytt miklu fé í matið með ónógum heimildum, en það hefur þó verið viðurkennt af þeirri ríkisstj., sem hann starfaði undir. Og hinu er ekki hægt að neita, að hér er um svo nýja iðngrein að ræða — fiskmatið, sem tekið hefur örum breytingum, að ekki er nema eðlilegt, að þurft hafi til þess allmikið fé að halda því í góðu lagi. Ég skal annars ekki vera að rökræða það, hvort e. t. v. hefði mátt spara þarna fé, en tel, að ekki veiti af því, að allt eftirlit sé þarna sem nákvæmast og í sem beztu lagi. En ég vil endurtaka það, að með allri virðingu fyrir þekkingu okkar í þessu efni vil ég beygja mig undir dóm sérfræðinga, og þeir telja það hreint lágmark, að yfirfiskmatsmennirnir séu 7, og á Suðvesturlandinu eru um 60% framleiðslunnar, og þarf þar náið eftirlit, því að þessir menn gera meira en að kenna öðrum, svo að það er ekki neitt óeðlilegt, þótt það sé ofætlun tveimur mönnum að komast yfir það.

Um verkstjórana get ég tekið undir það, að óviðkunnanlegt er, að þeir séu matsmenn, og gott, að þeir séu óháðir gagnvart framleiðendum. En mér er kunnugt um, að í nokkrum húsum vinna menn við matið, sem ekki eru verkstjórar. Hins vegar er þeim tryggð önnur atvinna í húsunum. Það gefur auga leið, að þeir, sem eiga að framkvæma mat, þurfa að þekkja vöruna, og þeirrar þekkingar afla þeir með því að vinna við framleiðsluna. En auðvitað er rétt, að óvilhallir menn dæmi, en þeir verða líka að kunna starf sitt.

Hvað snertir form. sjútvn. Nd., býst ég við, að hann eins og aðrir verði að beygja sig fyrir rökum, eins og mér hefur skilizt, að hæstv. sjútvmrh. hafi gert um þetta atriði, þótt mér sé ekki að fullu kunnug afstaða hans.

Frsm. (Gísli Jónsson): Út af orðum hv. 1. landsk., að það sé óviðeigandi að ræða það, af hvaða hvötum afstaða fiskmatsstjóra sé sprottin, þá vil ég benda hv. 1. landsk. á, að hann byrjaði sjálfur að ræða málið á þeim grundvelli og nota þess háttar rök og hlaut því að fá svar.

Mér þætti annars vænt um, ef hv. 1. landsk. gæti sjálfur lært að beygja sig fyrir rökum, en það virðist hann ekki hafa lært eftir 20 ára setu hér á Alþ. og hefur ekki enn fært nein rök fram í þessu máli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mér virðist, að líkur bendi til, að yfirstjórn fiskmatsins hér á Suðvesturlandinu gæti verið í allgóðu lagi með tveimur yfirmatsmönnum og fiskmatsstjóra búsettum hér í Reykjavík, og þeir mundu ekki hafa ónæðissamara starf en yfirmatsmenn annars staðar á landinu.

Út af orðum hæstv. ráðh. og hv. frsm. sjútvn. varðandi framkvæmd fiskmatsins, sem mjög hefur verið í höndum verkstjóra, þá lít ég svo á ummæli ráðh., að hann treysti sér til að skipa þessum málum á annan veg og tryggari, og það er vitanlegt, að þess er þörf, því að hætt er við, að maður, sem er verkstjóri, kynni að telja meira af fyrsta flokks vöru en raunverulega er, og gæti það orðið til þess að spilla mörkuðum.

ATKVGR.

Brtt. 494,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 494,2 tekin aftur.

6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 494,3 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

8.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 494,4 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

13.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 494,5 (18. gr. falli burt) samþ. með 9:1 atkv.

19.—20. gr. (verða 18.—19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 494,6 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 10:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 520, 547).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. tók aftur til 3. umr. brtt. við 6. gr. ásamt undirliðum. N. hefur haldið fund um málið og orðið sammála um að bera þær fram á ný þannig breyttar eins og þær eru á þskj. 547. A-liðurinn er óbreyttur, b-, c-, og d-liður eru aðeins afleiðing af því, sem á undan er komið, en e-liðurinn er á þá leið, að eftir 5. tölulið komi ný málsgr. svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Auk þeirra yfirfiskmatsmanna, sem skipaðir eru samkv. þessari grein, er ráðh. heimilt, ef hann telur á því brýna nauðsyn til tryggingar fullkomnu mati fisks, að setja um stundarsakir einn yfirfiskmatsmann til viðbótar á Suðvesturlandi að fengnum tillögum fiskmatsstjóra".

Að lokum er brtt. við 20. gr., að l. öðlist gildi 1. jan. 1949.

Það varð ekki samkomulag um það í n. að taka aftur upp brtt. um að bæta við Norðfirði, og þess vegna er sú till. ekki borin fram aftur.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til að undirstrika það, sem hv. frsm. hefur sagt, að ég, sem hreyfði ágreiningi við 2. umr., hef fallizt á þá miðlunartill., sem hann hefur lýst. En ég vil geta þess um leið, að ég taldi rétt að ganga inn á þetta samkomu-

lag, því að ég reikna með því, að til þessarar heimildar þurfi að grípa, því að það lá fyrir n. áskorun frá stjórn hraðfrystihúsanna, að nauðsyn væri, að fiskmatsmennirnir yrðu fleiri en til stóð. Get ég að svo komnu máli sætt mig við það, þar sem ber að sama brunni og ég hef lýst.

ATKVGR.
Brtt. 547,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 547,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 565).
Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 565, n. 607).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur lítinn tíma haft til athugunar á þessu máli. Ríkisstj. hefur lagt mikla áherzlu á það, að mál þetta nái nú fram að ganga, og hefur n. talið rétt að mæla með frv. með lítils háttar breyt. við 12. gr., 3. málsgr., að á eftir orðunum „farma af fiski" komi: að ísuðum fiski undanskildum. — Eins og frv. kom frá Ed., var gert að skyldu að hafa hleðslustjóra með skipunum, en öll útskipun er nú undir eftirliti hleðslustjóra og matsmanna. N. taldi því rétt að leggja til, að frv. yrði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 607 samþ. með 19 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
13.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 633).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 85. fundi í Ed., 23. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 656).

---

26. Bifreiðalög.

Á 63. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 (stjfrv., A. 351).

Á 64. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er um breyt. á bifreiðalögunum. Sú breyt., sem 1. gr. fjallar um, hnígur að því, sem ákveðið er í l., að lögreglustjóri, hvar sem er, geti veitt heimild fyrir ökuskírteini, en þar er um ófullkomið ákvæði að ræða, því að ef nokkurt gagn á að vera að því, að umsækjanda um ökuréttindi sé gert að skyldu að fá slíka heimild, þyrfti hún að vera gefin út af lögreglustjóra í heimasveit mannsins, sem kunnugt er um ástæður með og móti. En nú getur maður tekið próf utan sinnar sveitar, þar sem lögreglustjóra er ókunnugt um ástæður, og er þá ætlazt til þess með þessari brtt., að veiting heimildar sé bundin því skilyrði, að hann geti lagt fram meðmæli frá lögreglustjóra í heimasveit sinni.

Breyt., sem lögð er til í 2. gr., er fyrst og fremst sú, að ætlazt er til, að þeir, sem eru ökukennarar, skuli þurfa að fullnægja sérstökum skilyrðum og standast ákveðin próf, enn fremur nánari ákvæði um útbúnað bifreiða, sem notaðar eru við kennslu. Það hefur því miður komið fyrir, að slys hafa orðið í sambandi við ökukennslu, sem ekki hefðu orðið, ef bifreiðarnar hefðu verið í fullu lagi eða kennararnir starfi sínu vaxnir.

Ljóst er, að þegar þúsundir manna taka bifreiðarpróf á ári hverju, þá er nauðsyn, að tryggt sé, að hæfir menn annist kennsluna, svo að ekki verði slys, á meðan hún fer fram, enda er það kennslan, sem allt veltur á, því að við prófin sjálf verður seint svo um hnútana búið, að þau veiti fulla tryggingu um hæfni, ef kennslan sjálf er ekki góð áður.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta nánar, vona, að málið fái greiðan framgang. Ákvæðin í 2. gr. eru flutt í samráði við lögreglustjóra og bifreiðaeftirlitsmenn hér í bæ, sem óskuðu eftir reglugerð, sem ekki var heimild fyrir, og því nauðsynlegt að fá lagabreytingar. Skora ég á dm. að veita málinu góðan framgang og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. dómsmrh., hvaða ákvæði séu um það í 2. gr., hve lengi löggilding ökuskírteina eigi að gilda. Ég geri ráð fyrir, að ætlazt hafi

verið til, að ökuskírteini þyrftu framlengingar við, en ættu ekki að gilda ævilangt. Eðlilegt fyndist mér, að ökuskírteini þyrftu árlegrar endurnýjunar, og tel ég, að ákvæði vanti um það, hve lengi þau skuli gilda, ef ætlazt er til framlengingar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ætlunin var nú sú, að það fælist heimild í frv. til þess að tímabinda ökukennaraleyfi, ef atvik þættu vera slík, og ég held nú, að um það séu fullnægjandi ákvæði í niðurlagi gr., og ég mundi skýra hana þannig. Hitt kann vel að vera rétt hjá hv. þm., að hér sé ekki nógu skýrt kveðið á, og hefði ég sízt á móti því, ef hv. allshn. sýndist, að skýrari ákvæði fælust þar um þetta en nú eru í greininni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 351, n. 446).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, voru nm. allir sammála um það, að bifreiðalögunum þyrfti að breyta og að þær breytingar, sem hér er farið fram á, væru yfirleitt æskilegar og sjálfsagðar. Ég vil benda á, að hér hefur slæðzt prentvilla inn í 2. gr. — „kann" fyrir „þann" — og eins getur komið til mála, að aftan við þá málsgr. verði bætt ákvæðum um það, til hve langs tíma próf bifreiðakennara eigi að gilda. Engin till. liggur að vísu fyrir um það nú, en það mun verða athugað fyrir 3. umr.

Það, sem nm. ræddu fyrst og fremst, var ökuhraðinn, sem ástæða er til, að breytt verði ákvæðum um. Leyfilegur ökuhraði var áður miðaður við 30 km í bæjum og 60 km úti á landi, en á stríðsárunum var hann færður niður í 25 km í bæjum og 45 km úti á landi, en hefur síðan verið færður upp aftur í sveitum. Þessi lági ökuhraði hefur nú orðið þess valdandi, að maður á það víst, ef maður ekur á 25 km hraða, að 40—50 bílar fara þá fram hjá manni á klst., hvar sem er í bænum. Og þetta er svo viðurkennt af hinu opinbera í áætlunum á langferðaleiðum til dæmis, að flestar langferðabifreiðar verða að fara með meiri hraða en löglegt er til þess að halda áætlunum. Og það er jafnaugljóst og tvisvar tveir eru fjórir, að þessi hraðaákvæði eru þannig sett til þess að brjóta þau, og þau eru brotin jafnvel af því opinbera. Nú mætti losna við það að þurfa að endurskoða öll lögin, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa það, hvort hann vill breyta reglugerðinni í samræmi við lögin um 30 km ökuhraða í bæjum og 60 km ökuhraða í sveitum. Þetta var annað atriðið, sem nm. töldu, að þyrfti að breyta í sambandi við bifreiðaakstur í landinu. Hitt atriðið var um sölu á víni í bifreiðum og á bifreiðastöðvum.

Vitað er, að vissar bifreiðastöðvar og bifreiðarstjórar halda uppi mikilli óleyfilegri vínsölu. Flestir nm. eða allir voru sammála um nauðsyn þess að koma í veg fyrir þetta á einhvern máta, og töldu sumir eðlilegt, að sett væru ákvæði um þetta efni inn í sjálf bifreiðalögin, sem fyrirbyggðu slíka vínsölu. Aðrir töldu rétt, að ákvæði yrðu sett um þetta inn í áfengislöggjöfina.

Ef hæstv. ráðh. vildi gefa yfirlýsingu um það, að hann mundi taka þetta til athugunar fram á haustið, þá mundum við geta sleppt því að gera um það breytingar á þessu frv., — og langar mig að heyra orð ráðherra um það, hvort hann telur sig ekki geta breytt ákvæðum um ökuhraðann og eins hvort hann vilji taka til athugunar, á hvern hátt heppilegast verði að taka fyrir það með löggjöf, að bílarnir séu fljótandi vínbúðir á götum bæjarins.

Ég vonast til, að hæstv. ráðh. upplýsi þetta, og sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að svo komnu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég þakka n. undirtektir hennar við þetta frv. Það er ekki nema eðlilegt, að aths. komi fram, en ég vona, að málið nái fram að ganga, áður en þingi lýkur, því að hvað sem segja má um frekari breytingar, þá verður ekki um það deilt, að nauðsynlegt er að fá samþykktar þær breyt., sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil auðvitað ekki taka afstöðu til annarra brtt. en þeirra, sem þegar liggja fyrir, og tel, að ekki ætti að blanda inn í umræður öðrum atriðum.

Hv. frsm. ræddi um ökuhraðann og skýrði réttilega frá því, að hann var áður ákveðinn 30 km í bæjum og 60 km úti um sveitir, en dómsmrh. getur ákveðið með reglugerð lægri ökuhraða í lögreglusamþykktum. 17. febr. 1943 var sett reglugerð um 45 km ökuhraða á klst. í sveitum, en afnumin aftur 23. júní 1947 með auglýsingu. Þegar ég tók ákvörðun um afnám þeirrar reglugerðar, vakti það fyrir mér, að lögum yrði þá einnig framfylgt betur en áður í þessu efni, t. d. betra eftirlit með allri umferð á vegum úti, og var það gert í sumar með setningu hins svonefnda umferðardómstóls, sem hefur borið nokkurn árangur. En mér og ráðunautum mínum virtist þýðingarlaust að setja strangar reglur, ef haldið væri við 45 km ökuhraða, því að eins og hv. frsm. tók fram, þá aka nærri allir bílar hraðar en þetta, og á meðan góðir bílar eru í notkun á batnandi vegum, á 60 km hraði ekki að vera of mikill. Auðvitað fer þetta þó eftir atvikum, og getur engin allsherjar regla um það gilt, því að ef vegur er hættulegur, ber að aka hægar o. s. frv.

Í bæjum horfir þetta öðruvísi við. Þar er heimilt að ákveða löglegan ökuhraða með lögreglusamþykkt, og tel ég mér ekki heimilt að breyta því. Mér sýnist, að það sé á valdi bæjanna að kveða á um ökuhraðann og dómsmrn. geti ekki haggað því. Ég get því ekki lofað, að þessu verði breytt með reglugerð, og yrði þá heldur að flytja um það sérstakt frv. í haust.

Mér sýnist þetta þurfa athugunar við, áður en breytingar eigi sér stað. Það er rétt að vísu, að í bæjunum er oft ekið hraðar en ákveðið er, en sá mikli fjöldi slysa, sem nú verða æ tíðari,

orsakast líka í flestum tilfellum af of hröðum akstri, og þau hefði ekki borið að höndum, ef hægar hefði verið ekið. Ég vildi því ekki taka á mig þá ábyrgð að auka löglegan ökuhraða án þess að rannsaka mál þetta betur.

Þetta horfir öðruvísi við á vegum úti. Ef um góðan veg í dreifðri byggð er að ræða, er 60 km hraði engan veginn óhæfilegur. En í bæjunum, þar sem lítil börn geta á hverri sekúndu hlaupið fyrir bílana, eru hraðaákvæði háð öðrum sjónarmiðum. Þar er miklu þýðingarmeira, að aldrei sé ekið hraðar en svo, að hægt sé að stöðva bifreiðar á einu andartaki. Hvort 25 km hraði er alveg sá rétti, skal ég ekki segja, og vil heyra um það álit fagmanna, áður en ég mynda mér fasta skoðun á því og beiti mér þar fyrir breytingum.

Það er mikil nauðsyn á því, að dregið sé úr slysahættunni, og aukning löglegs ökuhraða fer þar í gagnstæða átt. Gegn því má auðvitað segja, að ekki þýði að hafa svo strangar reglur, að þær séu brotnar af flestum, og kunni það að verka öfugt við það, sem ætlazt er til. En aðra yfirlýsingu get ég ekki gefið um þetta en þá, að ég lofa að taka þetta til frekari athugunar — fyrst og fremst þetta atriði og þá einnig fleiri ákvæði í bifreiðalögunum, sem betur kynnu að mega fara.

Varðandi áfengissöluna er það vitanlegt, að hún er fullkomið hneykslismál. Fjöldi bifreiðarstjóra hefur það að fastri atvinnu að selja áfengi, að því er talið er. En það mun reynast erfitt að hafa hendur í hári þessara manna og draga þá fyrir lög og dóm, enda þótt fullyrt sé, að þegar bifreiðarstjórar vilji ekki aka á síðkvöldum, þá sé þó mikill fjöldi bifreiðarstjóra, sem hægt sé að snúa sér til og fá þar áfengi keypt. Enda þótt fregnir af þessu séu ekki óyggjandi, er þetta þó *mál, sem bílstjórar verða sóma síns* vegna að taka föstum tökum.

Ég minnist þess, að þegar bifreiðastöðin Hreyfill var stofnuð og fékk fyrir atbeina minn og fleiri manna ágæta aðstöðu í bænum og land í túnfætinum við Arnarhól, þá tjáði forstöðumaður hennar mér, að félagið mundi beita sér fyrir því, að áfengissala ætti sér ekki stað þar. Ég skal nú ekki segja um, hvernig það hefur tekizt, en mér finnst ástæða til að rifja upp þessi ummæli, því að það verður að viðurkenna, að mál þetta er nú svo alvarlegt, að það er ekki aðeins blettur á bifreiðarstjórastéttinni, heldur þjóðfélagsmein, sem þarf að lækna.

Hv. frsm. talaði um, að n. hefði e. t. v. í huga að koma með brtt. við frv. til þess að ráða bót á þessu. Sannleikurinn er nú sá, að alþm. hafa varla *slík ráð við höndina, að bætt verði úr* þessu með lagasetningu. Ef um það væri að tala, mundi ég ekki beita mér á móti því, að slík lög yrðu sett. En ég efast um, að slík ráð séu jafntiltæk og ætla mætti af orðum hv. frsm. Þetta er ólöglegt athæfi. Það vita allir. En erfiðleikarnir eru að sanna brotin á sökudólgana. Leiðin væri e. t. v. sú að ákveða refsinguna nógu þunga. En ef slík ráð væru til, mundi ég kunna betur við, að þau væru sett inn í áfengislöggjöfina, en ekki blandað inn í þetta frv., þótt ég hins vegar *mundi ekki beita mér á móti því, að svo væri* gert, svo mikilsvert sem það væri, ef slík ráð væru fyrir hendi.

Einn góður og gegn borgari hefur komið fram með þá uppástungu, hvort ekki væri rétt, ef bifreiðarstjóri yrði uppvís að vínsölu í bíl sínum, að *bíllinn* væri þá gerður upptækur í *ríkissjóð*. Þetta mundi að líkindum verða mjög áhrifamikið, en mörgum mundi finnast þetta nokkuð geipileg hegning fyrir ekki meira afbrot. En það má minna á, að svipað ákvæði gildir um skip, sem flytja vín til landsins með ólöglegu móti. Hægt er að gera slík skip upptæk, og frá sama sjónarmiði væri ekki óeðlilegt, að bifreiðarstjórar, sem selja vín í bifreiðum sínum, ættu á hættu, að þær væru gerðar upptækar.

Ég vil þó ekki á þessu stigi málsins gera þetta að *till. minni, en ég taldi rétt að skýra d. frá* henni, þar sem þetta er ein þeirra fáu till., sem ég hef heyrt, sem vænta mætti, að hræddi menn frá þessum verknaði, og yrði því áhrifarikt ákvæði, þótt það hins vegar mundi þykja ærið harkalegt.

Ég hef nokkuð hugsað þetta mál og mun gera það, sem í mínu valdi stendur til þess að laga þetta þjóðarmein, sem vínsalan er.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég *vil* þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir hans viðvíkjandi þeim tveimur atriðum, sem ég drap á í minni fyrri ræðu og hann hefur lofað að athuga, á hvern hátt bezt væri að lagfæra með löggjöf. Væntanlega fær maður að sjá árangurinn af þeim athugunum fyrir næsta haust. Hins vegar taldi hann öll tormerki á því að breyta reglugerðinni um bifreiðaakstur. Það held ég hann ætti þó að gera. Ég skal taka dæmi og það af sjálfum mér, af því að það er nærtækast. Ég var kallaður á lögreglustöðina í sumar, af því að *ég* hafði skilið bílinn R-4600 eftir í óleyfilegri stöðu hér á gangstéttinni við þinghúsið, hjólin öðrum megin undir bílnum voru uppi á gangstéttinni. Ég borgaði auðvitað mína sekt, og er ekkert meira með það. En nú er það bara svo, að margir bílar eru skildir eftir hér í miðbænum á degi hverjum og nákvæmlega eins gengið frá þeim og ég gekk frá mínum bíl, og ég sé, að lögregluþjónar ganga fram hjá annað slagið. Það getur verið, að allir þessir bílar séu kallaðir fyrir á hverjum degi, ég veit það ekki, en svona er þetta þá með ólöglegu stæðin eftir sem áður, það er víst. Ég þekki t. d. annað dæmi ofan af Laugavegi, sem er nákvæmlega eins og tilfellið með minn bíl, og á þeim stað á það sama sér stöðugt stað. Þá er það svo oft fyrir sunnan Hótel Borg, að ég hef orðið að ganga úti á akbrautinni, *ef ég hef þurft* að fara þar um, sökum þess að bílar eru fyrir á gangstéttinni, ekki með eitt eða tvö hjól uppi á henni, heldur er gangstéttin alsett bílum. Það er því mín skoðun, að endurskoða þurfi reglugerðina og breyta henni þá, ef ekki reynist unnt að framkvæma hana eins og hún er.

Hæstv. dómsmrh. sagði eitthvað á þá leið, að bílslysin bentu á, að of miklum ökuhraða væri um að kenna, og væri því e. t. v. ástæða til að lækka hraðahámarkið. Of mikill ökuhraði er oft *orsök slysa, það er alveg rétt. En ég hygg, að*

ef farið væri í gegnum rannsóknir bílslysa, þá mundi koma í ljós, að þau verða langoftast á gatnamótum, af því að sú regla er brotin að stoppa við aðalbrautir, þar sem þeim er til að dreifa, eða réttur þess bíls, sem réttinn á, er ekki virtur á gatnamótum. Þetta hygg ég að valdi langflestum slysum, en ekki of hraður akstur eingöngu, þó að honum sé einnig mikið til að dreifa. Ég vænti því, að hæstv. ráðh. taki rækilega til athugunar í fyrsta lagi, hvort ekki sé hægt að framfylgja reglugerðinni betur en gert er, en ef hann við þá athugun kemst að raun um, að það sé ekki hægt, þá athugi hann, hvort hann vill beita sér fyrir breytingum á henni, og þetta vona ég að hann geri.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Allar þær breytingar, sem felast í þessu frv., virðast til verulegra bóta frá því, sem nú er í l. Ég sé því ekki annað en ég geti fylgt frv. með mjög góðri samvizku.

Það hefur ýmislegt dregizt hér inn í umræðurnar, er hnígur að því, að um sé að ræða lélegt eftirlit með gildandi bifreiðalögum, einkum hvað bifreiðaakstur snertir, og er það hverju orði sannara. Ég hygg, að í færri tilfellum sé ekið með leyfilegum hraða, og á það ekki síst við Reykjavík. Það mun vera rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að þeir, sem gæta þess að aka með leyfilegum hraða, séu í einna mestri hættu, þannig er eftirlitið eins og með svo margt annað.

Við sjáum það daglega fyrir okkur og oft á dag, að bifreiðar eru skildar eftir með eitt, tvö eða öll hjól uppi á gangstéttum og bifreiðalögin þannig brotin. Enn eru önnur lögbrot, sem ekki liggja eins ljóst fyrir, en orðrómurinn telur flestum lögbrotum almennari, og það er leynivínsalan í bílum, og gengur þetta svo langt, að heilar bílastöðvar hafa verið bendlaðar við þetta í munni almennings. Nú skal ég ekkert fullyrða um þetta. En mér hefur alltaf þótt einkennilegt, að þetta gæti átt sér stað með lögreglustöðina í hjarta bæjarins, og getur ekki verið um að ræða skort á lagalegri aðstöðu til að uppræta þennan ósóma, heldur ber þetta vott um þann almenna slappleika í eftirliti með framkvæmd laga hér á landi.

Nýlega voru ummæli í Morgunblaðinu um leigubílstjóra og leynivínsölu. Það hefur verið fullyrt, að varla væri hægt að fá leigubíl nema kaupa um leið flösku af bílstjóranum. Þetta hefur þótt heldur ótrúlegt, en í umræddri Morgunblaðsgrein segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta þótti heldur ótrúlegt og varð til þess, að farið var að rannsaka málið. Við þá rannsókn kom í ljós, að sögurnar höfðu við rök að styðjast og allmargir bifreiðarstjórar hafa neitað að aka með fólk, nema um brennivínskaup væri að ræða um leið.“

Mig langar nú til að spyrja hæstv. dómsmrh. ýmissa spurninga í sambandi við þetta: hvort þessi rannsókn hafi verið gerð, hver hafi framkvæmt hana, hvernig hún hafi verið gerð og hvað hún hafi þá leitt í ljós, hverjar niðurstöðurnar séu. Hann vék að því í sinni ræðu, að ekki skorti lagaákvæði um sekt í bifreiðalögunum, heldur væri svo miklum erfiðleikum bundið að afla nægilegra sannana fyrir lagabrotunum. Eftir því, sem Morgunblaðið segir, virðast þær sannanir liggja fyrir í ýmsum tilfellum, og þætti mér fróðlegt að vita nánar um það, sem er að baki þessari frásögn hins virðulega blaðs.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir náttúrlega vænt um, að hv. 3. landsk. ber það traust til Morgunblaðsins, að hann telur það jafngilt lögreglurannsókn, og væri óskandi, að hann tryði ýmsu þar betur en hann gerir og eins vel og þessu atriði, og geri ég þá ráð fyrir, að okkur kæmi betur saman en raun ber vitni. Ég skal þá ekki heldur vefengja það, sem í blaðinu stendur, en lýsi yfir því, að mér er með öllu ókunnugt um það og get ekki upplýst það frekar að svo komnu máli. Hitt er svo annað, að ég tek málið til athugunar eða læt athuga það. Ég hef töluvert látið þegar athuga áfengissölu bílstjóra hér í bænum, og án þess að ég láti nokkuð uppskátt um niðurstöður af þeim rannsóknum, þá get ég sagt, að réttir aðilar láta þetta ekki afskiptalaust til lengdar.

Hannibal Valdimarsson: Mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. metur þá frásögn, sem ég las, svo mikils, að hann ætlar að athuga málið og afla sér fullrar vitneskju, og að hann lét í ljós, að yfirvöldin ætluðu nú að taka leynivínsöluna alvarlegum tökum. En út af ósk hans um, að ég mætti fylgja Morgunblaðinu betur en ég geri, skal ég segja það, að þegar það í málefnalegum flutningi byggir niðurstöður sínar á óvefengjanlegum rannsóknum og staðreyndum, þá er ég með. En mér finnst það ekki svo oft bera við, og því hef ég ekki fylgt Morgunblaðsmönnum fram að þessu.

Forseti (BSt): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. — Áður en gengið verður til atkv., vil ég benda á, að í fyrstu málsgr. 2. gr. er augljós prentvilla, og er því sjálfsagt að leiðrétta hana, án þess að sérstök brtt. þurfi að koma til. Hins vegar tel ég ekki rétt að leiðrétta hana, fyrr en séð verður, hvort frv. verður eitthvað breytt við 3. umr., það væri aðeins til að eyða pappír og kosta prentun að prenta sérstaka brtt. En ef n. gerir á annað borð einhverjar brtt. við frv., þá er rétt að gera um leið brtt. um að leiðrétta það, er ég nefndi, það kostar ekkert, ef einhverjar brtt. eru gerðar og prentaðar á annað borð. En ef n. gerir engar brtt., þá tel ég, að þetta megi leiðrétta án þess að fara að gera um það sérstaka brtt. og prenta hana, eins og ég hef þegar sagt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 351, 460).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Nm. hafa athugað frv., og hefur sú athugun leitt til þess, að við gerum hér eina litla brtt., sem ekki breytir neinu verulega í efni, en tekur skýrt fram það, sem ekki þótti koma nógu greinilega fram áður, þ. e. að þau réttindi, sem þeir fá, sem ætla að kenna mönnum að keyra bíla, séu tímabundin. Þetta kemur að nokkru leyti fram í 2. málsgr., þar sem segir, að menn eigi að greiða gjald fyrir framlengingu, en hins vegar er hvergi talað um, til hvað langs tíma skírteini er gefið. Þessi brtt. á þskj. 460 útskýrir sig því sjálf, og þarf ekki meira um hana að segja.

Hitt atriðið, sem rætt var um við 2. umr., hve mikil nauðsyn væri að taka til athugunar, á hvern hátt verði útilokað, að vinnautn sé eins mikil í sambandi við bílaakstur eins og nú er, lætur n. í þetta skipti eiga sig, þar sem hún hefur vilyrði hæstv. ráðh. fyrir því, að þessi mál verði tekin til athugunar fyrir þingið í haust og þá gerðar um það till., sem þá væntanlega koma frá ríkisstj.

N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari litlu breyt.

ATKVGR.

Brtt. 460 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 510).

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. við 2. gr. þessa frv. á þskj. 546. Brtt. fer fram á það, að aldurstakmark bifreiðarstjóra verði miðað við 17 ára aldur í stað 3 mánaða neðan við 18 ára aldur. Ég hef tekið eftir því, eftir að jepparnir fóru að verða algengari, að 16—18 ára drengjum, sem er mjög auðvelt að stjórna bílum, er það bannað. Þess vegna legg ég til, að aldurstakmarkið sé ekki hærra en 17 ára. Menn á þeim aldri eru vel færir til þess að aka bifreiðum. Þeir menn í mínu héraði, sem prófa menn í þessu, þeir Bergur Arnbjarnarson og Geir Bachmann, álíta, að óþarfi væri að hafa takmarkið hærra en 17 ár. Sumir telja minni áhættu í sveitum en í kaupstöðum og því hægt að hafa aldurstakmarkið þar lægra, en ekki er hægt að gera þar upp á milli. Ég vona, að n. athugi brtt. og taki henni vel, og kemur hún ekki til atkv. fyrr en við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 510, n. 619, 546).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi óska þess, að hæstv. dómsmrh. gæti verið viðstaddur þessa umr., vegna þess að ég þarf að fá yfirlýsingu frá honum í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé hér í húsinu, en ég get tæplega hafið framsögu í málinu, nema hann sé viðstaddur umræðuna.

Forseti (BG): Ég mun verða við tilmælum hv. frsm., og er þá umr. um málið frestað, þar til hæstv. dómsmrh. verður viðlátinn. — [Umr. frestað um stund.]

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþ. með tveimur breyt. Um 1. gr. þessa frv. er það að segja, að það virðist vera mjög nauðsynlegt að setja þau ákvæði, sem sú gr. inniheldur, sem sé, að ef maður leitar eftir að fá ökuskírteini utan heimilissveitar sinnar, þá skuli hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimasveit sinni. Allshn. leggur til, að þessi gr. verði samþ. alveg óbreytt. — N. hefur hins vegar lagt til, að á 2. gr. frv. verði gerðar tvær breyt. Það er svo nú, að til kennslu í akstri eru notaðar allar mögulegar tegundir bifreiða. Og ef maður lærir eða tekur próf á jeppabifreið eða lítilli enskri bifreið eða smá-sendiferðabifreið, þá getur hann fengið réttindi til að aka margra tonna vörubifreið, þó að reyndar sé enginn samanburður á því, hve miklu erfiðara er að stjórna svo þungri bifreið heldur en léttri bifreið. Allshn. hefur þess vegna lagt til, að sett verði í gr. heimild fyrir dómsmrh. ekki aðeins til að ákveða gerð þeirra bifreiða, sem notaðar eru til kennslu í akstri, heldur einnig þyngd þeirra. Þetta yrði nokkuð til samræmis við það, sem gerist í sambandi við meira próf. Þá yrðu menn ekki látnir taka meira próf á minni bifreið heldur en 20 til 30 manna fólksbifreið. — Ég vildi spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann mundi ekki, ef þetta ákvæði væri sett inn í l., nota það til þess að ákveða í þessu sambandi vissa þyngd á vörubifreiðum, sem tekin væru próf á, því að annars hefði ég talið, að Alþ. hefði jafnvel átt að setja ákvæði um þetta inn í l.

Þá er önnur brtt. n. sú, að aftan við síðustu málsgr. 2. gr. bætist: „Enn fremur er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða hámarksgjald fyrir bifreiðakennslu."

Í þessari sömu gr. frv., 2. gr., er gert ráð fyrir því, að ekki kenni aðrir bifreiðaakstur heldur en þeir, sem fá löggildingu hjá dómsmrn. Þar sem gera má ráð fyrir, að eitthvað fækki mönnum í faginu við þessa ráðstöfun, þá taldi allshn. rétt, að sett yrðu ákvæði um hámarksgjald fyrir bifreiðaaksturskennslu. — Ég vildi í þessu sambandi einnig spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann mundi ekki einnig nota þá heimild, því að ef hann teldi sig ekki geta notað hana, teldi ég, að setja bæri inn í l. ákvæði um reglur fyrir hámarkstaxta fyrir bifreiðaaksturskennslu.

Það er orðið svo um okkar umferðamál, að þau eru að verða eitt okkar mesta vandamál. Sjóslysin hafa fram að þessu tekið hæstan skatt af landsmönnum á ári hverju. En umferðin hér er einnig farin að taka mjög háan skatt, og það

svo, að síðustu árin munu hafa farizt hér um 20 manns á hverju ári í bifreiðaslysum. Umferðarmálin eru þess vegna orðin einhver okkar mestu vandamál samhliða öryggismálum á sjó, og það þarf að taka þau nokkuð föstum tökum. Bæði þarf að vinna að því að kenna mönnum umferðarreglur, svo sem nú er farið nokkuð að gera með kennslu Slysavarnafélagsins, og enn fremur þarf að hafa strangari gætur á því, að umferðarreglur séu haldnar. Það má segja, að einn þáttur í því að koma umferðarmálum okkar í lag sé að koma umferðarkennslu í betra horf heldur en verið hefur hingað til. Og ég vænti þess, að frv. það, sem hér liggur fyrir, stefni að því leyti í nokkuð rétta átt. En einn bezti grundvöllur þess að vita, hvað gera þarf í sambandi við umferðarmálin til þess að gera umferðina öruggari, er, að jafnan liggi fyrir skýrslur um umferðarslys, á hvaða stöðum þau verða og af hvaða orsökum þau verða. Fyrir síðasta stríð var sá siður uppi að halda nákvæma skrá um umferðarslys, sem gerð mun hafa verið á skrifstofu sakadómara. Þessi siður lagðist niður í ófriðnum, en var tekinn upp aftur að ófriðnum loknum. Og ég hafði, meðan ég var dómsmrh., látið semja nákvæma skýrslu um umferðarslys, bæði um það, hvar þau hefðu orðið og af hvaða orsökum, eftir því sem frekast varð upplýst. Síðan þessar skýrslur voru gerðar, eru nú liðin tvö ár, og ég hef á þeim tíma ekki séð neinar skýrslur frá dómsmrn. um þetta. — Vildi ég spyrjast fyrir hjá hæstv. dómsmrh. um það, hvort ekki muni verða hafinn undirbúningur að því, að slíkri skýrslugerð verði haldið áfram, því að ég tel hana mjög nauðsynlega og rétt að minnast á hana einmitt í sambandi við þetta mál.

Frá hv. þm. A-Húnv. liggur fyrir brtt. við þetta frv. á þskj. 546, um að láta aldurstakmark þeirra, sem mega fá bifreiðaaksturskennslu, miðast við 17 ára aldur í stað 17 ára og 9 mánaða, sem í frv. er gert ráð fyrir. — Ég get eftir atvikum mælt með því fyrir hönd allshn., að þessi brtt. nái samþykki, eftir að hafa borið mig saman við formann bifreiðaeftirlitsmannafélagsins hér á landi.

Ég mun svo láta máli mínu lokið, en vil aðeins láta það fylgja, að ég tel, að mjög nauðsynlegt væri fyrir umferðarmálin, að jafnhliða því, að kennslu bifreiðaaksturs væri komið í betra horf, eins og þetta frv. stefnir að, þá yrði einnig lögð áherzla á það að mennta bifreiðaeftirlitsmenn sem allra bezt í sinni grein. — Fyrir eitthvað þremur árum síðan, að ég hygg, gafst okkur kostur á því að hafa nokkra lögregluþjóna í lögregluþjónsstarfi í Svíþjóð, og hygg ég, að það hafi gefizt vel. Ef svo færi, að okkur gæfist kostur á að hafa nokkra bifreiðaeftirlitsmenn, t. d. í mannaskiptum, sem vel gæti komið til mála, í einhverju hinna Norðurlandanna, þar sem umferðarmenningin er á háu stigi, mundi það geta bætt aðstöðu okkar bifreiðaeftirlitsmanna til þess að sinna sínum starfa. Og væri vel, ef hæstv. dómsmrh. vildi hafa þetta í huga.

Einn nm. í allshn., hv. 7. þm. Reykv. (JóhH), var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í n., eins og líka er tekið fram í nál. Veit ég því ekki um afstöðu hans.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir undirtektir hennar undir þetta mál. Ég hef síður en svo neitt að athuga við brtt. þær, sem n. hefur borið fram. Ég mundi nú telja, að efni fyrri brtt. hefði rúmazt í frv. eins og það er nú. En það getur verið réttara að taka þetta fram berum orðum, að dómsmrh. sé heimilt að kveða á um þyngd kennslubifreiða. Og ef það væri ákveðið, þá mundi að sjálfsögðu verða farið eftir till. þeirra manna, sem um þetta fjalla mest. Hv. frsm. allshn. hefur talað um þetta mál við mig og gert mér skýra grein fyrir því, að n. telji rétt að hafa sérstök ákvæði í l. um þyngd kennslubifreiða. Á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að finna að fullyrðingum hans. En ég get ekkert fullyrt um þetta, fyrr en ég hef ráðfært mig við sérfróða menn í þessu efni. En ég viðurkenni, að það þarf þung rök til þess að vega á móti því, sem hv. frsm. sagði í þessu efni. — Eins er það, að ef á að fá bifreiðakennurum sérréttindi til starfa, þá finnst mér, að líka þurfi að setja hámark fyrir því gjaldi, sem þeir megi taka fyrir sína kennslu, svo að mér finnst eðlileg sú brtt., sem fram kemur um þetta.

Varðandi fyrirspurn hv. frsm. um yfirlit yfir bifreiðaslys og orsakir þeirra, þá er það rétt, sem hann segir, að frá fyrri tíð eru til um þetta allmikil gögn. Ég ræddi um það í fyrra við lögreglustjóra og sakadómarann hér, hvort hægt væri að halda áfram þessari yfirlitsgerð hér. Þá voru ekki menn fyrir hendi til þess að sinna þessum störfum. En nú hef ég talað við lögreglustjórann hér í bænum. Hann segist hafa góðan mann, sem hann treysti til þessa starfa, en hann taldi réttara að leita um þetta álits fjmrh., áður en ákveðið væri endanlega, að maðurinn væri settur í þetta starf, því að það hefur kostnað í för með sér. En það mun ekki standa á mér að mæla með því, því að ég tel þetta þarfa ráðstöfun.

Þá vil ég geta þess, að mér finnst eðlilegt, að stuðlað verði að því, að bifreiðaeftirlitsmenn hér geti nokkuð skipzt á störfum við sína starfsbræður í öðrum löndum, svo að þeir þannig geti fengið færi á að fá meiri reynslu í starfinu og að sjá, hvernig þessum störfum er hagað í öðrum löndum. Formaður bifreiðaeftirlitsmannafélagsins hefur talað um þetta við mig, og ég hef tekið líklega málaleitun hans.

Varðandi brtt. hv. þm. A-Húnv. skal ég ekki segja mikið. Hv. frsm. n. mælti með henni. En ég verð að segja það, að í frv., sem á að gera strangari kröfur en áður hafa verið til þeirra, sem aka bifreiðum, viðkomandi prófum, þá finnst mér það koma þar í nokkurri andstöðu að lækka aldurinn niður í 17 ár, sem sé lágmarksaldur þeirra, sem megi æfa sig í akstri bifreiða, úr 17 árum og 9 mánuðum. Það er vitað, að slys hafa komið fyrir við kennslu í bifreiðaakstri og stundum meðal unglinga. Og meðan slysin eru jafnmikil og geigvænleg eins og þau eru nú í þessu sambandi, þá finnst mér ekki nauðsynlegt að samþykkja þessa brtt. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að hún mundi valda neinni byltingu í þessu efni, þótt samþ. væri. En heldur hef ég ógeð á samþykkt hennar.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans undirtektir. Og ég vil leggja sérstaka áherzlu á, að ekki verði látið undan fallast að taka upp þá skýrslugerð um umferðarslys, sem ég nefndi áðan, því að áreiðanlega er hin mesta nauðsyn á þeirri skýrslugerð til þess að geta vitað, hvernig slík slys vilja til, til þess svo að geta vitað, hvernig á að afstýra þeim. Jafnvel þó að þetta kostaði ríkissjóð eins manns laun a. m. k. part úr ári, tel ég, að þetta sé blutur, sem ekki megi undan fallast, eins mikill skaði og manntjón og nú er orðið af völdum bifreiðaslysa hér á landi.

Þá vil ég og leggja áherzlu á það, þó að það kosti fé, að bifreiðaeftirlitsmönnum verði gert kleift að hafa starfaskipti við starfsbræður sína annars staðar á Norðurlöndum, þannig að a. m. k. tveimur eða þremur bifreiðaeftirlitsmönnum gæfist kostur á að kynna sér bifreiðaeftirlitsstarf annarra landa, ekki mun af því veita, því að í allri umferðarmenningu stöndum við langt að baki flestum öðrum þjóðum, sem eðlilegt er, vegna þess, hve okkar bifreiðaumferð er ung, samanborið við það, sem hjá öðrum þjóðum gerist.

Út af brtt. hv. þm. A-Húnv. um að færa aldurstakmarkið niður um 9 mánuði, sem sé lágmark þess aldurs, er menn verða að hafa, til þess að þeir megi æfa sig í bifreiðaakstri, þá hafði ég borið mig saman við formann bifreiðaeftirlitsmannafélagsins hér og hann hafði talið, að af þessu mundi ekki stafa nein hætta. Það er nú hér ekki um meira að gera en 9 mánuði, og er mjög algengt, eins og nú standa sakir, að menn byrji bifreiðaakstur mjög ungir, og sýnist ekki, að neitt sérstakt tjón hafi orðið af því. Miklu fremur mundi vera tjón af því, að menn væru við bifreiðaakstur of gamlir heldur en of ungir. Ég held, að það geti ekki valdið neinu tjóni, þó að aldurstakmarkið verði fært niður um þessa 9 mánuði.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki fara inn á að ræða þetta mál almennt. Þess gerist ekki þörf. En ég vil þakka hv. frsm. fyrir það að hafa tekið vinsamlega í mína brtt. á þskj. 546 um að færa aldurstakmarkið fyrir bifreiðaakstursnemendur niður um 9 mánuði. Ég gerði grein fyrir brtt. við 1. umr. málsins og tók þá fram, að brtt. væri flutt m. a. vegna meðmæla þeirra manna, sem hafa með bifreiðaeftirlit og bifreiðaakstursþróf að gera í minu héraði og mörgum öðrum, svo sem Akranesi og Borgarnesi. Og það, sem kemur mér sérstaklega til þess að flytja þessa brtt., er það, að það veldur talsverðum óþægindum, þar sem jeppar eru í sveitum landsins, að unglingum á þessum aldri, frá 17 ára og til þess takmarks, sem nú gildir, sé bannað að læra að fara með bifreið, því að víða er það svo á sveitaheimilum, að unglingar einmitt á þessum aldri eru einu mennirnir, sem hægt er að hafa til að nota þetta heimilistæki. Þeir bifreiðaeftirlitsmenn, sem ég hef talað við, hafa tjáð mér, að það væri þeirra skoðun, að það hefði ekki komið í ljós, að það hafi valdið erfiðleikum og því síður slysum, að menn hafi of ungir lært bifreiðarstjórn. — En ég hafði látið mér detta í hug, að það ætti að setja aldurstakmark ofan frá, þannig að menn hefðu ekki leyfi til að læra að aka bifreið, eftir að þeir eru komnir yfir einhvern vissan aldur, því að það er áreiðanlega hættulegra, að gamlir menn læri að aka bifreið, heldur en menn á þessum unga aldri. — Atkv. skera úr um þetta atriði, eins og annað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 546 samþ. með 16:3 atkv.
— 619,a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 619,b samþ. með 20:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 85. fundi í Ed., 23. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað aftur frá Nd., sem hefur gert á því eina breyt. Breyt. er í því fólgin, að eins og frv. fór frá þessari hv. d. til hv. Nd., þá var í því gert ráð fyrir, að engum mætti veita æfingu í akstri, sem yngri væri en svo, að hann vantaði þrjá mánuði í átján ára aldur. En hv. Nd. breytti þessu ákvæði frv. þannig, að í frv. er þetta þannig nú, að ekki megi veita yngri mönnum en seytján ára æfingu í akstri. — Ég tel, að þetta eigi ekki að standa í vegi fyrir því, að frv. sé samþ., þó að n. hafi að vísu ekki haft fund um frv., eftir að því var breytt á þennan veg í hv. Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 657).

---

27. Fjárlög 1948.

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjárl. fyrir árið 1948 (stjfrv., A. 262).

Á 40. fundi í Sþ., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá verður gengið til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem á dagskrá er, sem

er frv. til fjárl. fyrir árið 1948. Fyrstur tekur til máls hæstv. fjmrh., Jóhann Jósefsson.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Eftir að lögin um dýrtíðarráðstafanir höfðu verið samþykkt á Alþ. skömmu fyrir síðustu áramót, var fyrirsjáanlegt, að víðtækar breytingar þurfti að gera á fjárlagafrv. því, er þá lá fyrir Alþ. Fór Alþ. þess á leit við mig, að ég legði fram nýtt fjárlagafrv. samræmt ákvæðum dýrtíðarlaganna. Hef ég orðið við þeirri ósk og nýju frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 þegar verið útbýtt á Alþ. En áður en ég geri þetta frv. að umræðuefni, þykir hlýða að skýra Alþ. frá fjárhagsafkomu ríkissjóðs á s. l. ári samkvæmt þeim gögnum, er nú liggja fyrir.

Samið hefur verið bráðabirgðayfirlit um tekjur og gjöld ríkisins árið 1947, svo hljóðandi:

Yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1947.

Tekjur:	Fjárlög	Til des. '47
Tekju- og eignarskattur og viðauki	35 000 000.00	44 395 193 00
Stríðsgróðaskattur, hluti ríkissjóðs	3 000 000.00	4 082 321.00
Fasteignaskattur	600 000.00	643 855.00
Lestagjald af skipum	100 000.00	141 319.00
Vörumagnstollur	17 400 000.00	23 491 719.00
Verðtollur	72 500 000.00	72 255 120.00
Innflutningsgjald af benzíni	5 800 000.00	2 900 747.00
Gjald af innlendum tollvörum	3 000 000.00	3 185 312.00
Bifreiðaskattur	3 300 000.00	2 808 748.00
Aukatekjur	1 600 000.00	1 917 896.00
Stimpilgjald	4 000 000.00	5 424 851.00
Vitagjald	600 000.00	851 152.00
Leyfisbréfagjald	100 000.00	125 285.00
Erfðafjárskattur	200 000.00	296 566.00
Veitingaskattur	1 000 000.00	1 656 787.00
Ríkisstofnanir	53 341 572.00	70 488 845.00
Aðrar tekjur (aðallega af sölu setuliðseigna)	698 107.00	2 384 789.00
	202 239 679.00	237 050 505.00
÷ Hækkun eftirst. á árinu ca.		5 000 000.00
Samtals	202 239 679.00	232 050 505.00

Tekjur ársins 1947 munu ekki breytast mjög mikið frá því, sem hér er talið. Hins vegar munu gjöldin hækka verulega. T. d. er mikið ógreitt vegna dýrtíðarráðstafana og vegna tryggingalaganna, og telja má víst, að eitthvað bætist við á flestum greinum fjárlaganna.

Gjöld:	Fjárlög	Til des. '47
7. gr. Vextir	1 169 193.00	2 229 459.00
8. — Forsetaembættið	362 603.00	276 852.00
9. — Alþingiskostnaður	1 515 576.00	1 338 066.00
10. — I. Ríkisstjórnin	2 528 892.00	3 344 531.00
10. — II. Hagstofan	311 677.00	337 909.00
10. — III. Utanríkismál	1 461 915.00	2 146 512.00
11. — A. Dómgæzla og lögreglustj.	8 715 734.00	9 245 054.00
11. — B. Opinbert eftirlit	826 661.00	842 432.00
11. — C. Kostnaður við innheimtu	3 857 309.00	2 352 200.00
11. — D. Sameiginlegur kostnaður	825 000.00	799 628.00
12. — Heilbrigðismál	11 631 819.00	10 390 841.00
13. — A. Vegamál	21 757 520.00	25 658 045.00
13. — B. Samgöngur á sjó	3 446 000.00	3 701 399.00
13. — C. Vitamál og hafnarg.	10 116 100.00	9 158 940.00
13. — D. Flugmál	4 259 700.00	3 445 537.00
14. — A. Kirkjumál	3 161 760.00	3 145 200.00
14. — B. Kennslumál	29 070 818.00	31 690 879.00
15. — A. Til opinberra safna o. fl.	2 516 793.00	2 185 384.00
15. — B. Til rannsókna í opinbera þágu	3 368 181.00	4 168 533.00
16. — A. Landbúnaðarmál	16 097 695.00	17 430 009.00
16. — B. Sjávarútvegsmál	964 500.00	927 330.00
16. — C. Iðnaðarmál	655 860.00	385 010.00
16. — D. Raforkumál	4 228 000.00	3 673 026.00
17. — Félagsmál	23 632 690.00	21 638 130.00
18. — Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóðs	4 544 350.00	4 516 583.00
19. — Óviss útgjöld	500 000.00	3 039 886.00
19. — Til dýrtíðarráðstafana	35 000 000.00	23 518 836.00
	196 526 346.00	191 586 211.00

22. gr. Heimildarlög		724 521.00
Sérstök lög		10 413 151.00
Þingsályktanir		387 542.00
Væntanleg fjáraukalög		1 420 201.00
Samtals	196 526 346.00	204 531 626.00

Þessu samkvæmt hafa tilfallnar tekjur ríkisins á árinu numið samtals 237 millj. kr., en áætlað er, að hækkun eftirstöðva á árinu verði um 5 millj. kr., sökum þess að lagt var fyrir innheimtumenn ríkisins að loka sjóðum um áramót vegna framkvæmda laganna um eignakönnun, þannig að þær tekjur, sem ríkissjóður fær til umráða á árinu, nemi kr. 232 millj., en það er 30 millj. meira en áætlun fjárl. var.

Helztu hækkanir eru þessar: Tekju- og eignarskattur hefur farið 9.3 millj. fram úr áætlun, stríðsgróðaskattur 1 millj., vörumagnstollur, þar í innifalinn benzíntollur, 6 millj., verðtollur hins vegar ekki gert betur en standast áætlun, stimpilgjald farið 1.4 millj. fram yfir áætlun, veitingaskattur 0.7 millj. og óvissar tekjur 1.7 millj., benzíngjald, 9 aura gjaldið, 3 millj. Bifreiðaskatturinn hefur orðið 0.5 millj. lægri en gert var ráð fyrir í fjárl.

Tekjur af ríkisstofnunum reyndust 70.5 millj. eða rúmar 17 millj. meiri en áætlað var. Ágóði af áfengissölu varð alls 47 millj. og fór 11 millj. fram úr áætlun. Hagnaður af tóbakseinkasölu varð 22 millj. eða 6.5 millj. umfram áætlun. Tap varð á rekstri póstsins 1250 þús. Landssmiðjan kom út með 171 þús. kr. hagnað á árinu, en jafnframt var afskrifað tapið á rekstri skipasmíðastöðvarinnar við Elliðaárvog, rúmar 2 millj. kr. Áður var afskrifað um 250 þús., þannig að alls hefur tapið á rekstri þessa fyrirtækis orðið 2.3 millj. kr.

Ætla má, að þetta tekjuyfirlit sé allnákvæmt, svo að ganga megi út frá, að tekjurnar breytist lítið frá því, sem hér er talið.

Öðru máli gegnir með útgjöldin. Til áramóta er útborgað alls 204.5 millj. kr., en vitað er um marga útgjaldaliði samkv. fjárl., sem ekki voru greiddir þá, og er gizkað á, að þeir nemi um 9—10 millj. kr. Við þetta bætist svo ábyrgð á fiskverði samkv. l. nr. 97 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., sem ekkert er til upp í, því að þær tekjur, sem áttu að mæta fiskábyrgðinni, brugðust algerlega, svo sem kunnugt er. Eftir því sem næst verður komizt, mun fiskábyrgðin verða allt að 23 millj. króna, sem að vísu ekki verður greidd nema með nýjum lánum, en verður að færast með rekstrarútgjöldum fyrra árs. Þegar þetta er tekið með í reikninginn, er fyrirsjáanlegt, að rekstrarafgangur verður enginn og að líkindum einhver rekstrarhalli. Vegna þess, hve mikið er ógreitt af fyrra árs útgjöldum, verður ekki á þessu stigi málsins séð með vissu, hvernig hinir einstöku útgjaldaliðir standast áætlun, en þó skal drepið á nokkur atriði í því sambandi.

Vextir hafa farið 1.1 millj. kr. fram úr áætlun, sem stafar af því, að ekkert hafði verið áætlað fyrir vöxtum af yfirdráttarláni hjá Landsbankanum. Höfðu engir slíkir vextir verið greiddir undanfarin ár, sökum þess að ýmist þurfti ríkissjóður ekki á slíku láni að halda eða aðrar innistæður ríkisins í bankanum, sem engir vextir greiddust af, námu sömu fjárhæð eða meira en skuld ríkissjóðs var, þannig að bankinn gekk ekki eftir vöxtunum. En á s. l. ári óx skuldin mjög verulega, samtímis því sem sjóðir, svo sem raforkusjóður og hafnarbótasjóður, gengu mjög til þurrðar, svo að vextir af bankaskuldinni urðu rúm 1 millj. kr.

Kostnaður við vegamál hefur farið 4 millj. kr. fram úr áætlun, sem eingöngu stafar af auknum viðhaldskostnaði þjóðvega.

Kostnaður við kennslumál var um áramót kominn upp í 31.7 millj. kr. og hafði farið 2.7 millj. kr. fram úr áætlun.

Vegna landbúnaðarmála hafði verið greitt 17 millj. eða 1.4 millj. fram yfir áætlun, þ. e. 600 þús. vegna sauðfjárveikivarna og 800 þús. í jarðabótastyrk umfram áætlun.

Auk þess hefur síðan verið greitt framlag til ræktunarsjóðs lögum samkv., 500 þús., sem ekki stóð í fjárlögum. Þeir útgjaldaliðir, sem mest er vangreitt af, eru framlag til Tryggingastofnunar ríkisins sennilega um eða yfir 3 millj. kr.

Framlög til dýrtíðarráðstafana eru áætluð 35 millj. kr., þar af voru aðeins greiddar 23.5 millj. kr. við áramót. Ekki er auðvelt að gizka á, hve mikið þetta verður, en varla er við því að búast, að niðurgreiðslurnar verði undir 30 millj. kr., þannig að ógreitt kunni að vera 6—7 millj. kr.

Samkv. heimildarl. hafa verið greiddar 724 þús., eftir þál. 387 þús. kr. og gegn væntanl. fjáraukalögum 1.4 millj. kr., eða alls 2.5 millj. kr. Er þetta óvenjulega lítið, og má til samanburðar geta þess, að árið 1946 námu þessir útgjaldaliðir samanlagt um 10 millj. kr.

Samkv. sérstökum lögum hafa verið greiddar 9.3 millj. kr. Aðalfjárhæðirnar eru 4.6 millj. uppbætur á ull frá árunum 1943—1945 og 4.7 millj., sem er útborgað fé vegna fiskábyrgðarlaganna. Fyrir báðum þessum útgjöldum hafa verið tekin lán í Landsbankanum, svo sem fram kemur á sjóðsyfirliti. Ullaruppbótin nemur alls um 6 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að lán fáist í Útvegsbankanum fyrir því, sem á vantar. Andvirði úrgangsullar, sem ýmist er seld eða verið að reyna að selja, verður látið ganga upp í lánin, eins og til hrekkur, en afgangurinn greiðist á næstu þrem árum. Fiskábyrgðin er áætluð 23 millj. kr., svo sem fyrr segir. Eftir er að greiða rúmar 18 millj. kr., sem ekki verður greitt nema af lánsfé. Standa vonir til, að bankarnir veiti lán til þessa, og mun því þessi liður ríkisreikningsins fyrir 1947 hækka að sama skapi.

Þegar frá eru teknar hinar stóru fjárhæðir til greiðslu ullaruppbóta og vegna fiskábyrgðarinnar, sem nú hefur verið greint frá, svo og þær umframgreiðslur, sem fyrirsjáanlegar eru, á vöxtum, vegamálum, kennslumálum og landbúnaðarmálum, er ekki ástæða til að halda annað en

að aðrir útgjaldaliðir fjárl. fari ekki stórlega fram úr áætlun og miklu minna en oft hefur verið á undanförnum árum, enda voru útgjöldin áætluð miklu hærri en nokkru sinni fyrr og nær sanni en oft áður.

Niðurstaðan af því, er að framan segir, verður því þessi:

Ætla má, að tekjur ársins 1947 verði 232 millj. króna.

Útgjöld í árslok	204	millj. kr.
Ógreidd útgjöld samkv. áætlun	10	— —
Ógreitt vegna fiskábyrgðar	18	— —
Samtals	232	millj. kr.

eða m. ö. o., að um engan raunverulegan rekstrarafgang verður að ræða.

Skal nú vikið að inn- og útborgunum, sem ekki koma rekstrinum við, og eignahreyfingum, sem orðið hafa á árinu.

Hinn 31. des. var yfirdráttur ríkissjóðs á hlaupareikningi 1727 kr. 33 953 263.00, en var í ársbyrjun kr. 7 900 000.00 og hafði þá vaxið um kr. 26 053 263.00 á árinu. Samkv. bráðabirgðayfirliti er þessi skuldaraukning þannig til komin:

Samkvæmt skýrslu ríkisbókhaldsins um eignahreyfingar á árinu hafa inn- og útborganir utan við rekstur orðið sem hér segir:

Inn:

1.	Útdregin bankavaxtabréf	kr.	1 490 400.00
2.	Endurgreidd lán	—	11 622 903.00
3.	Tekin ný lán og auknar lausaskuldir	—	11 278 392.00
4.	Haldið eftir af launum upp í opinber gjöld	—	1 353 162.00
5.	Ofgreitt af tilfærðum gjöldum	—	167 815.00
	Alls inn	kr.	25 912 672.00

Út:

1.	Keypt verðbréf	kr.	931 500.00
2.	Afborganir lána	—	3 535 166.00
3.	Greitt af geymdu fé	—	3 421 380.00
4.	Reistar opinberar byggingar fyrir	—	12 527 901.00
5.	Jarðakaup	—	1 043 694.00
6.	Keyptur höggbor	—	105 000.00
7.	Bygging landshafna	—	2 343 099.00
8.	Bygging strandferðaskipa	—	3 427 932.00
9.	Lánveitingar	—	12 748 404.00
10.	Ábyrgðir	—	4 435 338.00
11.	Greitt vegna alþjóðaflugferða	—	2 669 205.00
12.	Auknar innistæður hjá sendiráðunum	—	2 110 230.00
13.	Rekstrarfé opinberra stofnana	—	4 340 610.00
14.	Fyrirframgreitt vegna fjárlaga 1948	—	930 000.00
15.	Óinnborgað af innh. tekjum	—	24 533 537.00
	Alls út	kr.	79 102 996.00

Nú urðu rekstrartekjurnar alls á árinu	kr.	232 050 505.00
Innborgað samkv. yfirliti um eignahreyfingar	—	25 912 672.00
Peningar í sjóði í ársbyrjun	—	216 362.00
Alls	kr.	258 179 539.00

Rekstrarútgjöld urðu hins vegar	kr.	204 531 626.00
Útborgað samkv. yfirliti um eignahreyfingar	—	79 102 996.00
Í sjóði 31. desember	—	598 180.00
Alls	kr.	284 232 802.00
Innborgað	—	258 179 539.00
Mismunur	kr.	26 053 263.00

sem samsvarar því sem næst hækkun yfirdráttarins á árinu.

Flestir liðir skýrslunnar þurfa ekki skýringar við, en um einstaka liði skal þetta tekið fram. Alls hafa verið veitt lán úr ríkissjóði til ríkisstofnana og ýmissa framkvæmda, er ríkið hefur með höndum, 12.7 millj. kr., en endurgreitt af þeim lánum og eldri lánum 11.6 millj. kr., þannig að lánveitingar umfram endurgreidd lán eru um 1.1 millj. Lán tekin á árinu eru 11.3 millj. kr. Eru þetta lán þau, sem áður getur, til greiðslu ullaruppbóta 4 650 000 kr., og vegna fiskábyrgðarlaganna 4 675 000 kr. Hitt eru ýmsar lausaskuldir, sem myndazt hafa, aðallega aukin skuld í Handelsbanken í Kaupmannahöfn vegna smjörkaupa ríkisins.

Jarðakaup 1 043 000 kr. er fyrir keypt lönd í Hveragerði í Ölfusi, rúmar 700 000 kr., Engey 250 000 kr. og Gjábakka 60 þús. kr. Ábyrgðir 4.4 millj. kr., þar af vegna síldarverksmiðja ríkisins 3.2 millj. kr., Siglufjarðarkaupstaðar 728 þús. kr., Skagastrandar (hafnarlán) 108 þús. kr. auk ýmissa minni upphæða.

Auknar innistæður hjá sendiráðunum stafa af

því, að sendiráðin gera reikningsskil eftir á ársfjórðungslega og því ófært til gjalda nokkuð af kostnaði sendiráðanna og annað fé, er þau hafa lagt út fyrir ríkissjóð.

Rekstrarfé opinberra stofnana 4.3 millj. kr.

Af skýrslunni sést, að útborgað hefur verið utan þess, sem ráð er fyrir gert á 20. gr. fjárlaga, eftirtaldar fjárhæðir:

1.	Af geymdu fé	3.4	millj. kr.
2.	Jarðakaup	1	— —
3.	Til landshafna	2.3	— —
4.	Til strandferðaskipa	3.4	— —
5.	Aukin útlán	1.1	— —
6.	Ábyrgðir	4.5	— —
7.	Vegna alþjóðaflugferða	2.7	— —
8.	Auknar innistæður sendir. ..	2.1	— —
9.	Rekstrarfé opinb. stofn. ..	4.3	— —
10.	Fyrirframgr. vegna fjárlaga .	0.9	— —
	Alls	25.7	millj. kr.

Í skýrslu þeirri, er ég gaf Alþ. við 1. umr. fjárlaga í haust, sýndi ég fram á, að á árinu 1946 og 1947 hefði verið varið 32 millj. króna til ýmiss konar framkvæmda, sem ríkið hefur með höndum, án þess fjár hafi verið aflað til þeirra með fjárveitingum eða lánum. Nú hefur þessi fjárhæð aukizt enn og mun nema allt að 35 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur gert ítrekaðar tilraunir til að afla lánsfjár innanlands, en þær tilraunir hafa engan árangur borið. Hin mikla fjárfesting, sem átt hefur sér stað undanfarin ár bæði á sviði atvinnuveganna, byggingar íbúðarhúsa o. fl. á sjálfsagt sinn stóra þátt í, hve erfitt er nú um útvegun lánsfjár, og lögin um eignakönnun hafa rekið smiðshöggið á þetta ástand. Að sjálfsögðu mun ríkisstj. halda áfram tilraunum sínum í þessa átt, hver sem árangurinn verður. Af eftirfarandi yfirliti má sjá, hvernig handbært fé ríkissjóðs hefur smám saman gengið til þurrðar og lausar skuldir aukizt. 1. jan. 1944 voru peningar í sjóði og inneign í Landsbankanum kr. 20.5 millj., en í árslok kr. 16.5 millj. og hafði sjóðseign því minnkað um 4 millj. kr. Í árslok 1945 er sjóðseignin 13.9 millj. kr., og hafði því sjóðseignin rýrnað á því ári um 2.6 millj. Í árslok 1946 er sjóðurinn horfinn og komin skuld við Landsbankann, 7.9 millj., eða alls 21.8 millj. kr., sem fest hafði verið á árinu. En á árinu 1947 varð hækkun yfirdráttarins 26 millj. kr., eins og fyrr segir.

Eins og skýrt hefur verið, var yfirdráttur ríkissjóðs í Landsbankanum um síðustu áramót rúmar 33 millj. kr. Alveg fyrirsjáanlegt er, að þessi skuld heldur áfram að vaxa, bæði sökum þeirra framkvæmda, sem ríkið hefur með höndum og ekkert fé er ætlað til á fjárlögum, svo sem byggingar strandferðaskipa o. fl., sem ekki verður hætt við, og einnig sökum þess, að samkvæmt reynslunni hrökkva tekjurnar ekki fyrir útgjöldum fyrri hluta ársins, vegna þess að tekjuskatturinn, einn stærsti tekjuliður fjárlaganna, fellur ekki í gjalddaga fyrr en á manntalsþingum og fer raunar ekki að renna að nokkru inn í ríkissjóð fyrr en í september. Það er því brýn nauðsyn að breyta þessari skuld í fast lán að einhverju eða öllu leyti, því að bæði er þetta mjög óhagstætt lán og auk þess eru að sjálfsögðu takmörk fyrir því, hve lengi Landsbankinn getur veitt lán til daglegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs.

Þar við bætist svo nauðsynlegt lán vegna fiskábyrgðarlaganna, 18 millj. kr., en ríkissjóður getur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkv. þeirri löggjöf nema með nýrri lántöku.

Enn fremur er aðkallandi að útvega lán handa ræktunarsjóði, 10 millj. kr., og 5 millj. kr. samkv. l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Loks er óhjákvæmilegt að afla lánsfjár, 5 millj. kr., samkv. dýrtíðarlögunum til aðstoðar útvegsmönnum, sem biðu stórtjón á síldveiðunum s. l. sumar.

Þessar fjárhæðir samanlagðar nema samtals 71 millj. kr., sem afla verður með lántökum, til þess að staðið verði við þau fyrirheit, sem Alþ. hefur gefið, og til þess að ríkisbúskapurinn verði rekinn með eðlilegum hætti þetta ár.

En með þessu er sagan ekki hálfsögð enn. Á árunum 1945 og 1946 voru samþykkt mörg lög, sem gerðu ráð fyrir stórfelldum framkvæmdum, sem allar átti að gera með lánsfé, má þar til nefna:

Lög nr. 90 1945, um kaup á nýjum strandferðaskipum, lánsheimild 7 millj. kr.

Lög nr. 104 1945, um aðstoð til síldarútvegsmanna, 4 millj. kr.

Fjárlög 1945, 22. gr. XVIII. Viðbótarframlag til fiskhafna, 2 millj. kr.

Lög nr. 59 1945, um aukið húsnæði í þarfir ríkisins, óákveðin upphæð, en Arnarhvoll mun kosta um 3 millj. kr.

Lög nr. 52 1945, um byggingu nokkurra rafveitna, 12 millj. kr.

Lög nr. 105 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, 2 millj. dollara, 13 millj. kr.

Lög nr. 109 1945, um togarakaup ríkisins, 60 millj. kr.

Lög nr. 19 1946, um lántöku til símaframkvæmda, 12 millj. kr.

Lög nr. 32 1946, um Austurveg, 20 millj. kr.

Lög nr. 23 1946, um tunnusmiði, 3 millj. kr.

Lög nr. 36 1946, um gistihús í Reykjavík, 5 millj. kr.

Lög nr. 47 1946, um síldarniðursuðuverksmiðjur, 3 millj. kr.

Lög nr. 54 1946, um skipakaup ríkisins, Svíþjóðarbátar, 30 millj. kr.

Lög nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkurhreppi, 10 millj. kr.

Lög nr. 57 1946, um síldarverksmiðjur, 27 millj. kr., sem var hækkað með l. nr. 51 1947 upp í 43 millj. kr.

Lög nr. 82 1946, um lýsisherzluverksmiðju, 7 millj. kr.

Samtals 231 millj. kr.

Enn fremur má nefna lög nr. 73 1947 um innkaupastofnun ríkisins, og er lánsheimildin óákveðið.

Samkvæmt þessum heimildum hafa verið tekin lán sem hér segir, auk þess, sem innifalið er í yfirdrætti hjá Landsbankanum:

Lán í Tryggingastofnun ríkisins, til aðstoðar síldarútvegsmönnum 1945, 4 millj. kr.

Lán til fiskhafna, 1 millj. kr.

Til rafveitna hefur verið lánað úr raforkusjóði, en ekki annað lán tekið, 12 millj. kr.

Samið hefur verið við Landsbankann um lán vegna laga um gjaldeyrisvarasjóð og alþjóðabanka og sömuleiðis um togarakaup ríkisins, en lánsheimildin samkv. þessum lögum nam alls 73 millj. kr.

Til símaframkvæmda var tekið lán í Landsbankanum, 6 millj. kr.

Lánsheimild vegna Sviþjóðarbátanna notuð svo sem fengizt hefur lán til, en hún var 30 millj. kr.

Af lánsheimild vegna síldarverksmiðja ríkisins, notuð 27 millj. kr., en auk þess er skuld Landsbankans vegna byggingana 13 millj. kr., sem semja þarf um.

Notaðar heimildir 153 millj. kr.
Lánsheimildir alls 231 millj. kr.
Lánsheimildir ónotaðar 78 millj. kr.

Frá þessu má svo draga yfirdráttarlánið, sem áður er reiknað með, 33 millj. kr., og eru þá eftir af ónotuðum lánsheimildum 45 millj. kr.

Ekki eru þó öll kurl komin til grafar enn. Á Alþ. 1946 voru samþ. raforkulög, sem gera ráð fyrir stórfelldum framkvæmdum á sviði raforkumála. Samkv. áætlun rafmagnseftirlitsins um framkvæmdir á næstu 3 árum er gert ráð fyrir fjárfestingu á þessu sviði, er nemi alls um 53.3 millj. kr., og er lánsþörf ríkisins í því sambandi áætluð rúmar 53.3 millj. kr.

Samkv. þessu yfirliti er því lánsþörf ríkisins:
Óhjákvæmilegar lántökur á þ. á. 71 millj. kr.
Lánsheimildir ónotaðar 45 millj. kr.
Lán til raforkuframkvæmda 53.3 millj. kr.
Samtals um 170 millj. kr.

Alþingi það, sem setið hefur að völdum undanfarin 3 ár, verður vissulega ekki sakað um að hafa sýnt ihaldssemi í fjármálum. En þó hafa alltaf legið fyrir stórum meiri kröfur frá ýmsum hv. alþm. en Alþ. þó hefur fallizt á. Hitt er ef til vill sönnu nær að segja, að Alþ. hafi sýnt af sér fyrirhyggjuleysi og furðulegan skilningsskort á því ástandi, sem var að skapast í landinu eftir peningaflóð styrjaldaráranna. Síðustu 3 árin hefur verðþenslan farið sívaxandi, fjárfestingin verið gífurleg og útgjöld ríkissjóðs nærri sjöfaldazt síðan árið 1941 og nærri tvöfaldazt síðan 1944, að nokkru leyti vegna verðbólgunnar, en að langmestu leyti fyrir eigin tilverknað Alþingis, með fjárfrekri og fyrirhyggjulitilli löggjöf.

Auk þess, að skuldir ríkisins hafa vaxið allverulega í seinni tíð og svo hljóti að verða um skeið, ef allt á að komast í framkvæmd, sem Alþ. hefur samþ. að láta gera, og að vaxtagreiðslur hljóti að hvíla allþungt á fjárhag ríkisins á næstu árum, þá hefur verið svo um hnútana búið, einkum síðustu 2—3 árin, að nýtt viðhorf hefur skapazt í fjármálum ríkisins, ekki síður hættulegt fjárhag ríkisins, og á ég þar við ábyrgðir þær, sem ríkið hefur tekið á sig fyrir atbeina löggjafarvaldsins, ýmist samkv. sérstökum lögum, heimild í fjárlögum eða jafnvel samkv. einfaldri þingsályktun. Ábyrgðir þessar eru veittar bæjar- og sveitarfélögum, ýmsum stofnunum og félögum einstakra manna. Varla er hugsað til nokkurra stærri framkvæmda bæjar- og sveitarfélaga, nema ríkið sé á einhvern hátt við það riðið, ýmist með styrk, lánveitingum eða ábyrgðum og stundum allt þetta til samans. Af löggjöf síðari ára má nefna í þessu sambandi raforkulög, lög um hafnarbætur, lög um vatnsveitur, lög um byggingarsamvinnufélög o. m. fl. Og ábyrgðirnar eru svo sem ekki skornar við nögl, 75% allt upp í 85% af stofnkostnaði fyrirtækjanna. — Ábyrgðirnar nema nú samkv. skýrslum fjmrn. 283.9 millj. kr., og eru þar ekki taldar skuldir síldarverksmiðja ríkisins. Er þetta ískyggilega stór fjárhæð, þegar tekið er tillit til þess, að þessum lögbundnu ábyrgðum eru svo að segja engin takmörk sett, á meðan nokkurt fé fæst til nýrra framkvæmda. Við þetta bætist svo, að hætt er við, þegar að kreppir, að stjórnendur þeirra fyrirtækja, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, freistist til að láta ríkissjóð sitja á hakanum í þeirri góðu trú, að hann verði vægastur í kröfum, og sannast bezt að segja mun ríkissjóði vera lítill akkur í því að ganga að slíkum fyrirtækjum, sem ekki geta borið sig á annað borð. Fyrir fram verður aldrei séð, hve miklu ríkissjóður þarf að svara út árlega vegna þessara ábyrgða, en það getur orðið stórmikið fé, ef illa árar. Að þessu leyti eru því ábyrgðirnar enn háskalegri en lánin. Ríkissjóður hefur þegar á s. l. ári fengið smjörþefinn af þessu, þar sem hann varð að greiða út alls rúmar 4 millj. kr. í þessu skyni. — Stærsti liðurinn, rúmar 3 millj. kr., er vegna síldarverksmiðjanna, og nú um áramótin hefur ríkissjóður að sjálfsögðu orðið að taka á sig afborganir og vexti af lánum vegna þessa fyrirtækis, sem mun nema rúmlega 1.5 millj. kr. í viðbót. Vegna Skeiðsfossvirkjunarinnar er þegar greitt kr. 728 493 vegna Siglufjarðar, og enn liggur beiðni fyrir frá sama kaupstað um kr. 571 242.49 greiðslu vegna ábyrgðar ríkissjóðs á sama mannvirki. Vonlaust er, að það beri sig, nema ný vélasamstæða fáist til viðbótar. — Eitt byggingarsamvinnufélag, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, Byggingarsamvinnufélag Ólafsvíkur, hefur gefizt upp, og verður ríkissjóður að ganga að eignum félagsins til þess að bjarga því, sem bjargað verður. Hér er því vissulega ástæða til að stinga við fótum og stöðva þessa þróun, sem sýnist geta leitt út í hreina ófæru.

Á 10. og 11. gr. fjárlaga er hinn svokallaði „administrative“ kostnaður ríkisins, en það er kostnaður við ríkisstjórn, utanríkismál, hagstofu, dómgæzlu, landhelgisvarnir, svo og kostnaður við innheimtu tolla og skatta, eða höfuðkostnaðurinn við rekstur ríkisins. Þessir útgjaldaliðir hafa stórum vaxið að vísu síðan 1939 og þó einkum kostnaðurinn við utanríkisþjónustuna í sambandi við fullveldið og það, sem því fylgir. Frá 1939 til 1946 hafa útgjöldin á þessum 2 fjárlagagreinum nærri sjöfaldazt. Sé aftur á móti athugað hlutfallið 1939 og svo 1946 milli útgjaldanna, sem hér ræðir um og hafa sjöfaldazt eins og áður segir, og heildarútgjalda fjárlaganna hvort árið fyrir sig, kemur í ljós, að þau hafa verið 16% af útgjöldum ríkisins árið 1939, en árið 1946 ekki nema 12% af útgjöldunum í heild, þrátt fyrir það að kostnaðurinn hefur sjöfaldazt að krónutali. Þetta kemur af því, að útgjöld ríkisins í heild hafa aukizt mun meira eða nærri

nifaldazt á þessum árum. Sú skoðun er oft í ljós látin, að það sé kostnaðurinn við rekstur ríkisins, „administrative" kostnaðurinn, sem taumlausast hækki, en svo virðist ekki vera, þegar þetta er athugað, þótt segja megi, að hækkunin sé geysimikil. Það eru því aðrir kostnaðarliðir fjárlaganna, sem ganga enn lengra í því að krefjast útgjalda úr ríkissjóði og skatta af borgurum þjóðfélagsins, útgjaldaliðir, sem löggjöfin hefur enn meira vald á en þeim, sem hér hafa nefndir verið. Alþ. hefur á svo mörgum sviðum stofnað til aukinna útgjalda öðrum en þeim, sem beinlínis snerta rekstur ríkisins í þeim skilningi, sem hér hefur verið á drepið, að þar hafa enn þyngri lóð verið lögð á vogarskál útgjaldanna. Það er í fleiri efnum en einum eða tvennum, sem við þróun þessara hluta hér á Alþ. hefur verið hlaðið á ríkissjóðinn með löggjöf kvöðum og skuldbindingum um útgjöld, sem erfitt, ef ekki ókleift, verður að standa undir í framtíðinni og enda nú þegar.

Þótt ég leyfi mér að nefna örfá dæmi um þá útgjaldaliði síðustu ára eða aukningu þeirra, sem minnstum takmörkunum virðast hafa verið háðir hjá Alþ., er þar með enginn dómur látinn uppi um það, hvaða nauðsyn hafi til svo mikilla útgjalda knúið, og því síður um það raunverulega gagn, sem þjóðin kunni af þeim að hafa. T. d. kostuðu félagsmálin 1939 1.6 millj. kr., en eru nú áætluð 27 millj. kr. Kennslumálin kostuðu 1939 2.3 millj. kr., en eru nú áætluð 26.7 millj. kr. Um þau skal þess og getið, að 1947 voru þau um áramótin komin í 31.7 millj. kr. og þó ekki allt komið til reiknings frá því ári. Landbúnaðarmálin kostuðu 1939 2 millj. kr., en eru nú áætluð 16.7 millj. kr.

Ein og ekki minnsta ástæðan fyrir því, að sjóðir hafa gengið til þurrðar, lánsfé er uppurið og skattarnir og tollarnir enn of háir, er sú, að í allt of margt af fjárfrekum framkvæmdum er ráðizt á sama tíma. Kröfurnar til Alþ. frá stjórnarvöldum, flokkum eða einstökum þingmönnum um framlög úr ríkissjóði hafa ágerzt svo mjög á seinni árum, að mikil nauðsyn hefur á því verið, að Alþ. hefði skotið á frest að samþykkja og lögfesta þær í eins ríkum mæli og gert hefur verið. Þetta á ekki síður við um ábyrgðir þær, sem hlaðið hefur verið á ríkið, og skyldur til lánsútvegana en hin hreinu og beinu fjárútlát.

Húsameistari ríkisins birti nýlega skýrslu um húsbyggingar á árinu 1947, sem ráðizt hefur verið í af hálfu hins opinbera eða hafinn er undirbúningur að. Skýrslan er gott vitni til sönnunar því forsjárleysi, er í þessum efnum ríkir hjá Alþ., — því að festa stórfé í opinberum byggingum á svo stuttum tíma sem þar segir, eða á einu ári.

Það ræður að líkindum, að gjaldþoli ríkisins er ofboðið á þennan hátt, enda verður þess vart. Þarfir fyrir sjúkrahús, læknabústaði, prestssetur, kirkjur, menntaskóla, gagnfræðaskóla, húsmæðraskóla, kvennaskóla, héraðsskóla, bændaskóla, barnaskóla, félagsheimili, sundlaugar, skrifstofubyggingar, hæstaréttardómarahús, bæjarfógetahús, pósthús, símahús og vísindastofnanir eru sjálfsagt aðkallandi, en að líkindum eru þær misjafnar, og líklegt er, að margt, sem húsameistarinn segist hafa haft með höndum fyrir ríkið á árinu 1947, þyldi einhverja bið. Menn verða líka að gera sér það ljóst, að allt verður ekki gert í einu, enda skammtar fjárgetan af. Sumt af því, sem farið er að komast í hefð, t. d. byggingar yfir einstaka embættismenn, er að vissu leyti varhugavert og sætir eðlilega gagnrýni hins almenna skattgreiðanda. Alþ. er, hvað þetta snertir, eins og raunar í fleiri efnum, komið út á varhugaverða braut, og er full ástæða til að benda á afleiðingarnar af sívaxandi kröfum til framlaga úr ríkissjóði, hvað þetta snertir. Skýrsla húsameistara ríkisins gefur líka nokkra ástæðu til að íhuga það vandamál, sem að framleiðslunni steðjar sökum skorts á vinnuafli. Með allt of hraðfara framkvæmdum í óarðbærum efnum er ríkið í kapphlaupi við þá, sem reka arðbæra framleiðslu.

Sjávarútvegurinn leggur til allan eða nær allan erlendan gjaldeyri, sem landið eignast, en hann er sums staðar að leggjast í auðn sökum skorts á vinnuafli, en mikið af þessu vinnuafli hefur ríkið í sinni þjónustu, m. a. til að koma í verk þeim framkvæmdum, sem í hinni löngu skýrslu húsameistara eru taldar upp. — Væri ekki betra, að ríkið hægði eitthvað á sér í þessu og leitaðist heldur við að haga framkvæmdum sínum þannig, að fólk hefði þar aðgang að, þegar atvinnan bregzt annars staðar. En önnur afleiðing af því, hvað mikið er haft undir, ef ég mætti svo að orði kveða, af framkvæmdum á opinberum byggingum á sama tíma, er sú, að allar þessar byggingar eru meira eða minna hálfkláraðar og verða í því ástandi miklu lengur en æskilegt er. Það er hófleysið, sem hér hefur verið að verki. Það er gott að fá allar þessar byggingar reistar og framkvæmdir gerðar, en það má ekki ganga svo langt í þessum efnum eins og gert hefur verið að undanförnu. Það er að vísu rétt, að kröfur um hvers konar framkvæmdir á framangreindu sviði eru margvíslegar og frá mörgum aðilum, en Alþ. verður að hafa hæfilegt hóf, hvað snertir slíkar framkvæmdir, svo að ekki verði ríkissjóði reistur hurðarás um öxl og framleiðsluatvinna landsmanna sett til hliðar vegna opinberra óarðbærra framkvæmda.

Um margra ára skeið, eða allt frá árinu 1939, hefur jafnan verið afgangur af tekjum samkvæmt rekstrarreikningi. Að sjálfsögðu hefur þessi góða afkoma á ríkisrekstrinum komið fram sem bættur hagur ríkissjóðs. Þannig var skuldlaus eign ríkisins árið 1939 aðeins 23 millj. kr., en það, sem verra var, að erlendar skuldir ríkisins námu þá 52.7 millj. kr. Nú hefur þetta mjög færzt til hins betri vegar. Erlendar skuldir eru nú aðeins 6 millj. kr. og skuldlaus eign ríkisins 165 millj. kr. samkvæmt eignayfirliti fyrir árið 1946.

Eignayfirlitið er í stórum dráttum sem hér segir:

1. Sjóðir	kr.	0.2	millj.
2. Innistæður hjá ýmsum	—	2	—
3. Ýmsir sjóðir	—	63	—
4. Ýmis verðbréf og kröfur ..	—	46	—

5. Ríkisfyrirtæki	kr.	92	millj.
6. Fasteignir	—	27	—
	kr.	230	millj.

Skuldir hins vegar:

1. Innlend lán	24.3	millj.	
2. Erlend lán	6.1	—	
3. Lausaskuldir	15	—	
4. Geymt fé	20.3	— 65	—
		kr. 165	millj.

Þess ber einnig að gæta, að þessar eignir hafa að langmestu leyti verið festar ýmist í fasteignum, alls konar eignum ríkisfyrirtækja, sem skila góðum arði, svo sem áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins, en önnur rekin með tapi, svo sem pósturinn og landssmiðjan árið 1946, Skipaútgerðin og sum ríkisbúin, verðbréfum og kröfum. Ríkisskuldirnar eru hins vegar tiltölulega litlar og erlendar skuldir aðeins 6 millj. kr. Það má því segja, að efnahagur ríkisins sé allgóður á pappírnum, en flestar eignir hans eru lítt hreyfanlegar, en eru að sjálfsögðu góður grundvöllur til útvegunar aukins lánsfjár. En sé ógætilega gengið frá afgreiðslu fjárlaga og mikið fé fest, án þess að séð sé jafnframt fyrir hæfilegu lánsfé, getur orðið örðugt eða jafnvel lítt kleift að halda öllu gangandi, eins og lög standa til.

Það, sem einkum veldur núverandi örðugleikum ríkissjóðs, hvað lausafé snertir, og hefur gert allt árið 1947, er einmitt þessi fjárfesting, sem fram hefur farið og stofnað var til áður en núverandi stjórn tók við völdum, án þess að tilætlað lánsfé hafi verið fyrir hendi. Þó að lánsfé hafi reynzt ófáanlegt, hefur samt sem áður skyldan hvílt á ríkissjóði að standa undir ýmsum greiðslum slíkri fjárfestingu viðvíkjandi, og í því er fólginn meginhlutinn af þeirri yfirdráttarskuld, sem ríkissjóður er nú í við Landsbankann.

Við samning hins nýja fjárlagafrv. var eldra frv. lagt til grundvallar með þeim breytingum, sem af dýrtíðarlögunum leiðir, auk þess sem hækkuð var áætlun um greiðslu vaxta og afborgana og bætt inn nokkrum nýjum útgjaldaliðum, og vísast um það til athugasemdanna við fjárlögin.

Tekjur samkv. 2. gr. hækka úr 100870 þús. í 157870 þús. kr., eða um 57 millj. kr., þannig að tekju- og eignarskattur hækkar um 5 millj. kr., vörumagnstollur um 6 millj. kr. og verðtollur um 27 millj. kr. Auk þess er bætt við nýjum tekjustofni, söluskatti, sem áætlaður er 19 millj. kr.

Talið var fært að hækka tekjuskattinn vegna haustsíldveiðanna og mikillar atvinnu, sem skapazt hefur við þær, bæði hér við Faxaflóa, á Siglufirði og víðar.

Vörumagnstollurinn er í skýrslu yfir tekjur ársins 1947 talinn hafa numið 23 millj. kr., og var þessi 6 millj. kr. hækkun á áætluninni byggð á því, hve langt þessi tekjuliður fór fram úr áætlun 1947. Nú hefur komið í ljós, að benzíntollurinn er innifalinn í þessari upphæð, þar sem innheimtumenn ríkisins telja með réttu benzíntollinn vörumagnstoll. Um þetta var ráðuneytinu ekki kunnugt, er frv. var samið. Það, sem talið er benzíntollur á skránni, er 9 aura gjaldið af benzíni. Ég mun því áskilja mér rétt til að gera brtt. við þessa 2 liði til hækkunar vörumagnstolli, en lækkunar benzíngjaldinu, en þessar breytingar munu engin áhrif hafa á heildarupphæð 2. gr. Verðtollurinn er áætlaður 60 millj. kr. Ég verð að játa, að mjög er rennt blint í sjóinn með þessa áætlun. Byggt hefur verið á skýrslu fjárhagsráðs um innflutning á þessu ári, og hefur tollstjóraskrifstofan reiknað út, að verðtollurinn ætti að verða samkvæmt því 46 millj. kr., og er þá ekki reiknað með tolli af flutningsgjöldum og um hreina ágizkun að ræða, að því er þann hluta tollsins snertir. Við þetta bætist svo, að samkvæmt því, sem fjárhagsráð hefur gefið upp, getur svo farið, að draga verði úr innflutningi enn frekar á ýmsum tollháum vörum, og getur það haft í för með sér mikla tollrýrnun. Ég hef samþykkt þessa áætlun með fyrirvara og mun áskilja mér rétt til að gera tillögu til lækkunar á verðtollinum, ef nýjar upplýsingar leiða í ljós, að hér sé of hátt áætlað, en sem stendur tel ég, að teflt sé á tæpasta vað.

Hinn nýi söluskattur hefur verið áætlaður 19 millj. kr. Veltuskatturinn gamli gaf af sér 12 millj. kr. það ár, sem hann var í gildi. Söluskatturinn er ½% hærri en veltuskatturinn, og með hliðsjón af því og að verðlag er yfirleitt hærra nú en 1945 er sennilegt, að þessi áætlun standist.

Ríkisstjórnin sá sig knúða til að breyta ákvæðum dýrtíðarlaganna um söluskatt með brbl. af ástæðum, sem þar eru tilgreindar. Leitað hefur verið samþykktar Alþingis á brbl., og með því að framkvæmd söluskattsákvæðanna verður auðveldari og ódýrari, auk þess sem breytingin væntanlega gefur ríkissjóði meira í aðra hönd, er þess að vænta, að Alþingi fallist á lögin.

Tekjur af áfengissölu eru hækkaðar um 2 millj. kr. og af tóbakseinkasölu um 1 millj. kr., og hefur þar verið reiknað með, að sala verði svipuð og á s. l. ári. Þessir tekjuliðir eru samt mjög ótryggir og byggjast fyrst og fremst á, að mikið fé sé í umferð og kaupgeta almennings mikil. Um tóbakið er það sérstaklega að segja, að ekki hefur enn fengizt loforð fjárhagsráðs fyrir gjaldeyri til kaupa á vindlingum frá Ameríku, en á þeirri vörutegund hefur orðið langmestur gróði undanfarið. Almenningur hefur vanið sig á að reykja ameríska vindlinga, og yrði breytt til, flutt inn ensk framleiðsla í staðinn, sem er dýrari í innkaupi, mundi draga stórlega úr sölunni og fyrirsjáanlegt milljónatap, borið saman við þann ágóða, sem vænta má, ef halda má áfram að flytja inn ameríska vörur. Gjaldeyririnn, sem til þess fer, er um 2 millj. kr. virði, og virðist ekki áhorfsmál að láta þessa vöru sitja í fyrirrúmi, þegar það getur varðað hag ríkissjóðs verulega, hvort verzlað er með hana eða ekki.

Um gjaldahliðina er þetta að segja: Vísitölulækkunin hefur haft í för með sér 25 millj. kr. lækkun í launagreiðslum, þar sem því hefur verið komið við að breyta útreikningnum. — En auðvitað nemur hún miklu meira, t. d. að því er snertir framlög til verklegra framkvæmda.

Hagnaðurinn verður þó aðeins óbeinn að því leyti, að meiri vinna fæst fyrir það fé, sem veitt er.

Aðalbreyting útgjaldahliðar frv. er hin nýja fjárveiting til dýrtíðarráðstafana, 55 millj. kr., en það eru 35 millj. til niðurgreiðslna og 20 millj. til uppbóta á útfluttu kjöti og fiski. Gert er ráð fyrir sömu fjárhæð til niðurgreiðslna og í fyrra. Ekki er vitað, hve mikið fé var notað í þessu skyni í fyrra, en sjálfsagt verður það ekki undir 30 millj. kr. — Nú hefur dýrtíðin vaxið enn, og samkvæmt útreikningi hagstofunnar verður ríkissjóður að greiða niður nú 59.6 vísitölustig. Það er því mjög hæpið, að þessi áætlun standist, nema svo ólíklega vilji til, að verðlag lækki á þessu ári.

Um uppbætur á útfluttar vörur verður allt enn óvissara, þó má gera ráð fyrir, að uppbætur á útfluttu kjöti nemi 3.5—4 millj. kr. Fiskábyrgðin varð um 23 millj. kr. s. l. ár. Hún getur því aðeins orðið minni, að útflutningsmagnið verði minna, sem raunar helzt eru líkur til, eða hærra verð fáist fyrir vöruna en í fyrra, en um það er engu hægt að spá að svo stöddu.

En ekki verður þó annað sagt en að teflt sé á tæpasta vaðið með þessa áætlun. Samkvæmt frv. er tekjuhallinn áætlaður 642 þús. kr. og greiðsluhallinn nærri 27 millj. kr. Það er því fyrirsjáanlegt, að engir stórir útgjaldaliðir mega bætast við, nema nýjar tekjur komi á móti.

Eins og hv. alþm. mun ljóst af því, sem hér hefur sagt verið, er ekki um handbært fé að ræða hjá ríkissjóði, heldur hafa lausaskuldir safnazt og eiga eftir að vaxa, a. m. k. fyrri hluta ársins, því að þá koma tekjur inn með tregara móti. Útgjöld ríkisins hafa farið vaxandi stórum skrefum ár frá ári. Ábyrgðir, sem ríkið hefur gengið í, velta á hundruðum milljóna króna og hljóta enn að aukast, þar sem ábyrgðarskylda ríkissjóðs er lögbundin um óákveðinn tíma í flestum tilfellum. Miklir örðugleikar eru á útvegun lánsfjár, hvort sem ríkisábyrgð er fyrir hendi eða ekki. Með þetta ástand fyrir augum hljóta allir að viðurkenna, að hvað útgjöld ríkisins snertir, eins og þau eru áætluð í frv., er boginn fullspenntur. Óhjákvæmilegt var við samning frv. að taka tillit til gildandi lagaákvæða, hvað útgjöldin snertir, og því sú ein leið til að lækka þá liði, sem ekki eru bundnir með lögum. Þetta hefur mætt misjöfnum dómum og enda heyrzt raddir um það, að þingið breyti í hækkunarátt. Verði það ofan á, er óhjákvæmilegt að gera annað tveggja: að lækka með lagabreytingu til stórra muna fjárlagaliði, sem upp í frv. hafa verið teknir að lagaboði, t. d. með frestun á framkvæmdum einhverra laga, eða að finna nýjar leiðir til tekjuöflunar ríkissjóði að þeim óbreyttum, sem til eru.

Um tekjuhlið frv. vísa ég til fyrri ummæla minna og fyrirvara um vissa liði áætlunarinnar.

Eins og horfir í innflutningsmálunum, er einna mest hætta á, að verðtollurinn bregðist, og vil ég mega vænta þess, að þeir, sem hafa með höndum veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, taki það tillit sem frekast er unnt til þeirrar þýðingar, sem innflutningur á vörum til almennra þarfa þjóðarinnar hefur fyrir afkomu ríkissjóðs. Þetta gildir jafnt um það, sem innflutt er til neyzlu sem iðnaðar.

Í fyrri fjárlagaræðu minni benti ég á það m. a., að við hefðum nú betri tæknilega aðstöðu til þess að hagnýta auðlindir landsins en nokkru sinni fyrr í sögu þessarar þjóðar. Miklu fé hefur verið varið til þess að afla þessara tækja — sumum kann að þykja of miklu. Tilgangurinn var að fá styrkari grundvöll undir atvinnuvegina og tryggja sem bezt góða afkomu almennings. En jafnframt því að aflað var hinna fullkomnu tækja til framleiðslunnar og þannig leitazt við að hervæðast til nýrra og stórfelldari átaka í atvinnumálunum en áður var kostur á, hefur önnur þróun, sem stefnir í þveröfuga átt, myndazt í þessu þjóðfélagi. Verðbólgan og afleiðingar hennar eru framleiðslunni alls staðar til trafala. Sú meinsemd getur, ef ekki fæst bót á, eyðilagt það starf til uppbyggingar og atvinnuöryggis, sem með öflun nýrra framleiðslutækja og fyrirgreiðslu í þeim efnum hefur átt sér stað. Vegna verðbólgunnar og afleiðinga hennar innanlands hafa örðugleikarnir skapazt, sem útflutningsverzlunin á í ýmsum greinum við að búa.

Nú er ekki svo, að allir skilji eða vilji skilja, hvað hér þjakar að. Því er meira að segja haldið fram, að framleiðslukostnaðurinn sé hvorki of hár né vörur okkar torseldar við nægilega háu verði til þess að svara framleiðslukostnaði. En það haggar ekki hinu, að hér er um staðreynd að ræða. Afleiðingarnar eru auðvitað vandræði framleiðenda, svo sem þegar er í ljós komið. Einn aðalatvinnuvegurinn, bátaútvegurinn, ber sig ekki nema með ríkisstyrk þrátt fyrir það verð, sem tekizt hefur að ná fyrir afurðir hans. Enginn virðist ánægður með það, að ríkið gangi í slíkar ábyrgðir, og ekki heldur útvegsmenn sjálfir, heldur eru þetta neyðarúrræði, sem gripa verður til vegna þeirrar höfuðmeinsemdar, verðbólgunnar, sem ég áður minntist á. En verðbólgan gerir það líka að verkum meðal annars, að útgjöld hins opinbera eru að vaxa þjóðinni yfir höfuð. Það er ekki neinum til góðs, að það ástand haldist, sem nú er í þeim efnum. Þess vegna er það fremsta skylda Alþingis að draga sem unnt er úr útgjöldum ríkisins og forðast allt, sem hækkar þau fram úr því allra nauðsynlegasta.

Ríkisstjórnin hefur látið nokkuð vinna að því innan ráðuneytanna að fá grundvöll fyrir sparnað á ríkisrekstrinum, og er það verk að vísu of skammt á veg komið, en þó liggja fyrir tillögur um sparnað með fækkun nefnda og ráða, sem varðar allriflegri fjárhæð fyrir ríkissjóð. Ríkisstjórninni er og kunnugt um, að nefndin hefur í undirbúningi tillögur um umbætur á tilhögun ríkisrekstrarins, sem geta, ef þær verða að lögum, stöðvað þá útþenslu á kostnaði við ríkisrekstur, sem mjög hefur verið áberandi í seinni tíð.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh., Jóhann Jósefsson, lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 6. landsk., Steingrímur Aðalsteinsson, og talar af hálfu Sósfl.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er ýmislegt athyglisvert við

það frv. til fjárlaga, sem nú í dag hefur verið fylgt úr hlaði af hæstv. fjmrh., Jóhanni Þ. Jósefssyni. Eitt af því er það, hversu síðbúið frv. er. Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að frv. til fjárlaga fyrir fjárhagsár, sem í hönd fer, skuli leggja fyrir reglulegt Alþingi, þegar það er saman komið. Reglulegt Alþingi ársins 1947 kom saman hinn 1. okt. s. l. — Samkvæmt stjórnarskránni bar þá þegar að leggja fyrir þingið frv. til fjárl. fyrir árið 1948 — og ljúka afgreiðslu þess, með samþykkt fjárl., fyrir áramótin, sem nú eru liðin.

Þetta hefur þó orðið allmjög með öðrum hætti. Næstum heill mánuður leið af þingtímanum, án þess að fjárlagafrv. liti dagsins ljós. Hinn 28. okt. s. l. var þó loks útbýtt meðal þingmanna frv. til fjárl. fyrir árið 1948, og var það 50. mál þingsins, en fjárl. eru venjulega, samkv. fyrrgreindu ákvæði stjórnarskrárinnar, fyrsta mál hvers reglulegs Alþingis. En þessari sögu er ekki þar með lokið.

Frv., sem fæddist í lok októbermánaðar, var ekki afgr. sem fjárl. fyrir síðustu áramót, eins og vera bar, heldur er það nú með öllu úr sögunni. Og nú í dag, þegar liðinn er rúmur mánuður af árinu 1948, eru að hefjast umræður um nýtt frv., sem einhvern tíma í framtíðinni á að leiða til þess, að sett verði fjárl. fyrir þetta herrans ár, 1948. — Og nú eru fjárl., eins og samkv. framansögðu gefur að skilja, ekki 1. mál Alþingis og ekki heldur 50. mál, heldur 129. mál. Hvernig stendur á þessum ósköpum?

Það er látið í veðri vaka, að þetta sé dýrtíðinni að kenna, eins og raunar allt, sem aflaga fer. En þegar hæstv. núverandi ríkisstjórn var mynduð á öndverðu síðasta ári, man ég ekki betur en að hún teldi sitt aðalhlutverk að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar. Mig minnir líka, að hún teldi sig þá þegar hafa í höndunum hernaðaráætlunina gegn dýrtíðinni — í þeim samningi, sem lagður var til grundvallar stjórnarmynduninni. Allt átti því að vera í stakasta lagi. Samt var fylgt þeirri venju, sem myndazt hefur á síðustu árum, að fresta fjárlagaþinginu til haustsins. Þann frest fékk hæstv. ríkisstj. til þess að undirbúa frumvörp sín og til að vígbúast að öðru leyti gegn dýrtíðinni á grundvelli samvinnusáttmálans.

En svo kynlega brá við, að þegar Alþingi kom saman á s. l. hausti, vissi hæstv. ríkisstj. enn engin ráð gegn dýrtíðinni og hafði enga fastmótaða hugmynd um, hvernig hún ætlaði að stjórna landinu. Hæstv. fjmrh. vissi þess vegna ekki heldur, hverra tekna væri að vænta í ríkissjóðinn né hver útgjöld mundu einkum kalla að. Þess vegna skilaði hann ekki fjárlagafrv. fyrr en liðið var langt á þingtímann. Og þegar hann ekki sá lengur fært að komast undan þeirri kvöð stjórnskipunarlaganna að leggja fram fjárlagafrv., varð það þó svo óburðugt, að það er nú, eins og fyrr segir, komið í pappírskörfuna með öðru ónýtu rusli. En nú er hæstv. ríkisstj. víst búin að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar — og nú höfum við fengið nýtt fjárlagafrv.

Eftir allan þann vaðal, sem viðhafður hefur verið um háska þann, sem þjóðinni stafi af dýrtíð og verðbólgu, — og eftir að hæstv. ríkisstj. hefur nú leyst þann vanda samkvæmt sínu hyggjuviti, mætti ætla, að þetta nýja og síðbúna fjárlagafrv. væri allmjög með öðrum hætti en áður. Svo getur þó naumast heitið. Allur sparnaðurinn, sem fram kemur á þessu nýja fjárlagafrv. vegna niðurskurðar vísitölunnar samkv. dýrtíðarlögunum, nemur aðeins 2½ millj. króna frá því, sem var á hinu sálaða frv. frá 28. okt. s. l. Þar sem hér er um að ræða aðeins rúml. 1% af heildarútgjöldum fjárl., sýnist ekki hafa verið óhjákvæmilegt að draga svo mjög á langinn afgreiðslu fjárl. af þessum sökum — og því síður að tefja afgreiðslu þeirra enn með því að fitja upp á fjárl. sem alveg nýju máli. Og þetta því síður, sem hið nýja fjárlagafrv. er að ýmsu leyti þannig gert, að ólíklegt er, að það fari í gegnum Alþ. án verulegra breytinga.

En þessi vinnubrögð eru táknræn fyrir núverandi hæstv. ríkisstj. Það er eins og hún sé alltaf að þreifa fyrir sér eins og hálfblindur maður — eins og hún viti naumast, hvað hún vill, eða þá sennilega öllu heldur hitt: hvað hún megi treysta sér. — Svo kafnar allt í skriffinnsku, auglýsingum og tilskipunum. Nú virðist hæstv. ríkisstj. halda, að fjárl. verði því betri sem hún gefur út fleiri fjárlagafrv. fyrir sama árið — og veit ég ekki, hvar sú útgáfustarfsemi kann að enda.

En þótt svo mjög hafi dregizt afgreiðsla fjárl., er síður en svo, að enn liggi fyrir ýmis gögn, sem lögum samkv. eiga að liggja fyrir, til stuðnings Alþ. við afgreiðslu fjárlaga.

Á síðasta Alþ. voru — fyrir atbeina hæstv. núverandi ríkisstj. — sett „lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit". Með lögum þessum var fjárhagsráði, sem eingöngu er skipað stuðningsmönnum ríkisstj., falin stjórn allrar fjárfestingar í landinu og ákvörðunarvald um allan innflutning til landsins.

Í 3. gr. laganna er mælt svo fyrir, að fjárhagsráð skuli semja fyrir fram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir í landinu, í áætlun þessari skuli gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað til þeirra. Enn fremur skal fjárhagsráð semja fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs. — Loks segir svo í 6. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnhliða því, sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins, áður en fjárlög eru samin ár hvert".

Ekkert af þessum áætlunum liggur enn fyrir Alþ., enda þótt komið sé nokkuð fram yfir áramót. Að vísu mun formaður fjárhagsráðs hafa gefið fjvn. munnlegar upplýsingar um það, hve ráðið búist við miklum innflutningi á þessu ári. Verður að gera ráð fyrir, að fjvn. fái þá áætlun afhenta. Má þá styðjast við hana, þegar Alþ. áætlar tolltekjurnar á fjárl. þessa árs. En raunar er ekki mestur vandinn fyrir Alþ. að áætla þær, því að þar er við reynslu liðinna ára að styðjast. Hitt skiptir miklu meira máli fyrir Alþ. — og fyrir alþjóð — að fá að vita um það, hverjar verklegar framkvæmdir á að leyfa í landinu, hversu mikið er áætlað, að þær kosti, og hvern-

ig á að sjá fyrir fé til þeirra, hverjar verklegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar beint á vegum ríkisins og að hve miklu leyti þarf að veita fé til þeirra á fjárl. þessa árs.

Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum fjárhagsráðsl. á fjárhagsráð að hafa á reiðum höndum svör við öllum þessum spurningum. Það átti að hafa lokið fyrir áramót áætlunum sínum um allt þetta. Þær áætlanir verður Alþ. að fá nú þegar — og mun Sósfl. ganga ríkt eftir því, að þessum ákvæðum fjárhagsráðsl. verði fullnægt. Kemur þar til hvort tveggja, að varðandi framkvæmdir ríkisins sjálfs verður ekki gengið frá fjárl. með löglegum hætti, nema áætlun fjárhagsráðs um þær liggi fyrir, — og svo hitt, að með áætlun fjárhagsráðs um heildarframkvæmdir í landinu, ef gerð er, kemur í ljós, hver alvara felst á bak við málskrúð hæstv. ríkisstj. í 2. gr. fjárhagsráðsl., um tilganginn með starfsemi fjárhagsráðs, t. d. um það að hagnýta til fulls framleiðslugetu þjóðarinnar og að tryggja öllum verkfærum mönnum næga atvinnu og „réttlátar" tekjur fyrir vinnu sína.

Það er annað, sem mun þykja athyglisvert við fjárlagafrv., en það er, að samkv. því eru tekjur og gjöld ríkisins áætluð miklu hærri en gert hefur verið á nokkru fjárlagafrv. áður. Árið 1945 var gjaldahlið fjárlaganna á rekstraryfirliti 143 millj. króna, árið 1946 170 milljónir, árið 1947 196 milljónir, en á frv. því, sem nú liggur fyrir, er þessi upphæð 216½ milljón króna. Nú er það venjan, að í meðförum þingsins bætist allverulega við upphæðir fjárlagafrv., og er sennilegt, að svo verði enn, og verða þá fjárl. þessa árs miklu hærri en dæmi eru til áður.

Nú er það síður en svo að lasta út af fyrir sig, þó að hæð fjárl. vaxi, því að það er vottur um aukna fjárhagslega getu þjóðarinnar. — Því meiri sem tekjur ríkissjóðs eru, því meira fé getur hann veitt til lífrænna athafna í landinu og til framfara og menningarmála, — ef til þess er vilji hjá valdhöfunum. Hitt er svo annað mál, að miklu skiptir, hvernig teknanna er aflað og hvernig þeim er varið.

Sósfl. telur, að óhæfilega langt hafi verið gengið í að afla ríkissjóði tekna með tollum. Hefur flokkurinn hvað eftir annað beitt sér fyrir því, að lækkaðir yrðu tollar á nauðsynjavörum, eða jafnvel afnumdir með öllu. Byggir flokkurinn þessa afstöðu sína á því, að slíkur neyzluskattur kemur mjög ranglátlega niður á þjóðfélagsþegnunum, eins og augljóst er, þar sem hann hvílir þyngst á þeim, sem flesta hafa fram að færa og því eiga allajafna örðugast með að afla sér daglegra þarfa. Auk þess heldur flokkurinn því fram, að auðveldast sé og að ýmsu leyti hagkvæmast að lækka dýrtíðina í landinu með því að fella niður tolla af flestum þeim vörum, sem teknar eru með í útreikning vísitölunnar.

Núverandi hæstv. ríkisstj. fylgir hins vegar þveröfugri stefnu í þessu efni. Hún hefur gengið miklu lengra en nokkur önnur ríkisstj. í því að leggja tolla á neyzluvörur almennings. Er þar skemmst að minnast hinna gífurlegu tollahækkana, sem hún beitti sér fyrir, að samþ. væru á síðasta þingi, rétt eftir valdatöku hennar. Árangurinn hefur líka orðið sá, að upp undir helmingurinn af öllum tekjum ríkissjóðs hafa verið tolltekjur. Á s. l. ári var það hvorki meira né minna en rúmar 100 millj. króna, sem landslýðurinn varð að borga í tolla. Annar aðaltekjustofn ríkisins er svo ágóði af sölu áfengis og tóbaks, en sá ágóði nam á s. l. ári ca. 70 millj. króna.

Tekjuhlið fjárlagafrv., sem nú er lagt fram, byggist á þessum sama grunni. Eins og kunnugt er hefur hæstv. ríkisstj. gert þá „ráðstöfun gegn dýrtíðinni" að láta Alþ. framlengja tollahækkanir, sem gerðar voru á síðasta ári og annars hefðu fallið úr gildi nú um áramótin. En ekki nóg með það, heldur hefur hún enn látið bæta við nýjum neyzluskatti — söluskattinum, sem verkar á sama hátt og tollarnir til hækkunar á vöruverði. Tekjur ríkissjóðs af þessum nýjasta tolli áætlar hæstv. fjmrh., að verða muni 19 millj. króna, og er þá óhætt að fullyrða, að með þessum hætti verði tekið af neytendum á milli 20 og 30 milljónir króna á þessu ári ofan á aðra tolla.

Ég er ekki í neinum efa um, að með þeim lagasetningum, sem tekjuöflunin byggist á, muni sú tekjuáætlun, sem hér liggur fyrir, fyllilega standast — og sennilega fara tekjurnar allverulega fram úr áætlun, eins og orðið hefur reynsla undanfarinna ára, — nema af hálfu stjórnarvaldanna verði gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til að lama framleiðsluna og koma á atvinnuleysi í landinu. Tekjur ríkissjóðs á þessu ári munu þannig verða miklu hærri en nokkurn tíma fyrr — eða talsvert á þriðja hundrað millj. króna.

En það er athyglisvert — og gefur nokkra bendingu um stefnu hæstv. ríkisstj., að þegar hún þannig seilist lengra niður í vasa alls almennings en nokkurn tíma áður hefur verið gert eftir tekjum í ríkissjóðinn, að þá áætlar hún miklu minna fé en áður hefur verið gert til verklegra framkvæmda í landinu. Þannig var t. d. veitt á fjárl. síðasta árs til að gera nýja vegi 6.6 millj. króna, — en í þessu frv. er áætlað til nýrra akvega aðeins 3 millj. króna. Á fjárlögum síðasta árs var veitt til brúargerða — auk lögboðins framlags í brúasjóð — tæplega tvær og hálf millj. króna. Á frv. er ætluð aðeins 1 millj. króna til brúargerða. Til hafnargerða og lendingabóta var á fjárl. síðasta árs veitt tæplega sex og hálf millj. króna — auk lögboðins framlags í hafnarsjóð, en á frv. er ætlað til þessara framkvæmda aðeins þrjár og hálf millj. króna.

Ef áætluð framlög frv. til verklegra framkvæmda og t. d. til heilbrigðis- og menningarmála eru borin saman við sams konar framlög ríkisins í tíð fyrrv. ríkisstj. — og í hlutfalli við heildarútgjöldin á hverjum tíma, kemur glöggt í ljós stefnumunur þessara tveggja ríkisstjórna og hnignunin, sem er að verða í þessum málum undir forustu hæstv. núverandi ríkisstj.

Árið 1945 voru framlög til vegamála 16% af heildarútgjöldum ríkisins það ár. Árið 1946 nam þessi upphæð 16.4%. — En á fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, nema framlög til vegamálanna aðeins 7.6% af heildarútgjöldunum.

Til vitamála og hafnargerða var á árinu 1945 varið 3.3% af heildarútgjöldunum. Árið 1946

námu þessi útgjöld 4%. — Á frv. eru útgjöld til þessara mála áætluð aðeins 3.2%.

Til heilbrigðismála var á árinu 1945 varið 6.9% af heildarútgjöldunum. Árið 1946 námu þau útgjöld 6%. — En á þessu frv. eru útgjöldin til heilbrigðismála aðeins 4.6%.

Til kennslumála var á árinu 1945 varið 13.1% af heildarútgjöldunum. Árið 1946 var varið til þessara mála 15.3%. — Á frv., sem nú liggur fyrir, er áætlað til kennslumála aðeins 12.4% af heildarútgjöldunum, — og kallar þó framkvæmd nýju fræðslulaganna á mjög aukin útgjöld til þessara mála.

Í öllum þessum málaflokkum, sem snerta svo mjög hagsmuni alls almennings í landinu, er um mjög áberandi afturför að ræða hjá hæstv. núverandi ríkisstj. Hins vegar er annar flokkur útgjalda, sem ekki er í neinni rýrnun, heldur blómgast með ágætum, en það er kostnaðurinn við rekstur ríkisbáknsins.

Það hefur heilmikið verið rætt um það undanfarin ár — í fjvn. og á Alþ., enda gerðar um það samþykktir, að endurskoða þyrfti starfskerfi ríkisins með það fyrir augum að gera það einfaldara og ódýrara í rekstri. Framkvæmdir hafa þó engar orðið í þá átt, heldur þvert á móti vex skriffinnskumoldviðrið hröðum skrefum, og hefur aldrei blómgazt neitt svipað því eins og í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. Nægir í því sambandi að minna á allt pappírsmoldviðrið, dulmálið og skriffinnskuna í sambandi við vöruskömmtunina. — Eða eignakönnunina, sem fróðir menn draga í efa, að muni borga sig fyrir ríkissjóð vegna þess, hvernig hún hefur verið framkvæmd og hvernig óhemju kostnaður hleðst upp í kringum hana. Þannig virðist það vera um fjölda ríkisstofnana — og þá ekki sízt þær, sem hafa með höndum innheimtu fyrir ríkið, eða þá svokallað opinbert eftirlit — að ógleymdum þeim stofnunum, sem fara með náðarvaldið til útdeilingar leyfa til landslýðsins um það, hvernig menn megi snúa sér í það og það sinn og hverja viðburði almenningur megi hafa til sjálfsbjargar, t. d. um það að eignast þak yfir höfuð sér o. s. frv.

Það má í þessu sambandi benda á, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að starfsemi fjárhagsráðs og undirdeilda þess muni á þessu ári kosta hvorki meira né minna en 2 millj. króna. — Að vísu er ríkissjóði ekki ætlað að greiða þessa fúlgu, heldur á að taka fé þ af viðskiptavinum stofnunarinnar — með gjöldum fyrir „góða afgreiðslu“. En kostnaðurinn er samt sem áður þessi og kemur þá fram sem dulinn skattur á landslýðinn.

Nú er að vísu nógu slæmt að eyða of fjár frá landsmönnum í stofnanir eins og t. d. fjárhagsráð og undirdeildir þess, — en hitt er þó hálfu verra, ef starfsemi sem þessi er þannig rekin, að hún svari alls ekki til raunverulegra þarfa þjóðarinnar á því sviði, sem um er að ræða.

Þegar lögin um fjárhagsráð voru sett á síðasta þingi, urðu um þau harðar umræður milli stjórnarliðsins og þingmanna Sósfl. Þingmenn Sósfl. héldu því fram, að lítið mark væri takandi á slagorðum 2. gr. laganna, um það, að fjárhagsráð skyldi miða störf sín við það að hagnýta til fulls framleiðslugetu þjóðarinnar, að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, að bæta starfsskilyrði iðjuvera, er framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri, og að útrýma húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, svo að nokkuð sé nefnt af því, sem látið var heita, að fjárhagsráð ætti að koma til leiðar.

Þingmenn Sósfl. báru það þá þegar á hæstv. ríkisstj., að bak við þessar bollaleggingar fælist engin alvara, heldur ætlaði hún fjárhagsráði raunverulega að vera hemill á athafnalífið í landinu.

Ég held, að reynslan sé þegar farin að sýna það nokkuð áþreifanlega, að þingmenn Sósfl. höfðu rétt fyrir sér í þessu efni.

Ég gat þess áður, í öðru sambandi, að engar áætlanir hafa komið frá fjárhagsráði, og sennilega verður enn nokkur bið á því, að þær birtist. — Í stað áhugans fyrir að hagnýta til fulls framleiðslugetu þjóðarinnar, hefur hæstv. ríkisstj. hvað eftir annað — með árásum á lífskjör alþýðunnar — stofnað til stéttastyrjaldar í landinu, sem haft hefur í för með sér alvarlegar stöðvanir í framleiðslulífi þjóðarinnar og þar með verðmætistöp.

Engin öflun nýrra fullkominna framleiðslutækja hefur átt sér stað — umfram það, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert ráðstafanir til. Í stað þess, að byggðar séu verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, eru stöðvaðar þær verksmiðjubyggingar, sem fyrrv. ríkisstj. hafði undirbúið og að sumu leyti keypt vélar til. Og starfsemi fiskiðjuvers sjálfs ríkisins er torvelduð, með atbeina ríkisbankans. Í stað þess að útrýma húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, er fjárhagsráð látið neita mönnum um fjárfestingarleyfi til að byggja hús yfir höfuð sér — og það jafnvel, þó að efnivörur séu fyrirliggjandi, svo að ekki sé um neina aukna gjaldeyrisnotkun að ræða.

Þó keyrir sennilega um þverbak með afstöðu fjárhagsráðs og annarra stjórnarvalda til iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.

Í stað þess að bæta starfsskilyrði þessara iðjuvera, eins og það er kallað í fjárhagsráðsl., er ástandið í þessum málum þannig, eins og berlega hefur komið fram í blaðaskrifum undanfarið, að innlendi iðnaðurinn er að meira eða minna leyti stöðvaður, vegna þess að honum hefur verið neitað um innflutning nauðsynlegra hráefna — og fram undan virðist vera alger stöðvun á þessu sviði, ef svo fer fram í þessu efni sem verið hefur.

Í staðinn fyrir að spara gjaldeyri með því að hlynna að þessari innlendu framleiðslu, kvað nú hafa verið leyfður innflutningur t. d. á hreinlætisvörum, sem talið er, að muni verða miklu dýrari en hreinlætisvörur þær, sem innlendu verksmiðjurnar mundu framleiða, ef þær fengju nauðsynleg hráefni, — og nota til þess aðeins lítinn hluta þess gjaldeyris, sem fer fyrir fullunnu vörurnar.

Ég get ekki stillt mig um í þesssu sambandi að vitna í frétt, sem eitt aðalblað hæstv. ríkisstj., Morgunblaðið, flutti 21. jan. s. l. Væntanlega verður það ekki talinn „kommúnistaáróður", sem það blað flytur, — eða hætta á, að það beri ríkisstj. og stofnunum hennar verri sögur en efni standa til. Fréttin er frá fréttaritara Morgunbl. á Akureyri og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„15. janúar kom stjórn Iðnrekendafélags Akureyrar saman á fund til að ræða um ástand það, er skapazt hefur í mestum hluta iðnaðarins hér á Akureyri, sem orsakazt hefur af hráefnaskorti síðastl. ár.

Sumar verksmiðjur hafa þegar hætt störfum og aðrar neyðast til þess innan skamms, ef ekki rætist úr þessum vandræðum. — Vonir manna við skýrslusöfnun þá, sem fjárhagsráð lét fara fram í byrjun nóv. s. l., hafa algerlega brugðizt. — Þar var m. a. óskað eftir upplýsingum um minnstu hráefnaþörf til ársloka 1947, en ekki er vitað um eitt einasta fyrirtæki hér á Akureyri, sem fengið hefur svar.

Lýsti stjórn iðnrekendafélagsins megnri óánægju yfir því aðgerðaleysi, sem virðist ríkja í þessum málum hjá þeim aðilum, sem með innflutnings- og gjaldeyrismál fara."

Það er ekki aðeins, að þessi frétt stjórnarblaðsins dragi upp hryggðarmyndina af hafta- og stöðvunarstefnu hæstv. ríkisstj. og stofnana hennar í atvinnulífi landsmanna, heldur lýsir hún einnig á táknrænan hátt fyrirlitningu þessara „toppfígúra" á landslýðnum, sem — í krafti hins yfirskipulagða ríkiskapítalisma — á örlög sín og afkomu svo mjög undir geðþótta stjórnarvaldanna komin.

Það, að fjárhagsráð heimtar skýrslu á skýrslu ofan, er skjaldarmerki skriffinnskunnar í stjórnarkerfinu. Hitt, að það lýtur ekki svo lágt að svara erindum heilla atvinnugreina — hvað þá að bæta úr þörfum þeirra —, er snerting þeirrar dauðu handar, sem núverandi stjórnarvöld landsins hafa lagt á nýsköpunina, sem þau umfram allt vilja feiga.

Dæmið um það, að fjárhagsráð ekki einu sinni svarar erindum iðnrekendasamtakanna í höfuðstað Norðurlands, er að vísu nokkuð hart, en það er ekkert einsdæmi, heldur aðeins sýnishorn af þeim erfiðleikum, sem einstaklingum og félögum — og það jafnvel opinberum aðilum eins og bæjarfélögum — eru búnir af því að þurfa að sækja flest sín mál hingað undir Reykjavíkurvaldið. — Litur út fyrir, að það mál verði landsbyggðin að taka til alvarlegrar meðferðar heldur fyrr en síðar. Vil ég í því sambandi minna á tillögur, sem þingmenn Sósfl. flytja nú á Alþ. um það, að komið verði upp sjálfstæðum innflutnings- og gjaldeyrisdeildum, einni fyrir hvern landsfjórðung, er hafi aðsetur á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað.

Ég hef nú bent á nokkur dæmi þess, — í sambandi við fjárlagafrv., — hvernig stefna hæstv. ríkisstj. er afturhaldssöm og neikvæð um verklegar framkvæmdir og þróun atvinnulífsins í landinu. Slík stefna er ekki í neinu samræmi við raunverulega fjárhagsgetu þjóðarinnar — og þau skilyrði önnur, sem við nú höfum til að efla framleiðslugetu þjóðarinnar og velmegun fólksins.

Ég fullyrði, að þetta ár, sem nú er nýbyrjað, verður mesta veltiár, sem yfir íslenzku þjóðina hefur komið, ef ekki kemur til alveg óvenjulegur aflabrestur eða enn meiri skemmdarverk af hálfu forsvarsmanna þjóðarinnar. En slík fjárhagsleg góðæri notast ekki til að undirbyggja varanlega velmegun þjóðarinnar, nema vikið sé frá völdum þeim hrunstefnu-postulum, sem nú halda kverkataki um nýsköpunarframkvæmdirnar, sem Sósfl. á sínum tíma átti frumkvæðið að.

Finnur Jónsson: Það er gott til þess að vita, að ef marka má ræðu hv. 6. landsk., Steingríms Aðalsteinssonar, bíður flokkur hans með eftirvæntingu væntanlegra áætlana frá fjárhagsráði. Þær hafa af eðlilegum ástæðum orðið nokkuð síðbúnar. Þetta er í fyrsta sinn, sem slíkar áætlanir eru samdar eða tilraun hefur verið gerð til þess að semja þær. Engar skýrslur hafa verið til um byggingarframkvæmdir í landinu eða önnur þau atriði, sem áætlanir þessar eiga að byggjast á. Þessum skýrslum hefur nú verið safnað í fyrsta sinn í sögu landsins. Áætlanir verða gerðar samkvæmt þeim. Og svo sem fram kom af skýrslum fjárhagsráðs á s. l. ári, mun fjárhagsráð einnig á þessu ári með ráðstöfunum sínum eftir mætti tryggja það, að byggingarefni og gjaldeyrir verði fyrst og fremst notað til þess að koma áfram íbúðabyggingum af hæfilegri stærð og framleiðslufyrirtækjum, er spara gjaldeyri eða nauðsynleg eru vegna útflutningsframleiðslunnar.

Ég er hv. 6. landsk., Steingrími Aðalsteinssyni, sammála um, að ýmis efni standa til, að þetta ár geti orðið eitthvert mesta veltiár í sögu landsins. Aldrei fyrr hafa landsmenn verið búnir jafngóðum atvinnutækjum. Ríkisstj. hefur gert sérstakar ráðstafanir til þess, að öll þessi tæki verði starfrækt, og hennar ætlan er, að hér verði atvinna handa öllum.

En hvaða fyrirætlanir hafa Steingrímur Aðalsteinsson og aðrir leiðtogar kommúnista? Þeir berjast gegn því, að atvinnutækin verði starfrækt. Þeir berjast fyrir hækkun dýrtíðarinnar og fyrir vinnudeilum, sem mundu stöðva atvinnuvegina. Á þennan hátt eru þeir að svíkja nýsköpunina, sem þeir sjálfir áttu sinn þátt í að skapa.

Kommúnistaleiðtogarnir hafa ákveðið að fórna bæði hagsmunum verkamanna og nýsköpuninni til þess að þóknast hinum erlendu húsbændum sínum. Afkoma þessa árs fer þess vegna eftir því, hvort þeim verður eitthvað ágengt eða hvort verkamenn hrinda áhrifum þeirra.

Fjárlagafrv. það, sem hér er til umræðu, er að því leyti raunsærra heldur en áður hefur tíðkazt, að inn í það eru teknar þær upphæðir, sem ætla má, að ríkið þurfi að greiða á árinu til dýrtíðarráðstafana, þ. e. a. s. til niðurborgunar dýrtíðarinnar og til greiðslu á ábyrgðarskuldbindingu þeirri, sem ríkið hefur tekið að sér í því skyni að koma fiskveiðunum á stað nú á vertíðinni. Upphæðir þær, sem ríkið greiðir í þessu skyni, samanlagðar, nema 55½ milljón króna. En þó að svo sé, að þessar upphæðir standi nú

á fjárlagafrv., tel ég, að einnig hefði þurft að taka inn á frv. verulega upphæð til afborgunar á væntanlegu 20 millj. kr. láni, sem ríkið þarf óhjákvæmilega að taka vegna fiskábyrgðar þeirrar, er Alþ. tókst á hendur fyrir vertíð 1947, því að tæplega getur verið rétt að láta þessa skuld standa til margra ára.

Ýmsir hafa talað um hinn ágæta fjárhag ríkissjóðs og sagt í því sambandi, að ríkinu væru allir vegir færir, — fjárhagur ríkissjóðs hefði aldrei verið betri en nú og að sjálfsagt væri að krefjast þess af ríkinu, að það legði fram mjög mikið fé til ýmiss konar verklegra framkvæmda. Ég verð að telja, að sú mikla skuldasöfnun, sem ríkið hefur orðið fyrir, beri vott um hið gagnstæða. Enn þá er mjög mikið fé í umferð í landinu, og yfirleitt má segja, að allur atvinnurekstur, annar en sjávarútvegur, hafi gengið mjög vel fram á þennan dag. Hagur flestra sveitar- og bæjarfélaga mun vera mjög góður, að örfáum undanteknum. Það er þess vegna mjög óeðlilegt, svo að ekki sé meira sagt, að ríkið fyrst allra stofnana í landinu lendi í stórkostlegri skuldasöfnun, áður en nokkuð kreppir að hjá almenningi eða einstökum fyrirtækjum. Ástæðurnar fyrir þessari óeðlilegu skuldasöfnun ríkissjóðs eru raunar auðsæjar og stafa af því, að ríkið hefur þurft að greiða stórfé til þess að halda niðri dýrtíðinni í landinu og enn fremur tekið á sig þungar byrðar, vegna þess að dýrtíðin hefur lamað sjávarútveginn, sem er aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna.

Ég vil geta þess, að því fer mjög fjarri, að rétt sé að saka núverandi ríkisstj. um það, hvernig málum er komið í þessu efni. Alþ. hefur sjálft látið undan almennum kröfum landsmanna um aukið framlag til opinberra þarfa, raunar umfram getu ríkissjóðs. Þá hefur Alþ. enn fremur dregið úr hófi fram að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að hefta og lækka dýrtíðina, þangað til núverandi ríkisstj. fékk samþykkt dýrtíðarlög sín. Verulegur hluti af þessum vandræðum hlauzt af því, þegar kommúnistar sviku nýsköpunina með því að hlaupast brott úr fyrrv. ríkisstj.

Í sambandi við það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, hefur talsmaður kommúnista, hv. 6. landsk., veitzt að ríkisstj. fyrir það, að ekki er meira ætlað til verklegra framkvæmda á frv. Þetta er gersamlega ástæðulaust vegna þess, að ef ríkið ætlar nú mjög mikið til verklegra framkvæmda, orsakar það óhæfilega samkeppni um vinnuaflið við aðalútflutningsatvinnuveginn, sjávarútveginn, en slíkt má ekki verða.

Hrunsöngur hv. 6. landsk. og annarra kommúnista og spádómar um atvinnuleysi, þó að verulega væri dregið úr verklegum framkvæmdum ríkisins, eru hin mesta fjarstæða, svo sem hér mun sýnt verða. Allir vita, að ástandið er nú þannig í mörgum verstöðvum, að fjöldi skipa liggur í höfn og kemst ekki á flot vegna mannleysis. Stækkun skipastólsins og hraðfrystihúsanna hefur gengið örar heldur en gert var ráð fyrir, og enn fremur hafa ýmiss konar atvinnuvegir verið efldir svo mjög í landinu, að ástæðulaust er fyrir ríkið að leggja á þessu ári mikið fé til verklegra framkvæmda, annarra en þeirra, sem greiða fyrir útflutningsframleiðslunni. Tel ég, að í því sambandi þyrfti að athuga tilfærslur á frv., þannig að meira fé yrði lagt til hafnarframkvæmda en minna til bygginga, sem ekki standa í sambandi við framleiðsluna. Atvinnumöguleikar landsmanna vegna þessarar miklu aukningar atvinnufyrirtækjanna, sem til eru nú í landinu, hafa aldrei nokkurn tíma verið eins miklir og þeir eru nú. Þessa miklu atvinnumöguleika vill hæstv. ríkisstj. og þeir, sem hana styðja, nota til þess ýtrasta, en kommúnistar vilja spilla þeim eftir mætti í samræmi við „dagskipun M“ frá höfuðstöðvunum í austri. Ég vil nú nefna nokkur skýr dæmi um hina öru aukningu atvinnumöguleikanna.

Í skýrslu, sem nýbyggingarráð gaf út og dags. er í desember 1946, eru settar fram 5 áætlanir um stækkun fiskiflotans, og er þar yfirlit yfir eflingu sjávarútvegsins á tímabilinu 1946 til 1951. Nýbyggingarráð kemst þar að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að binda starfsemina í framtíðinni við flota þann, sem nefndur er í áætlun þess II, en þar er gert ráð fyrir, að hæfilegur fiskifloti landsmanna á árinu 1951 sé 795 skip, samtals 52 025 rúmlestir. Áætlar nýbyggingarráð, að á þennan fiskiflota þurfi 7—8 þúsund menn. Samkvæmt síðustu skipaskoðun telur fiskimálastjóri, að til muni vera í landinu 688 fiskiskip, rúmlestatala þeirra er 44 170. Í lauslegri áætlun, sem hann hefur gert, telur hann, að ef öll þessi skip færu nú á vertíð á þær fiskveiðar, sem hverju skipi hæfði, mundi þurfa á þau 7150 sjómenn. Nú þegar eru komnir 4 togarar til viðbótar, samtals 2770 rúmlestir, og á þessu ári koma til landsins flestir þeir togarar, sem þegar er búið að semja um kaup á í Bretlandi; enn fremur bætast við nokkur vélskip, þannig að sennilegt er, að á árinu 1948 verði tala fiskiskipanna orðin 718 og rúmlestatala þeirra 56 000, eða 4000 rúmlestum hærri heldur en nýbyggingarráð taldi hæfilegt markmið á árinu 1951. Eflaust gengur eitthvað úr af skipum á árinu, en þó aldrei meira en svo, að rúmlestatala fiskiskipanna verður í árslok 1948 svipuð eða hærri en nýbyggingarráð gerði ráð fyrir, að hún þyrfti að vera árið 1951 til þess að fullnota veiðimöguleika landsmanna hér við strendurnar, án þess að gengið væri á fiskistofninn. Þessi öri vöxtur fiskiflotans hefur þegar orðið til þess, að mikil vöntun er nú á sjómönnum og það svo, að til vandræða horfir.

Samhliða þessu hefur farskipaflotinn verið mjög mikið aukinn. Farþega- og flutningaskip voru í árslok 1945 10, rúmlestatala 9500, en í árslok 1947 17 skip, um 14500 rúml. Á þessu ári eru væntanleg 2 af skipum þeim, sem Eimskipafélag Íslands er að láta byggja í Danmörku, og hið mikla skip „Tröllafoss“, sem skipshöfn er farin til Ameríku til að sækja. Enn fremur koma 2 ný strandferðaskip ríkisins. Alls verða þetta um 13 þús. rúmlestir. Verður þá þessi floti á árinu 1948 orðinn um 28 þús. rúmlestir og hefur þá náð þeirri stærð, er nýbyggingarráð hafði gert ráð fyrir í áætlun sinni. Þessi mikla aukning farskipaflotans eykur enn eftirspurn eftir sjómönnum, og væri vissulega illt til þess að vita, ef mikill hluti hans eða fiskiskipanna þyrfti að liggja hér við landfestar vegna mann-

leysis, er stafaði af því, að Alþ. veitti svo mikið fé til verklegra framkvæmda, t. d. vegagerða og bygginga, að menn fengjust ekki til þess að sækja sjóinn.

Þá má og geta þess, að hraðfrystihúsum hefur fjölgað mjög ört. Samkvæmt skýrslu fiskimálanefndar voru til hér á landi hinn 1. apríl 1946 71 frystihús, er höfðu geymslurúm fyrir samtals 35 þúsund tonn af fiskiflökum, frystu kjöti og frystri síld, en í ársbyrjun 1948 er tala þessara húsa orðin 86, og hús þau, sem eru í samtökum sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, eru talin geta afkastað 680 tonnum af flökum á dag miðað við 16 tíma vinnu. Utan þessara samtaka eru önnur frystihús, sem sennilega gætu unnið um 100 tonn á dag. Viðbætur hraðfrystihúsanna hafa þannig orðið mjög örar, og enn eru mörg hraðfrystihús í byggingu. Ef hraðfrystihús þessi fá þann fisk, sem þau þurfa til þess að vinna með sæmilegum afköstum, verður að gera ráð fyrir, að þau þurfi 3800 manns til vinnunnar. Er þó aðeins gert ráð fyrir þeim húsum, sem nú eru starfrækt, en ekki þeirri viðbót, sem fyrirhuguð er. Þetta er 800 manns fleira heldur en nýbyggingarráð gerði ráð fyrir, að þyrfti til þess að anna allri vinnu í hraðfrystihúsunum, sem voru starfandi á árinu 1946.

Ýmsar niðursuðuverksmiðjur hafa verið reistar, sem þurfa mjög aukinn vinnukraft, en þar sem óvissa ríkir um starfrækslu þeirra og afköst, verða þær ekki hér með taldar. — Hins vegar verða afköst síldarverksmiðja hér við Faxaflóa aukin mjög fyrir næsta haust, og þarf þar enn aukinn vinnukraft til útflutningsframleiðslunnar.

Í ráði er að koma á fót 10000 mála síldarbræðslu um borð í skipi, er væri færanlegt meðfram ströndum landsins. Enn fremur er í ráði að auka afköst ýmissa verksmiðja hér við Faxaflóa, þannig að þær geti unnið úr 12000—15000 málum á sólarhring. Og hefur fjárhagsráð þegar lýst yfir stuðningi og fyrirgreiðslu til ýmislegra framkvæmda í þessu skyni.

Að öllu þessu athuguðu er augljóst, að þær ráðstafanir, sem þegar er búið að gera vegna framleiðslutækja sjávarútvegsins, verða þess valdandi, að mjög mikil aukning þarf að vera á vinnuaflinu við þau, til þess að tækin notist, sem búið er að kaupa til landsins. — Það er þess vegna alger óþarfi vegna atvinnu landsmanna að leggja stórfé frá ríkinu til verklegra framkvæmda á þessu ári, og getur reyndar verið hættulegt bæði fyrir afkomu landsins í heild og einstaka atvinnuvegi, því að eins og gjaldeyrismálum okkar er nú komið, verður að leggja alla stund á útflutningsframleiðsluna umfram aðra atvinnuvegi.

Þjóðin er full framfaraáhuga, en þeim framförum þarf að beina inn á þær brautir, að fyrst séu leyst þau verkefni, sem eru mest aðkallandi. Enginn trúir á hrun það og atvinnuleysi, sem kommúnistar segja, að núverandi ríkisstj. vilji leiða yfir landsmenn, og ber hinn mikli áhugi einstakra manna fyrir auknum framkvæmdum og þeirra, sem ráða fyrir opinberum framkvæmdum í byggingarmálum, þessa ljósan vott. Fjárhagsráði hafa borizt umsóknir, sem bráðabirgðayfirlit hefur nú verið samið um, og er það svo sem hér segir:

	Íbúðir		Kostn. 31/12 '47	Kostn. 1948	Kostn. 1949	Heild. millj.
Íbúðarhús	1301	2263	50.8	179.5		230.0
Bílskúrar og útihús	292		1.0	8.2		9.2
Verzlunarhús og þ. u. l.	100	12	9.6	40.7	1.4	51.7
Iðnaðarfyrirtæki	66	4	2.9	8.2	0.8	11.9
Framleiðslufyrirtæki	56		8.9	33.8	8.1	50.8
	1815	2279	73.2	270.4	10.3	353.6
Opinberar byggingar	172		29.3	64.7	26.8	120.9
— verklegar framkv.	107		64.2	86.8	98.0	249.1
	279		93.5	151.5	124.8	370.0

Má af þessu yfirliti ráða, að mikill hugur er í mönnum um byggingar og um opinberar framkvæmdir. Verður vafalaust ákveðið innan skamms af fjárhagsráði, í hverjar byggingar skuli ráðizt á þessu ári. Byggingarstarfseminni þarf að einbeita að því að byggja íbúðir við almenningshæfi og byggingar nauðsynlegar framleiðslunni, en af því, sem ég hef áður sagt um útflutningsframleiðsluna og fólksþörfina þar, er augljóst, að sama gegnir um byggingarstarfsemi bæði einstaklinga og þess opinbera, að gæta þarf nokkurrar varhygðar í því að draga ekki fólkið til þeirrar starfsemi um of, á kostnað útflutningsframleiðslunnar, því að vitanlegt er, að ef ekki fæst gjaldeyrir, verður ekki heldur hægt að byggja.

Um iðnaðinn gildir hið sama og um sjávarútveginn, byggingarstarfsemina og opinberar framkvæmdir, að þar er fyrirhuguð mjög mikil aukning. Fjárhagsráð hefur safnað skýrslum um iðnaðinn. Eru þær eigi fullkomnar, en munu þó vera hið næsta, er komizt verður. Samkvæmt þeim nam verðmæti iðnaðarins 236.8 millj. á árinu 1946, en á árinu 1947 til 1. okt. 188.6 millj., og ef gert er ráð fyrir sömu framleiðslu á síðasta ársfjórðungi, nemur hún alls 235.6 millj. eða svipaðri upphæð og á árinu 1946. Hins vegar er áætlun iðnaðarframleiðslunnar árið 1948 371 millj. kr. eða um þriðjungs aukning. Hráefnanotkun iðnaðarins var 1946 86.6 millj., en á árinu 1947 til 1. okt. 75 millj., og áætluð fyrir síðasta ársfjórðung þess árs 18 millj., eða alls 93 millj. Á árinu 1948 áætla iðnaðarframleiðendur, að þeir þurfi hráefni fyrir 148½ millj. kr. Tala manna þeirra, er við iðnaðinn vinna, var árið 1946 5421, árið 1947 5130 og áætluð á árinu 1948 vegna þeirrar aukningar, sem orðið hefur á vélakosti, 6738.

Einnig hér er ráðgerð mikil útfærsla, og menn spyrja: Hvað verður hægt að útvega af hráefnum til iðnaðar? — Hvað verður hægt að byggja? — Hvað verður hægt að vinna að opinberum framkvæmdum? Og svarið hlýtur að vera hið sama við öllum þessum spurningum: Það fer eftir gjaldeyrisástandinu og eftir mannaflinu og fjármagni því, sem landsmenn hafa til umráða innanlands. En það er eins og ýmsir reikni alls ekki með þeirri staðreynd. Vegna hinna mjög öru framkvæmda á öllum sviðum hefur þegar verið fest geysimikið fjármagn einstaklinga til margra ára. Auk þess hafa ríkinu verið bundnir ótrúlega stórir baggar bæði með fjárframlög og ábyrgðir. T. d. hafði Landsbankinn s. l. sumar skrá yfir lánbeiðnir ríkisins og lánbeiðnir með ríkisábyrgð upp á 180 milljónir króna. Þó er gjaldeyrisástandið svo, að fjármagnið er orðið mjög bundið. Samkv. skýrslum fjárhagsráðs var gjaldeyrisforðinn í árslok 1946 223 millj. kr. Þar af hafði verið ráðstafað á nýbyggingarreikning 131 millj. kr. Auk þess komu svo ábyrgðir bankanna 60 millj. kr., eða alls var eftir til annarra ráðstafana en nýbygginga og ábyrgða 42 millj. kr. Nú er ástandið orðið allt annað. Gjaldeyriseign bankanna var í árslok 1947 48.4 millj. kr., en ábyrgðir 46.4 millj. kr.; eftir voru því til ráðstöfunar umfram ábyrgðir aðeins 2 millj. kr., og er það þó ekki hin rétta mynd af ástandinu, því safnazt hafa fyrir hjá bönkunum um 18 millj. kr. í innheimtum, sem voru óafgreiddar um áramótin, vegna þess að ekki var hægt að yfirfæra þær sökum gjaldeyrisskorts. Nokkuð af vörum þessum hafði þó verið flutt til landsins án leyfa. Auk þess hafa á árinu safnazt stórar skuldir í útlöndum, bæði hjá einstökum fyrirtækjum og enn fremur hjá opinberum aðilum, sem eru í miklum vanskilum, einnig vegna vöntunar á gjaldeyri. Nema upphæðir þessar samtals mörgum tugum milljóna kr., þannig að í staðinn fyrir 42 milljóna króna inneign bankanna umfram bankaábyrgðir í árslok 1946 er komin stór gjaldeyrisskuld. Þetta hefur orðið þrátt fyrir það að fjárhagsráð og viðskiptanefnd hafa með ráðstöfunum sínum á árinu dregið mjög mikið úr öllum innflutningi til landsins og sérstaklega skorið niður allan óþarfainnflutning. Fjárhagsráð hafði sagt fyrir um þetta í tveim skýrslum, er það hefur birt um gjaldeyrisástandið. Gjaldeyrisskortur kreppir nú mjög að öllum, sem viðskipti eiga við útlönd, og væri þó ástandið enn verra, hefði Faxasíldin eigi komið til sögunnar.

Í l. um fjárhagsráð er svo ákveðið, að fjárhagsráð skuli semja innflutningsáætlun fyrir ár hvert. Að þessu sinni hefur fjárhagsráð haft mikinn vanda á höndum um samning slíkrar áætlunar. Gjaldeyrisforðinn er horfinn og tugmilljóna skuldir komnar í staðinn við önnur lönd. Eftir er að greiða stórfé til að ljúka ýmsum mikilsverðum framkvæmdum, sem þegar eru hafnar, og þau nýju framleiðslutæki og vélar, sem flutt hafa verið inn til landsins, þurfa mjög aukinn rekstrarkostnað, þau auka að sjálfsögðu mjög mikið afköst landsmanna, en vitanlega þó því aðeins, að þau séu í gangi.

Fjárhagsráð hefur eigi enn að fullu gengið frá innflutningsáætlun sinni, en þó virðist nú mega fullyrða, að þrátt fyrir ýtrustu varfærni geti innflutnings- og gjaldeyrisáætlunin aldrei numið minna en um 310 millj. kr. með fobverði.

Auk þess koma svo hinar svonefndu duldu greiðslur, flutningsgjöld, námskostnaður, sendiráðakostnaður o. s. frv., sem aldrei getur numið minna en um 80 millj. kr., og það þó að gætt sé ýtrustu varfærni á öllum sviðum.

Lágmarksþarfir landsmanna eru samkv. þessu um 400 millj. kr., og er þá skorinn niður allur óþarfainnflutningur og nauðsynjavörur, svo sem frekast hefur þótt fært.

Innflutnings- og gjaldeyrisáætlunin skiptist sem næst til þriðjunga, þannig að neyzluvörur nema um 103 millj. kr., rekstrarvörur til lands og sjávar nema 103 millj. kr., en byggingarefni (annað en til viðhalds) og nýbyggingarvörur nema um 103 millj. kr.

Til samanburðar vil ég geta þess, að ég hef gert tilraun til að sundurliða innflutning ársins 1945 eftir skýrslu Hagtíðinda, og telst mér svo til, að neyzla þess árs nemi 145 millj. króna, en rekstrarvörur og nýbyggingar kr. 174 millj. Virðist hafa orðið mikil breyting á þessu, og sýnir hún, hve gersamlega tilefnislaust stjórnarandstaðan sakar núverandi ríkisstj. og fjárhagsráð um að reka erindi heildsala eða kaupmanna.

Á árinu, sem leið, hefur útflutningur landsmanna verið hærri en nokkru sinni fyrr, eða um 300 millj. króna. Til þess að útflutningur nægi fyrir brýnustu þörfum þessa árs, þarf hann að hækka um þriðjung eða í 400 milljónir, og virðist ekki varlegt að gera ráð fyrir öllu hærri upphæð.

Á þessu ári eru gjaldeyris- og innflutningsyfirvöldin mjög bundin við það, sem áður hefur verið gert. Til viðskiptanefndar og fjárhagsráðs hafa komið mjög margar beiðnir um framlengingar á eldri leyfum, og geta þessar framlengingar varla numið minna en 100 til 120 millj. kr., sem þá verða að koma upp í innflutningsáætlun þessa árs. Hafa fjárhagsráði borizt beiðnir um framlengingu nýbyggingarleyfa, er nema um 30 millj. kr.

Af þessu, sem hér hefur sagt verið um aukning atvinnuveganna, er augljóst, að atvinnumöguleikar landsmanna eru meiri heldur en þeir hafa nokkurn tíma verið áður. Þannig er nú þegar í ársbyrjun 1948 ýmislegt það komið til fullra framkvæmda, sem nýbyggingarráð taldi, að ljúkast þyrfti á árinu 1951. Enn fremur er augljóst, að brýna nauðsyn ber til að beina vinnuaflinu og fjármagninu að framleiðslu sjávarafurða, því að öll önnur afkoma landsmanna er undir því komin, að svo verði gert.

Það er á valdi landsmanna sjálfra, hvernig þeir fara með þessa möguleika, og ef við verðum samkeppnisfærir um að selja vörur okkar á erlendum markaði og notum okkur framleiðslutækin, þurfum við engu að kvíða um framtíðina. En að þessu hefur verið lagður grundvöllur með þeim dýrtíðarráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert með dýrtíðarlögum sínum.

Getum við haldið vinnufriði í landinu, getum við haldið áfram að færa niður dýrtíðina og séð um, að öll okkar framleiðslutæki séu í notkun, má telja, að bjart sé fram undan meðan vörur okkar falla ekki á erlendum markaði. Verði hins vegar gerðar ráðstafanir til þess að hindra það, að við getum orðið samkeppnisfærir um sölu á afurðum okkar, eða verði atvinnuvegirnir stöðvaðir með óhyggilegum ráðstöfunum, mun illa fara.

Þessar staðreyndir verða öllum Íslendingum æ ljósari með degi hverjum. Tilraunir, sem kommúnistaleiðtogarnir hafa gert samkvæmt erlendum fyrirskipunum til þess að æsa til verkfalla gegn dýrtíðarráðstöfunum ríkisstj., hafa engan árangur borið. Kommúnistar hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum. Þeir töldu sig geta unnið mikið fylgi í verkalýðsfélögunum á kostnað Alþýðuflokksins vegna dýrtíðarlaganna. — Reynslan hefur orðið allt önnur. Hvarvetna þaðan, sem til fréttist, hefur fylgi kommúnista í verkalýðsfélögunum minnkað. Í fjórum verkalýðsfélögum: í Sandgerði, á Hellissandi, í Borgarnesi og á Hvammstanga, hafa kommúnistar misst formennsku. Ýmis önnur félög hafa hrundið þeim úr trúnaðarstöðum, og víða hefur fylgi þeirra hrunið niður, eins og t. d. í Vestmannaeyjum. Í sumum félögum, t. d. bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, þorðu þeir ekki að stilla upp í stjórn vegna fylgisleysis. Í Dagsbrún vann Alþýðuflokkurinn stórlega á, þrátt fyrir austrænar kosningaaðferðir kommúnista, og sama sagan heyrist alls staðar að af landinu. Í örfáum sterkustu félögum sínum hafa kommúnistar marið í gegn mótmæli gegn dýrtíðarlögunum með örlitlum atkvæðamun, en önnur félög hafa beinlínis mælt með lögunum. Þetta er allur árangurinn, sem kommúnistaleiðtogarnir hafa náð með hinni stórkostlegu, skipulögðu áróðurs- og rógsherferð sinni og öllum þeim fjölda erindreka og starfsmanna, sem flokkurinn hefur á launum, hvaðan sem þau svo koma.

Engin skipulögð andstaða er rekin gegn kommúnistum í verkalýðsfélögunum. Verkamennirnir hafa sjálfir fundið hvöt hjá sér til þess að losa sig við þá. Ef andstæðingar kommúnista ræku svipaðan áróður og kommúnistar gera, yrðu áhrif kommúnista þurrkuð út á skömmum tíma. En þó að fyrsta árás kommúnistaleiðtoganna gegn atvinnulífi landsmanna hafi þannig sem heild mistekizt, sitja þeir sig aldrei úr færi með að gera það tjón, sem þeir geta. Þeim þykir veiði Faxaflóasíldarinnar vera orðin ískyggilega mikil. Þeir létu því Dagsbrúnarstjórnina banna síldarlosun í Reykjavík að nóttu til. Sjómenn, sem bíða hér dögum saman eftir losun, tóku þá til sinna ráða. Þeir neituðu að afhenda nokkra síld, nema Dagsbrún aflétti banninu. Alger stöðvun var of áberandi á ábyrgð kommúnistaleiðtoganna. Þeir létu því undan í þetta skipti, þökk sé hinni einörðu afstöðu sjómanna. Vilji kommúnistaleiðtoganna til þess að framkvæma hina fyrirskipuðu skemmdarstarfsemi er augljós. En hver atvinnustöðvun, sem framkvæmd er, kemur illa við þá, sem vinnuna missa.

Verkföll framin eftir erlendum fyrirskipunum mæta andúð fjölda verkamanna, sem áður hafa fylgt kommúnistum að málum. Þess vegna hrynur fylgið alls staðar af þeim.

Ég hef hér að framan sýnt fram á hina geysimiklu atvinnumöguleika, sem til eru nú í landinu. Ég hef einnig í stórum dráttum rakið gjaldeyrisástandið. Hvort tveggja hlýtur þetta að ræðast í sambandi við frv. það til fjárlaga, sem hér er á dagskrá.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er sú, að hér verði atvinna handa öllum. Að þessu miða dýrtíðarlögin og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að reyna að tryggja gjaldeyri til atvinnuframkvæmda, fyrst og fremst fyrir þá, sem harðast verða úti í atvinnuleysi eða vinnustöðvunum, verkamenn og sjómenn. En leiðtogar kommúnista nota samtök þeirra til þess að fremja skemmdarstarfsemi sína.

Andstaða verkamanna og sjómanna gegn hinum sviksamlegu aðförum kommúnista hlýtur því að magnast eftir því, sem svik kommúnista verða augljósari, svo sem í ljós kom við hirtingu þá, er sjómenn nýlega gáfu stjórn Dagsbrúnar. Ég vil ítreka það, að atvinnumöguleikar landsmanna, hvað sem líður framlögum ríkisins til opinberra framkvæmda á þessu ári, hafa aldrei verið eins miklir og nú, ef atvinnufyrirtækin geta verið í starfrækslu sökum dýrtíðar og ef verkamenn og sjómenn fá að vera í friði við vinnu sína fyrir kommúnistaleiðtogunum.

Það er á valdi verkamanna og sjómanna sjálfra að láta ekki trufla vinnufriðinn, en til þess að svo verði, þurfa þeir að hrinda af sér áhrifavaldi kommúnista í félagsskap sínum. Takist það, mun atvinna handa öllum haldast áfram og hagur almennings halda áfram að batna til blessunar fyrir okkar litla þjóðfélag.

Forseti (JPálm): Hv. þm. Ísaf. hefur nú lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 2. þm. N-M., Halldór Ásgrímsson. Hann talar af hálfu Framsfl. og hefur hálftíma til umráða.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á s. l. hausti var lagt fram fjárlagafrv. fyrir 1948 og var það með rúmlega 900 þús. kr. rekstrarhalla. Í þessu nýja fjárlagafrv. var yfirleitt gert ráð fyrir sama kostnaði við ríkisreksturinn og verið hafði s. l. ár, en allar verklegar framkvæmdir stórlega lækkaðar. Nú er nýtt fjárlagafrv. komið fram, og eru tekjur þess áætlaðar 60 millj. kr. hærri en á fyrra frv. Rekstrarhalli er áætlaður aðeins lægri, eða rúmar 600 þús. kr., en greiðsluhalli tæpar 27 millj. í stað 20 áður.

Til hvers er þá þessi 60 millj. kr. tekjuaukning ætluð? Er ekki eitthvað af henni ætlað til hækkunar á framlagi til verklegra framkvæmda, sem nú er verið með og aðkallandi er að reyna að ljúka sem fyrst? Nei. Öll fúlgan gengur til þess að reyna að halda niðri dýrtíðinni og í vexti og afborganir af lausaskuldum ríkissjóðs, og hrekkur þó ekki til, því að þessir 3 liðir eru nú samtals áætlaðir á þessu nýja frv. nálega 65 millj. kr. — Það sjá allir, hvert stefnir. Hinn eiginlegi rekstrarkostnaður ríkisins, dýrtíðarráðstafanir og afborganir og vextir af skuld-

um eru nú þegar að gleypa allar tekjurnar og ekkert að verða umfram til framkvæmda aðkallandi umbóta. Afleiðingar verðbólgunnar og þeirrar fjármálastefnu, sem hér hefur verið ráðandi fram að síðustu stjórnarskiptum, eru nú að koma betur og betur í ljós á þessu sviði sem öðrum.

Ef litið er á tekjuhlið fjárlagafrv., sést, að eldri tekjuliðir hafa verið hækkaðir í áætlun um nálega 14 millj. kr., en einum nýjum bætt við, þ. e. söluskattinum, sem áætlaður er 19 millj. Ég býst við, að flestir, sem kynna sér þessa tekjuáætlun, verði að viðurkenna, að hún sé svo há, að ekki sé fært að áætla núverandi tekjustofna hærra en gert er. Meira að segja vil ég benda á, að vafasamt er, að áfengistekjurnar fái staðizt áætlun. Sumir telja, að þessar tekjur hafi á s. l. ári verið óeðlilega miklar, og þykir mér ekki ótrúlegt, að einhver hæfa sé fyrir því, þótt ég ætli ekki að fara að ræða eða rökstyðja það hér. En hitt er víst, að ef eitthvað af þeim tillögum, sem nú liggja fyrir Alþ., um takmörkun á sölu áfengis, nær fram að ganga, sem ég vona, þá þýðir ekki að leyna sig því, að slíkt hlýtur að skerða áfengistekjurnar að mun.

Þá má einnig benda á atriði, sem að vísu varðar aðeins greiðslujöfnuðinn, að ekki virðist það lögum samkvæmt að færa rúml. 800 þús. kr. tekjuafgang ríkisútvarpsins þann veg, sem gert er. Þetta er vafalaust af vangá gert og mun verða leiðrétt, en þar með hækkar greiðsluhallinn um þá fjárhæð og verður tæpl. 28 millj. kr.

Samkvæmt framansögðu geri ég hér ráð fyrir, að jafnvel bjartsýnustu menn geti varla gert sér vonir um hærri tekjur en fram eru taldar og að líklegra sé jafnvel, að áætlunin sé ekki alls kostar varleg, miðað við núverandi tekjustofna. Spurningin er þá: Eru þetta nægar tekjur til að fullnægja greiðsluþörf ríkissjóðs? Frv. sjálft svarar þessari spurningu, þar sem það gerir ráð fyrir 27 millj. kr. greiðsluhalla, en ég óttast, að þar með sé ekki öll sagan sögð. Eins og ég tók áðan fram, er halli á rekstraryfirlitinu nálega 600 þús. kr., en ef farið er í gegnum gjaldabálkinn virðist mér, að því miður séu ekki öll kurl til grafar komin. Get ég ekki betur séð en að ýmsar lögbundnar greiðslur, sem erfitt verður undan að komast, séu vantaldar og því aðeins til að blekkja sjálfan sig að taka þær ekki upp eins og ætla verður, að út þurfi að leggja. Annað er ef til vill hægara að leiða hjá sér að einhverju leyti, en þó er þörfin svo mikil og aðkallandi, að ég ætla hér að nefna upphæðir, ef til vill meira frá sjónarmiði brýnustu þarfa en þess, sem kann að reynast fært fyrir ríkissjóð að leggja fram.

Ég skal þá telja upp helztu liðina, sem virðist þurfa að hækka:

Jarðabótastyrkurinn er bundinn lögum. Á frv. er hann áætlaður 2½ millj. kr. Árið 1947 reyndist hann 3.4 millj., og kunnugir telja, að nú þurfi að áætla hann 4 millj.

Þá er áfallin lokagreiðsla vegna eldri laga um byggingarstyrki í sveitum. Sú upphæð er talin 310 þús., en hefur ekki verið tekin upp.

Samkv. lögum ber að veita styrk til nýrra mjólkurbúa. Það er vitað, að á ríkissjóð eru áfallnar kröfur í þessu efni. Engin fjárhæð er tekin upp, en virðast ekki mega vera lægri en var á fjárl. 1947, kr. 400 þús.

Til vegaviðhalds var 1946 varið rúmlega 11½ millj., 1947 rúml. 13 millj. Á s. l. ári bættust við meira en 500 km langir þjóðvegir, sem sennilega þurfa nú meira viðhaldsfé en s. l. sumar. Sjálfsagt verður að reyna að draga úr þessum mikla viðhaldskostnaði, en tæplega get ég hugsað mér, að minna hrökkvi til en 11 millj., og er það 2 millj. kr. hækkun.

1947 var lögum samkv. lagt til sýsluvegasjóða ¾ millj. kr. Fjárveiting í þessu skyni er nú áætluð ½ millj. Reynslan hefur sýnt, að ekki þýðir að áætla minna en leggja varð fram s. l. ár. Þessi liður þarf að hækka um ¼ millj.

Á frv. er lagt til að verja 3 millj. til nýrra vega í stað tæpl. 7 millj. s. l. ár. Það er alveg vonlaust, að hægt verði að komast af með þessa fjárhæð, jafnvel þótt ekki væri reiknað með lagningu vega á hinum nýju leiðum, sem teknar voru í þjóðvegatölu s. l. ár. Til brúargerða er áætluð ein millj. kr. í stað tæplega 2½ millj. s. l. ár. Til hafnargerða og lendingabóta 3½ millj. í stað 6.3 millj. s. l. ár. Þá er ætlað til sveitasíma tæp ½ millj. í stað 1 millj. s. l. ár.

Hér er um svo stórkostlegan niðurskurð að ræða á þeim verklegu framkvæmdum, sem að framan eru taldar, að ég tel slíkt algera neyðarráðstöfun, sem ekki komi til greina fyrr en að betur athuguðu máli, og mun ég koma nokkuð að því síðar. Ég tel ríflega fjárveitingu til vega- og símalagninga í sveitum eitt af frumskilyrðum þess, að fólkið geti haldizt þar við. Fáliðaðir eða einyrkja bændur eru dæmdir til að yfirgefa jarðir sínar, ef þeir eiga enn um langa framtíð að flytja að og frá búum sínum á klökkum og þurfa ætíð um langan veg að fara til þess að reka erindi sín við sveitunga eða þá verzlun, sem við er skipt. Þetta veit ég, að bæjafólkið skilur vel, sem telur sér það bráða nauðsyn að hafa einn eða fleiri síma í svo að segja hverju húsi og steyptar gangstéttir og malbikaða vegi til umferðar.

Sama er að segja um hafnargerðir og lendingabætur. Að þeim er nú unnið á mörgum stöðum, og framhald þeirra og nokkrar nýjar aðkallandi framkvæmdir mundu sennilega þarfnast 12—15 millj. kr. framlags, ef vel ætti að vera, en slíkt er auðvitað vonlaust. En víða mun ekki hægt að stöðva framkvæmdir, bæði af því, að á þessu stigi koma þær ekki að liði, og eins af hinu, að það, sem búið er að gera, er þá eyðileggingunni undirorpið. Sums staðar verður líka að halda áfram vegna þess, að stækkandi bátafloti byggðarlagsins getur annars ekki haldizt við í heimahöfn, og svona má halda áfram að telja upp ástæður.

Mér þætti ekki ósennilegt, að menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að erfitt sé að komast hjá að hækka fjárframlagið til vega, brúa, sveitasíma og hafnargerða og lendingabóta um minnst 8 millj. kr.

Þá kem ég að fjárframlögum til skólabygginga. Um það má deila, af hvað mikilli fyrir-

hyggju í þær byggingar hefur verið ráðizt. Er talið, að ef ætti að fullnægja fjárþörfinni svo að segja eingöngu vegna skólahúsa, sem byrjað er á, mundi þurfa meira en milljónatug á þessu ári. Slíkt getur auðvitað ekki komið til mála, en illt er og nærri frágangssök, að ekki sé hægt að koma þeim byggingum undir þak, sem ekki eru nú svo langt komnar, og stöðva þá heldur framkvæmdir á því stigi, ef nauðsyn ber til, og eins verður að keppa að því að ljúka þeim byggingum, sem lítið vantar á, að séu nothæfar. — Er gizkað á, að til þess að ná þessu marki sem víðast þurfi að hækka fjárveitingu til barna-, alþýðu-, húsmæðra- og gagnfræðaskóla um 1—2 millj. kr.

Til nýrra raforkuframkvæmda er áætlað 1 millj., en kunnugir menn þeim málum telja, að ómögulegt sé að komast af með þá upphæð vegna þeirra framkvæmda, sem nú standa yfir. Þá má benda á þá staðreynd, að einlægt bætast fleiri eða færri liðir á útgjöldin í meðferð þingsins. Getur því farið svo, að þing og stjórn verði að horfast í augu við möguleika á 16—18 millj. kr. rekstrarhalla og allt að 45 millj. kr. greiðsluhalla.

Þetta er óglæsileg útkoma, og ég veit, að hæstv. fjmrh. segir: Svona er ekki hægt að afgreiða fjárl., — og er ég honum sammála um það. En það er heldur ekki hægt að afgreiða fjárlagafrv. óbreytt. Áður en lengra er farið, vil ég taka það fram, að þessi athugun mín í sambandi við fjárlagafrv. er ekki gerð til þess að deila á hæstv. fjmrh., heldur er hún tilraun til að bregða upp raunhæfri mynd af þeim erfiðleikum, sem við er að stríða við meðferð málsins. Hæstv. ráðh. hefur ekki átt margra kosta völ og engra góðra, þegar hann hefur verið að reyna að skila fjárlfrv. sem næst rekstrarhallalausu í hendur Alþingi. Ég held, að það hafi verið vonlaust verk, eins og allt var í pottinn búið.

Ég sagði áðan, að það væri að mínum dómi ekki hægt að afgreiða frv. eins og það liggur fyrir. Ég tel m. a. ekki hægt á þessu ári að skera svona mikið niður allar verklegar framkvæmdir. Hins vegar þýðir ekki að leyna sig því, að svo er nú komið fjárhag ríkisins, að ókleift kann að reynast að fá sumar þær fjárhæðir, sem ég hef nefnt. Þá má vera, að gjaldeyrisskorturinn komi þar einnig til greina. Eins og allir vita, er nú svo komið, að allar innistæður okkar erlendis eru upp eyddar, og við byrjum þetta ár með erlendar skuldir vegna vörukaupa. Við verðum því nú þegar að sætta okkur við að horfast í augu við þá beisku og illu staðreynd að láta okkur framvegis hrökkva til allra þarfa þann gjaldeyri, sem við fáum fyrir útflutningsvörur okkar, og í ár göngum við inn í þetta timabil með skertar gjaldeyristekjur ársins vegna skulda erlendis. Það er illt til þess að vita og illt að sætta sig við, en þetta er eðlileg afleiðing heimskulegrar og áþyrgðarlítillar gjaldeyrissóunar undanfarinna ára, sem lamar nú allar eðlilegar framkvæmdir, og mun það eiga eftir að koma betur í ljós en orðið er. — Ég veit, að fleira kemur til greina í sambandi við verklegar framkvæmdir en greiðslumöguleikar ríkissjóðs og gjaldeyrisgetan, að því leyti sem erlent efni þarf til framkvæmdanna. Það þarf líka að beina vinnuaflinu yfir til undirstöðuatvinnuveganna og eitthvað af því fólki á sjálfsagt strax að koma úr þeim hópi, sem nú hefur um skeið unnið að margs konar framkvæmdum ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, en það eru takmörk fyrir því, hvað breytingin getur verið ör. — Þeirra hluta vegna er ekki hægt að hlaupa frá öllu hálfloknu, en auðvitað verður að taka tillit til fjárfestingargetunnar. — Þetta fólk á líka að koma víðar að og það nú þegar. Eitthvað mun vera af fólki við ýmiss konar þýðingarlítinn og óþarfan iðnað, sem gott og réttmætt væri, að hyrfi að meiri þjóðnytjastörfum. Þá mætti af sömu ástæðu vænta fólks frá verzluninni og úr alls konar braski og milliliðastörfum, og sumir telja, að að skaðlausu gæti það opinbera misst álitlegan hóp frá skrifstofnskuborðum sínum.

En hverfum aftur að fjárlagafrv. Ég þykist hafa sýnt fram á, að Alþ. þurfi að horfast í augu við allt að 18 millj. kr. rekstrarhalla og 45 millj. kr. greiðsluhalla. — Einhver kann að segja: Jafnið rekstrarhallann með nýjum tollum og sköttum, og takið lán til að standa straum af greiðsluhallanum. — Um nýja tolla og skatta eða hækkun á þeim, sem fyrir eru, ætla ég að leiða hjá mér að ræða, enda vænti ég, að flestum þyki orðið nóg sem komið er, og ábyggilega þarf nokkra hugkvæmni til þess að finna viðunandi leiðir í því efni. Sannleikurinn mun líka vera sá, að menn munu nú senn fá ærið íhugunarefni að finna viðbótartekjur til að fylla í þau skörð, sem fljótlega er hætt við að komi í þá tekjustofna, sem nú er byggt á og sumir þegar farnir að rýrna, eins og t. d. vöru- og verðtollur.

Af þessu má sjá, að ekki er lengi úr þessu hægt að halda áfram á sömu braut, að bæta einlægt við nýjum og nýjum útgjaldapóstum og taka á móti tekjur með hækkandi tollum og sköttum, og verður því nú þegar að gera öflugar ráðstafanir til að lækka hin eiginlegu rekstrargjöld sjálfs ríkisins og fyrirtækja þess. — Þessa staðreynd verður nú Alþ. og ríkisstj. að horfast í augu við. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrrv. ríkisstj. sætti oft hörðum og réttmætum ádeilum fyrir það, hve henni var oft ótrúlega sýnt um að eyða stórum fjárfúlgum í einn og annan óþarfa, en sem betur fer, mun nú öllu slíku meira stillt í hóf. Sama er að segja um aðgerðir fyrrv. ríkisstj., hvað viðkom fjölgun starfsmanna, og sérstaklega er hún fræg fyrir það fyrirkomulag, sem hún innleiddi með eftirvinnugreiðslum og óeðlilega stuttum daglegum starfstíma allra þeirra, sem eru í opinberri þjónustu. Hafa þessi tvö síðustu atriði orðið að fótakefli viðunandi rekstrarafkomu einnar stærstu ríkisstofnunarinnar. Hefur verið gripið til þess úrræðis að hækka öll gjöld, sem þessi stofnun tekur fyrir þjónustu sína, og almenningur þannig orðið að borga brúsann. Það er víða aðgerða þörf, þegar um það er að ræða að spara í ríkisrekstrinum. Ég veit, að það er léttara að koma á dýru og óheppilegu starfsfyrirkomulagi í hvaða stofnun sem er en

að kippa því aftur í lag. Slíkt tekur oft lengri tíma en ætla mætti, bæði að finna heppilegustu breytingar til bóta og að framkvæma þær svo. Þessa og sennilega fleiri afsakanir hefur hæstv. ríkisstj., sem rétt er að hafa í huga, þegar ég eða aðrir finna að því, hve seint gangi með aðgerðir í sparnaðarátt.

Tvennt er þó það, sem mér virðist liggja ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. verði að gera án frekari tafa, þ. e. afnám eftirvinnureglugerðar þeirrar, sem margar stofnanir greiða nú aukalaun eftir, og eins að setja lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þar sem þeim m. a. væri gert að hafa daglegan vinnutíma lengri en nú er. Hæstv. stjórn verður alvarlega að gæta þess að sýna ekki óeðlilegan drátt um raunhæfar aðgerðir í þessum málum, annars á hún á hættu að þurfa að liggja undir ámæli fyrir að bæta ekki úr því ráðleysi, sem fyrrv. ríkisstj. m. a. henti í þessum efnum, og því fremur sem fjárhagur ríkissjóðs þolir nú enn síður ýmiss konar ofrausn og eyðslu, sem minna var fengizt um, meðan alls staðar var til fjár að grípa.

Meðal þess, sem mér virðist hæstv. stjórn verða að vinna að með eins miklum hraða og mögulegt er, enda víst að einhverju leyti þegar í athugun, er:

1. Fækka starfsmönnum, þar á meðal í utanríkisþjónustunni, og þá fyrst og fremst á Norðurlöndum.
2. Einfaldara starfskerfi ásamt aukinni tækni, sem um leið ætti að gera fært að fækka enn meir starfsmönnum í opinberum skrifstofum og hjá ríkisstofnunum.
3. Niðurlagning launaðra nefnda, og mun nú eitthvað vera byrjað á því.
4. Setja lög, sem óheimila öllum opinberum stofnunum að fjölga starfsmönnum nema með t. d. leyfi fjmrh.

Tillögur til sparnaðar í opinberum rekstri eru ekki nýtt mál. Fjvn. og einstakir þm. hafa oft á undanförnum árum vakið athygli á, að við hefðum ekki efni á að sóa þannig fé né mannafla, eins og gert hefur verið, en þrátt fyrir það hafa lög eftir lög verið samþykkt um stofnun nýrra embætta, sem í byrjun hafa oft að vísu ekki verið talin sérlega kostnaðarsöm, en margt hefur svo hjálpað til, að kostnaðurinn hefur ótrúlega fljótt aukizt og margfaldazt. Vill oft svo verða, að ýmsum finnist árangur af störfunum vera í öfugu hlutfalli við aukinn kostnað. — Þá eru talin dæmi til þess, að ríkisstofnanir hafi verið svo ákafar í að fjölga starfsliði sínu, að þess hafi ekki einlægt verið gætt jafnhliða, hvort hinn nýi starfsmaður eða menn gætu fengið viðunandi vinnuaðstöðu innan þeirra veggja, sem stofnunin hafði til umráða.

Það mun vera síendurtekin krafa allra fjárveitinganefnda, sem starfað hafa um mörg undanfarin ár, að hún fengi í sínar hendur launa- og starfmannaskrár, svo að nefndin gæti á hverjum tíma fylgzt með þróuninni í þeim málum. Núverandi fjvn. hefur margítrekað þessa sömu beiðni og jafnframt óskað þess, að skýrslan sýndi, hve mikill hluti launanna væri eftirvinnukaup. Þetta hefur ekki frekar venju borið árangur. Verður að segja, að það gengur hneyksli næst, að fyrir Alþ. ár eftir ár sé haldið svona löguðum upplýsingum, sem eru undirstaða þess, að heilbrigðu aðhaldi verði við komið í þessum málum. Fyrir stríð átti Alþ. aðgang að svona skýrslum og þótti nauðsynlegt. Eins og þróunin hefur síðan orðið í starfsmannahaldi og launagreiðslum, þá eru þær nú alveg óumflýjanlegar. Til þess að kippa þessum sjálfsagða hlut í lag er því ekki annað sjáanlegt en að setja verði lög um, að hverju fjárlfrv. skuli fylgja slík sundurliðuð skrá yfir starfsmannahald og launagreiðslur hjá öllum opinberum skrifstofum og ríkisfyrirtækjum.

Eins og komið er, geri ég mér ekki neinar vonir um, að hægt verði við samþykkt þessara fjárl. að reikna með teljandi sparnaði á ríkisrekstrinum í þeim greinum, sem ég hef hér gert að umtalsefni. Annað mál er það, að hæstv. ríkisstj. mun væntanlega eftir sem áður reyna að framkvæma á þessu ári allan hugsanlegan sparnað, m. a. með afnámi eftirvinnu og lengingu vinnutíma. Verður svo jafnframt að vænta þess, að rösklega verði unnið að athugun og undirbúningi frekari sparnaðar, sem ríkisstj. mun og hafa haft í huga með skipun svokallaðrar sparnaðarnefndar. Kann ég ekkert frá störfum hennar að segja, en allir nefndarmennirnir munu vera opinberir starfsmenn, sem viðbúið er að séu hlaðnir öðrum störfum. Hygg ég, að óumflýjanlegt sé fyrir hæstv. ríkisstj. að breyta að einhverju leyti til og setja í n. eitthvað af mönnum, sem ekki hafa öðru að sinna en þeim verkefnum, sem fyrir n. liggja.

Ef það er rétt, að ekki sé að vænta teljandi sparnaðar í ríkisrekstrinum á þessu ári, er augljóst, að útgjöldin verða ekki þann veg færð niður, svo að fullnægjandi sé. Reynist það svo, að ekki verði hægt að afla nýrra tekna til að mæta fyrirsjáanlegum rekstrarhalla eða þá að slíkar tekjur hrökkvi ekki til, þá virðist ekki nema ein leið eftir og hún engan veginn góð, þ. e. að færa eitthvað niður kröfurnar um hækkun fjárveitinga til aðkallandi verklegra framkvæmda, jafnframt því að hlutfallsleg lækkun eigi sér stað á ýmsum öðrum gjaldaliðum fjárl., svo sem fjárframlögum samkv. ýmsum þeim lögum, sem leggja ríkissjóði gjaldabyrðar á herðar. Með öðrum orðum, að samþykkt væri takmörkuð frestun á framkvæmd þeirra laga.

Setjum nú svo, að á þennan hátt verði hægt að færa útgjöldin svo niður, að hægt verði að afgreiða rekstrarhallalaus fjárl., sem ekki verður heldur undan komizt, þá er eftir að sjá við þeim greiðsluhalla, sem ráðgerður er í fjárlfrv. Mér skilst, að þær greiðslur, sem valda þessum halla, verði ekki inntar af hendi nema með öðru af tvennu eða hvoru tveggja, rekstrarafgangi, sem kæmi fram við, að tekjur færu verulega fram úr áætlun, eða þá lántökum. Vonir um, að tekjur ársins fari fram úr þeirri áætlun, sem fyrir liggur, ætla ég ekki frekar að ræða, enda mun það svo, að þeirra mundi þá gjarnan þörf, því að fæstum fjármálaráðherrum mun hafa tekizt að halda útgjöldunum svo niðri, að ekki hafi þurft eitthvað að fara fram úr áætlun, og einlægt má búast við, að til falli óhjákvæmileg-

ar greiðslur, sem ekki hefur verið ráð fyrir gert. Á þetta bendi ég, án þess að vilja þar með draga úr þeirri kröfu, að öllum slíkum umframgreiðslum verður að stilla miklu meira í hóf en gert var í tíð fyrrv. stjórnar. En hverfum aftur að greiðsluhallanum. Ef svo reynist, að Alþ. og ríkisstj. sýnist rétt að draga ekki úr greiðsluhallanum með því að lækka eitthvað framkvæmdaútgjöldin á 20. grein, þá er útlit fyrir allt að 28 millj. kr. halla, sem gera verður ráð fyrir að jafna með lánsfé. Er þá komið að skuldamálum ríkissjóðs og lántökumöguleikum.

Hæstv. fjmrh. hefur nú farið inn á það mál og vafalaust stuðzt þar við nýjustu upplýsingar. Hins vegar byggi ég á tölum frá því í byrjun desember s. l. Mismunur sá, sem kann að koma fram, sýnir þá breytingarnar, sem átt hafa sér stað frá þeim tíma til þessa dags. Í byrjun s. l. des. voru lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbankann (ég tala hér ekki um föst umsamin lán) sem hér segir: Yfirdráttur á hlaupareikningi í eigin þarfir nálega 35½ millj. Sams konar skuldir vegna ýmissa ríkisfyrirtækja nálega 11.3 millj. Skuldir vegna togarakaupa tæplega 16 millj., vegna byggingarframkvæmda síldarverksmiðja síðustu ár tæplega 14 millj. Samkvæmt þessu voru þá skuldirnar við Landsbankann í s. l. des. meira en 76.5 millj. kr. Af þessu er gert ráð fyrir, að skuldir vegna togarakaupa verði greiddar af togaraeigendum, jafnóðum og hin nýju skip koma til landsins, og virðist þá ríkissjóður þurfa að svara fyrir meir en 60 millj. kr.

En með þessu er ekki allt búið. Á ríkissjóði hvíla auk þessa eftirtaldar kröfur:

Óloknar fiskábyrgðargreiðslur frá 1947 nálega 18—20 millj. Tillag til ræktunarsjóðs 10 millj., tillag til landnámssjóðs 5 millj., stofnlánadeildin 30—40 millj. og að síðustu kreppulán síldarútvegsins 1947 5 millj. Þessar upphæðir nema samtals 70—80 millj. kr. Það munu því vera nálega 130—140 millj., sem hvíla á ríkissjóði, ýmist sem lausaskuldir fallnar í gjalddaga, ógreiddar kröfur, sem einnig eru áfallnar, og ófullnægðar skuldbindingar um fjárframlög eða fjárútvegun í þarfir opinberra lánsstofnana. Og af þessari fúlgu eru yfir 80 millj., sem sennilega verða allar, eins og komið er, að teljast skuldir ríkissjóðs.

Það virðist því svo, að hæstv. ríkisstj. eigi erfitt verk fram undan, þar sem hún þarf að útvega ríkissjóði lán, sem nema nálega 80 millj. króna, til þess að hægt sé að koma lausaskuldum ríkisins fyrir á viðunandi hátt, og auk þess að útvega ýmsum lánsstofnunum 40—50 millj. Þar við bætist svo lánaþörf ýmissa fyrirhugaðra framkvæmda lögum samkvæmt. Ekki verður nú sagt, að glæsileikanum sé fyrir að fara í þessu efni, og samt leyfa sumir sér að halda því fram, að erfðasyndin sé ekki til.

„Loftarðu þessu, Pétur?“ var eitt sinn sagt í öðru tilefni. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því, hvort ríkisstj. tekst að útvega þessi lán, og svo ekki síður hinu, hvort ríkissjóður rís undir þessum böggum og ef svo þarf að bæta þar á ofan vænum skuldapinkli vegna þessara fjárl. Og svo koma lögboðnar ábyrgðir, sem geta valdið ófyrirsjáanlegum útgjöldum. Hvað sem öðru líður, virðist hér koma skýrt í ljós, að ekki sé hægt að ganga lengra á þeirri braut, að fleyta ríkissjóði sífellt áfram á þann hátt, sem orðið hefur að gera að undanförnu. Auðvitað verður að finna ráð til þess að skipuleggja lánamarkaðinn þann veg, að hægt sé að koma þessum hálfgerðu óreiðuskuldum svo fyrir í föstum lánum, að við megi una. Er þetta engan veginn létt verk, þar sem erfitt kann að vera að binda í löngum ríkislánum svo mikið af því fé, sem bankarnir hafa nú yfir að ráða. — Þessar skuldir ríkissjóðs eru meðal þeirra spora, sem í ljós eru komin eftir hrundans fyrrv. stjórnar, spor, sem lengi eiga eftir að hræða, spor, sem þessi kynslóð og þær næstu eiga eftir að bera margar drápsklyfjar í, áður en upp eru fyllt.

Ef til vill hugsar einhver sem svo: Fár bregður því betra, ef hann veit hið verra. — Það skiptir svo litlu máli í þessu sambandi, þótt fyrrv. stjórn hafi viljað eitthvað vel gera. — Stjórnarstefnan — hennar vöggugjöf og veganesti — var þann veg, að allt, jafnvel í eðli sínu góðir hlutir, hlaut að snúast í höndum hennar til verri vegar en til var ætlazt, og því fór sem fór.

Það yfirlæti og Börsonsbragur, ásamt barnalegri bjartsýni, sem einkenndi fyrrv. stjórnarstefnu, gat ekki góðri lukku stýrt. Það var ekki verið að gá til veðurs, þótt vitað væri, að margar blikur væru á lofti og allra veðra von, og varnaðarorð annarra voru að engu höfð. Verðbólgan og fylgifiskar hennar fengu óhindrað að grafa undan fjárhag þjóðarinnar. Þeirri villutrú var haldið að mönnum, að dýrtíðin væri harla góð og meðal annarra kosta hennar væri, að hún jafnaði þjóðartekjunum meðal þegnanna, eins og æfð hönd dreifir áburði á völl. — Afleiðingar þess, hvernig haldið var á fjármálum þjóðarinnar er nú að verða öllum hugsandi mönnum ljós. Allur erlendur gjaldeyrir er þrotinn og allt heilbrigt atvinnulíf í rústum. Með fjárframlögum úr ríkissjóði og alls konar skuldbindingum langt fram yfir raunverulega getu hefur verið og er reynt að halda öllu á floti. Hinn eiginlegi rekstrarkostnaður ríkisins og önnur útgjöld hafa hækkað ár frá ári og miklar umframtekjur hafa horfið jafnóðum að sumu leyti í útgjaldahít misheppnaðra fjármálaævintýra. Á veltiárunum gat ríkissjóður því aldrei safnað neinum varasjóðum til lakari ára, heldur skuldum, en „lífið“, eins og sumir mundu orða það, hefur sífellt kallað á meira og meira fé. Tollar hafa verið stórhækkaðir og á allan hátt reynt að seilast sem dýpst í vasa borgaranna. Áfengi og tóbak hefur verið gert að meiri og meiri féþúfu, en ekkert virðist ætla að hrökkva. Sú kvörn, sem með dýrtíðarskrúfunni var sett í gang, malar og malar yfir okkur fjármálavandræði og upplausn. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur varla haft við að taka á móti arfinum frá fyrrv. stjórn, meðal annars í mynd nýrra og nýrra skulda og fjárkrafna, sem nú hrúgast upp og ógna ríkissjóði með greiðsluþroti. — Það er óhjákvæmilegt að virða fyrir sér afleið-

ingar fyrrv. stjórnarstefnu og dæma hana hart. Það er ekki hægt að leiða hjá sér að reyna að finna skýringar á því, hvernig nú er komið, og til þess eru vítin að varast þau. Dýrkeypt reynsla liðinna ára verður að vera okkur til varnaðar í framtíðinni. — Dómurinn yfir fyrrv. stjórnarstefnu hlýtur líka að verða þeim mun þyngri sem vitað er, að engin íslenzk ríkisstj. hefur haft slíkt tækifæri til að marka varanleg heillaspor í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Hún glataði þessum tækifærum og skildi eftir fjárhagsleg og þjóðfélagsleg vandamál, sem erfitt verður úr að leysa.

Á s. l. ári voru það margir farnir að sjá, hvert stefndi, ef ekki væri breytt um stjórnarstefnu, að kleift reyndist að lokum að mynda núverandi ríkisstj. Verkefnin, sem hún hefur fengið til meðferðar, eru mörg og erfið og kalla á úrlausn sem fyrst, og allt þarf að leysa undir óvanalega erfiðum kringumstæðum, svo erfiðum, að um sókn gat tæplega orðið að ræða til að byrja með, heldur viðnám, viðnám, sem vonandi — með aðstoð allra ábyrgra afla í landinu — er nú að snúast í sókn gegn þeim öflum, sem voru búin að færa þjóðina á flugstigu og eru enn reiðubúin að færa hana fram af, ef tækifæri býðst. Það er hörð og tvísýn barátta fram undan. Framtíðin sýnir, hver leikslokin verða.

Forseti (JPálm): Hv. 2. þm. N-M. lauk máli sínu. Að síðustu flytur hæstv. fjmrh. svarræðu, og hefur hann stundarfjórðung til umráða.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Í þeirri ræðu, sem ég flutti, leitaðist ég við að gefa skýringar á sem flestum atriðum, er snerta fjárlagafrv. og fjárhagsástandið. En þó má segja að í slíkum efnum er ekki unnt í stuttu máli — ég kalla það stutt mál um slíkt stórmál, þó að haldin sé eins og hálfs klukkutíma ræða — að fara inn á öll atriði, og mætti því segja, eins og eyfirzkur höfðingi sagði við Ófeig í Skörðum, að „margt eigum við eftir ótalað". Og það mun reynast svo á þessu þingi, að hér mun koma margt til athugunar, áður en hægt er að skiljast svo við þetta mál, að allir geti við unað, eða réttara sagt, að nægilegur þingmeirihluti geti við unað.

Hv. 6. landsk. þm. gerði nokkuð að umræðuefni sjálfa afgreiðslu fjárl. frá hendi ráðuneytisins. Það er rétt, að upprunalega í haust var frv. ekki lagt fram alveg eins snemma eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, en þó var það samt í sama mánuði og þingið var sett, og ég held, að það út af fyrir sig hafi ekki bakað neitt tjón. En hv. þm. verður að gera sér ljóst, að það er erfiðara verk nú, með þeim háu tölum í sambandi við ríkisreksturinn og allt, sem honum fylgir, að ganga frá fjárl. frá stjórnarráðinu heldur en oft hefur áður verið, og það verður að afla upplýsinga frá öðrum ráðuneytum og ríkisstofnunum, og það er ekki hægt að ganga frá till. til Alþingis fyrr en slíkar upplýsingar liggja fyrir, og þær liggja ekki alltaf á lausu. Svo þótti honum það undarleg vinnubrögð, að lagt væri fram nýtt frv. og hinu kastað í pappírskörfuna. Ég vék að því í upphafi máls míns, að fyrir þessu væri fordæmi, þegar málin hefðu tekið svo miklum breytingum að fjárl. hlytu einnig að breytast við það, og þó að í þessu fordæmi væru breyt. ekki eins miklar og nú, þá var sjálfsagt eftir samþykkt dýrtíðarlaganna að smíða frv. upp að nýju, og ber ég engan kinnroða fyrir að hafa orðið við tilmælum hv. fjvn. um að ganga svo frá málinu. Hann sagði líka að þetta væru þau hæstu fjárl., sem nokkurn tíma hefðu verið sýnd Alþ., og er það satt. Ég hefði gjarnan kosið það að vera með lægri fjárl., en það er ekki hægt með óbreyttri löggjöf. Það er ekki hægt að leggja fram fjárlagafrv. án þess að taka tillit til þess, sem í l. felst. Þess vegna var horfið að því að lækka þá liði, sem ekki eru bundnir í l., og hef ég nú fengið að heyra það, bæði frá hv. 6. landsk. og 2. þm. N-M., að þeim þykir of langt gengið í lækkunarátt. Vera má, að svo sé, en þegar um það er að ræða, hvað hægt er að gera og hvað ekki er hægt að gera, dugir ekki bæði að kvarta yfir því, að tölurnar séu of háar, og svo, að farið sé of langt niður með tölur, sem ekki eru fyrir fram ákveðnar í l.

Ég skal ekki fara mikið út í ræðu hv. 6. landsk. Hann ræddi mest um fjárhagsráð, og hefur hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, svarað ádeilum hans á það. Annars er það svo, að nú er eignakönnunin og fjárhagsráð — eða fjárfestingin — fordæmd af hv. sósíalistum og þar á meðal af hv. 6. landsk,. en ég veit ekki betur en að bæði þessi mál eigi upptök sín í þeirra hv. flokki, en vegna þess að þeir vita, að hvorki fjárfestingin né afskipti af athöfnum manna er vinsælt verk, þá þykir þeim það bezt að kasta steini að þeim mönnum, sem eiga að framkvæma þá löggjöf, sem þeir þó áttu meðal annarra flokka frumkvæði að á sínum tíma.

Hv. 2. þm. N-M. fór allhörðum orðum um fyrrv. stj. Ég hef nú víst nóg með það að gefa mig að mínum handaverkum hvað snertir fjárlagafrv., en öllu má ofgera, og hygg ég það ómakleg orð, sem hann mælti í garð fyrrv. stj. og þeirrar bjartsýni, sem gætti í hennar athöfnum. Það er vitað, að það stærsta, sem gerðist í tíð fyrrv. stj. undir forustu formanns Sjálfstfl., var nýsköpunarstarfið. Það var það mesta, sem eftir þá stj. liggur, og meira en eftir nokkra aðra stj., sem setið hefur að völdum hér á landi. Og það skal enginn ætla, að verðbólgan og allt, sem henni fylgdi, hafi fyrst vaknað á meðan fyrrv. stj. sat að völdum. Það væri eins fjarstætt og að halda því fram, að verðbólgan hjaðnaði fyrir tilverknað núverandi stj. Nei, verðbólgan á sér dýpri rætur, og hv. 2. þm. N-M. getur eins skotið geiri sínum til annarra flokka og manna eins og þeirra, sem sátu í fyrrv. stj., ef hann vill hitta einhvern af þeim, sem eiga sök á verðbólgunni. Það, sem skeði í fyrrv. stjórn í því, sem kallað er nýsköpun, horfði til sannra framfara, og hefur að mínum dómi aldrei verið stigið öllu meira vafaspor heldur en þegar einn af samstarfsflokkunum í þeirri stj. skarst úr leik og snerist andvígur gegn öllu því, sem hann hafði barizt fyrir áður. Það má vel vera, að nýsköpunin hefði borið fljótari

árangur, ef allir landsmenn hefðu haft á henni fullan skilning, en hvernig sem fer, hlýtur hún að bera árangur í þessu þjóðfélagi. Það er eins víst og að 2 og 2 eru 4 og eins og að nótt kemur á eftir degi, því að enginn skal halda, að svo sé komið hjá íslenzku fólki, að það þekki ekki sinn vitjunartíma. Þótt skilningurinn sé mismunandi og þótt unnið sé að því af vissum pólitískum öflum að halda þeim skilningi niðri, þá er ég viss um, að við sjáum með tíð og tíma, að við verðum að koma svo málum, að við stöndum ekki öðrum að baki. Nú er það svo, að sjávarútvegurinn, sem stendur undir þörfum allra landsmanna og annarra atvinnuvega líka, er í mestu vandræðum vegna vaxandi dýrtíðar, en þetta ástand helzt vonandi ekki lengi, og það, sem mun hjálpa sjávarútveginum eins og öðrum atvinnuvegum, er í fyrsta lagi það, að nú hefur þjóðin milli handanna hin beztu og nýjustu tæki til þess að halda við atvinnu sinni, og get ég ekki hugsað mér, að svo kunni lengi að fara, að menn fáist ekki til að starfa við þau tæki. En til þess að það geti orðið, er vert að gefa gaum að því, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Hann benti greinilega á þá þörf, sem er á nýju vinnuafli, og að Alþ. má ekki torvelda, að þeirri þörf verði fullnægt, með því að festa of mikið af fólki í því, sem kalla verður óarðbærar framkvæmdir.

Hv. 2. þm. N-M. taldi allt hér í frv., hvað landbúnaðinn snerti, illa ært og þurfa stórra bóta. Það má vel vera, að svo sé, en ég er á þeirri skoðun, að Alþ. geti ekki farið inn á þá braut að afgreiða fjárl. með rekstrarhalla. Hitt er svo annað mál, að talsvert af því, sem þm. benti á um tilfærslur á kostnaðarliðum, getum við tekið til athugunar, og er það mál, sem fjvn. og Alþingi í sameiningu þurfa að ráðgast um. Hann talaði um ýmsar leiðir, sem vissulega geta komið til athugunar hér, en rekstrarhallaafgreiðslu verð ég að segja, að mér lízt ekki á. Ég skal aftur á móti taka undir þann vafa, sem hv. 2. þm. N-M. lét í ljós varðandi þá tekjuáætlun, sem ég hef komið hér með. Hún er vitaskuld fullbjartsýn, og athugasemdir hv. þm. eru að því leyti réttmætar. Hitt skulum við svo vona, að það komi í ljós, að afkoma ársins verði góð og atvinna gangi vel og verði þannig til þess að undirbyggja sæmilega tekjuöflun fyrir ríkissjóðinn, þannig að ekki aukist enn á þau vandræði, sem fyrir hendi eru. En til þess að svo megi fara og til þess að ekki sé efnt til nýrra vandræða, vil ég vísa til þess, sem ég sagði áðan, að það væri fremsta skylda Alþingis að stilla útgjöldunum í hóf.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins fyrir hönd fjvn. óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

Forseti (JPálm): Skv. þingsköpum eiga hinar svonefndu eldhúsumræður að fara fram við frh. 1. umr. um fjárlfrv., en nú er áformað að fresta þeim til 3. umr., og bið ég hv. Alþ. um afbrigði til þess, að svo megi verða.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 465 og 466, 461, 467, 479).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Meiri hl. fjvn. hefur lagt fram nál. á þskj. 465 svo og brtt. á þskj. 461, er ég skal gera grein fyrir hér á eftir. Auk þess eru brtt. á þskj. 479 o. fl., sem mestmegnis eru leiðréttingar. Því miður tókst ekki að fá fullt samkomulag um afgreiðslu frv. í fjvn. Stjórnarandstaðan, hv. 8. landsk. og hv. 2. þm. S-M., sá sér ekki fært að undirrita nál. meiri hl. og kaus að skila séráliti. Ég vil taka það fram, að minni hl. tók þátt í öllum störfum n. og sat með henni alla fundi, og margar af till. á þskj. 461 eru einnig samþ. af minni hl. í fjvn.

Frv. til fjárl. var fyrst lagt fram á Alþ. í október s. l. Niðurstöður á því frv. voru allt aðrar en á því frv., sem síðar var lagt fram. Tekjur á því frv. voru áætlaðar 155 milljónir, en gjöld 156 milljónir, svo að hallinn nam tæpum 900 þús. kr. Fjvn. lagði mikla vinnu í það frv., enda átti það að fá afgreiðslu fyrir áramót. En þegar ljóst var, að dýrtíðarfrv. kæmi til afgreiðslu fyrir áramót, var það sýnilegt, að ekki yrði hægt að afgreiða fjárl. fyrir þann tíma. Það varð nauðsynlegt að leggja fram nýtt fjárlagafrv., og þegar þingi var frestað í desember, tilkynnti fjmrh., að hann mundi leggja fram annað frv. til fjárlaga og undirbúa það í þinghléi, og óskaði þess, að fjvn. kæmi saman til funda á nýjan leik þ. 6. jan. til þess að athuga þann undirbúning. N. hélt síðan daglega fundi og einnig daglega fyrir jól, og hélt hún þannig alls 67 fundi. Henni bárust 320 erindi varðandi afgreiðslu fjárl. og n. og form. hennar áttu margvíslega fundi við ýmsa aðila. 8. jan. það n. með bréfi til fjmrn. um eftirfarandi gögn í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna:

Í fyrsta lagi um nýja tekjuáætlun.

Í öðru lagi um yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs í árslok 1947.

Í þriðja lagi sundurliðaðan lista yfir allar launagreiðslur á árunum 1946—'47.

Í fjórða lagi um greinargerð, álit og tillögur sparnaðarnefndar, sem stjórnin skipaði til þess að gera till. um niðurfærslu á rekstrarútgjöldum ríkisins.

Í fimmta lagi um álit fjmrh. um starfsskyldur opinberra starfsmanna.

Sum af þessum gögnum bárust n. fljótt í hendur, önnur seinna eða alls ekki, — og vil ég fara um það nokkrum orðum. Það mun reynast erf-

itt að fá launaskrána, þótt það sé mjög nauðsynlegt að áliti n. Mun það stafa mest af því, að hlutaðeigendur kæra sig ekki um, að það sjáist, hve mikil laun þeir taka samanlagt úr ríkissjóði, og því verða erfitt að komast til botns í því. Ýmiss konar getum er leitt að því, hve mikil laun sumir taki úr ríkissjóði — allt frá 35 og upp í 90 þús. kr. En n. er ókunnugt um, hve mikil hæfa er fyrir þessu. Þó komst n. að því, að einn starfsmaður ríkisins fékk 35 þús. aukreitis fyrir störf sín, sem jafnvel ríkisstj. sjálf hafði ekki hugmynd um. Ég vil taka það fram fyrir hönd n., að hér er ekki um að ræða árás á einstakling, heldur var það af tilviljun, að n. komst að þessu, og það var ekki ætlunin að taka neinn fyrir persónulega, en hún vonast eftir því, að hæstv. ráðh. láti athuga þetta mál fyrir næsta þing.

Það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, fékk n. til athugunar þ. 27. jan. s. l., og er það nokkuð frábrugðið hinu fyrra. Skal nú getið hinna helztu breytinga.

Samkv. 7. gr. hafa vextir hækkað um nærri 4 millj. Gjöld til heilbrigðismála hækkað um 4.3 millj. Framlög til raforkumála um 440 þús. 19. gr. hefur hækkað um 55 millj., sem eiga að fara til dýrtíðarráðstafana. Hækkanir nema alls 63840000.00 kr. og eru mestmegnis vegna dýrtíðarráðstafana.

Lækkanir eru á 10. gr. um 160 þús., á 11. gr. um 385 þús., á 13. gr. um 43 þús., á 14. gr. um 806 þús. — alls tæpar 1.5 millj. og stafa af umreikningi á vísitölu úr 310 í 300 stig. 17. gr. lækkar um 2 millj. kr., og stafar það sumpart af yfirfærslu á 10. gr. Aftur á móti er þar bætt við nýjum lið, 1 millj. króna til meðgjafar með börnum, sem eiga erlenda feður. Af þessu er ljóst, að gjaldahækkanirnar stafa einkum frá dýrtíðarlögunum, en ekki af hækkunum einstakra liða frv. Hækkun tekna á 2. gr. er 57 millj. kr., á 3. gr. 3.6 millj. Tekjuhækkunin nemur þannig 60.6 millj. kr. Rekstrarhalli verður 250 þús. kr. minni en á hinu fyrra frv. Greiðslujöfnuður verður aftur óhagstæður um 9 millj.

Ég mun nú fara út í einstakar gr. og brtt., sem meiri hl. fjvn. leggur til, að verði samþykktar. Þegar n. gekk frá tekjunum á 2. og 3. gr., hafði hún áður rætt við ríkisstj. þar að lútandi, og enn fremur hafði hún hliðsjón af árstekjunum 1947, sem voru nærri 240 millj. Enda þótt hæstv. fjmrh. haldi þær vera 234 millj., er hitt nær lagi, því að þar kemur til viðbótar 5 millj. kr. yfirfærsla frá fyrra ári. Þá hafði n. einnig hliðsjón af innflutningsáætlun fjárhagsráðs og ræddi allýtarlega við ráðið og hæstv. fjmrh.

Meiri hl. leggur ekki til að hækka tekjuáætlunina á 2. gr. um skatta og tolla. Aftur á móti er minni hl. þessu ósamþykkur, og mun hann skýra sérstaklega frá afstöðu sinni. Um 3. gr. liggur fyrir till. að hækka tekjur póstsjóðs sem svarar rekstrarhalla hans á frv., en hann nemur 820 þús. kr. Meiri hl. leggur þetta til vegna þess, að upplýst er við umræður við póst- og símamálastjórnina, að tekjuáætlunin fyrir árið 1947 hafi raunverulega staðizt, en halli orðið á bifreiðaflutningum á milli Hafnarfjarðar og Rvíkur og rekstrartapið á þeim leiðum numið um 200 þús. kr. Meiri hl. telur ekki eðlilegt að reka þetta með tapi og telur, að stefna beri að því, að ríkissjóður komist hallalaust út af slíkum rekstri. Með þessum rökum leggur n. til að hækka þessar tekjur — enda er það upplýst, að fargjöld á leiðinni milli Hafnarfjarðar og Rvíkur hafa stórlega hækkað, svo að vonir standa til að vinna upp hallann.

Meiri hl. n. leggur til, að framlag til sveitasíma hækki um 320 þús. kr. Símar eru nú orðnir svo eftirspurðir og þýðingarmiklir í sveitunum, að n. sá sér ekki annað fært en verða við þessum tilmælum um hækkun og væntir, að þrátt fyrir margvíslega erfiðleika á öðrum rekstri verði ekki dregið úr þessu framlagi. Það er vitað mál, að þörfin fyrir síma í sveitum er alltaf að vaxa. Þessu veldur m. a. það, að margir bæir hafa farið í eyði á undanförnum árum, og er því víða orðið lengra milli byggðra bæja en áður var. Nú er líka nauðsynlegra en áður að hafa símasamband vegna atvinnuveganna. N. leit því svo á, að ekki væri hægt að bæta skjótara né betur úr ýmsum vandamálum sveitanna með öðru en þessum símalögnum né á ódýrari hátt.

Þá leggur n. til, að tillag til landssmiðjunnar hækki til að mæta rekstrarhalla, rúmum 37 þús. kr., og finnst okkur óþarfi að vera að setja stofnun með milljónaveltu inn á fjárlög vegna nokkurra þús. kr. halla, og ætti að vera hægt þar að ná réttum og hallalausum rekstri.

Meiri hl. n. gerir enga breytingu á rekstri útvarpsins. En það er harla óviðkunnanlegt, að ekki skuli vera hægt að reka viðgerðastofuna og viðtækjasmiðjuna án halla, en hann er nú um 50 þús. kr. Viðgerðastofan veitir nú landinu nokkra þjónustu. En því er ekki svo farið með viðtækjasmiðjuna og því ekki afsakanlegt með hana, og verða viðkomandi aðilar að bæta úr þessum misbrestum. Útvarpið má ekki láta blekkjast af því, þótt það hafi risatekjur, og er jafnnauðsynlegt að halda vel á fjármálunum, þótt því hafi verið sköpuð góð aðstaða. Og er óvíst, að þetta hefði gerzt, ef tekjuöflun hefði verið erfið. Það má benda á það, að lánað hefur verið úr sjóðum útvarpsins án heimildar, m. a. til hljóðfærakaupa og fleira, sem má benda á, að miður fari. Verður því annaðhvort að setja traustara eftirlit með þessu eða skerða tekjur útvarpsins, svo að þetta sé ekki hægt. Ég vil geta þess, að þessar umkvartanir eru fremur frá mér persónulega heldur en frá n. Tekjur útvarpsins munu nú vera um 120 þús. af viðtækjaverzluninni. Auk þess fær útvarpið árlega mikið fé frá ríkinu vegna auglýsinga, og mun sá tekjuliður hafa verið óvenju hár á þessu ári samkv. bréfi frá útvarpsstjóra.

Þá er nú tekinn upp á fjárl. nýr liður, nr. 6 í 3. gr. A., um trésmiðju ríkisins. En það virðist skorta heimild fyrir að setja slíkt á fjárl., og bæri ríkisstj. eðlilega að afla sér heimildar til að starfrækja slíkt. Þá kemur Tunnuverksmiðja ríkisins með 5 millj. og 700 þús., og hefur fjvn. ekkert fengið um þetta nema eitt lítið skeyti. Teljum við slíka afgreiðslu vítaverða og verðum að krefjast annars og meira, ef taka á

þetta inn á fjárl. — Ég hef nú lýst tekjuliðunum að nokkru og kem nú að gjöldunum.

Fjvn. hefur ekki gert till. til breyt. á 7. gr., en hún hefur verið hækkuð um 4 millj. síðan í fyrra vegna vaxta af lánum ríkisstj., skuldagreiðslna og annarra kvaða, og eru þessar þær helztu:

Síldarverksmiðjur ríkisins ..	1947—'48	5500000
Skeiðsfossvirkjunin	1947	730000
Skagastrandarhöfn	1947	350000
	samtals	6680000

Þetta er engan veginn tæmandi yfirlit yfir hinar gegndarlausu kröfur um alls konar afborganir ríkissjóðs. Væri full þörf eftirlits á þessu sviði. Hollt væri að minnast þeirra upplýsinga, er fram komu í gær, að 5 millj. kr. hefðu farið í citt fyrirtæki, 3 millj. varið til ferðavagna og 1 millj. í fiskiðjuver ríkisins, auk 8 millj. kr. til fiskiðjuvers, sem fiskimálanefnd lét reisa með vafasömum heimildum. Ég mun nú ekki taka fleiri dæmi. Ég tel, að ríkisstj. geti ekki tekið svona mikið fé og mætt hallanum síðan með niðurskurði á nauðsynlegum liðum eða skattaálagningu á fólk, sem greiðir þegar drjúgan skerf í ríkissjóð.

Um 10. gr. má benda á það, að 5. till. á þskj. 461 er hækkun um 17400 kr. vegna þess, að fyrrv. sendifulltrúi, Vilhjálmur Finsen, hefur frí með fullum launum, og við sendiráðin í Moskvu og París hækkar risna og staðarkostnaður vegna dýrtíðar í þessum löndum. Aftur á móti má taka 500 þús. kr., sem eru í sjóði hjá samninganefnd utanríkisviðskipta og er afgangur af útflutningsgjöldum. Þar eð mikill hluti þessara viðskipta fer fram gegnum áðurgreind sendiráð í Moskvu og París, er eðlilegt að taka þetta fé inn í þessa grein til lækkunar á útgjöldum þeirra, og hef ég rætt þetta að nokkru við ríkisstj.

Þá er 11. gr. Í 8. till. er gert ráð fyrir að hækka tekjurnar af iðjurekstri á Litla-Hrauni um 100 þús. Ekki er fyllilega hægt að segja um, hvort þetta næst, en fjvn. vonar, að svo verði, enda sjálfsagt að reyna að hafa sem mest upp úr þessum rekstri, úr því að á annað borð er verið að fást við hann. Í 9. lið er lagt til, að niður falli útgáfa félagsdóma, 9 þús. kr. Dómar eru nú fáir hjá félagsdómi, og raddir hafa verið uppi um það í fjvn. að leggja hann niður, en það er ekki hægt nema með lagabreytingu, svo að það er ekki hægt í bili. 10. liður er um það að hækka tekjur skipaeftirlitsins, svo að þær verði jafnar gjöldunum, eins og til dæmis við bílaeftirlitið. Þetta hefur valdið ágreiningi innan n. M. a. er hv. 1. landsk. á móti þessu og segir sem svo, að fremur beri að hugsa um öryggi manna og eignir en það, að eftirlitið kosti ríkið nokkurt fé. Hins vegar leggur meiri hl. n. til, að skipaskoðunin reyni að láta tekjur og gjöld standast á. 11. brtt. er um að samræma fiskimat, samræma mat á ísfiski og saltfiski, þannig að kostnaður minnki, svipað og frv. stj. í Ed. gerir ráð fyrir, ef það verður að lögum. Og þótt frv. nái ekki fram að ganga, er samt sem áður hægt að koma þessu fram í reglugerðarformi, þar eð fiskimatið er ekki rekið samkvæmt lögum nú. Þessi lækkun, sem hér um ræðir, er í 2 liðum. Það er ekki meiningin að lækka laun, heldur að minnka skrifstofuhald, en þó verður nokkuð aukið við saltfiskmatið. Þá ætti ferðakostnaður að minnka allmikið. Þá vil ég leyfa mér að benda á það, að meiri hl. fjvn. hefur ekki séð sér fært að verða við tilmælum frá fjárhagsráði og viðskiptanefnd að hækka gjöld til þessara stofnana, og vísa ég þar til nefndarálits. En nokkrir voru með tillögu viðskiptanefndar að hækka framlag til n. um 384 þús. kr. fram yfir fjárl., en þessari hækkun átti að mæta með nýju gjaldi á benzinskömmtunina og aðra liði. Fjvn. getur ekki fallizt á, að fjárhagsráð taki upp nær 800 þús. kr. til að standast kostnað ráðsins auk þeirra 2.5 millj., sem því eru ætlaðar. Stofnun þessi hefur gert ýmislegt gagn og ýmislegt ógagn einnig. Og meiri hl. þjóðarinnar mun vera þeirrar skoðunar, að ógagnið muni vera meira en gagnið. Það er gert of mikið af því að stjórna þjóðinni með skrifstofuvaldi og höftum, en slíkt á illa við stórhuga og framgjarna þjóð, sem vill brjótast áfram og njóta frelsis. Það ber því brýna nauðsyn til að gera þetta allt einfaldara og ódýrara og í samræmi við hugsanir og venjur þjóðarinnar. 12. brtt. er um að kostnaður við húsaleigunefndir falli niður, og leggur meiri hl. það til. Einn nm., hv. 1. landsk., er mjög á móti því og heldur því réttilega fram, að slíkt verði ekki gert nema með lagabreytingu. Einnig er hæstv. forsrh. á móti, að svo verði gert. Það væri sanngjarnt að hafa þetta þannig, að hver bæjarstjórn réði því sjálf, hvort hún hefði húsaleigunefnd eða ekki. N. var sammála um, að embætti skattdómara mætti falla niður, en slíkt er ekki hægt nema með lagabreytingu og samráði við dómsmrn. Þá var n. sammála um að fella niður 5 þús. kr. til nýbyggingarsjóðsnefndar og álítur, að hægt sé að leggja starfssvið hennar undir ríkisskattanefnd, sem þarf hvort eð er að fylgjast með nýbyggingarsjóði. Hvað viðvíkur kostnaðinum af framtalsnefnd þá ætti hagnaður sá, er af eignakönnuninni varð, að geta nægt handa þeim mönnum, sem þar unnu, þótt hann væri ekki mikill. Ef allar brtt. meiri hl. n. við 11. gr. yrðu samþ., mundu þær lækka útgjöld af þessari grein um 555360 kr., og yrði þá að gera ráðstafanir til þeirra lagabreyt., sem við þarf.

Í sambandi við 12. gr. má benda á, að fyrirhugað er að leggja niður heilsuhælið í Kaldaðarnesi og að jörðin verði seld. Ætlað er, að fé það, sem fyrir jörðina fæst, sé látið ganga til stofnunar nýs hælis fyrir ofdrykkjumenn, og munu því útgjöldin til hælisins, 50 þús. kr., haldast áfram. 16. brtt. er nýr liður, 100 þús. kr., til heilsuverndar í kaupstöðum, vegna þess að fresta hefur orðið framkvæmd III. kafla laga um almannatryggingar, og var nauðsynlegt að taka það inn í 12. gr. fjárl.

Þá skal komið að þeirri grein, sem mestum útgjöldum veldur, 13. gr. A, um vegamál. 17. brtt. meiri hl. n. hækkar framlagið um 3.8 millj. og skiptist á 146 vegi í landinu. Þar sem þetta var stærsta breyt., sem gerð var í n., þykir hlýða að gera nánari grein fyrir henni. Sú skoð-

un kom fram í n., einkum frá hv. 5. þm. Reykv. (SK), að ríkisstj. væri fengi féð óskipt til ráðstöfunar og hún ráðstafaði því síðan. Þá var lagt til, að dregið yrði nokkuð úr framkvæmdum á þessu sviði, við vegi, brýr og þó einkum byggingar, til þess að ríkið tæki ekki þátt í kapphlaupi um vinnuaflið. Meiri hl. n. lítur svo á, að það sé meginskilyrði, að samgöngukerfi þjóðarinnar sé bætt, bæði á landi og sjó, og beri ekki að láta einstök héruð ganga fyrir öðrum um samgöngubæturnar, nema alveg sérstaklega standi á. Þó að sú stefna væri að sumu leyti hagstæð fyrir ríkið að ganga til fulls frá samgöngukerfi þess héraðs, sem byrjað væri á, áður en farið væri að teygja sig til annarra héraða, þá mundi sú stefna beinlínis leiða til þjóðflutninga milli héraða, og meðan ekki er beint farið að skipuleggja slíka flutninga að öðru leyti og flytja fólkið til í landinu, álítur n. rangt að fylgja þeirri stefnu í vegamálunum, sem ég minntist á. Þá hefur komið fram sú skoðun, að hin afskekktari héruð þyrftu ekki lengi að bíða eftir vegum og brúm, þótt vegir og brýr í stærri og þéttbýlli héruðum gengju fyrir í byrjun, síðan kæmi þá að afskekktu héruðunum. En reynslan hefur sannað, að þetta er rangt og afskekktu héruðin þurfa bara að bíða endalaust, því að það hefur komið í ljós, að þau héruð, sem fyrst fengu vegi og brýr, gera alltaf nýjar og auknar kröfur til þessara framkvæmda vegna stækkunar flutningatækjanna og meiri kröfur en þau héruð, sem enga vegi hafa fengið ennþá, svo að afskekktu héruðin fengju aldrei vegi, ef stöðugt ætti að láta kröfur stóru héraðanna ganga fyrir. Vegna stækkunar flutningatækjanna og þessarar þróunar varð að endurbyggja Ölfusárbrú, og sama ástæðan er lögð til grundvallar endurbyggingu Þjórsárbrúar, því að ef þau héruð gerðu sér að góðu þau flutningatæki, sem þessar brýr þola, mundu þær ekki vera endurbyggðar. Það er því ljóst, að ef þannig á að halda áfram, verður það á kostnað þeirra héraða, sem enga vegi og brýr hafa fengið. Væri þeirri stefnu haldið áfram, yrðu ýmis blómleg héruð að bíða svo lengi eftir nauðsynlegum vegum og samgöngubótum, að þau yrðu komin í auðn, áður en samgöngukerfi þeirra væri komið í lag. Hv. 1. landsk. var mótfallinn stefnu þeirri, sem ofan á varð í fjvn., að skipta vegafénu á milli héraða og landshluta, og hann tók það alveg sérstaklega fram, að hann væri á móti því, að byrjað væri á nýjum vegum eða þeir teknir upp í frv. En hækkun til nýrra vega er nú hin sama og á síðustu fjárl.

S. l. ár voru 800 km vega teknir í þjóðvegatölu. Á síðasta ári var unnið í 20 vegum fyrir 685 þús. kr. fram yfir vegafé á fjárl., og lánuðu héruðin þessa upphæð umfram lögboðin framlög vaxtalaust og án þess að vita, hvenær féð fengist endurgreitt, og sýnir þetta betur en nokkuð annað hina knýjandi nauðsyn þessara héraða á samgöngubótum. Í Bitruvegi var unnið fyrir 120 þús. kr. umfram fjárveitingu. Þetta fé var boðið fram heima í héraði, því að héraðsbúum þótti mikið við liggja að ljúka við veginn í fyrra, og varð samkomulag um það við ráðh., að héraðsbúar fengju endurgreidda þessa upphæð af framlagi þessa árs til vegarins. Þá vil ég geta þess, að leiðrétt verður skekkja um Öxnadalsheiðarveg.

Þá kem ég að 18. brtt. n., en samkvæmt henni hækkar framlag til brúargerða um 1.8 millj. kr., úr 1 millj. í 2 millj. og 795 þús. kr. Að þessari hækkun hníga öll sömu rökin og að hækkun vegaframlagsins. S. l. ár voru byggðar brýr fyrir 4 millj. kr. — Með 19. brtt. n. er aftur lagt til, að liðurinn „Til brúasjóðs samkvæmt lögum“ falli niður, en það eru 600 þúsund krónur á frv., svo að ef sú brtt. nær samþykki, verður framlag til brúa á fjárlögum þessa árs alls 2.2 millj. kr., eða heldur lægra en s. l. ár. Æskilegt hefði verið að hafa þetta framlag hærra, það játa ég, og þarf ekki annað en minna á brúargerðir á Þjórsá og Blöndu í því sambandi, framkvæmdir, sem liggja þegar fyrir.

20. brtt. er um það, að framlag til ræktunarvega í Flatey á Breiðafirði verði hækkað um 5000 kr., eða í 10000 kr. S. l. ár var varið 40 þús. kr. í þessa vegagerð af mikilli og brýnni nauðsyn, og ætla ég ekki að orðlengja um það.

Um 13. gr. B, framlag til flóabátanna, gerði meiri hl. fjvn. enga brtt.

Þá kem ég að 13. gr. C, hafnamálunum, það er VIII. liður, framlag til hafnargerða og lendingabóta. Meiri hl. n. leggur til, að þessi liður hækki í heild um 1.5 millj. og fénu verði úthlutað til hafnarmannvirkja og lendingabóta samkvæmt sundurliðun n. á þskj., það er 21. brtt. Þörfin fyrir lendingabætur er mjög brýn um land allt, og er ekki gerlegt fyrir n. að segja fyrir um það, hvaða staðir skuli ganga fyrir um skjól fyrir fiskibátaflota sinn til að draga úr tjónsáhættunni, það verður hafnarmálaskrifstofan að ákveða nánar. Samkvæmt upplýsingum vitamálastjóra á ríkið ógreitt 3 millj. kr. til lögboðinna hafna á landinu, og eru það ekki færri en rúmlega 20 hafnarsjóðir, sem kröfu eiga á því fé. Fjvn. treystir sér þó ekki til að inna allar þessar greiðslur af hendi á þessu ári. 2 millj. af þessu eru geymslufé, sem ekki hefur verið unnið fyrir, mest vegna þess, að ekki hefur þótt hagkvæmt að hefja framkvæmdir á viðkomandi stöðum fyrr en meira fé væri fyrir hendi en var.

22. brtt. er um það að hækka tillag til hafnarbótasjóðs um 350 þús. kr. Ég vil í þessu sambandi benda á, að n. hefur ekki séð sér fært að ætla væntanlegum landshöfnum í Njarðvíkum og Hornafirði neitt af þessu fé, og til þeirra mannvirkja hefur ekkert verið tekið upp af n., og mun því þurfa að taka lán til þeirra framkvæmda, ef ríkisstj. ætlar að ráðast í þær.

23. brtt. er varðandi flugmálin. Meiri hl. n. leggur til, að kaflinn verði orðaður um, og er það gert í samráði við flugráð ríkisins og ríkisstjórnina. Samkvæmt brtt. n. verður útkoman á þessum lið 485 þús. kr. hagstæðari en samkvæmt frv. sjálfu, og stafar það af því, að tekjurnar af flugvöllunum eru áætlaðar hærri.

Allar brtt. fjvn. til hækkunar á 13. gr. nema 6.5 millj. kr. að frádregnum þeim lækkunum á greininni, sem lagt er til, að samþykktar verði.

Þá kem ég að 14. gr. 24. brtt. n. er um það, að hækka námsstyrki til háskólastúdenta úr

140 þús. kr. í 200 þús. kr. Það er vitanlegt, að stúdentafjöldinn eykst með ári hverju, og ef heildarstyrkupphæðin er ekki hækkuð í samræmi við það, þá lækka styrkirnir á hvern einstakan.

Með 25. brtt. er lagt til að lækka framlag til tilraunastofu háskólans á Keldum um 100 þús. kr. Rætt hefur verið við ríkisstj. um það atriði, og telur hún, að hægt verði að komast af með þetta á þessu ári.

26. till. n. á við B II b, að tekinn verði upp nýr liður, 12 þús. kr., til Elíasar Eyvindssonar læknis, til svæfingarnáms í Ameríku. Eftir að n. hafði kynnt sér, að enginn sérfræðingur er hér á landi í þessari grein, tók hún liðinn upp og væntir þess, að fjárveiting þessi nái fram að ganga.

27. till. er um það að hækka styrk til byggingar barnaskóla um 500 þús. eða upp í 3½ millj. kr. Allar upplýsingar, sem n. hefur fengið varðandi þetta, hníga þó að því, að þessi upphæð þyrfti að vera miklu hærri. Ríkissjóður skuldar m. a. Reykjavíkurbæ vegna barnaskóla, og ef allt ætti að greiða upp, þyrfti þessi liður mjög að hækka. Ef á að draga úr opinberum byggingum á árinu, hlýtur það m. a. að ganga út yfir byggingar barnaskóla eins og aðrar byggingar, sem krefjast mikils gjaldeyris og draga töluvert vinnuafl frá framleiðslunni. Um þennan lið hefur þó náðst samkomulag milli n. og hæstv. menntmrh., sem vildi fá meira fé í þetta.

Þá er brtt. 28, við 14. gr., en þar er lagt til, að framlag til íþróttasjóðs verði lækkað um 100 þús. kr., úr 700 þús. niður í 600 þús. kr. Út af þessum lið varð ágreiningur í n. Hv. 1. þm. Rang. og 2. þm. N-M. voru mjög á annarri skoðun en meiri hl. n. í þessu máli, en meiri hl. lítur svo á, að þessi lækkun sé gerð af sömu nauðsyn og neyðzt er til að veita of lítið fé til barnaskólanna og væntir þess, að till. verði samþ. Hér er síður en svo um neina andúð á íþróttunum að ræða, heldur aðeins illa nauðsyn.

29. brtt. n. er um það, að tekinn verði upp nýr liður, 50 þús. kr. til undirbúnings þátttöku í Ólympiuleikjunum í ár. Þetta er loforð frá síðasta Alþ. Þegar fjvn. var að undirbúa fjárl. í fyrra, bárust henni óskir um 100 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, og varð það úr að skipta henni á tvö ár, og er þess vænzt, að þetta verði nú samþykkt.

Með 30. till. n. er framlag til Skáksambands Íslands hækkað um 1400 kr., eða í 3000 kr., sem viðurkenning fyrir að halda uppi heiðri Íslands í skáklistinni, og er þess vænzt, að sú hækkun verði samþykkt.

31. till. er nýr liður og fjallar um að veita Sigursveini Kristinssyni 6000 króna styrk til framhaldsnáms í fiðluleik, en þessi styrkur hefur verið á fjárl. í tvö ár. Sigursveinn er lamaður, en hefur sýnt frábærlega mikið þrek við námið undanfarin ár og komizt langt á tónlistarbrautinni. Það má t. d. nefna það, að hin nýstofnaða symfóníuhljómsveit hefur opinberlega leikið lag eftir þennan unga mann.

Í 32. till. er prentvilla, það sem er innan sviganna, og verður það leiðrétt fyrir 3. umr.

33. brtt. á við A. VII. 33, orðalagsbreyting, að fyrir orðin „til lesstofa“ komi: til bókasafna. — Ætlazt er til, að 25 þús. kr. af þessari upphæð gangi til bókasafnsbyggingar á Akranesi, sem brann s. l. ár, og er þetta eiginlega loforð.

34. till. er um að verja 10 þús. kr. til útgáfu ritsins „Zoology of Iceland“, og 35. till. um að veita Ara Arnalds, fyrrum bæjarfógeta, 6000 kr. til ritstarfa, einkum til að rita baráttusögu sjálfstæðismáls þjóðarinnar, en hann umgekkst á sínum tíma marga forvígismenn þess og er málunum þaulkunnugur, og þótti rétt að styrkja hann til þessa.

Í sambandi við 36. till. vil ég benda á, þar sem hæstv. menntmrh. er hér viðstaddur, að í frv. er styrkur til leikskólanna í landinu sundurliðaður og honum skipt milli leikskóla Lárusar Pálssonar, Soffíu Guðlaugsdóttur og Jóns Norðfjörðs, og gerir n. engar till. til breyt. á heildarupphæðinni, en henni barst umsókn um styrk frá nýjum leikskóla, leikskóla Ævars Kvarans, og vildi n. ekki dæma á milli þessara skóla eða skipta fénu milli þeirra og ekki veita meira fé til þessara mála og áleit, að það færi bezt á því að gefa það í vald ráðh. að skipta fénu milli skólanna, hvort sem hæstv. ráðh. þykir nokkur fengur í því eða ekki. Eins og kunnugt er, hefur einnig verið veitt fé á fjárlögum til kennslu í framsagnarlist, það eru gamlir liðir, og væri æskilegt, ef ríkisstj. sameinaði þetta allt í einn lið.

Í 37. brtt. n. eru teknir upp tveir menn, sem áður hafa haft styrk á fjárlögum, Páll Kr. Pálsson til tónlistarnáms og Þorsteinn Hannesson til söngnáms, 6000 kr. hvor. Enn fremur er nýr liður 6000 kr. til Þórunnar litlu Jóhannsdóttur samkvæmt ósk hæstv. menntmrh., og var enginn ágreiningur í n. um að styrkja þetta undrabarn til náms í tónlistinni, og loks er 6000 kr. styrkur til Gerðar Helgadóttur, sem leggur stund á myndlistarnám.

Ef allar brtt. við 15. gr. eru samþ., hækka þær alls útgjöld á greininni um 50 þús. kr.

Ég kem þá að 16. gr. og vil fara nokkrum orðum um brtt. n. við hana.

38. brtt. n. fer fram á, að styrkur til Búnaðarfélags Íslands lækki um 15 þús. kr., úr 1 millj. niður í 985 þús., en í 39. brtt. er aftur lagt til, að jarðabótastyrkurinn hækki í 3 millj., eða um ½ millj. kr., og samkvæmt upplýsingum búnaðarmálastjóra mun það varla nægja til að mæta kröfum þeim, sem bændur eiga á hendur ríkissjóði fyrir unnar jarðabætur.

40. brtt. er um það að láta falla niður 80 þús. kr. til verkfærakaupasjóðs. Það er upplýst frá viðkomandi aðilum, að svo lengi sem þessi upphæð verður ekki hækkuð verulega, þá muni ekki taka því að skipta henni milli allra þeirra mörgu, sem ættu kröfu á að fá styrkinn, og þess vegna er lagt til, að þessi liður sé látinn falla niður.

41. brtt. er um það að lækka framlag vegna framkvæmda II. kafla l. um landnám og nýbyggðir um 1 millj. kr. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt, ef þetta á að verða annað en á pappírnum, að gera hér um lagabreytingu. Þetta er gert í samráði við hæstv. ríkisstj. Mér er ekki

kunnugt um, hvort þetta hefur verið gert í samráði við þá stj., sem fer með þessi mál. En samkvæmt vilja ríkisstj. og eftir till. hennar er þessi breyt. gerð.

42. brtt. er um það að taka inn nýjan lið, 310 þús. kr. til þess að mæta þeim réttlátu kröfum, sem bændur eiga til byggingarstyrks eftir gildandi l. um landnám og nýbyggðir. Það er gert ráð fyrir því, að bændur verði látnir ráða því, hvort þeir taka þennan styrk eftir gildandi l. eða eftir ákvæðum nýju l. Það er gert ráð fyrir því, að þetta sé lokagreiðsla.

43. brtt. er um nokkrar fyrirhleðslur, sem ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í, því að þær skýra sig sjálfar.

44. brtt. er ekki um lækkun eða hækkun á fjárframlagi, heldur er aðeins lagt til að færa til þá fjárveitingu, sem ætluð er til skógræktar, skóggræðslu og friðunar á skóglendi o. fl., þannig að hún nái til skóggræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum, eftir samkomulagi við Þingvallan. Fjvn. sá ekki neina ástæðu til þess að setja inn sérstaka fjárveitingu samkvæmt ósk formanns Þingvallanefndar, enda má segja, að þessi garður sé einn hluti af skóggræðslu ríkisins, og er gert ráð fyrir, að fullt samkomulag verði um þetta atriði milli skógræktarstjóra og Þingvallanefndar, ef þessi brtt. verður samþ.

45. brtt. er um það að taka inn í frv. 250 þús. kr., það er styrkur til byggingar nýrra mjólkurstöðva. Þetta er samkvæmt l., en hafði fallið niður af frv.

46. brtt. er um framlag til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti. Þessi liður hafði að vísu staðið áður með annarri upphæð, en nú var samkomulag um að setja hann aftur inn með 10 þús. kr. upphæð.

47. brtt. er um umreiknun á launum eða framlagi til Fiskifélags Íslands vegna lækkunar á vísitölu. Þetta hefur einungis verið reiknað út af stofnuninni sjálfri og ekki ástæða til að efast um, að það hafi verið rétt gert. Hins vegar hefur fjvn. sjálf ekki reiknað þetta.

48. brtt. er um það að fella niður 1.5 millj. kr. af 16. gr. B, það er 5. liður, sem er framlag til Samábyrgðar Íslands samkv. l. Ríkisstj. þótti réttara, að þetta yrði fært yfir á 20. gr., og þar sem hér er um að ræða eign ríkisins, þá þykir n. rétt að færa þetta yfir á 20. gr., og leggur til, að þetta sé tekið þar upp.

49. brtt. er um lækkun á launum við stjórn raforkumála. Þegar fjvn. fór í gegnum þau gögn, sem komu frá raforkumálastjóra í sambandi við þetta mál, þá var það ljóst, að mörg af þessum embættum, sem þar hafa verið tekin upp, hafa ekki verið veitt, og gert er ráð fyrir, að það muni ekki verða gert á þessu ári, meðal annars vegna þess, að þeir verkfræðingar mundu varla vera til, sem uppfylla þau skilyrði, sem krafizt yrði við veitingu í þær stöður. Þessi liður er lækkaður, en til jöfnunar því er gert ráð fyrir, að tekjuliðurinn verði hækkaður um 1 þús. kr.

50. brtt. er um, að framlag til virkjunarframkvæmda verði hækkað um 1.25 millj. kr. og liðurinn orðist svo: Til nýrra raforkuframkvæmda 2.250 þús. kr. Þar af 250 þús. kr. til styrktar dieselvélarafstöðvum 100 hestafla og stærri. Um þetta varð nokkur ágreiningur í fjvn., t. d. var hv. 2. þm. Rang. mjög á móti þeirri athugasemd, sem sett er hér. Hann er út af fyrir sig ekki á móti hækkuninni, nema síður sé, og hann vildi gjarnan hækka þetta meir, en hann er alveg á móti þessari athugasemd, sem ég nefndi. Mér þykir því einmitt ástæða til þess að ræða nokkuð nánar um það atriði vegna þessa ágreinings. Ég er ekki alveg viss um það, að allir hv. þm. hafi gert sér það ljóst, hvernig þessi mál standa. Ég vil leyfa mér að benda á, að í gögnum, sem fjvn. hefur fengið, sem merkt eru fylgiskjal nr. 1, þá er gert ráð fyrir, að stofnkostnaður verði alls um 75 millj. kr. En þegar athugað er, hvert þær 75 millj. kr. eiga að fara, þá er alveg ljóst, að það hefur alls ekki verið hugsað um þarfir allra landsmanna. Hins vegar er alveg ákveðið, að allir landsmenn skuli taka á sig þær byrðar, sem af þessum styrk leiðir. En það er alveg afskorið, að Vesturland og Austurland geti notið hans, heldur er það Reykjavík og nágrenni, sveitir Árnes- og Rangárvallasýslu, og t. d. Dalvík, Svalbarðsströnd o. fl. Á þessu sést bezt, hvernig þessu fé er skipt milli héraða á landinu, því að það er vitað, að einmitt þessir staðir á landinu hafa fengið allt það fé, sem raforkulánasjóður átti, og allar tekjur, sem til þeirra mála hafa runnið. Og svo er gerður ágreiningur um það, að heimilaðar verði 225 þús. kr. til þess að styrkja þá, sem alveg hafa verið utan við þessa fjárveitingu. Ég hef bent hæstv. ráðh. á það, að það er alveg ófrávíkjanleg krafa frá íbúum Vestfjarða, að hann sem ráðh. láti taka upp á þessu ári rannsókn á því, hvernig eigi að leysa þeirra raforkumál í framtíðinni. Það var verið að hugsa um að virkja Dynjanda í Axarfirði, en ég sé ekki annað af þessum plöggum, sem hér liggja fyrir, en að alveg sé horfið frá því. Vesturland mun ekki beygja sig í mörg ár undir það að greiða milljónir króna til þess að lána ríkisstj. til þess að standa straum af veitum víðs vegar um landið, meðan ekkert er séð fyrir hinum öðrum landshlutum, en þeir aðeins látnir bera hlutfallslega kostnaðinn og hlutfallslega ábyrgðina af þeim lánum, sem tekin eru vegna þeirra framkvæmda. Ég vildi láta þetta koma fram frá mér persónulega við afgreiðslu málsins. Mér verða það stór vonbrigði, ef hv. Alþ. samþ. ekki þessa breyt., og ég vil segja mótatkvæðalaust, sem meiri hl. n. leggur hér til, að tekin verði upp í frv.

51. brtt. er einnig um hækkun á styrk til þess að mæta 15 þús. kr. rekstrarhalla, sem þótti rétt að leiðrétta í frv. eða færa til.

Verði allar þessar brtt. fjvn. samþ. á þessari gr., mun útkoman verða 445230 kr.

Þá vil ég ræða nokkuð um 17. gr., og vil ég þá leyfa mér að benda á, að 52. brtt. er ekki rétt orðuð og mun verða tekin aftur, því að það kemur önnur brtt. fram eða er þegar komin, eins og hún á að vera orðuð.

Það hefur orðið samkomulag milli tryggingastofnunarinnar og ríkisstj. að lækka framlag til tryggingarinnar um 1.6 millj. kr. Í fyrstu litum við svo á í fjvn., að hér væri um lækkun á

rekstrargjöldum að ræða hjá tryggingastofnuninni, en síðar hefur komið í ljós, að svo er ekki. Hér er ekki um annað að ræða en að teknar eru 1600 þús. kr. af tekjuafgangi síðasta árs, og hefur forstjórinn að nokkru leyti skýrt mér frá því, hvernig í því liggi, að sumpart kemur þetta fram eins og tryggingastofnunin óskaði eftir, að þetta yrði sett í frv. Það eru að sjálfsögðu minni útgjöld fyrir ríkissjóð á þessu ári vegna þessa, en mér skilst, að tryggingastofnunin hafi hugsað sér að hafa þetta fé sem nokkurs konar varasjóð, ef einhver áföll henda. En mér skildist á forstöðumanni tryggingastofnunarinnar í gær, að frá þessu væri ekki gengið. En ég vildi geta þessa við hæstv. ráðh. út af þessum samtölum við hann.

53. brtt. er um það, að bætt er við einu elliheimili og þar með gert ráð fyrir 8 elliheimilum utan Reykjavíkur og 3000 kr. til hvers.

54. brtt. er um 1 þús. kr. hækkun til elliheimilisins á Seyðisfirði.

Í 55. brtt. er lagt til, að veittur sé styrkur til Vorboðans til þess að stækka barnaheimilið. Sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það.

Í 56. brtt. er lagt til, að veittar verði 200 þús. kr. til endurbyggingar á Sæbjörgu, en þeirri viðgerð mun nú vera lokið. En þeir, sem hafa framkvæmt aðgerðina, hafa ekki viljað sleppa skipinu eða afhenda skipið, nema tryggt væri, að kostnaður allur yrði greiddur. Og það mun ekki vera hægt að fá skipið laust, nema þessar 200 þús. kr. verði greiddar, og þess vegna er lagt til, að þetta verði tekið upp á fjárl. í þetta skipti. Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. leigt þetta skip til 15 ára til björgunarstarfsemi hér við strendur landsins.

57. brtt. er um 2 þús. kr. hækkun til bandalags skáta. Þessi félagsskapur hefur verið þarfur, m. a. verið boðinn og búinn í hvert skipti, sem þarf að leita að fólki. N. sá sér ekki annað fært en að verða að nokkru leyti við óskum þessa félagsskapar. Hins vegar höfðu þeir óskað eftir allmiklu hærri styrk, sem meiri hl. n. sá sér því miður ekki fært að samþ.

Þá er lagt til í 58. brtt., að hækkaður verði styrkur til Kvenréttindafélags Íslands upp í 30 þús. kr. í þetta eina skipti, þar af 15 þús. kr. til þinghalds, sem hugsað er, að fari fram hér í Reykjavík á komandi sumri.

59. brtt. er um lækkun úr 1 millj. kr. í 500 þús. kr. á meðgjöf með börnum erlendra manna, og er þetta gert í samráði við hæstv. ríkisstj., og ég hygg að einhverju leyti einnig með samkomulagi milli hennar og tryggingastofnunarinnar. En samkvæmt því, sem hæstv. ráðh. hefur upplýst, mun mega telja þetta nægja á þessu ári.

Ef allar þessar brtt. n. verða samþ., verður rekstrarhallinn á þessari gr. 1861 þús. kr. hagkvæmari en eftir frv.

60. brtt. er við 18. gr. frv. Meiri hl. fjvn. leggur til, að gr. verði orðuð samkv. brtt., þ. e. að hún verði öll sundurliðuð og tekin upp eins og áður hefur verið, en það hefur ekki verið gert í frv. Af vangá hefur fallið niður nafn Benedikts Sveinssonar fyrrverandi alþm. Svo eru nokkrar aðrar leiðréttingar, sem gerðar verða á sérstöku þskj. fyrir 3. umr. Ég vil geta þess, að þetta er ekki af því, að það hafi ekki verið tilætlun n. að taka þetta með strax, heldur hefur þetta af vangá fallið niður. Öll hækkunin á þessari gr., ef brtt. verða samþ., verður 40 þús. kr. Það kann að vera, að þurfi að gera einhverjar aðrar leiðréttingar fyrir 3. umr. eins og venjulega á þessari gr., og mun það verða athugað.

Meiri hl. fjvn. hefur ekki gert neinar breyt. á 19. gr. En sú gr. er um það, að 55 millj. kr. skuli varið til dýrtíðarráðstafana. Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að það verði að vera verkefni núverandi hæstv. ríkisstj. og næsta Alþ. að gera um það einhverjar og sérstakar og aðrar till., þannig að hægt verði að koma þeim málum í annað og skynsamlegra horf, svo að ekki þurfi að standa á næsta fjárlagafrv. 55 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana. Það er eitt stærsta vandamál landsmanna, hvernig það verður leyst. Það hefur þegar verið farið inn á þá braut að ábyrgjast framleiðslu landsmanna að meira eða minna leyti, og það er vitanlegt, að til þess þarf stórar fjárfúlgur. Það verður heldur ekki hægt að loka augunum fyrir því, að þessi braut er ófær, hversu skynsamleg sem hún annars kann að vera. Það má segja, að þetta fé sé tekið úr einum vasa og sett í annan, enda er ekki hægt að skilja sundur möguleika ríkissjóð og möguleika þegnanna nema að litlu leyti. Æskilegt væri að annar háttur yrði á þessu í framtíðinni.

Við 20. gr. liggja fyrir brtt., sem miða til verulegrar lækkunar. Fyrst er 61. brtt., að framlagið til ríkisspítalanna verði lækkað um 170 þús. kr. Þetta er gert í samráði við hæstv. ríkisstj. og með nákvæmlega sömu forsendum og ég minntist á í sambandi við barnaskólana, og gildir það hér í raun og veru um flesta eða alla liði, sem till. eru um, að lækkaðir verði á 20. gr.

Þá er lagt til, að framlagið til byggingar fávitahælis lækki niður í 200 þús. kr. úr 600 þús. kr., sem það er á fjárl. Og einnig er lagt til, að orðin „í Kópavogi“, falli niður, er það vegna þess, að ekki þykir rétt á þessu stigi málsins að ákveða, að hælið skuli byggt þar. Ég hygg, að umr. um þetta standi á milli hæstv. ríkisstj. og þeirra umboðsmanna Oddfellowreglunnar, sem ráða yfir þeirri vátryggingarupphæð, sem fékkst fyrir gamla spítalann að Laugarnesi, sem brann eins og kunnugt er, að þessu fé verði varið til byggingar fávitahælis, ef það verður byggt á þeim stað, sem þeir geta fellt sig við. Þessi lækkun mun stafa af því, að nokkur vissa mun vera fyrir því að fá þarna nokkurt fé til þessarar byggingar. En þessir umboðsmenn Oddfellowreglunnar vilja tryggja það, að sjúklingar, sem nú búa á Kópavogshælinu, líði ekki við það á nokkurn hátt, og þykir þess vegna rétt að gera þessa breytingu.

Þá er lagt til að lækka framlag til menntaskólans í Reykjavík um 250 þús. kr. og til byggingar þjóðminjasafns um 1 millj. kr., en gefa aftur heimild til þess á 22. gr. að taka lán til þess að halda áfram þeirri byggingu, ef hæstv. ríkisstj. sýnist það vera ráðlegt. Þá er einnig lagt hér til, að framlagið til byggingar bændaskól-

ans í Skálholti sé lækkað úr 1675000 kr. niður í 250 þús. kr.

Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að í frv., sem lagt var fram fyrst, mál nr. 50, voru teknar upp til byggingar bændaskólans í Skálholti 250 þús. kr. Þessari upphæð er nú haldið samkv. till. meiri hl. fjvn. En í síðara frv., sem hæstv. fjmrh. lagði fram, mál nr. 129, er gert ráð fyrir, að þetta framlag sé 1675000 kr. og þar af endurveiting 1425000 kr. Meiri hl. fjvn. leit svo á, að ekki sé þörf að taka upp þessa fyrrnefndu upphæð, 1425 þús. kr., til endurveitingar. Þetta fé hefur verið veitt. Það getur varla heyrt til öðrum flokki en þeim, sem heitir óeytt fé, sem veitt hefur verið til verklegra framkvæmda. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að skýra frá því, að hæstv. samgmrh. mætti hjá fjvn. og óskaði eftir því að fá úrskurð n. um þetta, hvernig hún liti almennt á þetta, hvort nauðsynlegt væri að taka í fjárlfrv. allar þær fjárhæðir, sem veittar hafa verið áður til verklegra framkvæmda í landinu vegna brúa, hafna o. fl., þar sem óskað hafði verið eftir því frá ríkisstj., að þetta fé yrði ekki greitt út, a. m. k. að því er snertir árið 1947. Fjvn. hefur gert um þetta einróma ályktun, þar sem tekið er fram, að hún liti svo á, að þetta fé sé eign viðkomandi aðila, sem eigi að geymast á þeirra nafni, og þurfi því ekki að taka það upp í frv. sem endurveitingu. Mun þessi ályktun verða send til hæstv. ráðh. næstu daga. Einnig með tilliti til þessa sér n. ekki ástæðu til þess að taka upp þessa endurveitingu fyrir Skálholtsskóla.

Þá er lagt til að fella niður liðinn um bygging tollstöðvarhúss í Reykjavík, sem er 500 þús. kr. Það er leitt að þurfa að fella þennan lið niður, en að vísu er þetta á valdi hæstv. ríkisstj., þannig að hún getur veitt fé til þessa, ef fé er til þess í ríkiskassanum, meðal annars vegna þess, að þessi bygging er í sjálfu sér eitt undirstöðuatriðið undir því, að hægt sé ekki einungis að starfrækja þessa miklu og mannmörgu stofnun, heldur að hægt sé að taka þetta allt fastari tökum og þar með hægt að spara fé, sem annars fer í kostnað vegna þeirra óþæginda, sem þessi stofnun verður því miður að þola, vegna þess að hún er allt of mikið á hrakhólum. En eins og sakir standa hefur samt sem áður verið lagt til, að þetta verði fellt niður, einkum með tilliti til þess, að það er á valdi stj. á hverjum tíma, hvernig hún hagar greiðslum skv. 20. gr.

Þá er lagt til í 67. lið, að minnkaður sé um helming kostnaður við skólastjórabústað á Reykjum í Ölfusi, en lagt er til, að tekið sé upp í gr. til útihúsa á prestssetrum kr. 100000 og til byggingar sjómannaskóla kr. 850000. Það eru fjölmörg prestssetur, sem engin útihús eru á, og hefur það sjálfsagt staðið í vegi fyrir því, að hægt væri að fá presta í sveitir, en þetta fé nær sjálfsagt skammt til þess að uppfylla allar þær þarfir. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að það lá fyrir n. að leggja til, að fé yrði veitt til byggingar útihúsa á Staðarfelli. N. sá sér ekki fært að taka þetta upp, en vildi beina því til ráðh., hvort ekki væru möguleikar á því að nota eitthvað af þeim kr. 300000, sem ætlaðar eru til bygginga á jörðum ríkisins, til þessa. Ef það er ekki hægt, verður að gera ráðstafanir til þess að afla fjár til þess að byggja upp, ef ekki er ætlazt til, að jörðin bókstaflega fari í eyði. En nú má vera, að hægt sé að nota eitthvað af þessum 300000 kr. til þess að byggja upp, en n. vildi ekki hafa afskipti af málinu.

Ef allar till. fjvn. verða samþ., munu raunverulegar lækkanir á 20. gr. verða kr. 2224 þús.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um brtt. við 22. gr.

N. hefur lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, kr. 5000 til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað. Þetta hefur verið greitt í mörg ár, og væntir n. þess, að það verði ekki fellt niður nú.

N. leggur til, að greiddar séu 30 þús. kr. til fyrirhleðslu í Miðskálaá. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að það er á misskilningi byggt, að þetta sé gegn jafnmiklu framlagi annars staðar frá, og verður þessu breytt fyrir 3. umr.

Þá leggur n. til, að greitt sé til Gunnlaugs Ó. Schevings listmálara og til Gunnlaugs Blöndals listmálara kr. 15 þús. til hvors í byggingarstyrk, og er þetta endurveiting. Síðan er lagt til að greiða kr. 15 þús. í byggingarstyrk til Nínu Tryggvadóttur listmálara.

Þá er lagt til að greiða kr. 400 þús. til ferjuhafna. Þetta var í fyrra tekið upp á 13. gr., en nú varð ekki samkomulag um það, en hins vegar var rætt um þetta við hæstv. ráðh., og taldi hann sér nauðsynlegt að fá þessa heimild, til þess að hægt væri að halda áfram byrjuðum byggingum, og er þar átt við Hvalfjörð, Melgraseyri og ef til vill Gemlufall.

Þá er till. um það að heimila að verja allt að 200 þús. kr. til Miðnesvegar. Þessi vegur er ekki í þjóðvegatölu nema með sérstaklega velviljaðri lögskýringu, því að það stendur, að það sé vegurinn milli Keflavíkur og Sandgerðis, en sá vegur liggur út á nesið. Hér er um að ræða veg, sem mundi geta sparað mörg hundruð þús. vegna þess, hvað hann er styttri.

Þá er skv. ósk menntmrh. heimilað að kaupa blaða- og bókasafn Helga Tryggvasonar bókbindara, ef samkomulag næst. Það liggur ekki fyrir, hve mikið þetta eigi að kosta, en heyrt hef ég, að verðið muni vera um kr. 135 þús. N. hefur ekkert um það sagt, að fé skuli veitt til þessa, og veit ég ekki, hvað verður, ef um er að ræða tugi þúsunda. Ég minnist þess, að þetta kom til n. á síðasta ári, en fjvn. vildi þá ekki fallast á kaupin.

Þá er heimild til þess að veita allt að einni milljón til byggingar Þjórsárbrúar. Þetta er með tilliti til þess, að raunverulega var hugsað að setja eina milljón á 13. gr. til byggingar Þjórsárbrúar. Það náðist samkomulag um, að veittar yrðu kr. 300 þús. gegn heimild á þessari gr.

Þá er till. um að greiða til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum allt að 100 þús. Þetta er frá fyrra árs fjárl. Enn fremur kr. 80 þús. á Akranesi með sömu skilyrðum.

N. þótti einnig rétt að taka upp heimild til að selja strandferðaskipið Súðina, ef kaupandi fengist, til þess að ekki þyrfti að leita sérstakrar heimildar til þess að selja skipið.

Um 71. brtt. vil ég segja það, að sú brtt. verður tekin aftur til 3. umr., vegna þess að það þarf að athuga orðalagið á henni. Þar stendur: Fyrir orðið „stofnlánadeildarláni" kemur: 1. veðréttarláni. En það getur vel átt sér stað, að 1. veðréttarlán verði ekki eins hátt og hugsað var að stofnlánadeildarlánið yrði. Þess vegna kemur til mála að breyta þessu í 1. og 2. veðréttarlán, þó ekki yfir það, sem stofnlánadeildin lánar skv. l.

Þá er 73. brtt. um það að greiða slysavarnardeild Rauðasandshrepps allt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði í viðurkenningarskyni fyrir frábært afrek við björgun skipbrotsmanna úr sjávarháska. Skal fénu varið til vegabóta í hreppnum *eftir ákvörðun deildarinnar. Um þetta var engi*nn ágreiningur innan n., og vil ég vænta þess, að þetta verði leyft og að heimildin verði notuð.

74. brtt. er um það, að eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af loðdýrum falli niður. N. vildi ekki fallast á að gefa þá heimild.

75. brtt. er um það að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárl., ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Þetta er sams konar ákvæði og áður hefur verið í fjárl. Það kynni að vera, að ráðh. vildi einhverju breyta í þessari gr., og ef svo er, þá ræðir hann það við fjvn. fyrir 3. umr.

Ég held að þessar heimildir allar muni nema um 1220 þús. kr. á 22. gr. Nokkuð af því eru endurveitingar, en flestar upphæðirnar eru nýjar heimildir.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um sjóðsyfirlitið. N. hefur rætt við ráðh. um öflun tekna, því að eins og sést á rekstraryfirlitinu er um rekstrarhalla að ræða. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umr., og mun stj. þá afla sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárl.

Hér kemur þá yfirlit yfir þær breyt., sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði.

Hækkun tekna í 3. gr.	kr.	857800
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda í 3. gr.	—	320000
Tekjuhækkun	kr.	537800
Hækkun gjalda alls	kr.	7249055
÷ lækkun gjalda alls	—	3302684
Gjaldahækkun alls	kr.	3946371

Eignabreytingar verða lækkun útborgana samkv. 20. gr., 2224 þús. kr.

Ef till. n. verða samþykktar, munu niðurstöður fjárlagafrv. verða á þessa leið:

Tekjur	kr.	216411150
Gjöld ..... kr. 220462158		
Rekstrarhalli	—	4051008
Kr. 220462158	Kr.	220462158

Sjóðsyfirlitið kemur til með að líta þannig út:

Útborganir	kr.	246390283
Innborganir	—	218217250
Greiðslujöfnuður	kr.	28173033

Undir þetta nál. hefur ritað allur meiri hl. fjvn. án fyrirvara, og standa þeir allir að þessum till. og vonast til, að þær verði samþykktar.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að benda á, að bæði hæstv. ráðh., þm. og allri þjóðinni munu finnast þessi fjárl. ískyggilega há, en þá ber að gæta að því, að löggjöf síðustu ára hefur beinzt mjög að því, að ríkisvaldið hefur miklu meiri afskipti af framkvæmdum en áður og einnig að beina framkvæmdum og viðskiptum til þeirra aðila í landinu, sem hafa meiri sérréttindi í skattgreiðslum og meiri fríðindi í ábyrgðum en nokkru sinni áður. Af þessu hlýtur að leiða það, að tekjur ríkissjóðs hljóta að minnka að sama skapi. Ég skal benda á það, að ef allur togararekstur *kæmist í bæjarútgerð, þá mundi ríkis*sjóður tapa beint öllum þeim tekjum, sem hann fær í skatta af útgerðinni, svo að ég bendi á eitt atriði. Ég skal benda á löggjöf síðustu ára, m. a. um stofnlánadeildina. Allt stefnir í þá átt að draga úr einstaklingsrekstrinum. Það eru gerðar meiri kröfur um ábyrgð á ríkissjóðinn, og um leið tekur hann við minna. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram, þegar rætt er um það, hvers vegna útgjöld ríkissjóðs hækka svo mikið á hverju ári.

Ég lýk þá máli mínu og vil óska, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 3. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka fjvn. og þá einkum þeim meiri hl., er mest hefur til málanna lagt, fyrir þau störf, sem n. hefur lagt í það að athuga það frv. til fjárl., sem lagt var hér fram eftir áramótin. Eins og frsm. réttilega minntist á, sá ég mig tilknúinn eftir þá breyttu aðstöðu, sem varð við það, að dýrtíðarlöggjöfin var samþ. hér á þ. rétt fyrir áramótin, að semja að mestu leyti upp fjárlagafrv. og leggja það fram í breyttri mynd, enda var það í fullu samræmi við vilja hv. fjvn.

Eins og getið er um í nál., hefur margvísleg samvinna átt sér stað með n. og fjmrn. og raunar öllum ráðuneytunum. En að því er snertir fjmrn., skal ég við það kannast, að ég hef ekki í öllum atriðum getað veitt n. svo fullar upplýsingar sem hún hefur beðið um, og á ég þar sérstaklega við atriði varðandi launatekjur ýmissa starfsmanna ríkisins. Þetta gat ráðuneytið ekki leyst eins vel af hendi og á varð kosið, þar eð sækja þurfti upplýsingar frá ýmsum stöðum, sem þar að auki var erfitt að fá. En þó ætla ég, að sú skrá, sem okkur tókst að afgreiða til n., veiti gleggri upplýsingar en hv. n. hefur áður átt kost á að fá. Ég vil svo taka það til greina, sem hv. frsm. n. drap á, að ég mun sjá til þess, á meðan mín nýtur við, að athugunum á þessu verði haldið áfram sem og öðrum athugunum til nokkurs sparnaðar á stjórnarkostnaði ríkisins og þá með það fyrir augum, að eitthvað verulegt verði í þessu efni lagt fyrir næsta þing.

Það er ýmislegt, eins og vænta mátti í svo ýtarlegri og langri ræðu eins og þeirri, sem hv. frsm. n. hélt hér nú, sem gera mætti að frekara umræðuefni, og þótt ég fari ekki þar víðs vegar, þá er það ekki vegna þess, að mér finnist

ekki, að ýmsar athuganir hans hafi við rök að styðjast, heldur er nær sanni, að flest af því, sem hér hefur verið tekið fram, eigi við full rök að styðjast. Þó að ég sé í ýmsum efnum ekki fyllilega sammála frsm. og formanni fjvn. og meiri hl. fjvn., þarf það ekki að hagga því, að ég er í flestum atriðum sammála þeim niðurstöðum, sem hann lýsti í framsögu sinni fyrir meiri hl., sem hann hefur orð fyrir.

Frsm. minntist á ýmislegt: Kaup á ferðavögnum fyrir póststjórnina, kaup á trésmíðaverkstæði og byggingu fiskiðjuvers. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þótt ég embættis míns vegna hafi haft hönd í bagga um þessi efni eins og fleiri, er það svo með flest af því, sem hér er á drepið, að undirbúningur og framkvæmdir höfðu átt sér stað, áður en núverandi stj. tók við þessum málum. Ég skal t. d. sérstaklega benda á fiskiðjuver ríkisins, sem fiskimálan. svokölluð með samþykki síns ráðh. á þeim tíma fór út í að byggja. Það mun rétt, sem hér hefur verið farið með, hvað þetta iðjuver hefur kostað, og það er líka rétt, að frá því að þessi stj. tók við, hafði hún þau afskipti af því að útvega nokkru meira fé að láni í þetta fiskiðjuver heldur en í það var komið, en það var af því, að það var komið svo langt, að mér þótti óheppilegt að skilja það eftir afskiptalaust eins og sakir stóðu, þegar ég kom í ráðuneytið. Þá voru húsin byggð, sumt af vélunum komið og þær settar upp, en ekkert í því standi, að hægt væri að hefja starfið, þannig að afskipti mín voru þau, að fá hús og stöð fullgerða. Það var þannig, að fiskimálan. fyrrv. byggði þetta fyrir sitt fé og fékk að auki stórkostlega mikið lán úr stofnlánadeild og víðar. Svo var skipuð sérstök stjórn af fyrrverandi atvmrh. Eftir að hafa hugleitt þetta mál nokkuð, fannst mér rétt að gera þá bráðabirgðaráðstöfun, að fiskimálasjóður eða sú stjórn, sem yfir honum er og hefur leyst fiskimálanefnd af hólmi, tæki sjálf við fiskiðjuverinu til ráðstöfunar og stjórnar. Ég sá ekki, að það hefði neina sérstaka þýðingu að hafa neina aðra sérstaka stjórn yfir þessu. Þetta var bráðabirgðaráðstöfun. Og ég játa, að það þarf að búa þessari stofnun einhverja löggilda stöðu í ríkinu, ef hún á framvegis að vera eign þess opinbera. Að öðru leyti skal ég ekki gera þetta sérstaka mál að umtalsefni.

Að því er trésmíðaverksmiðjuna áhrærir, býst ég við, að annar hæstv. ráðh., sem hún heyrir undir, gefi skýringar.

Brtt. hv. meiri hl. fjvn. eru að mestu í samræmi við það samkomulag, sem átt hefur sér stað á milli ríkisstj. og hv. meiri hl. fjvn. Að vísu er þar farið, eins og oft vill verða, nokkru víðar heldur en í alla staði hefði þótt ákjósanlegt. En ég ætla þó, að ég megi vera hv. meiri hl. fjvn. þakklátur fyrir það, að ekki hefur þó verið farið harðara af stað í breyt. á frv. en raun ber vitni um. Það var um tíma þannig litið á, að miklu meiri breyt. til hækkunar á fjárlagafrv. yrðu hafðar í hávaða, og þótti mér þá mjög óvænlega horfa. En fyrir það samstarf og samkomulag og þann samkomulagsvilja, sem hv. meiri hl. fjvn. hefur sýnt ríkisstj. í þessu máli, þá er þó nokkuð í hóf stillt og í miklu meira hóf stillt heldur en um tíma var útlit fyrir, hvað hækkanir á útgjöldum frv. snertir. Og auk þess hefur hv. meiri hl. fjvn. tekið til greina ýmsar óskir og ábendingar, ýmist frá mér eða öðrum, um lækkanir á einstaka liðum, til þess nokkuð að standa straum af hækkunartill. sínum. — Þó að þetta sé nú svo, þá er sannast sagna, að það er því miður allt of hátt stefnt með útgjöldin í þessu frv. í raun og veru, eins og það liggur fyrir, og þá ekki síður, þegar hækkanir hafa verið samþ.

Ég skal þá, að ósk hæstv. forseta, gjarnan fresta framhaldi minnar tölu, þar til næst verður kvatt til fundar. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði farið nokkrum orðum um þetta mál, þegar fundarhlé var tekið í dag, og þar á meðal látið þess getið, að flestallar þær breyt., sem meiri hl. fjvn. lagði til, hefðu verið gerðar í samráði við ríkisstj. Ég held ekki, að nauðsynlegt sé, að ég reki þær frekar, þær hafa verið fyrst og fremst útskýrðar í nál. á þskj. 465 og auk þess hefur hv. frsm. lýst þeim og ástæðunum fyrir þeim í sinni ræðu. Hann sagði réttilega, að það, sem valdið hefði að langmestu leyti útgjaldahækkuninni nú, við hinn síðari búning fjárlfrv., væri það, sem áætlað væri til útgjalda sem dýrtíðarráðstafanir. Við vitum allir, hvað þar er átt við, þ. e. niðurgreiðslan á innlendu afurðunum og meðgjöfin með innlendu afurðunum, sem seljast eiga á erlendum markaði. Það er sett inn í fjárl. meðal óvissra útgjalda að upphæð 55 millj. kr. Þó að sú upphæð sé næsta há, þá er því miður um hana það að segja, að ég ber fullan kvíðboga fyrir því, að hún reynist ekki nógu hátt áætluð. Til afsökunar mér í því efni við samning fjárlfrv. hef ég lítið annað fram að færa heldur en það, að vegna þess að mér þótti útgjaldaupphæðin í heild, þegar teknir eru allir útgjaldaliðirinir á rekstri, vera svo háir, að ég seildist ekki til að fara lengra í þessu efni að áætla þessa 2 liði, eða réttara sagt þennan eina lið í tvennum tilgangi, hærra en þar segir. Það má vel vera, að þetta hefni sín, og má fara sæmilega, ef það gerir það ekki. En eitt virðist ljóst, að ef sigla ætti fullum seglum bæði í því efni og ýmsu öðru, sem snertir áætlaða liði í þessum fjárl., þá hefði verið óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til öflunar nýrra tekna, en allir eru sammála um, að það þurfi að forðast það, svo sem hægt er, að hækka hvort heldur eru tollar eða skattar. Þegar litið er nú á þá niðurstöðu, sem á þessu frv. yrði, ef till. meiri hl. n. yrðu samþ., þ. e. a. s. þótt ekki yrði lengra farið en þær ná, þá er samt sem áður enn vandséð, hvort verjandi er að gera ekki einhverjar ráðstafanir til þess að afla nýrra tekna. Í fyrsta lagi til þess að mæta þeim rekstrarhalla, sem sú mynd fjárl. sýnir, ef svo færi sem ég þegar lýsti, og í öðru lagi til þess að hafa eitthvað upp í greiðsluhallann, sem er nú áætlaður með þessum brtt. nær 30 millj. kr., og í þriðja lagi til að vera á einhvern hátt við því búinn, að sumir liðir, og þá meðal annarra sá, sem stærstur er og ég hóf mál mitt á í þetta sinn, færu að ráði fram yfir það, sem áætlað er. Á þessu stigi

get ég ekki fullyrt um það, hver háttur verður á hafður, og jafnvel ekki, hvað ég muni leggja til í því efni, enda réttast að bíða eftir afgreiðslu fjárl. við 2. umr. og taka síðan til athugunar þessa hlið málsins. En um einn lið fjárl., sem er áætlunarliður um viðhald veganna, er það að segja, að hann er í frv. áætlaður 9 millj. kr. og var það líka á s. l. ári, en hefur farið mjög mikið fram úr áætlun hjá þeirri stofnun, sem hefur með viðhald veganna að gera. Og þegar við heyrum um ýmsar skemmdir á vegum aukalega sökum vatnavaxta, þá er ef til vill hætt við því, að þessi liður verði ekki síður lágt áætlaður nú en áður hefur átt sér stað. Í annan stað væri það líka ekki alveg varlega farið, ef undir þær stofnanir ríkisins, sem fara með þessi útgjöld — og á ég þar sérstaklega við vegamálaskrifstofuna — væri ýtt með sihækkandi áætlun í þessum efnum, vegna þess að reynslan sýnir það, að hver sem áætlunin er, þá hrekkur ekki fé til, og gæti það þá ef til vill haft þá verkun, að enn þá meira væri notað í þessu skyni. Nú er mér sagt, að viðhaldið verði miklu dýrara vegna þess, að ýmsar lagfæringar og jafnvel breyt. á vegum, sem vafasamt megi telja, hvort heyri beinlínis undir viðhald, séu kostaðar á þennan hátt af vegamálaskrifstofunni, og má að vísu um það deila, hvort rétt er þá með farið. Á hinn bóginn er það vitað, að till. til þessarar skrifstofu um aðgerðir, vegagerð og ýmsa fyrirgreiðslu eru margar, sem til falla á árinu. Ég vil þess vegna ekki áfellast að öllu leyti umframeyðslu á þessu sviði, en þó er þess að gæta, að eitthvert hóf verður nú samt að vera á útgjöldunum, jafnvel þeim, sem ætluð eru til viðhalds vega. Það, sem ef til vill er erfiðast viðureignar fyrir ráðun. í þessum efnum, er það — ég hef rekið mig á það þennan stutta tíma, sem ég hef þar staðið að málum — að vegamálaskrifstofan á það til að fullyrða við mann, að það verði ekki brúkað meira en þessi upphæð, en kemur svo aftur eftir dúk og disk og sýnir þá enn þá hærri upphæð og það jafnvel endurtekið.

Hv. frsm. minntist á eina höfuðorsök þess, að útgjöld ríkisins fara stórum skrefum vaxandi, sem sé kröfuna frá borgurum landsins um síaukin afskipti af ýmsum atriðum, jafnvel þeim, sem ekki hafa heyrt undir ríkisafskipti áður. Ég er þessu sammála og hef áður opinberlega bent á háskann við þessa þróun. Hv. frsm. bætti því við, sem augljóst er, að með síauknum ríkis- og bæjarrekstri er höggvið í þann meið, sem standa á undir höfuðþunga skattanna, sem er sá atvinnurekstur í landinu, sem skattskyldur er. Þessi þróun hefur verið allör á síðari tímum, og henni fylgja að sjálfsögðu þessir ágallar, þó að ýmsir sjái nokkra kosti hennar á öðrum hliðum. Hv. frsm. minntist í þessu sambandi á þá löggjöf, er sett var um stofnlánadeild sjávarútvegsins og ákvæðin um lán til fiskiskipa, og þar á meðal það, að þar hefði verið ýtt undir bæjarrekstur, t. d. á togurum, með því að unna bæjarfélögum betri kjara í lánum en einstökum félögum eða útgerðarmönnum. Mér er þetta mál nokkuð skylt og vil við það kannast, að þetta fór svo fram, að sem skattstofn til ríkisins á sama hátt og rekstur skattskyldra fyrirtækja þá er ekki hægt að segja, að hlaðið sé undir skatttekjur með þessu móti. En við samning þeirra lagaákvæða, sem hér voru dregin fram í dagsljósið og á bent, var annað sjónarmið, sem þá líka þurfti að hafa fyrir augum, sem sé það, að með því að gera bæjarfélögum, og þá sérstaklega bæjarfélögum utan Reykjavíkur, kleift að eignast hin nýju framleiðslutæki og létta undir með þeim á því sviði var það sjónarmið haft fyrir augum, sem var nokkuð mikið ríkjandi hjá nýbyggingarráði, að freista þess að stöðva eða vinna á móti flótta fólksins utan af landi til höfuðstaðarins með því að skapa eða hjálpa til að skapa skilyrði fyrir það fólk, sem utan höfuðstaðarins býr, sem mest í áttina til jafns við þau, er þeir búa við, sem hér eiga heima.

Það er oft mjög réttilega bent á það, að í löggjöf, sem sett er á Alþ., hafi verið farið mjög óvarlega í því efni að auka skuldbindingar ríkisins til fjárframlaga. Og skal ég nú eins og áður staðfesta, að ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. hafi farið allt of langt í þessum efnum. Fyrir þetta liggjum við, sem á Alþ. sitjum og höfum setið undanfarin ár, mjög undir ámæli. En Alþ. á þó ekki hér nema hluta af sökinni, vitanlega þó þann þyngsta, af því að Alþ. ber að hafa nokkra forsjá fyrir þjóðinni. En ef athugaðar eru samþykktir hinna ýmsu stéttarfélaga, sem venjulega halda þing sín hér, þegar líður á árið, þær samþykktir og kröfur til löggjafarþingsins, sem svo að segja allar stéttir þjóðfélagsins samþ. og birta allt haustið og fram að veturnóttum og ef til vill lengur, þá verður ekki annað en við það kannazt, að það er greinilega mikils krafizt af því opinbera í fjárframlögum frá opinberri hálfu einmitt gegnum þessar samþykktir stéttarfélaga landsins á hverjum tíma, sem þær eru gerðar. Fer varla fram nokkurt slíkt þing, án þess að þar séu gerðar margvíslegar ályktanir, sem allar miða að því að auka á framlög af opinberri hálfu og afskipti hins opinbera af atvinnurekstri. Þegar við þess vegna hljótum að kannast við, að of mjög hafi verið gert í þessu efni, þá er rétt að líta á það, að það er ekki bara Alþ. eitt, sem hefur staðið í slíkum verkum, en hitt er vitaskuld rétt, að Alþ. þyrfti að hafa meiri gát á því, við hverju er orðið af þingsins hálfu af slíkum fjölda af kröfum, því að það þyrfti að vera meiri íhaldssemi af þingsins hálfu gagnvart hinum — mér liggur við að segja taumlausu kröfum, sem gerðar eru til Alþ. á ýmsum tímum og sendar eru til Alþ. um þessi efni.

Nú er það svo, að ég hef aðeins rætt um till. meiri hl. fjvn., en rétt er að geta þess, að minni hl. n. hefur líka lagt fram sínar brtt., og nú sé ég, að útbýtt er nál. frá þeim nm., sem að þeim standa. Ég sé það, að minni hl. hefur ekki getað sætt sig við þær hækkanir, sem meiri hl. hefur lagt til, og vill ganga lengra í þeim efnum, bæði auka framlög ríkisins og um leið hækka þá tekjuáætlun, sem hér er lögð til grundvallar. Ég hef nú ekki getað ýtarlega kynnt mér þetta nál., ég hef ekki séð það, fyrr en ég hafði hafið mál mitt í þetta sinn, en

höfuðstefna þess er sú, sem ég hef nú lýst, þ. e. hækkun á útgjöldum og hækkun á áætluðum tekjum. Um áætlun teknanna er það annars að segja, að meiri hl. hefur ekki gert neinar breyt. við það, sem lagt var til í frv. eins og það kom frá stj. Og skil ég það þannig, að meiri hl. sé mér samdóma um það, að það muni ekki hyggilegt að hækka tekjuáætlun, svo að nokkru nemi. En minni hl. virðist vera á annarri skoðun. Ég get sagt út af þessu um samning þessa frv., að þá tel ég að áætlun teknanna sé að óbreyttu ástandi mjög bjartsýn. Mætti kannske segja of bjartsýn. Ef við tökum t. d. verðtollinn, sem gaf s. l. ár 72 millj. kr. að vísu á þann veg, þrátt fyrir það að verðtollshækkunin missti af ¼ hluta ársins, en vel að merkja af innflutningi, sem nam 428 millj. Ef við berum saman þessa aðstöðu, sem þá var með þeim geipilega innflutningi, og það, sem nú er áætlað, þá er fyllilega í lagi að áætla hann, eins og gert er í frv., 60 millj. Ég er satt að segja hræddur um, að það sé of hátt. Ég er hræddari um það í dag en ég var, þegar þessi áætlun var samin að mestu, vegna þess að innflutningur gengur svo mjög saman, og það er óskyggilegt, þegar litið er á það frá sjónarmiði ríkiskassans, sem á svona mikið undir innflutningi komið. Þannig gengur hann svo mikið saman nú, að það er beinlínis mesta áhyggjuefni, hvað þennan tekjulið snertir. Tveir fyrstu mánuðir ársins gáfu svo lága tolla í þessum efnum, bæði vörumagnstoll og verðtoll, að ef leggja á það til grundvallar fyrir allt árið, þá er það sýnt, að áætlunin stenzt hvergi nærri. Þó er hér till. frá minni hl. fjvn. um að áætla verðtoll 70 millj. eða sem næst því, sem hann nam að öllu leyti s. l. ár, og álít ég það á engan hátt vera forsvaranlegt. Aðrir liðir tekjuáætlunarinnar eru meðfarnir á svipaðan hátt. Ég get í einu orði sagt, að við sigldum þar að okkar hyggju mjög nærri vindi og beittum eins hátt og við töldum á nokkurn hátt þorandi. Veit ég ekki, hversu fer um framkvæmdir á þeirri innflutningsáætlun, sem fjárhagsráð hefur gefið út. Hún er að vísu nokkuð há. Það er eins og vörukaup samkvæmt þeirri áætlun séu ákaflega seinvirk, og það hefnir sín. Vitanlega er það slæmt, að það þurfi að ganga svo seint, að innflutningur fáist leyfður, eins og raun ber vitni um. Sérstaklega finnst mér það æskilegt, hvað við kemur þeim löndum, sem við skiptum við með jafnvirði eða sem kallað er „clearing“. Það er dálítið annað gagnvart þeim löndum, sem borga í reiðum peningum, sérstaklega dollurum, því að dollaraskortur er mikill. Um hin löndin, t. d. Holland og Tékkóslóvakíu, sem við höfum skipt við og selja okkur í jafnvirði, er sá seinagangur óskiljanlegur, sem er á því, að menn fái þennan innflutning, sem gerir það hvort tveggja að bæta úr þörf fólksins og gefa ríkissjóði tekjur. Ég ætla að vona, að þetta fari nú samt ekki svo, að það verði til stórtjóns fyrir ríkissjóðs, en það, sem af er árinu, eru tekjur fyrir innflutning óskyggilega lágar. Ég vil líka við þetta tækifæri benda á eitt atriði, sem ég leyfi mér að benda fjárhagsráði á sérstaklega, og það er það, að þrátt fyrir allar áætlanir, sem gerðar eru í þessum efnum, þá er algerlega víst, að framkvæmd slíkra áætlana hlýtur að verða háð þróun atvinnulífsins í ár og að höfuðsjónarmið gagnvart innflutningi hljóta að stjórnast af hagsmunum útflytjenda í landinu eða hagnaði af útflutningi. Þetta atriði hef ég leyft mér að undirstrika skriflega gagnvart fjárhagsráði, vegna þess að fjárhagsráð bað um álit stjórnarinnar um sína áætlun, og taldi ég rétt með hagsmuni ríkissjóðs fyrir augum, að það væri háð útflutningsverzluninni, ég einmitt undirstrika þetta atriði af því, að þótt ég beri mikla virðingu fyrir öllum áætlunum, þá álít ég, að það megi ekki rígbinda sig svo við slíkar áætlanir, að ekki megi neinu til víkja, ef útflutningur landsins krefst þess. Við skulum hugsa okkur, að slíkar áætlanir, sem gerðar eru svona snemma á árinu, séu þannig t. d., að frá einhverju landi sé lagt til eða fyrirhugað að kaupa tiltölulega lítið af vörum, en frá öðrum tiltölulega mikið. Ef svo þetta snýst þannig, að það land, sem við hugðumst geta lítið keypt af, vill kaupa meira en fyrir fram var búizt við, en hitt landið, sem við aftur á móti settum stærri vonir til, bregzt að einhverju leyti, þá gefur það auga leið, að við verðum að laga þessa hluti eftir kröfum á hverjum tíma. Við verðum líka, í hvaða stöðu sem við erum í þessu þjóðfélagi og hvaða starf, sem við höfum með höndum, að gera það alltaf meðvitandi eða í fullri vitund, að það er ekki hægt og getur ekki farið saman að gera stórar og miklar og margvíslegar kröfur til framlags frá ríkissjóði í einu og öðru skyni, jafnvel sívaxandi kröfur frá ári til árs, en gera um leið ráð fyrir því, að tekjur okkar geti eða verði af einhverjum ástæðum að stórminnka.

Nú er það augljóst, að eins og nú er komið innflutningsmálunum, hljóta tekjur landsins á þessu ári að stórminnka, og það rökrétta af slíkum augljósum staðreyndum, sem ég hygg að verði, væri þá sú ályktun, að niður væru færðar kröfurnar til útgjalda úr ríkissjóði. Nú vitum við allir, hve örðugt það er að koma því í framkvæmd, bæði vegna starfsmannaliðs ríkisstofnana, skóla og spítala og vegna hins, að til verklegra framkvæmda ólögbundinna er allt af krafizt mikils fjár, og þykir ekki við eiga, að það sé um of skorið við nögl. Þótt menn viðurkenni það, að þetta þyrfti að vera hóflegra, þá eru samt sem áður örðugleikar á að koma því í framkvæmd. M. ö. o., það þarf að breyta mörgum lögum til að lækka að verulegu leyti þá útgjaldaliði, sem eiga stoð í lögum. Mér þykir nú líklegt, þótt hér séu frammi till. um enn þá hærri útgjöld á þessu fjárlfrv. en þau, sem meiri hl. fjvn. hefur lagt fram, þá muni nú þjóðinni þykja nóg um fjárlfrv., sem yrði samþ. á þann veg, sem meiri hl. leggur til og ég hef áður lýst, hvað snertir það vafasama útlit, sem er hvað tekjur snertir í ýmsum atriðum. Þó er ég þess fullviss fyrir mitt leyti, að á þann veg væri útgjöldunum stillt svo langt til hækkunar, að ég tel ekki, að lengra væri æskilegt að ganga.

Nú er þess að geta, þegar minnzt er á ríkisrekstur og útgjöld í sambandi við það, þá eru

í 22. gr. ákvæði um ýmislegt, sem ríkisstj. megi láta byggja, og mun oft verða erfitt að komast hjá því, þegar slíkt er lögfest, þótt það sé ekki nema heimild. Á hinn bóginn vil ég samt sem áður benda á, að eins og fjárráð ríkissjóðs eru nú, þá tel ég, að það hljóti að geta komið til mála og það ef til vill fyrr en varir, að fjmrn. verði að neyðast til að hagnýta sér heimild þá, sem gert er ráð fyrir, til að fresta framlögum til ýmissa framkvæmda, jafnvel þeirra, sem fastákveðin eru í þessu frv., — ég segi neyðast til, vegna þess að við vitum, að hér er ekki við lambið að leika sér. Skuldbindingar ríkissjóðs eru háar og miklar þann dag í dag og því miður útgjöldin aðkallandi. Þess vegna er ekki annað en neyð, sem getur komið í veg fyrir, að þær séu uppfylltar, svo sem fyrirhugað er. En þetta ástand getur vel orðið á vegi okkar á þessu ári sökum þess, hvað þungar eru orðnar byrðarnar á ríkissjóði af fjárframlögum. Ég skal að þessu sinni ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég er við því búinn að þurfa að tala síðar í þessu máli, kannske ekki fyrr en við 3. umr. En ég hef ekki enn þá haft tækifæri til þess að kynna mér röksemdir hv. minni hl. fjvn., þar sem þær voru lagðar hér á borðið um það bil, er ég hóf ræðu mína. Ég tel því rétt við framhaldsmeðferð þessa máls að víkja að þeim og þá, ef svo ber undir, að öðru því, sem ástæða er til að gera að umræðuefni. En að lokum vildi ég segja það, að ég vil leggja með því, að brtt. hv. meiri hl. séu teknar til greina við atkvgr., en treysti mér því miður ekki til þess að leggja öðruvísi en á móti brtt. hv. minni hl. og brtt. frá hv. alþm. öðrum, ekki vegna þess að ég telji, að engar af till. gætu átt rétt á sér undir öðrum kringumstæðum, heldur vegna þess, að ég tel getu ríkissjóðs ofvaxið að ganga feti framar en hv. meiri hl. leggur til.

Forseti (JPálm): Útbýtt hefur verið á fundinum brtt. á þskj. 480 og 484. Mun ég leita afbrigða vegna þeirra, þar sem þær eru of seint fram bornar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að rekja málið í heild, en vildi aðeins drepa á einstök atriði. Ég vildi biðja hv. n. að athuga, að það mun vera prentvilla á bls. 4 í brtt. hennar, þar stendur Vallanesvegur. Það mun eiga að vera Vattarnesvegur. Þá vildi ég minnast á þá till. n. um að lækka framlagið til íþróttasjóðs. Undanfarin tvö ár hefur sjóðurinn notið einnar millj. kr. framlags árlega, en á frv. nú er gert ráð fyrir að lækka það niður í 700000 kr., eða um 30%, og er þessi lækkun svo mikil, að mér finnst ekki gerlegt að klípa meira af þessu, og hygg ég, að svo muni vera afstaða ríkisstj. í heild. Þetta vildi ég biðja n. að athuga, og hvort hún vildi ekki taka þessa brtt. aftur til 3. umr., ef samkomulag gæti náðst um þetta. Þá vil ég benda á, að það mun vera misskilningur, að samkomulag hafi orðið um það milli n. og ríkisstj. að lækka framlagið til byggingar Þjóðminjasafnsins um eina milljón eða niður í 500 þús. kr., heldur féllst ríkisstj. á að lækka það um 500 þús. kr., niður í eina milljón.

Í 15. gr. eru tvö atriði, sem ég vildi minnast á. Brtt. n. nr. 33 er þess efnis, að í stað þess að veita 60 þús. kr. til lesstofa verði sú upphæð veitt til bókasafna. Fjmrh. tók þennan lið inn á frv. eftir ósk menntmrn., og var hugmyndin sú að verja fénu til þess að stuðla að því að koma upp lesstofum fyrir sjómenn í verstöðvum. Þess vegna er orðið „lesstofa“ notað. Þótt upphæðin sé ekki mikil, þá mætti þetta þó verða til að bæta nokkuð úr því ófremdarástandi, sem ríkir í verbúðunum, þar sem menn eru langdvölum án þess að eiga þess kost að geta stundað bóklestur. Nú hefur n. viljað breyta þessu þannig, að styrkurinn renni til bókasafna, og er þá ekki hægt að nota hann til þess, sem upphaflega var ætlazt til, og vildi ég biðja n. að athuga, hvort hún haldi fast við þetta og hvort ekki muni hægt að ná samkomulagi við hana um að breyta þessu, svo að upphæðin renni til þess, sem ætlað var. Þá er það brtt. varðandi leikskóla Lárusar Pálssonar, að liðurinn orðist svo: „Til leikskóla samkvæmt úthlutun menntamálaráðherra“, og sagði hv. form. n., að þetta væri svo í brtt. n. vegna einnar nýrrar umsóknar um styrk til leikskóla, og vill n. láta ráðherra skipta upphæðinni. Ég vil því lýsa því yfir, að ef þessi brtt. verður samþ., þá skoða ég það sem það sé till. um, að þeir sömu skólar og áður fái styrk, en aðrir ekki. Ef n. vill styðja það, að fleiri skólar fái styrk, þá verður það að koma skýrt fram í frv., og ef hún vill lækka framlagið til þeirra, sem áður hafa notið styrks, með því að veita nokkuð af upphæðinni til nýrra skóla, þá þarf það og að koma skýrt fram. Annars mun ég skoða þessa brtt. eins og ég hef lýst og mun haga mér samkvæmt því, ef hún verður samþ. Sé ég svo ekki ástæðu til að taka fleira fram varðandi till. n. og skal ekki tefja tímann, en vil taka undir orð hv. form. fjvn. varðandi skólabyggingar, að það er mikið vandaverk að stýra úthlutun á því fé, sem til þeirra er ætlað, þegar svo mikið er um skólabyggingar sem raun ber vitni. Þetta er í raun og veru ekki lág fjárveiting í heild sinni, en miðað við þörfina og það, hve mikið er færzt í fang með skólabyggingar, þá er þetta æði lítið, en ég mun ekki gera tilraun til að rjúfa gert samkomulag um þetta atriði og skal reyna að komast af með þetta. Þá bið ég að lokum n. að athuga eitt atriði til 3. umr. Það er þannig, að hér bænum er félagsskapur enskumælandi manna, Anglia, og hefur félagið fengið þá hugmynd að bjóða hingað enskum háskólaprófessorum til þess að þeir gætu kynnzt landi og þjóð. Ég tel þetta mjög aðlaðandi hugmynd, sem gæti haft mikla þýðingu sem landkynning, en félagið hefur tjáð mér, að það sé reiðubúið til að standa straum af ferðum hinna ensku prófessora hér svo og uppihaldi, en telur sig ekki geta greitt allan kostnað af förinni. Legg ég því til við hv. fjvn., að hún geri það að till. sinni, að lagðar verði fram 10—12 þús. kr. í þessu skyni, því að þetta er einhver sú bezta landkynning, sem ég get hugsað mér.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það mun vera frekar sjaldgæft, að fjárlög séu ekki afgreidd fyrr en liðinn er ¼ hluti þess árs, sem þau eiga að gilda fyrir. Þetta var svo að vísu s. l. ár, en stafaði af því, að frá því í október og þar til í febrúar sat aðeins „fungerandi" stjórn í landinu. Hins vegar er því ekki til að dreifa um núv. ríkisstjórn, sem tók við 4. febr. í fyrra og hafði því nægan tíma til að undirbúa fjárlög. Þegar mánuður var liðinn af þessu þingi, kom svo fjárlagafrv., sem svo brátt var lagt á hilluna, að sögn vegna dýrtíðarlaganna, og var þá samið nýtt frv. og fjvn. kölluð saman 6. jan. til þess að vinna að undirbúningi frv., sem leggja átti fyrir strax eftir jólaleyfi þingmanna, eða 20. jan. s. l. En það kom ljós, þegar n. kom saman, að lítið var fyrir hana að gera, því að ófengið var samkomulag innan ríkisstj. um svo þýðingarmikil atriði, að n. sá sig knúða til að bíða eftir því. Þannig stóðu svo málin þangað til um síðustu mánaðamót, og þá voru vinnubrögðin þannig, að frv. var afgr. í n. á þrem sólarhringum, og vil ég segja, að þetta sé eindæma flaustursleg afgreiðsla. Þetta tel ég rétt, að komi fram, án þess að ég með því sé að ásaka meiri hl. n. eða form. hennar, því að nauðsynlegt þótti að taka tillit til vilja ríkisstj., en það, hve lengi stóð á, að samkomulag fengist innan hennar, olli því, að viðhöfð voru þessi óforsvaranlegu vinnubrögð. Þessi stjórn hefur nú setið rúmt ár, en fyrrv. stjórn sat rúmlega tvö ár. Sú stjórn fékk harðar árásir frá báv. stjórnarandstöðu, sem aðallega voru byggðar á því, að stjórninni var kennt um, að hún sóaði gálauslega fé ríkissjóðs og að hún væri fjandsamleg einum þætti atvinnulífsins, landbúnaðinum. Við stjórnarskiptin kom svo stjórnarandstöðuflokkurinn í stjórn, og hefði þá mátt búast við stefnubreytingu, en til þess að átta sig á því, hvort stefnubreyting hafi orðið, þá er rétt að bera saman fjárlög þriggja síðustu ára, því að í fjárl. á hverjum tíma er fólgin stefna stjórnarinnar í þjóðmálunum í heild. Til þess að gera þetta ljóst bendi ég á nokkrar staðreyndir úr fjárl. þriggja síðustu ára, og sé ég ekki betur en að nokkur stefnubreyting hafi orðið, þótt hún hafi ekki orðið á þann veg, sem búast mátti við eftir árásum fyrrv. stjórnarandstöðu. Stefnubreytingin hefur orðið í þveröfuga átt. Ég leyfi mér að benda á, að verklegar framkvæmdir og framlög hins opinbera til þeirra er höfuðatriðið, er snertir atvinnulíf þjóðarinnar, svo að venjulega eru það hörðustu deilumálin. En hvernig hafa framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda verið þrjú s. l. ár? Það er þannig varðandi vegamál, að árið 1946 var varið 7 millj. kr. í nýja vegi, árið 1947 6.5 millj., en á fjárlagafrv. ríkisstj. 1948 er þessi upphæð áætluð 3 millj. kr. Hér er því um stefnubreytingu að ræða að spara fé til þessara hluta. Þetta var þó lagfært þannig í n., að meiri hl. leggur til að hækka þetta upp í 6.8 millj. og styður minni hl. þá till., og ég tek það fram, að ég tel víst, að það hafa ekki sízt verið þessi og því lík atriði, sem hafa valdið því, hve lengi dróst að ná samkomulagi milli ríkisstj. og meiri hl. n. Um fjárveitingar til brúa er það að segja, að árið 1946 var upphæðin 2.4 millj., árið 1947 2.8 millj., en árið 1948 1.6 millj. eins og frv. var lagt fyrir, og er þetta svo mikil lækkun, að fullkomin stefnubreyting má kallast, en þetta var einnig leiðrétt í n. Hvað snertir þriðja aðallið verklegra framkvæmda, sem er hafnargerðir og lendingabætur, þá er framlagið 4 millj. og 400 þús. árið 1946, 6 millj. og 336 þús. árið 1947, en árið 1948 er þessi upphæð komin ofan í 3 millj. á fjárlagafrv. ríkisstj. Hér er því enn um stefnubreytingu að ræða, en eins og hinir liðirnir hefur þetta verið lagfært í meðförum n. að nokkru, þannig að meiri hl. n. leggur til, að ég hygg með samþykki ríkisstj., að hækka framlagið upp í 5 millj., en á þetta gátum við í minni hl. ekki fallizt, að upphæðin yrði lægri en á fjárl. síðasta árs, því að öllum er kunnug hin mikla nauðsyn þess að fá fleiri og betri hafnir, þegar skipafloti landsmanna hefur aukizt svo gífurlega sem raun ber vitni. Viðvíkjandi 4. liðnum, sem eru skólabyggingar, þá var það þannig 1946, að til nýrra skóla, barnaskóla, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla, því að þá voru nýju skólalögin ekki gengin í gildi, þá var varið til þessara skólabygginga 4.2 millj. kr., árið 1947 eftir gildistöku nýju skólalaganna var upphæðin 9.3 millj., en er nú snarlega lækkað niður í 5.8 millj., og hefur hæstv. menntmrh. lýst yfir, að hann fallist á þetta, þótt hann teldi það nokkuð lítið. Hvað barnaskólana eina snertir, þá er nú verið að byggja 21 barnaskólahús, og samkvæmt áætlun fræðslumálastjóra um nauðsynleg framlög til þessara bygginga, þá telur hann þurfa rúmlega 7 millj. kr., og sér þá hver maður, hvað 5.8 millj. segja sem framlag til allra skólabygginga í landinu. Því höfum við í minni hl. borið fram brtt. um þennan lið, og mun ég gera grein fyrir henni síðar. Ég veit, að það verður sagt sem rök á móti því að hækka þennan lið, að ekki sé til fé, og er það í samræmi við þau ummæli, sem oft heyrast hér í hv. Alþingi og annars staðar um, að Alþingi hafi verið ógætið við afgreiðslu margra kostnaðarsamra laga. Ég hygg þó, að fáir þm. vilji benda á einhver sérstök lög, sem átt hefðu að vera út undan, að minnsta kosti held ég, að erfitt mundi að fá samkomulag um að fella nokkur þeirra úr gildi, en viðvíkjandi því, að fjármagn sé ekki fyrir hendi, þá liggur það ljóst fyrir, að fé virðist ekki skorta til að hækka liði svo sem rekstrarkostnað ríkisins og utanríkisþjónustuna og fleira þess háttar. Til þess að gera þetta ljóst geri ég samanburð á 10. gr., er snertir rekstrargjöld ríkisins og gjöld til stjórnar utanríkismálanna. 1946 er fjárveitingin 3 millj. 699 þús., 1947 4 millj. og 302 þús., en nú er upphæðin komin upp í 5 millj. og 22 þús. Með öðrum orðum, þessi þáttur hefur nú verið áætlaður 720 þús. kr. hærri en 1947 og hvorki meira né minna en 1 millj. og 323 þús. kr. hærri en árið 1946. Hér er því einnig stefnubreyting, en ekki til sparnaðar eins og varðandi verklegar framkvæmdir, heldur þvert á móti, og þykir mér raunar einkennilegt, að sömu mennirnir sem réðust á fyrrv. stjórn og

ásökuðu hana um eyðslusemi, skuli taka þetta gott og gilt. Á 11. gr., sem er um dómgæzlu, lögreglustjórn, opinbert eftirlit, innheimtu tolla og skatta o. s. frv., er hækkunin ekki minni, og lítur samanburður þriggja síðustu ára svo út: Árið 1946 var kostnaðurinn 12 millj. og 616 þús., 1947 14 milljónir 224 þús., en er nú áætlaður 17 milljónir og 3 þús. kr. Það hefur því gerzt á tveim árum, að þessir liðir hafa hækkað talsvert á 5. milljón kr., eða um 2 millj. 779 þús. frá 1947 og um hvorki meira né minna en 4 millj. og 387 þús. kr. frá 1946. Hér er því um verulega stefnubreytingu að ræða, en þveröfuga við það að skera niður framlög til verklegra framkvæmda, og þetta er eitt aðalatriðið, sem olli því, að samkomulag gat ekki fengizt í fjvn. Og á sama tíma og skorið er verulega niður framlag til verklegra framkvæmda, hækka rekstrarútgjöld ríkissjóðs að sama skapi. Síðan eftirlit var hafið með viðskiptum landsmanna og verðlagi, hafa verið áætlaðar 2 millj. kr. til rekstrar skömmmtunarskrifstofu ríkisins. Svo hefur það verið venjan, að þessar kostnaðaráætlanir hafa farið helming fram úr áætlun, og má reikna með, að kostnaður við þessar viðskiptastofnanir fari upp í 4 millj. kr., þegar öll kurl koma til grafar.

Hv. frsm. meiri hl. taldi, að margt hefði verið áætlað of lágt af n. í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. spari. Ég er nú ekki trúaður á það. Í sambandi við þetta get ég ekki stillt mig um að lofa hv. þm. að heyra nokkur orð úr bæklingi um þetta, sem gefinn var út af stjórnarandstöðu fyrrv. ríkisstj., þar sem er talið, að eyðslan hafi verið mest á árinu 1946, og síðan kemur kafli, sem heitir: Í hverju er óstjórnin fólgin? Þar segir svo:

„Rekstrarkostnaður þjóðarbúsins eykst hröðum skrefum. Laun stórhækka. Störfum er fjölgað með ýmsum hætti, bæði utan lands og innan. Alls stofnaði fyrrv. stjórn um 50 nefndir með nær 200 mönnum. (Sbr. Til minnis við kjörborðið 1946, bls. 63). Á síðasta ári hefur ríkið heimt kr. 1520 af hverjum landsmanni, að börnum og gamalmennum meðtöldum. Ríflegustu tekjustofnarnir eru ótraustir. Þeir eru tekjur af verzluninni, sem hafa verið gífurlegar, meðan verið var að eyða gjaldeyrinum, og taumlausri áfengissölu. Nam gróðinn af henni einni á síðasta ári kr. 38.3 millj.

Meðan Framsfl. fór með fjármálin (1935—'39) átti stjórnarandstaðan — Sjálfstfl. — aldrei nógsamlega sterk orð til að hrakyrða þáv. fjmrh. — Eystein Jónsson — fyrir það, að 9—10% af tekjum ríkissjóðs á þeim árum var af áfengissölu, og í kosningum var það oft aðalárásarefnið. Sjálfir hafa þeir nú tvöfaldað þetta, eins og eftirfarandi skýrsla sannar."

Ég tek gjarnan fram, að í tíð fyrrv. ríkisstj. hefur orðið nokkur vöxtur á útgjöldum ríkissjóðs, en útgjöldin hafa vaxið mikið síðan og vaxa nú hraðari skrefum en nokkru sinni fyrr. Ég skal nú koma að brtt., sem við í minni hl. flytjum við frv. og prentaðar eru á þskj. 467.

Fyrsta brtt. okkar fjallar um það, að við leggjum til að tekju- og eignarskattur verði áætlaður 43 millj. kr. í stað 40 millj. kr. Í sambandi við þetta má geta þess, að tekjuskatturinn 1948 er lagður á tekjur ársins 1947, en tekjuskattur ársins 1947 á tekjur 1946. Tekjur manna á árinu 1947 hafa reynzt fullt eins miklar og á árinu 1946, og er því ástæða til þess að ætla, að þessi hækkun geti staðizt. Þá er 2. brtt. um, að áætlaður vörumagnstollur verði hækkaður úr 18 millj. kr. í 20 millj. kr., eins og meiri hl. fjvn. leggur til, að hann sé áætlaður. Þessi tollur nam á tímabilinu jan.—des. 1947 23.5 millj., og teljum við því réttmætt að áætla þennan tekjustofn 20 millj. kr.

Þriðja brtt. fjallar um áætlaðan verðtoll. Meiri hl. n. áætlar hann 60 millj. kr., en s. l. ár nam hann 72.25 millj. Kom þó tollahækkun sú, sem gerð var á síðasta þingi, ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð var komið fram á árið og var því allmikið af þeim vörum, sem til landsins fluttust, miklu lægra tollað en nú. Má telja nokkurn veginn víst, að þessi tekjustofn verði að minnsta kosti 70 millj. og að öllum líkindum hærri.

Þá leggjum við enn fremur til, að áætlaðar tekjur af rekstri tóbakseinkasölu ríkisins verði hækkaðar úr 17.5 millj. samkv. frv. í 19.5 millj. kr. S. l. ár námu tekjur tóbakseinkasölunnar 20 millj. kr., og er því ekki óvarlegt að hækka þennan tekjustofn um 2 millj. kr. fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. fjvn. Samtals leggjum við því til, að tekjur ríkisins verði áætlaðar 17 millj. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir og meiri hl. n. vill halda sér við.

Þá skal ég víkja að gjöldunum. Við 12. gr. frv. leggjum við fram þá brtt., að styrkur til læknisbústaða og sjúkraskýla verði hækkaður úr kr. 800 þús. í 1 millj. kr. Það hefur verið mjög erfitt að fá unga lækna til þess að setjast að úti á landi og gegna héraðslæknisstörfum fyrir þær sakir, að engir eða mjög ófullkomnir læknisbústaðir hafa þar verið fyrir. Ber því brýna nauðsyn til að hraða byggingum slíkra bústaða og sjúkraskýla hvað mest má, og virðist vart mega gera ráð fyrir lægri upphæð til þessara framkvæmda en 1 millj. kr. á þessu ári, svo að viðunandi megi teljast.

Við 13. gr. frv. berum við fram 2 brtt. Er hin fyrri um að hækka fjárveitingu til viðhalds þjóðvegum um tvær millj., úr 9 millj. upp í 11 millj., sem áreiðanlega er það minnsta, sem þörfin krefur. S. l. ár reyndist þessi liður enn þá hærri, og vegamálastjóri telur, að óhugsandi sé að komast af með þá upphæð, sem í frv. er. Með því að áætla upphæð þessa aðeins 9 millj. er því annaðhvort að því stefnt að rýra viðhaldið og láta vegakerfi landsins, sem byggt hefur verið fyrir ærið fé, drabbast niður eða greiða verður allmikla upphæð utan allrar heimildar í fjárl., sem í alla staði verður að teljast óheilbrigt.

Síðari brtt. okkar við þessa gr. er um að hækka framlag til hafnargerða og lendingabóta úr 3.5 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 6.5 millj., sem er svipuð upphæð og s. l. ár. Fiskiskipaflotinn hefur vaxið svo hin síðari ár, að við teljum í alla staði ófært að draga úr fjárframlögum til hafnarframkvæmda. Verði till. okkar

samþ., ætlumst við til, að skipting á þessari fjárhæð verði gerð af fjvn. á milli 2. og 3. umr.

Við 14. gr. flytjum við þrjár brtt. Er hin fyrsta um að hækka styrk til nýrra barnaskólabygginga úr 3 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 4.5 millj. Samkvæmt skýrslu fræðslumálastjóra eru nú í smíðum 27 barnaskólabyggingar, og þyrfti framlag ríkissjóðs til þeirra að verða rúmar 7 millj. á þessu ári. Auk þess telur fræðslumálastjóri óhjákvæmilegt að hefja byggingu nokkurra nýrra skólahúsa. Við flytjum því þessa brtt. um hækkun á þessum lið.

Til gagnfræða- og héraðsskóla eru ætlaðar á frv. 2 millj. kr., og vill meiri hl. n. halda þeirri upphæð. Á síðustu fjárlögum var þessi upphæð 4.25 millj. kr. Við teljum þessa lækkun alveg óeðlilega og leggjum til, að þessi upphæð verði svipuð og 1947.

Þá leggjum við enn fremur til, að framlög til íþróttasjóðs verði 1 millj. kr. eins og á síðustu fjárlögum í stað 700 þús. kr., sem er í frv. Meiri hl. mun hins vegar leggja til, að þessi upphæð verði lækkuð í 600 þús. kr.

Við 16. gr. frv. flytjum við fram till. um nokkrar hækkanir, og eru þessar helztar:

Til fiskimálasjóðs leggjum við til, að tekinn verði upp nýr liður, að upphæð 1 millj. kr. Samkv. l. um fiskimálasjóð eru honum ætluð mjög viðtæk verkefni, að styðja að hvers konar eflingu sjávarútvegsins, markaðsöflun o. fl., og mun sízt veita af þessari fjárhæð, ef starfsemi hans á að ná fullum tilgangi.

Til nýrra raforkuframkvæmda leggjum við til, að veittar verði 4 millj. kr. og skuli helming þeirrar upphæðar varið til lána til dieselstöðva utan þess svæðis, sem rafveitur ríkisins ná yfir. Enn sem komið er hefur fé það, sem ríkið hefur lagt fram til raforkuframkvæmda, eingöngu farið í það að byggja ákveðnar veitur, sem verða til mjög mikilla hagsbóta fyrir íbúa þeirra héraða, sem þeirra njóta. Hins vegar eru mörg önnur héruð, sérstaklega ýmsir bæir og þorp á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem eru að byggja dieselrafstöðvar af eigin rammleik án nokkurrar aðstoðar af hálfu hins opinbera nema ríkisábyrgðar. Þessum aðilum teljum við sjálfsagt að hjálpa með lánum.

Þá leggjum við til, að við 16. gr. verði tekinn upp nýr liður til bygginga á Hafursá, 50 þús. kr. Á Hafursá er gert ráð fyrir, að rekin verði tilraunastarfsemi á sviði landbúnaðarins, en þar vantar tilfinnanlega aukið fé til þess að bæta úr útihúsum, sem eru mjög léleg. Einnig leggjum við til, að framlag til vélasjóðs verði hækkað um 200 þús. kr., en þess er brýn nauðsyn, að vélakostur við landbúnaðarstörf verði aukinn sem mest má.

Við 17. gr. flytjum við þá brtt., að framlag til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946 verði 1 millj. kr. í stað 400 þús. kr., sem frv. gerir ráð fyrir. Áður en ég tala um sjálfa till., vil ég rekja að nokkru gang þessara mála frá árinu 1936 og til þessa dags. Árið 1936 höfðu verið samþ. l. hér á Alþ. um nýbyggðir og samvinnubyggðir. Þar var gert ráð fyrir heimild til þess að stofna til byggðahverfa og til þess ætlað fé á fjárlögum þetta sama ár. En þetta urðu aldrei annað en pappírslög, og það var aldrei ákveðið, hve mikið fé skyldi veitt. Árið 1941 ætlaði svo Alþ. að sinna málinu að nokkru, og voru þá samþ. l. um landnám ríkisins. En það voru aðeins heimildarlög án fjárveitingar. Árið 1946 voru svo loks samþ. l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og var þá í fyrsta sinn gengið inn á það á Alþ. að veita ákveðna upphæð á fjárlögum til þessa, — til þess að byggja þessi l. á föstum grundvelli. Um þetta segir í fyrrnefndum bæklingi á bls. 36, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt mál gat Framsfl. barið í gegn: frv. um ræktunar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum landsins. Og í lögunum um landnám og nýbyggðir er tekið tillit til frv. flokksins um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, og raunar byggt á eldri löggjöf, sem Framsfl. setti á sínum tíma.“

En er l. hafa nú staðið í eitt ár og rétt nýbyrjað að framkvæma þau, þá á nú að fara að draga úr fjárveitingum þeim, sem ætlaðar eru samkv. gildandi l., og nú á að afnema ⅝ hluta þess fjár, sem ætlað var til þessa. Og þegar nú einu sinni er gengið inn á svona meðferð — slíkar lækkanir, — þá má búast við, að haldið verði áfram á sömu braut. Yfirstjórn þessara mála, nýbýlastjórn, var kosin 1947 og hefst handa haustið 1947. En þá kemur í ljós, að framlag til þessara framkvæmda fæst ekki nema að ⅝ hlutum miðað við það, sem áður var ákveðið. Það er því þegar verið að miða að því að gera þessi l. að pappírslögum sem hin fyrri. Annars er þetta fjárframlag samkv. l., og er vart hægt að fella það niður nema með lagabreytingu. Það hefur nokkuð verið rætt hér á meðal þm., að von væri á slíkum frv. frá hæstv. ríkisstj., að fresta framgangi ýmissa mála. Slík frv. hafa verið nefnd „bandormar“. Ef nú er von á einum slíkum „bandormi“ í sambandi við frestun á framkvæmd þessara l., þá er það nú til fullmikils ætlazt af hv. þm., að þeir samþ. slíka skerðingu sem þessa nú við 2. umr. fjárl., ef það er rétt, að ekki sé nein stoð í l. til þess. Í sambandi við þetta má minna á það, að fyrrv. stjórnarandstöðuflokkur, Framsfl., deildi mjög hart á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, að hún sinnti ekki nóg þörfum landbúnaðarins. Má minna á, að þessi flokkur telur ekki færri en 11 lög í bæklingi þeim, sem flokkurinn kallar: Eyðslustjórn, er hann telur, að eigi þátt í hinni miklu eyðslu. Ein þessara l. eru l. um nýbyggðir og landnám. Mætti nú ætla, að hv. Framsfl. láti þetta mál að nokkru til sín taka. En nú er það eitt atriði í till. meiri hl. að fella þetta niður í samræmi við vilja stj.

Þá höfum við flutt till. um, að við 16. gr. komi nýr liður: til fiskimálasjóðs 1 millj. kr. Eins og kunnugt er, hefur fiskimálasjóður geysilega víðtæk verkefni, en skortir fjármagn. Fyrir fjvn. lá bréf frá hlutaðeigandi aðilum um fjárframlag.

Þá er brtt. við 16. gr. varðandi raforkuframkvæmdir, þess efnis, að til nýrra raforkuframkvæmda sé varið 4 millj. kr., þar af 2 millj. kr. lán til dieselrafstöðva yfir 100 hö., sem byggð-

ar eru utan þess svæðis, sem rafveitur ríkisins ná yfir. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að búið er að leggja mikið fé fram til raforkuframkvæmda, eins og líka hv. frsm. meiri hl. benti á, en það er bundið við takmörkuð svæði, og önnur svæði á Austurlandi og Vesturlandi hafa orðið út undan með aðstoð. Þar eru fjöldamargir staðir, er brjótast í að byggja sér dieselrafstöðvar, er samþ. eru af raforkumálastjóra, en þeir fá engan stuðning frá því opinbera og verða að afla sér lánsfjár sjálfir með háum vöxtum. Það er því ekki of mikið að áætla 2 millj. kr. með skaplegum vöxtum í þessu skyni.

Þá er brtt. við 17. gr. um að hækka framlagið til íbúðarhúsabygginga úr 400000 í 1 millj. kr. Enn hefur ekki tekizt að útrýma heilsuspillandi íbúðum, og nægir ekki að áætla minna en 1 millj. kr., ef l., er sett voru um þessi mál, eiga að ná tilgangi sínum.

Þá er loks till. um það, að til byggingar sjómannaskóla í Reykjavík verði veitt 1 millj. kr. Húsið er nú langt komið, og full ástæða er til að ljúka við það, en það mun fullnægja þörfinni í þessum efnum um langan aldur.

Ég hef þá lokið við að geta þeirra brtt., sem minni hl. flytur. Ég vil taka það fram, að aðalágreiningurinn var ekki sá, að við værum ósammála öllum brtt. meiri hl. n. Við munum greiða allmörgum þeirra atkv., þótt við séum á móti sumum. Ástæðan til þess, að ekki gat orðið samkomulag um sameiginlegt nál., er sú stefnubreyting, er kemur fram í frv., frá því sem áður var. Framlög til verklegra framkvæmda eru lækkuð, jafnframt því sem útgjöldin hækka í rekstrarkerfi ríkisins, eins og ég hef sýnt fram á. Ég mun svo ekki orðlengja þetta frekar nú, en tek ef til vill til máls síðar, ef tilefni gefst til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. og er rétt, að mörg undanfarin ár hafa allar tölur fjárl. hækkað, sérstaklega framlögin til verklegra framkvæmda. Það mátti búast við því, að svo héldi ekki áfram. Nú er svo komið, að framlögin til verklegra framkvæmda eru nokkru lægri en í fjárl. 1947. Ég skal strax taka það fram, að ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt stefna, að hvenær sem atvinnulífið þarf mjög á vinnuafli að halda, þá verði atvinnuvegirnir að fá vinnuaflið í sína þjónustu. Með þessu viðurkenni ég, að það sé rétt stefna og ekkert við því að segja, þótt hið opinbera dragi úr kröfum sínum til vinnuafls, er atvinnulífinu vegnar vel. Ég skal því ekki áfellast fjvn., þótt upphæðin til verklegra framkvæmda sé lægri nú en verið hefur. Ég tel, að atvinnulífinu sé þannig háttað nú, að atvinnuvegirnir hafi fulla þörf á vinnuaflinu. Það er því ekki rétt, að hið opinbera sé í samkeppni um vinnuaflið.

En það er annað atriði, sem ég er ekki eins ánægður með, og það er það, hvernig n. leggur til, að skipt sé fjárupphæðinni til verklegra framkvæmda. Ég held, að þegar n. tekur að sér þann vanda að skipta, verði hún að gera sér far um að vanda skiptinguna og gæta fyllsta réttlætis. Ég hefði talið, að ef draga á úr framlögum til vegamála, þá bæri fyrst og fremst að athuga, hvar helzt er réttlætanlegt að draga úr, t. d. hvort það skuli gert í þeim landshlutum, er snauðir eru hvað vegakerfi snertir, eða þeim, sem hafa þéttriðið akvegakerfi. Ég hefði haldið, að þetta hefði fyrst og fremst átt að gera í Sunnlendingafjórðungi, þar sem til eru akvegir til hvaða staðar, sem í hug manns kemur. Sama gildir um Borgarfjörð. Þeir ættu að reyna það, hv. þm. Árn. og hv. þm. Rang., að taka sér ferð á hendur um Vestfirði eða Austfirði og sjá, hvort eitthvað yrði ekki fyrir hjólunum, er torveldaði förina. Það væri rétt að bjóða þessum hv. þm. til Austfjarða og Vestfjarða, svo að þeir geti séð út fyrir asklok sinna eigin héraða. Þessa ályktun dreg ég tvímælalaust af fjárlögunum 1947 og 1948, og sama hefur verið langa tíð. Vegleysurnar á Vestfjörðum og Austfjörðum og þéttriðið vegakerfi í Sunnlendingafjórðungi og norðanlands eru sönnunin. Á móti framlögum til Vestfjarða, sem talin hafa verið í hundruðum þúsunda, hafa framlögin til Suðurlands og Norðurlands numið milljónum þrátt fyrir vegleysurnar á Vestfjörðum.

Ég get ekki séð annað en að það hefði mátt bíða, að vegir yrðu hækkaðir og breikkaðir í Sunnlendingafjórðungi og að meira liggi á því að leggja nýja vegi um veglaus héruð. Ég held, að enn sem fyrr séu veglausir landshlutar út undan, en hinir sólarmegin í lífinu, eins og verið hefur í áratugi. Tölurnar sanna þetta.

En það verður líka að gera þá kröfu til fjvn., er hún skiptir upphæðum til verklegra framkvæmda, að hún skipti þeim ekki bara réttlátlega milli landshluta, heldur líka á milli kjördæma. Því miður er það svo, að þar er ranglætið enn meira. Ég skal taka sem dæmi fjárveitingar til tveggja kjördæma á Vestfjörðum, Barðastrandarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, sem bæði eru veglaus. Samkv. fjárl. 1947 var Barðastrandarsýslu veitt á 6. hundrað þús. til vegamála, og núna er það einnig lagt til í brtt. n., að sýslunni sé enn ætlað á 6. hundrað þús. kr., 525 þús. kr. til tíu vega. (**HelgJ:** Ekki er þetta á Suðurlandsundirlendinu.) Það er rétt, en það er eins og sól Suðurlandsundirlendisins skíni þarna. En jafnveglaus sýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla hefur, bæði í fyrra og í ár, fengið rúmar 300 þús. kr. á móti þeim 600 þús. kr., sem Barðastrandarsýsla hefur fengið. Ég held, að það verði engum fært að sýna fram á það, að þarna hafi verið réttlátt skipt á milli þessara tveggja kjördæma, jafnvel þó að þess sé minnzt, hver er form. fjvn. Hinir nm. hefðu átt að minna hann á að fullnægja einhverju réttlæti.

Ég hef ekki lagt það til, að framlögin til vegamála í Barðastrandarsýslu verði lækkuð. Ég veit, að þeirra er full þörf. En ég get ekki unað við, að Norður-Ísafjarðarsýsla fái ekki viðurkenningu fyrir sams konar þörf. Því hef ég borið fram brtt. á þskj. 479 um, að veitt verði til Ármúlavegar 75 þús. kr. í stað 40 þús. kr., eins og fjvn. hefur lagt til. Þá hef ég farið fram á það, ásamt hv. þm. N-Ísf., að fjvn.

þóknaðist að veita 75 þús. kr. til akvegar í Ögurhreppi, en þar hefur ekki verið lagður þjóðvegarspotti frá landnámstíð. N. hefur fallizt á 25 þús. Í stað 25 þús. fer ég nú fram á það í brtt. á þskj. 479, að Ögurhreppur fái 40 þús. kr., og þykist þá stilla kröfunum í hóf. Það er því farið fram á það af minni hálfu, að hlutur Norður-Ísafjarðarsýslu hækki um 50 þús., og er sú fjárveiting mun lægri en ætlað er til Barðastrandarsýslu, jafnvel þótt báðar till. verði samþ.

Fjvn. hefur fallizt á að veita fé til einnar brúar í Norður-Ísafjarðarsýslu, Ósárbrúar í Bolungavík, og er það þakklætisvert, en til brúar á Selá í Nauteyrarhreppi, sem er vatnsmesta vatnsfall á Vestfjörðum, er ekki veittur einn eyrir. Hún skal vera óbrúuð. Á sama tíma eru tugir brúa á Suðurlandsundirlendinu, og 3 millj. kr. eru ætlaðar í hina nýju Þjórsárbrú. Auk þess hafa slæðzt með aðrar brýr á Suðurlandi, þótt ekkert sé veitt til brúa á Vestfjörðum, en milljónir til brúa á Suðurlandi, þar sem flest vatnsföll eru brúuð. Ég hef því borið fram till. um það á þskj. 479, að veittar séu 100 þús. kr. að þessu sinni til þess að koma því í framkvæmd, að Selá verði brúuð. Þá eru til 160 þús. kr. og von um, að hægt sé að byrja á verkinu á öðru eða þriðja ári hér frá.

Til Múlaár í Ísafirði fer ég fram á 25 þús. kr., svo að hægt sé að hilla undir, að áin fáist brúuð í náinni framtíð.

Það er rétt, að fjárveitingarvaldið hefur oft ekki séð annað fært en að greiða allháar upphæðir til brimbrjótsins í Bolungavík. Nú er farið fram á allháa upphæð, aðallega til að greiða skemmdir þær, sem urðu á fyrra hausti. Að miklu leyti eru þessar skemmdir að kenna mistökum hins opinbera, yfirstjórnenda verksins. Ofan á önnur skakkaföll við byggingu brimbrjótsins getur Hólshreppur ekki staðið undir þeirri háu upphæð, sem hér er um að ræða. Fjvn. hefur tekið upp í sínar brtt. nokkra upphæð til brimbrjótsins, 150 þús. kr. En þarna var þörf á miklu hærri upphæð, líklegast ekki undir 300—350 þús. kr., ef þetta ætti að greiðast upp af ríkinu. Og þá ætti að vera til nýrra framkvæmda, til þess að hreinsa innan við brimbrjótinn, svo að skipastóll Bolvíkinga gæti notað mannvirkið, 50 til 60 þús. kr. En það er bráðnauðsynleg aðgerð, sem Bolvíkingar gerðu sér vonir um, að gerð yrði á síðasta sumri, en varð ekki af, af því að dýpkunarskip kom þangað ekki fyrr en komið var fram á haust og brimasamt var orðið við brimbrjótinn. Þarna liggur því múrbrotahrönglið úr mannvirkinu í skipalegunni enn þá. Og í raun og veru er brimbrjóturinn búinn að vera í meira en ár lítt nothæft mannvirki. Með þeirri fjárveitingu, sem brimbrjótnum er ætluð eftir till. fjvn., verður ekki hægt að greiða það, sem hvílir á Hólshreppi sem skuldir vegna endurbóta á skemmdum á brimbrjótnum á síðasta hausti, heldur hvílir sú skuld framvegis á hreppnum, og ekki er þá eftir eyrir til þess að framkvæma þessa hreinsun á skipalegunni, sem er óumdeilanleg nauðsyn fyrir atvinnulíf þorpsbúa.

Við hv. þm. N-Ísf. höfum líka farið fram á, að Hnífsdalur fengi fjárveitingu að þessu sinni, sem næmi 150 þús. kr. En hv. fjvn. ætlaði Hnífsdal 50 þús. kr. Það er til áætlun hjá vitamálastjóra um lengingu á Hnífsdalsbryggju, og búizt er við, að sú aukning mannvirkisins kosti um 600 þús. kr. Ef þetta mannvirki væri unnið á tveimur árum að lengja bryggjuna, þá kæmi í hlut hreppsins 300 þús. kr. alls, 150 þús. kr. á ári. Og hér er því farið fram á 150 þús. kr. framlag til þessa mannvirkis á þessu ári frá ríkinu, sem væri helmingurinn af því, sem unnið yrði fyrir á ári, ef þessu væri skipt á tvö ár. Þessi brtt. er VIII. brtt. á þskj. 479. Þessi fjárveiting gæti orðið til þess, að hafizt yrði handa samkvæmt teikningu vitamálaskrifstofunnar og þessu verki lokið á tveimur árum. En samkv. till. frá fjvn. yrði þessu ekki lokið á minni tíma en 6 til 7 ára tímabili.

Enn höfum við hv. þm. N-Ísf. farið fram á það, að veittar yrðu til bryggjugerðar í Vatnsfirði 20 þús. kr. á fjárl. En hv. fjvn. hefur lagt til, að þetta verði 10 þús. kr. Það er vitanlega betra heldur en ekkert, en ófullnægjandi er sú fjárveiting, ef ætti að koma þessu mannvirki í Vatnsfirði það langt áleiðis, að það yrði nothæft á árinu 1948. Til þess mundi ekki duga minna en 20 þús. kr., sem við höfum borið fram beiðni um til hv. fjvn., að veittar yrðu. — Ég hef borið fram brtt. um, að þessi upphæð verði 20 þús. kr. í stað 10 þús. kr., og vildi vænta, að sú leiðrétting fengist.

Enn fremur hef ég endurtekið á þskj. 479 ósk um, að veittar yrðu sem styrkur til bryggjugerðar að Skálavík í Mjóafirði 10 þús. kr. En bóndinn þar telur sér bráðnauðsynlegt að fá bryggju þarna. Skilyrði eru þarna ágæt til þessa, og bóndinn telur sér fært að byggja bryggjuna að öðru leyti á eigin kostnað, ef hann fengi sem svaraði 10 þús. kr. styrk til mannvirkisins. En hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að mæla með einum eyri til þessa hlutar.

Á fjárlagafrv. í fyrra var sérstakur liður ferjuhafnir, XI. liður á 13. gr. Nú hefur hv. fjvn. sett ferjuhafnir undir 22. gr. fjárl., heimildargr., og er það að sjálfsögðu ekki nema formsatriði. Þó kann ég miður við þetta. Þetta heyrir í eðli sínu undir hafnarmál, enda var það svo sett á síðustu fjárl. Þar er nú ætlað 400 þús. kr. sem heildarupphæð til ferjuhafna og engin sundurliðun á því. Ég þykist vita, að ætlunin sé sú, að fjárhæðin til ferjuhafna fari til ferjumannvirkisins í Hvalfirði, og er í sjálfu sér ekkert við því að segja. En ég hafði þó gert mér vonir um, að það fengist 60 þús. kr. upphæð til ferjubryggju á Melgraseyri. Það hefur áður verið byggð ferjubryggja á Arngerðareyri í sambandi við Þorskafjarðarheiðarveginn. Nú er sýnt, að annar vegarendinn á þessum vegi verður utar á Langadalsströndinni og kemur til með að verða um langa framtíð endimark hans á Melgraseyri í sambandi við bátaferðir um Djúpið. Og ferjubryggja hefur gert mér vonir um, að það fengist 60 þús. þurfti til þess að greiða hana. Í mannvirkið var ráðizt með fullu samráði við vegamálastjóra og samgmrh. Og mannvirkið var að nokkru leyti byggt þannig, að nokkuð af efninu, sem

upphaflega hafði verið ætlað til Arngerðareyrarbryggjunnar, notaðist þarna, án þess að gengið væri á nokkurn hátt nærri hinu mannvirkinu. Steinker voru fyrirhuguð tvö í bryggjuna á Arngerðareyri. En við nánari athugun kom í ljós, að bryggja á Arngerðareyri gat verið fullkomlega nothæf með einu steinkeri. Og því var ákveðið af vegamálastjóra og hæstv. samgmrh., að annað steinkerið yrði notað í bryggjuna á Melgraseyri. — Ég legg til á þskj. 479, að tveir nýir liðir komi inn, þar sem um ferjubryggjur er að ræða, þannig að til ferjubryggju á Melgraseyri verði lagðar fram 60 þús. kr. og til ferjubryggju að Ögri 50 þús. kr. Ég legg til, að af þessum 400 þús. kr., sem ætlaðar eru samkv. till. hv. fjvn. til ferjuhafna, fari 110 þús. kr. til ferjuhafna við Ísafjarðardjúp, hvar annað mannvirkið er þegar byggt og þarf aðeins að bera greiðslur vegna þess.

Á heimildargr. hef ég lagt til, að heimilað yrði, að greiddar yrðu 12 þús. kr. Jóni bónda Magdal í Engidal í Skutulsfirði vegna margra ára sóttkvíar, sem hann varð fyrir vegna þess, að talin var hætta á taugaveikisýkingu frá heimili hans. Hv. þm. N-Ísf. bar þessa brtt. fram á síðasta þingi. Hún fékkst þá ekki fram, enda var hún mjög seint fram borin. En það er ekki vafi á því, að þessi bóndi hefur orðið fyrir margra tuga þús. kr. tjóni vegna þeirrar breytingar á búskaparháttum sínum, sem hann varð að gera vegna þessarar löngu og ömurlegu sóttkvíar, sem hann varð fyrir.

Það er hv. þm. kunnugt, að ömurlegt ástand hefur skapazt í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Og því get ég varla búizt við, að menn undri, að þar er þörf á sérstökum ráðstöfunum. Það mál hefur verið vel túlkað af fulltrúa Sléttuhreppsbúa og Grunnavíkurhreppsbúa nú í vetur. Sr. Jónmundur Halldórsson hefur allrækilega túlkað mál þessara manna við hv. þm., og einnig hafði hv. fjvn. verið skrifað bréf um þessi vandamál og farið fram á aðstoð vegna þess, hvert afhroð þessir hreppar, og þá sérstaklega Sléttuhreppur, hafa orðið fyrir vegna burtflutnings vinnuhæfasta hluta íbúanna. Eftir sitja í yfirgnæfandi meiri hluta gamalmenni og það fólk, sem verst er efnum búið og verst vinnuhæft og verst fært um að bjarga sér sjálft. Og hvíla þó á því fólki ýmsar þjóðfélagslegar byrðar, sem erfitt er undir að rísa, þegar hreppsfélögin eru orðin svona fámenn eins og nú er orðið. — Þess vegna datt okkur hv. þm. N-Ísf. í hug, að heppilegt væri að rétta þarna hjálparhönd með því að heimila ákveðna fjárhæð á fjárl. til bjargráðaráðstafana í þessum sveitarfélögum og hafa þetta aðeins á heimildargr., þannig að heimilt væri að verja þessu fé til hverra þeirra hluta, sem hreppsnefndirnar í viðkomandi hreppum og sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu kæmu sér saman um, að væri ráðlegast að verja fénu til, til þess að það kæmi að sem beztum notum. Ég hef því lagt til, að heimilað verði að verja allt að 100 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Sléttuhreppi í samráði við sýslunefnd og hreppsnefnd, og að á sama hátt verði varið allt að 50 þús. kr. til Grunnavíkurhrepps í samráði við sýslunefnd og hreppsnefndina þar. Það er ekki víst, að þessar heimildir yrðu notaðar til fulls, og alveg er óákveðið, til hverra hluta fjárhæðirnar yrðu notaðar. En ég tel tryggilega um það búið, að farin verði heppileg leið í að verja þessu fé til bjargráða á þessum stöðum, ef fénu er ráðstafað af sýslunefndinni þarna og viðkomandi hreppsnefndum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En ég hef bent á það hér, að hæstar fjárhæðir, sem til vegamála eru greiddar, fara enn sem fyrr til hinna bezt veguðu héraða, og minnstar upphæðir í þessum efnum til þeirra landshluta, sem verst eru settir með akvegi og hafa verri aðstöðu til samgangna heldur en aðrir landshlutar. Og það hefur verið gert upp á milli mjög sambærilegra héraða á Vestfjörðum. Það er fjarri því, að réttlætis hafi gætt sem skyldi í afgreiðslu fjvn. á fjárlagafrv., og harma ég það mjög, að hægt sé að benda á svona áberandi misfellur eins og hafa átt sér stað ár eftir ár að því er þetta atriði snertir, og getur það alls ekki verið sök eins manns. Það er ekki hægt að skýra þessar misfellur með því, þó að hv. form. fjvn. eigi þar í hlut sem aðili fyrir hérað á Vestfjörðum. Enda er það engin réttlæting á því, þótt slíkri aðstöðu væri beitt og aðrir nm. létu það viðgangast.

Þá hef ég gert grein fyrir þeim að mínu áliti mjög hóflegu till., sem ég ber fram til þess að bæta úr þessu ósamræmi, og verð því fastlega að vænta þess, að hv. alþm. séu þeirri réttlætistilfinningu gæddir, að þeir geri á þessu einhverjar verulegar leiðréttingar.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 480 hef ég leyft mér að koma fram með brtt. um, að komið verði upp athugunarstöð og uppeldisskóla fyrir börn. Í l. um vernd barna og unglinga er svo ráð fyrir gert, að slík heimili skuli koma upp, þegar fé er til þess veitt á fjárl. Í því fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, er ekkert um þetta og heldur ekki á brtt. Þetta getur tæplega stafað af gleymsku hjá fjvn., því að hjá fjvn. liggur fyrir till. til þál., sem flutt var í Sþ. af nm. í heilbr.- og félagsmn., um að undirbúa stofnun slíkra heimila. Flm. þessarar till. eiga allir sæti í heilbr.- og félmn. og standa óskiptir að henni, en nú hefur fjvn. ekki afgr. þessa till. enn þá. Má vera, að hún hafi ekki fundið náð fyrir augum þeirra, en hvað sem því líður, þá vil ég samt freista að fá samþykkta þessa fjárveitingu. Þetta er allt of lítið fé, en þó er ég ekki viss um nema 300 þús. kr. fari langt til þess að koma upp athugunarstöð, hún er ekki svo stór. Sérstaklega gæti það dregið úr kostnaðinum, ef henni væri komið upp í sambandi við sjúkrahús. En uppeldisheimilið yrði auðvitað miklu dýrara og þá betra að dreifa kostnaðinum á fleiri ár. Um þörfina fyrir þessa stofnun ætla ég ekki að fjölyrða; það er stutt síðan á það var minnzt hér á Alþ., þegar till. sú, sem ég nefndi áðan, kom fram, og auk þess hafa alþm. séð skýrslu barnaverndarráðs og lesið hana. Ég vil aðeins geta þess, að um leið og þeim börnum fjölgar, sem hjálparþurfi eru á þessu sviði, verður alltaf

erfiðara að finna dvalarstaði fyrir þau á sveitaheimilum, en það hefur verið til þessa eina úrræðið, sem barnaverndarráð hefur átt. Auk þess er líka óheppilegt að koma börnunum fyrir á privatheimilum, því að þau vilja strjúka þaðan.

Ég vil geta þess, að þessi brtt. mín er flutt samkvæmt tilmælum barnaverndarnefndar Rvíkur, en í henni eiga sæti fjórir sjálfstæðismenn, tveir sósíalistar og einn alþýðuflokksmaður, og hefur n. farið þess á leit við heilbr.- og félmn. Nd., að hún flytti þá till., sem ég nefndi áðan, og er þeirri n. mjög umhugað um, að þessi hæli komist sem allra fyrst upp. Ég vil treysta því, að Alþ. sýni þessu máli fullan skilning og sjái sér fært að samþykkja þessar smáu upphæðir, sem gætu þó gert mikið gagn.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um fjárl. í heild eða brtt. meiri hl. fjvn., en ég flyt nokkrar brtt., sem ég vildi segja nokkur orð um.

Í fjárlfrv. fyrir 1948 hefur hæstv. fjmrh. séð sig tilknúinn til að lækka þann styrk, sem verja á til íþróttaiðju í landinu, — lækka styrkinn til íþróttasjóðs. Mér fannst þetta furðuleg og einkennileg ráðstöfun, þegar athugað er, hve þörfin er brýn, að sú fjárveiting, sem verið hefur, standi óhögguð, þar sem þessi lækkun á styrknum hlýtur að leiða til þess, að margir erfiðleikar verða á vegi þeirra, sem áhuga hafa á íþróttum, og þeirri menningarstarfsemi, sem þar er unnin. Hins vegar undraði það mig enn meir, þegar ég sá, að meiri hl. fjvn. lét sér ekki nægja þessa skerðing, heldur minnkaði framlag til íþróttasjóðs um 100 þús. kr., úr 700 þús. í 600 þús. Ég skil ekki þessar ráðstafanir. Ég hef heyrt, að röksemdin fyrir þessu hafi verið sú, að vegna fjárhagsráðs og þeirrar tregðu, sem þar er á byggingarleyfum, væri ekki eins mikil þörf á komandi árum til íþróttamannvirkja og verið hefur. Hafi meiri hlutinn byggt þetta á þessu, þá vil ég benda á það, að hér er um misskilning að ræða. Það er fjöldi íþróttamannvirkja í landinu, sem er á döfinni og fjármagn þarf til, og þótt ekki sé um beinar nýbyggingar að ræða, þarf nauðsynlegt fé til þess að ljúka mannvirkjum, sem eru hálfnuð, svo að styrkur sá, sem sjóðurinn átti að fá, er of lítill. Þar að auki má benda á, að þótt ekki sé um bein íþróttamannvirki að ræða, t. d. sundlaugabyggingar, þá eru ýmis önnur mannvirki, sem þurfa fjármagn, t. d. íþróttavallagerð, því að ástandið í þeim málum er ekki gott. Ég vil því alvarlega beina því til þm., að þeir samþykki ekki þá brtt., sem fram er komin frá meiri hl. fjvn., heldur brtt. þá, sem minni hl. leggur til, þ. e. að íþróttasjóður fái sömu upphæð og hann fékk 1947, eða 1 millj., eða ekki minna en fjmrh. lagði til í fjárlfrv., 700 þús. kr.

Á þskj. 479 flyt ég brtt. við 13. gr. um að hækka styrk til bókasafns verkamanna úr 4000 kr. í 10000. Ástæðan fyrir þessu er sú, að þetta bókasafn verkamanna er mjög mikill menningarauki fyrir þá verkamenn, sem þessa vinnu stunda.

Þá flyt ég brtt. við þskj. 461. Það er brtt. meiri hl. fjvn. við 13. gr. í sambandi við hafnagerðir og lendingarbætur. Brtt. er um það, að Hafnarfjörður fái 350 þús. í stað 250 þús. Það hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra og maklegra, að upphæðin hefði verið hærri en 350 þús., en ég hef aðeins látið mér nægja að setja hér fram sömu upphæð og meiri hl. fjvn. hefur fallizt á á öðrum stað, þ. e. Akranesi.

Þá hef ég komið með brtt. við fjárl. um það, að inn komi nýr liður: Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði 5000, til vara 3000. Í fjárl. er gert ráð fyrir ákveðnum fjárupphæðum til lesstofa, hliðstæðra stofnana, víða á landinu, t. d. í Rvík og á fleiri stöðum. Mér virðist eðlilegt, að það sama eigi að ganga yfir alla í þessu sambandi. Í Hafnarfirði er starfandi verkalýðshreyfing, eins og annars staðar á landinu, og hefur fulltrúaráðið komið upp vísi að bókasafni.

Þá flyt ég brtt. um, að styrkur til Leikfélags Hafnarfjarðar verði hækkaður úr 3000 kr. í 6000 kr. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að starfsemi þessa félags, sem hefur verið virt þó það af Alþ., að það hefur styrkt hana á undanförnum árum, er mjög þýðingarmikil fyrir Hafnarfjörð, og má segja, að starfsemi Leikfélags Hafnarfjarðar sé eins þýðingarmikil fyrir Hafnarfjörð og Leikfélags Akraness fyrir Akraneskaupstað, en fjvn. gerir ráð fyrir, að Leikfélag Akraness fái 6000.

Þá flyt ég á þskj. 480 brtt. ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG). Sú prentvilla hefur slæðzt inn, að nafn hv. 8. þm. Reykv. hefur fallið niður sem meðflm. að till. Þessi brtt. gerir ráð fyrir, að styrkur til Alþýðusambands Íslands verði hækkaður úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að eyða mörgum orðum að því að rökstyðja þá brtt., þar sem Alþýðusamband Íslands er ein stærstu samtökin í landinu og vinnur þarft verk. — Þá er og gert ráð fyrir, að við 15. gr. komi nýr liður, þar sem gert er ráð fyrir framlagi til Alþýðusambands Íslands til útgáfu á sögu verkalýðshreyfingarinnar og til útgáfu á söngvasafni og til söngiðkana á vegum verkalýðssamtakanna. Í fjöldamörg ár hefur verið tilfinnanlegt fyrir verkalýðshreyfinguna, vegna þess mikla hlutverks, sem hún hefur haft, að hafa ekki neina slíka útgáfu. Það hefur verið hafinn undirbúningur að þessu verki, og hefur verið skrifað ýmsum félögum á landinu og þau beðin að afla heimilda til þessarar söguútgáfu. Ég man í sambandi við þessa brtt., að þetta bar á góma í þinginu í fyrra og þá var því haldið fram, að sá kafli, sem gefinn hafði verið út, væri svo persónulegur og gæfi svo rangar hugmyndir um verkalýðshreyfinguna, að vitlaust væri að halda áfram slíkri útgáfu. Það var bent á þá röksemd, að ekkert hefði verið gefið út enn þá af sögu verkalýðshreyfingarinnar, svo að ekki er hægt að segja, að það sé vitlaust, sem komið sé, enda mundi að þessu verða unnið hlutdrægnislaust og sannleikanum samkvæmt.

Að því er b-lið till. snertir, um styrk til söngnáms og söngiðkana, má segja, að það sé mjög mikið menningaratriði fyrir sönginn í

landinu, að alþýðan hafi söngvasafn, og þess vegna er þessi brtt. fram borin.

Ég hef hér með örfáum orðum gert grein fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG). Mér finnst þessar till. svo sanngjarnar, að ég trúi ekki öðru en þær finni náð fyrir augum þm. Um sumar þeirra vil ég segja það, að form. fjvn. sagði í fyrra, að hann mundi hafa þær til athugunar, ef þær kæmu til n. áður en gengið væri frá till. n. N. hefur unnið ár frá því í fyrra, og enn hafa ekki þessar till. fundið náð fyrir augum hennar til þessarar stundar. Vona ég, að hér verði um stefnubreyt. að ræða. Ég sem sé vona því, að þessar till. verði samþ.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 262, n. 465 og 466, 461, 467, 479, 480, 484, 485).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt 485. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég mun ræða nokkuð nál. minni hl. um leið og ég fer í fjárlfrv. almennt, eins og það liggur fyrir.

Mér þykir leitt að sjá ekki neinn af ráðh. Framsfl. hér, því að ég sá þess einmitt getið í einu blaði þess flokks nýlega, að það væri mjög mikill munur milli stjórnmálastefna hér á landi nú sem stæði. Annars vegar væri um að ræða mjög hættulega byltingarstefnu, en hins vegar slæma afturhaldsstefnu, sem Sjálfstfl. og Alþfl. væru fulltrúar fyrir. En það væri síður en svo, að það væri aðeins um þetta tvennt að velja í stjórnmálum á Íslandi; auk þeirra væri þarna á milli umbótastefna, er miðaði að því að gera stórfelldar umbætur á þjóðfélaginu, auka réttindi hinna minni máttar, tryggja almenningi betri kjör með þingræðislegum og lýðræðislegum aðferðum, og að það væri þessi stefna, sem Framsfl. og að einhverju leyti Alþfl. væru fulltrúar fyrir. — En nú erum við hér að ræða fjárl., er marka höfuðstefnu ríkisins í þeim málum, sem mestu varða hag almennings. Þess vegna höfum við einmitt núna tækifæri til að dæma um þessar stefnur í framkvæmd. Það var látið hátt um það af hendi vissra manna úr þessum flokki, þ. e. Framsfl., meðan Sósfl. tók þátt í ríkisstj., þar sem form. Sjálfstfl. sat í forsæti, að þetta væri léleg stj. og að ekki væri mikið gert til að bæta hag almennings. En nú hafa þeir, sem þá dæmdu harðast, setzt að völdum og hafa því nú fengið tækifæri til að sýna þessa umbótastefnu sína í framkvæmd, og hún markast einmitt í fjárlfrv., sem liggur hér fyrir framan okkur, — þar fáum við að sjá þá umbótastefnu, sem form. Framsfl. og aðalmálgagn hans eru svo sérstaklega að lofa nú. Stefnan, sem við svo sjáum samkv. fjárlfrv., er sú, að allt gengur niður í móti, allt miðar að niðurskurði snertandi framlög til þess nauðsynlegasta, en að sama skapi eykst skriffinnskan. Við 2. umr. sjáum við svo, að enn meir er skorið niður og að fara á að afmá þau beztu l., sem sett voru í tíð þeirrar ríkisstj., sem Framsfl. réðst hvað harkalegast á. Það voru sett launal. í tíð þeirrar stj., er tryggðu starfsmönnum ríkisins og kennurum réttlátari laun heldur en áður. Framsfl. taldi það ekki neitt sérstaklega stórt spor, sem þá var stigið með þessum l., en nú stendur hann sameinaður um þann verknað að taka af starfsmönnum ríkisins þessi réttindi, sem þeim höfðu hlotnazt eftir langa baráttu. Þetta var gert með dýrtíðarráðstöfununum í vetur, þegar laun opinberra starfsmanna voru bundin við 300 stiga vísitölu. — Þá var í tíð fyrrv. ríkisstj. sett mjög mikilvæg lagasetning til að bæta hag bænda með l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Nú liggur hins vegar fyrir að skera þessi l. niður, og er nú verið að útbúa bandorminn svokallaða, þar sem frestað er framkvæmd slíkra l. — Í tíð sömu ríkisstj. var sett umbótalöggjöf varðandi skólamál, þar sem gert var ráð fyrir að byggja skólahús úti um land, allt til þess að tryggja hinni uppvaxandi æsku í landinu betri aðbúnað í þessum efnum heldur en hún hefði haft áður. Nú liggur fyrir samkv. fjárlfrv. að draga úr byggingum skólahúsa. — Í tíð fyrrv. stj. voru sett l. um alþýðutryggingar og með þeim stigið stórt skref í framfaraátt fyrir íslenzka alþýðu; þar er nú þegar byrjað að stíga skref aftur á bak, því að samkv. frv., eins og það liggur fyrir, er raunverulega dregið úr fjárframlögum til alþýðutrygginga. — Í tíð sömu stj. voru sett l. til þess að tryggja alþýðu manna ódýrari lán heldur en hún hafði átt kost á áður, til þess m. a. að gera henni frekar kleift að byggja íbúðarhús, þannig að það væri ekki aðeins efnaða fólkið, sem hefði rétt á slíku. Hið sama er að segja um l. um ræktunarsjóð og l. um stofnlánadeildina, — öll þessi lagasetning, sem miðaði að því að skapa mönnum meira efnahagslegt öryggi, er ýmist rýrð með þeim till., sem hæstv. ríkisstj. leggur nú fram við afgreiðslu fjárl., eða með þeim aðferðum, sem nú eiga sér stað af hálfu stjórnarvaldanna varðandi lánveitingar, eyðilögð í framkvæmd.

Því fer þess vegna fjarri, að það, sem hér liggur fyrir framan okkur nú, sé einhver umbótastefna í framkvæmdinni. Það er þvert á móti verið að stíga spor aftur á bak varðandi hvert einasta mál almenningi til heilla. — Og svo ætlar viss flokkur að reyna að gylla það fyrir almenningi, að hann sé boðberi umbótastefnu, sem sé sú eina rétta, sem íslenzk alþýða eigi að kjósa. Ég verð að segja það, að það er sjaldan, sem nokkur flokkur hér á þingi hefur dæmt sjálfan sig eins fljótt og um leið orð sín ómerk eins og sá flokkur, sem undanfarið hefur verið að hampa því, að hann væri sérstakur umbótaflokkur, er mundi sýna, hvernig ætti að stíga skref fram á við, ef hann hefði völdin, en í framkvæmd beitir sér gegn framgangi þeirra mála, sem gengu í framfaraátt og l. voru sett um í tíð fyrrv. ríkisstj. Af þessu sést einmitt, hvað það var, sem fékk því áorkað, að þessi spor voru stigin fram á við. Sjálfstfl. og Alþfl. voru báðir í fyrrv. ríkisstj. og eiga nú sæti í þeirri núverandi, en Sósfl. tók þátt í fyrrv. ríkisstj., en ekki nú, og það er þetta, sem gerir gæfumuninn; það er ekki leng-

ur knúið á fram á við innan núv. ríkisstj., en gefizt upp fyrir þeim öflum, sem vilja stíga aftur á bak. Þetta sýnir bezt, hvernig afturhaldsöflin í öllum núverandi stjórnarflokkum hafa náð tökum til að ráða þeirri stefnu, sem farin er. Þetta vil ég láta koma hér fram vegna þess, hvernig blöð þessa flokks hafa rætt þessi mál undanfarið.

Þá vil ég snúa mér að því, sem hér er verið að ræða í sambandi við 2. umr. fjárlfrv. Það er hér verið að taka upp nýjar aðferðir af hálfu stjórnarvaldanna í meðferð fjárl., sem aldrei hafa þekkzt áður í sögu lands vors. Þetta var fyrst gert í fyrra vor, þegar hæstv. ríkisstj. fékk samþ. lagafrv. um fjárhagsráð, og þar með var sú ákvörðun tekin, að áætlun um íslenzkan þjóðarbúskap fyrir hvert ár skyldi lögð fyrir þingið í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þessi ákvörðun var tekin með l. um fjárhagsráð, en þar segir svo í 3. gr. — með leyfi hæstv. forseta:

Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið. — Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.“ Síðan segir svo í 6. gr.: „Jafnhliða því, sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins, áður en fjárl. eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstj. og Alþ. geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.“

Það hefur m. ö. o. verið tekin sú ákvörðun, að lögð skuli fyrir Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl. áætlun fyrir hvert ár um heildarframkvæmdir þjóðarbúsins, hver kostnaður skuli verða við þær og hvernig lánsfjár skuli aflað til þeirra og að allt skuli þetta miðast við þá stefnuskrá ríkisstj., sem tekin er upp í 2. gr. l., þar sem ákveðið er — og sett undir 1. lið: „að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.“ — Síðan er sett á stofn voldugt ráð til þess að vinna þetta verk og undirbúa og leggja fram þessa áætlun í sambandi við afgreiðslu fjárl. Því fer fjarri, að þessari stofnun hafi verið þröngvað upp á hæstv. ríkisstj., og lítill vafi á því, að hún lætur hér ekki sitja við orðin tóm. Hér er tekinn upp alveg nýr máti við afgreiðslu fjárl., og þess vegna hljótum við að ræða nokkuð um það nú við 2. umr., hvernig fjárhagsráð hefur starfað.

Nú er mönnum kunnugt um, að í l. um fjárhagsráð var svo fyrir mælt, að það skyldi gera áætlun um, hvernig heppilegast mundi að hagnýta vinnuaflið í landinu. Ríkisstj. setti sér það markmið að tryggja öllum landsmönnum atvinnu og fjárhagsráð skyldi gera áætlun um, hvað hægt væri að framkvæma af þeim framkvæmdum, sem fyrir hendi lá að gera. En hvað kemur svo á daginn? Í fjárhagsáætlun fjárl. er ekki eitt orð um hagnýtingu vinnuaflsins og heldur ekki orð um það, að öllum skuli tryggð vinna. Sem sagt, það sem ætti að vera nr. 1 í öllum áætlunum um þjóðarbúskap, finnst ekki í áætlun fjárhagsráðs.

Ég hef hér fyrir framan mig áætlun um þjóðarbúskap Norðmanna árið 1947, og var þessi áætlun fylgiskjal með fjárl. norsku. Það, sem fyrst og fremst er lagt til grundvallar norska þjóðarbúskapnum, er vinnuaflið í hverri atvinnugrein og hvað gera skuli á árinu, og liggja fyrir skýrslur og till., sem allar miða að því að tryggja hagkvæma hagnýtingu á vinnuaflinu.

Ég verð að segja það, að mér finnst „typiskt“, að fjárhagsráð skuli alveg gleyma að gera áætlun um þetta mikilvæga atriði, og ekki veit ég, hvort þetta stafar af því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert sér ljóst, hvað er grundvallaratriði fyrir öllum framkvæmdum, eða hvort hún treystir sér alls ekki til að eiga neitt við skiptingu vinnuaflsins. Eitt er þó víst, en það er það, að þm. eiga heimtingu á að fá að vita, hvers vegna engin áætlun hefur verið gerð varðandi hagkvæma hagnýtingu vinnuaflsins í landinu og það á þeim tíma, þegar útlit er fyrir, að menn kunni að vanta til arðvænlegasta atvinnuvegar þjóðarinnar, sjávarútvegsins. Reyndar liggur nú fyrir till. um að bæta úr þessum skorti. Það er ljóst, að það vantar sjálfan grundvöllinn í áætlun fjárhagsráðs, sem fylgir fjárl., og það verður þess valdandi, að öll áætlunin fyrir árið 1948 svífur í lausu lofti. Hafi áður verið ósamræmi í skiptingu vinnuaflsins, þá heldur það áfram að eiga sér stað með þeirri aðferð, sem fjárhagsráð hefur tekið upp. Það er hægt að skapa svokallað samræmi með því að skera niður í blindni verklegar framkvæmdir bæði hjá ríki og einstaklingum og skapa þannig atvinnuleysi. Það starf, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið sér fyrir hendur, er einskisvert vegna þess, að höfuðgrundvallaratriðin vantar, og það brýtur í bága við l. um fjárhagsráð, sem sett voru á síðasta þingi.

Þá kem ég að hinu aðalatriðinu, en það er festing fjármagnsins og öflun þess. Í 3. gr. l. um fjárhagsráð stendur í 2. málsgr. — með leyfi hæstv. forseta:

„Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir og svo, með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hvaða röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.“

Sem sagt, næst á eftir hagnýtingu vinnuaflsins verði lögð áherzla á hagkvæma notkun fjármagnsins og hvernig þess skuli aflað. Í áliti fjárhagsráðs er ekki orð um það. Samt er ráðinu sérstaklega uppálagt í 4. gr. l. um fjárhagsráð, að það skuli hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og beri þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Enn fremur stendur í 4. gr. „Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofn-

setja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjársöfnun til þessara fyrirtækja.“ Sem sagt, það á að samræma fjárfestinguna í hinum mörgu fyrirtækjum, sem þjóðin er að leggja í á hinum ýmsu sviðum. Þetta út af fyrir sig er skynsamleg röksemd. Fjárhagsráð var sett m. a. til þess að tryggja, að hin mörgu fyrirtæki hefðu nægilegt fjármagn til að leggja í framkvæmdir og til að ljúka þeim, sem þegar voru hafnar. Af þessu er ljóst, að fjárhagsráði var ætlað að koma með till. um öflun fjármagns og hvernig því skyldi varið. Það kann að vera litið svo á af sumum, að þessi ákvæði séu alls óþörf.

Ég vil skýra hér frá því, að í gær var ég á fundi hjá landsbankanefnd. Þar var lagt fyrir okkur, að sérstakt vandræðaástand ríkti nú um útvegun lánsfjár, en lánsþörfin væri hins vegar mikil. Þetta var staðfest af sjálfum form. bankaráðs. T. d. vantar tilfinnanlega fé til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. 7 togarar og 20 mótorbátar þurfa á lánsfé að halda, og verði ekki úr þessu bætt, þá getur svo farið, að þessi skip fái ekki lánsfé til rekstrarins. Þjóðin hafði fé til þess að kaupa þessi skip, en hér er lýst yfir, að lánsfé vanti til þess að reka þau. Form. bankaráðs gat þess sérstaklega, að ríkisstj. hefði verið tjáð þessi vandræði, en þau verði að leysa, áður en þingi er slitið nú. Það mun liggja nærri, að tryggja þyrfti 60—70 millj. kr. lánsfé. Nú áttu að liggja fyrir till. frá fjárhagsráði um útvegun á þessu fé og hvernig bæta eigi úr hinum mikla lánsfjárskorti. Eins og ég sagði áðan, þá er ekki orð um þetta í áliti fjárhagsráðs, ekki stafur. Hins vegar fáum við till. um niðurskurð á lánsfé. Nýbyggingarráð áleit skyldu sína að undirbúa áætlun um útvegun lánsfjár, og ríkisstj. gerði ráðstafanir til, að litlir bæir og þorp fengju með því tækifæri til uppgangs. Það, sem áunnizt hefur með því, er, að sumir staðir, sem aldrei hafa eignazt togara, hafa nú í fyrsta skipti komizt yfir slík atvinnutæki. Nýbyggingarráð lagði einnig fram áætlun um lánsfjárhjálp til landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Núv. hæstv. ríkisstj. hafði meiri möguleika til að afla lánsfjár heldur en nokkur önnur stjórn hefur haft, en hún eyðilagði þá möguleika með l. um eignakönnun. Seinna voru reyndar aðrar leiðir til þess að reyna að leysa úr lánsfjárþörfinni, en þær hafa ekki borið árangur, og ríkisstj. virðist ekki hafa haft neinn áhuga á að láta fjárhagsráð gera þetta.

Ég verð að segja það, að mér finnst frágangurinn á fjárl. fyrir árið 1948 vera með endemum, þegar á það er litið, hversu margt þarf að framkvæma. Til þess að hægt verði að ráða bót á þeim vanda, sem fyrir dyrum er, ef ekki verður hægt að útvega lánsfé, verða nú að fara fram umr. hér á Alþ. um, hvernig þess skuli aflað. Rætt hefur verið nokkuð um seðlaútgáfu í þessu sambandi. Alþ. verður þá að gera sér ljóst, hvort það reynist þess umkomið að tryggja það lánsfé, sem það er að vísa á. Það er álit mitt, að það, sem miða beri við, sé, að framleiðslukraftur þjóðarinnar sé til fullnustu hagnýttur. Þá er e. t. v. skoðun sumra, að lánsfjármöguleikar byggist ekki á framleiðslukröftum, heldur á gulli. Þegar lögin um Landsbankann voru sett, ríkti það sjónarmið, að ríkið ætti ekki að skipta sér að framleiðslu þjóðarinnar. Sú trú er nú horfin. Og þótt ákvæðin um gull- og gjaldeyristryggingu Landsbankans séu enn við lýði, þá er viðurkennt, að það sé úrelt.

Hins vegar er það ekki ófróðlegt í þessu sambandi, ef unnt væri að fá yfirlit um það, hve eignir ríkisins og ríkisstofnananna séu raunverulega miklar. Mig minnir, að hv. form. fjvn. hafi í umræðum á Alþ., er barlómurinn var hvað mestur um bága fjárhagsafkomu ríkisins, upplýst það, að skuldlaus eign þess næmi 150 millj. kr., og eru þá ótaldar fjölmargar eignir ríkisstofnananna. Á fundi landsbankanefndar í gær var það upplýst, að eignir hans næmu 66 millj. kr., fyrir utan hús, svo að ganga má að því gefnu, að ef allt væri talið, mundu eignir ríkisins og ríkisstofnananna skipta hundruðum millj. Ef einhver vildi því miða seðlaútgáfuna við eignir ríkisins, þá yrði varla sagt, að 122 millj. kr. seðlavelta væri ógætileg. Frá mínu sjónarmiði er það samt ekki þetta, sem ganga ber út frá, en að ýmsu leyti er fróðlegt að hafa það til hliðsjónar. En engar upplýsingar liggja fyrir um þetta af hálfu þeirra, sem áttu að undirbúa þær umræður, sem hljóta að fara fram á Alþ. við afgreiðslu fjárl. Í þessu sambandi fer ég ekki inn á það, hve gífurlegur auður er í höndum einstaklinga, þar sem t. d. 200 einstaklingar og félög í Reykjavík eiga um 500 millj. kr. í skuldlausum eignum. Auðurinn í landinu er því ekki svo lítill, að takmarka þurfi lánsfjárútlát og seðlaveltu vegna fátæktar þjóðarinnar svo mjög sem nú er raunin á.

Ég vil segja það, að mér óar þögnin hér á Alþ. um þá lánsfjárkreppu, sem nú er verið að skapa, og ég ætla, að þar búi annað verra undir. Annars vegar er hin mikla lánsfjárþörf, hins vegar tillögur um að svipta menn fengnum réttindum með niðurskurði lánsheimilda. En barlómurinn vex í sama hlutfalli og seðlaveltan minnkar. Ég er því ákaflega hræddur um, að ef fjárl. verða nú afgr. eins og þau liggja fyrir, þá verði þessi óeðlilega lánsfjárkreppa, sem sköpuð hefur verið, notuð sem átylla til þess að taka erlend lán, algerlega að þarflausu. Sjálfir ráðherrarnir hafa gefið yfirlýsingar um það, að þeir treystu sér ekki til að fá lánsfé hér innanlands til þess að reisa sementsverksmiðju, án þess að þeir hafi fengizt til að ræða um lánsfjármarkað þjóðarinnar hvað þá meira. Það vita allir, að það er enginn frjáls lánsfjármarkaður til nú á Íslandi, hann hefur verið afnuminn með aðgerðum ríkisvaldsins, og því verður ríkið nú að annast það, sem áður var í höndum einstaklinga, ef það á ekki að bregðast því hlutverki, sem það hefur tekið að sér. Þegar l. um fjárhagsráð voru samþykkt, fékk ríkið í hendur stjórn þjóðarbúsins og ræður nú á ýmsum sviðum í stað einstaklingsframtaksins, sem búið er að kippa í burtu. Það var gefið upp með l. um fjárhagsráð, að ætlunin væri að taka hér upp áætlunarbúskap;

og samkvæmt þeim lögum er það ríkið, sem á að skipuleggja þessa hluti, tryggja þegnunum næga atvinnu og tryggja öflun fjár til þjóðnýtra framkvæmda. Eftir að hinn frjálsi markaður hefur verið þurrkaður út, er það ríkið, sem ábyrgðina ber; og það er ekki hægt að skella skuldinni á einstaklingana, en taka þó af þeim völdin. Þetta er nauðsynlegt að þeir alþm. athugi, sem samþykktu l. um fjárhagsráð. Þetta er einkum brýnt í sambandi við sjávarútveginn og þau tæki, sem gefa mestan hluta þess gjaldeyris, er þjóðin fær í hendur. Og það væri hjákátlegt, ef þjóðin léti þau stöðvast af lánsfjárleysi, þegar bæði vantar gjaldeyri og vafalaust er hægt að afla þess lánsfjár, sem þarf til rekstrar þeirra.

Ég skal nú fara örfáum orðum um innflutningsáætlun fjárhagsráðs. Grundvöllurinn undir innflutningsáætlun sérhverrar þjóðar er útflutningsáætlun hennar; og fjárhagsráði var falið að semja skýrslur um þetta hvort tveggja. En það kemur nú fram, að skýrslur um útflutninginn eru ekki til, og grundvöllinn vantar þannig undir innflutningsáætlunina. Sömu mennirnir sem réðust mest á fyrrv. stjórn fyrir það, að ekki væri samræmi á milli útflutnings og innflutnings, þeir hafa nú komið með fjárhagsáætlun, þar sem allan grundvöll vantar. Hún er svo gersamlega út í bláinn, að þeir reikna meira að segja með öflun dollara, sem ekki er sýnt, hvaða vonir standi til, að fáist. Þessi undirbúningur undir afgreiðslu fjárl. er fyrir neðan allar hellur. Alveg eins og það vantar áætlun um vinnuaflið til þess að byggja seðlaveltuna á eins vantar hér gersamlega útflutningsáætlun, sjálfan grundvöllinn undir innflutningsáætlunina. Hver er svo afleiðingin af þessu? Hún er sú, að öryggið, sem skapa átti með l. um fjárhagsráð og með því að samþykkja áætlun um skipulagðan þjóðarbúskap, er ekki lengur til. Þá tryggingu, sem fást átti með þeim lögum fyrir réttri einbeitingu fjármagnsins og fullri hagnýtingu vinnuaflsins, vantar gersamlega. Þjóðinni er engin trygging veitt fyrir því, er henni var lofað með lögunum, — allt efnahagslegt öryggi skortir. Þetta er nauðsynlegt að gera sér ljóst. Sú stefna, sem tekin var með samþykkt fjárhagsráðslaganna, hefur beðið algert skipbrot, og það bákn, sem byggt var upp til þess að framkvæma þá stefnu, er að sliga athafnalíf þjóðarinnar. Ríkisstj. hefur alls ekki við afgreiðslu þessa frv. lagt það fyrir, sem hún skuldbatt sig til í fyrra með lögum. Og í stað öryggis og skipulags höfum við fengið tóm höft og skriffinnsku. Í sjálfu hugtakinu um áætlunarbúskap felast alltaf höft, en það, að þjóð undirgengst slík höft, er af því sprottið, að hún vill tryggja sér öruggari afkomu en annars væri unnt. Þess vegna — ef áætlunarbúskapur er tekinn upp og veitir ekki þetta öryggi, þá er það enginn áætlunarbúskapur, heldur aðeins höft á einstaklingsframtakið. Því er stórhættulegt að láta slíkt fyrirkomulag viðgangast, sem hvorki er fugl né fiskur og drepur jafnt niður framtak hins opinbera sem einstaklinganna. Hugsunin með áætlunarbúskap er sú, að skipulagt framtak hins opinbera komi í stað svokallaðs framtaks einstaklinganna eða stjórni því. Þegar þetta fæst ekki fram, er verið að eyðileggja hugsjónina um áætlunarbúskap, og við sósialistar munum að minnsta kosti ekki horfa upp á framkvæmd þessarar haftastefnu án þess að segja orð, haftastefnu, sem kölluð er áætlunarbúskapur, en miðar að því einu að lama allt athafnalíf í landinu. Þar með er ekki verið að lofa hið svokallaða frjálsa framtak einstaklinganna og stjórnleysi það, sem fylgir því kerfi. En þetta vildi ég láta koma fram og vildi ekki láta hjá líða að kveða upp úr með þetta nú, þar sem 2. umr. fjárl. er eina tækifærið til þess, enda er gengið út frá því, að áætlun fjárhagsráðs sé rædd við afgreiðslu fjárl.

Ég hef orðið var við það í umræðum hér á Alþ., að ekki eru allir sem ánægðastir með það, hvernig þessum málum er nú komið. Meðal annars hefur hv. form. fjvn. deilt skarplega á fjárhagsráð og stefnu þess og einnig, að því er mér hefur virzt, á hæstv. fjmrh. En ég vil benda á það, að stjórnarflokkarnir sem heild bera ábyrgð á þeirri stefnu, því að þetta er helzta stefna ríkisstj. — og það kemur úr hörðustu átt, þegar menn úr hæstu stöðum innan þeirra flokka deila harðlega á þá stefnu, en koma samt ekki með neinar till. til breytinga. Í stað þess, sem menn gerðu sér vonir um með l. um fjárhagsráð, höfum við aðeins fengið dýrara skrifstofubákn en nokkru sinni áður, og það ægilega við þetta bákn er ekki það, hve dýrt það er, heldur hitt, hvernig það virðist ætla að sliga þjóðina, bæði atvinnuframkvæmdir hennar og verzlun. En nú, þegar fjárl. eru til umræðu og hin ófullkomna áætlun fjárhagsráðs liggur fyrir, væri tækifærið fyrir þá þm., sem óánægðir eru með þessa stefnu eða stefnuleysi, að segja til um það, koma fram með gagnrýni sína og reyna að knýja annað fram, því að ég álít, að fyrir Alþingi sé sú afgreiðsla mála, sem hér er stofnað til, algerlega óviðunandi. Afleiðingin af því að afgreiða fjárl. með hliðsjón af þeirri áætlun fjárhagsráðs, sem hér liggur fyrir, hlýtur að verða sú, að þingið að meira eða minna leyti svipti sjálft sig völdum og afhendi þau stofnun, sem það ræður ekkert við og virðist ekki hirða um vilja þess og skeyta því meira að fara sínu fram en að standa á grundvelli laga og réttar í landinu. Mér virðist Alþ. vera hér að ofurselja vald sitt og bregðast þeim skuldbindingum, sem það tók á sig með samþykkt laganna um tryggingu fyrir landsmenn um atvinnu og hagnýtingu vinnuaflsins og atvinnutækjanna til sjávar og sveita.

Þessu vildi ég vekja athygli á vegna þess, að við höfum fyrr í sögu okkar fengið að kenna á embættisvaldi, sem ekki lék okkur vel. Og nú, er lýðveldi hefur verið stofnað og Alþ. hefur fengið völdin í hendur og færzt það í fang að stjórna þjóðarbúinu, væri það hart, ef það ofurseldi þau völd í hendur aðilum, sem þannig halda á málum, að fæstir þm. munu telja forsvaranlegt. Ég skil, að hæstv. ríkisstj. muni vilja losna við slíkt þing sem fyrst til þess að geta haldið áfram á þeirri leið, sem hún virðist vera. En ég álít óforsvaranlegt fyrir þing-

menn að skiljast svo við þetta mál eins og það liggur fyrir — óforsvaranlegt að samþykkja lög eftir lög til þess að tryggja rétt þegnanna til atvinnu og öryggis, en gera svo ekki neitt því til tryggingar að þau lög séu framkvæmd. Við sjáum nú, hvernig fjárhagsráð hefur búið í haginn fyrir þingið, og raunverulega hefði verið ástæða til þess við þessar umræður að knýja fram algera endurskoðun þessara mála. Þingið má ekki hlaupa frá þeim erfiðleikum, sem þjóðin á við að stríða, án þess að ræða þá, hvað þá heldur meira. Það er tilgangslítið að barma sér yfir erfiðleikunum, en hliðra sér hjá því að kryfja það til mergjar, hverjar ástæður það séu, sem þeim valda. Því vildi ég nú við þessa umr. fjárl. láta koma greinilega fram mína skoðun á því, hvernig hér sé í pottinn búið.

Hvað snertir annars þá afgreiðslu fjárl., sem hér liggur fyrir, þá er ég hér ásamt þremur öðrum þm. flm. að lítilli brtt. á einhverju þskj., sem ég finn nú ekki í svipinn, en hún fjallar um það, að Alþ. veiti til Félags ísl. stúdenta í Kaupmannahöfn styrk að upphæð 1000 kr. Alþ. hefur undanfarið veitt félaginu styrk til útgáfu timarits, er það gaf út á stríðsárunum, en hann hefur nú verið felldur burt. En við þessir fjórir þm. álitum rétt, að Alþ. sýndi þessu gamla félagi, sem er alls góðs maklegt, örlítinn vott þess, að störf þess séu metin og þess óskað, að félagið geti haldið starfsemi sinni áfram. Og þessi litli styrkur væri aðeins vottur þeirrar viðurkenningar. Ég vona að hv. alþm. geti orðið okkur sammála um þetta. Hér er aðeins um lítinn viðurkenningarvott að ræða, sem ríkið dregur ekki um, en er þó svolítill styrkur litlu félagi.

Ég læt svo máli mínu lokið, en vil þó endurtaka þá ósk mína, að áætlun fjárhagsráðs og stefnan í þjóðarbúskapnum árið 1948 verði tekin til alvarlegrar athugunar við þessar umræður. Ef vel væri, þyrfti fjvn. að geta endurskoðað það, sem fyrir liggur, ef það á að sýna nokkra viðleitni í þá átt að tryggja rétta einbeitingu vinnuafls og fjármagns í landinu og stjórna þjóðarbúinu þannig, að allir kraftar hagnýtist sem bezt. Það var í lög sett á síðasta Alþ., að þetta skyldi gera — en það hefur ekki verið framkvæmt, og þyrfti fjvn. að taka þessi mál sérstaklega til endurskoðunar nú á milli 2. og 3. umr.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég þarf fyrst að víkja að brtt., sem ég flyt hér ásamt öðrum þingmönnum á þskj. 485. Síðan mun ég koma að atriðum í ræðu hæstv. fjmrh. frá því í gær og hv. 2. þm. Reykv. Ég hafði ekki ætlað mér að flytja hér brtt., en svo barst mér á síðustu stundu erindi frá bæjarstjórn Ísafjarðar um breyt., sem 3 þm. flytja á þskj. 485. Ástæðan er sú, að á Ísafirði er sjúkrahús, sem starfrækt hefur verið og rekið í rúmlega 20 ár, og hefur það verið rekið sem fjórðungssjúkrahús Vestfirðingafjórðungs, en samt sem áður engra hlunninda notið sem slíkt. Á þessum tíma hefur oftast helmingur sjúklinganna og allt upp í ⅔ verið utanbæjarfólk. Samt sem áður hefur sjúkrahúsinu ekki verið leyft að hækka svo daggjöld sín, að hægt væri að reka það hallalaust. Ísafjörður hefur þannig verið neyddur til að reka sjúkrahús fyrir alla Vestfirði, og hefur hallinn numið tugum þúsunda króna árlega og nú á síðasta ári nær 100 þúsundum. Og segir svo í bréfi frá bæjarstjóra Ísafjarðar, dags. 28. febr. s. l.: „Sjúkrahús Ísafjarðar er eign bæjarsjóðs Ísafjarðar og er rekið fyrir reikning bæjarsjóðs. Á undanförnum árum hefur rekstrartap orðið á sjúkrahúsinu, og hefur bæjarsjóður orðið að greiða með því sem hér segir:

1942	.....	kr. 10000.00
1943	.....	— 20000.00
1944	.....	— 23000.00
1945	.....	— 62400.00
1946	.....	— 96400.00
1947	.....	— 96000.00

og á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs fyrir 1948 er áætlað til sjúkrahúss rekstrarstyrkur, kr. 95500.00. Árin 1942—1946 voru á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs áætlaðar kr. 140000.00, en eins og að framan segir, var greitt til sjúkrahússins samt. kr. 307800.00 á þessum árum. Bæjarsjóður hefur því orðið að greiða úr rekstri sínum umfram áætlað fé til hússins samtals kr. 167800.00. Sjúkrahús Ísafjarðar er jafnframt sjúkrahús fyrir nærliggjandi sýslur og skiptust sjúklingar niður sem hér segir: 1946 innansveitarsjúklingar 5398 legudagar, utansveitarsjúklingar 8515 legudagar, 1943 innansveitarsjúklingar 6610 legudagar, utansveitarsjúklingar 10762 legudagar. Á þessu sést, að húsið er ekki nema að nokkrum hluta rekið fyrir Ísfirðinga eina, og er það því ekki nema sjálfsögð og eðlileg krafa, að ísfirzkir borgarar verði ekki látnir öllu lengur greiða þennan gífurlega taprekstur hússins, sem er að miklu leyti fyrir nærliggjandi sýslur og fyrir ríkið sjálft (ríkissjúklinga). En ríkissjóður hefur greitt á undanförnum árum mun lægra fyrir sjúklinga sína en aðrir hafa greitt, t. d. 1946 greiddi ríkið fyrir sína sjúklinga kr. 6.00 í grunn pr. dag, en Sjúkrasamlag Ísafjarðar greiddi þá 7.50 í grunn pr. dag. Ísfirðingar telja sig hafa tekið ærið þungan bagga á sinar herðar af rekstri sjúkrahússins, eins og framanskráðar tölur sína, og finnst vera kominn tími til þess að fá lagfæringu á þessu máli, þar sem viðskiptamenn hússins eru fjöldamörg sjúkrasamlög og hreppsfélög, sem þykja að sjálfsögðu daggjöld sjúklinga sinna ærið há og hafa heldur ekki heimild til að greiða hærra nema með samþykki tryggingaráðs. Þá finnst okkur ekki nema eðlilegt, að bæjarstjórn leiti til ríkissjóðs um aðstoð í þessu máli, því að það er óréttlæti að láta ísfirzka borgara bera hita og þunga af rekstri þessarar stofnunar, sem starfrækt er fyrir héraðið í heild, en ekki fyrir Ísfirðinga eina, sbr. legudagafjölda fyrr talda í þessari greinargerð.

Um seinni lið tillögunnar, um fjárveitingu til lagfæringar á sjúkrahúsinu, er rétt að taka fram: Á undanförnum árum hefur vegna fjárhagsörðugleika stofnunarinnar ekki verið hægt að halda við húsinu og bæta aðbúnað sjúklinga eins og nauðsynlega þurfti, en nú verður ekki

lengur unnt að fresta þeim aðgerðum, og er bæjarfélaginu um megn að láta meira fé til stofnunarinnar. Þess vegna er farið fram á þennan stuðning ríkissjóðs, og er ómögulegt að bíða lengur að gera við húsið og bæta á annan hátt aðbúnað sjúklinga.“

Ég vil ítreka það, að mér barst bréf bæjarstjóra svo seint, að ég gat ekki komið fyrr fram með þessa brtt. Ég hafði ekki hugsað mér að bera hér fram brtt. og allra sízt þær, sem væru til hækkunar. En þegar mér barst þetta bréf í hendur, gat ég ekki gert annað en bera þessa brtt. fram. Fjárhagur bæjarins er slæmur, og er því ekki hægt að búast við, að hann geti lengur annazt einn rekstur fjórðungssjúkrahúss fyrir Vestfirði. Og ég vil taka það fram, að fái þessi till. ekki byr hjá Alþ., verður annaðhvort ríkissjóður að taka að sér rekstur hússins eða neyðzt verður til að loka því, sem vitanlega ekki nær nokkurri átt. Enn fremur kemur til mála í þessu sambandi að breyta lögum um sjúkrahús þannig, að þær sveitir, sem næst liggja sjúkrahúsum og mest not hafa af þeim, standi undir kostnaði þeim, sem af þeim leiðir. En hitt nær vitanlega ekki nokkurri átt, að þau héruð, sem hafa haft framtak til að koma upp hjá sér sjúkrahúsi, verði ein að standast allan kostnað af þeim. Læt ég nú útrætt um þetta mál, en vík að ræðu hæstv. fjmrh., að því er áhrærir viðskiptanefnd.

Hæstv. ráðh. taldi, að mikils seinagangs hefði gætt hjá viðskiptan., hvað viðvíkur úthlutun viðskiptaleyfa á árinu. Hæstv. ráðh. virðist ekki hafa kynnt sér þetta mál nógu rækilega, og þess vegna hefur hann sagt þetta. Samkvæmt nýrri skýrslu frá viðskiptan. sést, að farið hefur verið hraðar í þessar leyfisveitingar en gert var ráð fyrir. Innflutningsáætlun er raunar gerð og framkvæmd í áföngum, og eru þeir áfangar tveir, vetrarvertíð og síldarvertíð, og verður að haga og breyta áætlunum eftir því, hvernig ástandið er að lokinni hvorri þessara vertíða. Ef önnur hvor þessara vertíða eða báðar bregðast, verður að fara hægt í leyfisveitingar, en ef báðar ganga vel, má rýmka leyfisveitingar. Og eru bæði ríkisstj. og fjárhagsráð sammála um, að þetta fyrirkomulag sé hyggilegt. Hins vegar eru einstaka menn, sem kvarta yfir því, að þeir fái bæði lítið af leyfum og seint. Þetta er mjög eðlilegt, þegar miðað er við hinar stóru leyfisveitingar á undanförnum árum. Þær staðhæfingar hæstv. fjmrh., að leyfisveitingar gangi seint, hljóta að stafa annaðhvort af misskilningi eða vöntun á upplýsingum, þar eð nú, 9. marz, er búið að veita leyfi fyrir 146½ millj. kr., en vöruáætlun er 310 millj., og er þá nærri búið að veita helming vöruleyfa þegar 9. marz. Duldar greiðslur voru áætlaðar 79 millj., en 9. marz er búið að veita rúmlega helming eða 40.8 millj. Þar að auki eru vöruleyfi eingöngu, sem búið er að greiða fyrir 63 millj. utan við gjaldeyris- og innflutningsáætlun. Af þessu má sjá, að búið er að veita leyfi út á nálega helming þess, sem ætlað er allt árið, þegar aðeins eru liðnir 2 mánuðir og 9 dagar af árinu. Hygg ég því, að nær hefði verið að kvarta yfir því, að of ört væri farið í leyfisveitingar en of hægt. Ég get vel skilið afstöðu hæstv. fjmrh. Þar sem hann þarf að greiða stórar fjárfúlgur, þarf hann á miklum innflutningi að halda. En þótt svo sé og þörf ríkissjóðs mikil, er ekki hægt að gefa út gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem ekki er hægt að fullnægja. Þetta virðist eiga fullum skilningi að mæta hjá verzlunarstéttinni, því að þrátt fyrir að hún á fundi sínum gerði ýmsar samþykktir um að auka gjaldeyris- og innflutningsleyfi, var hún því andstæð, að gefin væru út leyfi, sem ekki væri hægt að standa við. Og nú er svo komið, að gjaldeyririnn er þrotinn, og um síðustu áramót áttu bankarnir aðeins 2 milljónir utan skuldbindinga, auk 90—100 millj. kr. virðis í vörum, sem eru að smáfara og hafa skapað gjaldeyri, sem nemur 35 millj. í jan. og 29 millj. í febr. eða samtals 64 millj. kr. Ef nú eru eftir vörur, sem nema um 90 millj. kr. í landinu, en auk þess er í þessari áætlun síldarlýsi með of háu verði, ef fullnægja á samningum við Breta, eru því ekki eftir í landinu nema sem svarar 28 millj. kr. í gjaldeyrisvöru, auk þess, sem aflazt hefur síðan í lok janúarmánaðar. Við þetta bætist, að vetrarvertíðin hefur brugðizt, ekkert verið saltað og togararnir ekki selt fyrir þá upphæð, sem þjóðin þarfnast, ef gert er ráð fyrir 400 millj. króna gjaldeyristekjum. Útlitið hefur því versnað að stórum mun frá því, sem hægt var með skynsamlegu móti að búast við um áramót. Það hefði því verið óvarlegt af viðskiptan. að ganga lengra í leyfisveitingum en gert hefur verið. En afsökun n. er sú, að leyfi hafa aðeins verið veitt fyrir vörum, sem ekki var hægt að komast af án í landinu. Þá er svo komið, að dollaragjaldeyrir er gerþrotinn og fyrir liggja gamlar kröfur fyrir vörum frá Bandaríkjunum, svo sem nauðsynlegum varahlutum í vélar, hjólbörðum o. fl. Auk þess liggur í bönkum mikið af dollaraleyfum fyrir matvörum, áburði og fóðurvörum, sem ekki er hægt að hreyfa, og skipaleyfi, sem ekki hefur verið hægt að opna í margar vikur. Og í landinu eru ekki eftir vörur, sem neinu nemur, þegar samningnum við Breta hefur verið fullnægt. Auk þess þarf dollaragjaldeyri fyrir tilbúnum áburði, olíu og miklu af alls konar vélum og áhöldum. Af þessu má verða ljóst, að yfirfærslur fyrir þessum vörum eru svo að segja alveg stöðvaðar og stöðvast alveg, ef ekki verða gerðar einhverjar ráðstafanir. Og ætti hæstv. fjmrh. að vera þetta manna bezt kunnugt. Ég mun nú ekki fara frekar út í þetta, en tel, að þetta ætti að vera næg sönnun þess, að farið hefur verið jafnhratt í leyfisveitingar og unnt hefur verið og ef til vill of hratt, en afsökun n. er sú, að hún hefur aðeins gefið þau leyfi, sem ekki var hægt að komast hjá að gefa.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur gert áætlunarbúskap og fjárhagsráð að umtalsefni. Ég hef ekki hirt um að svara honum, þótt oft hafi verið ástæða til þess. En nú þykir mér ástæða til að svara ýmsum atriðum í ræðu hans, og má segja, að margt stangist á hjá þessum hv. þm. Dýragarðseigandinn frægi, Hagenbeck, sem þóttist hafa gott vit á öllu, sem laut að starfi sínu, sagði

margar sögur af dýrum, m. a. sagði hann, að slöngur væru þau gráðugustu dýr, sem til væru, t. d. hefðu tvær slöngur, sem saman voru í búri, étið hvor aðra upp eina nóttina. Nú er svo með þessa sögu, að hún er sjálfsagt ekki sönn, en það má heimfæra hana upp á ræðu hv. 2. þm. Reykv. um fjárhagsráð, að staðhæfingar hans éta hver aðra upp. Hv. þm. ræddi mikið um áætlunarbúskap og komst m. a. svo að orði, að allur áætlunarbúskapur væri í því fólginn að vísa á það, sem ekki væri til, og gera það sem allra fljótast. Ég get vel skilið, að maður með þessa skoðun sé á móti stefnu fjárhagsráðs, þar eð það hefur leitazt við að vísa ekki á það, sem ekki er til. En þessu fylgdi hv. 2. þm. Reykv., þegar hann átti sæti í nýbyggingarráði og ávísaði 160 millj. kr. á stofnlánadeildina, og vantaði 40—50 millj. kr. til, að hægt væri að uppfylla ávísunina. Það er áætlunarbúskapur að vísa á það, sem ekki er til, og gera það nógu fljótt. Í annan stað fann hv. 2. þm. Reykv. að því, að leyfisveitingar gengju ekki nógu fljótt. Hann komst m. a. svo að orði, að það væri engin afsökun að gefa ekki út gjaldeyrisleyfi, þótt gjaldeyrir væri ekki fyrir hendi. Ef hv. 2. þm. Reykv. hugsar svo, ætti allt að vera í lagi, þótt engir peningar séu til að greiða fyrir það allra nauðsynlegasta. Nú, þó að það skorti á, að fjárhagsráð hafi samið heildaráætlun um allar framkvæmdir í landinu á þessu ári, er þó fjárhagsráð komið vel á veg að gefa fjárfestingarleyfi fyrir byggingum á þessu ári. Nú er því svo farið með gjaldeyri og innflutning, að við erum að litlu leyti herrar yfir því, þar eð við erum fremur háðir verði, aflabrögðum og utanaðkomandi atvikum en flestar aðrar þjóðir í veröldinni. Ef síldarvertíð bregzt, þá munar það milljónum, og eins er, ef þorskvertíð bregzt o. s. frv. Verðsveiflur á lýsi og mjöli á erlendum markaði, sem mjög eru tíðar, geta einnig gert strik í reikninginn, svo að nemi milljónum og tugum milljóna króna. Því verðum við, þar sem mestur hluti af tekjum okkar byggist á útflutningsverzluninni og að henni sé haldið gangandi, að byggja á því, sem með skynsemi má áætla, að komi inn í landið.

Ég gat þess, að sjálf gjaldeyriseign landsins var þrotin um áramót, og vitað er, að lánsfé bankanna er á þrotum. Við höfum lagt í svo miklar framkvæmdir og stofnað til svo margra nýrra fyrirtækja á síðustu árum, að möguleikar bankanna til að lána fé í nýjar framkvæmdir eru tæmdir. Við erum búnir að binda hendur okkar að verulegu leyti um nokkurt árabil í því efni, þannig að ekki er hægt að ráðast í allt, sem raunverulega þyrfti að gera. Hins vegar er engin ástæða til svartsýni, þvert á móti, því að við eigum ákaflega mikla möguleika fyrir hendi, þar sem eru hin mörgu og stóru framleiðslufyrirtæki, en þó því aðeins, að við séum samkeppnisfærir um að selja framleiðslu okkar erlendis. Nú er það eitt af áhugamálum kommúnista, sem ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er ekki skilinn við, en vona, að hann geri bráðlega, að eyðileggja atvinnuvegi okkar, þar sem þeir vilja umfram allt játast undir hið austræna ok, þvert á móti öllum kenningum hv. 2. þm. Reykv. og áhuga þeim, sem komið hefur fram hjá honum fyrir íslenzkum atvinnuvegum, og ég vona, að hann með sinn áhuga breyti til í tíma, áður en það er of seint fyrir hann og þjóðina.

Eins og ég sagði áðan, verður raunverulega öll fjárfestingaráætlun okkar að byggjast á því, sem með skynsemi má áætla, að fáist fyrir afurðir okkar erlendis. Verðmæti útflutnings okkar nam um 300 millj. kr. á s. l. ári. Hins vegar nemur innflutningsáætlun þessa árs 400 millj. kr., og hefur þá allt verið skorið niður eins og frekast virðist unnt, svo að útflutningsverðmæti okkar þurfa eftir því að aukast um 100 millj. kr. á þessu ári til að vega upp á móti hinni miklu innflutningsþörf. Það, sem af er vertíðinni, hefur ekki gefið góðar vonir um, að þetta takist. Að vísu getur rætzt úr enn þá, en engin trygging er fyrir því. Ég hef áður minnzt á það hér, að innflutningsáætlunin skiptist hér um bil jafnt í þrjá vöruflokka: neyzluvörur, rekstrarvörur og hreinar kapitalvörur. Ég hygg, að á ýmsum sviðum sé áætlun þessi fremur of naum en of rúm, og þar sem viðskiptan. var núna 9. marz búin að gefa út leyfi fyrir helmingnum af þessari áætlun, má nærri geta, hvernig færi, ef n. legði hugsun hv. 2. þm. Reykv. til grundvallar gerðum sínum, þá hugsun, að skortur á gjaldeyri sé engin afsökun fyrir því að gefa ekki út gjaldeyrisleyfi. Það er vitað, að okkar lífsmöguleikar liggja nú ekki í fjársjóðum eða sem innistæður í bönkum utanlands, eins og var, þegar hv. 2. þm. Reykv. var að ávísa í nýbyggingarráði, heldur í atvinnutækjum. Nú væri það verðugt verkefni að reyna að sameinast um það, að þessi atvinnutæki okkar gangi með fullum krafti, ekkert skip sé bundið við festar, aldrei komi til neinnar rekstrarstöðvunar. Það er sannarlega verðugt verkefni fyrir alla að sameinast um þetta fjöregg þjóðarinnar, atvinnutækin. En því miður er hér nokkuð stór flokkur í landinu, sem heldur fram þveröfugri stefnu, sem setur sig aldrei úr færi að stöðva atvinnureksturinn og þar með raunverulega eyðileggja lífsmöguleika fólksins í landinu. Ég hef oftar en einu sinni heyrt hv. 2. þm. Reykv. finna að því, að þær áætlanir, sem fjárhagsráð ætti lögum samkvæmt að semja, lægju ekki fyrir hér fullskapaðar hverju sinni. Ráðið hefur nú aðeins starfað í 10 mánuði, en þó þegar aflað hinna mikilsverðustu upplýsinga um atvinnurekstur og alls konar framkvæmdir, sem nýbyggingarráð hafði ekki aflað, og úr því að þm. gefur tilefni til, má minna á það, að nýbyggingarráð, sem hann átti sæti í, gerði aldrei þá fimm ára áætlun, sem það átti að gera. Þær skýrslur, sem fjárhagsráð hefur safnað og látið gera, sýna ljóslega það, sem kom fram í hagfræðingaálitinu, að fjárfestingin hefur verið of ör undanfarin ár, og það verður að draga úr henni og fara gætilegar í sakirnar í þeim efnum, ef við eigum að sleppa við aukna verðbólgu og atvinnuleysi. Fjárhagsráð hefur reynt að haga því þannig, að unnið væri áfram af fullum krafti að þeim framkvæmdum, sem

byrjað var á og sýnt var, að hægt var að ljúka, en látið það, sem ekki var byrjað á og ekki var útlit fyrir, að hægt væri að ljúka við, sitja á hakanum. Stefnan hefur í fáum orðum verið sú, að reyna að láta hús og atvinnutæki, sem byrjað var á, er ráðið tók við störfum, koma sem fyrst að gagni, í stað þess að hafa svo mikið undir í einu, að engu væri unnt að ljúka til fulls. Allir hugsandi menn viðurkenna, að þetta sé rétt hugsun og rétt stefna. En af einhverjum ástæðum vill hv. 2. þm. Reykv. ekki líta þannig á, heldur ávísa áfram á það, sem ekki er til, og veita leyfi, þó að enginn gjaldeyrir sé fyrir hendi. Hann er svo oft og margsinnis búinn að túlka þau sjónarmið hér, að ég taldi rétt hér við 2. umr. fjárl. að víkja að þessu einu sinni. Þessi og þvílík ummæli hans eru eiginlega óskiljanleg, þegar tekið er tillit til gáfna hans og að mörgu leyti góða áhuga á atvinnumálum. En einmitt með tilliti til þeirra kosta hans vildi ég óska honum þess, að hann losaði sig úr þeim viðjum, sem hann er flæktur í, og gerði sér það ljóst, að það, sem honum er ætlað annars staðar frá, veldur þjóðinni óhöppum. Ég get svo látið útrætt um þetta.

Það er bezt fyrir alla að líta með nokkru raunsæi á hlutina, og ef menn gera það, þá komast þeir ekki hjá því, eins og sakir standa, að draga úr opinberum framkvæmdum, sem ella mundu auka verðbólguna og hindra framkvæmdir einstaklinga. Á undanförnum árum hafa verið fluttar inn 40—50 þúsund lestir af sementi að meðaltali. Sement er undirstaða bygginga, og til sementskaupa fer mjög mikill gjaldeyrir. Ef hið opinbera fer langt út í það að auka framkvæmdir sínar á þessu ári, hindrar það sams konar framkvæmdir einstaklinga sökum skorts á efni og vinnu og treður þá undir í samkeppninni. Að stríðinu loknu var nauðsynlegt fyrir ríkið að auka mjög verklegar framkvæmdir til að vega upp á móti setuliðsvinnunni, sem ekki var lengur til að dreifa. En þessar ástæður eru nú ekki fyrir hendi, heldur þvert á móti. Einstaklingar hafa nú einmitt ríka tilhneigingu til að ráðast í framkvæmdir, og margir þeirra eiga nóg fé til að leggja fram. Það er því ekki rétt af ríkinu að keppa við þessar einstaklingsframkvæmdir í ár. Ef það keppti nú ekki við þá, yrði það enn fremur til þess, að það, ríkið, stæði síðar betur að vígi til að halda uppi atvinnu í landinu með framkvæmdum, er draga tæki úr einstaklingsframkvæmdunum, og auka þær framkvæmdir, ef útlit væri fyrir atvinnuleysi. Þetta höfuðsjónarmið held ég ætti að ráða við afgreiðslu þess frv. til fjárl., er hér liggur fyrir.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér nokkrar brtt. við frv. til fjárl., sem hér liggur fyrir, og sumpart brtt. við brtt. frá hv. meiri hl. fjvn. á þskj. 461.

Fyrsta brtt., sem ég flyt, er við 12. gr. frv., sem er um framlag til fjórðungssjúkrahúss á Akureyri. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hversu það er nauðsynleg framkvæmd, sem þarna er á ferðinni, bygging þessa sjúkrahúss. Það hefur áður verið rætt við Alþ., hversu mikil nauðsyn væri að koma upp þessu sjúkrahúsi, þar sem sjúkrahúsið, sem nú er til á Akureyri, er orðið gamalt og úrelt, farið að fúna og ganga úr sér. En til Akureyrar sækja sjúkir menn langt að af landinu. Og á þeim rökum byggðist það, að hægt var þannig að byggja þetta fjórðungssjúkrahús, sem staðið hefur yfir í tvö ár, og er sú bygging ekki nærri búin enn þá. Þó að þetta stórhýsi sé svo langt komið, að það sé að komast undir þak, þá verður að hugsa fyrir því, að hægt sé að halda áfram þessari byggingu, svo að hún geti komizt sem allra fyrst í notkun til þess að bæta úr þeirri vöntun, sem er á sjúkrarúmum á Akureyri, bæði fyrir Akureyri sjálfa og þá landshluta aðra og sveitir, sem leita sér lækninga þangað. Í frv. er gert ráð fyrir því, að veittur sé aðeins 300 þús. kr. styrkur til þessarar byggingar á yfirstandandi ári. Hins vegar mun landlæknir hafa mælt með því við hv. fjvn., að til þessara framkvæmda yrði varið einni millj. kr., og hef ég tekið það upp í aðalbrtt., en hins vegar hef ég flutt sem varatill., að 500 þús. kr. yrðu veittar til sjúkrahússins á Akureyri á þessum fjárl. Og ég vænti þess, að ekki verði gengið skemmra í fjárveitingu en hér er farið fram á. Ég hef aflað mér upplýsinga um það, að eins og stendur, eða um síðustu áramót, þá var búið að verja í þessa byggingu rétt um tveim millj. kr., þar af lagt fram úr ríkissjóði 1100 þús. kr. En eins og hv. þm. vita, ber ríkissjóði að leggja í þessa byggingu ⅔ kostnaðar, og ætti ríkissjóður þess vegna að vera þegar búinn að greiða til þessarar byggingar 1200 þús. kr. Eftir þessu stendur upp á ríkissjóð að greiða um síðustu áramót um 90 þús. kr. Byggingarstjórn sjúkrahússins hefur nú þegar tryggt sér fjárfestingarleyfi hjá fjárhagsráði fyrir 1300 þús. kr. á þessu ári. Og það er alveg víst, að fyrir það fé verður unnið, svo framarlega sem ekki stendur upp á ríkið að greiða að sínum hluta, og mundi sá hluti, sem ríkissjóður ætti að greiða, vera 780 þús. kr. Og þegar þar við bætist sú skuld, sem ég hef áður skýrt frá, 90 þús. kr. af því fé, sem búið var að vinna fyrir um síðustu áramót, þá verður það samtals 870 þús. kr., sem ríkissjóður ætti að leggja fram á þessu ári, til þess að hægt væri að nota fjárfestingarleyfið að fullu, þessar 1300000 kr. Það er að vísu aðeins lægra en brtt. mín gerir ráð fyrir, en ég fór fram á þetta vegna þess, að ég hélt, að byggingin hefði kostað meira. En þetta sýnir þó, að þótt gengið yrði inn á varatill., 500 þús. kr., þá vantar verulega á, að ríkissjóður mundi standa í skilum með sína ⅔ hluta kostnaðar, sem honum ber að leggja í þessa byggingu l. samkvæmt. Ég vona þess vegna, að hæstv. Alþ. vilji ekki nú leggja stein í götu þess, að hægt sé að halda áfram þessum mjög nauðsynlegu framkvæmdum, og gangi a. m. k. inn á að samþ. varatill., sem er um það að veita 500 þús. kr. í þessar framkvæmdir.

Þá hef ég einnig flutt brtt. við brtt. meiri hl. hv. n. á þskj. 461, um framlag til Öxnadalsheiðarvegar. Mér kemur það dálítið undar-

lega fyrir sjónir, að í brtt. hv. meiri hl. n. er lagt til, að veittar verði 500 þús. kr. til Öxnadalsheiðarvegar. Er það allmiklu minna en veitt hefur verið á undanförnum árum til þessa vegar. Mér þykir það ákaflega undarlegt, að þetta skuli vera lækkað þannig, en hitt er enn undarlegra, að eftir brtt. n., sem útbýtt hefur verið, leggur meiri hl. n. til, að þetta framlag verði lækkað og ekki verði veitt til þessa vegar nema 400 þús. kr.

Mér hefur nú skilizt, og held ég, að ég megi fullyrða það, að það hafi verið talið sjálfsagt, og ég held ég muni það rétt, að vegamálastjóri hafi haldið mjög þeirri kenningu fram, að nauðsynlegt væri að leggja nú um skeið — það hefur verið gert nokkuð að því á undanförnum árum — megináherzla á það að ljúka nokkrum aðalvegum, sem tengi saman helztu héruð landsins og mest umferð er á. Og verður ekki annað sagt um leiðina frá Akranesi til Akureyrar en að þar er hin mesta umferð. Og nú er nýbúið að ljúka við þýðingarmikinn kafla á þeirri leið, sem er vegurinn yfir Hafnarfjall, og tengja þannig saman þessa aðalleið milli Norðurlands og Suðurlands. En þó er eftir talsvert langur og erfiður kafli á þessari leið, sem er í Norðurárdalnum, yfir Öxnadalsheiði. Ég tel það alveg sjálfsagt, að þegar búið er nú að ljúka við einn af verstu köflunum á þessari leið og ekki þarf að eyða fé í hann lengur, að þá sé ekki lækkað framlagið til þessara vega, heldur verði tekinn fyrir annar stór og erfiður kafli og veitt ríflega til hans, unz því verki er lokið, og það á sem skemmstum tíma. En í þess stað er þetta framlag skorið niður til mikilla muna frá því, sem verið hefur á síðustu árum, og það hefur verið lækkað mjög mikið niður fyrir það, sem vegamálastjóri hefur lagt til, að veitt væri til þessa kafla vegarins. Og það ætti ekki að vera eins erfitt að leggja fram fé til þessa vegar, þar sem búið er að ljúka þeim köflum, sem fjárfrekastir hafa verið á undanförnum árum, t. d. eins og veginum yfir Siglufjarðarskarð og Lágheiðarveginum til Ólafsfjarðar. Það verður ekki annað sagt en að nú sé tækifæri til þess að leggja meiri áherzlu á þennan kafla en áður hefur verið, svo að hægt verði að ljúka á sem skemmstum tíma við veginn milli höfuðstaðar landsins og höfuðstaðar Norðurlands. Og ef til vill er hægt að tryggja það með því að byggja góðan veg yfir Öxnadalsheiði, að vegurinn milli Reykjavíkur og Akureyrar verði fær allan veturinn eða allt árið um kring. Af þessum ástæðum er ég dálítið undrandi yfir þeirri afstöðu, sem hv. meiri hl. fjvn. hefur tekið um þetta, og að hún skuli leggja svo litla áherzlu á þennan veg og lækka framlagið til hans svona mikið frá því, sem verið hefur. Ég get þess vegna ekki stillt mig um að bera fram brtt. um það. Og ég legg til, að í staðinn fyrir þær 500 þús. kr., sem fjvn. virðist hafa ætlazt til í fyrstu, en hún síðar hefur lækkað niður í 400 þús. kr., komi 750 þús. kr. til þessa vegar, og mætti þá kannske segja, að það væri svipuð fjárveiting og verið hefur til hinna stærri vega, og væri þá hægt að ljúka á einu ári, 1949, að ganga þannig frá vegum á þessari aðalleið landsins, að hún gæti talizt sæmilega fær allt árið um kring. Ég trúi því í raun og veru varla fyrr en ég tek á, að hv. þm. vilji ekki halda þeirri stefnu, sem á undanförnum árum hefur gilt um þetta, og leggja áherzlu á að fullgera eldri vegi.

Þá flyt ég hér 3. brtt., sem er einnig við brtt. hv. meiri hl. fjvn. á þskj. 461, varðandi fjárframlag til hafnarmannvirkja, þ. e. a. s. framlag til hafnargerðar á Akureyri. Ég held, að það hljóti að byggjast á einhverjum misskilningi eða ekki nægilegri þekkingu á þörf Akureyrarkaupstaðar og þeim fyrirætlunum, sem uppi eru á Akureyri um framkvæmd að hafnarmannvirkjum, að hv. fjvn. hefur ekki ætlað til þeirra mála af hálfu ríkisins nema einar 75 þús. kr. Og hefur n. þannig sett Akureyrarkaupstað að miklum mun skör lægra en allmargar hafnir aðrar, sem að vísu hafa með höndum veigamiklar hafnarframkvæmdir, og þurfa þær vafalaust að halda á því fé, sem þeim er ætlað samkv. till. hv. fjvn., og sennilega miklu meira. En ég býst þó við, að þær hafnir komi ekki til með að hafa meiri framkvæmdir með höndum en Akureyri þarf að hafa og að mínu áliti hlýtur að gera nú á þessu ári og næsta ári. Bæjarstjórn Akureyrar hefur sótt um til fjvn. og Alþ. 800 þús. kr. til hafnarframkvæmda á þessu ári, og hefur hún gert fyrir því þá grein, að bærinn þurfi að endurbyggja aðalhafskipabryggjuna, sem þar er, Torfunesbryggjuna, sem er orðin mjög gömul, og hafa komið í ljós mjög alvarlegar bilanir, þannig að augljóst er, að ekki verður hjá því komizt lengi að endurbyggja þá bryggju, auk þess sem hún er of lítil fyrir skipaafgreiðslu, sem þar fer fram, og þarf því að breikka hana verulega til þess að fá meira pláss við bryggjuna og meira dýpi við hana fyrir skip, sem nú eru farin að flytja vörur þangað og munu gera hér eftir. Jafnframt þessu er alveg óhjákvæmilegt að byggja dráttarbraut á Akureyri til þess að fullnægja þeirri þörf, sem á því er að geta tekið upp á Norðurlandi þau skip, sem stunda þaðan veiðar. Og hafa sömuleiðis verið gerðar áætlanir um byggingu og tekin ákvörðun um það að hefjast handa á þessu ári og ljúka þeirri dráttarbrautarbyggingu á tveimur árum, þessu ári og næsta ári. Áætlanir um þetta hefur vitamálaskrifstofan gert og telur, að þurfi 1.5 millj. kr. Um endurbyggingu hafskipabryggjunnar hefur sama skrifstofa gert áætlanir og telur, að muni þurfa til þess 2 millj. kr., þannig að þær framkvæmdir, sem Akureyrarkaupstaður þarf að hafa með höndum á þessu ári eða næsta ári, eru áætlaðar upp á 3.5 millj. kr., eða ef því væri skipt á tvö árin, þá væru það 1750 þús. kr., sem þyrfti að vinna fyrir hvort árið um sig. Og ⅔ hluta af því ber ríkissjóði að leggja fram samkvæmt hinum almennu hafnarl. Nú hef ég heyrt það, að rök hv. fjvn. fyrir þessari ákvörðun sinni, að veita aðeins 75 þús. kr. til hafnargerðar á Akureyri, byggðust á því, að Akureyrarkaupstaður ætti innistæðu hjá ríkinu af fyrri fjárveitingu, sem ekki hefði verið unnið fyrir, og sú innistæða væri svo mikil, að ekki væri ástæða til þess að bæta við það vegna þess, að ekki yrði

unnið fyrir það allt á þessu ári. Eins og ég hef þegar sýnt fram á, eru líkur til, að unnið verði það mikið að hafnargerð Akureyrar á þessu og næsta ári, að framlag úr ríkissjóði ætti á hverju ári um sig að vera um 700 þús. kr. — 230 þús. kr. mun innistæðan vera, og þyrfti að veita 470 þús. kr. á þessu ári til þess að mæta framlagi ríkissjóðs til þessara fyrirhuguðu framkvæmda. Nú er mér kunnugt um, að á ýmsum fleiri stöðum stendur þannig á, að ríkissjóður er á eftir tímanum með sitt lögboðna framlag, þannig að þótt ekki yrðu veittar þessar 470 þús. kr., þá yrði það að vísu sambærilegt við ýmsar aðrar hafnir að því leyti, að ríkissjóður er langt á eftir. En svona rök vil ég ekki taka gild fyrir því, að ekki sé veitt til Akureyrar upphæð, sem sé sambærileg við aðrar hafnir, sem svipaðar framkvæmdir hafa á prjónunum. Og því hef ég lagt til, að Akureyri verði sett í flokk með 6 eða 7 stöðum öðrum, sem lagt er til, að fái 250 þús. kr. hver, fyrir utan einn þeirra, sem er Akranes, sem gert er ráð fyrir, að fái 350 þús. kr. Ég hefði viljað geta sætzt á það, að Akureyri yrði tekin í flokk með hinum 7 stöðum og fengi 250 þús. kr., og hef ég leyft mér að flytja brtt. um það. Ég held, að þessi afstaða hv. fjvn. sé byggð á því, að henni hafi ekki verið nægilega kunnugt um þær framkvæmdir, sem standa fyrir dyrum í hafnarmálum Akureyrarkaupstaðar. Og ég vildi því mælast til þess við hv. form. fjvn. og frsm. n., að hann vildi taka brtt. til athugunar á ný milli 2. og 3. umr., og mundi ég þá taka þessa till. aftur til 3. umr., ef einhver von væri til þess, að hún yrði tekin til frekari athugunar, því að ég veit ekki, á hverju það ætti að byggjast, þegar jafnstór og þýðingarmikill staður sem Akureyri er, þar sem fiskiskip af öllu Norðurlandi verða iðulega að leita hafnar, vegna þess að skilyrði fyrir þau eru ekki nægileg annars staðar, þegar slíkir staðir hafa ákveðið svo miklar framkvæmdir eins og fyrir liggur, að Akureyri hefur gert, að þá skuli ekki vera gert ráð fyrir meiri fjárveitingu en raun ber vitni í till. hv. fjvn. Ég fæ ekki skilið, að Akureyri skuli vera sett miklu lægra, hvað fjárveitingu snertir, en þeir aðrir 6 eða 7 staðir, sem n. leggur til, að veittar verði til 250 þús. kr.

Þá er hér loks brtt., sem ég hef flutt hér á þskj. 484 um það, að inn í kaflann um framlög til nýrra akvega verði tekinn nýr liður til þess að breyta þjóðveginum fyrir norðan Akureyri og brúa Glerá, 100 þús. kr. Það hefur nokkuð lengi verið talað um það fyrir norðan, og hafa farið fram viðræður við vegamálastjóra um það, að nauðsyn væri að breyta legu þjóðvegarins fyrir norðan Akureyri vegna þess, hve hún væri óheppileg, og þá alveg sérstaklega kaflanum innan við Glerá og brúnni, sem á henni er. En brúin er þarna niðri í djúpu gili, og eru mjög krappar beygjur báðum megin. Auk þess er vegurinn mjög hlykkjóttur, bæði norðan við brúna og eins sunnan við hana. Og gatan, sem komið er eftir inn í bæinn, Brekkugatan, er mjög óheppileg vegna þess, hve hún er þröng og erfið aðstaða til þess að breikka hana, enda ekki ætlazt til þess eftir skipulagi bæjarins, heldur er ætlazt til þess, að vegurinn liggi um Gleráreyrarnar og inn í Gleránargötuna, sem ætlazt er til, að verði breið umferðargata. En þessi lega vegarins veldur því, að umferð teppist iðulega þarna á veturna, vegna þess að snjór sezt í gilið, sem brúin er í, og á ýmsa aðra staði á veginum þarna. Og hafa verið miklar umr. um að breyta þessari legu vegarins og leggja hann gegnum Glerárþorp og byggja nýja brú á Glerá á þeim stað, þar sem nú er aðeins göngubrú yfir ána, sem sameinar Glerárþorp og Akureyrarbæ. Það hefur verið gerð áætlun um kostnað af því að breyta þannig legu vegarins og byggja nýja brú. Sú áætlun hefur verið gerð af Akureyrarbæ og endurskoðuð af verkfræðingi vegamálastjóra, Árna Pálssyni. Áætlunin mun vera upp á 400 þús. kr., bæði til þess að byggja brúna og breyta veginum á þessum kafla. Nú hefur hv. fjvn. hins vegar ekki tekið upp neinar till. í þessu efni, sem er kannske varla að vænta, vegna þess að ég veit ekki, hvort þetta hefur komið fram á þann hátt. Ég veit ekki, hvort bréf bæjarstjórnarinnar hefur legið fyrir fjvn. En ég hef leyft mér að flytja brtt. um, að 100 þús. kr. verði teknar upp í þessu skyni, eða einn fjórði partur af því, sem áætlað er, að þetta kosti, og mundi slík fjárveiting geta orðið til þess, að þessi framkvæmd yrði hafin og henni þá lokið á næstu árum, eftir því sem fé yrði veitt til þess frekar á fjárl. fram yfir þessa upphæð, sem hér er farið fram á. Ég held, að ekki verði um það deilt, að mjög mikil samgöngubót yrði að því að gera þessa breyt., ekki aðeins vegna þess, að með þessu yrðu betri tengsli á milli Glerárþorps, sem er orðið allfjölmennt þorp, og Akureyrarbæjar, heldur vegna þess, að það mundi mjög mikið greiða úr þeim samgönguerfiðleikum, sem þarna eru á vetrum, og líka greiða mikið fyrir fólksflutningum, sem fara fram á þessari leið. En þarna norðan Akureyrar og út með Eyjafirði er víðáttumikil sveit, sem hefur mikla mjólkurframleiðslu, og þaðan er flutt mjólkin til Akureyrar. Ég held, að það séu 7 eða 8 hreppar, sem þurfa að flytja mjólk til bæjarins þá leið. Og það mundi greiða mjög mikið fyrir þeim mjólkurflutningum, ef veginum yrði breytt á þennan hátt og komizt alveg fram hjá þeim erfiðleikum, sem stafa af snjóþyngslum á þessum kafla vegarins.

Ég held, að ég hafi þá gert grein fyrir þeim fjórum brtt., sem ég hef hér flutt. En ég vil aðeins endurtaka það, að mér væri alveg sérstök þökk á því varðandi till. um hafnargerð á Akureyri, að hv. fjvn. vildi taka það mál til *nánari athugunar, áður en 3. umr. fjárl. fer fram.*

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef ekki flutt neinar brtt. við fjárlagafrv. nú við þessa umr. og ætla mér nú ekki að fara að hefja hér neinar almennar umr. um frv. og brtt. hv. fjvn. En ekki að síður þykir mér ástæða til að segja hér nokkur orð, og þá fyrst um eina brtt. hv. meiri hl. fjvn., sem er á þskj. 461. En það er 41. brtt. þar, sem fjallar um það að fella niður

einnar millj. kr. fjárveitingu af lögbundnu framlagi til nýbýla og byggðahverfa, eins og það er ákveðið í l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum frá 1946. Ég skal taka það fram, að það hefur ekki verið leitað samkomulags um þessa brtt. við nýbýlastjórn ríkisins eða framkvæmdastjóra hennar. Og ég tel fyrir mitt leyti og hygg, að það sé einnig svo um mína samnefndarmenn, að meðan í fjárl. ríkisins er jafnmikið af fjárframlögum til ónauðsynlegrar eyðslu eins og enn er, þá beri ekki að byrja sparnaðarniðurskurð á því að höggva þarna niður og stoppa þær framkvæmdir, sem áformaðar hafa verið á þessu sviði og nauðsynlegar eru á komandi árum. Einn samstarfsmaður minn, hv. 1. þm. Skagf., búnaðarmálastjórinn, talaði nýlega um þessi mál í útvarpsræðu og gat þess, sem við vitum allir, að ástæðurnar til þess — varðandi ákvæði l. um nýbýli og samvinnubyggðir eða þann hlutann, sem er um byggðahverfi og er í l. frá 1936 og eins í l. frá 1941, — að engar framkvæmdir höfðu verið hafnar í þeim efnum, voru einungis þær, að ekkert fé hafði verið til þess veitt. Nú er fyrst með þessum lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum frá 1946 ákveðið að veita 2½ millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn 1947. Og mér þykir í sjálfu sér nokkuð hart, að hv. meiri hl. fjvn. skuli telja þessa upphæð þá fjárhæð í fjárl., sem fyrst beri að ráðast á. Auk þess er þess að geta, að í sjálfu sér er náttúrlega ekki hugsanlegt, að þetta hafi verulega þýðingu, nema viðkomandi l. sé breytt, því að ákvæði þeirra eru mjög skýr um það, að það eigi að leggja þetta fé fram. Nú í dag hefur að vísu líka verið lagt fram í Ed. frv. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, en samkvæmt því frv., eins og það er orðað, er ætlazt til þess að taka eina millj. kr. af framlagi til byggingarsjóðs, sem þessi l. eru um. Það mun að vísu vera villa í því frv., sennilega af óaðgæzlu. — En ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. form. og frsm. fjvn., að hann taki þennan 41. tölul. brtt. aftur til 3. umr., þar til séð kynni að verða, hvort þessi ákvæði í frv. í hv. Ed. til breyt. á þessu ákvæði ná fram að ganga.

Varðandi þau mál, sem mér standa næst sem þm., snertandi mitt hérað um samgöngubætur og hafnarbætur og annað, sem ég óskaði eftir, að lagt yrði fram fé til á fjárl., þá er mér náttúrlega ljóst, að hv. fjvn., sem hefur takmarkaða fjárhæð til að skipta og hlutfallslega lægri en oft áður, er í miklum vanda stödd viðkomandi skiptingu á því fé. Get ég verið henni þakklátur fyrir ýmsar hennar till., að því leyti sem hún hefur tekið mínar óskir meira eða minna til greina. En ég vil segja, að í því sambandi eru tvö nauðsynjamál, sem mér þykir eiginlega það lítið fé veitt til, að ég er nokkuð óánægður með það, þó að ég hafi ekki flutt brtt. um það við þessa umr. Annars vegar er það Skagastrandarvegur, sem full nauðsyn er á að geta klárað, og hins vegar Blöndubrúin. Ég mun taka eftir því, hvernig verður afgr. á fjárlagafrv. við lok þessarar umr. og einnig taka eftir brtt., sem fram koma við 3. umr., og athuga eftir því, hvort ég tel líklegt til árangurs að bera fram brtt. um þessi atriði.

Loks vil ég svo víkja að einni brtt. frá hv. meiri hl. fjvn., sem er síðasta brtt. á þskj. nr. 461, nr. 75, um frestun á framkvæmdum, ef fjárskortur verður hjá ríkissjóði, og um geymslu á því fé, sem ætlað er samkv. fjárl. til þessara framkvæmda, sem þar er um að ræða. Þessi brtt. er að því leyti til nokkuð óljóst orðuð, að það er ekki tekið fram í henni, sem einhver ágreiningur mun vera um, hvort það sé ekki ætlun fjvn., að það fé, sem veitt hefur verið á fjárl., en ekki hefur verið eytt, vegna þess að það hafa ekki verið veittar nægilega háar fjárveitingar á undanförnum tveimur til þremur árum til vega- og lendingarbóta, — hvort það sé ekki ætlunin, að það fé sé geymt áfram, þangað til hægt er af ástæðum varðandi vinnukraft og efni að ráðast í þær framkvæmdir, sem féð hefur verið veitt til. Ég vænti þess, að hv. frsm. meiri hl. fjvn. svari því síðar, áður en þessari umr. er lokið, og greini þá nánar frá, hvort það sé ekki meining hv. fjvn., sem að vísu tekur sig nokkuð greinilega út í brtt., sem n. hefur gert varðandi Skálholtsskóla, sem tekinn var upp endurflutningur á fjárveitingu til. En þetta atriði skiptir mjög miklu máli um ýmsar þær framkvæmdir, sem hafa verið veittar tiltölulega litlar upphæðir til á undanförnum tveimur árum, og það litlar, að þess vegna hefur ekki verið hægt að hefja framkvæmdir.

Að öðru leyti ætla ég að leiða hjá mér að ræða þau mál, sem hér liggja fyrir í sambandi við fjárlagafrv., ef ekki gefst frekara tilefni til.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. nr. 480,VIII ásamt hv. þm. S-Þ. eina litla brtt., sem er um smávægilegan styrk til Geirs Sigurðssonar fyrrv. lögregluþjóns. Þessi maður slasaðist fyrir mörgum árum, þá ungur maður. Það eru nú nær 20 ár síðan. En þegar hann slasaðist, var hann við sín skyldustörf, og hefur hann ekki fengið heilsuna síðan. Hann hefur að kalla má algerlega verið frá störfum síðan. Og ekki nóg með það, að hann hafi ekki verið vinnufær, heldur hefur hann liðið meiri og minni þrautir alla tíð, síðan hann varð fyrir þessu slysi. Reykjavíkurbær hefur veitt þessum manni nokkurn lífeyri, en allt of lítinn til þess, að hann geti ásamt fjölskyldu sinni haft lífsframfæri af því. — Þar sem þessi maður gegndi að nokkru leyti störfum í þágu ríkisins, þegar hann varð fyrir þessu óhappi, er ekki nema sanngjarnt, að ríkið leggi fram fé til lífsframfæris honum á móti Reykjavíkurbæ. Á þinginu í fyrra var þessum manni veittur nokkur styrkur, og þess vegna finnst mér ekki nema sjálfsagt, að það sé ekki niður fellt nú. Það er ekki von til þess, að þessi maður geti unnið að neinu, sem hann hafi tekjur af, hér eftir. Heilsu hans er þannig farið. Sá litli framfærslueyrir, sem hann fær bæði frá Reykjavíkurbæ, og þeir fjármunir, sem hann kann að fá gegnum almannatryggingarnar, er hvort tveggja svo lítið, að engin leið er fyrir fjölskyldumann að bjargast af því. Mér finnst það vera nógu mikil raun fyrir mann,

sem fyrir því verður á ungum aldri að hafa tapað möguleikunum til þess að bjarga sér og hefur síðan liðið miklar þrautir, þó að ekki bætist þar við, að hann eigi í stórkostlegum erfiðleikum með að lifa lífinu sökum efnaskorts og fátæktar og geti ekki séð sér og sínum farborða og að hann hafi það á tilfinningunni til viðbótar, að fjölskylda hans líði skort. — Ég vænti þess, að hæstv. Alþ. fallist á þessa brtt. mína. Ég held, að þetta mál sé þannig vaxið, að hæstv. Alþ. geti ekki með góðri samvizku daufheyrzt við þessari málaleitun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir mjög leitt, að hv. þm. Ísaf. er ekki hér staddur í salnum. Ef menn vissu af honum einhvers staðar í húsinu, væri skemmtilegra, að hann væri hér, því að ég þyrfti að svara nokkrum orðum af því, sem hann var að minnast á í ræðu sinni hér áðan. Ég álít, að það væri mjög nauðsynlegt að ræða ýtarlega um áætlun fyrir þjóðarbúskapinn árið 1948. Og eins og ég hef tekið fram, þá er mjög erfitt að afgr. þessi fjárl., án þess að fyrir liggi fullkomlega samþ. af Alþ. sú fjárhagsáætlun, sem þar eigi að leggja til grundvallar. — En þegar hv. þm. Ísaf., sem sæti á í fjárhagsráði, var áðan að svara ádeilum, sem höfðu komið fram frá mér og í öðru lagi frá hæstv. fjmrh. og enn fremur frá hv. form. fjvn., þá virtist hann í raun og veru hafa mjög litlu þar til að svara. Hann byrjaði á því að segja, að viðskiptanefnd hefði farið hraðar að því að úthluta gjaldeyris- og innflutningsleyfum heldur en áætlað var og búið væri að úthluta gjaldeyrisleyfum fyrir 150 til 160 millj. kr., ef ég hef tekið rétt eftir. Ég vil nú spyrja: Ef búið er, meira að segja án þess að ríkisstj. viti af, að úthluta gjaldeyrisleyfum fyrir þetta ár fyrir 150 til 160 millj. kr., hverjir hafa fengið þessi leyfi og eftir hvaða reglum hefur þessum leyfum verið úthlutað? Það eru ákveðin fyrirmæli í sambandi við fjárhagsráðslögin um það, hvernig úthlutað skuli þessum leyfum. Og það er vitanlegt, að frá því að ríkisstj. var mynduð og fjárhagsráð sett á laggirnar hefur staðið deila innan hæstv. ríkisstj. og innan fjárhagsráðs um það, eftir hvaða reglum eigi að úthluta þessum leyfum. Nú er upplýst hér í dag af einum meðlim úr fjárhagsráði, að búið sé að úthluta leyfum fyrir fullum helmingi af því, sem eigi að flytja inn á þessu ári. Þetta er gert, að því er virðist, án þess að ríkisstj. viti um það og án þess að gefið sé upp, eftir hvaða reglum þetta sé gert. Það er vitað, að Alþ. hefur sett ákvæði þessu viðkomandi. En það virðist, að þessari úthlutun hafi verið hagað eftir reglum, sem hafa verið algerlega duldar almenningi og í engu samræmi við nokkur lög eða reglur. Og fyrst við fáum þessar upplýsingar nú um það, hve mikil leyfi er búið að veita, sem hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa vitað um áður, þá væri gott að fá upp gefið, eftir hvaða reglum þetta hefur verið gert. Það er leitt, að hv. þm. Ísaf. er ekki hér nú til þess að svara þessari fyrirspurn. En það fer þá að vera nokkuð einkennilegt með okkar þjóðarbúskap, ef gefnar eru upplýsingar um, að embættismenn þjóðarinnar framkvæmi þetta og þetta verk, án þess að ríkisstj. hafi vitað um og án þess að farið hafi verið eftir nokkrum lögum eða reglum, sem settar hafa verið af Alþ. og ríkisstj. — Hv. þm. Ísaf. sagði, að viðskiptanefnd hefði farið hraðar að úthlutun innflutningsleyfa en ráð hefði verið fyrir gert. Mig langar til að spyrja: Hvernig var gert ráð fyrir af hálfu fjárhagsráðs, að farið yrði að um úthlutun þessara leyfa? Var gert ráð fyrir að fara eitthvað hægar í það að úthluta þeim en þetta, þannig að ekki væri búið að úthluta þetta miklum leyfum í marz, heldur í apríl eða maí, og hefur þá viðskiptanefnd þarna farið þvert á móti því, sem fjárhagsráð ætlaðist til? Hafa þessar leyfisveitingar ekki verið í samræmi við það, sem fjárhagsráð samþykkti? — Mér virðist hver einasta upplýsing hv. þm. Ísaf. um þessi efni vera á þá lund, að það sé megnasta stjórnleysi í þessum hlutum hjá þessari undirnefnd fjárhagsráðs, viðskiptanefnd.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að innflutningsleyfi hefðu verið veitt utan við áætlun. Og ég gat ekki betur heyrt en að það væri upp á 50 til 60 millj. kr., sem veitt hefðu verið leyfi utan við áætlun, og mest á vörum, sem hér hafa legið. Nú langar mig til að biðja um skýringar. Er áætlunin, sem ráðgerð er um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, eitthvað sérstakt út af fyrir sig, en svo eigi að veita fyrir utan hana svo og svo mikið af slíkum leyfum? — Ég veit ekki, hvers konar stjórnarhættir þetta eru. Ef einhverjar vörur liggja hér á hafnarbakkanum, eru þær þá rétthærri heldur en vörur, sem utanlands eru og kannske búið að kaupa? Og hvort eru þessar vörur, sem liggja á hafnarbakkanum án innflutningsleyfa, rétthærri en vörur, sem menn hafa innflutningsleyfi fyrir á þann hátt, sem er samkvæmt viðurkenndum reglum? Og ef vörur liggja á hafnarbakkanum utan við áætlun um innflutning, eiga þá eigendur þeirra vara að vera rétthærri gagnvart áætlun um innflutning en menn, sem aflað hafa vara til landsins eftir réttum lögum og reglum? Ég held, að hv. þm. Ísaf. ætti að gefa þm. dálitla skýringu á þessu háttalagi, — ef það er ekki orðið svo með embættismenn í þjóðfélaginu, sem hafa fengið fulltingi hjá ríkisstj., að þeir álíti sig standa ofar Alþ., svo að þeir þurfi ekki að svara því til saka fyrir gerðir sínar. Ég veit ekki til þess, að þær þjóðir, sem hafa áætlun um notkun síns gjaldeyris, veiti nokkuð af gjaldeyri aukalega, utan við þá áætlun.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að það síldarlýsi, sem reiknað hafi verið með um áramótin, að til væri, mundi að öllum líkindum hafa verið reiknað of hátt í áætlun fjárhagsráðs. En hvað er síldarlýsið reiknað hátt í áætlun fjárhagsráðs? Hann talaði einnig um, að það muni hafa verið selt til Englands samkv. þeim samningi, sem gerður hafi verið, fyrir lægra verð. Má ég spyrja: Fyrir hvaða verð var lýsið selt til Englands? Það er upplýst í Vísi, að búið sé að gera samning við Tékkóslóvakíu. Þangað mun vafalaust vera selt síldarlýsi líka. Fyrir hvaða verð er síldarlýsi selt þangað? Það er vitanlegt, að

þangað hefði verið hægt að selja fyrir hæst verð síldarlýsi. Það væri mjög ánægjulegt að fá upplýsingar um þetta. Og það er slæmt, að það sé skellt fram upplýsingum, eins og gert var áðan, án þess að þm. geti fengið að vita, hvernig þessi mál raunverulega standa.

Þá kom hv. þm. Ísaf. að því að segja, að vertíðin hefði brugðizt. Ég veit, að hv. þm. Ísaf. hefur nú upp á síðkastið verið voða-svartsýnn. En mér finnst þurfa alveg ógurlega svartsýni til þess að finna það út, að vertíðin hafi brugðizt hér á Íslandi. Ég á satt að segja voða-erfitt með að skilja það. Ég veit ekki betur en að auk þorskvertíðarinnar hafi gerzt sá hlutur hér, að aukavertíð hafi komið upp í hendurnar á okkur, sem fjárhagsráð í sinni djúpu speki hafi alls ekki reiknað með, og að þessi vertíð hafi gefið álíka mikinn gjaldeyri eins og tvær sumarsíldarvertíðir undanfarið. Svo veit ég ekki til þess heldur enn sem komið er, að það hafi farið þannig með þorskvertíðina, að hægt sé að segja, að hún hafi brugðizt. Hún er vafalaust minni nú heldur en verið hefur. En a. m. k. mestur hlutinn af henni er eftir enn þá. Og það hefur skapazt ný vertíð, sem þegar er búin að gefa okkur álíka mikið og tvær sumarvertíðir. Ef menn segja nú eftir þessar gjafir, að vertíð hafi brugðizt, sannandi þó um leið, að þeir hafi ekki reiknað með, að vetrarsíldarvertíð yrði, þá verð ég að segja, að slíkt mundi einhvern tíma í gamla daga hafa þótt af fólki, sem þá lifði, vera að misvirða gjafir skaparans. Ég skil ekki, hvernig menn ættu að haga sér í illu árferði á Íslandi, ef rétt væri að barma sér, þegar svona gengur. — En það má vera, að hv. þm. Ísaf. hafi haft allt annað en þetta í huga, nefnilega að hann hafi verið að hugsa um að gera hér út á atvinnuleysi og að fjárhagsráð hefði þurft að skapa það, en sú vertíð hafi brugðizt. En það get ég ekki harmað, þó að slík vertíð bregðist. Það má vera, að í augum hans sé síldarvertíðin í Hvalfirði óttaleg ógæfa, vegna þess að hún hafi eyðilagt öll plön, sem fjárhagsráð hafi haft. En Hvalfjarðarsíldin hefur komið sér vel fyrir þjóðarbúið, þannig að vertíð þjóðarbúsins hefur tekizt, en vertíð fjárhagsráðs brugðizt. Ég verð að segja, að eftir ræðu hv. þm. Ísaf. finnst mér ekkert undarlegt, þó að hæstv. fjmrh. og hv. form. fjvn. hafi eitthvað að athuga við það, hvernig fjárhagsráð starfar og hugsar, ef ræða hv. þm. Ísaf. er spegilmynd af því, hvernig hlutirnir ganga þar fyrir sig.

Svo kom hv. þm. Ísaf. inn á það, hvernig það væri um úthlutun viðvíkjandi gjaldeyrinum og hve allt væri erfitt þar, gjaldeyririnn væri þrotinn, það lægi ekkert fyrir til þess að kaupa fyrir það, sem við þyrftum að fá fyrir dollara. Mér liggur við að spyrja: Hvað hefur fjárhagsráð gert eða lagt til, til þess að reynt yrði að afla gjaldeyris og til þess að reyna að tryggja, að að gjaldeyrisöflun hjá þjóðinni yrði unnið af fullum krafti? Það væri nú hlutverk fjárhagsráðs að reyna að skipuleggja þessa gjaldeyrisöflun. Fjárhagsráð átti að gera áætlanir um okkar útflutning og innflutning. Það var þess vegna alveg sérstakt hlutverk þessa ráðs að reyna að hugsa um, hvernig það gæti sem allra öruggast búið í haginn fyrir þjóðina hvað þetta snertir. Fjárhagsráð átti að gegna þessu hlutverki fyrir ríkisstj. og leggja fyrir ríkisstj. einmitt, hvað hægt væri að gera í þessum efnum. Hvernig hefur þetta gengið? Auðvitað vissu fjárhagsráðsmennirnir, að dollaragjaldeyririnn var genginn til þurrðar. Þeir vissu, hvaða vörur vant var að kaupa fyrir dollara. Hvað hafa þeir unnið að því að útvega dollaragjaldeyri? Þeir reikna með 140 millj. kr. virði, sem þjóðin þurfi að kaupa á árinu fyrir dollara. Hvaða áætlun er til um það, hvernig eigi að afla þessara dollara? Hún er ekki til. Þeir segja bara: Dollararnir eru þrotnir hjá okkur, og við vitum ekki, hvar við eigum að fá dollaragjaldeyri. — Er það meiningin hjá þessum mönnum, að svona eigi þetta að ganga til og af því að þeir sjái ekki nein úrræði, þá eigi ekkert að gera? Undir venjulegum kringumstæðum ættu þeir að segja af sér og tilkynna, að þeir geti ekki átt við þetta. — Ég kom inn á það í haust í ræðu, skömmu eftir að þing kom saman 1. október, að ein af þeim ráðstöfunum, sem við þyrftum að gera, væri að reyna að afla okkur þeirra vara, sem við þyrftum að fá, á þann hátt, sem ýmsar aðrar þjóðir í Evrópu voru að gera. Ég benti á það þá, að ýmsar þjóðir í Evrópu væru að gera samninga sín á milli til þess að tryggja sér á þann hátt þær vörur, sem þær þyrftu að fá. Hver einasta þjóð annars staðar í Evrópu hefur meiri eða minni áætlunarbúskap hjá sér til þess að tryggja sér þannig fyrir fram þær vörur, sem þær þurfa að fá. Ég vakti þá athygli á, að þetta væri nauðsynlegt fyrir okkur að gera líka, að gera þá samninga strax í haust s. l. til þess að tryggja okkur markaði fyrir okkar vörur þetta ár og jafnvel fleiri ár. Ég benti á, að það væri verið að gera slíka samninga til margra ára, m. a. af þeim þjóðum í Austur-Evrópu, sem hafa verið viðskiptaþjóðir okkar. Og ég lagði áherzlu á, að við yrðum að nota þetta tækifæri, sem þá var til samninga, til þess að það gengi okkur ekki úr greipum. Og fjárhagsráð, sem átti að semja áætlun um það, hvað af vörum við þyrftum að flytja til landsins, hefur vafalaust vitað um þetta. Og við hefðum getað gengið út frá því, að þetta ráð hefði lagt till. fyrir ríkisstj. um að gera þessa samninga og um að tryggja okkur nauðsynlegar innflutningsvörur, svo sem kornvörur, — sem hv. þm. Ísaf. taldi, að við þyrftum að borga dollara fyrir, — vegna þess að flestar þjóðir í Evrópu hafa verið að gera samninga um að fá kornvörur frá Sovétríkjunum, sem hafa verið eitt hið bezta viðskiptaland okkar á undanförnum árum. Fóðurvörur hefur verið hægt að kaupa þaðan líka í stórum stíl. Bílagúmmí er gengið út frá í áætlun fjárhagsráðs, að sé hægt að fá keypt frá Tékkóslóvakíu. Allar þessar vörur, sem hv. þm. Ísaf. nefndi sérstaklega áðan, að við þyrftum að borga dollara fyrir, er vitað um, að ýmsar þjóðir Evrópu vilja gera samninga við Sovétríkin um til að fá þær þaðan. Það er kapphlaup nú um þessar vörur í heiminum, sérstaklega kornvörur. Og sé maður í kapphlaupi

um að ná einhverju, þá gildir um að vera fljótur. Það er mjög óskynsamlegt fyrir menn, sem eru í kapphlaupi, að standa kyrrir á sama stað, og maður nær venjulega ekki í það, sem maður þarf, með þeim undarlega hætti fjárhagsráðs. Með því er aðeins hægt að sitja af sér öll tækifæri. Hugsum okkur, ef sú aðferð hefði verið höfð í stað þess, sem gert var, þegar við gerðum togarakaupin, að beðið hefði verið í tvö ár með að kaupa þá. Hvernig hefði þá farið? — Það hefði verið hægt að gera þessa samninga, sem ég var að ræða um, í haust s. l. En engar till. hafa komið frá fjárhagsráði til hæstv. ríkisstj. um þetta, — frá því ráði, sem átti að gera till. um það, á hvern hátt bezt væri að haga innflutningnum, og átti að vera þannig sérfræðingur ríkisstj. um þetta. Það væri eðlilegt nú, þegar þessir menn koma fram hér á Alþ. og kvarta yfir því, að þeir viti ekkert, hvað þeir eigi að gera, að spyrja, hvers vegna þeir hafi sleppt tækifærunum, sem voru fyrir hendi í haust til að semja við Austur-Evrópuríkin. Það er ekki heil brú í þeirri áætlun, sem gerð hefur verið um útflutning og innflutning til landsins. Og hér verður hv. þm. Ísaf. sem fjárhagsráðsmaður að segja við okkur: Við vitum ekki, hvar við eigum að fá þessa peninga, sem við þurfum til innflutningsins.

Ég man, hvernig Framsfl. deildi á okkur, sem vorum í nýbyggingarráði, fyrir það, hvað við tækjum há laun. Og hæstv. núverandi menntmrh. spurði mig einu sinni, hvort ég skammaðist mín ekki fyrir að taka svona há laun í nýbyggingarráði. Ég býst við, að eftir að Framsfl. hefur fengið tvo fulltrúa í fjárhagsráði, þá hafi hæstv. menntmrh. ekki þurft að skammast sín fyrir þeirra laun. En ég hef þó heyrt, að launin hafi verið hækkuð við fjárhagsráð frá því, sem nýbyggingarráð hafði, og starfslið hafi aukizt verulega og húsnæði verið aukið stórum. Og enginn maður fær þó að sjá framkvæmdir eða ráðstafanir, sem þetta ráð hefur gert, sem sérstaklega hafa orðið þjóðinni til nokkurra heilla. Hv. þm. Ísaf. vildi fara hér í meting um, hvað unnið hefði verið af þessum ráðum hvoru fyrir sig. Og ég skal gjarnan taka upp þann samanburð, hvenær sem hann vill, um störf þessara ráða. Í tíð nýbyggingarráðs voru unnin öll þau stórvirki með aðstoð þess, sem fleyta enn þá núv. hæstv. ríkisstj. En af hálfu fjárhagsráðs hefur ekkert verið gert annað en að reyna að skera niður og hefta framkvæmdir landsmanna. — Ég held þess vegna, að hv. þm. Ísaf. ætti hér að standa fyrir sínu máli og sínu ráði, ef hann vill taka upp umr. um það, sem hefur verið mjög erfitt að fá hann út í fram að þessu. Ég tók eftir því, að í ræðu sinni hér áðan svaraði hann ekki einu einasta orði af því, sem ég talaði um í minni ræðu. Hins vegar mun hann hafa haft gamla punkta hjá sér, sem hann hefur e. t. v. langað til að svara fyrir einu eða tveimur árum síðan. En það eina, sem hann talaði um úr minni ræðu, var, að ég hefði sagt, að það yrði að vísa á það, þegar um gjaldeyrisúthlutun er að ræða, sem ekki væri til, ef menn vildu hafa áætlunarbúskap. Og út yfir þetta var hann að breiða sig. En á hvað ávísaði viðskiptanefnd, þegar hún, sem hann var að tala um, gaf út gjaldeyris- og innflutningsleyfi upp á 160 millj. kr.? Var sá gjaldeyrir til? Eða eru þessar 160 millj. kr. ekki til? Ég býst við, að hv. þm. Ísaf. verði að viðurkenna, að öll „praxis“ í áætlunarbúskap verði að byggjast á því að ávísa á það, sem ekki er til, en menn hafa skynsamlega ástæðu til að ætla, að verði til á þeim tíma, sem búast má við, að gjaldeyrisleyfin komi til framkvæmda. Afleiðing þess að vísa ekki á það, sem ekki er til, yrði sú, að hráefni, sem tekur oft 6 mánuði að fá, frá því að gjaldeyrisleyfi er gefið út til kaupa á því, mundi koma allt of seint, ef ætti að fara þá fyrst að gefa út gjaldeyrisleyfi fyrir kaupum á því, þegar gjaldeyririnn lægi fyrir, og á þeim tíma kannske, sem þyrfti að fara að nota það hráefni. Það væri eins og við ætluðum ekki að veita gjaldeyrisleyfi fyrir kaupum á tækjum til þess að veiða með fisk, fyrr en farið væri að veiða fiskinn. Þess vegna er ekki til neins að reyna að snúa þarna út úr. Ég veit líka, að þessi seinagangur, sem verið hefur á störfum fjárhagsráðs og undirnefndar þess, hefur valdið stórtjóni. Íslenzkur iðnaður hefur sýnt það. Og ég býst við, að það sé orðið fjárhagsráði ljóst, að það þarf að gefa út gjaldeyrisleyfi fyrir hráefnum til iðnaðarins alllöngu áður en á að fara að nota hráefnin til framleiðslunnar. Og m. a. vegna fyrirhyggjuleysis fjárhagsráðs hefði atvinnuleysi skollið yfir hér í Reykjavík í ríkum mæli, ef síldin í vetur hefði ekki komið í veg fyrir það.

Þá talaði hv. þm. Ísaf. um, að nýbyggingarráð hefði gefið út ávísanir á stofnlánadeildina, en það var skilyrði til þess að fá lán úr henni, að meðmæli nýbyggingarráðs lægju fyrir, og þau meðmæli voru gefin út til þeirra fyrirtækja, sem hentug þóttu til þess, að þjóðin gæti aflað sér gjaldeyris, því að engan þeirra manna, sem fengust við framkvæmdir til að afla gjaldeyris, mun hafa grunað, að nokkrir menn stjórnuðu þannig, að eftir að búið væri að kaupa framleiðslutækin, mundu þau verða látin stoppa vegna fyrirhyggjuleysis. Og slíka stöðvun er ekki hægt að gera, nema meira eða minna vitlausir menn stjórni þjóðarbúinu. Okkar þjóðarbú getur ekki verið svo fátækt, að það geti ekki rekið þau framleiðslutæki, sem það hefur vinnuafl heima fyrir til að vinna við.

En í sambandi við ádeilu hv. þm. Ísaf. viðkomandi stofnlánadeildinni, þá langaði mig til þess að spyrja hann, — eða ef hæstv. viðskmrh. væri hér, gæti hann líka svarað. Það var vitað í haust, að það mundi kreppa að um fé stofnlánadeildarinnar. Það hefur komið í ljós, að þrátt fyrir þær 100 millj. kr., sem seðlabankinn lætur stofnlánadeildina fá til lána, þá vantar fé til að lána til 20 mótorbáta. Og það var upplýst í haust, að bæði stjórnendur stofnlánadeildarinnar og fjárhagsráð voru sammála um skilning á þessu þannig, að það ætti ekki að lána ríkustu togarafélögunum í Reykjavík, fyrr en þau hefðu lagt fram að sínu leyti úr þeim nýbyggingarsjóðum, sem þau áttu, þannig að fyrst yrðu þau framlög lögð fram úr nýbygging-

arsjóðunum. Og þetta var álit bankaráðs Landsbankans þá. En viðskmrh., ráðh. Alþfl., sem hefur yfir bankanum að segja, hann gefur út bréf með nýrri skýringu á þessari grein, sem hefur það í för með sér, að það voru teknar 8 millj. kr. út úr stofnlánadeildinni til þess að lána þeim togarafélögum, sem mest áttu í nýbyggingarsjóðum sínum, án þess að séð væri fyrir því, að nægilegt lánsfé væri fyrir hendi handa öðrum togarafélögum eða bæjarfélögum, sem höfðu keypt togara, og þeim mótorbátaeigendum, sem margir og þar með bæði stjórn stofnlánadeildarinnar og fjárhagsráð höfðu reiknað með, að ættu að fá þessi lán. En viðskmrh. Alþfl. breytir með sínu bréfi túlkun á þessari reglu, og það hefur þær afleiðingar, að 8 millj. kr. eru teknar út úr stofnlánadeildinni til aðila, sem áttu a. m. k. frekar að sitja á hakanum um að fá lánin heldur en fyrirtæki eins og togarar bæjarfélaga og fátækir mótorbátaeigendur. Og hvernig stóð á þessari ávísun á stofnlánadeildina? Um hverja var verið að hugsa þarna? Ég er ekki að drótta neinu að hæstv. viðskmrh., þó að hann sé togaraeigandi. En af hverju er hæstv. viðskmrh., samflokksmaður hv. þm. Ísaf., að gefa út svona ávísanir á sjóð, sem lítið er til í?

Þá talaði hv. þm. Ísaf. um, að skortur á gjaldeyri væri höfuðástæðan fyrir því, að ekki væru gefin út gjaldeyrisleyfi í tíma, nema til þess að stöðva atvinnureksturinn í landinu, eins og nú hefur átt sér stað um stóriðjuna. Nú spyr ég hv. þm. Ísaf.: Hvernig er um þessi gjaldeyrisleyfi, sem gefin hafa verið út? Er til gjaldeyrir fyrir þeim öllum, eða hefur hans eigin viðskiptanefnd, undirnefnd hans og fjárhagsráðs, hefur hún gert það, sem hann var að gera grín að, að ég hefði sagt, að þyrfti að gera, gefið út gjaldeyrisleyfi, þó að skortur væri á gjaldeyri? Og öll ræða hv. þm. Ísaf. gekk út á það að tala um þann mikla skort á gjaldeyri *og ekki sízt dollaragjaldeyri — og samt sagði* þessi sami hv. þm., að gefin hefðu verið út gjaldeyrisleyfi upp á 150 eða 160 millj. kr., án þess að þessir herrar hefðu hugmynd um, hvernig ætti að afla þeirra milljóna í erlendum gjaldeyri. — Ég hygg, að ef hv. þm. Ísaf. hefði ekki geymt þessar lummur svona lengi, þá hefðu þær kannske getað verið góðar að sumu leyti. En að koma með þær í sömu ræðunni og hann verður að gefa þessar yfirlýsingar, annars vegar um gjaldeyrisleyfin, sem veitt hafa verið, og hins vegar um þann gjaldeyrisskort, sem fyrir hendi væri nú, það var ákaflega óhöndulegt.

Þá talaði hv. þm. Ísaf. um, að ég tilheyrði ógurlegum flokki manna, sem væri að reyna að eyðileggja atvinnuvegina. Jahá, hann vildi nú *ekki segja, að það væri ekki e. t. v. hægt* að forða mér út úr því að vera í þessum voðalega flokki. Hann vildi meina, að ég ætti að forða mér frá því. Einu sinni hafði ég talað um það ásamt fleiri mönnum, að það ætti að gera stórt átak í íslenzku atvinnulífi, og það stóð mjög tæpt, hvort flokkur háttvirts þm. Ísaf. fengist til að vera með í því átaki eða ekki. Það hafði verið barizt mjög hatramm-lega um það í miðstj. þess flokks, og á því valt það, hvort það mundi takast að framkvæma *stórvirki í íslenzku atvinnulífi, og það* var þannig um átökin innan þess flokks, að það voru 10 atkv. með því að fara í stj. til þess að bjarga atvinnuvegunum og 10 á móti, en hv. þm. Ísaf. var ekki viðstaddur, og var símað til hans um það, hvaða afstöðu hann vildi taka. Hann hafði verið að halda ræðu á fundi, þegar kallað var á hann í landssímann, og var að tala um að nú væri búið með þessa stjórnarmyndun, því að auðvitað mundu þessir voðalegu kommúnistar eyðileggja þetta. Svo greiddi hann atkv. með *að fara í stj. og settist* svo í ráðherrastól, og ef til vill hefur það fleytt þeirri stj. af stað, og hann tók þátt í að starfa með kommúnistum, sem hann úthrópar nú mest og segir, að séu að eyðileggja atvinnulífið. Nú hefur þessi hv. þm. fengið að sjá, hvernig sú stj., sem hann nú hefur fengið að taka forustu fyrir í fjárhagsráði, fer að og hvernig atvinnulífinu er stjórnað undir yfirstjórn hans og annarra slíkra manna, og ég býst við, að það sé fróðlegt fyrir söguna seinna meir að bera það saman, hvernig þar hefur gengið. Það er ekki til neins að koma fram með upphrópanir um, að við sósíalistar séum að eyðileggja atvinnuvegina. Okkur hafði tekizt að bjarga okkar atvinnuvegum, þegar þeir hefðu verið eyðilagðir annars, þó að við yrðum að stíga það stóra spor áfram með því að geta dregið hv. þm. Ísaf. í ráðherrastól til samstarfs um slíka nýsköpun atvinnulífsins. En við skulum nú athuga, hver sá flokkur er nú, sem situr um að stöðva atvinnutækin og eyðileggja atvinnuvegina, því að það virðist vera einhver flokkur, sem vinni að því, hvort sem það er pólitískur flokkur eða ekki. Hver hefur stöðvað innlenda iðnaðinn nú? Er það þessi voðalegi flokkur, sem ég tilheyri, eða er hann að stöðvast vegna þess, að það hafi ekki verið veittur gjaldeyrir til þess að *iðnrekendur gætu náð í hráefni til að vinna* úr? Það hefur verið útbýtt á þessum fundi till. frá mörgum þm., þar sem fjárhagsráð og viðskiptan. eru átalin fyrir seinagang í úthlutun leyfa til verzlana úti á landi, og ég veit ekki betur en að þeim ásökunum hafi fyrst og fremst verið beint að þessu ráði, sem hv. þm. Ísaf. tilheyrir. Það hefur stundum verið talað um, að það vofði yfir hrun og stöðvun hjá togurunum. Hvaða flokkur er það, sem þar er að vinna að stöðvun? Það hefur verið talað um það, að bátaflotinn og hraðfrystihúsin væru ekki í gangi, hraðfrystihúsin vegna þess, að lánsfé vantaði, og bátaflotinn vegna þess, að vinnuafl vantaði. Hverjir eru það, sem tóku að sér að skipuleggja, hvernig atvinnutækin væru notuð og vinnuaflinu einbeitt að framleiðslu*atvinnuvegunum?* Það var *sett á laggirnar stofn*un, sem kostar 3½ millj., til þess að sjá um þessa stjórn á atvinnuvegunum. Hvernig stendur hún í stöðu sinni? Það er enn fremur hér niður við höfnina stórt atvinnutæki, fiskiðjuver ríkisins. Þetta atvinnutæki hefur ekki unnið nema lítinn hluta af þess afkastagetu. Hverjir hafa hindrað, að það fengi lánsfé til að vinna eða hráefni til að hafa í umbúðir utan um þá

vöru, sem það gat framleitt — vöru, sem nægur markaður er fyrir? — Það hefði þýtt, að margfalt dýrmætara efni hefði verið unnið úr síldinni en ella. Hvaða flokkur hefur stöðvað þetta? Það má taka þannig fyrir hvert fyrirtækið á fætur öðru, sem hefur verið stöðvað. Ef ég ætti að segja, að þetta væri einhverjum flokk að kenna, þá mundi ég nefna flokk hrokafullra embættismanna, sem ekki hafa hugmynd um það verk, sem þeir eiga að vinna, enga samvizkusemi og enga viðsýni til að finna úrræði fyrir þjóðina og þykjast vaxnir upp yfir að standa reikningsskil frammi fyrir Alþ., og hv. þm. Ísaf. ætti að snúa sér til þessa flokks, ef hann fer að ræða um, hverjir séu að stöðva atvinnuvegina á Íslandi nú. Hér er ástandið þannig, að þegar þessi stöðvun vofir yfir vegna óhæfrar stjórnar á þjóðarbúskapnum, þá fást ekki þessir embættismenn til að ræða þessa hluti.

Hv. þm. Ísaf. kom ekki einu orði í sinni ræðu að því, sem var aðalatriðið í minni ádeilu, það var um lánsfé. Hann gaf Alþ. ekki neina hugmynd um, hvort fjárhagsráð hefði nokkurn tíma velt þessu vandamáli fyrir sér, hvort það hefði nokkurn tíma krufið til mergjar, hvaða möguleikar eru fyrir lánsfé í landinu. Hv. þm. Ísaf. kom ekki heldur með einu orði að spursmálinu um vinnuaflið hjá framleiðslunni, hvort vinnuaflinu væri einbeitt að þeim verkefnum, sem nauðsynleg eru. Það, sem var grundvallaratriðið í l. um fjárhagsráð, og það, sem rætt er um, að vanti áætlun fyrir, leiddi hv. þm. Ísaf. hjá sér að ræða. Hann talaði hins vegar um, að landsmenn þyrftu að vera samtaka um að tryggja vinnuafl til hluta, sem nauðsynlegir væru. Það er grundvallarhugsunin í l. um fjárhagsráð, að sett er ákveðin stofnun til þess að skipuleggja þessi samtök landsmanna, að það séu samtök um að vinna fyrst og fremst að því, sem nauðsynlegt sé, og sú stofnun er fjárhagsráð, það á að hafa forustu í því, að vinnuafl þjóðarinnar beinist fyrst og fremst að framleiðsluatvinnuvegunum, en sé ekki fyrst og fremst t. d. í verzluninni í Reykjavík. Þessa forustu átti fjárhagsráð að hafa í okkar þjóðarbúskap. Svo kemur hv. þm. Ísaf. og segir: Við skulum vera samtaka um að vinna fyrst og fremst við það, sem nauðsynlegt er. — Þetta segir hv. þm., þegar hér ætti að liggja fyrir áætlun um það, hvað mörgum mönnum fleira ætti að vinna að sjávarútvegi 1948 heldur en 1947 og hvað mörgum færra í verzluninni í Reykjavík. Hv. þm. Ísaf. getur ekki afsakað sig með því, að hann viti ekki um þetta. Hann veit, að þeir hafa bók frá norska fjárhagsráðinu, þar sem reiknað er út, hvað mikið vinnuafl þurfti í framleiðsluna 1947 og eins hvað þarf 1948, þeirri bók var útbýtt sem fylgiskjali með fjárl. Noregs fyrir þetta ár. Fjárhagsráð veit, hvernig farið er að vinna þessa hluti, en það gerir þetta bara ekki. Svo þegar þessir menn eru kallaðir til reikningsskapar, þá er viðkvæðið: Við skulum vera samtaka um að vinna að því, sem er nauðsynlegt. Hins vegar segja þeir: Við sjáum engin úrræði til að skapa eða skaffa gjaldeyri. — Að ætla að reka áætlunarbúskap upp á þetta, það er að traðka niður alla skynsemi og það, sem felst í hugmyndinni um áætlunarbúskap. Þá held ég, að sé betra að hafa stjórnleysi einkaframtaksins og leyfa mönnum að slást um þetta heldur en að binda menn þannig, að þeir hafi ekki leyfi til að gera neitt, en um leið hugsar n., sem er falið að stjórna þessu, ekki fyrir, hvað fjöldinn eigi að gera. Við stöndum þess vegna hér við afgreiðslu fjárl. nákvæmlega á sama stigi eftir ræðu hv. þm. Ísaf. eins og áður, við erum engu bættari. Við höfum engar upplýsingar fengið um það öryggi, sem átti að skapa með því að vinna að eins konar þjálfun í þjóðarbúskapnum samhliða fjárl. ríkisins, sem Alþ. hingað til hefur sett.

Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Ísaf., að hann kom inn á það viðvíkjandi byggingarvinnunni, að ekki hefði verið hægt að flytja inn meira en 40—50 þús. lestir af sementi og það væri undirstaðan undir því, að ekki væri hægt að gera meira viðvíkjandi byggingarvinnunni. Það er undarlegt að ætla að takmarka sementsinnflutning, sem er undirstaða undir atvinnuvegunum, en ætla mörg hundruð þúsundir kr. til bílainnflutnings á þessu ári, eða ef til vill álítur fjárhagsráð, að menn geti notað eitthvað af því sementi, sem skemmt hefur verið, af því að mönnum hefur verið bannað að byggja, og í öðru lagi er sement svo ódýrt, að það er óhugsandi, að það stæði á innflutningi þess, ef menn að öðru leyti hefðu möguleika til að leggja í byggingar. En fyrst talað er um sement, þá má minna á umr., sem fóru fram um sementsverksmiðjuna, og þær upplýsingar, að sementsverksmiðjan sparaði gjaldeyrislega á einu ári það, sem lagt væri í hana. Þegar það þess vegna liggur fyrir, að sementsverksmiðja er svona hagnýtt fyrirtæki fyrir þjóðina og fjárhagsráð áætlar ekki meiri innflutning en það, að það verði að stöðva flestar byggingar, þá verð ég að segja, að það er mjög hart að fá ekki eitt orð um það, að fjárhagsráð sé hlynnt því, að komið sé upp sementsverksmiðju til þess að bjarga okkur frá því að þurfa að stöðva byggingar, vegna þess að við höfum ekki einu sinni efni á því að kaupa sement. Það stangast allt, sem hv. þm. kom með á þessu sviði.

Þá kom hv. þm. með það, að það opinbera yrði að draga úr verklegum framkvæmdum vegna þess, að nú ætluðu einstaklingar að leggja svo mikið fram í þeim efnum. Út af fyrir sig getur það komið fyrir á sérstökum tímum, að það sé skynsamlegt að draga úr framkvæmdum, ef það, sem einstaklingar vilja leggja fram í því efni, er þess eðlis, að það sé nauðsynlegt fyrir þjóðarbúskapinn, en til þess að færa sönnur á, að svo sé, þarf að koma fram eitthvað meira en sleggjudómar um þetta mál. Þá þarf fjárhagsráð að leggja hér fyrir okkur, hvað mikið vinnuafl þarf að fara til þeirra framkvæmda, sem einstaklingar vilja leggja fram, og hvað mikið vinnuafl sparast í vegalagningum og öðru slíku, vegna þess að við höfum ekki nægilegt vinnuafl til að vinna hvort tveggja. Þessa undirstöðu þarf að leggja fram fyrir okkur til að sanna okkur, að það sé eitthvert vit í því að draga úr verklegum fram-

kvæmdum ríkisins, vegna þess að það liggi svo mikið fyrir, sem einstaklingar ætli sér að framkvæma, sem sé nauðsynlegra en það, sem ríkið ætlar að framkvæma, skólabyggingar og annað slíkt. Liggur eitthvað fyrir um það, hvernig vinnuaflinu er ráðstafað? Það liggur ekki fyrir glóra um það, hvernig ástandið er viðvíkjandi atvinnumálunum. — Það er sett í l. um fjárhagsráð, að það eigi að tryggja hverjum manni atvinnu og að framleiðslugetan sé hagnýtt til fulls, en það er engin viðleitni sýnd af fjárhagsráði til að leggja fram raunhæfan grundvöll fyrir slíku. Hv. þm. Ísaf. talaði um í þessu sambandi, að það hefði stundum undanfarið verið skortur á vinnuafli. Ég hef áður spurt hv. þm. Ísaf. að því í Nd., hvernig ástandið hefði verið hér í Reykjavík í vetur, ef Hvalfjarðarsíldin hefði ekki komið, og hverjar áætlanir fjárhagsráðs hefðu verið um atvinnu handa hverjum manni í Reykjavík á þessum vetri, þar sem fjárhagsráð hefði ekki reiknað með Hvalfjarðarsíldinni, og ég sagði, að fjárhagsráð hefði reiknað með atvinnuleysi í Reykjavík, og hv. þm. Ísaf. kallaði fram í fyrir mér og sagði, að það væri lygi. Hann svaraði hins vegar ekki fyrir þetta, þegar hann fór að tyggja upp gömlu lummurnar hér í dag, hann gleymdi að skýra okkur frá áætlun fjárhagsráðs um atvinnu í Reykjavík, þegar ekki var vitað um Hvalfjarðarsíldina, og ef hann spyr fagmenn hér í Reykjavík um atvinnuástandið nú, þá mun hann fá sama svarið alls staðar: Það er atvinnuleysi fram undan, atvinnuleysi er byrjað, og það hefði verið atvinnuleysi í vetur, ef Hvalfjarðarsíldin hefði ekki verið. — Svo er hv. þm. Ísaf. að tala um skort á vinnuafli og að vegna skorts á vinnuafli sé ástæða til að skera niður svo og svo mikið, og samt fæst hann ekki til að koma með sannanir fyrir því, að vinnuaflið sé að fullu hagnýtt. Ég held þess vegna, að ræðan, sem hv. þm. Ísaf. flutti hér áðan, sé öllum þingheimi næg sönnun fyrir því, að sá undirbúningur, sem fjárhagsráð hefur gert undir það að geta afgreitt áætlunarbúskap 1948, er óhæfur — það vantar grundvöll til að afgreiða fjárl. á.

Ég álít, eins og ég sagði áðan, að á milli 2. og 3. umr. þurfi fjvn. að láta taka þetta mál til endurskoðunar, svo framarlega sem á að sýna einhverja viðleitni í því að hlýða l. á Íslandi og afgreiða fjárl. fyrir þjóðarbúskapinn, eins og ætlazt er til með l. um fjárhagsráð.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 487 og 495, sem of skammt var liðið frá útbýtingu þeirra, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Ég hef leyft mér að bera fram þrjár brtt., og þær eru einfaldar. Ein er um það að færa til innan þess ramma, sem hv. fjvn. hefur gert um vegi í Þingeyjarsýslu, þannig að framlag til Fnjóskadalsvegar, 15000 kr., fari í Kinnarbraut í Aðaldal, til þess að Húsavík geti fengið mjólk úr austurhluta sýslunnar. Þar að auki er þetta liður í framtíðarvegi til Austurlands, vetrarvegi, sem verður þessa leið, en ekki yfir Fljótsheiði. Ég hef talað um þetta við hv. þm. Barð., og hann segir, að fjvn. muni yfirleitt ekki sjá ástæðu til að blanda sér inn í þessa tilfærslu, ef þm. kjördæmanna vilji það þannig hafa.

Önnur brtt., sem ég flyt, er viðvíkjandi Flatey á Skjálfanda. Það hefur verið venja að láta í kringum 3000 kr. í ræktunarveg þar, en það er heldur lítið. Ríkið á þessa eyju, þar búa 80—90 menn, og fólkið lifir aðallega á sjónum, þótt ræktun sé nokkur. Nú er verið að gera þar bryggju, sem gerir mögulegt að stunda útgerð betur. En eyjan er veglaus, og það liggja á bak við þorpið 100 ha. af landi, sem er eitthvert bezta land til ræktunar, sem til er á Íslandi, það þarf ekki annað en setja á það ýtu og bera svo á það. En meiningin með ræktunarveginum er, að búendur geti flutt slorið á þetta ágæta land og notað það sem áburð.

Þriðju till. flyt ég með hv. þm. Árn., hún er viðvíkjandi Geir Sigurðssyni, sem var lögregluþjónn hér lengi, en missti heilsuna í átökunum 9. nóv. 1932. Hann er ekki vinnufær, en hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Bærinn veitir honum nokkur eftirlaun, og ríkið veitti honum í fyrra nokkurn styrk í eitt ár, en við leggjum til, að hann fái 2000 kr. á 18. gr. Við lítum þannig á, að í þessu starfi, þar sem hann ekki ráðlagði baráttuna, heldur hlýddi skipun, hafi hann í rauninni komið fram sem ríkislögregla við sameiginlega þjónustu bæjar og ríkis og þess vegna sé sanngjarnt, að ríkið hjálpi honum í hans heilsuleysi eins og bærinn.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af fsp. frá hv. þm. A-Húnv. og út af bréfi, sem fjvn. hefur borizt í dag um þetta atriði, vildi ég óska eftir því, að hæstv. forseti sæi um það, að hæstv. fjmrh. og hæstv. atvmrh. yrðu við þessa umr., því að ég sé mér ekki fært að slíta minni ræðu í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrr en fengin er hrein yfirlýsing frá hæstv. ráðh. um þetta mál, því að þetta er svo stórkostlegt atriði fyrir heil héruð landsins og einstaka þm., að ég vil ekki að slitið sé 2. umr. um fjárl., fyrr en viðkomandi ráðh. hafa fengizt til að gefa hreina og skýra yfirlýsingu um þetta. Hins vegar vil ég nota tækifærið til að svara ýmsum athugasemdum, sem komið hafa fram við fjárl. og till. frá fjvn., en það eru ekki margir af þeim mönnum hér viðstaddir, sem borið hafa fram þær athugasemdir. Ég verð þá að tala hér yfir tómum stólum, og taka þá einhverjir að sér að flytja þeim svörin. Ég skal þá, meðan ég býð eftir hæstv. ríkisstj., snúa mér nokkuð hér að minni hl. og því áliti, sem hann gefur hér út með þeim till., sem liggja fyrir. Ég vil í sambandi við nál. á þskj. 466 leyfa mér að benda á og mótmæla þeim fullyrðingum, sem hér eru færðar fram í 2. málsgr., að þær brtt., sem gerðar eru, séu eftir beinni skipun ríkisstj. Ég hygg nú, að þetta sé komið hér inn af misskilningi, en ef svo er ekki, þá er það komið af öðrum lakari hvötum, því að það er hreinn misskilningur, að frá ríkisstj. hafi til fjvn. komið nein fyrirskipun, enda hefði hún ekki tekið við slíkum fyrirskipunum, og

vil ég vísa til afgreiðslu þeirra mála, þegar eitt skipti átti að gera tilraun til að gera slíka fyrirskipun. Ég hélt, að meðnm. mínum væru svo í fersku minni þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar af minni hálfu sem form. n., að þeir hefðu ekki ástæðu til að bera mér á brýn, að ég tæki á móti skipunum frá hæstv. ríkisstj. eða öðrum í sambandi við afgreiðslu málsins. Hitt er annað atriði, að sá hluti fjvn., sem styður hæstv. ríkisstj., hefur fulla samvinnu við hana um afgreiðslu málsins og hefur verið tekið fullkomlega tillit til vilja hennar í þeim málum og orðið að hafa þar um samvinnu, slaka til og gefa eftir, eins og gerist við afgreiðslu mála þingsins, ekki síst afgreiðslu fjárl. Minni hl. vill einmitt láta afgreiðslu fjvn. ganga svo seint vegna þess, að meiri hl. vill ekki taka við þeirri fyrirskipun, sem hér er tekin fram í nál., og hefur verið rætt um það á mörgum fundum ríkisstj. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram. Ég hef líka tekið fram í framsöguræðu minni, að þetta var gert samkv. ósk ríkisstj., sem er allt annað atriði.

Ég ætla að geyma mér að ræða um fyrstu 4 brtt. frá minni hl. á þskj. 467, ég sé að hæstv. ráðh. er að koma. Veit hæstv. forseti, hvort vegamrh. og samgmrh. koma? (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess, að þeir yrðu hér viðstaddir.) Þá er bezt ég snúi mér beint að ræðu hæstv. fjmrh. Ég get talað við frsm. minni hl. síðar í minni ræðu.

Hæstv. fjmrh. sagði í gær, að hann væri ekki að öllu leyti sammála mér, eftir því sem mín skoðun kom fram í framsögu um fjárl. Ég veit ekki hvað hann á við nema það atriði, sem ég hef skrifað niður og vildi aðeins fara nokkrum orðum um. Hann sagði um þau atriði, sem ég minntist á, að það þyrfti að betrumbæta þau, eins og m. a. fiskiðjuverið o. fl. Ég vil í þessu sambandi til að fyrirbyggja misskilning taka það fram, að ég er hvorki að ásaka fyrrv. ríkisstj. né núv. stjórn um það, að fiskiðjuverið hafi verið byggt, en fiskiðjuverið hefur verið byggt á mjög vafasömum heimildum, og þarf ekki annað en vísa til laganna um fiskimálan., þess kafla, sem ræðir um þetta atriði, og mun hæstv. ráðh. geta fullvissað sig um, að heimildin þar er vafasöm. Málið liggur þannig fyrir, að fyrrv. sjútvmrh. tekur fé, sem greitt er út með sérstakri lagaheimild til fiskimálan., sem hún á að verja til styrktar einstökum aðilum í landinu, einstaklingum eða félögum, til að koma upp frystihúsum m. a. og fiskiðjuverum, og einnig átti að styrkja till., sem fram kom um tilraun um nýtízku togara, samkvæmt þessum fyrirmælum. Fiskimálan. má einnig sjálf gera þessar tilraunir. Það er á þessari heimild sem fyrrv. sjútvmrh. leyfði fiskimálan. að ráðast í 8 millj. kr. fyrirtæki. Nú er það, eins og ég segi, ákaflega vafasamt, hvort hægt er að verja 8 millj. kr. úr ríkissjóði samkvæmt þessari gr. Ég hygg, að það lengsta, sem hægt er að færa undir þessi ákvæði án þess að brjóta l., væri, að fiskimálan. notaði eingöngu sitt eigið fé til þessara ráðstafana og færi ekki þar einni krónu fram yfir. Fiskimálan. tekur að byggja fiskiðjuver fyrir nærri 8 millj. kr. og tekur til þess lán hjá stofnlánadeildinni, sem engin heimild er fyrir, að megi lána slíkum fyrirtækjum, því að þar er ríkissjóður að lána sjálfum sér, og notar þess utan alla aðra sjóði, sem þeir geta fengið lán hjá, einnig Landsbanka Íslands. Ríkissjóður gengur sjálfur svo í ábyrgð fyrir þessum lánum. Nú hefur hæstv. sjútvmrh. með bréfi losað fiskimálasjóð undan þessari ábyrgð, og þar liggur galdurinn frá mínu sjónarmiði. Með öðrum orðum, fiskimálasjóður er ekki lengur ábyrgur fyrir hvorki byggingunni né rekstrinum. Nú hefur hæstv. ráðh. með bréfi um þetta einmitt tekið fiskiðjuverið undan fiskimálasjóði og rekur það á kostnað og ábyrgð ríkisins og bakað ríkissjóði sjálfum ábyrgð, sem annars ætti að hvíla á herðum fiskimálasjóðs. Ég veit, að jafnskýr maður eins og hæstv. ráðh. skilur þennan stórkostlega eðlismun í þessu máli og líka, hversu þunga ábyrgð hann hefur lagt á herðar ríkissjóðs, sem hann annars hefði ekki. Sannleikurinn í þessu máli er, að úr því sem komið er er ekkert annað að gera en að færa þetta aftur á fiskimálasjóð eða selja fiskiðjuverið á opinberu uppboði til þess að forða ríkissjóði frá þeirri fjárhagslegu hættu, sem honum hlýtur að stafa af svo stórkostlegum rekstri, eða í þriðja lagi, ef hæstv. ráðh. vill endilega losa fiskimálasjóð undan þessu, að taka kaleikinn frá honum, þá verður hann að leita sér heimildar hjá Alþ. til þess að mega tæma þennan kaleik í botn. Það er eðlilegt, þegar staðið er vikum saman í stappi við fjvn. um, hvort mætti hækka þennan vegarspotta um 50 þús. eða þessa brú um 10 þús., að við reynum að komast að samkomulagi um stóra skrá af verklegum framkvæmdum. Þá er líka eðlilegt, að form. þeirrar n. bendi á þá óskaplegu hættu, sem ríkissjóði er hleypt í með að taka þessa áhættu frá öðrum aðilum á sig sjálfan. Þetta kann að kosta, að á næstu fjárl. fáist ekkert til brúa eða vega, hvorki í Barðastrandarsýslu né annars staðar á landinu. Þannig er það nú, að þetta fyrirtæki á ekki fyrir skuldum. Ég veit, að þegar hæstv. ráðh. athugar þetta, þá mun hann sjá, hve mikil hætta þetta er. Það er ekki nauðsynlegt að skipta um stjórn í fyrirtækinu. Sjálfsagt eru það góðir menn, sem stjórna, en það er nauðsynlegt, að þjóðin viti það, hver ber ábyrgðina á þessum rekstri. Ef ríkissjóður á að bera ábyrgðina, þá verður að ganga frá því í heimild frá Alþ. Ég veit, að það verður búið að segja mörg orð um þetta mál, áður en ríkisstj. fær heimild frá Alþ. til þess að taka þetta.

Hæstv. ráðh. talaði um viðhald á vegum og það hefði farið fram úr áætlun. Það er rétt, að fyrir fjvn. lá beiðni frá vegamálastjóra um, hvort n. sjálf vildi ekki taka upp hjá sér að hækka um 2 millj. kr. N. sá ekki ástæðu til þess að gera þetta, því að hún var sjálf á þeirri skoðun eins og hæstv. ráðh., að sé notað svo mikið af þessu fé til endurbygginga vega og að breikka vegi o. s. frv., sparar það, ef heldur væri haldið í við vegamálastjóra í sambandi við viðhald á vegum. Ég er ráðh. sammála um það, að þetta sé eina leiðin til þess, að þetta fari ekki hækkandi ár frá ári. Mér hefur m. a. verið sagt, veit ekki, hvort það er rétt, að það

sé búið að leggja akfæran veg upp að Heklu-hrauni. Ég hef ekki séð í fjárl. leyfi fyrir þessu, ef það hefur verið gert, þá hefur einhvers staðar þurft að taka fé til þess. Ég er ekki forvitinn og hef ekki farið að skoða þetta hraun eða nýja veginn, en sagt er, að á annað hundrað þús. kr. hafi farið í þetta. Hv. 1. þm. Rang. getur sagt um það. (**HelgJ**: Ætli það sé ekki orðum aukið? Það hefur verið lagt lítils háttar.) Þm. kallar það kannske lítils háttar, þó að 200 þús. kr. séu lagðar til þessa. Hvort sem það er mikið eða lítið, þá minnist ég ekki þess, að það hafi verið tekið upp á fjárl., að það mætti leggja fyrir ríkisfé skemmtiveg upp að Heklu. Ég skal ekki segja, hvort það er hlið á veginum og seldur sé aðgangur til þess að ná upp í kostnað.

Hæstv. ráðh. talaði um löggjöfina um stofnlánadeildina, það sjónarmið hefði verið til að vinna á móti flótta fólksins frá þorpum úti á landi til Faxaflóa og Reykjavíkur. Ég er sammála um það. Hins vegar ber enga nauðsyn til þess að láta þessi fyrirtæki vera skattfrjáls í ríkissjóð. Ég segi þetta ekki af neinni andúð á togaraútgerð bæjanna úti á landi, en þegar bæjartogararnir eru undanþegnir skatti, þá missir ríkissjóður við það miklar tekjur miðað við það, að þeir greiddu sömu skatta og togarar einstaklinga. Í raun og veru skuldar hver togari í Hafnarfirði ríkissjóði 500 þús. kr. á árunum 1940—1946, borið saman við togara í einstaklingseign. Ég veit hins vegar, að Hafnarfjarðarbær hefur ekki fleygt þessum peningum, hann hefur sjálfsagt haft fulla þörf á þeim til ýmissa framkvæmda, en þeir hafa bara ekki komið í ríkissjóð.

Þá kem ég að ummælum hæstv. fjmrh. um áætlunina og get svarað hv. minni hl. að nokkru leyti um leið. Hæstv. fjmrh. hefur bæði hér á hv. Alþingi og í viðtali við mig látið í ljós, að hann væri hræddur um, að tekjuáætlunin, sérstaklega varðandi verðtoll og vörumagnstoll, mundi ekki standast. Meiri hl. hefur fallizt á till. ráðh., sem er eðlileg frá hans hálfu, því að það er skylda hvers fjmrh. að vera varkár á þessu sviði, og þegar aðstaða ríkissjóðs er ekki góð, aðallega vegna vanskila ýmissa aðila, þá er eðlilegt að áætla tekjurnar varlega, einkum þar sem greiðslujöfnuðurinn er svo óhagstæður sem raun ber vitni á frv. Þetta er skiljanlegt sjónarmið og háttur þeirra manna, sem vilja vera varfærnir. Hins vegar fellst ég ekki á, að tekjurnar verði ekki meiri en gert er ráð fyrir á frv., þótt ég viti hins vegar, að það eru nógu margar holur til að gleypa þær tekjur, sem fást kynnu umfram áætlun, því að það er mín skoðun, að árið 1948 verði tekjuhæsta ár í sögu þjóðarinnar. Með innflutningsáætlun fjárhagsráðs er gert ráð fyrir 300 milljóna króna innflutningi á árinu. Þetta ætti að gefa í verðtoll 45 milljónir, því að skýrsla undanfarandi 15 ára sýnir, að hann hefur aldrei farið niður úr 14% og ekki upp úr 16%, svo að trúlega verður hann um 15% og gefur þá 45 millj. kr. Ofan á það bætast svo 4 milljónir í skipagreiðslur, sem fjárhagsráð raunar telur til duldra greiðslna, svo að tollurinn verður alls um 50 milljónir, og þegar búið er að hækka verðtollinn um 65%, þá er þetta komið upp í 80 millj. kr. Það er sagt, að þegar sé búið að gefa út leyfi fyrir 150 millj. kr. eða helmingi áætlunarinnar, og má því reikna með, að ekki verði minni leyfi gefin út það sem eftir er ársins, svo að líklegt er, að áætlunin standi að því leyti. Ég leyfi mér að benda á, að ég hélt því sama fram um afkomu ríkisins árið 1947, og það fór svo, að allt, sem ég hélt fram um þau efni, hefur nú komið á daginn. Og það finnast engin rök fyrir því, að tekjur ríkissjóðs bregðist árið 1948, nema sérstök áföll komi fyrir, svo sem ef atvinnuvegirnir stöðvuðust vegna langvarandi verkfalla eða eitthvað þess háttar. Hitt er svo annað atriði, að gjöldin munu aukast líka, og því hefur meiri hl. n. getað fallizt á áætlun fjmrh., því að vitað er, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta bæði fyrir sjálfan sig og fyrir aðra, t. d. mun hann meira en lítið þurfa að líta til síldarverksmiðjanna, því að rekstur þeirra mun nú með stórtapi. En með öllum þeim forsendum, sem ég hef skýrt frá, getur meiri hl. staðið með áætlun hæstv. fjmrh.

Í sambandi við orð hæstv. fjmrh. um seinagang hjá fjárhagsráði, þá vek ég athygli á því, að þetta er í annað skipti í vetur, sem ráðh. kemur hingað í Alþ. til þess að klaga fjárhagsráð. Hæstv. fjmrh. ber nú fram kveinstafi um það, að hann fái ekki vilja sínum framgengt við hið volduga ráð, og um daginn kvaðst hæstv. menntmrh. engu ráða við fjárhagsráð um það, hvort íslenzkir námsmenn í útlöndum ættu að svelta eða ekki. Og hæstv. viðskmrh., sem mér skilst, að fjárhagsráð heyri undir, hefur einnig lýst yfir því, að hann ráði ekki við ráðið, þótt hann hafi ekki beinlínis verið með kveinstafi yfir því hér. Nú er það skýrt tekið fram í l. um fjárhagsráð, hver hafi yfirstjórn þess, og segir svo í 9. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar. Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfsemi hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.“ Ég held, að ekki sé hægt að ákveða skýrar, hver eigi að stjórna fjárhagsráði, og núv. hæstv. ríkisstj. óskaði einmitt að hafa þennan háttinn á í stað þess að láta Alþ. kjósa ráðið, af því að hún vildi geta hent ráðinu út, ef það ekki undirgengist hennar vilja. Það var krafa hæstv. ríkisstj., að hún fengi að ráða ráðinu ein, því að hún vildi ekki láta það knésetja sig. Ég verð að segja, að það er hreinn vesaldómur hjá hæstv. ríkisstj., ef hún nú afsalar sér valdi sínu. Það er nú vitað, að þau öfl eru í fjárhagsráði, sem stjórnin ræður ekki við, og er þetta viðurkennt af tveim hæstv. ráðh., en þá ber hæstv. ríkisstj. að gera alvöru úr því að láta ráðið ekki kúga sig eða þá að skjóta málinu til Alþ. og láta það kjósa nýja menn í ráðið, og bæri þá Alþ. ábyrgð á störfum þess. Segi ég þetta að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., þegar hann lýsir yfir því, að tekjuáætlun hans muni bresta vegna óþægðar embættismanna ríkisstjórnarinnar. Hæstv. fjm-

rh. sagði enn fremur, að hann hefði ekki getað fengið svör frá fjárhagsráði. Ég vildi nú spyrja hæstv. ráðh., hvort tekjuáætlunin, sem byggð er á áætlun fjárhagsráðs, er gerð með hans vilja eða gegn hans vilja. Það er upplýst, að búið er að veita innflutningsleyfi upp á 147 millj. kr. Ég vil enn fremur spyrja, hverjum þetta hafi verið veitt og til hvers. Það er alveg óþolandi, að ekki sé birt að minnsta kosti vikulega skrá yfir þá, sem fá leyfin. Það ganga þrálátar sögur um það, að sumar verzlanir fái afrit af innflutningsleyfunum. Ég skal ekki segja um sannleiksgildi þessa orðróms, en það er nauðsynlegt að hnekkja svona sögum með því að upplýsa málið. Ég skal upplýsa það, að það fyrirtæki, sem ég er við riðinn, hefur sótt um innflutningsleyfi á útgerðarvörum fyrir á aðra milljón króna, en fengið leyfi fyrir eitthvað 15 þúsundum. Það er því sannarlega tímabært að spyrja, hverjir fái leyfin. Árið 1946 átti ég innflutningsleyfi fyrir 100 bílum, en var svikinn og fékk ekki einu sinni leyfisgjaldið endurgreitt, en svo voru fluttir inn bílar fyrir tugi milljóna. Manni verður á að spyrja: Er verið að skipuleggja einokun í landinu? Það er eðlilegast að upplýsa þessi mál, svo að öllum megi vera kunnugt, hvað rétt er.

Þá vildi ég snúa mér að öðru máli, sem er brennandi spursmál fyrir alla hv. þm., og óska ég ákveðinna svara hæstv. fjmrh. í því efni og mun ekki treysta mér sem form. fjvn. til að skila fjárl. til afgreiðslu fyrr en úr því er skorið. Hv. þm. A-Húnv., hæstv. forseti, hefur spurt mig að, hvernig hugsað væri að fara með geymslufé í framtíðinni. Ég vil upplýsa það, að hæstv. samgmrh. mætti 3. þ. m. á fundi í n. og vildi þá fá svar um það, hvernig n. liti á þetta mál, því að ósk hefði komið um það frá hæstv. fjmrh., að fé þetta yrði ekki greitt út. Fjvn. tók málið fyrir, og skal ég lesa úr gerðabók n., hvað þar gerðist. Í dag var mér afhent afrit af bréfi hæstv. fjmrh. til vegagerðarinnar, og skal ég nú lesa þetta hvort tveggja, með leyfi hæstv. forseta. Bréf fjmrh. hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni tilkynnist hér með, að ráðuneytið ritaði samgmrn. 12. jan. þ. á. á þessa leið:

„Með því að ákveðið hefur verið, að yfirfæra ekki til næsta árs ónotað fjárlagafé frá fyrra ári, er þess vænzt, að ráðuneytið tilkynni þeim stofnunum, sem undir það heyra, þessa ráðstöfun og leggi jafnframt fyrir þær að endurgreiða í ríkissjóð allt það fé, sem þær kunna að hafa fengið greitt, en ekki hefur verið unnið fyrir eða notað á annan hátt. Hins vegar mun þetta ráðuneyti taka slíkar fjárveitingar upp á næsta árs fjárlög sem endurveitingu, ef þess er óskað.“

Reikninga vegagerðarinnar fyrir s. l. ár ber því að gera upp í samræmi við framanritað.“

Út af þessu máli hefur n. ritað ráðh. í dag og látið í ljós afstöðu sína, og er þá fyrirspurn hv. þm. A-Húnv., hæstv. forseta, svarað. Bréf n. er svo hljóðandi: „Þá óskaði samgmrh. einnig eftir því, að n. tæki afstöðu til þess, hvort hún mælti með því, að fé það, sem 1947 hafði á fjárlögum verið veitt til verklegra framkvæmda og eigi verið notað á árinu, skyldi sett á sérstakan reikning sem geymslufé eða tekið upp að nýju á fjárlfrv. 1948 sem endurveiting til þessara framkvæmda, þar sem fjmrh. hefði óskað eftir því að þurfa ekki að greiða féð út og talið eðlilegast, að leitað væri endurveitingar fyrir upphæðunum: Það er einróma álit og vilji fjvn., að fé það, sem á hverjum tíma er veitt til verklegra framkvæmda, verði geymt á sérstökum reikningi sem eign þeirra aðila, sem féð hefur verið veitt til, ef það er ekki notað á því ári, sem til er ætlazt samkvæmt fjárl., svo að ekki þurfi að koma til endurveitingar sömu fjárhæða á síðari fjárl. Gildir þetta að sjálfsögðu og um þær fjárveitingar, sem veittar voru til verklegra framkvæmda á árinu 1947 og eigi hafa verið notaðar á því ári.“

Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að nokkuð var farið inn á þetta í sambandi við brtt. um fjárframlag til Skálholtsskóla, og ég vil taka það fram, að ef hér á að fara inn á þá nýju braut að láta ekki féð á sérstakan reikning sem eign viðkomandi aðila, þá skapar það slíkan glundroða, að ekki verður hægt að úthluta fé til brúa og vega, þá yrði að taka allt, sem geymt er, 990 þús., í vegi, enn meira í brýr, ca. 2 milljónir í hafnir, sem auka rekstrarútgjöld, og mér er sem ég sjái framan í hæstv. fjmrh., ef það yrði gert. Ég óska þess, að hæstv. fjmrh. gefi mér skýrslu um það, hvernig hann hugsi sér að fara með þessi mál. Ég ætla að gefa hæstv. ráðh. tækifæri til þess að svara, áður en ég held áfram máli mínu. (**Fjmrh.**: Herra forseti. Það er óþarfi, að ég tali strax. Ég ætla að bíða þar til hv. þm. Barð. hefur lokið máli sínu.)

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá þolinmæði, sem hann sýnir mér með því að hlusta á mál mitt, og mun ég halda áfram ræðu minni.

Hæstv. menntmrh. á brtt. á þskj. 461 um Vattarnesveg, og óskar hann þess, að hún verði leiðrétt. Hann óskaði einnig eftir því, að ég sem form. fjvn. tæki aftur brtt. um framlag til íþróttasjóðs til 3. umr. Þá hefur hæstv. forsrh. farið þess á leit, að brtt. á þskj. 461 við 11. gr., það er kostnaður við húsaleigunefndir, verði tekin aftur til 3. umr. Sama er að segja um 12. og 14. brtt. á þskj., um laun skattdómara. Ég vil í þessu sambandi benda á, að ef á að fara að taka allar brtt. aftur til 3. umr., er hætt við, að ekki verði unnt að halda þeim hring utan um fjárl., sem gert er ráð fyrir. Hæstv. menntmrh. spurðist fyrir um það, hvort framlag til lesstofa, sbr. 33. brtt., mundi einnig ná til lesstofa úti á landi. Hugmyndin er að styrkja slíkar lesstofur á verstöðum, og í fyrra var þessum styrk skipt niður á Akranes, Flatey, Grímsey og Stykkishólm. Það er sjálfsagt að athuga milli umr., hvort ekki sé rétt að hækka þennan póst eitthvað. Hæstv. menntmrh. fór einnig fram á það, að tekinn yrði inn á fjárlögin 10—12 þús. kr. styrkur til félagsins Anglia til þess að bjóða hingað enskum prófessorum. Þessi upphæð er ekki há, og hygg ég, að slíkt væri unnt vegna þess, en þetta mundi skapa fordæmi, svo að önnur félög kæmu á eftir, t. d. franska félagið. Hæstv. ríkisstj. ætti að geta

fundið aðra lausn á þessu en að koma þessu inn á fjárl. Skal ég nú snúa máli mínu að hv. 8. landsk. þm.

Ég þykist í ræðu minni um innflutninginn hafa svarað till. á þskj. 467 og fært fyrir því þung rök, að halda beri niðri útgjöldum ríkissjóðs, eins og hægt er. Ég er persónulega ekki á móti mörgum þeim hækkunum, sem þar eru lagðar til, en rök hæstv. ráðh. um það, að nauðsynlegt sé að halda í, eru þung, og því aðeins verður hægt að halda greiðslujöfnuði. Ég vil t. d. benda á till. um hækkun til hafnargerða, að ef sú till. yrði samþ., er brotið það prinsip, sem ákveðið var í fjvn. og hv. 8. landsk. vildi ekki láta brjóta. Sama svar gildir um tillag til barnaskólabygginga. Það er alls ekki unnt að uppfylla þessar kröfur. Undanfarin ár hefur ríkt mikil bjartsýni í þessum efnum og skólalöggjöfin sett sem mörg önnur merkileg lagaboð. Það er án efa gott og blessað, að sem flestir landsmenn hljóti góða menntun, en nú er svo komið, að ef á að vera hægt að halda framleiðslu landsmanna gangandi, þá verða skólarnir að sínum hlut að verða fyrir barðinu á því sem margt annað. Þeir menn, það fólk, sem sækir skóla mestan part ársins, gerir lítinn hluta til þess að hjálpa til við framleiðsluna, og skólarnir taka mikinn fjölda frá framleiðslustörfunum og hirða um leið mikinn erlendan gjaldeyri. Nú verður því miður að draga úr þessu, engu síður en framlagi til nýrra brúa og vega. Sama er að segja um 9. og 10. brtt. Ég skil ekki, hve mikið kapp er lagt á þetta mál. Fyrir tveim árum var iþróttasjóðurinn hækkaður. Nú er lagt til, að hann verði enn hækkaður úr 700 þús. kr. í 1 millj. kr. Ég skil ekki, hvert kapp er lagt á að fá þessa hækkun, er hundruð nytsamra verkefna bíða, — eru látin sitja á hakanum ár eftir ár. Það er engin goðgá, þó að eitthvað sé skorið niður til skólanna nú í ár. Það liggur eitthvað annað bak við þessa miklu sókn en hrifningin af sjálfu málefninu, gæti ég trúað. Varðandi 11. brtt. þá snertir hún mjög mitt kjördæmi, en ég mun ekki krefjast hækkana, þó að þúsundir verkefna liggi þar fyrir, og sama er að segja um 12. brtt. Mikið hefur verið veitt til vélasjóðs á undanförnum árum. Þyrfti að athuga vel, að þessi verkfæri, sem keypt hafa verið til landsins, verði betur með farin og betur varðveitt en hingað til hefur raunin á orðið. Það væri mikils virði, ef veitt væri hagnýt fræðsla um meðferð þessara áhalda. Um póstinn til fiskimálasjóðs er það að segja, að ég er á móti honum. Hann fær tekjur, sem inn koma af útflutningsgjaldi á fiski.

Hv. 3. landsk. gaf þær upplýsingar hér í gær, að hann væri ekki ánægður með þær upphæðir, sem ætlaðar væru til verklegra framkvæmda. Meiri hl. fjvn. er líka óánægður með þær, en þær hafa verið lækkaðar vegna brýnnar nauðsynjar. Hann sagðist einnig vera óánægður með skiptingu fjárins. Ég hef aldrei búizt við þeim dómi frá hv. alþm., að þeir væru allir ánægðir með skiptinguna. Þetta er nú borið hér fram eftir að það hefur verið margrætt í n. Síðan fær frv. sinn hæstaréttardóm hér í Sþ., og þess vegna koma fram brtt. við fjárl. Síðan ég kom á þing 1942, man ég ekki til, að jafnfáar brtt. hafi fram komið við fjárlagafrv. Hv. þm. sagði, að ekki væri dregið úr fjárframlagi til vega á Suðurlandi. Ég barðist fyrir því, að meira yrði veitt til Vestfjarðakjálkans, en þau rök hafa verið færð fram, að Sunnlendingar hafi lítið sem ekkert fé fengið til hafnargerða hingað til, og komi því hærri styrkur til þeirra til vega til þess að jafna það hlutfall að nokkru. Hins vegar get ég viðurkennt, að meira fé hefur farið til vegagerðar á Suðurlandi en til hafnargerða í Barðastrandarsýslu og S-Múlasýslu. Til þessa hefur nokkuð verið tekið tillit er hafnarstyrkjum hefur verið úthlutað. Eðlilegt er einnig, er vegastyrkjum er úthlutað, að taka tillit til þess, hvernig ástatt er um hafnaraðstöðu í héruðunum, er vegabótastyrknum er úthlutað. Skilyrði þess t. d., að höfuðborgin geti fengið nóga mjólk, er það, að góðir vegir fyrir þungaflutninga séu fyrir hendi á Suðurlandinu, og hafa t. d. allir þm. Reykv. hlúð að því, að svo mætti verða. Þetta eru rök, sem ég er ekki á móti og get gert að mínum rökum. Það hafa verið lagðir þrír þjóðvegir austur fyrir Hellisheiði: Hellisheiðarvegur, Þingvallavegur og Krýsuvíkurvegur, og nú er verið að undirbúa að taka 25 millj. kr. lán til þess að steypa veg austur að Selfossi. En hér er um líka nauðsyn að ræða á mörgum öðrum stöðum á landinu. Patreksfjörður á það á hættu, að bærinn verði mjólkurlaus, ef ekki verður bætt úr samgönguvandræðunum. Ég loka nú ekki ávallt augunum fyrir því, sem satt er, en mikið fé hefur á undanförnum árum verið lagt í vegi um Borgarfjörð, Norðurlandsveg; einnig hafnargerðir þar og til ferjuvegar yfir Hvalfjörð. Það er ekki aðeins hv. þm. Borgf., heldur meira en helmingur þm., sem að þessu hafa staðið, þó að hv. þm. Borgf. hafi lagt sitt þunga lóð á vogina. Það er því með öllu rangt að halda því fram, að ég dragi sérstaklega taum kjördæmis míns um skiptingu á milli kjósenda á Vesturlandi og þó sérstaklega Barðastrandarsýslu. En sem betur fer hafa hv. þm. látið undan kröfum mínum á svipaðan hátt og ég hef reynt að fullnægja kröfum annarra þm. Barðastrandarsýsla er raunverulega tvær sýslur, þótt hún sé eitt kjördæmi. Ísafjarðarsýsla er ekki talin á manntali vera nema ein sýsla, og Norður- og Vestursýslan hafa líka sama sýslumann. Væri því ekki að undra, þó að Barðastrandarsýsla þyrfti meira fé til ýmissa framkvæmda en hvor hinna. Það er prýðilegt vegasamband á milli Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, en í Barðastrandarsýslu er svo háttað, að jafnvel póstar verða að ferðast yfir kletta og klungur til þess að komast á milli. Milli Króksfjarðarness og Patreksfjarðar gengur póstbáturinn.

Ég vil enn fremur benda á, að n. hafði fullan skilning á þörf Bolungavíkur fyrir samband við Ísafjörð. Það er því rangt, er hv. 3. landsk. ásakar n. fyrir ranglæti í þeim málum. Það var fullur skilningur á því að veita nægilegt fé. Það var lagt fé til Súðavíkurvegar, sem nauðsyn er á, að komist í samband við Ísafjörð.

Hitt þótti ekki eins aðkallandi. Patreksfjörður er enn í dag lokaður frá öllum bændabýlum. Á Rauðasandi eru þrjú eða fjögur kúabú, en enn er ekki komið á vegasamband við kauptúnið. Til þess að koma á sambandi hafa verið veittar 70 þús. kr. í þennan veg, en ég hafði farið fram á 200 þús. kr. Ég vil líka benda á, að enn hefur ekki komizt á samband inn á Barðaströnd, svo að hægt sé að halda áfram póstleiðinni. Það er því fjarri því, að fjvn. hafi beygt sig undir minn vilja í þessum efnum, þótt frekur sé. Ég veit ekki betur en að þskj. liggi fyrir um það, að hv. þm. vill fara yfir jökla á Vestfjörðum með vegi og leggja strax fram 100 þús. kr. í því skyni. Það virðist meira aðkallandi að koma byggðinni, sem er, í vegasamband.

Norður-Ísafjarðarsýsla er fyrsta sýsla á landinu, sem fékk 250 þús. kr. til byggingar ferjuhafna. Bryggjan á Arngerðareyri var réttlætt með því, að hún væri endastöð á langleið. Svo þótti sjálfsagt að byggja aðra, þótt engin heimild væri fyrir því frá Alþ. Það upplýstist líka, að ríkissjóður hafði verið svo rausnarlegur að byggja einu sementskari of mikið. Nú segja kunnugir það, að útfiri sé svo mikið á Melgraseyri, að ekki sé hægt að byggja bryggju þar. (SK: Þetta er ekki rétt.) Hvort sem svo er eða ekki, var engin heimild fyrir þessu. Um brimbrjótinn í Bolungavík er það að segja, að í fyrra voru veittar til hans 215 þús. kr., án þess að neitt framlag kæmi á móti, eins og reglan er. Svo er þetta kallað ranglæti! Það er ekki að furða, þótt n. brjóti sig ekki í mola, þegar svona er í pottinn búið. Það er engu líkara en að það þurfi ekki annað en að styðja á hnapp til þess að fá það, sem maður vill. Það eru ekki litlir eiginleikar, sem fjvn. eru gefnir, ef hún bara þarf að taka við óskaseðlum og gefa út ávísanir í samræmi við þá.

Í sambandi við brýrnar vil ég benda á, að ég held, að ekki sé um það deilt, hve mikil nauðsyn er á því að byggja nýja Þjórsárbrú. Hver vill taka ábyrgð á því, nema kannske hv. 3. landsk., að brúin hrynji, eins og fór um Ölfusárbrú. Ég játa þó, að ef menn vildu skuldbinda sig til að nota aðeins þriggja tonna vagna, þá mundi brúin endast lengur. En það verður þá að breyta atvinnuháttunum. Annars má segja n. það til dýrðar, að hún sýndi skilning á því að draga úr eins og hægt var á þessu ári.

Ég vil drepa á eina af till. hv. 3. landsk., út af Skálavík. Ég veit ekki til þess, að Skálavík sé í hafnarlögunum og eigi rétt á framlagi. Í sambandi við úthlutunina til hafna er vert að benda á það, að ríkissjóður stendur í 2.7 millj. kr. skuld til ýmissa hafnarsjóða í landinu. Það væri fyllsta réttlæti, að þeim væri fyrst og fremst úthlutað þessu fé, en þá hefði Norður-Ísafjarðarsýsla ekki fengið neitt. Sé til ranglæti í þessu sambandi, þá er það varðandi Hnífsdal og Bolungavík, sem ekki hefðu átt að fá neitt, meðan þeir staðir, sem kröfu eiga til þess, fá ekki sitt. N. vildi reyna að sýna vilja til þess, að þessi héruð lentu ekki í erfiðleikum, en þó voru öðrum skapaðir erfiðleikar með því.

Ég vil svo að síðustu benda á í sambandi við bjargráðastyrk til Sléttuhrepps og Grunnavíkurhrepps, að það er rétt, að séra Jónmundur Halldórsson lýsti þessu ýtarlega fyrir n. En hvorki í upplýsingum séra Jónmundar né annars staðar hefur það komið fram, til hvers á að nota þetta fé. Hér er líka farið inn á nýja braut, sem ekki er vitað hvert leiðir, t. d. hvort þetta getur haft í för með sér flutninga frá öðrum hreppum. Það virðist sjálfsagt að meta það skýrt í hvert skipti, til hvers á að verja fénu. Það væri bezt, að hv. 3. landsk., er hann fer um þessa hreppa næst, leggi starf í að finna leiðir, er ekki kosti meira en 150 þús. kr., fá samkomulag aðila og biðja síðan þingið að leggja blessun sína á það. Ég held svo, að ég hafi ekki þurft að ræða fleira við þennan hv. þm.

Hv. 11. landsk. ræddi um íþróttasjóð. Um það mál hef ég rætt áður og endurtek það ekki nú.

Viðvíkjandi 6. tölul. á þskj. 479, að til bókasafns verkamanna komi 10 þús. í stað 4 þús., er það að segja, að ekkert erindi lá fyrir hjá n. um þetta. Auk þess, ef safnið fær 4 þús., má jafnvel kaupa talsvert af Laxnessbókum fyrir það. Ég sé mér því ekki fært að mæla með þessari till. Sama gildir um 9. tölul. á þessu þskj., um hækkun framlags til hafnargerðar í Hafnarfirði. Ég hefði óskað, að Hafnarfjörður fengi 350 þús. kr., þó að ríkissjóður sé honum ekkert skuldugur, en þá hefði líka Akranes átt að fá 519 þús. í stað 350 þús. og Patreksfjörður 460 þús. kr. í stað 250 þús., í samræmi við það, sem ríkissjóður skuldar. Togaraútgerð er á báðum stöðum, og Hafnarfjörður hefur sízt meiri nauðsyn á framlagi en þeir, sem eiga inni. Annars var þetta mál rætt við samgmrh. og framlaginu breytt úr 100 þús. kr. í 250 þús. kr.

Viðvíkjandi styrknum til leikfélagsins þarf ég ekki að hafa mörg orð. Eðlilegast væri að styrkur til leikfélaganna væri veittur í einni upphæð. Ég skal ekki bera saman þann aðstöðumun, sem er hér, hvað snertir Akranes og Hafnarfjörð, þar sem Hafnfirðingar geta sótt leiksýningar í Reykjavík, nema þá að leiklistin sé komin á það æðra stig í Hafnarfirði, að Hafnfirðingum sé það andlegt kvalræði að sækja leiksýningar hér í Reykjavík.

Ég sakna hennar Katrínar minnar, og verð því að biðja hv. 11. landsk. að flytja henni ástamálin frá mér. Hún talaði um það, að hún ætti till. á þskj. 480, og sagði, að fjvn. ætti að vera kunnugt um hana, því að hún hefði verið hjá fjvn. síðan í haust. Ég álít það nú grundvallarskilyrði, að menn viti, í hvaða n. málin eiga að fara. Þessi till. hefur aldrei komið til fjvn., heldur fór hún til allshn. Form. allshn. ber því ábyrgð á því, ef ekki verða fleiri ástamál milli okkar Katrínar, þar sem hann hefur ekki skilað till. Þar sem fjvn. veit því ekkert um gögn, er ekki eðlilegt, að hún hafi tekið tillit til till. — Vill ekki hæstv. forseti sjá til þess, að þessir hv. þm., sem hafa svo mikið að tala um, að þeir hafa ekki tíma til að hlusta, fari út. (FJ: Við hlustum.) — Ég vil benda á það, að skornar hafa verið niður 170

þús. kr. til ríkisspítalanna, sem ekki er gott, því að það var það, sem allra sízt mátti skera niður. Ég er sammála um það, að nauðsyn sé að koma þessu upp, en málið þarf betri undirbúning, og þegar það kemur til fjvn., mun hún taka afstöðu til þess. Ég minnist þess ekki, að barnaverndarnefnd hafi sent neitt til fjvn. þessu viðvíkjandi, en það hefur ef til vill komið til heilbr.- og félmn., þar sem hv. 2. landsk. á sæti.

Þá var það hv. þm. Ísaf., sem segist hlusta. Hann leggur það til á þskj. 485, að sjúkrahúsi Ísafjarðar sé endurgreiddur sá halli, sem það hefur orðið fyrir vegna dvalar utanbæjarsjúklinga á sjúkrahúsinu. Hann segir, að ekki hafi fengizt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar til þess að hafa gjöldin svo há, að sjúkrahúsið geti borið sig. Það er furðulegt, að þannig skuli hafa verið farið með þessi mál, án þess að bætt væri úr. Enn furðulegra er það, að hér er um að ræða halla, sem verið hefur síðustu 20 ár. Ég vildi leyfa mér að spyrja, hvort þetta hafi ekki orðið ljóst fyrr en Alþfl. tapaði stjórn bæjarins. Ég hef orð hv. þm. fyrir því, að sjúkrahúsið hafi verið rekið með halla síðustu 20 ár, en í till. er farið fram á það, að 200 þús. kr. séu veittar vegna halla á árunum 1942—1947. (FJ: Eru það 20 ár?) Nei, en hv. þm. sagði, að halli hefði verið í 20 ár. Af hverju verður hann vitur fyrst nú? Ég held, með tilvísun til þessara upplýsinga, að ekki sé ástæða til þess að taka till. alvarlega. Ég býst ekki við, að hægt sé að veita fé til viðhalds sjúkrahúsum. Fé er veitt til byggingar sjúkrahúsa, en ekki til viðhalds sjúkrahúsa, sem dröbbuð hafa verið niður á þennan hátt í mörg ár. Ég vil líka benda á það, að sjúkrahús Ísafjarðar hefur fengið ákveðinn styrk úr ríkissjóði á hvert rúm, en tvö önnur sjúkrahús, er ekki þurfa síður styrks við, hafa engan styrk fengið. Bæði eru byggð til þess að standa undir íbúum sýslnanna, en líka fyrir slasaða sjómenn, og ríkissjóður hefur ekkert lagt fram í rekstrarkostnað fyrir þau. Ef till. hv. þm. Ísaf. verður samþ., sýnist mér rétt að bera fram till. í sömu átt fyrir þau bæði.

Út af till. hv. 6. landsk. á þskj. 480 vildi ég segja þetta: Landlæknir mætti hjá n. og óskaði eftir, að fjárframlögin til heilbrigðismálanna væru mikið aukin, en þessu var ekki hægt að sinna. Ef 300 þús. kr. eru veittar til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, vænti ég, að byggingin geti haldið áfram. Það verður líka að gera kröfur til manna heima fyrir. Fátækari staðir en Akureyri hafa orðið að leita til sinna sparisjóða í þessu sambandi, til þess að ríkissjóður legði á móti. Þó að ekki verði fallizt á hækkunina, stafar það ekki af andúð á húsinu, síður en svo.

Ég ætla ekki að tala mikið um Öxnadalsheiðarveginn. Það var mikið rætt um það í fjvn., hvorri stefnunni ætti að halda, að leggja meira af hinum stóru vegum og minna til hinna smærri veganna eða öfugt. En hvað eiga litlu vegirnir að bíða lengi? Sú stefna varð ofan á í fjvn. að reyna að tengja saman vegakerfið fyrir það fólk, sem vinnur að framleiðslunni. Þessi brtt. um að lækka framlagið til Öxnadalsheiðarvegar um 100 þús. kr. er leiðrétting. Það var meiningin að láta þann veg fá 400 þús. kr., en alls ekki 500 þús. kr., eins og stendur í till., og ég held, að ég hafi lýst því í minni framsöguræðu.

Í sambandi við brtt. frá hv. 6. landsk. þm. um tillag til hafnar á Akureyri þykir mér rétt að segja frá því hér, að það er verið að byggja stórt mannvirki á Akureyri, sem er dráttarbraut. En það mun vera þannig, að ekkert samkomulag er um það, að bærinn reki þessa dráttarbraut. Það mun vera helzt á oddinum nú, að bærinn byggi dráttarbrautina, til þess að hann geti fengið styrkinn úr ríkissjóði, leigi hana síðan ákveðnum mönnum um ákveðinn tíma til þess að reka hana. Og ef þetta er rétt, þá er það a. m. k. að fara ákaflega mikið í kringum lögin, ef ekki að brjóta þau. Og eftir viðtali við fulltrúa bæjarstjórnarinnar skildist mér, að búið væri að tryggja fé til þessara framkvæmda. Og kemur þá í hlut næstu fjvn. að úthluta á móti því, sem unnið hefur verið þarna. — Nú er hér skrá yfir það fé, sem ýmsir sjóðir eiga inni hjá ríkinu. Og ég veit ekki betur en að Akureyrarbær eigi hér inni 230.500 kr. í ár. Og þegar við áttum að ákveða það, hve mikið fé færi til staða, annars vegar þessa staðar, sem á inni 230.500 kr. og sáralitið eða ekkert hefur gert á tveimur árum annað en undirbúið sig, eða til Akraness, sem ríkið studdi með 519 þús. kr. og hefur alveg sérstaklega gert ráðstafanir til þess að kaupa ker, sem sparar ríkissjóði hundruð þúsunda kr., ef ekki milljónir í fjárframlögum til þeirrar hafnar, þá held ég, að ekki sé hægt með réttu að fella þann dóm, að það sé af skilningsleysi að láta ekki nema 75 þús. kr. til Akureyrarhafnar. Fjvn. var fullkunnugt um þessi mál öll, og hún telur, að með því að nota þessar 230 þús. kr. og þessar 75 þús. kr., þ. e. a. s. um 300 þús., geti Akureyrarbær þá látið vinna fyrir um 600 þús. kr. að þessum framkvæmdum með því að leggja fé á móti. Ég held því, að það sé ekki ástæða til að taka þessa brtt. alvarlega, sem hv. 6. landsk. þm. var að tala um í þessu efni. — Viðkomandi till., sem hv. 6. landsk. var að ræða um, um veginn hjá Akureyri, vil ég leyfa mér að benda á, að það er mjög vafasamt, að hægt sé að veita fé til þess fyrirtækis nema með sérstöku lagafyrirmæli, því að þarna er þjóðvegur, og það er þarna brú. Og ég efa, að hægt sé að leggja fram 400 þús. kr. til þess að laga þennan veg, sem þarna er um að ræða, og byggja nýja brú án þess að taka upp ákvæði um það í öðrum l. en fjárl. Og hitt er ég alveg viss um, að þeir, sem verða að bíða árum saman með að fá brýr á stór vatnsföll, þeir munu ekki greiða atkvæði með brtt. um 400 þús. kr. til þess mannvirkis, sem þessi brtt. er um. Ég mun því ekki sjá mér fært að leggja það til við fjvn., að þessi brtt. verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér í sambandi við 75. brtt. n. Það hafa verið um þetta atriði mjög skiptar skoðanir. Ég vil benda hv. þm. A-Húnv. á, að ég er ekki alveg viss um, að það

sé réttur skilningur, að það sé ekki hægt að gera þetta með einföldu fjárlagaákvæði.

Í sambandi við brtt. frá hv. 1. þm. Árn. um framlag til Geirs Sigurðssonar fyrrv. lögregluþjóns vil ég taka fram, að þetta var á fjárl. í fyrra, 6 þús. kr. til þessa manns. Þetta hafði ekki verið tekið upp af ríkisstj. og n. sá ekki ástæðu *til* að taka þetta upp, *enda hafði ekki* komið fram till. um það. En atkv. skera úr um þetta. Hins vegar, ef hv. flm. vill taka brtt. aftur til 3. umr., mun fjvn. athuga hana. En ég get engu lofað um það, hvort n. muni mæla *með henni.* — Viðkomandi brtt. frá hv. þm. S-Þ. um að færa til vegaframkvæmdir innan héraðs, þá skal ég minnast á það við fjvn., og væri þá eðlilegast, að hv. flm. tæki brtt. aftur til 3. umr.

Það er dálítið fleira, sem komið hefur fram hér undir umr., sem ég mun láta bíða að svara, þar til ég þarf að svara nýrri árás á fjvn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. form. fjvn. hefur tekið til umr., eins og eðlilegt er, allt, sem honum sýnist þess vert í þeim umr., er fram hafa farið viðkomandi fjárlagafrv., og þá einkum brtt. ýmist frá meiri hl. eða minni hl. fjvn. og einstökum hv. þm. Hann hefur einnig að sjálfsögðu gert aths. við það, sem *ég hef lagt til þessara mála.* Og að því er það snertir, sem hann hafði eftir mér um fjárhagsráðið, þá leiðrétti ég nú þegar í stað það, sem mér þótti ofsagt í ummælum hans, og skal ekki út í það farið frekar.

Þá ræddi hv. frsm. mjög um fiskiðjuver ríkisins og vildi halda fram, að ég hefði, með því að fela stjórn fiskimálasjóðs yfirstjórn fiskiðjuversins, stigið spor, sem bakaði ríkissjóði sérstaka ábyrgð. (GJ: Það er misskilningur.) Gangur málsins er þessi, að fiskimálanefnd á sínum tíma, að sjálfsögðu með samþykki þess ráðh., sem hafði þá með þann þátt atvinnumálanna að gera, byggði þetta fiskiðjuver og meðhöndlaði það eins og nokkurs konar byggingarnefnd. Svo var skipuð af atvmrh. sérstök stjórn til þess að *stjórna fiskiðjuverinu. Og* það voru nú að vísu sömu mennirnir, sem þá voru í fiskimálanefnd. En eftir að ég kom í þetta ráðuneyti, þá lá þar bréf frá fiskimálanefnd, þar sem hún skilaði af sér byggingunni, sem þá var reyndar ekki fullgerð, a. m. k. ekki sem verksmiðja. Ég fól svo stjórn fiskimálasjóðs — en eins og hv. þm. er kunnugt, heitir það nú fiskimálasjóðsstjórn, sem gegnir sama hlutverki og fiskimálanefnd gerði áður — ég fól stjórn þeirri að fara með þessa yfirstjórn fiskiðjuversins, af því að mér fannst óþarfi að hafa yfir þessu sérstaka stjórn, og tók það fram, að fjárhagur fiskiðjuversins skyldi vera aðgreindur frá fjárhag fiskimálasjóðsins. — Ég tel alveg vafasamt — og get reyndar ekki séð það — að *ríkissjóður beri frekar ábyrgð á* þessu fiskiðjuveri fyrir þetta heldur en áður var. — En eftir að ég hafði afskipti af þessum málum, þurfti að útvega aukið stofnfé til fiskiðjuversins, eins og ég lýsti hér áður í ræðu, til þess að fullkomna bygginguna. Og ég held, að mér sé óhætt að segja, að ég hafi ekki skrifað undir neina sérstaka formlega ríkisábyrgð á þeim lánum. — Að því er rekstur þessa fyrirtækis snertir, þá fær fiskiðjuverið nú sem hraðfrystihús sams konar kjör eins og önnur hraðfrystihús, og það án þess að ríkissjóður sé þar í ábyrgð, eða ekki fram að þessu. Ég hef hins vegar leyft fiskimálasjóði að ábyrgjast nokkuð af rekstrarfé *núna, sérstaklega í sambandi* við síldarniðursuðu, af því að það fé var ekki fáanlegt til þess á annan hátt. Ég skal svo láta útrætt um það.

Þá minntist hv. form. fjvn. á þau bréf, sem farið hafa á milli fjmrn. og ríkisstofnana varðandi þetta svokallaða geymda fé. Skýrði hann frá í því sambandi, að hæstv. samgmrh. hefði snúið sér til hv. fjvn. og hún gert ályktanir í sambandi við það. Þetta svokallaða geymda fé hefur nú ekki alltaf frá öndverðu verið fylgifiskur fjárl. eða ríkisreikninganna. Og reyndar sést það hvergi í ríkisreikningnum þann dag í dag. Það hefur lengst af verið siður, að það hefur ekki verið talað um neitt geymslufé. Og ég hygg, að það hafi verið fyrst fyrir eitthvað um 6 árum síðan, að þetta hafi skapazt. Og þó að mér sé ekki fullkunnugt um það, þá held ég, að það hafi fyrst orðið til vegna þess, að ekki var vinnukraftur fyrir hendi eða það entist ekki vinnukraftur, sem fyrir hendi var, til þess að nota fé, sem veitt var á fjárl., eða þá af því, að vantað hafi vörur, eða af einhverjum öðrum ástæðum ekki var unnt að nota eða fullnota einstakar fjárveitingar. Ég skal þó játa, að ég er þessu ekki ýtarlega kunnugur, eins og ég vona, að hv. form. fjvn. skilji. Ég hef ekki svo lengi verið nálægt þessum málum, að ég hafi getað kynnt mér þetta ofan í kjölinn. Og það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru bókhaldslegs eðlis, því að í ríkisbókhaldinu og hjá endurskoðendum ríkisins hefur því verið haldið fram við mig, að þetta svokallaða geymda fé væri þeim, sem eiga að sjá um formun ríkisreikninganna, endurskoðun þeirra og rétta afgreiðslu til Alþ., mikill þyrnir í augum, því að það gerði það að verkum, að ríkisreikningarnir gæfu ekki rétta hugmynd um það, hvað unnið hefði verið, þar sem tilfærð hefði verið með því móti eyðsla fjár fyrir verk, sem ekki hefðu verið unnin. Nú skal það líka játað af minni hálfu, að ég er ekki bókhaldsfróður maður og er sízt af öllu fær um að rata um völundarhús sérfræðinnar í slíkum málum. En mér er sagt, að mikið af því fé, sem snertir ýmsa liði fjárl., ekki bara einn eða tvo, sem er kallað geymt fé, sé raunverulega ekki og hafi aldrei verið geymt, heldur beinlínis verið eytt í aðrar þarfir eða eitthvað því um líkt — sem sagt, að það hafi ekki undantekningarlaust verið tekið frá eða lagt inn á sérstaka reikninga. Og af fjmrn. er á það bent, að það sé nú orðið svo mikið, sem beri þetta nafn: „geymt fé", svo margar milljónir, að það sé mjög erfitt fyrir ríkiskassann eða fjmrn. að eiga yfirvofandi yfir sér kröfur um ógreitt fé, sem kannske einhvern tíma hefur staðið á fjárl., en hefur ekki verið notað og ekki verið lagt út. Ég er viss um, að hv. form. fjvn. mun skilja það, að þetta veldur ruglingi og

örðugleikum, hvað sem annars má um þetta segja. Hitt skil ég svo náttúrlega vel, að það getur átt sér stað um ýmsar slíkar fjárveitingar, sem ekki hafa verið notaðar til fulls, að af óviðráðanlegum ástæðum hafi ekki verið hægt að nota féð til þeirra framkvæmda, sem það hefur verið ætlað á fjárl. En sá rétti háttur væri þá sá, ef ætti að geyma þetta fé, að taka það þá með í fjárveitingu á næsta árs fjárl. — En eitthvað af þessu „geymda fé“ mun vera til, og þá líklega helzt hjá vegamálastjóra einhverjar upphæðir. — Ég vil nú líka benda á það, að í brtt. hv. fjvn., sem snerta heimildargr., 22. gr., er tekin upp orðrétt sú heimild, sem var í fjárl. síðasta árs, og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Að fresta“ — þ. e. a. s. lagt er til, að ríkisstj. verði gefin heimild til þess — „fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949.“ Með þessu er það sýnt, að það eru tveir möguleikar a. m. k. fyrir hendi, annar sá að geyma féð, og þar er komið inn á hugtakið, sem ég hef rætt um, sem er tiltölulega nýtt hér á Alþ., og hinn hátturinn, að láta þær framkvæmdir, sem þessu fé átti að verja til, sitja í fyrirrúmi á því næsta fjárlagaári, sem um er að ræða. Ég hef nú, vegna þess umtals, sem vakið hefur verið um þetta, bæði af hæstv. samgmrh. og fjvn., falið starfsmanni ráðuneytisins að gera nánari skýrslu um ástand þessara hluta, og mun því lokið svo tímanlega, að hægt verði að taka þessi atriði til athugunar fyrir 3. umr. Ég tek það fram í þessu sambandi, að ég er fús til þess að líta á alla málavöxtu með fullri sanngirni. En ég hef hins vegar ekki getað daufheyrzt við ábendingum og ráðleggingum þeirra manna í ráðuneytinu, sem árum saman hafa haft með höndum bókhald fyrir ríkið og endurskoðun innan ráðuneytisins. Og það er það, sem olli því, að þessi bréfaviðskipti fóru fram.

Ég ætla, að hv. form. fjvn. og aðrir hv. fjvnm. geti fallizt á, að þessi afstaða, sem ég hef tekið til þessarar — ja, hvað á ég að kalla það — deilu, sé eðlileg og að hún verði talin viðunandi eftir atvikum. — Það vil ég svo benda á að lokum, að allt þetta, allir þessir liðir, sem hér er um höndlað nú, bæði fjárlagafrv. sjálft, eins og það verður nú útbúið með rekstrarútgjöldum og útgjöldum 22. gr., sem og það, sem hér hefur verið gert að sérstöku umtalsefni, greiðsla á öðru fé, a. m. k. að svo miklu leyti sem það er fáanlegt og hægt er að rekja það, hvaðan það á að hafa stafað — allt er þetta háð getu ríkissjóðs fjárhagslega. Hver svo sem er í ráðherrastóli, þá verður það óhjákvæmilega háð því, sem mögulegt er fyrir ríkissjóð að standa undir. Þetta vildi ég hafa sagt út af ummælum hv. form. fjvn., sérstaklega varðandi geymsluféð. Það er sjálfsagt að taka þetta til athugunar milli ríkisstj. og hv. fjvn. svo tímanlega, að menn viti, hversu haga má sanngjörnum niðurstöðum við 3. umr. fjárl.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa yfirlýsingu hér í sambandi við þetta mál og mun að sjálfsögðu láta mér það nægja, þar til fjvn. og hæstv. ráðh. hafa tækifæri til þess að ræða þetta nánar fyrir 3. umr. — En ég held, að það komi hér fram nokkur misskilningur hjá hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta mál, sem ég vildi gjarnan gera aths. við. Í fyrsta lagi sé ég enga erfiðleika á því bókhaldslega séð að halda fénu sérstöku, þó að það sé ekki greitt út. Þá koma þessir aðilar inn sem lánardrottnar ríkisins. Það eru út af fyrir sig ekki gerðar svo margar athugasemdir við það, ef ríkið greiðir ekki féð út, þó að það láti það liggja vaxtalaust á banka, en samt yrði það að fara í það, sem veitt var til, og það er ekki heimild til að taka það aftur nema með samþykki Alþ., og það er vafasamt, hvort Alþ. gæti kippt samþykki sínu til baka. Þetta vildi ég benda hæstv. ráðh. á. Ég vil einnig benda á það, að það er þýðingarmikið, ef greiðsla er látin niður falla og skirrzt við að taka hana sem endurgreiðslu. Það er þetta, sem deilt er um, og það mundi skapa svo mikla óánægju, að það yrði ekki liðið, og mundi skapa ráðh. ábyrgð. Ég er ekki í vafa um, að ef hafnarsjóði hefðu verið veittar 500 þús. kr. og hann hefði ekki getað tekið féð, m. a. vegna þess, að vitamálastjórnin hefði ekki gert þann undirbúning, sem þurfti, og ef svo ætti að láta greiðsluna niður falla, mundi viðkomandi hafnarsjóður stefna ríkissjóði til þess að fá dóm fyrir fénu, og ég er viss um, að hann mundi fá þann dóm. Og það gæti einnig farið svo, að héruðin gætu gert gildandi rétt sinn um það, sem ætti að fara í vegi og brýr. Í sambandi við 75. brtt. gætir einnig misskilnings hjá hæstv. ráðh. Ég vil benda á það, að hér stendur, að heimilt sé að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Þetta er fyrri hluti gr., og í sambandi við þetta vil ég benda á, hvað það var, sem hæstv. ráðh. fékk leyfi til að gera. Það var tekið fram, að það væri þetta, að ef féð væri ekki til, mætti hann draga úr verklegum framkvæmdum, en eingöngu hlutfallslega í héruðunum. Það var tekið fram, að þetta ætti að vera hlutfallslega, en ekki að taka af einu héraði og láta það ganga út yfir önnur. Þegar ríkissjóðinn brast ekki tekjur s. l. ár, er þessi heimild ekki til. Það er vitað, að ríkissjóður hefur borgað stórar fjárfúlgur til héraða á kostnað annarra, svo að grundvöll þessarar heimildar hefur hæstv. ráðh. ekki. Þá skulum við koma að síðari hluta gr. Þar stendur, að sé féð fyrir hendi, en fresta verði framkvæmdum af öðrum ástæðum, skuli það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, og þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949. Það er þetta, sem gera á, að ef féð er fyrir hendi, skuli féð, sem til þeirra framkvæmda var ætlað, geymt og þær

látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949, ef framkvæmdum var frestað af öðrum ástæðum en þeim, að ekki væri til fé. Ég vildi, að hæstv. ráðh. fengi úrskurð hins mjög lögfróða manns, dómsmrh., um þetta. Annars gæti svo farið, að aðilar yrðu að gera tilraun til þess að fá dóm. Ég treysti því, að samkomulag verði um þetta atriði.

Þá vil ég benda hæstv. ráðh. á misskilning hans í sambandi við fiskiðjuverið. Sannleikurinn er sá, að ef fiskiðjuverið hefði aldrei verið tekið úr ábyrgð fiskimálasjóðs, þá hefði mátt láta fiskimálasjóð standa undir rekstrinum. Nú hefur þetta ekki verið gert. Ráðuneytið hefur gert úr þessu sjálfstætt fyrirtæki, sem fiskimálasjóður stendur ekki undir, heldur ríkissjóður. Það hefði átt að láta þessa menn standa við það að geta ekki veitt fé til frystihúsa, markaðsleita eða annars og sjá þá, hvernig farið hefði, en einmitt þennan kaleik hefur hæstv. ráðh. tekið frá þessum mönnum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef enga brtt. varðandi mitt kjördæmi. Ég hef talið hyggilegra að hafa annan hátt á í þeim efnum að þessu sinni og hef þess vegna ekki borið fram till., en ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um fáein atriði þeirra brtt., sem fjvn. flytur og snerta N-Ísafjarðarsýslu, og fyrst og fremst áætlað framlag til hafnargerða og til brimbrjóts í Bolungavík. N. leggur til, að greiddar verði á 13. gr. kr. 150000, og kemst ég ekki hjá að skýra nokkur atriði í sambandi við þessar framkvæmdir. Eins og hv. þm. muna, var hafizt handa um þessar framkvæmdir á árinu 1945 og þeim haldið áfram til haustsins, en þá tókst svo illa til, að öll sú hleðsla, sem unnið hafði verið að á sumrinu, hrundi í miklu aftakaveðri, sem gerði um haustið, og voru hafnarmannvirkin nær ónothæf veturinn 1946—1947, og var með herkjum hægt að nota fyrirhleðsluna þannig, að útgerð stöðvaðist ekki, vegna harðfylgis sjómanna á þessum stað. Þegar þessir atburðir höfðu gerzt, tók hreppsnefnd Hólshrepps þá afstöðu að æskja þess, að allur kostnaður við þetta tjón yrði greiddur úr ríkissjóði. Ég þarf ekki að flytja fram að nýju þau rök, sem ég hef áður flutt út af þessu máli. Þm. hafa áður heyrt þau, og væri aðeins endurtekning að fara að flytja málið á ný. S. l. sumar var unnið að því að bæta þetta tjón, og hefur verið unnið fyrir rúmlega 700 þús. kr., og er það mín skoðun, að upphæð sú, er tjónið nam, verði viðbótarkostnaður við það, sem upphaflega var gert ráð fyrir. Nú er það svo, að á fjárl. 1947 voru aðeins veittar kr. 250 þús. til mannvirkisins, og eins og þm. vita, er það aðeins lítill hluti kostnaðarins. Í samræmi við mína fyrri skoðun í þessu máli vil ég halda því fram, að ríkissjóði beri að greiða allt það tjón, sem á mannvirkinu varð. Þess vegna verður það óhjákvæmilegt fyrir mig að ræða um það við fjvn. og stj., að tekið verði upp á heimildargr. að greiða hafnarsjóði Hólshrepps a. m. k. 350 þús. kr. aukakostnað, sem á mannvirkinu varð. Ég get látið nægja þetta yfirlit um þetta mannvirki, en mun ræða um það við fjvn. og fyrst og fremst fjmrh. að fá þessa fjárveitingu upp tekna, vegna þess að það er óhjákvæmilegt. Í lausaskuldum hefur safnazt fyrir tölurvert á fjórða hundrað þús. kr., og er það mikil byrði fyrir fátækt hreppsfélag og algerlega óviðunandi, ef ríkissjóður ætlar að láta við svo búið standa. Ég vænti þess, að þótt hv. fjvn. hafi ekki í fyrstu séð nauðsyn þess að taka óskir okkar hv. 3. landsk. (HV) til greina, muni hún við frekari athugun taka þetta mál til endurnýjaðrar athugunar. Ég mun ekki sætta mig við neitt annað en það, að ríkissjóður greiði allt það tjón, sem á mannvirkinu hefur orðið.

Þá vildi ég minna á það, að hv. fjvn. hefur ætlað til bryggju í Hnífsdal kr. 50 þús. í stað kr. 150 þús., sem við höfðum farið fram á. Það hefur verið gerð áætlun um þessar framkvæmdir, og þær stranda alveg, ef þetta er ekki veitt. Og ég vil segja það, að það er miklu skynsamlegra af hv. n. að veita alls ekki neitt til slíkra mannvirkja en að veita það, sem ekki er hægt að hefja framkvæmdir með. Slíkar fjárveitingar eru algerlega út í bláinn. Það þýðir það, að þegar þarf að steypa fyrir 150 þús. kr. á einu sumri og veittar eru kr. 50 þús., eyðileggur það alla áætlun og þýðir það, að framkvæmdir skuli ekki hafnar fyrr en síðar. Ég vænti þess, að þessu verði einnig breytt.

Í sambandi við fjárveitingar vegna framkvæmda í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi vil ég segja, að það er atriði, sem ég ekki kemst hjá að ræða við hv. n. og stj. N. hefur fengið miklar upplýsingar um þessar framkvæmdir frá sr. Jónmundi Halldórssyni, svo að ég tel ekki þörf á að bæta þar við.

Ég skal ekki fara að ræða hér brtt., sem fluttar eru á þskj. 479 af hv. 3. landsk. þm. Þær eru, að ég held allar, teknar orðréttar upp úr bréfi, sem við í sameiningu skrifuðum hv. fjvn. um óskir okkar fyrir hérað okkar. Ég mun að sjálfsögðu fylgja öllum þessum brtt., þótt ég kynni betur við að hafa þann hátt á, sem hefur verið, bæði milli okkar og fyrri landsk. þm., að kjördæmakosinn þm. og landsk. hefðu samráð um till. Ég tel, að þessi háttur sé eðlilegri og líklegri til þess að koma þessum málum fram. Ég vil ekki væna hv. þm. um, að hann vilji ekki hafa þetta svona, og hvort sem svo er eða ekki, mun ég fylgja þessum till., enda eru þær allar upp úr bréfi, sem ég skrifaði fjvn. — eða er ekki svo, 3. landsk.? (**HV:** Jú, nema það eru örlítið breyttar upphæðir sums staðar.)

Ég vil aðeins segja það, að mér þykir sem fé það, sem hv. n. ætlar til þessara héraða, muni vera helzt til lítið. Ég segi það ekki vegna þess, að mér finnist önnur héruð fá of mikið, enda er það enginn mælikvarði á réttmæti fjárveitinga til héraða, heldur þörfin á hverjum stað. Og ég vil fullyrða, að þörfin er meiri heldur en fram kemur af því, sem ætlað er til brúa og vega. Náttúrlega finnst öllum þm., að héruðum þeirra sé gert of lágt undir höfði, en verkin tala vestur þar.

Ég vil kasta hér fram uppástungu, sem ekki

snertir efni fjárl., en afgreiðslu þeirra og meðferð ríkisfjár yfirleitt. Ég hygg, að svo fari, að Alþ. hljóti að leysa sig úr þeim vanda, sem það er sett í hverju sinni, þegar það afgreiðir fjárl. og á að skipta fénu niður. Ég held, að heppilegast væri að stefna að því að auka sjálfsstjórn héraðanna eða fjórðunganna, þannig að Alþ. úthlutaði sérstakri heildarfjárveitingu til þessara framkvæmda, sem héraðsstjórnirnar síðan skiptu. Það hafa komið fram till. um þetta frá fjórðungsþingi Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungs, og tel ég þetta skynsamlega hugmynd, sem orðið geti til að bæta — ekki einasta á þann hátt að létta ábyrgðinni af þm., heldur að skapa réttari meðferð ríkisfjár.

Þá ætlaði ég að minnast nokkuð á till. okkar hv. þm. Ísaf. um byggingarkostnað til sjúkrahúss á Ísafirði, 250000 kr. Hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur gert grein fyrir þessari till. Því fer svo fjarri, að það sé óeðlilegt að veita fé til endurbóta á sjúkrahúsi, og ég veit ekki hvernig það hefur komizt inn í höfuðið á þm., að það megi hvergi reka eða viðhalda sjúkrahúsi nema í Reykjavík. Mér skilst, að þau dæmi, sem hér eru um fjórðungssjúkrahús, sanni þetta algerlega. Það hefur þokazt nokkuð með sjúkrahús á Akureyri, en það hefur ekki fengizt viðurkennt sem fjórðungssjúkrahús í þeirri merkingu, sem upphaflega var lögð í það orð, sem sé að ríkið kostaði þau yfirleitt. Ég sé ekki, að það sé nein goðgá, þegar sjúkrahús Vesturlands er að grotna niður, þótt ríkið taki ábyrgð á því. Mér þykir undarlegt, að hv. þm. Barð., sem líka hefur með sjúkrahús að gera, skuli vera á móti þessu. Þetta tengist svo við seinni hluta till. Ég vil taka það fram, að það hefur fyrr verið halli á sjúkrahúsinu, en þar sem vitað er, að vaxandi dýrtíð hefur verið, er eðlilegt, að hallinn hafi verið mestur á þessu ári.

Ég vil ljúka máli mínu með að endurtaka það, sem ég sagði áður, að ég tel það vænlegra fyrir þær framkvæmdir, sem mestu varða, að flytja ekki um þær brtt. við þessa umr. En ég mun nota tímann til 3. umr. til umræðna við hv. fjvn. og fjmrh. og halda þar fram þeim málum, sem ég hef borið fram till. um til fjvn.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Barð., form. fjvn., er hann flutti áðan, sérstaklega þá hlið, sem snýr að þeim brtt., sem ég hef flutt hér. Hv. þm. byrjaði með því að ræða um ástæðuna fyrir því, að niðurskurður hefur verið framkvæmdur á íþróttasjóði, og var í því sambandi með ýmsar hugleiðingar um það, hvernig á því stæði, að sú upphæð, 1 millj. kr., væri lækkuð, og sagði eitthvað á þá leið, að ástæðan hefði verið sú, að núv. ráðh. hefði beitt sér fyrir því, að upphæðin væri hækkuð um 300 þús., til þess að Reykjavíkurbær með sínum mannvirkjum fengi þá upphæð. Ég skal viðurkenna, að ég var ekki í þingsölunum, þegar sú breyt. var gerð hér, en þykist mega fullyrða, að þetta sé á misskilningi byggt að því er snertir þm. utan Rvíkur. Ég reikna með því, að flestir þm. hafi greitt atkv. með hækkuninni til þess að hækka framlög til íþróttamannvirkja víðs vegar á landinu, en ekki til þess að þetta færi til Reykjavíkurbæjar. — Þm. minntist á, að það hefði ekki verið nein goðgá að skera íþróttasjóð niður um 100 þús. kr., og gat um það, að annað hefði verið skorið niður, sem nauðsynlegra væri. Það er ekki ætlun mín að mæla því bót, að n. hefur skorið niður annað, og mætti hún vel hafa látið það ógert, en ég vil benda þessum þm. á það, að það eru fleiri aðilar til en fjvn., og niðurskurður hefur oft verið framkvæmdur af öðrum en fjvn. Hér er um niðurskurð um 400 þús. kr. að ræða, en ekki 100 þús., og n. virðist vilja skera það enn niður. Einu rökin, sem komið hafa fram í fjvn. fyrir þessum niðurskurði á íþróttasjóði, eru þau, að ekki þýði að láta í þetta stórar upphæðir, þar sem allar byggingar og framkvæmdir mundu stranda á fjárhagsráði, sem mundi ekki leyfa slíkt. Nú eru í landinu 26 íþróttamannvirki, og til þess að þeim verði lokið, þarf 500—600 þús. kr. Þar við bætist, að á mörgum stöðum á landinu þarf nauðsynlegra viðgerða við, t. d. þarf víða að breyta sundlaugum mikið. Líka má benda á, að á Akranesi, í Keflavík og í Hafnarfirði eru mjög dýr mannvirki, sem eru sundlaugar, sem verður að byggja við, til þess að þau komi að fullum notum. Fleira mætti nefna í þessu sambandi. Því má ekki gleyma, að verja verður stórum upphæðum til þess að styrkja íþróttasamböndin í landinu. Með þessum 600 þús., sem meiri hl. fjvn. leggur til, að sjóðurinn fái til ráðstöfunar, má slá föstu, að draga verður svo saman margt nú, að það er ekki verjandi. Ég segi það því enn einu sinni, að þrátt fyrir það að þessi till. liggur fyrir, hef ég þá von, að upphæðin verði hækkuð frá því, sem meiri hl. n. leggur til á þessu stigi málsins.

Hv. þm. var með skens í sambandi við till. mína um hækkun til bókasafns verkamanna og sagði, að kaupa mætti allmikið af Laxnessbókum fyrir 4 þús. kr. Ég vil sízt lasta það, að verkamenn lesi Laxnessbækur, og má kaupa allmikið fyrir 4 þús. kr., en verkamenn lesa fleiri bækur, og með núverandi verðlagi er það ekki svo mikið magn, sem kaupa má fyrir 4 þús. kr., sem dreifa á um allar sveitir landsins.

Um hafnargerð í Hafnarfirði og þá upphæð, sem ég hef lagt til, að breytt yrði, fór þm. þeim orðum, að ekkert réttlæti væri í því, að Hafnarfjörður fengi meira en gert er ráð fyrir, og hefði meira að segja verið farið fram úr því, sem réttlátt gæti talizt, en samgmrh. hefði viljað hækka þessa upphæð og hefði það verið gert. Þetta er að vísu gott og lofsvert, að þm. hefur tekið þessum framförum, en ég vil, að hann skilji það til fulls og vilji láta Hafnarfjörð njóta þess að auka sín mannvirki og auka sína höfn.

Hv. þm. var svona hálft í hvoru að reyna að gera lítið úr leiklistarstarfseminni í Hafnarfirði með því meðal annars, að hún mundi vera á öðru stigi en leiklistin í Rvík. Ég skal ekki um það segja, á hvaða stigi leiklistin er í Hafn-

arfirði, en ef miða á við það, að íbúar Rvíkur hafi sæmilegan smekk fyrir leiklist, og þegar þess er gætt, að þeir hafa verið sæknir á þau leikrit, sem sýnd hafa verið í Hafnarfirði, má ætla, að leiklistarstarfsemin í Hafnarfirði standi á háu stigi.

Það voru ekki önnur atriði, sem ég tel ástæðu til að ræða um í sambandi við þá ræðu, sem hv. þm. Barð. flutti, en vil að lokum segja það, sem ég sagði í upphafi, að ég vona, að sá skilningur verði hér ríkjandi, að þessar till. nái fram að ganga. Þessar till. eru allar svo hóflegar og sanngjarnar, að þess er vænzt, að þm. sannfærist um það, að hér er kröfum stillt í hóf, og greiði þessum till. atkv. sitt, þó að form. fjvn., hv. þm. Barð., mæli gegn þeim sem flestum öðrum brtt., sem fram hafa komið. Það hefur áður skeð hér í þingsalnum, að orð form. fjvn. hafa ekki verið skoðuð sem úrslitadómur um gildi till. og þess vegna hans orð ekki látin ráða, heldur fyrst og fremst sannfæring þm., og ef svo verður, er ég ekki hræddur um, að þessar brtt. nái ekki fram að ganga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tók eftir því áðan, þegar hv. þm. N-Ísf. talaði, að hann lét í ljós, að hann hefði kunnað betur við að vera flm. með mér að þeim brtt. við fjárl., sem ég hef borið fram á þskj. 479. Ég skal taka fram, að ekki hefði ég haft neitt á móti því að hafa hans nafn með á þessum till. og njóta hans stuðnings, sem ég geri ráð fyrir, að hann muni veita till. mínum samt sem áður, en ástæðan til þess, að ég flyt þær einn, er sú, að ég tók mark á þeim boðskap hæstv. forseta, að brtt. yrði að vera skilað fyrir kl. 7 þann dag, sem það yrði tilkynnt. Ég reyndi því að ná fundi hv. þm. N-Ísf., en lánaðist það ekki í tæka tíð. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, ég veit, að hv. þm. leggur brtt. mínum sama stuðning í sínum flokki eins fyrir það.

Hv. frsm. fjvn. gerði mér þá sæmd að verja löngum kafla ræðu sinnar til að svara þeirri ræðu, sem ég hélt hér í gærkvöld. Hann gerði mér svo hátt undir höfði að verja eins löngum tíma í mig og hæstv. ráðh., sem hann hafði þó mjög mikið við að tala, og eyddi sýnu meiri tíma í mína ræðu en ræðu hv. frsm. minni hl. fjvn., sem hann þó auðvitað þurfti að tala talsvert við líka. Ég tel því skylt að sýna frsm. fjvn. þó ekki annað en þá virðingu að eiga við hann nokkur orðaskipti í staðinn.

Hv. þm. sagði, að ég hefði lýst yfir því í gær, að ég væri ekkert óánægður með það, þótt upphæðir til verklegra framkvæmda væru lægri í ár en áður, en sá væri munurinn, að hann sem form. n. væri ekki ánægður með þetta. Þetta er ekki alveg rétt eftir mér haft. Ég sagði, að ég teldi rétta stefnu, að hið opinbera drægi úr framkvæmdum, þegar svo væri ástatt um atvinnulíf þjóðarinnar, að gera þyrfti ríkar kröfur til þess vinnuafls, sem fáanlegt væri. Sömu kröfur hafa komið frá fleiri þm. Það er auðvitað eðlilegt, að ríkið leggi sig allt fram um aukningu opinberra framkvæmda, þegar kyrkingur er í atvinnulífinu og atvinnuleysi, og komi þá til styrktar við framkvæmdir í þjóðfélaginu og örvi þær og komi þannig í veg fyrir böl atvinnuleysisins. — Það var út af þessu, að ég sagðist geta sætt mig við það, að dregið væri nú nokkuð úr framlögum til verklegra framkvæmda, þegar svo stæði á og það þyrfti á þeim vinnukrafti að halda, sem fáanlegur væri hjá þjóðinni. Hitt er rétt, að ég lét í ljós óánægju með þá skiptingu, sem fjvn. hefur framkvæmt á þessu takmarkaða fé, og gerði að umtalsefni skiptingu n. á fjárveitingum til samgöngumála. Ég sagði, að ég teldi, að þegar byrjað væri að draga saman seglin á þessu sviði, mætti verja það að byrja að draga þar úr samgöngum, sem vegakerfið væri orðið fullkomnast, og sagði, að þannig væri víða hér á Suðurlandi og ólíku saman að jafna vegakerfinu sunnanlands og vegleysum Vestfjarða. Það gæti því tæplega talizt sanngirni að byrja samdráttinn á því að draga fyrst og fremst úr fjárveitingum til vegagerðar í hinum veglausu héruðum landsins. Þetta var mín skoðun. Það er varla hægt fyrir fólk, sem býr í veglausum héruðum, að una við það, að þar sé stöðvun á gerð, og það bíður meiri hnekki við slíka ráðabreytni en fólkið í þeim héruðum, sem betur eru stödd með vegi, þó að frestun yrði á því, að vegirnir yrðu breikkaðir. Aftur á móti mátti enginn taka orð mín svo, að ég teldi, að fólkið á Suðurlandsundirlendinu væri búið að fá fullgott eða of gott vegakerfi. Síður en svo. Ég tel, að það sé mark, sem að verði að keppa, að allir íbúar Íslands fái svipaða aðstöðu og ekki verri en íbúar Suðurlands og Borgarfjarðar hafa nú. Ég vildi því ekki troða skóinn af einum né neinum. Ég vildi halda fram málstað þess landshluta, sem mjög hefur orðið út undan um verklegar framkvæmdir í samgöngumálum. Torveldar það ástand mjög atvinnuhætti þessa landshluta.

Hv. þm. Barð. sagði, að þau rök lægju til hins mikla vegakerfis hér sunnanlands, að þörfin væri svo mikil vegna mjólkurflutninga þaðan að austan, ekki aðeins vegna héraðsbúa sjálfra, heldur vegna Reykvíkinga líka, og þess vegna væri svo mikið kapp lagt á vegakerfið þar. Sömu rökin og hann kom inn á, að því er Barðastrandarsýslu snertir, liggja til þeirrar þarfar, sem er á auknu akvegakerfi í Norður-Ísafjarðarsýslu, að tengja sveitirnar við mjólkurmarkaðinn í kaupstöðum og kauptúnum. Er þetta því hin mesta nauðsyn fyrir atvinnulíf fólksins í sveitunum og þörf kaupstaðabúa, hvort sem er í Austfirðingafjórðungi, Sunnlendingafjórðungi, Norðlendingafjórðungi eða Vestfirðingafjórðungi. Hin sömu rök liggja til þarfarinnar, þ. e. þörf atvinnulífsins, þörf fólksins, sem býr í kaupstöðum og sveitum. Aftur á móti gerði hv. form. fjvn. þá játningu, að mjög hefði verið borið fé í sumar vegagerðir hér sunnanlands. T. d. liggja þrjár leiðir frá Rvík um Suðurlandsundirlendið og búið að afgreiða lög á Alþ. um tugi milljóna framlag úr ríkissjóði til fjórða vegarins austur á Suðurlandsundirlendið. Þetta sannar mjög það, sem ég hélt fram í gær, að það ylti á milljónum til bættra samgangnamöguleika hér, þar sem aðstaðan væri þó orðin langbezt, en niðurskurð-

urinn látinn koma fyrr til framkvæmda í þeim héruðum, sem út undan hefðu orðið til þessa, og taldi þetta ekki rétt.

Þá gerði hv. frsm. samanburð á fjárveitingum til sambærilegra vegamála á Vestfjörðum, Barðastrandarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu og taldi þessu misskipt, taldi, að n. hefðu orðið mislagðar hendur um það að fullnægja réttlætinu, svo að viðunandi væri. Þetta vildi nú hv. frsm., þm. Barð., afsaka með því að Barðastrandarsýsla væri nú raunverulega meira en ein sýsla, eiginlega tvær sýslur, og gat ég ekki skilið annað en hann væri með því að gefa í skyn, að þess vegna skyldi engan undra, þótt Barðastrandarsýsla fengi framlag ár eftir ár, sem svaraði til allt að því tveggja sýslufélaga. Ég fór inn á skrifstofu þingsins, þegar hann hafði þetta sagt, og athugaði, hvað liði íbúatölunni í þessari sýslu móts við Norður-Ísafjarðarsýslu. *Eftir þeim tölum, sem þar lágu* fyrir, voru 2997 íbúar í Barðastrandarsýslu og 2786 í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það munar sem sé nokkrum tugum manna á þessum kjördæmum, og þetta tvöfalda kjördæmi hv. þm. Barð. var þá ekki svona miklu mannfleira en Norður-Ísafjarðarsýsla, sem hann ætlaði hálfan hlut vegna hins mikla mismunar á kjördæmunum. Þetta virðist því ekki nægileg afsökun fyrir þeim mikla mismun á fjárveitingum til þessara tveggja kjördæma. Ef farið væri eftir íbúatölu, ætti Norður-Ísafjarðarsýsla að fá nokkurn veginn sömu upphæð til sinna samgöngumála, en á því hefur orðið verulegur misbrestur.

Þá vildi hv. þm. Barð. fullyrða, að við hefðum undan engu að kvarta fyrir hönd Norður-Ísafjarðarsýslu, því að það hefði verið gert vel til Bolungavíkurvegar. Þetta er rétt, ég kvartaði ekki undan þessu, ég tel það viðunandi, en *ég held*, að það sé *einasta* upphæðin, sem um var beðið. Mér finnst því örla á því, að hv. þm. hafi haft skilning á því, að *það þyrfti að koma akvegir frá Ísafjarðarkaupstað* til stærstu þorpanna í námunda við kaupstaðinn, og þennan skilning hefur hann líklega öðlazt, þegar hann sigldi sem vélstjóri á Esju fyrir mörgum árum. En ég hafði ímyndað mér, að hv. þm. Barð. þekkti víðar til í Norður-Ísafjarðarsýslu, að þörfin er alveg jafnbrýn í nálega öllum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég hefði viljað reikna með því, að hv. þm. Barð. hefði skilning á þessu sem þm. fyrir Vestfjarðakjördæmi, sem er mjög svipað þessu. Þar að auki stóð einu sinni til, að hv. þm. Barð. væri í framboði til Alþ. þarna. Var meira að segja búið að skila umboðinu, þótt því væri ekki haldið til streitu, sem ég er alveg sammála um, að hafi verið rétt.

Þá minntist hv. þm. Barð. á Súðavíkurveg, en þar var farið fram á um 100 þús. kr. Vegamálastjóri vildi, að hann fengi 110 þús. kr., en *fjvn.* skar upphæðina niður í 70 þús. kr. Í sambandi við það hneykslismál má geta þess, að 12 ár eru síðan byrjað var á þeim vegi, sem er aðeins 17 km að lengd.

Svona er búið að reyna á þolinmæði Norður-Ísfirðinga í þessum vegamálum, og þykist ég sannfærður um, að hv. þm. Barð. sé mér sammála um, að ekki sé við öðru að búast en að þolinmæði fólksins þrjóti, þegar svona er farið að ráði sínu og héraðsbúar fá engu um það ráðið, að tekin verði réttari stefna heldur en gert hefur verið. Ég skal játa það, að þótt nú sé lagt til að láta 70000 kr. í þennan veg, þá væri það nóg, ef á að eyða því í slíka vitleysu eins og til þess að bora í Súðavíkurhamar. Ég vona, að vitinu verði komið fyrir vegamálastjóra um hyggilegri vinnubrögð, og þó veitir ekki af 110000 kr. til þess að koma veginum til Súðavíkur á næsta sumri. Þá vildi hv. þm. meina, að vel væri gert við Norður-Ísfirðinga, af því að komin væri bryggja á Arngerðareyri og Melgraseyri, og taldi misráðið að byggja bryggju á hinum síðarnefnda stað, því að kunnugur maður hefði fullyrt, að aldrei væri hægt að gera bryggju á Melgraseyri nema með ærnum kostnaði, vegna þess að þar væri svo mikið útfiri. Þetta er misskilningur. Djúpbáturinn er búinn að athafna sig við þessa bryggju í marga mánuði, og í lægstu stórstraumsfjöru hefur aldrei þurft að setja niður bát, síðan bryggjan kom, og er hún því nothæf 27 metra löng, og þarf í lítinn aukakostnað að leggja til að gera fært miklu stærri skipum að leggjast að. Þessi bryggja er sem sé komin, en ríkið hefur enn ekki greitt eyri til hennar, en héraðsbúar hafa í samráði við vegamálastjóra og samgmrh. framkvæmt verkið á s. l. sumri í trausti þess, að upphæðin, sem mannvirkið kostar, fengist tekin í fjárl. þessa árs. Við verðum að sjá til, hvort það tekst ekki, en ég legg til, að þessi upphæð, 60000 kr., verði tekin af þeirri upphæð, sem ætluð er til ferjuvega og *ferjubryggna*. *Eitthvað var háttvirtur* framsögumaður að tala um, að ég hefði verið á móti því, að Þjórsá væri brúuð. Það er misskilningur. Ég lét ekki neitt orð falla í þá átt, enda tel ég þörf á því, en ég benti á, að þegar tugum millj. kr. er varið til brúa- og vegamála á Suðurlandsundirlendinu, þá er synjað um nokkra tugi þúsunda til nauðsynlegra brúa á Vestfjörðum. Ég hef beðið um nokkra fjárhæð til að brúa vatnsmesta vatnsfall á Vestfjörðum, Selá í Nauteyrarhreppi. Þetta var fellt niður, en 3 millj. kr. veittar til Þjórsárbrúar og rökstutt með því, að á þessu sé mikil nauðsyn, en þetta var aðeins tekið af mér sem einn liður í sönnununum fyrir því, að Vestfirðir væru, að því er þetta snertir, einnig afskiptir móts við landshluta, sem bezt eru settir að því er brýr snertir og einnig vegi. Ég skal játa, að hv. frsm. gerði enga tilraun til að hrekja það, sem ég sýndi fram á, að það væri mjög misskipt fjárveitingum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. Þar tilfærði ég tölur fjárl., að *því er vegamálin snertir, fyrir* árið 1947 og till., sem nú liggja fyrir. Nú skal ég gera þessu fyllri skil, og þá mun hv. fjvn. ekki verða lengur í vafa um það, að hér hafi fjvn. orðið mislagðar hendur um að sjá til þess, að réttlátlega væri bætt úr um vegamál þessara kjördæma, sem líkt eru sett að vegleysum. Ég hef ekki við höndina fjárl. nema fyrir árin 1945, 1946 og 1947 og till. fjvn. fyrir 1948. Vil ég gefa hv. alþm. upplýsingar um, hvernig

þetta er í þessum tveim kjördæmum þessi 4 ár. Árið 1945 var veitt á fjárl. til vegagerðar í Barðastrandarsýslu 175000 kr., til vegagerðar í Norður-Ísafjarðarsýslu 58000 kr., framlagið er meira en þrefalt hærra í Barðastrandarsýslu. Árið 1946 eru 440000 kr. veittar til 7 vega í Barðastrandarsýslu á móti 195000 kr. til 3 vega í Norður-Ísafjarðarsýslu. Úr því að leiðrétting kom ekki í réttlætisátt 1946, þá hefði hún átt að koma 1947. Þá er þetta þannig, að til 7 vega í Barðastrandarsýslu er veitt 565300 kr., en þetta sama ár er veitt til 4 vega í Norður-Ísafjarðarsýslu 378300 kr., að Þorskafjarðarheiðarveginum meðtöldum, sem verður að teljast allsherjar Vestfjarðavegur, en ekki aðeins vegur fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu. Í till. fjvn. fyrir árið 1948 er veitt 525000 kr. til 10 vega í Barðastrandarsýslu á móti 385000 kr. til Norður-Ísafjarðarsýslu. Þetta sýnir, að það er meira en kominn tími til þess, að leiðrétting verði á þessu gerð, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að íbúar Norður-Ísafjarðarsýslu, sem alltaf hafa verið afskiptir, sætti sig við þetta til lengdar. Þeir telja það ekki fullnægjandi skýringu, að form. fjvn., sem er þm. Barðastrandarsýslu, sé í þeirri sérstöku aðstöðu, að hann geti skammtað sér og sínu kjördæmi svona fjárframlög umfram aðra, sem eins illa eru settir með samgöngumál. Ég sagði í gær, að ég skildi ekki, að hv. þm. Barð. gæti villt svona um fyrir öllum samnm. sínum í fjvn., og ég trúi ekki, að hann hafi svo mikla andlega yfirburði yfir alla hina, að hann gæti látið þeim sýnast allt vera sannleikur, þó að svona illa sé fullnægt lágmarkskröfum í réttlætisátt. Ég held því, að það hafi einhvern veginn farið fram hjá þeim að gera slíkan samanburð, sem ég hef hér gert á 4 árum, og niðurstaðan verður æ hin sama. Ég ætlaðist til þess, að það væri hægt að höfða til réttlætiskenndar hv. þm. Barð. í þessu máli, en ég heyrði á ræðu hans, að það, sem ég hafði sagt, hefur hitt allt aðra strengi í hans sál heldur en strengi réttlætistilfinningarinnar, og eftir því væri ástæða til að ætla, að þeir væru engir til. En ég gef ekki upp vonina um það, að 8 meðnm. hans séu gæddir réttlætistilfinningu. svo að við hv. þm. N-Ísf. þurfum ekki svo mjög að kvarta eins og við gerum nú að sjálfsögðu.

Ég vil því ljúka máli mínu með því að segja, að ég treysti hv. fjvn. til að lagfæra þetta, annaðhvort með fylgi hv. form. n. eða gegn, ef svo vill verkast. Annars skil ég ekki annað en að við mættum vænta þeirrar afstöðu af hv. form., þegar hann er búinn að knýja fram hálft sjötta hundrað þúsund krónur til 10 vega í Barðastrandarsýslu. Hv. þm. Barð. gat þess, að það væri gengið inn á að leysa brýna þörf Barðastrandarsýslu til úrbóta vegamálum í þessu veglausa kjördæmi, en ég vil benda honum á, að þessu er eins farið með Norður-Ísafjarðarsýslu, og henni þarf að gera svipuð skil, ef ekki á að vera hægt að benda á hróplegt ranglæti og ósamræmi þarna á milli. Þetta hefur hv. form. n. láðst að athuga, og þess vegna hefur þetta farið fram hjá n., þetta þarf að jafna miklu betur. Það er þörf fyrir slíka fjárveitingu, sem ég hef hér gert grein fyrir, að veitt hafi verið undanfarin 4 ár til Barðastrandarsýslu, af því að sýslan er veglaus fyrir, en þá vil ég vænta þess, að augu hv. þm. Barð., form. fjvn., séu jafnopin fyrir þörf Norður-Ísafjarðarsýslu og hann fylgi því máli fram eins og fyrir hönd síns eigin kjördæmis. Ef hann hefði gert það, þá hefði hann orðið laus við að hlusta á þessar tvær ræður mínar og vafalaust haft betri samvizku sem Vestfjarðaþingmaður í þessu máli, því að þetta hefur ekki getað verið vegna ókunnugleika hans. Ég mun haga mér þannig um atfylgi og framgang þessara tillagna, að þær till., sem ég tel mestu máli skipta, mun ég taka aftur til 3. umr. og freista allra möguleika til þess að fá a. m. k. nokkrum af þeim framgengt. Fyrsta tel ég þar fjárveitinguna til Selárbrúar, sem má ekki falla niður, byrjunarframkvæmdir hófust í fyrra og áframhaldandi fjárveitingar þurfa að koma frá ári til árs. Ég tel einnig, að það verði ekki við það unað, að ekki fáist aukið framlag til Hnífsdalsbryggju og brimbrjótsins í Bolungavík, og ég trúi ekki öðru en að 60000 kr. verði veittar til ferjubryggju að Melgraseyri og eitthvað verði veitt til verklegra framkvæmda í Sléttuhrepppi og Grunnavíkurhreppi. Þess mun freistað af mér og hv. þm. N-Ísf., áður en fjárl. eru afgreidd, að treysta á, að réttlætistilfinning hv. fjvn. muni segja til sín, áður en of seint sé.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég skal ekki eyða löngum tíma í að karpa við hv. frsm. meiri hl. um þær till., sem ég hef hér borið fram og áður talað fyrir. Ég vil þó geta þess, að hann viðurkenndi, að það væri rétt, sem ég hélt fram í sambandi við framlag til sjúkrahúss Akureyrar, að landlæknir óskaði eftir þessu framlagi, sem ég nefndi, 1 millj. Hins vegar segir hann, að landlæknir hafi einnig óskað eftir hærri fjárveitingu til annarra framkvæmda í heilbrigðismálunum, sem fjvn. ekki treysti sér til að verða við, og er það vafalaust rétt hjá hv. frsm. En út af því, sem hann segir um það, að viðkomandi héruð verði líka sjálf að leggja nokkuð á sig í sambandi við slíkar framkvæmdir, þá vil ég taka það fram, að Akureyri hefur gert meira en að uppfylla sína skyldu í fjárframlögum, því að eins og ég sagði í ræðu minni í dag, þá hefur bærinn lagt fram meira en sinn hlut, þannig að við s. l. áramót skuldaði ríkið 100000 kr. Þá lét hv. frsm. í ljós von um það, að það yrði haldið áfram, þótt ekki yrði veitt nema 300000 kr. á þessu ári, og verður það að vísu gert, en hins vegar getur það þýtt það, að ekki verði unnið eins mikið að þessum framkvæmdum og gert mundi verða, ef ríkið stæði við framlagið að sínum hluta. Ég nefndi það, að stjórn byggingarinnar væri búin að tryggja fjárfestingarleyfi upp á 1300000 kr. á þessu ári, og ef ekki væri unnið nema sem svarar þessu framlagi ríkisins, sem hér er gert ráð fyrir, 300000 kr., og dregið frá það, sem ríkið skuldar, þá mundi það þýða, að ekki yrði unnið fyrir nema 350000 kr., en það er ekki nema ¼ þess fjár, sem búið er að fá

fjárfestingarleyfi fyrir, og mundi þá seinka, að bætt yrði úr þeirri miklu nauðsyn, að þessu sjúkrahúsi yrði komið upp.

Varðandi Öxnadalsheiðarveg hef ég í raun-inni engu við það að bæta, sem ég sagði áður; að þrátt fyrir það að nú séu fullgerðir nokkr-ir aðalvegir, sem hafa verið fjárfrekir undan-farin ár, þá er nú gripið til þess ráðs að lækka framlög til þessara höfuðvega um mjög veru-lega upphæð frá því, sem verið hefur, og þó að hv. frsm. segi, að ekki hafi verið hægt að veita meira til þarna vegna þess, að þörfin sé meira aðkallandi annars staðar til smærri vega, þá hefur þó verið veitt veruleg upphæð til þess-ara vega, og ættu því ekki að vera minni mögu-leikar til þess en áður að láta Öxnadalsheiðar-veginn fá svipaða upphæð og undanfarin ár.

Varðandi þá breyt., að þjóðvegurinn að Kræk-lingahlíð næði að Akureyri, þá dró hv. frsm. í efa, að hægt væri að hefja þá framkvæmd nema breytt yrði vegal. Þetta held ég, að sé byggt á misskilningi. Ákvæði vegal. eru aðeins um það, að vegur skuli lagður um Kræklingahlíð að Akureyri, og því yrði ekki haggað með þessu, vegurinn lægi eftir sem áður um Kræklingahlíð og fullnægir eftir sem áður ákvæðum vegal. Hitt kynni að orka tvímælis, hvort hægt væri að byggja brú á Glerá án þess að setja það sérstaklega í brúalög. Það má vera, að þá upp-hæð, sem hér um ræðir, væri hægt að nota til þess að byrja á því að breyta veginum, en hún er aðeins ¼ af því, sem áætlað er, að þetta kosti, og ég tel af þeim undirbúningi, sem þegar hefur farið fram á vegarstæði, að það sé ekkert í veginum með það, ef fjárveiting væri fyrir hendi til þessa.

Um þessar till. skal ég svo ekki karpa við hv. frsm. En það, sem sérstaklega varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, voru þau um-mæli, sem hann hafði í sambandi við hafnar-mál Akureyrar. Hann gaf þær upplýsingar, að eftir þeim heimildum, sem hann hefði, væri ekkert samkomulag um þessar framkvæmdir heima fyrir, sem lá beinast við að skilja á þann veg, að litlar líkur væru til þess, að nokk-uð yrði um þessar framkvæmdir á yfirstand-andi ári. Í öðru lagi gaf hann þær upplýsingar, að það væri fyrirhugað af bæjarstjórn Akur-eyrar og hafnarstjórninni þar að fara í kring-um gildandi l. um þetta efni og líkur bentu til þess, að það væri ekki ástæða til, að Alþ. veitti fé í slíkar framkvæmdir. Hvort tveggja þetta hefur ekki við nein rök að styðjast, og tel ég mér skylt að mótmæla þessum ummælum hv. frsm. Það hefur þvert á móti verið fullt sam-komulag milli yfirvalda í hafnarmálum Akur-eyrar um þá framkvæmd að byggja dráttar-braut, og varðandi þau ummæli, að fyrirhugað sé að fara í kringum hafnarl. í sambandi við þessa framkvæmd, þá held ég líka, að það sé ekki á rökum byggt. Hv. frsm. talaði um það, bæði í sambandi við þessa framkvæmd og aðr-ar, að viðkomandi staður yrði sjálfur að leggja fram fé til slíkra framkvæmda. Það hefur ver-ið svo, að þó að höfnin á Akureyri sé skuld-laust fyrirtæki og hefði þess vegna átt að hafa nokkra möguleika til þess að fá lán til þess-ara framkvæmda, þá hefur hún ekki enn þá getað fengið lán til þessara framkvæmda hjá lánsstofnunum hér í Reykjavík þrátt fyrir til-raunir bæjarstjórnar Akureyrar. Það er fyrst og fremst þetta, sem hefur staðið í veginum fyrir því, að Akureyrarhöfn hafi getað notað það fé, sem á seinustu árum hefur verið varið til hafnarframkvæmda á Akureyri. Vegna þess hefur verið farið inn á þá braut, sem ég er ekki sérstaklega að mæla með, að fá einstakl-inga og fyrirtæki á Akureyri til þess að útvega fé til framkvæmda með þeim hætti að stofna hlutafélag, sem lánar Akureyrarhöfn fé til þess-ara framkvæmda gegn því, að höfnin leigi síð-an þessu hlutafélagi dráttarbrautina um til-tekinn tíma. Ég býst við, að það sé þetta, sem hv. frsm. n. á við, þegar hann talar um, að fyrirhugað sé að fara í kringum hafnarl. við framkvæmd þessa verks. Ég held, að það sé alveg rangt að segja, að með þessu sé farið í kringum hafnarl. eða verið að reyna að ná út úr ríkissjóði fé með ólöglegum hætti. Bær-inn eða Akureyrarhöfn verður skýlaust eigandi þessa fyrirtækis, sem þarna á að byggja, og á líka skýlausan rétt á því eins og aðrir staðir að fá til þess fé úr ríkissjóði samkvæmt á-kvæðum hafnarl. um þetta efni. Hitt tel ég bænum frjálst að gera, að leigja fyrirtækið öðrum aðilum, en það er það eina, sem fyrir-hugað er að gera í sambandi við þessa fram-kvæmd. Ég skal líka geta þess, í sambandi við þau ummæli, sem hér hafa fallið, að Akureyri hafi ekki notað það fé, sem veitt hefur verið til hafnargerðar þar undanfarið, að ég held, að hv. frsm. hafi látið orð falla um það, að enn væru til staðar óeydd framlög til hafnarinnar fyrir árin 1946 og 1947, en þetta er ekki rétt. Til hafnarinnar hefur verið veitt á fjárl. þess-ara tveggja ára kr. 280800, en það fé, sem talið er, að hafi verið óeytt s. l. áramót, var 230000 kr., eða m. ö. o. það hefði þá verið unnið fyr-ir 200000 kr., ef framlag ríkisins þessi 2 ár hefði fengizt. Það er því engan veginn rétt, að ekki hafi verið neitt aðhafzt í hafnarmálun-um þessi tvö seinustu ár. Hitt, að ekki hefur verið gert meira, stafar af því, að ekki hefur tekizt enn þá að fá lánsfé, sem höfnin hefur þurft á að halda til þess að geta komið þessari framkvæmd eitthvað áfram. Hins vegar hefur þessi dráttur orðið til þess, að nú er nauðsyn-in enn þá meir aðkallandi, þannig að ekki er lengur hægt að komast undan því, og vegna þeirrar nauðsynjar er farið inn á þá braut, sem hv. form. fjvn. virtist vera að fordæma. Þetta er aðeins viðleitni Akureyringa til þess að ná nokkru fé til þess að geta haldið þessum framkvæmdum áfram, og ég geri ráð fyrir því, að það muni verða leitað ráða til þess að koma þessu mannvirki nú meira áleiðis á því ári, sem nú stendur yfir, en verið hefur, vegna þess að nú verður ekki lengur hægt að víkjast undan því. Dráttarbrautin er svo aðkallandi, að það eru vandræði fyrir alla skipaeigendur norðan-lands að geta ekki fengið skipin tekin upp, og þess vegna er vaknaður hjá þeim áhugi fyrir því að greiða fyrir málinu á þann hátt, sem hér er lýst. Á hinn bóginn er hafnarbryggjan

á Akureyri svo léleg, að hún getur svo að segja hrunið hvaða dag sem er. Ég held þess vegna, að það sé heldur ekki hægt að víkjast undan því lengur að gera á henni verulegar endurbætur, sem áætlað er af vitamálaskrifstofunni, að muni kosta um 2 millj. kr. Áætlanir um bæði mannvirkin hefur vitamálastjóri gert og tekið að sér að annast tæknilegan undirbúning, og hefur nú verið unnið eins mikið og hægt er og fé fæst til. Það er augljóst mál, að þessar 75 þús., sem nú á að veita, eru allsendis ófullnægjandi, og þegar litið er á hina brýnu þörf fyrir þetta mannvirki og þann undirbúning, sem Akureyrarbær hefur haft í þessu, og þessar 75 þús. bornar saman við 250 þús., sem veittar eru til annarra staða í þessu skyni, þá er þetta ósamræmi óverjandi og engan veginn sanngjarnt af fjvn. að taka svo lítið tillit til þessa.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal vera fljótur með það, sem ég þarf að segja. Ég vil mótmæla þeirri fullyrðingu, sem fram kom hjá hv. 6. landsk. þm., að það væri óverjandi af fjvn. að veita aðeins 75 þús. til dráttarbrautarinnar á Akureyri. Hann lokar alveg augunum fyrir því, að margupplýst er um fjölda hafna, sem frekar þurfa fjárveitinga við heldur en Akureyri, þar sem hún á eftir í sjóði 230 þús. kr. Ég vil aðeins geta þess, að t. d. Patreksfjörður á 400 þús. kr. inni hjá ríkissjóði, sem hann fær ekki strax, þó að hann hafi mikla þörf fyrir það fé. Það væri heldur engin sanngirni í að láta Akureyri fá eins mikið fé til þessa eins og t. d. Akranes, en ríkið skuldar því á 6. hundrað þús. kr. Í raun og veru hefði ríkið átt að borga þetta áður en það fór að veita fé til annarra hafna. Hv. 6. landsk. hefur annars viðurkennt, hvað mikið hefur verið gert fyrir dráttarbrautina á Akureyri, og ef byggðar væru slíkar dráttarbrautir víða um land og ríkissjóður ætti að borga 60% af kostnaðinum, þá er það alveg vafamál, hvort það kæmi nokkurn tíma inn í hafnarlagaákvæði, að svona ætti að styrkja dráttarbrautir. Ég veit til þess, að hv. 6. landsk. hefur viðurkennt, að þetta væri rétt hjá mér. **(StgrA:** Ég hef ekki viðurkennt, að það væri rétt, hv. frsm. hefur sjálfur slegið því föstu, að þetta væri lagabrot.) Ég hef ekki slegið því föstu. en tel vafa á, að það væri tekið inn, og ef það hefur verið tekið inn, þá er spursmál, hvort ekki ætti að taka það aftur.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. sagði, get ég verið stuttorður, því að ræða hans var að mestu leyti endurtekningar, og get ég verið honum þakklátur fyrir, að hann beindi geirnum aðallega að mér og taldi það mér að kenna, að ekki hefði verið veitt fé til eins og annars, sem hann vildi. **(HV:** Ég held það líka.) Þegar þessi hv. þm. gerir samanburð á héruðum, hvað fjárveitingar snertir, þá finnst mér hann ekki hafa yfir neinu að kvarta. Veittar hafa verið stórar upphæðir, í fyrsta lagi til Bolungavíkur, í öðru lagi til bryggjugerðar á Arngerðareyri og í þriðja lagi hár styrkur til Djúpbátsins. Ég skal svo ekki deila meira um þetta við hann, því að ég býst ekki við, að það hafi nokkuð að segja.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég beina ákveðinni fyrirspurn til hv. þm. N-Ísf. Hann lét þau orð falla, að betra væri að veita ekkert til lendingarbóta í Hnífsdal heldur en þessar 50 þús. kr., sem fjvn. hefur ákveðið. Úr því að hann segir þetta, þá vildi ég spyrja hann, hvort hann vilji ekki, að till. sé tekin til baka eða komi til atkvæða núna strax, svo að hægt sé að vita, hvort ekki má þá veita þessar 50 þús. til annars, það eru sjálfsagt nóg not fyrir þær. Ég óska sem sagt eftir staðfestingu á þessum orðum hans, svo að till. komi ekki til 3. umr. Ég álít einnig, að ummæli hv. þm. N-Ísf. viðvíkjandi fjárveitingum til brimbrjótsins í Bolungavík hafi í fremsta máta verið ósanngjörn, en í þeim efnum fór n. eftir till. og bréfi, sem henni barst þetta varðandi, og ég verð að segja, að það er hart, að fjvn. skuli ekki hljóta neitt nema vanþakklæti fyrir að taka á sig þá ábyrgð að veita stórfé, án þess að það verði nokkurn tíma afturkræft, til bóta á hafnarmannvirki, og án þess meira að segja að vita, hverjum það er að kenna, að þessar skemmdir urðu, en það mun enn þá vera í athugun.

Ég mun ekki að sinni lengja umr. meira en orðið er, en vil geta þess, að í sambandi við hafnarbætur í Bakkafirði hefur komið fram svipuð ósk og þessi um brimbrjótinn í Bolungavík, en um hana mun ég ekki ræða að sinni, hygg, að hollt væri hv. þm. N-Ísf. að hafa það í huga, að hroki slíkur sem hann hefur látið í ljós varðandi mál þetta er ekki til að bæta fyrir till. hans né annarra.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að óska, að mér takist nú að tala af því lítillæti og þeirri hógværð, sem hv. þm. Barð. ætlast til og hann þá, að líkindum, hyggur sig hafa tamið sér. — Ég vil þá fyrst svara fyrirspurn hans varðandi Hnífsdalsbryggjuna. Ég sagði, að mér þætti yfirleitt ekki skynsamlegt af hv. fjvn. að veita þær fjárveitingar til framkvæmda, sem væri fjarri lægi að nægðu, og því væri betra að veita ekkert fé til þeirra. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Barð. væri með hótanir út af þessum ummælum mínum. Ég endurtek það, að ég hygg, að það geti verið í mörgum tilfellum þannig. Ég er nú ekki bjartsýnni en það, að ég mundi ekki þora að taka þessar 50 þús. kr. til baka nú, því að mig uggir, að á næstu fjárlögum muni ég ekki fá allt það fé, sem þarf til þess að hefja framkvæmdir, og hygg ég því að safna þurfi saman í nokkur ár, og þess vegna óska ég ekki eftir því, að þessar 50 þús. kr. séu felldar niður, þótt smátt sé þar skammtað.

Varðandi brimbrjótinn vil ég segja það, að mér finnst ég ekki hafa látið í ljós neitt vanþakklæti í garð hv. form. fjvn., en sannarlega verðskuldar hann lítið þakklæti fyrir afskipti sín af því máli. Saga málsins í stórum dráttum er sú, að á þingi í fyrra flutti ég ásamt hæstv. núv. samgmrh. frv. um, að ríkissjóður

bætti tjón það, sem hlytist á hafnarmannvirkjum af völdum náttúruafla. Nd. samþ. frv. þetta með shlj. atkv., en svo kom það til lávarðadeildarinnar og mætti þar nokkurri mótspyrnu, og þegar það svo kom til n., var það alveg stöðvað, — og hver stöðvaði það? Enginn annar en hv. þm. Barð., hann, sem ég skulda allt þakklætið. Þessi hv. þm. kaus heldur að fara þá leið að mæla með því með bréfi til ríkisstj., að veittar væru 250 þús. kr. til brimbrjótsins, án þess að þær væru afturkræfar. Þetta kann að vera hæpið, því að vitanlega ráða hafnarlög um þetta. En þessa leið kaus hv. n. heldur að fara en að samþ. frv. Það má hver, sem vill, lá mér, þótt ég bráðni ekki upp af þakklæti til hv. þm. Barð. Hins vegar er ég ekkert vondur út af þessu, því að ég veit, að þessi hv. þm. hefur sínar skoðanir á því, hvernig Ed. eigi að taka við málum, sem koma frá Nd. En vegna þess að umgetið frv. var stöðvað, þá neyddist ég til að biðja n. að skrifa þetta meðmælabréf til ríkisstj. Annars má segja, að n. hafi í fyrra ekki stigið mjög stórt spor þarna, því að sjáanlegt var, að tjónið á brimbrjótnum mundi nema ½ millj. kr., en n. lagði til, að veittar yrðu 250 þús., og sætti ég mig við það. Hv. þm. lét liggja að því, að það stæði upp á mig með að leggja fram sannanir fyrir því, hverjum bæri að kenna tjónið og hvers vegna það hafi orðið. Ég verð að vænta þess, að jafnröskur maður og hv. þm. Barð. er í öllum greinum hafi ekki látið undir höfuð leggjast að lesa allt það, sem fyrir liggur í þessu máli. Ég veit ekki betur en að ég hafi lagt fram alla byggingarsögu mannvirkisins og lagt öll spil á borðið í því efni. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en vil leyfa mér að vænta þess, að málið fái þá lausn, sem það á skilið, því að eins og ég sagði áðan án alls hroka, þá þarfnast það skjótrar og góðrar úrlausnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 13. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 467,1 felld með 27:7 atkv.
— 467,2 felld með 29:8 atkv.
— 467,3 felld með 33:7 atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 461,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 461,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 461,3 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 467,4 felld með 32:7 atkv.
— 461,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 461,5—7 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 487,1 samþ. með 27:6 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 461,8 tekin aftur
— 461,9 samþ. með 27:9 atkv.
— 461,10 samþ. með 30:1 atkv.
— 461,11 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 461,12 tekin aftur.
Brtt. 461,13 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 461,14 tekin aftur.
11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 461,15 samþ. með 29:1 atkv.
— 461,16 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 479,I tekin aftur.
— 467,5 felld með 30:11 atkv.
— 480,I aðaltill. felld með 27:9 atkv.
— 481,I varatill. felld með 32:9 atkv.
— 485,1 felld með 28:10 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 461,17.1—40 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 480,II.1 tekin aftur.
— 461,17.41 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 480,II.2 tekin aftur.
— 461,17.42—44 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 479,II.a felld með 28:10 atkv.
— 461,17.45 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 479,II.b felld með 28:12 atkv.
— 461,17.46—72 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 480,III.1 felld með 27:10 atkv.
— 479,III samþ. með 28:10 atkv.
— 461,17.73 þar með ákveðin.
— 484 felld með 29:8 atkv.
— 461,17.74—75 samþ. með 32 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Þá kemur næst til atkv. brtt. frá hv. þm. S-Þ., á þskj. 495, við brtt. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 461,17.76.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Fjvn. hefur gefið þm. kost á að gera breytingar á framlagi til vega innan þeirra sýslna, og er þetta ekki annað en tilfærsla.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 461 er frá meiri hl. fjvn. og er því gerð að athuguðu máli. En þar sem nú er verið að greiða atkv. um brtt. frá þm., vænti ég þess, að nefndin taki till. aftur til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur ekki vald til að taka till. 461 aftur. En vegna fyrirspurnar hæstv. ráðh. vil ég taka fram, að margir hv. þm. og ráðherrar hafa fengið flutt yfir og jafnvel skipt, og hefur fjvn. ekkert við það að athuga. Ég furða mig því á tilmælum hæstv. ráðh. og sé ekki ástæðu til að taka till. aftur.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég veit ekki betur en þessar tilfæringar hafi verið gerðar af þm. kjördæmanna, en í samráði við fjvn.

Brtt. 495,a—b samþ. með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BK, EE, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HB, IngJ, JóhH, JJós, JS, LJóh, PM, PO, SB, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, JPálm.

nei: BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SkG, StgrA, StgrSt, ÁS.

JG, KTh greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁkJ, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér hefur þótt nóg um, hve hv. flm. hefur gerzt íhlutunarsamur um það, sem er honum fjarlægt. En þar sem ég veit, að honum er allra manna kunnugast um heimahérað sitt, segi ég nei.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Það hefur orðið að samkomulagi að leyfa þm. að færa til innan síns kjördæmis, og segi ég því já.

Steingrímur Steinþórsson: Ég veit af náinni þekkingu, að Fnjóskdælir hafa eins mikla þörf og þeir á Kinninni og í Aðaldal. Ég segi því nei.

Brtt. 461,17.76 þar með niður fallin og ákveðinn nýr 78. liður.
Brtt. 461,17.77—78 (verða 76—77) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 461,17.79—106 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 487,2 samþ. án atkvgr.
— 461,17.107—141 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 479,IV felld með 30:9 atkv.
— 461,17.142—146 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 467,6 felld með 30:9 atkv.
— 461,18.1—5 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 479,V.a—b tekin aftur.
— 461,18.6—26 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 461,19 samþ. með 27:8 atkv.
— 479,VI felld með 28:9 atkv.
— 461,20 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 479,VII felld með 27:5 atkv.
— 467,7 felld með 33:9 atkv.
— 461,21.a.1 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 480,III.2 tekin aftur.
— 461,21.a.2—4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 480,IV tekin aftur.
— 479,IX.1 tekin aftur.
— 461,21.a.5—19 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 461,21.a.20 tekin aftur.
— 461,21.a.21—22 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 461,21.b.1—15 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 479,VIII.a tekin aftur.
— 461,21.b.19 tekin aftur.
— 461,21.b.16—18, 20—25 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 479,VIII.b felld með 25:13 atkv.
— 461,21.b.26—30 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 479,VIII.c. felld með 25:9 atkv.
— 461,22 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 461,23.I—X samþ. með 33 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 461,24 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 461,25 tekin aftur.
— 461,26 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 467,8 felld með 38:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA.

nei: BG, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, JPálm.

BSt greiddi ekki atkv.
4 þm. (HermJ, ÓTh, SB, ÁkJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gunnar Thoroddsen: Eins og fram hefur komið í grg. fræðslumálastjóra um þetta mál varðandi meðferð þess í hv. fjvn. og í trausti þess, að málið verði endurskoðað af nefndinni fyrir 3. umr., segi ég nei við þessari till.

Brtt. 461,27 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 467,9 felld með 29:10 atkv.
— 467,10 felld með 30:10 atkv.
— 461,28 tekin aftur.
— 461,29—30 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 480,V.1 felld með 31:8 atkv.
— 461,31 samþ. með 26:3 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 480,VI samþ. með 28:16 atkv.
— 461,32 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 479,IX.2 aðaltill. felld með 27:9 atkv.
— 479,IX.2 varatill. felld með 30:8 atkv.
— 487,3 tekin aftur.
— 461,33 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 480,V.2.a felld með 29:9 atkv.
— 480,V.2.b felld með 27:9 atkv.
— 461,34 samþ. með 32:1 atkv.
— 461,35 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 487,4 samþ. með 31:7 atkv.
— 461,36 samþ. með 24:14 atkv.
— 479,IX.3 felld með 32:8 atkv.
— 461,37 tekin aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 461,38 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 461,39 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 461,40 samþ. með 27:9 atkv.
— 467,11 felld með 27:9 atkv.
— 467,12 felld með 32:9 atkv.
— 461,41 samþ. með 30:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ.

nei: BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, PZ, SigfS, SG, StgrA, StgrSt, ÁS, JPálm.

EE, GJ, GTh, HermJ, StSt, BSt greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÓTh, SB, ÁkJ, BG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Þessi liður er fastur liður á útgjaldahlið fjárl. og var einn liðurinn í tilrauninni til þess að færa útgjöldin að verulegu leyti niður. Nú hefur, samkvæmt ósk ríkisstj., þessi liður verið tekinn aftur, og mun það hækka útgjöldin um 400 þús. kr. Ég hafði persónulega óskað eftir því, að þessi brtt. yrði tekin aftur til 3. umr., en meiri hl. fjvn. hefur ekki fallizt á það. Ég mun því sitja hjá við þessa atkvgr.

Páll Zóphóníasson: Með því að hér er um lögboðið framlag að ræða, 2.5 millj. kr., sem ekki verður breytt nema með breyt. á l., sem ákveða framlagið, þá segi ég á þessu stigi málsins nei.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Það er borið fram hér frv. af ríkisstj., og ég hygg, að þingmeirihl. sé fyrir að fresta greiðslunni samkv.

þessum lið. Að vísu skal ég taka fram, að það hefur orðið dálítil liðabrjálun á frv., eins og það er, að fresturinn kemur niður á annan lið en ætlazt var til. En í trausti þess, að það verði lagað, og af því að ég býst við, að þetta frv. hafi meirihlutafylgi á Alþ., þá segi ég já við þessu, þó að ég áliti hins vegar, að formið hefði verið réttara að samþ. l. áður en þessi brtt. er borin upp. Ég segi já.

Brtt. 461,42 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 461,43 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 467,13 felld með 27:9 atkv.
— 461,44 samþ. með 24:8 atkv.
— 461,45 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 461,46 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 461,47 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 461,48 samþ. með 32:4 atkv.
— 467,14 felld með 29:9 atkv.
— 461,49 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 467,15 felld með 39:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁS, BrB.
nei: EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, JPálm.
4 þm. (GTh, ÓTh, SB, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 461,50—51 samþ. með 30 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 461,52 tekin aftur.
— 479,X.1 samþ. með 30:9 atkv.
— 479,X.2—3 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 461,53—54 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 480,VII.1—2 felldar með 27:10 atkv.
— 461,55 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 461,56 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 461,57 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 461,58 samþ. með 32:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StSt, StgrA, StgrSt, ÁÁ, ÁS, BG, BK, BrB, EOl, EystJ, FJ, GJ, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ, JG, JPálm.
nei: LJóh, PZ, SkG, StJSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EmJ, GÍG, JS, JJ, JörB.
SÁÓ, EE, JóhH, JJós greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓTh, PM, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 467,16 felld með 26:10 atkv.

Forseti (JPálm): Þá kemur næst til atkv. brtt. á þskj. 461, 59. liður.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil bera fram þau tilmæli, að þessi till. verði tekin aftur til 3. umr., og langar að heyra undirtektir undir það.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég hef áður tilkynnt, að samkvæmt ósk hæstv. stj. mundi ég taka þessa till. til baka og annars ekki.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vildi gjarnan mæla með því, að þessi till. verði tekin aftur til 3. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég hef ekki upp á mitt eindæmi viljað láta taka þessa till. aftur til 3. umr., en þar sem hæstv. forsrh., sem hefur þessi mál með höndum, hefur óskað eftir því, set ég mig ekki á móti því.

Brtt. 461,59 tekin aftur.
17. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 479,XI samþ. með 34:1 atkv.
— 480,VIII samþ. með 30:3 atkv.
— 461,60 (ný 18. gr.), svo breytt, samþ. með 27:1 atkv.
19. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 461,61—62 samþ. með 30:7 atkv.
— 479,XII.a—b teknar aftur.
— 461,63 samþ. með 38:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JörB, LJóh, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, JPálm.
nei: BrB, EOl, HermG, JJ, KTh, LJós, PZ, SigfS, SG, StgrA, ÁS.
3 þm. (ÓTh, SB, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 461,64 samþ. með 30:9 atkv.
— 461,65 samþ. með 26:4 atkv.
— 461,66 samþ. með 29:3 atkv.
— 461,67.a samþ. með 27:1 atkv.
— 461,67.b.1 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 461,67.b.2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 467,17 felld með 27:11 atkv.
— 487,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 461,68.a samþ. með 38 shlj. atkv.
— 479,XIII samþ. með 30 shlj. atkv.
— 461,68.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 461,68.c tekin aftur.
— 461,68.d samþ. með 26:2 atkv.
— 461,68.e samþ. með 27:3 atkv.
— 461,68.f tekin aftur.
— 479,XIV.1 tekin aftur.
— 485,2 tekin aftur.
— 461,69 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 479,XIV.2 tekin aftur.
— 461,70 samþ. með 30:1 atkv.
— 461,71 tekin aftur.
— 461,72 samþ. með 30:2 atkv.
— 461,73 samþ. með 30:1 atkv.
— 461,74 samþ. með 28:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermG, IngJ, JóhH, JG, JörB, LJóh, LJós, PZ, PO, SigfS, SEH, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrA, ÁS, BSt, EE, EmJ, JPálm.
nei: EystJ, HermJ, JS, JJ, KTh, PM, SG, SK, SkG, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, EOl.
PÞ, BBen, BK, BrB greiddu ekki atkv.
6 þm. (FJ, JJós, ÓTh, SB, ÁkJ, BG) fjarstaddir.
Brtt. 461,75 samþ. með 26:8 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 509, n. 500, 557).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú athugað milli umr. bæði þær brtt., sem hún sjálf tók aftur til 3. umr., og aðrar brtt., sem teknar voru til baka af einstökum hv. þm., og auk þess hefur hún athugað ýmis erindi, sem höfðu borizt til n., síðan 2. umr. fór fram.

Eftir að hafa athugað og rætt öll þessi mál, leggur n. til, að gerðar verði á frv. þær breyt., sem hún ber fram sameiginlega á þskj. 557, og skal ég nú greina nokkru nánar frá þeim.

Fyrst er brtt. við 13. gr., Mjóafjarðarvegur 20000 kr. Hér er ekki um útgjaldahækkun að ræða, heldur tilfærslu, sem þótti rétt að gera, og hefur slíkt verið gert annars staðar áður.

Um 2. brtt. er sama að segja. Þar er fært til samkv. ósk hv. þm. V-Ísf., fært frá Þingeyrarbryggju til Flateyrar. Að vísu óskaði hv. þm. eftir, að Þingeyri mætti standa með sína upphæð, en n. sá sér ekki fært að verða við því. Hann óskaði einnig eftir, að Flateyri væri færð upp í 150 þús., en n. sá sér ekki heldur fært að verða við því, en lagði til, að fært væri til milli þessara staða, því að hv. þm. taldi þörfina vera meiri á Flateyri.

Þá er 3. brtt. Það er tekið upp öðruvísi orðalag, að styrkurinn skuli vera til bókasafna og lesstofa. Þessi till. var tekin til baka við 2. umr. af n. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að í fjárl. fyrir 1947 er þessi styrkur 60 þús. kr. og skiptist þannig:

Akranes	25000 kr.
Flatey	10000 —
Húsavík	10000 —
Ísafjörður	5000 —
Stykkishólmur	10000 —
Samtals	60000 kr.

N. óskar þess, að þeirri upphæð, sem fer ekki til lesstofanna, verði skipt á sama hátt og í síðustu fjárl. Þessi brtt. raskar ekki gjöldum eða tekjum fjárlfrv.

4. brtt. var tekin aftur við 2. umr., en er nú tekin upp á ný af n. þannig breytt, að Páll Kr. Pálsson og Þorsteinn Hannesson eru teknir upp með sömu upphæð, en Þórunn Jóhannsdóttir og Gerður Helgadóttir fái 4 þús. kr. hvor um sig, með því að upplýst var, að þær mundu hvor um sig fá 2 þús. kr. hjá menntamálaráði. Eru þessir styrkir því lækkaðir um 4000 kr. frá því, sem áður var gert ráð fyrir.

5. brtt. er gerð í samráði við raforkumálastjóra. Hann taldi ekki hægt að lækka svo mjög laun á d-lið, þar sem þar væri um fasta starfsmenn að ræða, og taldi sig þurfa að fá hækkun til að greiða þeim. Hins vegar féllst hann á að hækka tekjurnar, svo að brtt. hefur ekki áhrif á útkomu fjárl.

6. brtt. er meira leiðrétting. Það er að færa þannig til tölur, að það komi slétt út. Það á að vera þannig reiknað út, að upphæðin sé 26900 kr., svo að það hefur ekki heldur áhrif á afgreiðslu fjárl.

Þá er 7. brtt. Það þótti rétt að gera þessa breyt. eftir ábendingu frá raforkumálastjóra, því að eins og till. var orðuð, þá var það ekki lengur framlag til ríkisrafveitna, því að þessar 250 þús. kr. eru ætlaðar til dieselrafstöðva 100 hestafla og stærri, en þær heyra ekki undir ríkisrafveitur.

Um 8. brtt. er það að segja, að þessi till. var tekin aftur til 3. umr., og hefur n. í samráði við hæstv. ríkisstj. tekið upp aftur 500 þús. kr. í staðinn fyrir 1 milljón, sem upphaflega stóð í frv., og er það sama till. og borin var fram af n. áður.

Ég þarf ekki að fara út í hvern einstakan lið við 18. gr. Það eru mest leiðréttingar, og sé ég ekki ástæðu til að ræða hverja út af fyrir sig. Ég vil þó benda á, að sumir af þessum aðilum voru ekki látnir um áramót. En með því að samþ. hafa verið l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, þótti n. rétt að hafa þann háttinn á að láta þessi nöfn falla úr frv., því að greiðsla hefur farið fram til þessara manna samkv. l. um bráðabirgðagreiðslur, meðan þeir lifðu.

Í sambandi við 18. gr. vil ég mega beina því til hæstv. fjmrh., að fjvn. er mjög um það hugað og leggur mikla áherzlu á, að reynt sé á þessu ári að undirbúa þessa gr. frv. með öðrum hætti í næsta fjárlfrv. en verið hefur. Í þessari gr. gætir mjög mikils ósamræmis. T. d. eru sumar eldri ekkjur með miklu minni eftirlaun en þær yngri, og eru margvíslegir erfiðleikar á því fyrir n. að meta það á hverju ári. Það væri því ákaflega æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. vildi setja í þetta 1—2 kunnuga menn til að samræma og undirbúa þessa gr. betur en verið hefur. M. a. er nauðsynlegt að hafa þannig sundurgreiningu á þessum mönnum, að það sjáist, hvað þeir hafa samkvæmt lögum og hverju eigi að bæta við þá. Þá væri þetta miklu aðgengilegra. Hitt er þó aðalnauðsynin, að samræma eftirlaunin til viðkomandi aðila. Ég skal einnig benda á, að sumt af þessu fólki, sem sett er hér og á sama tíma hefur styrk frá Tryggingastofnun ríkisins, eins og fiskimatsmenn, eru teknir og færðir yfir það takmark, sem þar er ákveðið. Þyrfti að taka þetta allt til athugunar í næstu fjárl.

Þá er það 24. brtt. Hún var tekin aftur af n. til 3. umr., að kaupa tímarita- og blaðasafn Helga Tryggvasonar bókbindara, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála. Nú hefur n. tekið till. upp á ný. En ég vil benda á, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er verðtilboðið, 350 þús. kr., svo hátt, að n. telur óstætt á því að greiða nokkuð svipað því fyrir safnið. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj. að hafa um þetta fullt samkomulag við hæstv. fjmrh. og menntmrh., að ekki sé greitt meira fyrir þetta safn en nauðsynlegt þætti. Hins vegar vill n. leggja til, að heimildin sé gefin.

25. brtt. var einnig tekin aftur, af því að þurfti að breyta orðalaginu.

Þá á fjvn. brtt. á þskj. 582. Er þar fyrst brtt. II við 13. gr. Liðurinn orðist svo: „Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 80000 kr.“

Það er sama upphæð og í frv., en aðeins sú breyt. gerð, að fellt er niður skilyrðið um, að ⅔ komi annars staðar frá. Er það gert vegna þess, að upplýst hefur verið fyrir n., að þegar þessi lönd voru seld á leigu til viðkomandi aðila, lágu fyrir kort og till. frá Búnaðarfélagi Íslands um vegalagninguna og loforð fyrir henni frá ríkissjóði án mótframlags. Ekkert af þessu fé, sem varið hefur verið til vegalagningar á löndum ríkissjóðs, hefur farið í aðra vegi. Oddviti hreppsins segir þó, að hreppurinn muni leggja aðra vegi á sinn kostnað, eftir að þessi loforð hafa verið uppfyllt. Þótti n. rétt að taka þetta til greina, enda er þetta í fyrsta skipti, sem þessi skilyrði hafa verið sett. Er þetta samkv. till. frá vegamálastjóra.

N. hefur ekki tekið upp breyt. við B-kafla 13. gr., framlag til flóabátaferða, en samvn. samgm. hefur eftir venju fjallað um það mál og gert um það till., sem hún mun gera grein fyrir. Hins vegar hef ég leyft mér að taka þá upphæð á sjóðsyfirlit til að sjá, hvaða áhrif sú breyt. hefur á rekstrarútkomuna.

Þá er hér brtt. XIV frá fjvn., nýr liður við 22. gr., að veita stj. heimild til að lána hafnarsjóði Bolungavíkur allt að 350 þús. kr. til þess að endurbæta skemmdir, sem urðu á brimbrjótnum þar haustið 1946, þar til upplýst hefur verið, hvaða orsakir liggja til skemmdanna. Það hefur komið skýrsla frá hafnarn. Bolungavíkur til n., en rannsókn hefur ekki farið fram, en n. þykir nauðsynlegt, að svo verði gert. Ég vil ekki leggja dóm á það, af hvaða ástæðum þessar skemmdir hafa orðið, en þegar liggur fyrir, hverjar ástæðurnar eru, er sjálfsagt að taka þetta mál upp á ný, því að þá ber að greina þar á milli, hvort skemmdirnar muni vera af völdum náttúruaflanna, þannig að óviðráðanlegt sé að því leyti, og verður þá að taka ákvörðun um það, hvort rétt sé, að ríkissjóður greiði að fullu skemmdir, sem verða á hafnarmannvirkjum af þeim ástæðum, eða skemmdirnar stafi af mistökum, sem einhverjum aðila sé að kenna, en allt þetta óskar n., að verði upplýst, áður en tekin er fullnaðarákvörðun um það, hver skuli greiða þetta.

Þá er hér till. um að heimila ríkisstj. að verja allt að 3360000 kr. eða taka sömu upphæð að láni til sjálfvirkrar símstöðvar á Akureyri, sæsíma yfir Hvalfjörð og firði á Barðaströnd og til póst- og símahúss í Hrútafirði. Að vísu hefur ríkisstj. heimild til þess að taka að láni nægilegt fé til þess að greiða þessa upphæð, en þó tekið upp í samráði við póst- og símamálastjóra og fjmrh., að þetta sé nú tekið upp á 22. gr. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að öll áhöld til símstöðvarinnar á Akureyri liggja tilbúin í Svíþjóð.

Þá er hér XIX. N. leggur til, að við 22. gr. sé tekin upp eftirfarandi heimild: „Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um allt að 35% (í síðustu fjárlögum var þetta 30%. Fjármálaráðherra óskaði að fá 40%, en samkomulag varð um það í n. að hafa þetta 35%), eftir jöfnum hlutföllum, eftir því sem við verður komið, ef ríkisstj. telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum eða fyrirsjáanlegt er, að tekjur ríkisins á árinu hrökkva ekki fyrir gjöldum.“ Þessi orðun er gerð í samráði við hæstv. ríkisstj. Síðari málsgr. hljóðar svo: „Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949.“ Er það sú sama regla, sem hefur verið haldin áður, og væntir því n., að um þetta þurfi ekki lengi að deila.

Þá eru aðeins eftir tvær brtt., sem fjvn. ber fram og enn eru ekki komnar úr prentun, en munu verða lagðar fram mjög bráðlega, og tel ég rétt að skýra frá þeim nú, til þess að þurfa ekki að vera að tefja umr. um það síðar. — Fyrri till. er við 15. gr., um, að tekinn verði upp styrkur til Páls Hermannssonar, fv. alþm., til ritstarfa, 3500 kr. grunnlaun, eða alls 10500 kr. — Ég held, að ég þurfi ekki að ræða mikið um það atriði hér. Öllum alþm. er kunnugt, að Páll Hermannsson hefur unnið hér merkilegt starf á Alþ. Hann hefur nú látið af störfum frá þinginu og bústjórn fyrir það bú, sem ríkið átti á sínum tíma, og held ég, að ekki verði um það deilt, að sá maður hefur látið af störfum með þeim sóma, að rétt sé að samþ. þetta alveg ágreiningslaust.

Hin till. er við 22. gr., að heimila að greiða til þeirra manna, sem voru á vélbátnum Björgu, 25 þús. kr. til þess að kaupa nýjan bát. Þessir menn hafa nú ráðizt í að kaupa annan bát fyrir 300 þús. kr., og hefur fjvn. fallizt á að styrkja þetta með 25 þús. kr. framlagi.

Að síðustu leggur n. til, að tekið verði upp á 22. gr. að heimila að greiða Boga Ólafssyni full laun, ef hann skyldi láta af störfum á þessu ári. Ég vil í sambandi við þetta mál benda á, að þessi stefna, að taka menn á föst laun þegar þeir láta af störfum, hefur jafnan mætt mjög mikilli andúð í n. og verið um það skiptar skoðanir. Ég vil ekki blanda þar inn sérstökum persónum, og það er það leiðinlega við málið, að blandazt hefur inn í það, hvort þessi eða hinn eigi frekar að verða þessa aðnjótandi en einhver annar. Stefnan sjálf er alveg óverjandi út af fyrir sig. Það deilir enginn um það, að Bogi Ólafsson sé einn af þeim mönnum, sem kannske bezt hafa unnið til þessa heiðurs, og hefur það kannske orðið til þess, að hann hefur verið tekinn upp, þótt n. sé á móti þessari stefnu. En ég vil benda á það, að vel getur komið til mála, — ekki á þessu ári að sjálfsögðu, en á næsta ári, — að sams konar upphæð yrði þá dregin af því framlagi, sem ríkissjóður leggur til orðabókarinnar, því að annars væri þetta beinn styrkur til orðabókarinnar. Nú er lagt til hennar 45 þús. kr., og ef Bogi Ólafsson hefði látið af störfum nú þegar og tekið við starfi hjá orðabókarnefnd, geri ég ráð fyrir, að n. hefði lagt til að lækka hlutfallslega þessa upphæð. En með því að ekki er víst, að Bogi Ólafsson láti af störfum, og svo mikið liðið á árið, þykir ekki rétt að draga mikið úr framlaginu, sem er á 15. gr. nú, en kemur til athugunar, þegar næstu fjárlög verða samin.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta. Því miður hefur n. ekki séð sér fært að taka inn neinar till. frá einstökum þm. Hefði verið mjög nauðsynlegt að taka nokkru nánar til athugunar

tillög til einstöku hafnarmannvirkja, því að frá vitamálastjóra hafa komið nýjar upplýsingar sem leiðréttingar á þeim upplýsingum, sem n. fékk 12. febr. N. hefur þó ekki séð sér fært að fara inn á endurskiptingu, en væntir, að hæstv. samgmrh. líti með fullum skilningi á þessi mál, m. a. með einhverri hjálp úr hafnarbótasjóði, ef þessir staðir verða sérstaklega illa úti fyrir það eitt, að rangar upplýsingar hafa verið gefnar af hálfu vitamálastjórnarinnar um framkvæmdir á yfirstandandi ári. Varð um það samkomulag í n. að reyna að halda úthlutuninni eins og hún er, því að ef farið væri að opna þetta á annað borð, yrði erfitt að stöðva. Ég legg því til fyrir hönd n. allrar, því að öll n. stendur að þessum till., að till. verði samþ. eins og þær liggja fyrir.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Alþ. er nú komið að þeim kafla fjárl., sem síðastur er, þ. e. afgreiðslu frv. við 3. umr. Við höfum nú heyrt hv. frsm. lýsa þeim brtt., sem fyrir liggja frá fjvn. Auk þess liggja fyrir frá einstökum þm. brtt. á þskj. 582. Það virðist nú svo sem ekki verði hjá því komizt, að þetta frv. verði með enn hærri niðurstöðutölum en fjárl. síðustu ára, og mun þó mörgum meðal þjóðarinnar hafa þótt nóg um. Ég þarf ekki að gera það hér sérstaklega að umtalsefni, hverjir örðugleikar á því eru fyrir Alþ. að fá samkomulag um réttingu þessara mála. Þeir örðugleikar eiga sér víða rætur og teygja sig langt út fyrir takmörk þessarar háttvirtu þjóðarsamkomu. Hitt má öllum vera ljóst, að útgjaldaliðirnir á fjárl. eru orðnir svo háir, að ólíklegt er, nema sérstaklega vel ári og það óvenju vel, að hægt sé að halda svo áfram til langframa. Þetta er að því er ýmsa útgjaldaliði snertir, sem teljast verða mjög nauðsynlegir, mjög raunaleg staðreynd, að útgjöldin í heild eru komin á of hátt stig.

Mér hefur verið legið nokkuð á hálsi fyrir það við samning þessa frv., hve dregið er úr svo köllluðum verklegum framkvæmdum. En það ættu allir að geta séð, að þótt fjárl. séu lögð fram með stýfðu fjárframlagi til opinberra framkvæmda, þarf það ekki að vera nein óhrekjandi sönnun þess, að viðkomandi fjmrh. hafi sérstaklega hug á því að skera slíkar framkvæmdir niður. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að fjárl. séu komin upp úr þeirri tölu, sem hægt er fyrir þessa þjóð að búa undir. En hitt er mér líka ljóst, hve miklir örðugleikar eru á því að lækka tilkostnaðinn svo um muni. Og það er nefnilega þetta, að þegar talað er um að lækka tilkostnaðinn, segja menn jafnan, að það muni ekki svo mikið um þennan lið. En með þeirri útþenslu á starfskerfi ríkisins, sem orðin er, eru liðirnir orðnir svo margir og starfskerfið svo stórt, að það er vissulega tími til kominn — og raunar fyrir löngu — að taka til athugunar niðurskurð í sparnaðarátt á hinum svo köllluðu smærri liðum fjárl. ekki síður en hinum stærri.

Ég ætla ekki hér að gera ýmsar till. að umtalsefni. Ég er fjvn. þakklátur fyrir störf hennar og það tillit, sem hún hefur viljað sýna till. ríkisstj. gegnum allt sitt starf hér. Það hefur orðið fangaráð, eins og oft fyrr, að setja töluvert af heimildum á 22. gr., en það er að sjálfsögðu fullkomið vafamál, hvort hægt er að nota þær heimildir, sem þar eru settar og hafa útgjöld fyrir ríkið í för með sér. Hv. þm. munu manna bezt skilja, að það verður allt að vera komið undir ástæðum og möguleikum, sem fyrir hendi eru hverju sinni til þess að verða við þeim óskum, sem þar eru fram bornar. Það verður auðvitað fyrst og fremst að sinna hinu ákveðna og lögboðna og svo vissulega að gera það sem hægt er til þess að leysa annan vanda innan þeirra takmarka, sem fjárhagsástæður ríkisins skapa og leyfa. Hv. frsm. meiri hl. lýsti yfir því, að rekstrarhallinn yrði, ef till. hv. fjvn. yrðu samþ., rúmlega 4½ millj. kr., en greiðsluhallinn 29.6 millj. kr. Hann lýsti og yfir því, að n. legði ekki með samþykkt annarra till. við þessa umr. heldur en þeirra, er gerðar eru af meiri hl. n., og mundi hann leggjast á móti samþykkt annarra till., er hefðu útgjöld fyrir ríkið í för með sér. Hlýt ég af ástæðum, sem allir skilja, að taka undir þessi orð hv. frsm. n. — Þá gat hann þess, að n. hefði ekki gert till. um að breyta tekjuáætlun þeirri, sem í frv. er, og þess enn fremur, að hann byggist við, að fjmrh. mundi koma fram með einhverjar till. við þessa umr. til að jafna metin milli tekna og gjalda. Ég hef haft þetta í huga og hef það enn til yfirvegunar, á hvern hátt það mætti verða. Og ef ég tel mér það fært, mun ég áður en þessari umr. lýkur leggja fram brtt. eða till. í slíka átt, en mun nú sitja hér að sinni og heyra á mál manna þeirra, er hér á eftir munu fram koma og tala til skýringa og framdráttar till. sínum við þetta frv.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Samvn. samgm. á brtt. á þskj. 582, um að styrkur til flóabátaferða hækki úr 500 þús. kr. í 912200 kr. Vil ég leyfa mér fyrir hönd n. að gera grein fyrir þessari till.

Það er fyrst og fremst að segja um flóabátaferðir almennt, að á s. l. ári var rætt um það, er undirbúin og hafin hafði verið smíði nýrra strandferðabáta, að líklegt væri, að hægt yrði að draga nokkuð úr fjárframlögum til flóabátanna í einstökum héruðum, eftir að þessir strandferðabátar væru tilbúnir og hefðu hafið siglingar hér við land. Nú er það svo, að annar þessara báta hefur þegar hafið siglingar, og er hinn væntanlegur á næstunni og mun innan skamms hefja siglingar. Þrátt fyrir þetta hefur hvorki Skipaútgerð ríkisins né samvn. samgm. þótt líklegt, að þessi skip gætu leyst þarfir einstakra landshluta innbyrðis á sama hátt og flóabátarnir gera. Það mun að vísu verða mikil samgöngubót að þessum nýju skipum, en margt bendir þó til þess, að þarfir fyrir staðbundnar flóabátaferðir verði fyrir hendi engu að síður eftir sem áður. Reynslan mun skera úr um þetta atriði, og þess má vænta, að á næsta ári verði komin nokkur reynsla á það, hvort hægt muni verða að nota þessi skip í staðinn fyrir flóabátana, a. m. k. að einhverju leyti, og mun þá Alþ. taka afstöðu til þess á sínum tíma.

Í sambandi við einstaka flóabáta vil ég taka þetta fram:

Ég mun fyrst minnast á Breiðafjarðarsamgöngur. Það er gert ráð fyrir því í till. n., að

Flateyjarbáturinn, sem haldið hefur uppi samgöngum um norðanverðan Breiðafjörð, fái 30 þús. kr. styrk til vélakaupa. Á s. l. ári voru veittar 50 þús. kr. til viðgerðar á bátnum, sem nú er lokið, og er hann nú hið sæmilegasta skip. En vegna þess að nú er aðeins um að ræða 30 þús. kr. styrk til vélakaupa, verður heildarstyrkurinn til bátsins 20 þús. kr. lægri en hann var s. l. ár. — Þá hefur sú breyting orðið á varðandi Breiðafjarðarsamgöngur, að til Stykkishólmsferða hefur verið fenginn nýr bátur, 38 smál., í stað 15 smál. báts, sem hefur annazt þessar ferðir. Hefur jafnframt verið farið fram á, að styrkur til þessara ferða verði hækkaður verulega, eða úr 38 þús. kr. á s. l. ári í 80 þús. kr. N. taldi þó ekki fært að fara svo hátt í styrkveitingu til þessara ferða, en hefur lagt til, að hann verði hækkaður upp í 70 þús. kr., og taldi Skipaútgerðin það nægilegt. Enn fremur hefur verið sett það skilyrði fyrir styrkveitingunni samkv. ósk hv. þm. Barð., að báturinn fari ekki færri en 18 ferðir til Gilsfjarðar, og er þessa getið í nál. samvn. samgm. — Varðandi samgöngur um Breiðafjörð er enn fremur ráðgerð sú breyting, að í staðinn fyrir að 2 bátar hafa annazt ferðir milli Stykkishólms og Langeyjarness og milli Stykkishólms og Skógarstrandar, skuli einn bátur annast þessar ferðir, og leggur n. til, að styrkur til þessara ferða lækki um 1 þús. kr., þar sem gert er ráð fyrir, að ferðirnar verði ódýrari, ef þær eru reknar af einum bát.

Gert er ráð fyrir, að Ísafjarðarsamgöngur verði reknar með svipuðum hætti og undanfarið. Ný vél hefur verið sett í Djúpbátinn, sem annast ferðirnar, og fellur því niður sú fjárveiting, sem honum hefur verið veitt 2 s. l. ár. Heildarstyrkur til bátsins lækkar því samkv. till. n. um 60 þús. kr. Hins vegar hækkar rekstrarstyrkurinn um 5 þús. kr., vegna þess að gert er ráð fyrir, að teknar verði upp sérstakar ferðir um Skötufjörð, en Djúpbátnum h/f falið að sjá um þær.

Um Norðurlandssamgöngur vil ég taka það fram, að gert er ráð fyrir, að styrkur til Húnaflóa- og Strandabátsins hækki um 2 þús. kr. Töluverður halli varð á rekstri bátsins s. l. ár, og stafar hann að nokkru leyti af því, að ný vél ver sett í skipið, og lánaði Skipaútgerð ríkisins eiganda bátsins 60 þús. kr. til vélakaupanna. Hefur hann sótt um að fá þetta greitt úr ríkissjóði, en n. taldi ekki fært að taka þá ósk til greina. Hins vegar stendur þetta lán hjá Skipaútgerðinni, og má segja, að það sé ríkissjóður, sem hjálpað hefur þessum einstaklingi að komast yfir þessa vél, þar sem Skipaútgerðin hefur veitt honum aðstoð í þessu máli. Þá er lagt til, að nokkur breyting verði á ferðum hins sameiginlega Norðurlandsbáts, sem gengur milli Siglufjarðar, Akureyrar og Sauðárkróks, og er lagt til, að honum verði veittar 38 þús. kr. í hækkuðum rekstrarstyrk frá því, sem veitt var til þessara ferða á s. l. ári. Útgerðarmaður bátsins hefur óskað eftir að fá styrkinn hækkaðan um 72 þús. kr., samkv. till. forstjóra Skipaútgerðarinnar taldi n., að þessi styrkshækkun, sem hún leggur til, ætti að nægja. En það hefur skapazt nýtt viðhorf í þessu máli, þar eð akvegasambandi hefur verið komið á yfir Siglufjarðarskarð, og er því talið, að sérstakur bátur milli Sauðárkróks og Siglufjarðar muni vera óþarfur yfir sumarmánuðina eða þann tíma, sem Siglufjarðarskarð er fært bifreiðum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að Norðurlandsbáturinn muni taka að sér að koma á Skagafjarðarhafnir. Ekki þótti þó fært, að Haganesvík byggði allar ferðir sínar á þessum bát, því að viðkomutími hans væri mjög óhentugur, og þess vegna taldi n. nauðsynlegt að taka upp sérstakan styrk til Haganesvíkurbáts, að upphæð 10 þús. kr., til þess að halda uppi ferðum þangað þann tíma ársins, sem ekki er bílfært þangað. Enda þótt talsverður halli hafi orðið á rekstri Sauðárkróks- og Siglufjarðarbáts á s. l. ári, taldi n. ekki fært að gera till. um fjárveitingu til hans upp í hallareksturinn, þar eð endanlegur rekstrarreikningur bátsins liggur enn ekki fyrir. Hins vegar kæmi það til athugunar síðar, þegar reikningurinn liggur fyrir, hvort ríkið teldi sér kleift að hlaupa undir bagga með útgerðarmanni bátsins. — Þá leggur n. til, að styrkur til Hríseyjarbátsins verði hækkaður um 1 þús. kr.

Það er ekki gert ráð fyrir, að teljandi breytingar verði gerðar á Austfjarðasamgöngum. Það hafði verið gert ráð fyrir því af n. á s. l. ári, þegar fjárl. voru síðast samin, að á s. l. sumri mundi skapast akvegasamband við Norðfjörð, þannig að ekki yrði þörf fyrir bát þangað nú, en nú er talsvert í land, að svo verði, svo að gera verður ráð fyrir, að hans verði þörf á sumri komanda. Hins vegar á bæjarstj. erfitt með að fá bát til þess að halda uppi þessum ferðum og taldi, að það mundi reynast ókleift að fá bát í þessu skyni fyrir sama styrk og veittur hefur verið undanfarið. Hefur hún því farið fram á að fá styrkinn hækkaðan, og hefur n. fallizt á að hækka hann um 5 þús. kr. — Þá er lagt til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 2500 kr.

Um styrk til Suðurlandsskips er það að segja, að n. hefur orðið sammála um að leggja til, að hann verði hækkaður um 10 þús. kr. Það skal tekið fram til skýringar, að hér er ekki um raunverulegt skip að ræða, heldur styrk til flutninga, sem veittur er vegna hækkana á ákveðnum gjöldum fyrir hvert tonn af vörum, sem fluttar eru austur. Það hefur tíðkazt um alllangt skeið að veita slíkan styrk, og undanfarið hefur flutningskostnaður hækkað, m. a. vegna hækkaðs benzínverðs. Og þótt þau héruð, sem hér er um að ræða, séu í akvegasambandi, þá þarf oft að flytja vörurnar langar leiðir til hinna afskekktu staða, og verða vöruflutningar því mjög dýrir. N. þótti því sanngjarnt að hækka þennan styrk upp í 80 þús. kr. Meðalflutningsgjald á tonn austur í Vík mun vera 270 kr., en að frádregnum þeim styrk, sem Alþ. hefur veitt undir liðnum Suðurlandsskip, mun flutningskostnaður verða 242 kr.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á Faxaflóasamgöngur. H/f Skallagrímur í Borgarnesi hefur annazt þessar ferðir á s. l. ári með m/s Laxfossi og m/s Víði. Félagið hefur ekki sótt um styrk til ferða m/s Laxfoss, en hins vegar um 200 þús. kr. styrk vegna rekstrarhalla, sem hefur orðið á ferðum m/s Víðis, sem félagið gerði út á tímabilinu jan.—maí 1947. Þetta skip hefur félagið haft á leigu frá 1. jan. 1945, og lauk leigu-

tíma þess 15. maí s. l. N. hefur borizt lauslegt rekstraryfirlit yfir rekstur m/s Víðis á tímabilinu jan.—maí 1947, og sýnir það 200 þús. kr. rekstrarhalla, en endanlegir rekstrarreikningar félagsins og m/s Laxfoss fyrir árið 1947 lágu ekki fyrir n., og vissi n. því ekki um heildarafkomu félagsins. Með tilliti til þessa treysti n. sér ekki til að leggja til, að hluti þessa rekstrarhalla í heild yrði greiddur, og vill benda á, að n. hefur orðið að hafa þann hátt á í sambandi við rekstrarhalla á flóabátasamgöngum, þar sem endanlegir rekstrarreikningar hafa ekki verið lagðir fram. Nú bárust mér hins vegar í gær endanlegir rekstrarreikningar h/f Skallagríms fyrir árið 1947. Samkv. þeim er yfirfært tap til næsta árs kr. 150915.30, og orsakast þetta allt vegna rekstrarhalla m/s Víðis á fyrrgreindu tímabili. Tekjur nema rúmum 149 þús. kr., þannig að hallinn af m/s Víði hefur reynzt talsvert minni en félagið gerði upphaflega ráð fyrir. Það má því segja, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, hvernig þessum málum félagsins er varið, og að n. gæti þess vegna tekið afstöðu til beiðni félagsins um styrkveitingu vegna rekstrarhalla m/s Víðis. En nú er það svo, að það hefur verið lagt mjög hart að n. að hækka ekki fjárframlög til flóabátanna og halda a. m. k. þeim upphæðum, sem veittar voru í þessu skyni í fyrra. N. hefur því átt mjög erfitt með að taka til greina óskir um aukið framlag til einstakra flóabáta, enda þótt hægt hafi verið að sýna, að halli hefur orðið á ferðum þeirra. Ég hygg þó, að fyrr eða síðar verði að greiða einhvern hluta þessa rekstrarhalla. Á síðasta þ. var ætlazt til þess, að ferðir héðan upp í Borgarnes og Akranes yrðu reknar styrklaust, en gert ráð fyrir að veita einhvern styrk til Vestmannaeyjaferða, sem h/f Skallagrímur hefur stundum annazt. Vil ég leyfa mér í þessu sambandi að vitna til nál. n. frá því í fyrra, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En nú er ætlazt til, að þessar ferðir (á Faxaflóa, þ. e. samgöngurnar við Akranes og Borgarnes) verði reknar styrklaust, því að gert er ráð fyrir, að Vestmannaeyjum verði séð fyrir ferðum með öðrum hætti. En það skal þó tekið fram, að ef ríkisstj. eða forstjóra skipaútgerðarinnar þykir nauðsyn til bera að fá Laxfoss til sérstakra ferða þangað og af því leiði halla, telur nefndin óhjákvæmilegt að bæta það úr ríkissjóði á sínum tíma.“

Það má þannig segja, að h/f Skallagrímur, sem hefur fyrir áeggjan samgmn. tekið m/s Víði á leigu og notað Laxfoss þennan tíma til Vestmannaeyjaferða, geti með nokkrum sanni bent á, að fyrir liggi vilyrði um, að greiddur yrði a. m. k. einhver hluti þess halla, er kynni að verða af þessum ferðum. Ég tel þó hæpið, að þótt þessir reikningar séu fram komnir frá h/f Skallagrími, verði fært á þessu stigi málsins að flytja brtt. um að taka upp í till. n. fjárveitingu upp í þennan hallarekstur, en hefði þó gjarnan viljað ræða það mál við hæstv. fjmrh. og fjvn. En afstaða n. hefur verið sú, að hún vildi fá að sjá endanlega endurskoðun á rekstri þessara ferða í heild, og ég held, að það hafi verið uppi raddir um það í n., og vil greina frá því, að í raun og veru ætti að vera hægt að reka þessa „rútu“, sem er langsamlega arðvænlegasta flóabátaleið hér við land, styrklaust eða með hagnaði, og vil benda á, að þetta mun vera eina flóabátafélagið, sem borgað hefur hluthöfum sínum arð og þ. á m. ríkissjóði af þeim hluta, sem hann á í félaginu. Hins vegar get ég upplýst, að hluthafar Djúpbátsins h/f á Ísafirði, sem er byggður upp af almennu hlutafé í því byggðarlagi, hafa aldrei séð einn einasta eyri í arð. En viðvíkjandi greiðslu á hluta af þessum hallarekstri h/f Skallagríms, þá er það mál opið, og hef ég bent á, að samvn. samgm. í fyrra gaf vilyrði fyrir því að greiða hluta þess halla, sem kynni að verða á rekstri m/s Víðis í Vestmannaeyjaferðum.

Þá vil ég geta þess að lokum, að samkv. till. n. eru heildarframlög áætluð til styrktar flóabátaferðum 3500 kr. lægri en þau voru árið 1947. Styrkur til Djúpbátsins h/f er ráðgerður að lækki um 60 þús. kr. og til Flateyjarbátsins um 20 þús. kr. Hins vegar eru hækkanir, sem n. leggur til, smávægilegar.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þessar till. n. og hygg, að n. hafi stillt þeim eins mikið í hóf og henni var frekast unnt. Ég hef nú gert grein fyrir, hvers vegna n. hefur orðið að taka þessa afstöðu, en með henni er þó að sjálfsögðu engum dyrum lokað í framtíðinni, hvað þetta efni snertir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi í upphafi máls míns beina nokkrum orðum til hæstv. fjmrh. í sambandi við ríkisreikningana. Fyrir nokkru var rætt um það í Sþ., að útgáfa og afgreiðsla ríkisreikninganna frá Alþ. hafi dregizt úr hófi fram, svo að erfitt sé að samþ. reikninga, sem safnazt hafa fyrir í 4 ár. Ég beindi um daginn þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj., að þessum málum yrði komið í betra lag og reynt yrði að hafa alla þessa reikninga til í okt. næstkomandi haust, þegar þingið kemur saman. En til þess að reikningurinn fyrir árið 1947 geti orðið samþ., þá þyrfti að kjósa menn til yfirskoðunar á honum, og ég vildi beina því til hæstv. fjmrh., að hann láti kjósa þá, áður en þingi verður slitið nú. Hæstv. fjmrh. tók vel í þetta hér um daginn, er ég ræddi það í Sþ., og vænti ég árangurs af þessum till. mínum.

Ég vil þá þessu næst fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 582, frá okkur hv. þm. A-Húnv., en hún er um það, að lagðar verði fram úr ríkissjóði 10 þús. kr. til endurbóta á Borgarvirki í Víðidal. Varatillag er 8 þúsund krónur. **(Menntmrh.:** Væntanlega er ekki meiningin að steypa virkið upp?) Ekki er það ætlunin. Tillagan er flutt vegna tilmæla frá Húnvetningafélaginu í Reykjavík, og í bréfi því, sem okkur barst frá því félagi, er farið fram á, að ríkið leggi fram nokkurn skerf til að hressa við þetta forna mannvirki. Eftir því, sem í bréfinu stendur, er ætlunin sú, að Húnvetningafélagið hér hafi samstarf við ungmennafélög sýslunnar í þessu efni, en starf þeirra við endurreisn virkisins verði undir eftirliti þjóðminjavarðar og eftir till. hans, því að hann mun vera sá maður, sem bezt skyn ber á, hvernig endurbyggingunni skuli hagað. — Áhugi á að vernda þetta forna mannvirki er mikill, bæði meðal Húnvetninga hér og heima í héraði,

Hins vegar er það svo, að fjárhagur Húnvetningafélagsins hér í Rvík og einnig ungmennafélaganna í sýslunni er ekki svo góður, að þau treysti sér, af þeim sökum, til þess að vinna þetta ein, og þess vegna er farið fram á þennan styrk úr ríkissjóði.

Það verður að líta svo á, að þjóðfélaginu beri skylda til þess að vernda sögulegar minjar sem þessar, sérstaklega þegar þess er gætt, að við Íslendingar erum fremur fátækir af minjum liðinna tíma. Á aðalfundi Húnvetningafélagsins, sem haldinn var 30. okt. s. l., var kosin 3 manna n. til þess að fjalla um þetta. Hún leitaði umsagnar þjóðminjavarðar, Kristjáns Eldjárns, um málið, og barst henni álit hans skömmu síðar, en bréfinu frá n. til okkar fylgdi þetta álitsskjal. Í umsögn þjóðminjavarðar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarvirki er einstætt meðal allra íslenzkra fornleifa. Í fornritum vorum er raunar mjög oft talað um virki, en ekkert þeirra hefur varðveitzt til vorra tíma, enda mun oftast átt við hlaðna virkisgarða kringum bæi, einkafyrirtæki bóndans á hverjum stað. Borgarvirki er annars eðlis, það er borg eða eins konar kastali, að öllum líkindum til orðinn fyrir samtök margra manna, heils héraðs. Það er klettaborg, sem að miklu leyti er víggirt af náttúrunnar höndum, og hafa þeir, sem virkið gerðu, ekki þurft annað en að endurbæta þetta náttúruverk með því að hlaða í skörðin og gera klettaborgina óvinnandi, hvar sem að henni væri komið. En þetta hefur þó verið geysimikið verk, og hefur dr. Björn Ólsen reiknað út, í grein í Árbók fornleifafélagsins 1880—81, að ekki muni hafa verið minna en 200 dagsverk að hlaða allt virkið. Er hleðslan víða gerð af svo stórum björgum, að með ólíkindum má þykja.

Engin söguleg gögn eru fyrir því, hvers vegna Borgarvirki hefur reist verið, eða hver það hefur gera látið. Munnmæli hafa viljað eigna það Finnboga ramma, en önnur, sem menn hafa lagt meiri trúnað á, Barða Guðmundssyni í Ásbjarnarnesi, og átti það þá að hafa verið hlaðið, þegar hann átti í deilum þeim við Borgfirðinga, sem sagt er frá í Heiðarvígasögu. En ég hygg, að hvort tveggja sé rangt til getið. Mér finnst langtum sennilegast, að Borgarvirki sé frá landnámsöld og standi ekki í sambandi við neinar hernaðaraðgerðir beinlínis, heldur sé varúðarráðstöfun héraðsbúa, ef til innanlandsóeirða kynni að koma, eins og þeir áttu að venjast í Noregi. En þar í landi, og raunar víðar á Norðurlöndum, var það alsiða á forsögulegum tíma og fram á víkingaöld að víggirða staði, sem vel voru til þess fallnir, t. d. klettaborgir, í því skyni, að fólk í grenndinni gæti leitað þar hælis og varið þar líf sitt og jafnvel eigur, ef fjandmannaher eða óaldarflokkur færi um byggðina. Þessi virki eru kölluð byggðaborgir, algengar um allan Noreg, og ég fæ ekki betur séð en að Borgarvirki sé einmitt ein slík borg. Landnámsmenn hafa séð, hve vel staðurinn var fallinn til slíkrar virkisgerðar, og tekið sig saman um að hlaða til að vera við öllu búnir. Bein rök má einnig færa fyrir því, að Borgarvirki sé svona gamalt, en ekki mun þörf að gera grein fyrir því hér."

Svo heldur fornminjavörður áfram og segir: „Ég tel sem sagt, að Borgarvirki sé eitt elzta mannvirki á landi hér, og þar að auki einstakt í sinni röð. Er því ástæða til að sýna því sóma, og það því fremur sem auðgert er að endurreisa það í upprunalegri mynd. Allar hleðslur eru nú mjög hrundar og hafa jafnvel mikið látið á sjá í minnum þeirra manna, sem enn lifa, en undirstöður allar eru óhaggaðar og sýna til fullnustu, hvernig um hnútana var búið í öndverðu. Þegar til þess kemur að endurreisa virkið, verður gerð nákvæm lýsing á því eins og það er nú og ljósmyndir teknar, til þess að seinni tíma mönnum blandist ekki hugur um, í hvaða ástandi það var, áður en það var endurreist. Síðan verða virkisveggirnir hlaðnir úr því sama grjóti, sem í því var upphaflega, því það er allt við höndina. Fæ ég ekki betur séð en að hægt sé að koma virkinu í sína fornu mynd falslaust og með óyggjandi vissu."

Síðan segir þjóðminjavörður, að hann geti ekki að svo stöddu lagt fram áætlun um kostnað við endurbyggingu virkisins, en telur, að hann muni allmikill, vegna þess hve vinna er dýr, en hún yrði aðalliður kostnaðarins. — Að endingu segir hann svo: „En þótt kostnaður verði verulegur, er það þó bót í máli, að viðhaldskostnaður við mannvirki þetta mun í framtíðinni verða mjög lítill eða enginn." Í bréfi því, sem ég gat um áðan, frá n., er sagt, en það er gefið út nokkru síðar en umsögn þjóðminjavarðar, að þjóðminjavörður hafi gizkað á, að endurreisn virkisins mundi kosta ca. 15—20 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vil benda mönnum á hin ótvíræðu meðmæli, sem felast í umsögn þjóðminjavarðar, en hann sem fornleifafræðingur hefur hið bezta vit á því, sem hér er um að ræða. Till. okkar getur engan veginn talizt heimtufrek, og því síður varatill., borið saman við fé það, sem veitt er á fjárl. til hliðstæðra hluta. T. d. eru veittar 30 þús. til viðhalds á bæjarhúsum í Glaumbæ, og annað eins til fornra mannvirkja á Stöng í Þjórsárdal, og sýnir það, að Alþ. hefur talið þess vert að halda þessum fornleifum við. *Ég leyfi mér því að vænta þess, að till. okkar verði vel tekið.*

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga flutti ég nokkrar brtt., þar á meðal eina um sundurliðun á 22. gr. fjárl.

Ég hef ekki tekið þessa brtt. upp aftur nú, en lít svo á, að heimildin, sem felst í gr. til fjárveitingar, gildi, og mér er kunnugt um, að hæstv. fjmrh. telur ekki þörf á sundurliðun. — Aftur á móti höfum við hv. þm. N-Ísf. tekið upp nokkrar brtt., sem fluttar voru á fyrra stigi málsins. Fyrsta till., sem við flytjum saman, er um fjárveitingu til brúargerðar á Selá í Nauteyrarhreppi. Upphaflega var þar farið fram á 100 þús. kr., en síðar lækkuðum við fjárveitinguna í 50 þús. kr. Ég vil geta þess, að á þskj. hefur þetta misprentazt svo, að þar stendur 150 þús. í stað 50 þús. kr., og bið ég menn að athuga það. Ég hef áður gert grein fyrir till. þessari. Í fyrra var lögð fyrir fyrsta fjárveitingin til brúar þessarar, og var ætlunin að gera svo, þar til nægilega há upphæð

væri komin fyrir brúnni. Ég vænti, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa hógværu till.

Í annan stað höfum við flutt till. um lendingarbætur í Hnífsdal, og er þar farið fram á 150 þús. kr. fjárveitingu, en það er sú upphæð, sem íbúar Eyrarhrepps hafa beðið um til þessara framkvæmda.

Þriðja till., sem við hv. þm. N.-Ísf. flytjum, er í fremsta máta smávægileg, en í henni er farið fram á 1000 kr. fjárveitingu til leikstarfsemi í Bolungavík gegn jafnmiklu framlagi frá Hólshreppi. Leikstarfsemi í Bolungavík hefur jafnan verið með miklum blóma, og hafa þorpsbúar jafnan sýnt mikinn dugnað og áhuga í þeim efnum og árangur orðið ágætur. Iðulega hafa Bolvíkingar sýnt leikrit inni á Ísafirði og víðar í nágrenninu við góðan orðstír, og er þessi viðleitni fullrar virðingar og eftirtektar verð. Hér er aðeins fram á lítið farið, og vona ég, að till. þurfi ekki að misbjóða fjárgetu íslenzka ríkisins og verði því samþykkt.

Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefur tekið upp till. um fjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungavík. Hún er að vísu nokkuð breytt frá því, sem við hv. þm. N.-Ísf. vildum hafa hana, en ætlun okkar var, að þessar 350 þús. kr. yrðu ekki afturkræfar, heldur væru þær veittar sem styrkur úr ríkissjóði til bóta á brimbrjótnum. En þessi fjárveiting leysir málið í bili.

Í mörg ár hefur starfað í Bolungavík hlutatryggingasjóður sjómanna. Sjóður þessi er miklu eldri en nokkur lög um hlutatryggingar, en nú hafa þeir, sem sjóðnum stjórna, ákveðið að breyta reglum hans þannig, að þær verði í samræmi við lög nr. 109 1943, og geti sjóðurinn þá orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, en á þskj. 582 gerum við ráð fyrir, að hann nemi rúmum 12 þús. kr.

Ég hef áður komið með till. um, að ríkissjóður greiði Jóni Magdal, bónda í Engidal í Skutulsfirði, allt að 12 þús. kr. í skaðabætur vegna atvinnutjóns af margra ára sóttkví, sem heimili hans hefur verið í, og flytjum við hv. þm. N.-Ísf. nú till. um það.

Síðasta till., sem við flytjum saman, er einnig á þskj. 582 og er þess efnis, að varið verði allt að 75 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi. Upphaflega fórum við fram á 100 þús. kr. til Sléttuhrepps, en 50 þús. kr. til Grunnavíkurhrepps, en nú höfum við sætt okkur við 75 þús. kr. til beggja hreppanna. Að sjálfsögðu kemur ekki til greiðslu á þessu, nema sýslunefnd viðkomandi sýslu komi með till. um, hvernig fénu skuli varið, og rn. sjái sér fært að inna greiðsluna af hendi. Við flm. höfum rætt þetta við hæstv. félmrh., en hann ræddi það svo aftur við hina ráðh., og munu þeir hafa verið sammála um að samþ. þetta. Þrátt fyrir það sá hv. fjvn. sér ekki fært að taka till. upp. Ég vænti þess, að hv. þm. viðurkenni, að rétt geti talizt að hafa heimild í l. til þessa, þar sem ósýnt er um, hvernig fer um byggð í þessum hreppum í framtíðinni og líkur benda til, að innan skamms geti svo farið, að ekkert verði eftir af vinnufæru fólki, svo að grípa þurfi jafnvel til þess að flytja burtu gamla fólkið, sem ekki getur bjargað sér sjálft. Ég trúi því ekki öðru en hæstv. Alþ. samþ. þessa heimild, ef til slíkra ráðstafana kann að koma, sem vel getur verið, því miður.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt þremur öðrum þm., að flytja brtt. á þskj. 582. Hún fjallar um styrk til Rímnafélagsins. Eins og hv. þm. vita, er þetta ungur félagsskapur, sem hóf starf sitt á s. l. hausti. Félagið er þess vegna barn í reifum, og verður tæplega við því búizt, að mikið liggi eftir það. En í ráði er, að það hefji útgáfu rímna, eftir því sem tóm vinnst til og fjárhagsgeta leyfir. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. viti þegar nokkur deili á þessu félagi og tilgangi þess og hafi fengið bréf frá félaginu, þar sem þetta er rakið. Nú um skeið hefur þessi bókmenntagrein ekki verið metin né henni sinnt eins og skyldi, því að hún er hin merkasta. Á þeim öldum, er svo var kreppt að þjóðinni, að hún hafði lítið að lesa, var þetta sú bókmenntagrein, sem Íslendingar ræktu og höfðu aðgang að og notfærðu sér út í æsar. Við eigum því þessari grein bókmennta e. t. v. mest að þakka varðveizlu tungunnar á því tímabili, þegar hungur, drepsóttir og hallæri steðjuðu að og möguleikar þjóðarinnar til að afla sér bóka voru því nær engir. Erlendir fræðimenn, sem kynni hafa af bókmenntum okkar, telja þessa bókmenntagrein standa langtum framar en hliðstæðar bókmenntagreinir með öðrum þjóðum. Frægir menn gefa henni þennan vitnisburð. Þegar danskir fræðimenn minnast á bókmenntir okkar, þá dá þeir okkar fornbókmenntir, en segja, að frá þeim tímum, sem rímurnar urðu til, eigum við engar bókmenntir. Englendingar og Þjóðverjar aftur á móti hafa kveðið upp þann dóm, að rímurnar séu hin stórmerkasta bókmenntagrein, og munu þeir ekki síður dómbærir á það.

Enda þótt þessari bókmenntagrein hafi lítið verið sinnt hér undanfarið, þá er það ekki að marka. Við höfum verið að komast á legg og haft mörgu að sinna. En undir eins og nýrri bókmenntir okkar fá festu og bókmenntalíf eflist í bæjum okkar, þá verður þessi bókmenntagrein áreiðanlega miklu meira rækt en nú er. Við höfum verið helzt til tómlátir um að sýna henni verðskulda virðingu og rækt, en það er ekki úrhættis enn.

Þetta félag hefur það á stefnuskrá sinni að gefa út rímur. Handrit eru mýmörg í söfnum, og hinir beztu fræðimenn okkar hafa verið ráðnir til þess að annast útgáfu þeirra og verður vandað til hennar eins og kostur verður á. En þar sem starf félagsins er í byrjun, hefur það auðvitað ekki úr miklu fé að spila, en bókaútgáfa er nú hins vegar mjög dýr, og fjárskortur háir því starfseminni mest. Nú hefur Alþ. sýnt það viðsýni og þann skilning gagnvart félögum, sem mynduð hafa verið til bókaútgáfu, að láta þau njóta nokkurra styrkja. Ég vona því, að Alþ. vilji ekki síður sýna þessari grein bókmennta verðskuldaðan sóma en öðrum, með því að styrkja slíka útgáfu. Við höfum haft fjárbeiðnina hóflega, því að Alþ. hefur í mörg horn að líta, en minni upphæð gátum við þó ekki farið fram á. Ég vil vænta þess, að hv. Alþ. sýni hér góðan vilja og skilning, og það því fremur, sem við-

frægt er fyrr og síðar, hve ljóðelskir við séum, Íslendingar, og eigum mikil skáld. Og einmitt af því, að sú list hefur aldrei dáið, þrátt fyrir allar hörmungar, sem dunið hafa yfir þjóðina, höfum við varðveitt okkar auðugu tungu, en í þeirri varðveizlu eiga rímurnar ekki hvað minnstan þátt. Ég vona því, að hæstv. Alþ. sýni fullan skilning þessari málaleitun okkar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja fáein orð út af orðum hv. þm. V.-Húnv. og sérstaklega því, sem hann beindi til fjmrh. varðandi prentun og framlagningu ríkisreikninga fyrir árin 1944, 1945 og 1946, sem og undirbúning til þess að hraða endurskoðun ríkisreikninganna fyrir árið 1947. Síðan fyrirspurnin kom fram, sem sami þm. stóð að hér á Alþ., og að athuguðum ástæðum, hef ég reynt að fá reikningana svo tímanlega úr prentun, að þm. gætu fengið þá í hendur á þessu þingi. En annríkið er mikið í Gutenberg; samt er ekki vonlaust, að reikningarnir fáist áður en þingi slítur, en þó er rétt að taka það fram, að óræka vissu hef ég ekki fyrir því.

Varðandi ríkisreikninginn fyrir árið 1947 og undirbúning undir fljóta afgreiðslu hans er ég sammála hv. þm. um það, að rétt sé að gera ráðstafanir til þess að flýta þeirri afgreiðslu, og hef ég farið fram á það við hæstv. forseta Alþ., að kosnir verði á þessu þingi yfirskoðunarmenn fyrir landsreikningana 1947. Þetta vildi ég upplýsa að gefnu tilefni. Annars er það sannast að segja, að ég veit ekki, með hvaða ráðum eða meðulum væri hægt að reka betur á eftir því að fá svör frá ýmsum stofnunum við aths. endurskoðenda, en það er aðallega þetta, sem tafið hefur afgreiðslu þeirra reikninga, sem hér ræðir um. Það liggur við, að fjmrn. þyrfti að hafa heimild til dagsekta á þá, sem ekki sinna þeim fyrirspurnum, sem lögum samkvæmt ber að svara, en er trassað mánuðum saman. En það er einkum þetta, sem tefur fyrir því, að Alþ. berist reikningarnir í tæka tíð.

Forseti (JPálm): Útbýtt hefur verið á fundinum brtt. á þskj. 582, 597 og 598, og mun ég nú leita afbrigða vegna þeirra, þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Það hafa orðið mér vonbrigði og allmörgum alþm., að byggingarstyrkur til listamannanna Gunnlaugs Blöndals, Gunnlaugs Schevings og Nínu Tryggvadóttur skuli hafa fallið burt í till. hv. fjvn. Nokkrir alþm. hafa þegar flutt till. um að greiða Gunnlaugi Blöndal og Gunnlaugi Scheving þennan styrk, og sömuleiðis erum við Gylfi Þ. Gíslason og Sigurður Bjarnason flm. að till. á þskj. 582, um að Nínu Tryggvadóttur verði veittur byggingarstyrkur á fjárl. Nína er dóttir Tryggva Guðmundssonar, sem var gjaldkeri hjá Áfengisverzlun ríkisins, að mig minnir — hins mesta ágætismanns að allra dómi. Hún hóf nám á listaháskólanum í Kaupmannahöfn; síðan var hún um nokkurt skeið við nám í París og striðsárin dvaldist hún í Bandaríkjunum. Hún hefur barizt áfram með fágætum dugnaði, nýtni og sparsemi og hlotið mikla viðurkenningu. Hún hélt sýningu í Bandaríkjunum fyrir tveimur—þremur árum og fékk mjög lofsamlega dóma. Ég hef ekki átt kost á að ná í það eintak af Morgunblaðinu, þar sem þessir dómar birtust. En henni hefur verið boðið að sýna aftur í New York, og segir í bréfi því til hennar, að eftir hinn mikla sigur, sem sýning hennar hafi verið, hafi verið ákveðið að bjóða henni að hafa aðra sýningu í haust. Hún tók þessu boði, en vegna gjaldeyrisskorts komst hún ekki í tæka tíð, en er nú komin til Bandaríkjanna og mun sýna þar í vor. Hún hefur haldið allmargar sýningar hér heima, og hafa þær verið vel sóttar. Ég hef hlerað, að mynd sú, sem hér er til sýnis eftir hana í lestrarsal, hafi ekki fallið þm. í geð, og því hefur jafnvel verið haldið fram, að myndin mundi verða þess valdandi, að hún fengi ekki styrkinn. Nú er þessi mynd á mjög slæmum stað þarna og nýtur sín ekki vegna skorts á fjarlægð og góðri birtu, en hún hefur mjög fallegan litblæ og fagrar línur, og væri henni komið fyrir á betri stað, t. d. í Ed., mundu þm. e. t. v. læra að meta hana betur. Annars vona ég, að hv. alþm. láti ekki listamanninn gjalda þess, þótt hv. menntamálaráði sé ósýnt um að velja myndir, sem þm. falla í geð, og það væri ekki úr vegi að rifja upp í sambandi við þetta gamla vísu eftir Steingrím Thorsteinsson:

Lastaranum líkar ei neitt,
lætur hann ganga róginn.
Finni hann laufblað fölnað eitt,
fordæmir hann skóginn.

Raunar held ég, að þessi mynd sé alls ekki fölnað laufblað, heldur finnst mér hún fögur. Og í trausti þess, að hæstv. Alþ. láti hina ágætu listakonu njóta viðurkenningar, tel ég óþarft að fjölyrða meira um þessa brtt. og læt máli mínu lokið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég á hér eina brtt., sem er merkt með rómverskum XVI á þskj. 582. Árið 1944 voru samþ. hér lög á Alþ. og hér í þessum sal um heimild til þess að endurgreiða toll af sænskum timburhúsum, að svo miklu leyti sem hann væri hærri á húsunum en á hráefninu sjálfu. Þá voru nærri allir þm. sammála um þetta. Að vísu var nokkur ágreiningur um það, hvort endurgreiða ætti allan tollinn eða aðeins að svo miklu leyti sem hann væri hærri á húsunum en hráefninu. En þá voru húsnæðisvandræði og menn vildu ýta undir byggingu húsa, en allir þeir, sem þá kunnáttu höfðu, að þeir gátu unnið að byggingu sem smiðir, gátu fengið nóg að gera við húsasmíðar. Verndartollur vegna iðnaðarmanna í þeirri iðngrein átti því engan rétt á sér þá, þó að hann ætti það áður fyrri. Alþ. kvað skýrt á um, að það vildi láta tollana falla niður með heimild í lögum. Menn á Selfossi, Akureyri og víðar höfðu flutt inn timburhús. En húsin urðu dýrari en þeir höfðu búizt við, svo að full þörf er fyrir þá að fá endurgreiðslu. Fyrrv. fjmrh. (PM) sá sér ekki fært að endurgreiða þetta, hefur enda alltaf verið á

móti þessu máli. En hæstv. núv. fjmrh. tók þessu vel í vetur, er ég spurði um þetta, og sagðist hafa þetta til athugunar og einnig með báta, sem keyptir hefðu verið til landsins, og taldi ráðh., að tekin yrði af ríkisstj. upp í 22. gr. heimild fyrir ríkisstj. að endurgreiða þennan toll. Ég hef ekki fylgzt með bátunum, en þekki vel til aðstöðu þeirra, sem lögðu í húsakaupin, og veit, að þeir eiga siðferðislega kröfu á endurgreiðslu tollsins. Ég hef flutt hér brtt. um að endurnýja heimildina, en bætt við: „ef fært þykir og ríkisstj. hefur tekjuafgang á árinu.“ En ég tel, að svo muni geta orðið. Það er víst, að tekju- og eignarskattur verður miklu hærri en áætlað er, og einhverjar tekjur koma af eignakönnuninni, þó að vitanlega verði illa haldið á því máli, og þeim hefur ekki verið ráðstafað. Og ef til vill verður því hægt að greiða þetta, þótt fjárlög séu nú með halla.

Ég er nú ekki með fleiri brtt., en ég tel, að Alþ. hafi mistekizt með þessi fjárlög í heild. Mér fannst, að þyrfti að lækka rekstrarkostnaðinn. Það verður að láta opinbera starfsmenn vinna eins og menn. Ef það væri gert, væri hægt að spara mikið í mannahaldi. Þetta átti fyrst og fremst að gera. Og Alþ. verður fyrr eða seinna að hafa mannskap í sér til að koma þessu fram, en það hefur hummað það fram af sér nú. Ég taldi þetta það fyrsta og allra fyrsta, sem spara þyrfti á fjárl. En þetta hefur mistekizt. Þessi brtt. er hæversklega orðuð, og ég vona, að menn sjái sér fært að samþ. hana. Ég veit af viðtali við hæstv. fjmrh., að hann hefur fulla löngun til að standa við gamlan vilja Alþ. í þessu máli og gera Alþ. ekki ómerkt orða sinna, sem það verður, ef tollurinn verður ekki endurgreiddur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég flyt ásamt öðrum þm. 3 brtt. við fjárl. á þskj. 582, og vil ég víkja nokkuð að þeim og fyrst að 9. brtt. á þskj. 582, um að auka styrk til leikskóla úr 25500 kr. í 36000 kr. Á fjárlögum er gert ráð fyrir framlagi til þriggja skóla, tveggja í Rvík, skóla Lárusar Pálssonar og skóla Soffíu Guðlaugsdóttur, og eins á Akureyri, skóla Jóns Norðfjörðs. Fjvn. barst svo erindi frá Ævari Kvaran um að styrkja skóla hans, sem hann stofnaði eftir heimkomu sína frá útlöndum. Í skóla þessum eru nú 18 nemendur, og mun þetta vera stærsti leikskóli í landinu, og væri því næsta óeðlilegt, að hann fengi engan styrk. Hv. fjvn. treysti sér ekki til að mæla með auknu framlagi, en ákvað að hafa upphæðina þá sömu og fela ráðh. að úthluta henni til skólanna. En ef úthluta á til skóla Ævars, hlýtur upphæðin til hinna 3 skólanna að minnka. Þetta telja þeir, sem meta starf skólanna, ekki æskilegt. Þess vegna berum við fram þessa till., að hækka styrkinn þannig, að skóli Ævars fái svipað framlag og skóli Lárusar Pálssonar, og vonumst við eftir, að Alþ. samþ. þetta, svo að ekki komi til þess, að skerða þurfi styrkinn til gömlu skólanna.

Þá flyt ég 12. brtt. á þskj. 582 ásamt 4 öðrum þm., um að endurveita þeim Gunnlaugi Blöndal og Gunnlaugi Scheving byggingarstyrk þann, sem þeim var veittur á síðustu fjárl. Hvorugur hafði hafið byggingu og þar af leiðandi ekki tekið styrkinn út, en nú er kunnugt, að Gunnlaugur Scheving hefur hafið byggingu og gert ráð fyrir, að fé væri til reiðu. Fjvn. hafði áður mælt með till. um endurveitingu, en síðar dró hún till. sína um byggingarstyrk til baka. Það er ekki sanngjarnt að fella endurveitingu til þessara manna niður, þar eð þeir hafa haft réttmæta ástæðu til að treysta þessu og hafið framkvæmdir í því trausti. Enn fremur er ég meðflm. að 13. brtt., um byggingarstyrk handa Nínu Tryggvadóttur, en með þeirri till. verður mælt af öðrum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Við þm. Eyf. bárum enga brtt. fram við 2. umr. fjárl. og ætluðum okkur ekki að gera það. Við snerum okkur beint til fjvn. um fjárbeiðnir í okkar hérað, og fengum við þar nokkra áheyrn, og er ég fjvn. þakklátur fyrir, hve mikið tillit hún tók til óska okkar, að vísu mjög hóflegra óska. En til þess, að við berum nú fram brtt. á þskj. 598, liggur alveg sérstök ástæða, og gátum við ekki rætt þetta við fjvn. En ástæðan er sú, að okkur barst beiðni þessi svo seint, að annaðhvort var að sinna henni ekki eða bera hana fram strax, en beiðnin var um 50 þús. kr. framlag til lendingarbóta í Grímsey. Það eru ekki góðar póstsamgöngur við Grímsey, og bréf oddvita hreppsnefndarinnar dagsett fyrir alllöngu síðan. Í bréfinu skýrir oddvitinn frá því, að fyrirhugað sé að gera lendingarbætur í eynni í sumar. En þetta verður erfitt fyrir Grímseyinga, þar eð Grímsey er fámennur hreppur, og er þetta tæplega hægt, nema framlag úr ríkissjóði komi á móti. Ég sneri mér nú til vitamálastjóra varðandi þetta, og barst mér nú áðan eftirfarandi bréf frá honum:

„Sem svar við fyrirspurn yðar í síma varðandi lendingarbætur í Grímsey vil ég taka fram: Grímsey á geymda fjárveitingu kr. 25000 frá 1946 og fjárveitingu frá 1947 kr. 21300, sem ég hef farið fram á, að yrði geymd. Áætlað er, að unnið verði í Grímsey í sumar fyrir 200000 kr., svo að fjárveiting í ár þyrfti að vera um 50 þús. kr., miðað við, að fjárveiting frá 1947 sé geymd.“

Samkv. þessu bréfi vitamálastjóra er farið fram á þessar 50 þús. kr., sem mundi þá vanta. En þar sem okkur er kunnugt um fjármálaástandið, berum við fram varatill. um 25 þús. kr. framlag, en gerum þá ráð fyrir að fá hitt næsta ár. Ég geri samt sem áður ráð fyrir, að við hefðum látið vera að bera fram þessa brtt. við fjárl., þótt okkur bærist þessi beiðni, ef aðrir þm. hefðu ekki farið fram á stór framlög og það þm., sem styðja hæstv. ríkisstj. Og ef eitthvað af því, er samþ., þá á þetta rétt á sér ekki síður en annað. Það er eins nauðsynlegt að gera hafnarbætur eins og að gefa út gamlar rímur eða gera við 1000 ára gamalt virki, án þess að ég sé að mæla á móti því.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég get verað fáorður um þær brtt., sem ég flyt ásamt háttv. 3. landsk. sem hefur rætt þær nokkuð. Mun ég þá fyrst ræða 1. brtt. á þskj. 582, um fjárveitingu til brúargerða á Selá í Nauteyrarhreppi og Múlaá. Brtt. varðandi Selá átti að hljóða upp á 50 þús., en hefur misprentazt 150

þús. Þetta mun vera með mestu ám á Vesturlandi, og liggja margir bæir að þessum vegi. Og auk þess styttir hann leiðina til Ísafjarðar. Óhjákvæmilegt er að brúa ána, og því fremur sem þegar hefur verið varið nokkru fé til þess. Sama máli gegnir með Múlaá, sem er á þjóðveginum út í Ögur. Höfum við því ekki talið okkur annað fært en flytja þessar brtt.

Þá er 6. brtt. á þskj. 582, um lendingarbætur í Hnífsdal, að framlagið hækki úr 50 þús. í 150 þús. kr. Ég gerði grein fyrir nauðsyn þessarar brtt. við 2. umr. Hugmyndin var að steypa kerin fyrra árið, en fylla þau upp síðara árið, en ef fjárveiting verður ekki hækkuð, er ekki hægt að fylgja þessari áætlun.

Þá flytjum við 10. brtt. á þskj. 582, um breytingu á 15. gr., um 1000 kr. framlag úr ríkissjóði til leikstarfsemi í Bolungavík gegn jafnmiklu framlagi annars staðar frá. Í fjárhagsáætlun Hólshrepps er varið 1000 kr. í því augnamiði að fá lærðan leikara til að æfa leikendur á staðnum. Áhugi á þessu sviði er mjög mikill á þessum stað, og sé ég enga ástæðu til, að þetta litla plass, sem lagt hefur nokkuð af mörkum á þessu sviði, njóti ekki nokkurs styrks til jafns við aðra staði.

Næsta brtt. er á sama þskj. nr. 18. Á fjárl. 1947 var samþ. að greiða tryggingasjóði sjómanna í Bolungavík 33 þús. kr. Þessi upphæð hefur enn ekki verið notuð, þar eð ekki hefur náðst samkomulag um fyrirkomulag sjóðsins. En nú nýlega hefur náðst samkomulag um breytingu á sjóðnum, og verða því þessir peningar notaðir. Ef þessi samþykkt hefði verið gerð ári fyrr, hefði ríkissjóður orðið að greiða þessa upphæð sem mótframlag við sjómenn. Hér er því ekki farið fram á annað en lögheimild er fyrir. Alþ. hefur fallizt á að leggja fram 33 þús. kr. sem mótframlag við sjómenn og útgerðarmenn fyrir undanfarin ár. Og þessa upphæð verður að greiða. Tryggingasjóður sjómanna í Bolungavík er eini aflatryggingarsjóðurinn á landinu. Og nú fyrst á þessu Alþ. er farið að ræða um að stofna slíkan sjóð fyrir allt landið, og fyrirmyndin er þessi litli sjóður.

Þá er smávegis brtt., að greiða Jóni Magdal, bónda í Engidal í Skutulsfirði, smávegis skaðabót fyrir 12 ára sóttkví. Hefur oft verið leitað til fjárveitingavaldsins af minni ástæðum. Hugsum okkur bónda, sem í 12 ár er bannað að selja framleiðsluvörur sínar. Og væri ekki mikið, þótt honum væri veittur 12 þús. kr. styrkur.

Þá er komið að þeirri brtt., sem við flm. leggjum mesta áherzlu á, að veita 75 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi. Fjvn. mun vera þessu máli nokkuð kunnug. Séra Jónmundur Halldórsson prestur að Stað í Grunnavík mætti í haust á fundi hjá fjmrh. og skýrði þá þetta mál. Við hv. 3. landsk. höfum nú sýnt fram á það með rökum, að þetta er svo einstakt tilvik, að ekki er hætta á, að það skapi hættulegt fordæmi, þó að þessi fjárveiting sé samþ.

Á þessum stöðum er að gerast saga, sem gerist raunar víðar, en hvergi sem þarna, að heill hreppur þurrkist svo að segja út á 4—5 árum, og hið opinbera hlýtur að láta sig það skipta, leitast við að leysa hin félagslegu vandræði, sem af þessu leiðir. Við flm. höfum haft samráð við hæstv. félmrh. og fleiri ráðh. og fundið þar skilning á málinu, og hversu fast sem á að standa saman um till. fjvn., þá vona ég, að þessi bjargráðatill. verði ekki skorin niður við það trog, sem till. einstakra þm. eru oftast nær leiddar að við afgreiðslu fjárlaga.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um till. okkar, en vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á því máli, sem ég lagði aðaláherzlu á við 2. umr., að hafnarsjóði Bolungavíkur yrði gert kleift að standa undir kostnaði þeim, sem hlauzt af skemmdunum á brimbrjótnum, og enda þótt fjvn. orði sína till. sem lán, þá þykist ég þess viss, að við nánari athugun og rannsókn þess máls muni þau atvik koma í ljós, að þetta verði greitt beint úr ríkissjóði, en ekki af fámennu hreppsfélagi, sem hefur lagt í mikinn kostnað vegna útgerðar sinnar. Ég er sem sagt þakklátur n. fyrir þetta og vænti hins sama skilnings af hennar hálfu, þegar aðstæður og atvik verða endanlega rannsökuð.

Ég vil rétt aðeins minnast á XIII. lið á þskj. 582, en ég er meðflm. að þeirri till., það er 15 þús. króna byggingarstyrkur til Ninu Tryggvadóttur listmálara. Ég er hreint hissa á því, hvernig það mál hefur snúizt. Hér á Alþ. hélt ég, að hefði verið orðið fullt samkomulag um þetta í fjvn. Þá birtist hér eitt málverk eftir listakonuna frammi í lestrarsal, en síðan er till. um byggingarstyrkinn tekin aftur og óbyrlegar blæs í málinu. Ég skal ekki leggja neinn dóm á list þessa málara, tel mig ekki fyllilega dómbæran um það, en hitt veit ég, að meðal þjóðarinnar er mikill fjöldi fólks, sem kann að meta list Ninu Tryggvadóttur, þó að hún fari nokkuð ótroðnar slóðir, og einmitt kannske vegna þess. Slíkt gerist í mörgum öðrum löndum og er síður en svo til vansa talið, að fara ekki troðnar brautir. Sumir listmálarar, sem nú ber hæst, eru ekki fjarri því að aðhyllast þá stefnu, sem hún málar eftir, það er mér óhætt að segja. Ég vona, að þm. láti nú ekki draga sig í dilk og snúist ekki gegn þessari fyrirgreiðslu af allt of litlu tilefni. Annars vil ég segja það, að það er talsvert talað um, að listamenn okkar séu nokkuð frekir til fjárins. Það er satt, að hér er töluvert fé veitt til lista, það er hróður þjóðar og þings, og hér er ekki eins mikið um hleypidóma gegn nýjum stefnum og sums staðar annars staðar. Þetta ber vott um frjálslyndi Alþingis og þjóðarinnar, því að í þessu efni býr það inni fyrir hjá þjóðinni, sem Alþ. endurspeglar með stuðningi sínum við listamennina, og því er þess að vænta, að í þessu tilfelli sem öðrum sé vel tekið hér höflegum beiðnum íslenzkra listamanna.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. við fjárlögin. Hún er prentuð á þskj. 597 og fjallar um það að hækka framlag til Skagastrandarvegar um 20 þús. kr. Þannig stendur á með þennan veg, að það er mjög mikil nauðsyn á því að ljúka honum. Þessi upphæð dugir þó ekki til, en ekki

er óhugsandi, að með lánsfé megi þá ljúka vegagerðinni. Svo er mál með vexti, að strax og eitthvað snjóar, verður ófær kafli á þessum vegi, en á þessu svæði hagar þannig til, að auðvelt er að hlaða upp veg, sem alltaf gæti verið fær. Til sönnunar því, hve mikla nauðsyn beri til að gera þetta, vil ég geta þess, að þegar síldveiðin var mest hér fyrir sunnan í vetur, hefði verið hægt að flytja síldina hindrunarlaust frá Akranesi norður á Skagaströnd, ef þessi ólagði vegarkafli hefði ekki komið í veg fyrir það, en þetta er aðeins 5—6 km langur kafli. Ég hef ekki séð mér fært að fara fram á meiri hækkun á þessu framlagi, en ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á að bæta þessari upphæð við, sem ég nefndi áðan. Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér inn í þessar umr. um fjárl. í heild sinni eða aths., sem komu fram við 2. umr., en vona, að þessi till. mín verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér finnst rétt að svara því nokkuð, sem sagt hefur verið um fram komnar brtt.

Það er þá fyrst í sambandi við flóabátana. Frsm. samvn. samgm. lýsti yfir því, að vel gæti komið til mála, að n. mæltist til þess við samgmrh., að greitt yrði eitthvað af tekjuhalla Víðis í Akranessferðum. Hér liggur fyrir rekstrarreikningur h/f Skallagríms í Borgarnesi fyrir árið 1947, og sýnir hann rúmlega 20 þús. króna tap á rekstri félagsins á því ári, vel að merkja, þegar búið er að afskrifa 153 þús. kr. og borga út 32 þús. kr. í arð, svo að fjárhagsafkoman getur talizt mjög góð. Ég hygg, að það sé engin ástæða til þess að hafa áhyggjur út af rekstri þessa flóabáts, og ef allir flóabátar væru reknir með jafnmikilli prýði, þá væri ekki erfitt að úthluta þeim styrkjum. Hér er t. d. einn liður í rekstrarreikningi h/f Skallagríms, 100 þús. króna tekjur af upp- og útskipun, en á sama tíma tapar Skipaútgerð ríkisins 400—500 þús. kr. á sama lið, og væri lærdómsríkt fyrir þá stofnun að athuga þetta og gera samanburð. Ég vildi beina því til samvn. samgm., að eðlilegast væri, að hún fengi jafnskilmerkilega reikninga frá öllum flóabátum og hér liggur fyrir um rekstur Laxfoss. Ef slíkra reikninga væri krafizt, væri ekki ólíklegt, að með þeirri reglusemi yrði eitthvað hægt að draga úr hinum mikla kostnaði við flóabátana. Ég er ekki sammála því að greiða upp tap Víðis s. l. ár, nema síður sé. Útkoman kann að verða eitthvað lakari á þessu ári en í fyrra, það sýnir sig þá bara og kemur til athugunar næsta ár. Að greina á milli útkomunnar á rekstri Laxfoss annars vegar og Víðis hins vegar er mjög erfitt, því að ferðir þeirra hanga svo saman.

Ég skal þá koma að einni till. fjvn., sem farið mun hafa fram hjá ýmsum þm. Það er brtt. við 20. gr. Út III., að liðurinn orðist svo: „Til byggingar á jörðum ríkisins 300 þús. kr., þar af 25 þús. kr. til byggingar útihúsa á Staðarfelli.“ En áætlað er, að 75 þús. þurfi til þessara útihúsabygginga. N. sá sér ekki fært að greiða þetta allt nú á þessu ári, en væntanlega næst samkomulag um þetta á næsta ári. Talið er, að jörðin kunni ella að fara í eyði, og geta allir, sem til þekkja, gert sér í hugarlund, hvaða þýðingu það hefði fyrir Staðarfellsskólann, sem fær þarna mjólk og fleira.

Í sambandi við aths. hv. þm. V-Húnv., þá viðurkenni ég það, að æskilegt væri að halda við hinu gamla merka Borgarvígi, en ég hélt að Húnvetningar væru það stærilátir og framtakssamir, að þeir leituðu ekki á náðir Alþ. í þessu efni, áður en nokkuð væri byrjað á þessu heima fyrir eða eitthvað lagt fram í því skyni. Ungmennafélög hafa nú orðið lítið meira á sinni stefnuskrá en reyna að hressa við skóga og þess háttar, og væri ekki óeðlilegt, að þau söfnuðu einhverju fé til eflingar þessu máli, það væri vel til fallið. Í því efni mætti taka Barðstrendingafélagið til fyrirmyndar, sem mun nú hafa lagt fram á milli 500 og 600 þús. kr. til framkvæmda heima í héraði. N. getur ekki verið með þessari till.

Ég kem þá að till. hv. þm. N-Ísf. og hv. 3. landsk. Ekki benda þær till. á stjórnarstuðning, því að eftir að samkomulag hafði verið gert við 2. umr. og fjvn. hafði mætt óskum þeirra um að tryggja 350 þús. króna lán vegna brimbrjótsins í Bolungavík, þá er þetta samt ekki nóg, því að nú er farið fram á nærri 300 þús. kr. aukreitis, Ég geri satt að segja ráð fyrir, að allir þm. gætu flutt engu veigaminni rök fyrir ýmsum þörfum kjördæma sinna, ef út í þá sálma væri farið. Mér sýnist þessir þm. helzt vera að gera leik að því að spilla því samkomulagi, sem gert hefur verið um afgreiðslu fjárlaganna, og vænti þess, að till. þeirra verði ekki samþ. Ég skal þó í sambandi við till. um bjargráð fyrir Sléttuhrepp og Grunnavíkurhrepp geta þess, að það mál er margrætt í fjvn., og hún hefur fulla samúð með þeim, sem þar eru, en það er hættulegt fyrir fjárveitingavaldið að fara inn á þessa braut. Hér er ekki um einstakt tilfelli að ræða, því miður, sama sagan er að gerast allt of víða. Ég veit t. d ekki betur en Auðkúluhreppur í Ísafjarðarsýslu sé að mestu kominn í eyði, og eins er að fara með Dalahrepp og ég hygg fleiri hreppa, og það er því hætt við, að ekki yrði hægt að nema staðar við þær 75 þús. kr., sem hér um ræðir, þó að þær væru greiddar. Auk þess er ekki að vita, að fé þetta kæmi að fullu gagni, eins og komið er, og n. hefur af fyrrgreindum ástæðum ekki viljað fallast á að leggja þetta til.

Í sambandi við Jón í Engidal þá er ég persónulega hlynntur þeirri fjárveitingu, en æskilegt væri að undirbúa málið þannig, að landlæknir mælt með þessu. (**HV:** Hann mælir með því.) Það vantar skýrt bréf um það. Hins vegar er ekki hægt að neita því, að ef þessi sóttkví hefur verið til að fyrirbyggja taugaveikisfaraldur, þá er það þungt á metunum, en ég fylgi ekki þessari till. núna, en það má undirbúa þetta mál síðar.

Ekki er ég sammála hv. þm. N-Ísf. um aflatryggingarsjóðinn. Menn munu ganga eftir sínum rétti, og því þarf enga heimild um þetta í fjárlögum.

Í sambandi við brtt. frá hv. 1. þm. Árn.,

um styrk til rímnafélagsskaparins til þess að gefa út rímur, þá er það að athuga, að það er einn að beztu atvinnuvegum í landinu að gefa út bækur. Íslendingar hafa keypt bækur fyrir 20 millj. kr. síðastliðið ár. Og ég veit ekki annað en útgáfa á Númarímum hafi gengið prýðilega og gefið viðkomandi aðilum mjög mikla peninga. Ég held, að það sé þess vegna ekki ástæða til þess að samþ. þessa brtt. Ég sé ekki, að ástæða sé til að bendla þessa beiðni um fjárstyrk til þessa félagsskapar við þá menningu, sem rímnakveðskapurinn hefur varðveitt á umliðnum öldum. Ég álít, að það sé allt of langt sótt til stuðnings þessu máli. Ég mun því ekki leggja til, að brtt. verði samþ.

Viðvíkjandi byggingarstyrk til Nínu Tryggvadóttur þykir mér rétt að leiðrétta þann misskilning, sem komið hefur fram, að þessi styrkur sé tekinn til baka í hegningarskyni fyrir það, að hingað hefur verið flutt mynd, sem hún hefur málað. Það er alger misskilningur, að það hafi haft nokkur áhrif á fjvn. Ef um slíkt væri að ræða, að það stafaði af því, að þessi mynd hefði verið hingað flutt í alþingishúsið, þá mætti flytja hana burt. En nú fannst mér það helzt að skilja á hv. 2. landsk. þm. (KTh), að hann vildi, að málverkið væri flutt inn í sameinað Alþ., til þess að við þm. gætum sem bezt horft á þessa fögru mynd, þegar við erum við störf þar. Ástæðan til þess, að þessi liður er dreginn til baka, er sú, að það var ekki samkomulag um hann. Og þar að auki var upplýst, að svo og svo mikill styrkur hefði verið veittur frá menntamálaráði til þessarar listakonu. Þá er og rétt að upplýsa, að það er ekki nema að nokkru leyti rétt, sem sagt hefur verið um þessa mynd. Formaður menntamálaráðs hefur tjáð mér, að það hafi ekki verið gefið fyrir myndina 9 þús. kr., eins og heyrzt hafði, heldur hafi Nínu Tryggvadóttur verið veittar 4 þús. kr., ekki sem greiðsla fyrir þessa mynd, en gegn því, að hún afhenti einhverja mynd eftir sig, og mætti hún velja hana sjálf. Hún kom svo með tvær myndir, og tók hann þá mynd, sem hann áleit, að væri heldur betri. En ég er ekki viss um, að formanni menntamálaráðs hafi fundizt jafnfagrar línur í myndinni eins og hv. 2. landsk. þm. talaði hér um í dag.

Um byggingarstyrk til Gunnlaugs Blöndals er það að segja, að hann er að vísu ekki viðkomandi þeim 80 þús. kr., sem hann hefur fengið af opinberu fé fyrir verk, sem hann ætlar að vinna fyrir ríkið. Það er ekki neinn styrkur, heldur vegna samnings fyrir ákveðið verk, sem hann á að inna af hendi. En þetta kann að hafa haft áhrif á það, að ekki var talin eins mikil þörf á byggingarstyrk nú.

Þá er hér ein brtt., sem ég vildi biðja hv. þm. að veita nokkra athygli. Það er brtt. frá hv. 1. þm. N-M. um endurgreiðslu á tolli af sænskum húsum. Mér þykir rétt að skýra gang þessa máls í fjvn. Þannig er mál með vexti, eins og hv. þm. tók fram, að heimilað var með bráðabirgðaákvæði í l., að ríkissjóði væri heimilt að endurgreiða toll af innfluttum húsum, að mig minnir sænskum, sem flutt voru inn á árinu 1946. Þegar átti að fara að endurgreiða þennan toll, kom í ljós, að nokkuð af sænsku húsunum var flutt inn 1945, en þó einnig nokkru fleiri 1947. Nú þótti rn. ekki gerlegt að endurgreiða toll af þeim húsum, sem flutt voru inn 1946, en ekki af húsum, sem flutt voru inn 1945 og 1947, því að þá kæmi fram nokkurt ranglæti í þeirri endurgreiðslu. Hins vegar mun ekki vera til heimild til þess að endurgreiða toll af öðrum húsum en þeim, sem flutt voru inn 1946. Þetta hefur verið til athugunar hjá tollstjóra, sem mælti gegn endurgreiðslu á tolli af húsum, sem flutt hefðu verið inn 1946, taldi það vera ranglæti gagnvart þeim, sem flutt hefðu inn hús 1945 og 1947 og áttu ekki sök á því, að þau voru ekki flutt inn á árinu 1946, því að það var vegna skipafélaganna, sem það var ekki hægt. Till. er um endurgreiðslu á 780 þús. kr., og er það hluti af tollinum og gert ráð fyrir að taka þá með öll árin. Á þetta hefur fjvn. ekki viljað fallast. Og mér skilst, að ríkisstj. hafi ekki viljað greiða tollinn af þeim af þeirri ástæðu, að hún telur sig ekki hafa heimild til þess samkv. l. nema aðeins fyrir þetta eina ár. — Fyrir fjvn. liggja einnig beiðnir um endurgreiðslu á tolli á innfluttum mótorbátum á þessum árum. Mun hann nema um 1 millj. kr. Fjvn. telur, að það sé naumast hægt að mæla með endurgreiðslu á tollum af timburhúsum, en neita að endurgreiða toll af bátum. Þó má segja, að þessi mál séu ekki bundin saman, en hér er um endurgreiðslu á tollum á sama tíma að ræða, og ekki verður því neitað, að sænskir bátar hafa ekki verið minni byrði á þeim, sem þá keyptu, en sænsku húsin á þeim, sem þau hafa keypt. — Í þriðja lagi liggur fyrir fjvn. beiðni frá nokkrum skipasmiðum, sem tekið höfðu að sér að byggja báta fyrir ríkisstj. á sama tíma, sem Landssmiðjan tók að sér að byggja báta fyrir ríkisstj. Landssmiðjan mun hafa tapað 250 þús. kr. á bát, alls um 1 millj. kr. Nú hafa þessir menn óskað eftir, að ríkisstj. bætti þeim upp það tap, sem þeir hafa orðið fyrir vegna þessara bátasmíða, sem mun vera um 75—100 þús. kr. á bát. Á bak við þetta liggja fastir samningar, þar sem ákveðið er, hvað smiðirnir eigi að fá fyrir smíðina. Þeir voru hins vegar svo óvarkárir að taka ekki allt nægilega fram. Þeir telja, að smíðin hafi a. m. k. orðið dýrari en gert var ráð fyrir fyrst, og hafa þeir orðið fyrir miklu tjóni. Nú voru einnig till. um að endurgreiða þessum mönnum allan þann toll af efni til þessara báta og minnka þannig tapið, en hér mun vera um 1 millj. kr. að ræða. Ef þessari beiðni væri sinnt, mundi það hafa í för með sér, að allir skipasmiðir á landinu, sem ekki hafa smíðað skip fyrir ríkisstj., mundu koma og segja: Við eigum líka kröfu á að fá endurgreiðslu á tollum á efni til báta, sem við höfum smíðað. — Ég er ákaflega hræddur um, að erfitt yrði fyrir ríkisstj. og fjvn. að draga þarna línur á milli. En ef farið yrði út á þá braut að gefa eftir þessa tolla, mundi það nema um 4—5 millj. kr. fyrir ríkissjóð. Þess vegna leggur fjvn. alveg á móti því, að endurgreidd sé tollur af þessum húsum. Ég get hins vegar lýst því yfir, að ef þessi brtt. skyldi verða samþ., um að endurgreiða toll af sænsku húsunum, þá

mun ég ekki sjá mér annað fært í fjvn. en að taka málið alveg upp að nýju og fá þá alveg sérstaka afgreiðslu um það, hvort ekki skuli lagt fyrir ríkisstj., að allur tollur af því, sem ég hef nú talið upp, verði endurgreiddur, en eins og ég sagði áðan, mundi það kosta ríkissjóð um 3—5 millj. kr. Þetta vildi ég, að hv. alþm. hefðu í huga, þegar þeir greiða atkv. um þessa brtt., sem hv. 1. þm. N-M. hefur flutt.

Hv. 1. þm. N-M (PZ) sagði hér, sem reyndar kom ekki þessu máli við, að Alþ. hefði tekizt mjög illa með afgreiðslu fjárl. Hann sagði, að það hefði ekki verið ráðizt á ýmsa eyðslu, og sérstaklega hefði ekki verið gerð tilraun til þess að fá því breytt, að menn hefðu lengri vinnudag. En í des. s. l. bar ég fram till. í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarlöggjafarinnar um, að tekið skyldi inn á frumvarpið ákvæði um, að embættismenn skyldu hafa 48 vinnustunda viku. Ég man ekki betur en einmitt þessi hv. þm. greiddi atkv. gegn þessu. En það er þá gott, ef honum hefur snúizt hugur síðan. Ég hafði líka heyrt frá hæstv. ráðh., að það hefði verið tímabært að taka þetta ákvæði inn í l. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram að gefnu tilefni.

Vegna brtt. á þskj. 582 frá hv. 4. þm. Reykv., vildi ég aðeins leyfa mér að spyrja, hvort það sé rétt stefna að leyfa hvaða einstaklingi í landinu sem er að setja upp leikskóla, ef hann á svo að eiga kröfu á þingið um fjárveitingu. Á að skilja það þannig, að hvaða maður sem er geti sett upp leikskóla, enda þótt hann hafi takmarkaða hæfileika til þess, án þess að það sé gert í samráði við ríkisstj. eða menntmrh., og geti svo síðan komið til Alþ. og sagt, að því beri skylda til þess að leggja fram fé til þessarar stofnunar? Ég er ekki á þeirri skoðun. Leikskólar í landinu eru stofnanir utan við allt skólakerfi. Fjvn. hefur ekki viljað mæla þarna sérstaklega með þessum styrk, af því að hún lítur svo á, að þessi braut sé röng. En ef hæstv. menntmrh., sem á að úthluta þessu fé, telur, að hyggilegt sé að láta það ganga til Ævars Kvarans, þá gerir hann það. Við í fjvn. vildum ekki ýta undir það, að hver maður gæti eins og honum sýndist sett upp leikskóla og komið svo og sagt: Ég á kröfu á því að fá svo og svo mikið fé, jafnvel þó að það liggi ekki fyrir, að þessi leikskóli sé betri en aðrir. — Ég hef séð þessi plögg frá leikskólum, og ég gef ekki mikið fyrir þau. Það er sagt þar, að þeir hafi haft svo og svo marga einstaklinga við nám án þess að þeir hafi greitt skólagjald, sem ég veit ekki, hvort ástæða er til á þessum tímum, að kenna þeim frítt. Og það er ekkert í þessum plöggum, sem sýni eða réttlæti, að fé verði veitt til þessara skóla. Við höfum því sett þetta þannig að hafa þetta á valdi menntmrh., sem þá á að ganga úr skugga um það eða láta fræðslumálastjóra ganga úr skugga um það, hvað sé réttast í þessu efni.

Í sambandi við brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. um veiting fjár til Grímseyjar vil ég benda á, að það var gert með fullri vitund að veita ekki fé til byggingar bryggju í Grímsey, af því að svo mikið fé er í geymslu til þessara framkvæmda eins og hann upplýsti. Þar að auki hefur vitamálastjóri ekki tekið þennan stað upp í sínar till. Það var því ekki ástæða til fyrir fjvn. að leggja til, að þetta yrði hækkað, og þá ekki sízt, þegar vitað var, að ekki var hægt að veita nægilegt fé til þeirra staða, sem áttu ekki fé í geymslu hjá ríkissjóði, eins og þarna á sér stað með Grímsey.

Út af brtt. hv. þm. A-Húnv. um Skagastrandarveginn hefur fjvn. rætt það atriði, og er henni ljós sú þörf, sem þar er um að ræða. En henni er líka fullljós sú þörf, sem er á að bæta við marga aðra vegi á landinu. Hennar úthlutun eða skipting á vegafénu er náttúrlega enginn Salómonsdómur, og er það þá á valdi hæstv. Alþ., hvort það vill breyta gerðum n. En fjvn. getur ekki á þessu stigi málsins mælt með því, að þessi brtt. verði samþ.

Ég held, að það sé ekki annað, sem komið hefur fram hér við þessar umr., sem ég þarf að minnast á að sinni.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki flutt nema eina litla brtt. við þessa umr., og það er ekki kjördæmatill., heldur hefur hún almenna þýðingu. — Það er kunnugt, að eftir 3 ár er 400 ára dánarafmæli Jóns biskups Arasonar, og hefur hans nú verið mikið minnzt í sögunni, en ekki á annan hátt. Þó hafa Skagfirðingar haft um það undirbúning um nokkur ár að reisa á Hólum minnismerki við hliðina á dómkirkjunni þar um þennan merkilega biskup, og hafa verið uppi samskot í þessu skyni. Og hygg ég, að það mál sé leyst á þann hátt, að vel megi við una og vel hæfi. En þótt það sé gott og sjálfsagt mál, þá ber Jóns Arasonar að minnast víðar en á Hólum. Hann lét lífið í Skálholti, og það vill þannig til, að Einar Jónsson myndhöggvari hefur fyrir alllöngu síðan gert uppdrátt af minnismerki um hann og dauða hans, og er þetta minnismerki þannig, að það á hvergi við að reisa honum það nema þar, sem hann dó, í Skálholti.

Ég get að vísu ekki sagt um það fyrir víst, hvað það muni kosta, en það mætti gera ráð fyrir því, að það mundi kosta svipað og Ingólfsminnismerkið á sínu tíð. Þetta er á hálfgerðu frumstigi, en listamaðurinn hefur nú búið þetta til fyrir nokkrum árum, og Einar hefur aldrei verið með áróður um sínar myndir, en ég hef talað um þetta við hann, og tók hann því vel. Hann vinnur alla sína vinnu fyrir landið hvort sem er, og mundi sennilega taka vel í það, ef þess væri beðið.

Fyrir utan það, að við séum að heiðra minningu Jóns Arasonar á þennan hátt, þá er það og vegna Skálholts og vegna þjóðarinnar í sambandi við Skálholt, sem ég flyt þessa brtt. Skálholt hefur verið annar andlegi höfuðstaður landsins í nær 7 aldir, og við þá jörð eru bundnar svo miklar minningar, að hún grípur mjög inn í sögu landsins. En það má segja, að staðurinn sé í fullkominni niðurníðslu, eins og kunnugt er. Það er ekkert heima á staðnum nema illa hirtur kirkjugarður, sem minnir á forna frægð. Á aftökustað Jóns Arasonar hefur verið reistur mjög ófullkominn minnisvarði, sem útlend kona lét gera af áhuga fyrir íslenzkri sögu. En það er ekki svo vandað, sem ekki er von,

að það sé nein sálubót fyrir Íslendinga. Mér finnst hins vegar fyrir utan það að heiðra Jón Arason, að þá sé ástæða til þess að hindra ekki nokkurn þann hlut, sem gagni í þá átt að reisa Skálholt við sem höfuðstað. Það verður ekki gert með öðru en nútíma mannvirkjum á einhvern hátt, og þetta yrði kannske eitt af því einfaldasta og listhreinasta, sem hægt er að gera.

Fyrir þá, sem ekki hafa séð myndir af þessu verki Einars Jónssonar, vil ég geta um, að það er þannig byggt, að það er altari og framan við það er höggstokkur áfastur því, ekki ákaflega áberandi. Uppi við höggstokkinn er lítil öxi, en upp af altarinu kemur fagurt sverð, þannig umbúið, að það í raun og veru táknar útgeislun frá sverðinu. Með þessu móti hefur Einar Jónsson viljað tákna þýðingu Jóns Arasonar bæði sem kirkjuhöfðingja og veraldlegs höfðingja. Sverðið og altarið voru hans valdatákn, og höggstokkurinn er svo aftur tákn um burtför hans héðan frá okkur

Ég álít, að ef þessi fjárveiting er veitt, mundi hún verða til þess að slá því föstu að gera þetta, og að ríkisstj. mundi þá semja við Einar Jónsson að öðru leyti, og hvort hægt væri að fullgera þetta 1949 eða 1950. Ef hins vegar þessi till. um fjárveitingu verður felld, þá er það tákn þess, að ástæða er til þess að segja, að þingið ætli ekki að sinna því að heiðra Skálholt og minningu Jóns Arasonar.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Við þm. Skagf. flytjum hér eina brtt. Og þar sem svo hefur atvikazt, að samþm. minn, sem er 1. flm., er lasinn, þá hef ég lofað að segja hér nokkur orð um þessa brtt. á þskj. 597, þar sem lagt er til, að til kennarabústaðar á Hólum verði veittar 50 þús. kr., og yrði það fyrsta greiðsla. Ástæðan til þess, að við flytjum þessa brtt., er sú, að á Hólum er ekki til neinn kennarabústaður. En s. l. ár var unnið við að reisa skólastjórabústað og lagt fram nokkurt fé til þess að ljúka honum. En aftur á móti hefur hvorki verið reistur bústaður fyrir kennara né ráðsmann, eins og gert hefur verið og verið er að gera á Hvanneyri. Það er þess vegna von, að kennarar á Hólum telji sig eiga við erfiðari aðstöðu að búa en þeir á Hvanneyri, og bera þeir það mjög eðlilega saman. Það er líka ekki því að neita, að það er ekki á neinn hátt sambærilegt, og auk þess koma þar til greina sérstakar ástæður, sem gera það að verkum, að þetta er nauðsynlegt fyrir þá á Hólum. Það hefur og verið mjög lagt að okkur þm. kjördæmisins að fá þann mikla mun jafnaðan, sem nú virðist vera um þessa tvo skóla, þar sem undanfarið hefur verið varið allmiklu fé til framkvæmda á Hvanneyri umfram það, sem skólanum á Hólum hefur verið veitt. Og kemur slíkt til með að hafa áhrif á aðsókn að skólunum, þegar svo hefur verið misskipt milli þessara tveggja skóla, sem eiga að vinna sams konar starf, að undirbúa bændaefnin undir sitt lífsstarf. Og fyrir þær sakir höfum við flutt þessa brtt., enda þótt okkur sé ljóst, að þetta sé ekki hentugur tími og litlar eða kannske engar líkur til þess, að brtt. verði samþ. En við viljum þó engu að síður sýna fulla viðleitni í þá átt, og þótt ýmsar ástæður verði þess valdandi nú, að hún verði ekki samþ., þá viljum við láta það alveg sérstaklega koma fram, að við getum ekki sætt okkur við, að ríkissjóður taki aðallega annan bændaskólanna upp á arma sína, en láti hinn sitja á hakanum til lengdar. Ég hygg, að á tveimur árum sé komið á aðra millj. kr. til Hvanneyrarskólans til margvíslegra umbóta, ef allt er talið.

Við sendum beiðni til hv. fjvn. um, að hún sinnti þessu máli. Ég ætla ekki að ásaka hv. fjvn. Ég veit ekki um örðuga aðstöðu hennar, ekki sízt til slíkra mála sem þessa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það mun vera eftir að útbýta brtt. hér, sem e. t. v. má þó tala fyrir. Ég er meðflm. að nokkrum brtt. Èg geri brtt. við brtt. á þskj. nr. 582, XI, en minni brtt. hefur ekki verið útbýtt enn. Sú brtt., sem hv. þm. S-Þ. var að mæla hér fyrir áðan, á þskj. 582, er um minnismerki Jóns Arasonar. Ég álít þá brtt. mjög vel til fallna, sem hv. þm. S-Þ. hefur flutt, og að það sé að öllu leyti viðeigandi, að Alþ. hugsi til þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að minnast 400 ára ártíðar Jóns Arasonar og sona hans. En ég hef hugsað mér, að e. t. v. væri réttara að hafa nokkuð annan hátt á þessu. Brtt. mín er á þá leið, að brtt. orðist svo, að varið verði 15 þús. kr. til þess að undirbúa minnismerki um Jón biskup Arason og syni hans, er reist verði í Skálholti fyrir árið 1950, og verði látin fara fram samkeppni um hugmyndina milli íslenzkra myndhöggvara, en dómnefnd skipuð af menntmrh. dæmi um, hver tekin sé. Èg veit að vísu, að það minnismerki, sem hv. þm. S-Þ. var að lýsa hér, að Einar Jónsson fyrir löngu hefur gert hugmynd að, mun vera fagurt. Það er fyrst og fremst symbólskt líkneski, sem þarna er um að ræða, og, að mér virðist, fyrst og fremst miðað við trúarhetju, sem látið hafi líf sitt. En ég álít, að það, sem Íslendingar eigi fyrst og fremst að minnast í sambandi við Jón Arason og syni hans, sé, að þeir voru föðurlandsvinir og að minnismerki í Skálholti um þá eigi að standa í sambandi við það, og eigi ekki eingöngu að minna á aftöku Jóns Arasonar, heldur sona hans líka, og að það eigi að gera það minnismerki þannig úr garði, að fólk skilji slíkt minnismerki vel. En það vill oft vanta á, þegar um minnismerki er að ræða. — Èg vona, að a. m. k. önnur þessara brtt. verði samþ. Það er að öllu leyti viðeigandi, að slíkt sé gert.

Èg flyt ekki fleiri brtt. við þessa 3. umr. fjárl. Það er ekki vegna þess, að ég sé svo ánægður með afgreiðslu frv., að mér finnist ekki ástæða til þess. Èg ræddi hér við 2. umr. fjárl. allýtarlega um mína skoðun á því, hvernig hefði átt að afgr. fjárl. Og það er auðséð á þeirri aðferð, sem hv. meiri hl. fjvn. hefur á afgreiðslu frv., að það er hv. fjvn. eða hæstv. ríkisstj. að kenna, að ekki fæst, að fjárlagafrv. verði afgr. svo, að vansalaust sé af Alþ. Alþ. hafði sjálft ákveðið að afgr. fjárl. fyrir árið 1948 með öðrum hætti en nú er stefnt að, með tilliti til yfirlýsingar fjárhagsráðs og þeirra áætlana, sem það átti að semja. Það hlýtur að vera hlutverk

Alþ. að láta fara fram umr. um þær áætlanir, svo framarlega að Alþ. ætlaði að taka ábyrgðina á sig um það, hvernig landinu verður stjórnað í ár. Það uppkast að hinum ófullkomnu og illa gerðu áætlunum, sem fyrir lágu við 2. umr. fjárlagafrv., var almennt ekki rætt hér í þinginu. Alþ. hafði tækifæri þar til þess að láta í ljós skoðanir sínar á þessum málum og líka fordæmingu sína á því, hve hraksmánarlega var gengið frá þessum málum. En þetta var ekki gert. Það var ekkert gert til þess að laga þetta á nokkurn hátt. Og þó átti með þessum ráðstöfunum að leggja grundvöll að öruggara og fullkomnara atvinnulífi í landinu en gert hafði verið áður. En ekkert af þessu var gert. Það eina þess vegna, sem gerzt hefur í þessu, er, að Alþ. hefur með þeim l., sem það setti um fjárhagsráð, skapað skrifstofubákn, sem einvörðungu íþyngir landsmönnum, en ekkert jákvætt hefur gert til þess að létta lífsbaráttuna fyrir þeim. Alþ. hafði tækifæri til þess að láta í ljós sína skoðun á þessu og taka í taumana. Ekkert af þessu hefur verið gert. Ég ætla ekki að fara að halda neina langa ræðu um þetta aftur, hve gersamlega ófullnægjandi er að ganga frá þessu máli á þennan hátt. Ég tala nú ekki um, þegar þar að auki kemur sú yfirlýsing hv. þm. Ísaf., að of lítið sé til af peningum sem erlendum gjaldeyri, og svo lítur út sem hæstv. ríkisstj. hafi ekki hugmynd um, í hvað hún á að eyða peningum, þegar hún skipar stofnanir, sem hindra menn frá því að vinna og starfa í landinu. — Ég vildi aðeins láta þessa skoðun koma í ljós aftur, vegna þess að ég er mjög óánægður með þá afgreiðslu, sem hefur átt sér stað hér á þessu máli, þó að ég muni ekki gera till. aftur til að bæta þar úr. Það er auðséð, hvert stefnir í þessum efnum, að það á að reyna að brjóta vald Alþ. niður og ræna því valdi frá Alþ., sem það hefur haft, og fá það í hendur lítilli embættismannaklíku hér í Rvík, sem sölsar undir sig öll völd yfir athafnalífi og verzlunarlífi landsmanna. Þetta veit ég, að meiri hl. hv. alþm. er ljóst, þeim hluta hv. þm., sem styðja hæstv. ríkisstj. En vegna þess, sem ég sagði við 2. umr. um þetta mál, þá vildi ég láta þá skoðun mína í ljós, að ég álít, að það hefði átt að taka þessi atriði til alvarlegrar umr. við 2. umr. fjárl., en það hefur ekki verið gert.

Hvað snertir hins vegar þá hlið, sem snýr að fjárframlögum ríkisins, þá hefur ýmislegt verið lagfært þar með þeim brtt., sem fram hafa komið líka frá hv. fjvn. Ýmislegt af þeim brtt., sem einstakir hv. þm. bera fram, miðar líka í sömu átt. Og vil ég vonast til þess, að þær lagfæringar, sem þar eru fram komnar till. um, verði samþ., því að með því yrði ofurlítið bætt úr misrétti á ýmsum sviðum. En það lagar ekki allt, sem aflaga fer um heildarafgreiðslu fjárl., sem ég er hræddur um, að verði þjóðinni mjög dýrkeypt, þegar kemur fram á þetta ár.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að benda hv. frsm. á það, að mér virðist koma fram hjá honum mjög mikill misskilningur á minni brtt. Hann var að telja upp þær afleiðingar, sem hann taldi, að mundu verða af því, ef mín brtt. væri samþ. Ég vil benda honum á, að þau sænsku hús, sem komu inn á árinu 1945, eru flutt inn af mönnum, sem gerðu ráð fyrir því að fá tollinn ekki endurgreiddan. Það er fyrst eftir að búið er að samþ. bráðabirgðaákvæði l., sem um tollinn fjalla, sem það er í raun og veru búið að gera samning — óbreyttan samning við þá menn, sem vilja flytja inn þessi hús á árinu 1946, samning um að fá tollinn endurgreiddan. Og það, sem mér finnst fyrst og fremst skipta máli í þessu, er, hvort Alþ. rennur frá sínum gerðum í þessu efni. — Og á sama hátt er svo hitt, að ég vil ekki láta Alþ. renna frá samningum sínum gagnvart þeim mönnum, sem hér hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð. Þeir eru smíðaðir eftir ákveðnum samningi. Og þó að menn kæmu svo á eftir og segðu: Hagurinn er óhagstæður og menn tapa á smíði bátanna, — þá er það annað mál og kemur ekki hinu við, sem er gerðir samningar um eftirgjöf tollsins af húsunum. Spurningin er því, hvort Alþ. vill standa við það, sem það hefur gefið mönnum vilyrði fyrir, að þeir mundu fá. Ég skal ekki bera á móti því, að þeir, sem hafa flutt inn báta, hefðu gott af því að fá gefinn eftir af þeim toll, og að svipað geti staðið á um þá að því leyti eins og innflytjendur sænsku húsanna. En þeir, sem bátana hafa flutt inn, hafa aldrei getað flutt þá inn með þeirri vissu, að Alþ. væri búið að lofa með lögum, að tollur af bátunum yrði eftir gefinn. Þar er munurinn. Það hafði ekkert vilyrði verið gefið fyrir því, að gefinn yrði eftir tollur af sænsku bátunum, sem hins vegar átti sér stað gagnvart sænsku timburhúsunum. Þegar flutt voru inn sænsk timburhús árið 1946, þá gerðu menn það með þeirri vissu, að tollur mundi verða gefinn eftir af þeim. Og til þess að gera ekki Alþ. ómerkt að orðum sínum, er það sem ég flyt þessa brtt.

En ég vil benda á önnur atriði í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hér er gengið inn á dálítið nýjar brautir og sumar mjög varhugaverðar, og ég vona, að hæstv. ráðh. framkvæmi þær ekki. Þar á meðal vil ég nefna, að það er heimiluð há fjárveiting í veg á Reykjanesi, mig minnir 200 þús. kr., sem á að liggja samhliða öðrum ágætum vegi, einum af beztu vegum, sem gerðir hafa verið hér á landi. Þessi vegur er ekki á vegalögum. Nú á að leggja fé þannig í, og það sparast vegalengd um h. u. b. 5 km leið við að leggja fé í þennan veg, sem er ekki á vegalögum og ber ekki að leggja fé frá ríkinu í á þenna hátt, eftir öllum venjum og landslögum. Og þessa heimild á að veita á sama tíma, sem Patreksfirðingar líða skort af því, að þá vantar mjólk vegna vegaleysis. — Þetta er ekki alveg nýtt hér hjá okkur. Því að í fyrra fékkst ekki að láta gera þjóðveg frá Gemlufalli og niður að sjónum. Vegurinn á þessum kafla var samt sem áður byggður fyrir ríkisfé, en hann er ekki enn í þjóðvegatölu í vegal. En ríkissjóður er búinn að byggja hann. Ég álít varhugaverða leið að byggja vegi fyrir ríkisfé, sem eru ekki á vegal., og sérstaklega ef þeir liggja þannig, að allur almenningur telur enga þörf á að byggja þá. Og ég treysti því, að hæstv.

fjmrh. noti ekki þessa heimild, þó að hún verði samþ. Vona hann hafi vit fyrir Alþingi.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við brtt. frá báðum hv. þm. Skagf. vildi ég aðeins geta þess, að þetta mál var rætt, og ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Fjvn. hefur ekki séð sér fært að mæla með því á þessu stigi málsins og sér sér ekki fært að leggja til, að brtt. verði samþ.

Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. um fjárhagsráð þykir mér rétt að taka fram, að í fjárlögum eru teknar upp af fjvn. aðeins 2 millj. kr. til þess að standast allan þann kostnað, sem er í sambandi við verðlagseftirlitið yfirleitt. Og þetta er sem svarar líklega upp undir 1½ millj. minna en upplýst er, að fyrirtækið muni kosta. Og það hefur af hæstv. ríkisstj. verið óskað eftir, að það yrði tekið til athugunar, hvort ekki væri hægt að taka inn hærri upphæð til þess, og hins vegar óskað, að athugað yrði, hvort ekki væri hægt að samþ. tekjuliði á móti á fjárl. En fjvn. hefur ekki getað fallizt á að taka þarna inn hærri útgjaldalið. Og ég undirstrika það, að fjvn. lítur svo á, að það ætti að draga saman þennan gífurlega kostnað. Og það er bezt undirstrikað með því, að fjvn. vill ekki leggja til hærri upphæð í þessu skyni. Mér þykir rétt að láta þetta koma hér fram vegna orða hv. 2. þm. Reykv. Í þessu felst alls ekki skoðun fjvn. eða fjvnm. á fjárhagsráði og störfum þess. Og ég vil ekki heldur blanda hér inn í minni persónulegu skoðun um málið, þegar ég mæli hér sem form. og frsm. fjvn. En ég tek enn fram, að það er von og ósk fjvn., að vegna þessa kostnaðar þurfi ekki að vera sérstakar fjárgreiðslur úr ríkissjóði á annan hátt en þann, sem ákveðið er um í l., að stofnunin geti haft nógar tekjur af þeim leyfum, sem hún gefur út.

Í sambandi við ræðu hv. 1. þm. N-M. vil ég taka fram, að það kom nú ekkert nýtt fram í ræðunni. Ég er búinn að heyra þetta bergmál gegnum mörg þing. Það eru alltaf sömu hlunnindin, sem þessi hv. þm. vill fá fram fyrir einstaka menn, án þess að tala um, hvort eigi að taka með aðra menn, sem stendur eins á um. Ég lít svo á, að þarna sé ekki um loforð að ræða frá hæstv. Alþ. gagnvart innkaupum á sænskum húsum, sem þessi hv. þm. talar svo oft um. Þetta var heimilað, að endurgreiða toll af þessum timburhúsum, en það var alveg lagt í hendur ríkisstj., hvort hún notaði þessa heimild. Og þessi hv. þm. veit vel, að þó að Alþ. heimili ríkisstj. eitthvað, þá er ríkisstj. ekki bundin við það sem lög. Og það var af því, að ríkisstj. hafði meiri réttlætistilfinningu í sambandi við þetta mál en hv. 1. þm. N-M., að hún notaði ekki þessa heimild.

Viðvíkjandi vegarkaflanum, sem hv. 1. þm. N-M. talaði um, vil ég benda hv. þm. á, að þegar vegalögin voru hér til umr. síðast, þá kom fram brtt., sem borin var fram um Gemlufallsveg. Og það þótti þá ekki fýsilegt að samþ. brtt. um Gemlufallsveg niður að sjónum eða veg til Sandgerðis, af því að ef það hefði verið gert, þá hefði frv. um breyt. á vegal. orðið að fara á milli deilda. Og alveg sérstaklega þótti þá varhugavert að breyta því frv. vegna þess, að búið var að fá samkomulag samgmn. um það og þm. yfirleitt, sem hafði verið leitað samkomulags við, um afgreiðslu á breyt. á vegal., eins og það frv. stóð á því stigi, þegar þessar till. voru felldar. Og hv. 1. þm. N-M. er kunnugt um, að þegar búið er að gera slíkt samkomulag, er erfitt að taka inn og samþ. þær brtt., sem raska öllu samkomulaginu. — En ástæðan til þess, að þessi vegur til Sandgerðis var tekinn upp á heimildargr., er sú, að vegamálastjóri og hæstv. samgmrh. lögðu mjög eindregið með því, vegna þess að ef þessi vegur verður ekki gerður, kemur áreiðanlega krafa frá Sandgerði um að bæta mjög höfnina þar. En fái þeir þennan veg til Sandgerðis, þá geta íbúarnir þar sætt sig við að flytja þungavöru til sín frá landshöfninni í Njarðvíkum, sem þá hefði tekjur af því, að vörunni væri skipað þar upp. — Vegamálastjóri og hæstv. samgmrh. vildu, að þetta framlag yrði sett inn á 13. gr., sem fjvn. vildi ekki gera, til þess m. a. að íþyngja ekki þeim öðrum vegum, sem átti að leggja fé til á 13. gr. En þessi rök viðkomandi Sandgerðishöfn og flutningum á þungavörunni frá landshöfninni, sem Sandgerðingar mundu sætta sig við, ef þeir fengju þennan veg, — þessi rök lágu fyrir fjvn. Hv. 1. þm. N-M. getur svo metið þau á sinn mælikvarða. Aðrir meta þau frá sínu sjónarmiði, og á því verður alltaf mismunandi mat, eftir því sem menn eru gerðir. En mér þótti rétt að skýra frá, að svona er það til komið, að þessi upphæð er á 22. gr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 606, III, um að ríkisstj. verði heimilað „að kaupa jarðirnar Gesthús og Bakkakot á Álftanesi til handa jarðakaupasjóði, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála, enda greiði sjóðurinn andvirði jarðanna.“ Ástæðan fyrir því, að ég ber þessa brtt. fram, er sú, að það er nokkur ágreiningur þarna á milli ábúandans á Gesthúsum og ríkisins út af því, að honum var fyrir nokkrum árum meinað að taka sand í fjörunni hjá sér, sem hefur verið allmikill tekjuliður hjá honum á undanförnum árum. Þessi sandtaka var felld niður, og það var gert í því skyni að verja ströndina skemmdum af sjávargangi. Nú líta margir svo á, að þessi sandtaka, sem var niður undir fjöruborði, hafi ekki nein áhrif á landbrotið, sem hefur haldið áfram jafnt og þétt, þrátt fyrir þetta bann. Og það hafa staðið um tíma málaferli á hendur ríkinu út af þessu, sem ég skal ekki segja um, hvernig lýkur. En ég vil gjarnan ekki liggja undir málaferlum út af þessu. Og á síðasta ári var varið allmiklu fé til þess að verja þetta svæði á Álftanesi vestanverðu fyrir landbroti af sjávargangi. En það er talið, að allt Álftanesið sé í hættu af því landbroti, sem hefur verið þarna undanfarið og heldur áfram. En það er einmitt á þessum jörðum, sem hér er um að ræða í brtt., sem aðallandvarnargarðarnir yrðu gerðir til varnar fyrir landbrotinu, og þætti mér miklu hentara, að ríkið réði alveg yfir þeim jörðum, þar sem

landvarnargarðarnir yrðu lagðir, og þyrfti ekki við aðra en sjálft sig að semja um landvarnirnar, sem þarna yrðu gerðar. Af þessum ástæðum vildi ég óska eftir heimild til þess að yfirtaka þessar jarðir fyrir ríkið, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.

Þá vil ég leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1948, með því að ekki mun verða reynt héðan af að láta prenta þær. Þannig er mál vaxið, að nú í dag kom, ásamt hv. þm. Siglf., maður að máli við mig, sem staddur er hér, frá bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, og fóru þeir fram á, að aflað væri heimildar í sambandi við fjárl., ábyrgðarheimildar fyrir Siglufjarðarkaupstað til þess að bæta við Skeiðsfossrafvirkjunina síðari vélasamstæðu Fljótaárorkuversins. En eins og vitað er, hefur þessi rafveita starfað um skeið með hálfum afköstum á móts við það, sem talið er, að hún geti afkastað, af þeirri ástæðu, að ekki hefur enn tekizt að koma upp hinni síðari vélasamstæðu orkuversins. Þessi virkjun varð alldýr og hefur átt örðugt með að standa undir rekstri sínum, og hefur ríkið orðið að taka að sér greiðslu á vöxtum og afborgunum lána í þessu efni. Og það eru ekki líkur til annars en að þetta haldi áfram um skeið, ef ekki er hægt að fullnota virkjunina. En það þykir öruggt, að ef hægt væri að ná úr virkjuninni því afli, sem aðstæður leyfa, þá mundi þetta vera fjárhagslega öruggt fyrirtæki, sem mundi geta staðið undir öllum sínum skuldbindingum og greiðslum, og er það skiljanlegt, þar sem talið er, að ekki þurfi nema 3 til 4 millj. kr. til þess að tvöfalda þau afköst, sem nú eru fyrir hendi hjá orkuverinu og kostað hafa bæjarfélagið og ríkissjóð í ábyrgðum upp undir 14 millj. kr. — Mér þykir leitt, að þetta mál skyldi koma svo seint, að ekki skyldi vera hægt að ræða það við fjvn. En mér skilst, að hún hafi lokið störfum og því af eðlilegum ástæðum ekki unnt að ná til eyrna hennar. En ég tel þetta svo mikið nauðsynjamál fyrir Siglufjarðarbæ og fyrir ríkið í heild að geta fullgert þetta mannvirki, til þess að koma því í rekstrarhæft stand og fjárhagslega sjálfstæða aðstöðu, að ég hef tekið að mér í samráði við meðráðh. mína að gerast flm. að þessari heimildartill., og vænti ég, að hv. alþm. líti svipað á þetta mál eins og ég. Það fylgdu hér með nokkrar skýringar á þessu máli, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér sérstaklega, af því að ég hef tekið hér fram aðalatriði málsins. Hér er hægt með tiltölulega lítilli viðbót að tvöfalda afköst og tekjur þessarar virkjunar og þar með gera bæði Siglufjarðarbæ og ríkinu, sem er hér í ábyrgð, léttara undir fæti um að láta fyrirtækið borga sig niður. Ég leyfi mér, í áframhaldi af þessu, að leggja hér fram fyrir hæstv. forseta brtt. við fjárlagafrv., 22. gr., um að aftan við XXIII. lið komi nýr liður, er verði XXIV. liður, svo hljóðandi: „Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað lán, allt að 2 millj. króna, þó ekki yfir 85% stofnkostnaðar, til þess að standast kostnað við kaup og uppsetningu á seinni vélasamstæðu Fljótaárorkuversins og til þess að ljúka við orkuverið og innanbæjarveitu á Siglufirði, enda samþykkir Alþingi jafnframt, að þessa stækkun raforkuvers Siglufjarðarkaupstaðar megi framkvæma."

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt brtt. frá hæstv. atvmrh., sem hann hefur nú þegar lýst. Hún er skrifl. og of seint fram komin. Vantar því afbrigði fyrir henni og tveimur öðrum þskj. hér. En með því að vænzt er einnar brtt. enn, ætla ég að fresta því að leita afbrigða.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Brtt. á þskj. nr. 608, III er flutt af hæstv. menntmrh. Hann er hér ekki viðstaddur, svo að ég ætla að fara örfáum orðum um þessa brtt. Í þessari brtt. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík. Þetta mál er ekki nýtt á Alþ. Það var rætt fyrir einu og hálfu ári. Og þá varð það niðurstaðan, að leigð var handa rektor Menntaskólans í Reykjavík íbúð í bænum til tveggja ára. En sá leigumáli er út runninn á árinu 1949, og því er till. um þessa heimild fram borin, til þess að ef ekki verður hægt að semja lengur um þessa íbúð rektorsins, þá sé til heimild handa ríkisstj. til þess að kaupa íbúð handa rektornum. Þessi brtt. var samþ. í fjvn. í morgun, en af einhverjum ástæðum kom hún ekki fram hjá hv. frsm. í ræðu hans. En þessi brtt. er fullkomlega nauðsynleg og verð þess að fá samþykki þingsins.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og hér hefur verið áður að vikið í upphafi þessarar umr., er útlit fyrir, að töluverður halli verði á fjárlagafrv. á rekstri þess, jafnvel þó að ekki væri annað samþ. en það, sem hv. fjvn. hefur lagt til, sem ég vona, að verði ekki. Ég hef, eins og ég áður minntist á, verið að athuga leiðir til þess að mæta, ef unnt væri, þessum halla við afgreiðslu þessa máls. Hitt er viðfangsefni, sem erfiðara er og þyrfti stærri aðgerða, að gera till. um tekjuöflun til að mæta þeim halla, sem verður á sjóðsyfirliti. En hvað það atriði snertir, hefur nú vist oftar verið frekar látið undan fallast að mæta þeim halla en rekstrarhallanum. Í sambandi við þetta hef ég ákveðið að bera fram brtt., sem ég, vegna þess hve áliðið er, verð að láta mér nægja að leggja fram skrifl. Það er brtt. við tekjuhlið frv., og þá fyrst við 2. gr. 6, um það, að gjald af innlendum tollvörutegundum hækki í frv. þannig, að fyrir 2 millj. kr. komi 3 millj. kr., og við 3. gr. A, um að áætlunin um áfengistekjur verði hækkuð um 4 millj. kr. Ég hef í sambandi við fyrri liðinn lagt fram við frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga í Ed. brtt., er hnígur í þá átt að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum um 50% af því, sem nú er, þ. e. a. s., það er sú rauverulega hækkun. — Ég skal ekki fjölyrða hér um þetta mál. Ég rökstuddi það mál í hv. Ed. og mun enn rökstyðja það, þegar það kemur til hv. Nd. Hér er aðeins um það að ræða að gera breyt. til þess að mæta væntanlegum rekstrarhalla á þessu fjárlagafrv.

Þá vil ég einnig skýra frá því, að sú nefnd til þess að athuga ríkisrekstur og gera till. um

sparnað á honum, sem ég skipaði á síðast liðnu ári, hefur unnið margt nýtt starf og þar á meðal samið lagafrv. um sérstakt eftirlit með ríkisstofnunum af hálfu ráðuneytisins til þess að draga úr kostnaði við hinn opinbera rekstur. Það er svo, eins og vitað er, að hinn opinberi rekstur er víða niður kominn. Og það er mikið verk og þarf alveg sérstakan mann og hann vel hæfan til þess að líta þar svo eftir, að að gagni komi. Þetta uppkast að frv., sem er um það bil samið frv., mundi sem l. vera þess eðlis, að ég geri ráð fyrir að frv. að þeim lagabálki mundi taka nokkuð mikið af tíma þingsins til umræðu. Og þykir því af þeim ástæðum og fleirum ekki fært að leggja frv. til þeirra l. fyrir þetta Alþ. En til bráðabirgða eru margir mér sammála um það, að einhvers staðar á einum stað þurfi að vera nokkur hemill á því, hvort eða hve mikið fjölga skuli starfsmönnum í ríkisstofnunum. Og það yrði þá að vera í fjmrn., því að hingað til hefur það gengið svo, að fjmrn. veit ekkert eða lítið um breytingar á slíku í ríkisstofnunum, fyrr en komið er með kröfur um greiðslur á þessu eða hinu í þessum efnum. En það, sem ég skoða sem bráðabirgðaákvæði þangað til heildarlöggjöfin yrði sett um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur — og með þeirri löggjöf er til ætlazt, að þessu yrði komið fyrir á annan hátt — er þessi brtt., sem ég hér leyfi mér að leggja fram (þskj. 614, IV), líka skrifl., við 22. gr. Og er hún sem sagt bráðabirgðatilraun til þess að veita nokkurt viðnám í þessu efni, þangað til ráðrúm gefst til þess fyrir hæstv. Alþ. að setja þessu fastari skorður og öruggara form.

Forseti (JPálm): Mér hafa borizt hér tvær brtt. frá hæstv. fjmrh., sem hann nú þegar hefur lýst. Þær eru báðar skrifl., og þarf því tvöföld afbrigði fyrir þeim. Nú vildi ég reyna að freista þess að fá afbrigði fyrir þessum brtt. öllum, sem komnar eru, því að þessar brtt. hæstv. ráðh. eru væntanlega þær síðustu, sem koma fram við frv. Skrifl. brtt. frá hæstv. fjmrh., sem hann síðar gerði grein fyrir, hljóðar svo: „Við 22. gr. XXIV. Nýr liður: Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur."

Mér hefur borizt hér skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. N-M., svo hljóðandi: „Við brtt. 582, XVI. (22. gr. XIV. Nýr liður). Á eftir orðunum „nr. 44 frá 1946" bætist: svo og sams konar húsum, pöntuðum 1946 og komnum til landsins á árinu 1947."

Auk þessa er svo brtt. hæstv. atvmrh., sem áður hefur verið lýst, og loks brtt. á þskj. 606 og 608, sem útbýtt var á þessum fundi.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Út af till. frá hæstv. fjmrh. vil ég leyfa mér að lýsa því yfir, að ég tel, að n. muni sætta sig við þá hækkun, sem hann ber fram við 2. gr., þ. e. að fyrir 2 millj. komi 3 millj., m. a. með tilvísun til þess frv., sem liggur fyrir í Ed., og tel ég, að það þurfi ekki að bera það undir n. sérstaklega. Ég tel einnig, að n. muni sætta sig við hækkun, 4 millj., í sambandi við Áfengisverzlunina, þótt ég viti, að þeir menn eru til í fjvn., sem hefðu ekki óskað, að þessi liður væri hækkaður. — Aftur á móti í sambandi við skriflega till. frá hæstv. landbrh., þá vil ég lýsa því yfir, að mig undrar meðferð þessa máls. Hér er komið á síðustu stundu og beðið um heimild fyrir ríkisstj. til að veita ábyrgð fyrir 2 millj. kr. láni fyrir fyrirtæki, sem lengstan tíma hefur tekið að ræða á undanförnum þingum. Vitanlega hefði átt að biðja um þetta í þáltill. Ég treysti mér því ekki til að mæla með þessu, hvorki fyrir hönd n. né persónulega. Hins vegar vildi ég óska eftir því, ef þessi heimild væri gefin, að sú rannsókn, sem einu sinni var ákveðin um þetta mál, færi fram og niðurstöðurnar birtar fyrir Alþ., svo að ljóst væri, hvernig stendur með þau mál.

Í sambandi við till. frá hæstv. landbrh. um kaup á tveim jörðum vil ég segja það, að þetta hefur verið rætt í fjvn. og ekki fengið þar fylgi, og það er m. a. vegna þess, að á s. l. ári var samþ. að greiða 60 þús. kr. úr ríkissjóði í landvarnargarð á þessu svæði til þess að verja gegn landbroti, en ekki var krafizt jafnmikils framlags frá hreppnum, og var það samningsatriði, að þetta skyldi bætt fyrir það, að hreppurinn hefði misst tekjur við það, að settur var forsetabústaður í hreppnum og þeir þóttust missa nokkur útsvör við það. Þetta var deiluatriði í n. og náði því ekki fram að ganga.

Að síðustu vil ég tala um eina till. frá hæstv. menntmrh. og alveg sérstaklega minnast á þau orð, sem féllu hjá hv. 1. þm. Rang., sem ég hefði óskað að hann hefði ekki látið falla á þessari stundu. Hæstv. menntmrh. bar þetta erindi fram við n., og n. hafði rætt málið, og hæstv. menntmrh. er að sjálfsögðu frjáls um það, hvaða till. hann síðan ber fram á þingi, og líka sjálfráður um það, hvaða menn hann fær til þess að koma þeim fram, þegar hann getur ekki mætt hér. — En ég mótmæli því, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Rang., að mér hefði borið skylda til þess að láta setja þessa till. út og prenta hana. Hann sagði, að till. hefði verið samþ. í n., en ég sem form. n. hefði ekki látið till. koma fram. Skal ég þá skýra þetta mál. Till. var samþ. með meiri hl. í n. í morgun, en ég vil benda hv. 1. þm. Rang. á annað, sem getur kastað nokkru ljósi yfir afgreiðslu fjárl. [frh.].

Forseti (JPálm): Ég vil biðja hv. frsm. að gera hlé á ræðu sinni meðan ég leita afbrigða um brtt. þær, sem áður er getið, sem sé brtt. 606 og 608, en þeim var úthýtt nú á fundinum, og skrifl. brtt. frá atvmrh., fjmrh. og 1. þm. N-M., sem allar verða prentaðar með þskjnr. 614. — Ég mun leita afbrigða um allar þessar brtt. í einu lagi.

ATKVGR.

Afbrigði um framangreindar brtt. leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enn fremur voru þau afbrigði frá þingsköpum, að slíta umr. um brtt., en fresta útvarpsumr. um frv., leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson) [frh.]: Ég var að skýra frá því, að þegar þann vanda bar að höndum í fjvn., að erfitt mundi að afgr. fjárl. nema með stórkostlega hækkandi útgjöldum, þá tók sá hluti fjvn., sem fylgir ríkisstj., sig saman um það að reyna að hafa fulla samvinnu við ríkisstj. um að halda útgjöldum eins mikið niðri og unnt væri og batzt samtökum um, að engar till. yrðu samþ. í fjvn., sem hefðu veruleg útgjöld í för með sér, sem ekki stæðu a. m. k. 5 stjórnarstuðningsmenn að í fjvn. Þegar þessi till. kemur hér, sem getur kostað ríkissjóð 250—350 þús. kr., þá er þetta samkomulag rofið. Það stendur ekki að þessari till. í fjvn. meiri hl. þeirra manna, sem styðja ríkisstj. — Ég vil benda á það, hvernig þessi fjárl. litu út, ef þessu hefði verið haldið í gegnum alla afgreiðslu fjárl. Það var vitanlegt, að stjórnarandstaðan stæði með öllum útgjaldatill., frá hverjum sem þær hefðu komið, og ef sjálfstæðismenn, sem eru 4 í n., hefðu viljað notfæra sér þetta, þá gátu þeir fengið stórkostlega hækkun á fjárl. sér til hagsbóta. Þess vegna harma ég það, að hv. 1. þm. Rang. skuli bera hér inn á síðustu stundu till. og lætur lita svo út sem ég hafi brugðizt skyldu minni um að bera fram till., sem ég var í andstöðu við, og þar af leiðandi gat till. ekki komið frá fjvn. óskiptri, hún hlaut þá að koma frá meiri hl. fjvn., en ég var ekki í þeim meiri hl., og hann átti þá að sjá um, að þessi till. kæmi þannig fram, en ekki ég.

Þetta samkomulag hefur verið haldið, en er nú brotið á síðustu stund af framsóknarfulltrúunum, og má þá sjá, hvernig þessi mál líta út, ef þeir fengju að ráða afgreiðslu fjárl.

Helgi Jónasson: Það var gaman, að það skyldi koma fram nú, að hv. form. finnst það ekki nóg, að það komi fram meiri hl., ef hann er á móti. Þetta er alveg ný skýring og sýnir, hvernig vinnubrögð hv. form. fjvn. vill hafa og hvernig hann vill hafa einræðisvald í n. Ef hann er á móti till., þá má ekki samþ. hana. Ef þetta margir eru með, en hann á móti, þá á það ekki að koma fram. Þetta sýnir, hvað varasamt er að hafa þennan þingflokk í þessu umboði og mann með hans hugarfari. — En hv. form. skýrir ekki alveg rétt frá því, að engar till., sem hann er á móti, hafi verið lagðar hér fram. Og hvað því viðvíkur, að við framsóknarmennirnir tveir eigum sök á till. n., þá veit ég ekki, hvernig hann fer að skýra það, þar sem við erum aðeins tveir. Ég býst við, að það sé erfitt fyrir hv. form. að skella öllum hækkunartill. á okkur tvo, og má þá gjarnan fara yfir þau plögg og sjá, hvort það er rétt. Ég sagði aðeins í minni fyrri ræðu, að þetta hefði verið samþ. í n. í morgun, en af einhverjum ástæðum hefði það fallið niður hjá form. Ég vissi hins vegar, hvaða ástæða það var. Það var af því, að hann er á móti till., en ég kæri mig ekki um að nefna það, en hann hefur fundið, að það var hans sök að bera ekki till. fram.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég mótmæli því, að ég hafi átt nokkra sök. N. var klofin um málið og meiri hl. n. bar að bera fram till., en ég var í minni hl. — Ég vil hins vegar þakka hv. 1. þm. Rang. fyrir það mikla traust, sem hann hefur á mér, ef hann heldur, að ég geti haft alla fjvn. í vasanum, en ég er ekki viss um, að allir vilji undirstrika það. Ég vil aðeins beina því til hæstv. ráðh., að þessi till. var samþ. með 5 atkv. í fjvn., en aðrir voru á móti, og að það var ekki óskiptur meiri hl. um, að ríkisstj. mætti láta fara fram þessi kaup.

Umr. (atkvgr. um brtt.) frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 509, n. 500, 557, 582, 597, 598, 606, 608, 614).

ATKVGR.

Brtt. 614,I.1 samþ. með 31:8 atkv.
— 614,I.2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 597,I felld með 30:10 atkv.
— 557,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 582,I.a felld með 29:7 atkv.
— 582,I.b felld með 28:11 atkv.
— 582,II samþ. með 37:1 atkv.
— 582,III samþ. með 39 shlj. atkv.
— 582,IV felld með 36:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, HermG, JóhH, KTh, LJós, SigfS, SG, SEH, StgrA, ÁkJ, ÁS.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JJ, JörB, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, JPálm.

BSt greiddi ekki atkv.
3 þm. (EE, LJóh, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 557,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 582,V felld með 39:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, BrB, EOl.

nei: GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, FJ, GJ, GÍG, JPálm.

LJós, ÁS greiddu ekki atkv.
3 þm. (LJóh, ÓTh, EystJ) fjarstaddir.

Brtt. 606,I felld með 32:8 atkv.
— 598,I aðaltill. felld með 28:9 atkv.
— 598,I varatill. felld með 21:8 atkv.
— 582,VI felld með 31:7 atkv.
— 582,VII aðaltill. felld með 26:17 atkv.
— 582,VII varatill. felld með 28:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, FJ, HV, HermG, HermJ, JG, JJ, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SG, JPálm.

nei: StJSt, StSt, ÞÞ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, LJós, PZ, PM, PO, SB, SEH, SÁÓ.

EE, SK greiddu ekki atkv.
2 þm. (LJóh, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 557,3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 582,VIII samþ. með 26:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EE, EystJ, FJ, GÍG, GÞG, HV, HermG, HermJ, JG, JJ, JörB, KTh, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StgrA, JPálm.
nei: BSt, BBen, BK, EmJ, GJ, GTh, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JJós, PZ, PM, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt.
BG, BÁ, HelgJ, JS, LJós greiddu ekki atkv.
2 þm. (LJóh, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 597,II samþ. með 28 shlj. atkv.
— 582,IX felld með 24:12 atkv.
— 582,X felld með 28:15 atkv.
— 557,4 samþ. með 29:2 atkv.
— 606,II felld með 27:14 atkv.
— 582,XI felld með 27:14 atkv.
— 557,5—7 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 608,I.a felld með 28:12 atkv.
— 557,8 samþ. með 30:6 atkv.
— 557,9—19 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 608,II samþ. með 28:5 atkv.
— 557,20—23 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 598,II samþ. með 27 shlj. atkv.
— 597,III felld með 25:10 atkv.
— 597,IV samþ. með 31:1 atkv.
— 557,24 samþ. með 35:1 atkv.
— 582,XII samþ. með 26:6 atkv.
— 582,XIII felld með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, SEH, SÁÓ, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BrB, EOl, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HB, HelgJ, HermG, HermJ, KTh, LJós.
nei: PZ, PÞ, PM, PO, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, GJ, HÁ, HV, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JPálm.
SK, BK, IngJ, JörB greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓTh, EE, LJóh) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Þar sem búið er að samþ. byggingarstyrk til tveggja málara, kann ég ekki við að níðast á kvenmanninum og segi já.

Brtt. 582,XIV samþ. með 41 shlj. atkv.
— 582,XV samþ. með 30 shlj. atkv.
— 597,V samþ. með 31 shlj. atkv.
— 614,II samþ. með 22:17 atkv.
— 582,XVI felld með 22:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JG, JörB, KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SB, SG, SK, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.
nei: EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HB, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, PM, PO, SEH, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BBen, JPálm.
EystJ, SÁÓ, StgrSt, BÁ, BK greiddu ekki atkv.
3 þm. (LJóh, ÓTh, EE) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Finnur Jónsson: Ég tel, að athugun, sem gerð hefur verið á þessum húsum, hafi sýnt, að þau séu alls ekki samkeppnisfær við hús, sem byggð eru hér. Auk þess tel ég enga heimild í lögum til að endurgreiða tollinn, og segi því nei.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Það er ljóst, að ef till. verður samþ. eftir að samþ. var brtt. áðan, þá hefur þetta í för með sér 3—4 millj. króna útgjöld fyrir ríkissjóð, og þar sem ekkert er gert jafnframt til þess að mæta þeim útgjöldum, þá segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Ég tel, að heimildin til að endurgreiða tollinn sé í lögum, og sýnist því till. óþörf og segi nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ríkisstj. hefur ekki notað sér heimildina og þetta er aðeins endurnýjuð viljayfirlýsing Alþingis, þá segi ég já.

Sigurður Kristjánsson: Ég hef alltaf litið svo á, að þegar Alþingi veitir ríkisstj. heimild, þá sé aðeins um kurteislegt form á fyrirmælum að ræða. Ég lít svo á, að endurgreiðslan styðjist við lög, og er með þessari brtt. stefnt til þess, að vilji Alþingis komi fram. Segi ég því já.

Brtt. 608,I.b (til vara) felld með 24:12 atkv.
— 698,III samþ. með 34:10 atkv.
— 606,III samþ. með 27:5 atkv.
— 557,25 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 582,XVII felld með 28:10 atkv.
— 582,XVIII samþ. með 22:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, BrB, EOl, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HV, HermG, IngJ, JóhH, KTh, LJós, SigfS, SB, SG, SK, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ.
nei: BSt, BBen, BK, EmJ, GJ, HÁ, HelgJ, JG, JJ, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, StJSt, StSt, ÞÞ.
ÁS, BG, EystJ, HB, HermJ, JJós, JS, JörB, SÁÓ, JPálm greiddu ekki atkv.
3 þm. (EE, LJóh, ÓTh) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Með því að það hefur verið upplýst af hv. flm., að þetta sé lögum samkvæmt, segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Það er heimild í l. fyrir þessu, og segi ég því nei.

Sigurður Kristjánsson: Ég sé ástæðu til þess að gera grein fyrir atkv. mínu, vegna þess að grg. hv. þm. eru hálfeinkennilegar. Það var samþ. á Alþ. í fyrra að greiða þessum sjóði fé samkvæmt lögum, og þarf því vart að ræða meir um það, þar sem þessu er þegar heitið í l., og segi ég því já.

Brtt. 614,III samþ. með 39:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HermG, JóhH, JJós, JJ, JörB, KTh, LJós, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, JPálm.
nei: GJ, HelgJ, SkG.
HermJ, IngJ, JG, JS, PZ, PÞ, ÞÞ greiddu ekki atkv.
3 þm. (EE, LJóh, ÓTh) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég vil ekki taka þátt í Siglufjarðarsvindlinu og sit því hjá.

Sigurður Bjarnason: Við flm. þessarar brtt. höfum rætt það mál, sem þar ræðir um, við hæstv. félm- og fjmrh., Hafa hæstv. ráðh. gefið loforð um að láta fara fram rannsókn á ástandinu í þessum hreppum og hvernig þau félagslegu vandamál, sem þar hafa skapazt, verði leyst. Jafnframt hafa hæstv. ráðh. gefið munnleg fyrirheit um það, að að þessari athugun lokinni muni þær ráðstafanir verða gerðar, sem nauðsynlegar verði taldar til aðstoðar þessum hreppsfélögum. Að fenginni yfirlýsingu hæstv. félmrh. um þetta mundum við flm. geta tekið þessa till. aftur í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. finni viðunandi lausn á málinu.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég viðurkenni, að flm. þessarar brtt. hafa rætt um efni hennar við mig og hæstv. fjmrh., og munum við athuga, hvað hægt verður að gera í þessu efni.

Brtt. 582,XIX samþ. með 29:10 atkv.
— 582,XX samþ. með 26:14 atkv.
— 582,XXI tekin aftur.
— 614,IV samþ. með 28 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr. um frv. í heild og alm. umr.) frestað.

Á 59. fundi í Sþ., 22. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (almennar umr., útvarpsumr.).

Einar Olgeirsson: Heiðruðu hlustendur! Þegar við leggjum dóm á verk þessarar hv. ríkisstj., verðum við að minnast þess, að þessari ríkisstj. er meira vald gefið en nokkurri annarri, sem setið hefur að völdum á Íslandi. Hún hefur að heita má einræðisvald yfir öllu atvinnu- og verzlunarlífi Íslendinga. Hún ræður því, hvort hér er full atvinna eða atvinnuleysi. Hún ræður því, hvort við hagnýtum þá miklu markaðsmöguleika, sem þjóðin hefur. Hún hefur óskað eftir þessu valdi af Alþingi og fengið það. Hún hefur þurrkað út það lítið, sem eftir var af svo kölluðu „frjálsu framtaki", sem til var í landinu, og gersamlega útrýmt þeim litlu leifum, sem eftir voru af svo kallaðri „frjálsri verzlun" og tekið á sig þá ábyrgð að setja í staðinn framtak hins opinbera og skipulagningu ríkisins á framtaki þegnanna og skuldbundið sig jafnframt gagnvart þjóðinni í lögunum um fjárhagsráð til að tryggja öllum næga og örugga vinnu. Þessi ríkisstj. hefur haft betri tæknilega aðstöðu en nokkur stjórn, sem áður hefur setið að völdum á Íslandi, til þess að láta þetta mikla vald sitt verða þjóðinni til blessunar. Hin stórvirku nýsköpunartæki, sem aflað var handa sjávarútveginum í tíð fyrrv. stj., eru nú farin að mala þjóðinni gull, þau eru henni nú miklu verðmeiri en fé, er þjóðin galt fyrir þau, og sum þeirra, svo sem nýsköpunartogararnir, munu á einu ári framleiða andvirði sitt í erlendum gjaldeyri. 20 nýir togarar og 4 ný flutningaskip sigldu til landsins á síðasta ári. A. m. k. 10 nýir togarar og mörg ný stór flutningaskip bætast við flotann á þessu ári, samkvæmt ákvörðunum, er teknar voru áður en þessi stjórn kom til valda. Auk hins mikla nýja fiski- og flutningaskipaflota ræður þjóðin svo yfir stórvirkari vinnslutækjum til hagnýtingar sjávaraflans en nokkru sinni fyrr: ný hraðfrystihús, síldarverksmiðjur, fiskiðjuver, sem öll geta afkastað stórkostlega miklu, ef úrræðaleysi eða þröngsýni valdhafanna hindrar ekki rekstur þeirra. Þar að auki bíður innlendur iðnaður, að miklu leyti endurnýjaður með auknum vélakosti fyrir nýbyggingarsjóðina, eftir stærri verkefnum en áður, reiðubúinn til þrotlausrar framleiðslu verðmæta handa landsbúum, ef hann fær að starfa. Og landbúnaðurinn er nú afkastameiri en nokkru sinni fyrr og bændur reiðubúnir til kaupa á meiri landbúnaðarvélum og áburði til að auka framleiðsluna, ef þeir aðeins fá þessar nauðsynjar.

Þessi ríkisstj. hefur í krafti valds síns yfir utanríkisverzluninni getað tryggt Íslendingum óþrjótandi markaði fyrir framleiðslu vora og skipulagt með stórfelldri vöruskiptaverzlun innflutning á flestöllum nauðsynjum vorum. Hún hefur haft tækifæri til þess að gera jafnvel samninga til margra ára um afurðasölu og innkaup, til þess að skapa þannig það öryggi í markaðsmálum vorum, sem allir framleiðendur þrá. Þessi ríkisstj. hefur enn fremur haft möguleika inn á við til þess að bæta kjör almennings, gera hann efnahagslega sjálfstæðari, gera fleirum fært að eignast þak yfir höfuðið eða einhver atvinnutæki, skapa meiri efnahagslegan jöfnuð á Íslandi, því að aldrei hefur eins mikill auður verið til á landi voru og nú.

Við skulum nú athuga, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur notað sitt mikla vald á öllum þessum sviðum, en undir því er lífsafkoma þjóðar vorrar komin, að svo miklu leyti sem það er á manna valdi, hver hún verður.

Hvernig hefur ríkisstj. notað hið mikla vald sitt yfir atvinnu- og verzlunarlífinu? Hún lofaði að tryggja öllum næga og örugga atvinnu, hún lofaði endurbótum og umbótum á öllum sviðum þjóðfélagsins. Hvernig hefur hún efnt það? Ríkisstj. hefur ráðizt á lífskjör verkamanna og allra launþega. Hún hefur leitt vágest atvinnuleysisins inn á heimili alþýðufólksins að nýju, og hefði nú þegar sorfið sárt að fjölda alþýðuheimila í Rvík í vetur, ef síldin hefði ekki eyðilagt fyrirætlanir ríkisstj. um algert atvinnuleysi. — Ríkisstj. hefur með prælalögunum frá í vetur svipt alla launþega allt að 10% af launum sínum, eða rænt af launþegastéttinni allt að 50 millj. króna á þessu ári, ef launaránið héldist allt árið. Þetta er gert undir yfirskini dýrtíðarinnar, en hver hefur merkt, að dýrtíðin hafi minnkað við þetta? Þvert á móti. Samtímis árásinni er einmitt dýrtíðin gerð miklu tilfinnanlegri fyrir alþýðu. Hver er afleiðingin af þessu lögboðna launaráni ríkisstj.? Í fyrsta lagi sú, að lífskjör allra launþega versna, og það hefur síðan áhrif á allt viðskiptalíf þjóðarinnar, á afkomu handverksmannsins, smákaupmannsins, — allra. En í öðru lagi þá þýðir þessi launalækkun það fyrir fjöldann af starfsmönnum og verkamönnum, sem undanfarið hafa lagt í að kaupa sér íbúð eða byggja sér hús, að þeir geta margir hverjir ekki staðið í skilum og missa íbúð sína. Gerir ríkisstj. eitthvað til þess að hjálpa slíkum mönnum? Nei, þvert á móti. Hún lofar Landsbankanum og þar með öllum bönkum og okrurum að hækka

vextina, gera erfiðara að fá lán. Hún reynir m. ö. o. að gera þá menn, sem urðu bjargálna, aftur að öreigum, í stað þess að hjálpa þeim með því að tryggja þeim löng lán, lægri vexti og minni afborganir, því að þjóðfélaginu er hagur að því, að sem flestir þegnar þess verði efnahagslega sjálfstæðir. Við skulum síðar koma að því, hvers vegna ríkisstj. er að hrinda þeim alþýðumönnum, sem undanfarin ár hafa verið að klóra í bakkann og eignast eitthvað í sveita síns andlitis, fram af bakkanum, niður í hringiðu þeirrar kreppu, sem stj. er að reyna að búa til.

Hvernig hefur ríkisstj. svo farið með sjómenn og útvegsmenn, þá framleiðendur, sem þjóðin fyrst og fremst á afkomu sína undir? Ríkisstj. hefur með þrælalögunum í vetur lækkað þá lágmarkstryggingu, sem sjómaðurinn áður hafði, og rýrt þannig kjör hans. En hatrammast er þó það rán gagnvart fiskimönnum öllum, sem ríkisstj. framkvæmir með því að taka af þeim allan afla þeirra með valdboði og skammta þeim síðan verð fyrir hann samkv. leynisamningum, er hún gerir og þjóðin fær ekkert að fylgjast með í, og ræna þá öllum áhrifum á meðferð gjaldeyrisins, er þeir afla. Síðan tekur ríkisstj. gjaldeyrinn, sem hún hefur aflað sér með þessu þokkalega valdboði, og útbýtir honum eftir eigin geðþótta til þeirra, sem hún hefur velþóknun á.

Hvað heitir þetta skipulag gagnvart fiskimönnum hvað útflutninginn snertir og öllum landsmönnum hvað innflutninginn snertir? Á 17. öld var það kallað einokun, og svo heitir það enn. Og þessi einokun er framkvæmd án snefils af lýðræði eða eftirliti frá þjóðarheildinni. Aðeins hirðgæðingar einræðisherranna fá að fylgjast með í framkvæmdunum. Alveg blygðunarlaust er þurrkað burt allt, sem heitir jafnrétti Íslendinga fyrir lögunum. Ríkisstj. lítur á valdið yfir atvinnu- og verzlunarlífi Íslendinga sem féþúfu fyrir sig og gæðinga sína og útilokar þess vegna eigi aðeins stjórnarandstæðinga og helztu samtök þjóðarinnar frá öllum nefndum, sem hafa með veigamestu hagsmunamál þjóðarinnar að gera, heldur dregur hún og slíkan leyndarhjúp yfir athafnir sínar á þessum sviðum, að öllum landsmönnum ofbýður, meira að segja verzlunarráðsþinginu.

Nú vill máske einhver segja, að þótt gjaldeyririnn sé tekinn af fiskimanninum, sem aflar hans með súrum sveita, þá gangi þetta þó jafnt yfir alla menn á Íslandi, svo að ekki verði ríkisstj. sökuð um hlutdrægni þar. Því fer fjarri. Ríkisstj. leyfir þeim mönnum að brjóta þau lög, sem hún hefur velþóknun á. Ef Ameríkani kemur til Keflavíkur með sína dollara og dvelur þar og heyrir því undir íslenzk lög, þá þarf hann ekki að afhenda dollara sína. Hann selur þá hæstbjóðanda á 15 kr. fyrir dollarann. Slík uppboð fara daglega fram á Keflavíkurflugvelli. Ríkisstjórnin og Landsbankinn, sem bæði kvarta um dollaraleysi, gera ekkert til þess að láta Ameríkana hlýða lögum. Íslenzkur sjómaður og útvegsmaður í Keflavík, er tækju síldarolíuna sína og seldu fyrir 140 sterlingspund tonnið út úr landinu og keyptu sér nauðsynjar fyrir gjaldeyrinn, mundu tafarlaust fara í tukthúsið, því að þá mundi stjórnin sýna röggsemi, ef Íslendingur dirfðist að haga sér eins og frjáls maður. En ef amerískt auðfélag kemur og byggir stórhýsi í Keflavík og selur dollara á svörtum markaði fyrir 15 kr., til þess að sleppa við að láta þá á 6.50 kr. í Landsbankann, þá hneigir dómsmrh. sig í auðmýkt. Þá eru engin dollaravandræði, engin einokun, — Ameríkanar skulu hafa frelsi til að brjóta íslenzk lög eins og þeim þóknast. Það skal ríkisstj. sjá um. Herraþjóðin skal fá að finna það, að hún ræður í landinu og að ríkisstj. er hennar trúr og öruggur þjónn gagnvart þeim innfæddu. En vei Íslendingum, ef þeir *gleyma því, að þeir eru orðnir undirþjóð*, sem hefur ekki meiri rétt móts við Ameríkana í eigin landi nú en móts við einokunarkaupmenn Dana forðum. En ég kem nánar að því síðar, hve ólíkt lögunum er nú beitt á Íslandi, eftir því hver í hlut á: við Íslendingar eða menn ríkisstj., Ameríkanar.

Við skulum svo athuga aðfarir einokunarstjórnarinnar á öðrum sviðum.

Byggingariðnaðinn hefur hún hneppt í fjötra. Í fyrsta skipti í sögu Íslands hefur mönnum nú verið bannað að byggja sér þak yfir höfuðið, og frekar hefur sement og timbur verið látið skemmast en slíkt hafi verið leyft. Innlenda iðnaðinum hefur verið neitað um hráefni og hann þannig stöðvaður að mestu. Er það einn liður í þeim fyrirætlunum ríkisstj. að koma á atvinnuleysi, til þess að reyna að brjóta verkalýðssamtökin á bak aftur, — eða er það bara óforsjálni og skeytingarleysi valdhafanna? Ekki þarf að kenna gjaldeyrisskortinum um það. Hverri skynsamri stjórn var innan handar að semja í tíma við önnur ríki um gagnkvæma afhendingu á vörum, svo að íslenzki iðnaðurinn fengi sín hráefni nógu snemma til að geta starfað. En af því að ekkert er hugsað um neitt fyrr en í óefni er komið, þá lætur stj. nú flytja inn útlent þvottaduft, sem selt er á 6.10 kr. pakkinn, þegar innlendi iðnaðurinn selur á 1,30—1,45 kr., svo að maður ekki tali um, hvernig Ameríkanarnir á Keflavíkurflugvelli smygla inn erlendri iðnaðarvöru og selja fyrir okurverð, meðan íslenzkum iðnaði er neitað um hráefni til þess að framleiða sams konar vöru ódýrar.

Samtímis þessari herferð gegn heilbrigðu atvinnulífi landsmanna er svo hafin árás á alla þá umbótalöggjöf, sem sett hefur verið á undanförnum árum, meðan sósíalistar voru í stjórn. Réttur landsmanna samkvæmt alþýðutryggingunum er rýrður. Laun almennra starfsmanna ríkisins eru skorin niður með þrælalögunum, en hinir hæstlaunuðu stjórnargæðingar, eins og fjárhagsráðið, hækka bara hjá sér grunnlaunin að sama skapi, svo að ekki gangi sparnaðurinn út yfir þá, sem tala hæst um hann.

Á dögum nýsköpunarstjórnarinnar var sett löggjöf, sem átti að tryggja þeim fátæku, er reisa vildu sér íbúðarhús, ódýr og góð lán. Þessa löggjöf hefur ríkisstj. eyðilagt í framkvæmd, og nú leggur hún frv. fyrir þingið, bandorminn svo kallaða, til þess raunverulega að fella hann úr gildi (um stundarsakir). Það er borið við lánsfjárskorti, látið í það skína, að ríkisstj. ráði ekki við Landsbankann, fái hann ekki til þess að leggja fram fé. Það eru bara fá-

tækir menn, sem þarna eiga í hlut, menn, sem langar til að bjarga húsunum sínum, svo að þau lendi ekki í klóm braskaranna, eða langar til að byggja yfir sig. Þá kærir ríkisstj. sig ekki um að beita valdi sínu. En það er annað, ef ríkir menn eiga í hlut, svo sem nú skal greina.

Lánin úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins voru í haust að ganga til þurrðar. Smáútvegsmenn og sjómenn víða um land biðu eftir lánum, sem þeir höfðu treyst á. Landsbankinn vildi samkvæmt sínum skilningi á reglugerð stofnlánadeildarinnar ekki láta ríkustu togaraeigendur í Rvík, sem áttu nóga nýbyggingarsjóði, fá lán samtals 8 millj. króna, sem þeir vildu fá. Þá greip ríkisstj. inn í og sýndi vald sitt og skipaði Landsbankanum að lána hinum auðugu 8 milljónirnar, — ríkisstj. túlkaði bara reglugerðina í þágu milljónamæringanna — og Landsbankinn varð að beygja sig. Þar með eru stofnlánin þrotin. Þeir fátæku gátu svo farið á hausinn, þá gátu milljónamæringarnir keypt tækin þeirra fyrir ódýr lán úr Landsbankanum. Þetta mun ríkisstj. kalla að hlynna að efnahagslegu sjálfstæði einstaklingsins.

Hvert stefnir ríkisstj. með öllu þessu? Hún þarf ekki að bera því við, að bankarnir tapi og skorti lánsfé. Landsbankinn græddi síðasta ár 16 millj. króna og seðlavelta hans er nú aðeins 122 milljónir móti 181 milljón hæst í fyrra. Lánsfjárkreppan, vaxtahækkunin og öll árás ríkisstj. á lífskjör almennings er ránsherferð á hendur fólkinu í þessu landi, til þess að ræna eignum þess og rýra kjör þess, en auka auð þeirra 200 einstaklinga og félaga í Reykjavík, sem áttu um fyrri áramót samkvæmt eigin framtali 500 milljónir kr. í skuldlausum eignum, ef metið er með mælikvarða eignaraukaskattsins. Það er þessi ránsherferð, sem verkalýður og millistéttir landsins þurfa að sameinast gegn.

Þá skulum við athuga framkomu þessarar ríkisstj. í hagsmunamálum þjóðarinnar út á við. Þessi ríkisstj. hefur haft möguleika til þess að tryggja Íslandi óþrjótandi markaði fyrir allar okkar afurðir, en hún hefur ekki hagnýtt það tækifæri, heldur valið stefnu í markaðsmálum okkar, sem fjandsamleg er hagsmunum Íslands og leiðir yfir þjóðina eyðileggingu markaðanna og hrun útflutningsins eftir nokkur ár og setur oss undir efnahagslega yfirstjórn auðdrottnanna í Wall Street. Skal ég nú sanna þetta mál mitt. Fyrst skulu athugaðir möguleikarnir, sem verið hafa til að tryggja Íslendingum örugga markaði í Mið- og Austur-Evrópu. Engum blandast hugur um, hve eðlileg verkaskipting það sé með þjóðum Evrópu, að vér eyjarskeggjar, mitt í beztu fiskimiðum heims, framleiðum sérstaklega fiskafurðir fyrir þjóðir þær, sem búa á meginlandi Evrópu og eiga ekki strönd að úthafi. Í haust og vetur hafa þessar þjóðir Austur-Evrópu verið að gera stórfellda viðskiptasamninga til tveggja, þriggja og allt upp í fimm ára. Þær voru með slíkum samningum að tryggja sér gagnkvæmt markaði fyrir útflutningsafurðir sínar og nauðsynjar til innflutnings. Ég fylgdist af athygli með þessum samningum, er um þá var ritað erlendis, og skrifaði greinaflokk í haust um nauðsyn þess, að vér Íslendingar reyndum að tryggja oss, t. d. með helminginn af útflutningsafurðum okkar, með samningum við þessar þjóðir. Ég vakti sérstaka athygli á því í útvarpsræðu héðan 16. okt. í haust, að nauðsynlegt væri að gera tafarlaust gangskör að því að hefja samninga við Tékkóslóvakíu, Sovétríkin, Pólland, Austur-Þýzkaland, Ungverjaland og önnur þessi lönd, ef dýrmæt tækifæri ættu ekki að ganga okkur úr greipum. Ekkert fékkst gert þá strax. Þvert á móti var sleppt tækifæri til þess að gera um miðjan nóvember samning við Tékkóslóvakíu um sölu á íslenzkum afurðum fyrir 37 millj. króna og kaup fyrir svipaða upphæð. Önnur ríki hagnýttu sér tækifærið betur. Þessi nefndu Austur-Evrópuríki gerðu eigi aðeins hina þýðingarmestu viðskiptasamninga sín á milli. Önnur ríki gerðu og stórsamninga við þau. Brezka stjórnin gerði á þessum tíma viðskiptasamninga við Pólland, Ungverjaland, Júgóslavíu og Sovétríkin, suma til margra ára. Norðmenn undirskrifuðu í lok fyrra árs samning við Sovétríkin um að tvöfalda viðskipti þjóðanna á árinu 1948. Um mánaðamótin jan.—febr. hófu norska og rússneska stjórnin svo undirbúning að viðskiptasamningum til fleiri ára. Danir hafa nú gert stórsamning við Austur-Þýzkaland, m. a. um sölu á síld. Og þannig mætti lengi rekja. Norður- og Vestur-Evrópulöndin sóttust eftir slíkum viðskiptasamningum, eigi aðeins vegna þess að þau fengu að austan korn, fóðurvörur og annað, sem þau sárlega vanhagaði um, heldur líka vegna hins, að þau vildu tryggja sér markaði í þessum sósíalistisku löndum. Stjórnir þessara vesturlanda vissu af sárri reynslu áranna 1929—34, hve hörð kreppan er í auðvaldslöndunum, og skilja, að í sósíalistiskum þjóðfélögum eru markaðirnir óþrjótandi. Þess vegna sé um að gera að komast inn á þá markaði í tíma og láta ekki bola sér þaðan út. Íbúar allra auðvaldslanda hugsa með ógn til þess að eiga aftur að upplifa kreppu eins og 1930—32: aftur að dæma milljónir til atvinnuleysis, aftur að verða að hungra mitt í allsnægtunum. Vér Íslendingar munum, hvað það þýddi: Fiskurinn féll um tvo þriðju í verði eða varð óseljanlegur, en fólkið hungraði í löndunum, sem gátu ekki keypt hann. En ríkisstj. Íslands var ekki að hugsa um að reyna að afstýra slíkri kreppu. Hún neitaði að lofa sendimönnum Íslands að undirskrifa í nóvember samning við Tékka um viðskiptin 1948. Nú loks hefur hún leyft sendiherra Íslands að undirrita slíkan samning. Það kemur í ljós, að enn er að ýmsu hægt að gera stóran samning við Tékka: selja vörur fyrir um 27 millj. ísl. kr., eða allt að því þreföld viðskipti miðað við síðasta ár. Sýnir þetta, hve gífurlegir markaðsmöguleikarnir eru eða hafa verið hjá öllum þessum þjóðum, ef notaðir væru. En hins vegar kemur í ljós, að Tékkar, sem vildu kaupa mikið af íslenzkri síld í haust, vilja nú enga síld kaupa, og stálið, sem þeir vildu selja oss í haust, fæst nú ekki nema að nokkru leyti. Við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um, hvaða keppinautar okkar hafa grætt á biðinni. — Ríkisstj. hafði loks í des. spurt Sovétstjórnina um, hvort hún væri reiðubúin til samninga. Hvorki utanrmn. né Alþingi hefur enn fengið að sjá þau til-

mæli eða skeyti, sem Bjarni Benediktsson, utanrrh., sendi við það tækifæri. Hafi hins vegar inntak þeirra tilmæla og eðli verið eitthvað svipað þeim skeytum, er hann beinir að þeirri stjórn í Morgunblaðinu, þá fer ef til vill að verða skiljanlegt, af hverju ekkert svar hefur borizt enn. Hins vegar hljóta allir Íslendingar, sem láta sér annt um framtíðarhagsmuni sjávarútvegsins, að vona, að ekki takist að eyðileggja þá dýrmætu markaði, er unnust þar eystra á undanförnum árum.

Hvað öll hin löndin þar eystra snertir, sem ekki hafði unnizt tími til að ná sem mörkuðum fyrir Ísland áður en niðurrifsstjórnin tók við völdum: Pólland, Austur-Þýzkaland, Ungverjaland o. s. frv., þá hefur stjórnin ekkert gert til þess að koma íslenzkum afurðum þar inn, frekar spillt þar fyrir. Með öðrum orðum: Meðan skæðustu keppinautar okkar, eins og Norðmenn og Englendingar, vaða um öll þessi Austur-Evrópulönd og margfalda viðskipti sín við þau jafnvel með margra ára viðskiptasamningum, þá sitja stjórnendur utanríkisverzlunar Íslands eins og litlir, penir dollaradrengir, skrifa nið um þessi ríki eftir fyrirsögnum frá Washington og láta keppinauta okkar, sem taka fyrirskipanir dollaravaldsins ekki eins alvarlega, ná frá okkur öruggustu framtíðarmörkuðunum. Takist þessum herrum það skemmdarverk, sem þeir nú eru að reyna að vinna í markaðsmálunum, þá leiða þeir eftir tvö ár slíka kreppu yfir sjávarútveginn, að það getur riðið honum og þar með efnahag Íslands að fullu.

Og nú skulum við athuga þá markaði, sem ríkisstj. ætlar að byggja framtíð Íslands á í stað þeirra, sem hún er að reyna að eyðileggja. Í áliti sérfræðings Marshalláætlunarinnar um Ísland, sem birtist í íslenzkri þýðingu í Alþýðublaðinu í byrjun febrúar, segir svo í niðurlaginu (Alþbl. 5. febr.):

„En Íslandi ætti að geta auðnazt að vinna aftur eitthvað af hinum fyrri mörkuðum sínum í Þýzkalandi og Miðjarðarhafslöndunum, þegar efnahagur Evrópu hefur gert neytendur hennar færa um að greiða íslenzka fiskinn í gildum erlendum gjaldeyri eða í þeim vörum, sem það þarfnast. Jafnframt mundi viðreisn Evrópu gera Íslandi unnt að gera meira af innkaupum sínum þar og sigrast á þann hátt á dollaraskortinum. Þannig gæti viðreisn Evrópu orðið til þess, að Ísland kæmi efnahag sínum á réttan kjöl án þess að fórna öllum þeim fríðindum, efnahagslegum og félagslegum, sem það nú getur boðið íbúum sínum, enda þótt það geti ekki, meðan á viðreisninni stendur, náð efnahagslegu jafnvægi án þess að skerða lífskjör þeirra allverulega."

Þetta eru orð Marshallsérfræðingsins í þýðingu Alþýðublaðsins. Þarna eru markaðirnir, sem okkur er gefin von um: Þýzkaland og Miðjarðarhafslöndin. Sérfræðingurinn veit, að England verður ekki lengi aðalmarkaður fyrir okkur. Því veldur ekki aðeins, að Bretar munu efla togaraflota sinn aftur strax og þeir geta, heldur og hitt, að Færeyingar og Norðmenn munu fá þar forgang, er fram í sækir. — Ég mun síðar koma að þessari glæsilegu framtíð, er sérfræðingurinn spáir okkur í efnahagslegu tilliti. — Blað forsrh., Alþýðubl., gerir svo orð og álit Marshallsérfræðingsins að sínum í ritstjórnargrein 8. febr., er heitir „Marshalláætlunin og Ísland". Þar segir: „Og raunar er niðurstaða álits þeirra sú, að fyrir okkur sé viðreisn Vestur-Evrópu og endurheimt hinna gömlu, góðu markaða í Miðjarðarhafslöndunum og Þýzkalandi brýn nauðsyn; þá fyrst sé efnahagur okkar tryggður." Það þarf því ekki að fara í neinar grafgötur um stefnu ríkisstj. í markaðsmálum. Hún er: með viðreisn Þýzkalands og endurheimt hinna „gömlu, góðu markaða í Miðjarðarhafslöndunum" er efnahagur Íslands tryggður. — Á grundvelli þessa loforðs ríkisstj. á hún nú að fara áfram með einræðisvald það, sem hún hefur tekið sér. Skal nú athugað í ljósi reynslunnar og yfirlýsinga Marshallmannanna, hve haldgott þetta loforð muni verða. Við skulum fyrst athuga Þýzkaland. Í vetur fyrir jól var tilkynnt með miklum fögnuði, að ríkisstj. hefði tekizt að tryggja samninga um ísfisksölu til Þýzkalands, er hafizt gæti bráðlega, og yrði að einhverju leyti greitt í dollurum. Síðan eru liðnir 3 mánuðir. Salan á ísfisknum er ekki byrjuð enn. Hún mun vafalaust hefjast bráðlega, en við fáum ekki einn einasta dollar fyrir þann fisk. Hvers vegna ekki? Bandaríkin neita að greiða dollara, þó að þetta fari á hernámssvæðið, sem þau nú raunverulega ráða. Við Íslendingar eigum ekki að fá að vinna okkur inn dollara á heiðarlegan hátt, með venjulegri afurðasölu. Það á að neyða okkur til að afla þeirra með öðru móti, og kem ég að því síðar. Þannig eru þessar efndir.

Hvernig er svo framtíðarútlitið um Vestur-Þýzkaland sem markað, þó að við getum selt þar nú, meðan Þjóðverjar hungra? Þegar engilsaxnesku hernámsvöldin komu upp þýzkri auðmannastjórn í Frankfurt fyrir skömmu, var aðeins ein tilkynning birt um efnahagslegar viðreisnarfyrirætlanir þeirra í íslenzka útvarpinu. Hún var þessi: Það á að koma upp stórum þýzkum fiskveiðiflota. — Hvað þýðir sköpun voldugs þýzks togaraflota fyrir okkur? Slíkur togaraflóti verður ekki látinn veiða í Norðursjónum. Bretar vilja nú þegar friða hann sem mest. Slíkum þýzkum togaraflota verður sigað á Íslandsmið. Það er nú þegar byrjað. Viðreisn þýzka togaraflotans, sem ákveðin var í Frankfurt, er stríðsyfirlýsing gegn sjávarútvegi Íslendinga. Það, sem nú er undirbúið í Vestur-Þýzkalandi, er ránsferð á fiskimið Íslendinga. Og það eru engilsaxnesku veldin, sem stjórna henni. Við eigum að fá að selja fiskinn til Þýzkalands, meðan hungraðir Þjóðverjar eru að byggja upp fiskveiðiflotann gegn okkur. Síðan fáum við sparkið, — eftir 2—3 ár.

Og hvernig er svo um hina „gömlu góðu markaði í Miðjarðarhafslöndunum"? Það bregður fyrir viðkvæmni í Alþýðublaðinu, þegar það hugsar til indælla kynna af mörkuðunum undir járnhæl Mússolinis og Francos. Öðruvísi mér áður brá. 1934—38 sat hér að völdum svo kölluð „stjórn hinna vinnandi stétta", Alþfl. og Framsóknar. Þessi stjórn átti við mikla efnahagslega örðugleika að glíma. Hver var höfuðástæðan að sögn Alþýðubl.? Hún var sú, að hinir „gömlu" mark-

aðir í Miðjarðarhafslöndunum reyndust síður en svo „góðir“. Þeir brugðust svo hrapallega, að efnahagslegt hrun vofði yfir Íslandi sökum þess og hnignun færðist yfir flotann vegna markaðsvandræðanna. Og þessu sama öngþveiti eigum við von á aftur, ef sama þjóðfélagsástand helzt í þessum Suðurlöndum, og við erum fyrst og fremst upp á þau komin með sölu afurða vorra. Því að það er þjóðfélagsástand þessara landa: auður einstakra aðals- og auðmannaætta annars vegar, en sár fátækt fjöldans hins vegar, sem skapaði kreppuna þar og skapar hana aftur, ef sama ástandið helzt. Við vitum hins vegar, að alþýða þessara landa hefur fullan hug á að láta ekki oftar skammta sér það hungurástand, og í því liggur okkar framtíðarvon. Við sjáum það bezt á Ítalíu nú, hvernig öll máttarvöld himins og jarðar eru sett í hreyfingu til þess að halda alþýðunni undir okinu. Páfinn hótar þeim helvíti, sem kjósa vinstri flokkana, — bannfæring kaþólsku kirkjunnar er vopnið, sem beitt er í kosningabaráttunni á Ítalíu í dag. Bandaríkjastjórn hótar þeim hungri, sem neyta sjálfsákvörðunarréttarins og lýðfrelsisins. Engan dollar, engan mat skal ítölsk alþýða fá, ef hún kýs eins og sannfæringin býður henni. Lausn af ótta, lausn frá skorti, — það voru loforðin um frelsið, sem Bandaríkin gáfu, meðan stríðið stóð. Hótun um hungur, hótun um atomsprengju, — það eru efndirnar, sem Wall Street veitir þjáðum þjóðum Evrópu eftir stríð. — En sú alþýða, sem hefur hungrað í helvíti fasismans í 20 ár undir járnhæl Mússolínis, mun ekki selja frelsi sitt fyrir ameríska baunadisk, þó að svöng sé enn. En fái alþýða Suðurlanda frelsi sitt, geti hún hrist aldagamalt ok fátæktarinnar af sér, þá er líka von okkar Íslendinga og vissa um viðskipti allt önnur en var. Sósíalisminn í Suðurlöndum, það þýðir, að alþýðan þar hafi efni á að eta sig sadda. Slík lönd eru alltaf örugg markaðslönd slíkra matarframleiðenda sem við Íslendingar erum, ef þau eru ekki sjálf stórir fiskframleiðendur. En sigri sósíalisminn í slíku landi, þá loka núverandi valdhafar lands vors því samstundis með járntjaldi forheimskunar og ofstækis, eins fast og þeir þora. Gyllingarnar um örugga markaði Íslendinga í Þýzkalandi og Suðurlöndum, ef þau verða Marshalllönd, eru blekkingar. Og það vita „sérfræðingarnir“ sjálfir, þótt þeir reyni að leyna þjóðina því. En þetta gloprast nú samt upp úr þeim.

16. jan. þ. á. birtist í Alþýðublaðinu frásögn um skýrslu utanrrn. í Washington, þar sem Marshallsérfræðingur þess segir, hvað Íslands bíði á næstu árum. Þar stendur orðrétt: „Í kaflanum um Ísland í skýrslunni segir, að búizt sé við, að um 1950 verði framboð á fiski orðið meira en eftirspurnin, og gerir því skýrslan ekki ráð fyrir, að framlag Íslands hafi mikla þýðingu eftir þann tíma.“ Þetta eru orð Alþýðublaðsins og Marshallskýrslunnar. M. ö o., við ættum að fá að framleiða næstu 2—3 árin af fullum krafti fyrir Marshalllöndin, eyðileggja markaði okkar austur frá, og svo væri ekki þörf fyrir okkur lengur. Þá gat stöðvun, hrun og fátækt orðið hlutskipti okkar á ný. Marshallsérfræðingurinn, sem Alþýðublaðið vitnaði í, fer ekki dult með, hvað Íslendinga bíði, ef orð hans eru vel athuguð:

1) Launaránið í vetur — þegar 50 millj. króna voru teknar af launþegum — kallar hann „vægilega ráðstöfun“.

2) Næstu tvö árin, segir hann, að verði að „skerða lífskjör Íslendinga allverulega.“

3) Þegar þessum niðurskurði svo er lokið, þá eru ekki meiri not fyrir okkur, og þá getum við engzt sundur og saman í klóm þeirrar kreppu, sem ameríska auðvaldið þá verður búið að leiða yfir heiminn.

Þetta eru framtíðarhorfurnar, — síversnandi lífskjör, er enda í hruni kreppunnar, — ef við látum þessa stjórn beygja okkur undir ok amerískrar viðskiptadrottnunar. Ef járnhæll dollaravaldsins á að fá að traðka sundur efnahag okkar, eins og sjálfir sérfræðingar Marshalls lýsa því í Alþýðublaðinu, þá þýðir það atvinnuleysi og skort á hverju íslenzku alþýðuheimili. Forboðarnir finnast nú þegar.

Hvernig fer svo sú stjórn, sem brýtur niður efnahagslegt sjálfstæði einstaklingsins, allt frá verkamanni til smáútvegsmanns eða iðnrekanda, og eyðileggur afkomuöryggi þjóðarinnar með skammsýnni verzlunarpólitík, — hvernig fer sú stjórn með stjórnarfarslegt og fjármálalegt sjálfstæði landsins? Það hefur reynt á þetta á einu sviði, um framkvæmd Keflavíkursamningsins, og kemur til með að reyna á það á öðru, um Marshallhjálpina svo nefndu. Í sambandi við framkvæmd Keflavíkursamningsins hafa öll íslenzk lög að heita má verið brotin. Gjaldeyrislögin, heilbrigðislögin, öll iðnlöggjöfin, tollalögin hafa verið þverbrotin, lögin um Tóbakseinkasölu ríkisins og Áfengisverzlun ríkisins eru troðkuð undir fótum. Ameríkanarnir fá að haga sér eins og þeim þóknast, yfirvöldin láta lögbrotin viðgangast, því að æðsta stjórn landsins fyrirskipar það. Nýlega voru nokkrir leynivínsalar teknir í Reykjavík, og er nú verið að dæma þá. Er ekki nema gott um það að segja. Þessir menn hafa líklega haldið, að þeir væru orðnir Ameríkanar og mættu brjóta íslenzk lög. Ameríkanar hafa nú í heilt ár smyglað víni og bjór inn í landið. Þeir fluttu inn 16000 kassa af bjór í fyrra. Slíkt er algerlega bannað með íslenzkum lögum og engin heimild til handa Ameríkönum í Keflavíkursamningnum að gera slíkt. Þeir flytja inn mánaðarlega um 500 kassa, mestmegnis af sterku víni. Þeir svíkja toll af þessu öllu, hafa eftir lögum aðeins rétt til tollfrelsis af tíunda hluta — þeir brjóta lögin um, að allt áfengi, sem til Íslands flyzt, skuli flutt inn gegnum Áfengisverzlun ríkisins og með álagningu hennar, og þeir hafa í samningnum enga undanþágu gagnvart þessu. En ríkisstj. lætur smygl og lögbrot Ameríkana viðgangast. Við þeim má ekki hreyfa. Með lögbrotum Ameríkana er ríkið skaðað um milljónir dollara mitt í dollaraleysinu, og hér á Íslandi er það nú innleitt á ný, að allir séu ekki lengur jafnir fyrir lögunum. Ameríkanar eru af ríkisstj. með þessu athæfi gerðir að herraþjóð fyrir ofan lög og rétt.

Eftir alla sína hneykslanlegu framkomu stendur hæstv. ríkisstj. ekki lengur á grundvelli réttar og laga. Hún er orðin leppstjórn erlendra

manna gegn íslenzku þjóðinni, sem lætur yfirboðurum sínum haldast uppi að brjóta lögin, en hneppir Íslendinga í fangelsi, ef þeir gera hið sama. Og þessi stjórn, sem svikizt hefur til valda að þjóðinni fornspurðri, — því að það var ekki Keflavíkursamningurinn og svona stjórn, sem þjóðin kaus í síðustu kosningum, — þessi stjórn býr sig nú undir að farga fjárhagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði landsins og binda það á skuldaklafa amerísku auðdrottnanna með Marshallhjálpinni svo nefndu. Ríkisstjórnin hefur látið blöð sín reka mikinn áróður fyrir þessari Marshallhjálp, en hún hefur aldrei þorað að skýra þjóðinni frá því, með hvaða skilyrðum Marshalllánin eru veitt. Ég hef hér fyrir framan mig lagafrv. það um Marshalllánin, sem nú liggur fyrir Bandaríkjaþingi, ásamt fylgiskjölum þess. Í þessu frv. er ætlazt til þess, að Ísland taka 38 milljón dollara — eða 250 milljón kr. — lán á næstu 4 árum. Ég skal nú nefna nokkur skilyrði, sem hver þjóð verður að gangast undir samkv. þessum lögum, ef hún tekur lánið.

Eitt skilyrði er að gera ráðstafanir til að festa gengið og halda „réttu gengi“. Það er nú þegar opinbert, að amerísku bankarnir heimta almenna gengislækkun í Evrópulöndunum, eins og þeir þegar hafa knúð fram í Frakklandi. — Forsrh. hótaði í vetur, er þrælalögin voru samþ., að ef fólkið ekki sætti sig við þau, þá skyldi gengið lækkað. Í samningunum við Breta mun meiningin að selja allar okkar afurðir fyrir sterlingspund. Engar varúðarreglur munu settar, ef pundið fellur. Og amerísku auðmennirnir heimta nú þegar, að pundið sé fellt. Það er auðséð, hvert stefnt er.

Annað skilyrði Marshalllánanna er að leggja til hliðar í innlendri mynt jafnháa upphæð og láninu nemur, og þann sjóð má síðan aðeins nota í samráði við stjórn Bandaríkjanna. Þetta þýðir, að ef Ísland tekur t. d. 250 millj. króna lán samkvæmt Marshallhjálpinni, þá skal leggja til hliðar 250 milljónir kr. í íslenzkum gjaldeyri, sem aðeins má nota með leyfi hins amerísku fjárhaldsmanns, sem hér yrði samkv. Marshalllögunum. Ef Íslendingar eftir 5—10 ár vildu t. d. virkja Þjórsá fyrir þetta sitt eigið fé, yrði að fá leyfi fyrir fjárveitingunni hjá þessum amerísku fulltrúa. Hann gæti bannað oss það, eins og danski kóngurinn einu sinni bannaði okkur að brúa Ölfusá. Íslendingar væru þá búnir að afsala sér fjárveitingavaldinu aftur.

Ég skal ekki telja fleiri skilyrði Marshalllaganna að sinni. Þetta nægir til að sanna öllum heiðarlegum Íslendingum, hvers vegna stjórnarblöðin þegja um skilyrðin.

En það er máske rétt að nefna tvö skilyrði í viðbót, sem ekki eru í lögunum, en koma því greinilegar fram í ræðum amerísku ráðherranna. Fyrra skilyrðið er sett fram af Marshall utanrrh. Bandaríkjanna. Það er svo: Hvert ríki, sem fær Marshallhjálp, skal skuldbundið til þess að hafa ekki sósialista í ríkisstjórn. — M. ö. o., hver Marshallþjóð skal afsala sér réttinum til þess að ráða því sjálf með frjálsum kosningum og frjálsu samkomulagi þjóðkjörinna þm., hvernig ríkisstj. er skipuð. — Síðara skilyrðið er sett fram af Forrestal, hermálaráðherra Bandaríkjanna, er utanríkismálanefnd öldungadeildarinnar yfirheyrði hann. Það er, að viðkomandi ríki ljái Bandaríkjunum herstöðvar. Þeim flökrar víst ekki við því skilyrði ráðherrum núv. ríkisstj. Ég læt þetta nægja til þess að sýna, hvers konar yfirgangsófreskja býr á bak við Marshalllögin, þegar mannúðargrímunni er svipt af þeim. En ef tilgáta mín um, að ríkisstj. ætli að taka Marshalllán, er röng, þá skora ég á hæstv. ríkisstj. að lýsa því yfir hér í áheyrn alþjóðar, að hún muni alls ekki taka lán samkv. Marshalllögunum, hvað sem á dynur, og hafa þá yfirlýsingu ótvíræðari en loforð sömu þm. við síðustu kosningar um að veita ekki herstöðvar — og halda það betur. En ég er hræddur um, að við fáum enga slíka ótvíræða yfirlýsingu. Ég veit ekki, hverju ríkisstj. svarar þessu um Marshalllánið. En ég veit, hverju hún svarar öllu öðru, sem ég hef sagt hér í kvöld. Það svar verður eitt þríraddað Moskva — Moskva — Moskva. Það verður eina svarið, sem þjóðin fær, ef hún heimtar Ísland fyrir Íslendinga. Eina svarið, sem verkalýðssamtökin fá, ef þau heimta atvinnu og brauð. Eina svarið, sem Ungmennafélag Íslands eða hvaða annað félag, sem heimtar Keflavíkursamningnum sagt upp, fær, — ef þeir fá svar. Séu það mjög velmetnir borgarar, sem kröfurnar gera, þá er þögnin svarið. Í vetur hélt félagið Þjóðvörn fjöldafund og krafðist m. a. uppsagnar Keflavíkursamningsins. Ekkert amerísku blaðanna, Morgunbl., Alþbl. né Vísir, fluttu eitt orð um þann fund. Í Tímann var smyglað inn 10 línum. — Þetta er aðstaða stjórnarblaðanna til þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga um miðbik 20. aldar.

Eftir að Bandaríkjastjórn ákvað að herða áróðurinn „gegn kommúnismanum“ út um allan heim, þá hefur hins vegar Morgunblaðið hert upp hugann og ræðst nú á þorrann af þm. stjórnarliðsins og ásakar þá um þjónustu við Moskvu. Ef einhver hlustandi skyldi ekki trúa því, að Morgunblaðið bæri mönnum eins og Hermanni Jónassyni, Páli Zóphóníassyni, Hannibal Valdimarssyni á brýn liðsemd við hinn austræna málstað fyrir að þeir stóðu við kosningaloforð sín í Keflavíkurmálinu, þá skal ég lofa ykkur að heyra, hvað Mgbl. segir í ritstjórnargrein um Framsfl. nú 19. marz. Leiðarinn heitir „Gamla klukkan“, og þar stendur orðrétt:

„Ef athuguð er afstaðan til utanríkismálanna, kemur í ljós, að í einu stærsta utanríkismáli, sem komið hefur til kasta Alþingis Íslendinga, snerist hvorki meira né minna en hálfur Framsfl. á þingi til liðs við austræna málstaðinn. Ræðir hér um flugvallarsamninginn.“

Þið heyrið: það að vilja Ísland frjálst er að ganga til liðs við austræna málstaðinn. Svona er brjálsemi nýfasistanna á Íslandi komin langt. Svona eru rökin í stærsta blaði landsins og öllum áróðri stjórnarliðsins. Þannig er verið að innlima Íslendinga andlega í málalið amerísku auðdrottnanna með áróðurskerfi þjóðstjórnarliðsins, — innlima okkur efnahagslega í nýlenduríki amerísku bankadrottnanna með Marshalláætluninni, — innlima Ísland hernaðarlega í árásarkerfi ameríska hervaldsins með Keflavíkursamningnum og vítaverðri framkvæmd hans. Það er nú daglega verið að fórna þeirri velmegun og

afkomuöryggi, sem Íslendingar voru byrjaðir að skapa sér, á altari þessarar brjálsemisbaráttu gegn kommúnismanum. Það er verið að reyna að forheimska og smekkspilla þjóðinni, svo að hún verði hæf til þess hlutverks, sem Wall Street ætlar henni. Það er verið að ofurselja efnahagslegt sjálfstæði okkar, svo að við höfum engan mótspyrnukraft gegn frekari landvinningakröfum ameríska auðvaldsins, eins og við höfðum 1945. Með þessum aðferðum á að tryggja ameríska hervaldinu Ísland sem stökkpall til árása á Evrópu, hvenær sem það vill. Og allt er þetta unnið af nokkrum ofstækisfullum áhangendum auðdrottnunarinnar, til þess eins að gera Ísland að einum reit á taflborði hinna stóru og oss Íslendinga að veslings fórnarpeðum voldugra auðhringa í hildarleiknum síðasta milli alþýðuvalds og auðmannavalds í heiminum. Það er engum vafa undirorpið, hvor sigrar í þeim leik. Stefna samhjálpar, samvinnu, sameignar — sósíalisminn — verður alveg tvímælalaust stefnu arðráns, stéttakúgunar og stéttabaráttu yfirsterkari hjá öllum þjóðum. Auðmannastéttir veraldarinnar geta reynt öll þau ráð, sem yfirstéttir heimsins hafa notað allt frá dögum spámannanna og hinna fyrstu kristnu til þess að bæla niður rödd lýðsins og kröfur fólksins. Þær geta ofsótt og bannað flokka sósíalismans og samtök verkalýðsins, þær geta fangelsað og myrt, en það getur ekkert hjálpað þeim. Fyrir rúmum 10 árum gerðu þrjú stórveldi heimsins bandalag „til þess að útrýma kommúnismanum". Það átti að kveða sósíalismann niður fyrir fullt og allt. En sósíalisminn er í dag sterkari en nokkru sinni fyrr, í fyrsta sinni í veraldarsögunni sterkari en yfirstétt mannkynsins, en stórveldin þrjú eru hrunin í rústir. Það er vita vonlaust fyrir auðmannastéttir veraldarinnar að ætla að sigra alþýðu heimsins, eftir að hún er búin að finna, hve sterk hún er. Það er vonlaust vegna þess, að meðan alþýða er til á þessari jörð, mun héðan af hugsjón sósíalismans alltaf koma upp hjá henni, magna hana og styrkja, unz hún sigrar, — og við skulum muna: að alþýðan getur lifað án auðmannanna, en auðvaldið getur ekki lifað einn dag án alþýðunnar. Auðvald Ameríku hefur aðeins eitt ráð til þess að hindra þróun mannfélagsins til sósíalismans: að sprengja þennan hnött í frumeindir sínar og binda þar með endi á lífið á jörðinni í sinni núverandi mynd. Við skulum vona, að því mistakist sú tilraun, ef það reynir hana í örþrifaæði sínu. Og mistakist hún, þá er vel hugsanlegt, að áður en þessi öld gengur til viðar, verði sú þjóð, sem nú er andlega fastast reyrð í viðjar auðvaldsins, hin unga, friska þjóð Bandaríkjanna, sú sem hefur forustu mannkynsins í þróun sósíalismans. Þjóð Washingtons, Lincolns og Roosvelts mun áreiðanlega ekki til eilífðar leggja sig undir járnhæl Morgans og Rockefellers. Við íslenzkir sósíalistar erum jafnöruggir um sigur alþýðunnar hér heima og við erum vissir um hann á heimsmælikvarða. Íslenzk alþýða hefur aldrei verið sterkari en nú. Samtök verkalýðsins hafa sýnt það á undanförnum árum, hve voldug verkamannastéttin er, þegar hún stendur sameinuð. Og verkalýðurinn stendur ekki einn. Íslenzkri alþýðu, jafnt millistétt sem verkalýð, er að verða ljóst, hvernig hið nýríka auðvald Reykjavíkur ræðst jafnt gegn öllum þeim smærri, sem bætt hafa hag sinn á undanförnum árum. Því fer fjarri, að íslenzk alþýða hafi nú engu að tapa. Hún hefur unnið mikla sigra undanfarið og mun gæta ávaxta þeirra sem sjáaldurs auga síns. Svo að segja hver einasta fjölskylda í verkamanna-, fiskimanna-, bænda- eða annarri millistétt á eitthvað það, sem áunnizt hefur í sókn alþýðunnar á síðustu árum, — allt frá hækkuðu kaupgjaldi til íbúðar eða atvinnutækis, — sem hún er reiðubúin til að verja gegn ránsherferð milljónamæringanna með öllum þeim mætti, sem hún á. Og um allt þetta mun verða mynduð sú samfylking vinnandi stéttanna, sem engin auðvaldsárás fær rofið. Vilji afturhald og auðvald Íslands baráttu við alþýðu þessa lands, eins og þessi afturhaldsstjórn nú hefur hafið, þá óttast alþýða Íslands ekki úrslitin. Hún er viss með sigur að lokum. Og selji auðvald Íslands framandi valdi land vort í hendur, eins og það nú er byrjað á, til þess að fá sér þannig vopnaðan bandamann gegn friðsamri vopnlausri alþýðu Íslands, þá mun siðferðisleg, andleg og pólitísk fordæming þessarar þjóðar á slíkri yfirstétt og atferli hennar verða því vægðarlausari og ósigur hennar því smánarlegri að lokum.

Frelsishreyfing íslenzkrar alþýðu er örugg um, að málstaður hennar sigrar, jafnvel þótt íslenzkt afturhald fremdi þann glæp að gera átök sín við alþýðu landsins að einum þætti í allsherjarárás amerísks auðvalds til að brjóta undir alræði sitt allar frjálsar þjóðir, — og sú árás er hafin. En með þessu ofstæki, sem einskis svífst, skapar íslenzkt afturhald vandamál, sem er miklu ægilegra en sigur eða ósigur annars hvors íslenzka aðilans í innbyrðis átökunum. Afturhaldið gerir með framferði sínu Ísland að styrjaldarvettvangi, ef stríð brýzt út milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Og hvers virði er það oss sem Íslendingum, þótt góður málstaður sigri, ef íslenzka þjóðin er ekki lengur til, þegar hildarleiknum lýkur? Það er þessi hætta, sem hver Íslendingur, sem nú nefnir heimsstríð eða jafnvel krefst stríðs til útrýmingar kommúnismans eins og Hitler forðum, verður að gera sér í hugarlund. Mér hrýs hugur við, þegar ég heyri suma Ameríkuagentana hér í Reykjavík tala um það með tilhlökkun, ef nýtt stríð brýzt út, — þá verði tækifæri til að græða. Við skulum horfast í augu við, hvað nýtt heimsstríð þýðir fyrir okkur nú. Þjóðir Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna geta misst 10—20 milljónir manna í stríði og náð sér aftur á áratug. Jafnvel þrautpínt Írland gæti misst milljón manna og írska þjóðin haldið áfram að lifa í jafnstóru landi og voru. En vér Íslendingar erum nú fyrst að ná okkur eftir sjö alda þrældóm og kvöl, sem næstum hafði gengið af okkur dauðum. Við getum ekki einu sinni misst 100000 manns án þess að þjóð vor hætti að vera til. Og það er þetta, sem nýtt heimsstríð getur þýtt. Það er þessi skelfing, sem jafnt vofir yfir oss öllum, sem nú byggjum þetta land, sem einstaklingum og sem þjóð, sem við framar öllu verðum að reyna að forðast. Það verður að hag-

nýta hvern möguleika, hve smár sem hann kann að virðast, til þess að bjarga þjóð vorri út úr þessari hættu tortímingarinnar, hagnýta hann með öllu því hugviti, festu og þrautseigju, sem til er í þjóð vorri. Tilvera þjóðarinnar er í veði, ef nýtt heimsstríð verður. Það veit enginn okkar, hvenær síðustu forvöð kunna að vera til að bjarga. Það er glæpur að sameina ekki alla krafta, sem þjóðin á, um að reyna allt, sem reynt verður í þessu skyni. Aldrei hefur neinn Íslendingur tekið á sig aðra eins ábyrgð gagnvart þjóð sinni og þeir valdamenn, sem vanrækja að reyna að forða lífi hennar, ef ægilegustu átök veraldarsögunnar skyldu nú dynja yfir. Ég ákæri fyrir dómstóli þjóðarinnar og sögunnar þá menn, sem svikizt hafa til valda að þjóðinni fornspurðri, og eru nú í blindu ofstæki að leiða þjóðina út í það, sem getur orðið gereyðing okkar þjóðar. Íslendingar! Þið, sem trúið Morgunblaðinu. Rifið slæðu forheimskunarinnar frá augunum. Ef nýtt heimsstríð brýzt út, vofir tortímingin í eldi þess yfir okkur öllum.

En hvað gerir yfirstétt lands vors, meðan þjóð vor er í mestri hættu, sem hún hefur verið í þau 1000 ár, sem hún hefur byggt þetta land? Auðmenn landsins bítast um arðinn, sem þeir sölsa undir sig af alþýðu manna. Pólitísk embættismannastétt valdhafanna vex sem hlass á þjóðinni, svo að þjóðarbúið *bognar undan þunga* hennar. Og ríkisstj. stritast við það eitt að sitja, rífst um allt, sem þjóðinni kynni að verða til góðs, og kemur sér aldrei saman um neitt slíkt, er óstjórnhæf og óstarfhæf, hangir saman á hatrinu einu, hatrinu gegn hugsjón alþýðunnar og kröfum hennar til batnandi lífs og aukinna áhrifa á örlög sín. Í þeim eldi hatursins, sem Mgbl. nú kyndir, mun Ísland brenna, ef hann er ekki slökktur í tíma. Morgunblaðið hefur alltaf verið fljótt að reyna að kveikja í hér heima, ef villtustu auðmenn heimsins hafa byrjað á brennuverki sínu hjá stórþjóðunum. Þegar auðmenn Þýzkalands létu brennuvarga sína kveikja í ríkisþinghúsinu og hófu útrýmingarherferðina gegn verkalýðshreyfingu og lýðræði Þýzkalands, ætlaði Morgunbl.liðið að tryllast af sama fögnuðinum og grípur það nú, er villtustu auðdrottnar Ameríku hóta að sprengja upp hnöttinn með þúsundum atómsprengna, ef þeir fái ekki að arðræna allt mannkynið. Ég hef séð þann eld brenna, sem þá var kveiktur, — ég hef séð Lundúnaborg loga, — og ég hef séð rústirnar, sem eftir hann urðu. Ég veit, að næsti eldsvoði veraldarinnar verður miklu ægilegri, ef út brýzt, og mun *ef til vill brenna heitast á oss Íslendingum.*

Það er skoðun hinna vitrustu hernaðarsérfræðinga, sem raunhæfast sáu fyrir gang síðasta stríðs, að ef auðvaldsríki Ameríku og alþýðuveldum Evrópu lendir saman í heimsstyrjöld, þá muni svo að segja strax alþýðuherir Evrópu standa við strendur Atlantshafs, og þá stendur okkar fámenna þjóð eins og lítið, nakið barn milli tveggja risa, grárra fyrir járnum, — barn, sem verður kramið til dauðs, ef annar hvor risinn nær að stíga fæti sínum á eyvirkið, er við erum í, til þess að höggva þaðan til hins. Sumir halda ef til vill, að hvorki sé til sá möguleiki að forða stríði né bjarga oss, ef stríð verður. Ég skal ekkert fullyrða um það. En ef til vill eru líka möguleikarnir til að bjarga þjóð vorri miklu meiri en við höldum, ef við aðeins sjálfir höfum þann siðferðislega kraft, sem þarf. Jafnvel í þessum kaldranalega heimi væri þó jafnvel meiri von um björgun með því að skírskota til mannkynsins eins og lítið barn, sem biður fyrir lífi sínu, heldur en með því að haga sér eins og siðspilltur negrahöfðingi, sem selur þjóð sína í þrældóm og landið sitt sem herstöð.

Það eru fleiri en við Íslendingar, sem langar til þess að lifa. Alþýða alls heimsins þráir frið. Það er auðvaldið eitt, sem grætt getur á stríði. Rödd þjóðar vorrar mundi bergmála víða um heim, ef hún hefði andlegt hugrekki til þess að koma fram sem mannsættir, tala máli friðarins, en undir honum er frelsi og tilvera vor sjálfra komin. En það getur hún ekki, nema hún standi sjálf sameinuð um slíkan málstað. Núv. ríkisstj. gerir allt, sem hún getur, gegn slíkri einingu um slíkan málstað. Þessi stjórn traðkar í sundur lögin, reynir af ýtrasta megni að slíta sundur innanlandsfriðinn, kyndir bál haturs og ofstækis, reynir að brjála svo dómgreind vor Íslendinga, að vér sættum oss við að vera undirþjóð í eigin landi, sem seljum herraþjóðinni landið á leigu sem herstöð. Þessi stjórn er orðin fulltrúi erlends valds gagnvart Íslendingum, *erlendrar yfirgangsstefnu, sem vill ræna okkur* landinu, ræna okkur vitinu og hirðir hvergi, þó að hún ræni okkur lífinu líka. Stjórnvizka þjóðar vorrar hefur á úrslitastundum sögunnar birzt jöfnum höndum í því að víkja hvergi frá yfirráðarétti vorum yfir þessu landi, eyjum þess og útnesjum, og hinu, að semja friðsamlega um þjóðfélagshættina, svo að andstæðum stefnum lysti eigi svo ægilega saman, að sjálft hið litla þjóðfélag vort sundraðist í átökunum. Ekkert er núverandi ríkisstj. eins fjarri og að beita slíkri íslenzkri stjórnvizku. — Ekkert er þjóð vorri önnur eins lífsnauðsyn og að slíkri stjórnvizku sé beitt.

„Ég veit mitt orð til einskis fer" gagnvart ofstækisfyllstu höfðingjum þessa lands, sem þegar eru ákveðnir í að ríghinda land vort við ameríska auðvaldið, svo að það verði eigi aftur leyst. En ég skírskota til þeirra mörgu smáu, er mál mitt heyra, — til þeirra, sem alltaf hafa borið uppi menningu, frelsi og líf þessa lands: að nú er komið að þeirri örlagastund okkar þjóðar, sem reynir á, hvort kynslóð vor er fær um að feta í fótspor beztu fyrirrennara sinna. Þess vegna reyni ég nú af veikum mætti, sem einn óbrotinn *borgari míns lands*, að skírskota til þín hlustandi góður, frá æðstu véum þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga. Það er á þínu valdi, hver sem þú ert, karl eða kona, ríkur eða fátækur, hvort orð mitt fer til einskis. Ég veit, að í brjáluðum kommúnistaæsingum peningavaldsins verður hver slík rödd kæfð, ef einmitt þú lætur ekki skynsemina ráða. Ég get aðeins sagt, hvað ég óttast, að geti verið framundan, það er þitt að ráða því, hvað það verður, að svo miklu leyti sem það er á voru valdi. — Og það eru ekki skýjaborgir, sem ég sé í dag, skýjaborgir, sem mig langar til þess að sjá fluttar niður á jörðina. Það eru rústir, sem ég óttast nú, ekki að-

eins rústir þeirra glæsilegu vona, sem við Íslendingar gerðum oss um sjálfstæði og vaxandi velferð þjóðarinnar, er við skópum lýðveldið og hófum nýsköpun atvinnulífsins 1944, heldur rústir Reykjavíkur, Keflavíkur, Hafnarfjarðar, — rústir eins og þær, sem ég hef gengið um í Varsjá, Berlín og annars staðar þar, sem fólkið hefur látið samvizkulausa, fégiruga auðmenn tæla sig undir yfirskini „baráttunnar gegn kommúnismanum“ til þess að fela þeim forráð sín, og þeir síðan skilið þá, sem af lifðu tortíminguna, eftir í rústum hruninna borga. Við skulum ekki hugga okkur við, að hér sé aðeins um hugaróra að ræða úr mér. Þegar brezk blöð, eða hið fræga enska tímarit New Statesman and Nation talar um virki Ameríkana í fremstu víglínu í Evrópu, þá nefna þau þessi fjögur lönd: Tyrkland, Grikkland, England og Ísland. — Þegar hið alkunna ameríska blað atomvísindamannanna (Bulletin of the Atomic Scientists) talar um hættuna, sem þessi lönd í fremstu víglínunni séu í, þá segir það: „Það er hægt að eyðileggja þau ríki, sem verða herstöðvar í fremstu víglínu fyrir okkur, með þeim sprengjufleygum („rakettum“) og flugvélum, sem nú þegar eru til taks. Ameríka getur því aðeins haldið þessum herstöðvum, með því að stofna þessum vinsamlegu þjóðum í þá hættu, að þeim verði gersamlega útrýmt og væntanlega gegn þeirra vilja.“

Og það eru ekki aðeins atomvísindamenn, sem þannig tala. Í Ameríku er þetta líka á alþýðu vitorði. Ung íslenzk stúlka, sem dvalið hefur í Ameríku, var nýlega að halda heim. Þegar hún sagði amerísku fólki, sem hún hafði kynnzt, frá því, að hún væri að fara til Íslands, þá sagði þetta fólk við hana: „Blessuð, vertu ekki að fara til Íslands. Bráðum verður stríð, og þá verða Íslendingar þurrkaðir út.“ Stúlkan svaraði: „Ef Íslandi verður gereytt, þá langar mig ekki heldur til að lifa.“ Og hún hélt heim. Íslendingum þykir enn fögur hlíðin. Líf og framtíð þess fólks, sem þannig elskar landið, er nú í höndum stjórnmálamannanna, sem ráða yfir þjóð vorri. Ég trúi núv. stjórn ekki fyrir lífi þess og framtíð. Nú er það aðeins þjóð vor sjálf og hún ein, sem getur bjargað, með því að sameina allt það bezta, sem í henni finnst, til þess að tryggja frelsi landsins og vald og tilveru Íslendinga á þessari ey. En það er bjargföst trú mín, að hún geti það, ef við Íslendingar aðeins leggjumst allir á eitt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 2. þm. Reykv. talaði um of mikið ofstæki í íslenzkum stjórnmálum. Það var eitt af fáu, sem rétt var mælt í ræðu hans, en skaut mjög skökku við önnur orð hans og daglega hegðun blaðs hans. Mig undrar t. d. ekki, þó að talsmenn háttvirts Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., hafi sitthvað að setja út á stjórnarstörf þau, sem þeir telja mig bera ábyrgð á því, því að hlýhugur sá, sem forustumenn þess flokks óneitanlega báru til mín um skeið, hefur þegar fyrir löngu tekið að kólna verulega og hefur nú síðustu mánuðina komizt langt niður fyrir frostmark. Kveður svo rammt að þessu, að það eitt að vera í ætt við mig, hefur í þjóðviljanum verið talið skyldmönnum mínum til skammar, samanber það, er hið málgefna blað sagði um bróður minn, að hann væri „annars sæmilegur maður“, þ. e. a. s. að slepptri þeirri ávirðingu að vera bróðir Bjarna Benediktssonar. En úr því að heift þeirra flokksmanna á mér kemur fram með svo margvíslegu og stundum hlálegu móti, sem raun ber vitni um, getur mig, sem sagt, ekki undrað, þó að það eitt, að ég ber t. d. ábyrgð á samningagerð við aðrar þjóðir og þ. á m. því, að unnið hefur verið að gerð verzlunarsamninga við England, hvetji forustulið háttv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., til enn meiri andstöðu gegn samningum við Breta en ella hefði verið, og er þó ekki á fjandskap þeirra í garð viðskipta við Breta aukandi. Því að enginn skyldi halda, að þetta væri í fyrsta skipti, sem þessir hv. þm. réðust harkalega gegn samningum við Breta. Kann ég ekki að nefna neitt dæmi þess, að þeir hafi ekki ráðizt heiftúðlega á samninga við þessa beztu viðskipta- og vinaþjóð okkar, nema ef verið hefur meðan algert bandalag var milli Rússa og Breta í síðustu styrjöld. Hefur mátt einu gilda um, hvort í raun og veru hafi verið í önnur hús að venda en til Breta eða ekki. Ætíð hafa þessir hv. þm. talið samningagerð við Breta jafnsvívirðilega. Þess vegna sagði Þjóðviljinn t. d. 28. jan. 1940 m. a. á þessa leið:

„Þjóðviljinn álítur ríkisstj. hafa framið hið háskalegasta verk með samkomulagi við Brezku stjórnina. Þess vegna verði þjóðin að taka í taumana og eyðileggja afleiðingarnar af þessu glapræði með því að gera samning við Þjóðverja líka.“

Þegar Þjóðviljinn hafði gefið upp alla von um, að verzlunarsamningar yrðu gerðir við Þjóðverja og siglingum haldið þangað meðan á stríðinu stæði, benti hann 2. apríl 1941 á, „að siglingaleiðin til Murmansk er álíka löng og til Englands og tvímælalaust áhættuminnsta siglingaleið, sem til greina kemur,“ enda vildi hann þá láta „leita leyfis beggja stríðsaðila til að sigla til Rússlands.“ Þetta var á þeim tíma, sem Þjóðverjar fengu mikinn hluta lífs- og hernaðarnauðsynja frá Rússlandi eða öðrum löndum yfir Rússland. Óþarft er að ræða um, hver gæfa hefði fylgt því fyrir Íslendinga, ef þá hefði verið farið að ráðum Þjóðviljans. En það mundi sízt gæfuríkara nú en þá.

Nú eins og áður þykist hv. Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., geta bent á nógu marga aðra en Englendinga til að semja við. Raunar er eins og þeir séu nokkuð linari að þessu sinni en stundum áður í því að fullyrða, að Rússar einir muni kaupa af okkur allar afurðir landsmanna. Það er eins og samningar hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, við afskipunarmanninn rússneska, hr. Semenov, hafi dregið nokkuð úr hinni blindu og ofsalegu trú á, að Rússar mundu vilja kaupa allar okkar vörur, aðeins ef þeir ættu kost á. Verður og að segja eins og er, að reynslan nú sýnir, að því fer fjarri, að Rússar séu ginnkeyptir fyrir samningsgerð við okkur. 2. des. í vetur gaf ég utanrrn. fyrirmæli um, að samtímis skyldi leitað viðskiptasamninga af okkar hálfu við Breta og Rússa. Bretar tjáðu sig skjótlega

fúsa til að taka upp samninga, og hefur undanfarið verið að þeim unnið, þó að fullnaðarsamningar séu enn ekki gerðir. Rússar svöruðu aftur á móti ekki fyrr en 13. janúar, en þá sögðu þeir, að með skírskotum til þess, að samningaumleitanir í fyrra hafi tekið of langan tíma, óski þeir eftir að fá lista yfir magn og tegundir þeirra vara, sem Íslendingar vilji selja til Rússlands og kaupa þaðan. Íslenzka utanrrn. samþ. slíka tilhögun þegar hinn 19. jan. og sendi síðan hinn 26. jan. vörulista símleiðis austur á bóginn. 30. jan. var þaðan óskað nokkurra nánari upplýsinga, og voru þær gefnar strax daginn eftir. Síðan hefur af okkar hálfu hvað eftir annað verið spurzt fyrir um undirtektir og líkur til samningagerðar, og var íslenzka sendifulltrúanum í Moskva í febrúar bent á það kurteislega af Rússa hálfu, að ekki væri um annað að gera en bíða, þangað til viðkomandi stjórnarvöld hefðu tekið ákvarðanir sínar, og fékk hann aftur sama svarið nokkru síðar.

Þarf eigi að fjölyrða um, hverjar afleiðingar þess hefðu orðið, ef samningar við Breta hefðu með öllu verið látnir bíða þangað til fullnægjandi svör fengust í Moskva, eða ef aðrar viðskiptaþjóðir okkar, þ. á m. Bretar, hefðu reynzt jafnseinar um svör sem Rússar.

Gangur samninganna í fyrra sýndi og, að rússnesk stjórnarvöld voru treg til ákvarðana, fyrr en samkomulag hafði náðst við Breta. Þá náðust þó að lokum samningar við Rússa, og var það að sjálfsögðu gleðiefni ríkisstj. jafnt sem öðrum Íslendingum, því að vissulega er það mikið áhugamál þessari ríkisstj. sem öðrum góðum landsmönnum, að við eigum skipti við sem flestar þjóðir, og þá eigi sízt við hina miklu og voldugu rússnesku þjóð. En vitanlega er það ekki á valdi okkar einna að kveða á um, hvort svo megi verða. Við getum ekki þröngvað vörum okkar upp á Rússa, fremur en aðrar þjóðir, og þær ákveða eftir sinni hentisemi, en ekki okkar, hvenær og hvort þær vilja við okkur semja.

Þó að eftir Semenovsævintýrið nokkuð hafi dofnað yfir þeirri draumsjón hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., að Íslendingar skyldu byggja alla sína framtíð á einkaviðskiptum við Rússa, þá linnir ekki ásökunum þeirra flokksmanna um, að linlega hafi verið haldið á samningum okkar við aðrar austlægar þjóðir. Er raunar ekki látið sitja við þá ásökun eina, heldur haldið fram, að núv. ríkisstj. vilji helzt ekki skipta við neina meginlandsþjóð, heldur halda viðskiptunum einungis að Bretum og Bandaríkjamönnum.

Hve staðlausar þessar ásakanir eru, sést bezt með því að bera saman útflutning okkar til ýmissa landa annars vegar árið 1946, þegar hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósíalistar, voru allt árið í stjórn og hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, réð yfir útflutningi sjávarafurða, og árið 1947, þegar núv. stjórn sat að völdum 11 mánuði. Bæði árin var útflutningurinn í heild mjög svipaður, eða sem næst 290 millj. kr., þó ívið lægri, 1 millj. síðara árið. Bæði árin er útflutningurinn til Bretlands langmestur, eða fyrra árið tæpar 106 millj. kr., en síðara árið rúmar 107 milljónir. Útflutningurinn til Rússlands er hins vegar rúmlega 57½ millj. 1946, en rúmlega 54 millj. 1947. Útflutningurinn til Rússlands minnkar þannig að vísu um 3 millj. En þess ber að gæta, bæði um Rússland og Bretland, að ef síldveiði hefði orðið svo sem vonir stóðu til á sumrinu 1947, hefði útflutningur til beggja landanna orðið mun meiri en raunin varð. Til Rússlands hefði hann sennilega numið nærri 90 millj. í stað þeirra 54, er hann raunverulega varð. Það stóð því ekki á íslenzku ríkisstj. um mikil skipti við Rússa 1947, heldur var það blessuð síldin, sem lét sig vanta til þess móts. — Útflutningurinn til Tékkóslóvakíu jókst hins vegar úr 8½ millj. 1946 upp í rúmlega 14 millj. kr. á árinu 1947. — Nokkru minni, en þó veruleg, aukning varð á útflutningnum til Frakklands, þ. e. a. s. úr rúmlega 8½ millj. upp í rúmlega 12 millj. Hlutfallslega miklu meiri varð aukningin til Póllands, eða úr 750 þús. kr. upp í 4½ milljón rúmlega. Mikil aukning varð einnig til Hollands, eða úr tæpum 2 millj. 800 þús. kr. í rúmar 6 millj. kr., og til Finnlands úr 1400 þús. kr. í 3800 þús. kr., til Grikklands úr 10½ millj. í tæpar 13200 þús. kr., til Þýzkalands úr 280 þús. kr. í 5280 þús. kr. Mestur varð samt munurinn á Ítalíu. Þangað var 1946 flutt fyrir tæpar 6½ millj., en 1947 fyrir rúmar 24 millj. kr. Útflutningurinn til Bandaríkjanna minnkaði hins vegar úr h. u. b. 38½ millj. kr. niður í tæpar 15 millj., og er það að vísu allt annað en ánægjuleg staðreynd, og hefði verið skynsamlegra að ávíta stjórnina fyrir hana en hitt, sem hún hefur verið sökuð um.

Af þessum tölum má sjá, hversu gersamlega staðlausar þær ásakanir eru, sem hv. Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., og málgögn hans hafa í tíma og ótíma látið dynja á mér og núv. hæstv. ríkisstj. um það, að við vildum eingöngu skipta við Bretland og Bandaríkin, en forðast skipti við einmitt þau lönd, sem mesta aukningin hefur orðið á skiptum við í okkar stjórnartíð. Fer því einnig mjög fjarri, að við höfum látið við þetta sitja. Í haust var undirritaður samningur við Holland, sem gerir mögulegt, að útflutningurinn þangað verði h. u. b. 30 millj. kr. Þá hefur í sambandi við brezku samningana verið unnið að fullnaðarsamkomulagi um fisksölu okkar í vesturhluta Þýzkalands, en þegar áður var búið að semja að meginstefnu um, að þangað mætti á þessu ári selja allt að 70 þús. tonn af fiski. Telja kunnugir, að togaraútgerðin eigi líf sitt undir þeim markaði, sem þar hefur fengizt. Að vísu skiptir það ekki miklu máli, en nú þegar er búið að flytja til Þýzkalands 3400 tonn af ísaðri síld við góðu verði, og má bera það saman við, að hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, lét í ráðherratíð sinni flytja út 377 tonn af sams konar síld, og varð tap á þeirri framkvæmd að upphæð kr. 63880.81.

Nú nýlega hefur og samningur verið undirritaður við Tékkóslóvakíu, sem á að gera möguleg helmingi meiri viðskipti á árinu 1948 en voru 1947, en h. u. b. 4 sinnum meiri voru 1946, þegar hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, Sósfl., voru í ríkisstj. Málsvarar þess flokks hafa raunar sakað mig um, að ég hafi staðið á móti þeim samningum og tafið þá. Sannleikurinn er alveg gagnstæður. Þegar sýnt var, hversu stórum samn-

ingum var unnt að koma á í Tékkóslóvakíu s. l. haust, þá lét ég með góðu samþ. annarra stjórnvalda hér ganga í, að slíkt þyrfti ekki að stranda á íslenzkum innflutningsyfirvöldum. Þessu varð ekki komið á nema með mikilli vinnu og breytingu á innflutningi okkar frá því, sem áður hafði verið. Þetta tók töluverðan tíma, en vegna þess, af hverju kappi var unnið og af einlægum vilja til lausnar málsins, þá tókst þó að lokum að ná því, sem við vildum vinna að.

Hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósialistar, hafa talið það til sérstakra gæða núv. hæstv. ríkisstj. í Tékkóslóvakíu, að hún skuli hafa gert þennan samning. Auðvitað ber að fagna því, að núv. ríkisstj. Tékkóslóvakíu skyldi, eins og hin fyrri, vilja semja við Íslendinga. Þó hygg ég, að hjá báðum hafi ráðið hið sama. Báðar hafa þær talið það landi sínu til góðs að semja við okkur, enda er það mála sannast, að þó að margir gallar séu á algeru einræði fram yfir jafnvel takmarkað lýðræði, þá fylgja einræðinu samt, sem betur fer, ekki þau ósköp, að fólkið hætti að borða fisk eða skepnurnar síldarmjöl af sjálfdáðum jafnskjótt og einræði skellur á. Mun um þessa samninga sem flesta aðra gilda hið sama og Rússar sögðu við íslenzku samningamennina í fyrra, „að þeir mundu sem góðir kaupmenn gera kaupin þar, sem þau væru hagkvæmust.“

Það er þessi grundvöllur gagnkvæmlega hagkvæmra viðskipta, sem núv. ríkisstj. hyggur, að utanríkisverzlun okkar verði einungis byggð á. Við teljum okkur auðsæjan hag að því að hafa vinsamleg viðskipti við sem flestar þjóðir. Við teljum, að hagurinn muni ekki fara eftir því, hvaða stjórnarfyrirkomulag ríkir í hverju landi, heldur hvaða greiðslu við fáum á hverjum stað, og verður þá m. a. að gæta nokkurs hófs í því, hversu miklir vöruskiptasamningar eru gerðir, því að verðlagið skv. slíkum samningum sést t. d. af þvottaefninu, sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, býsnaðist yfir. En sams konar verðlagi á öllum innfluttum vörum sækist þessi hv. þm. eftir.

Hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósialistar, fara hins vegar ekki dult með það, að þeir vilja beina meginhlutanum af útflutningi okkar austur fyrir járntjaldið, og virðist hin æðsta hugsjón þeirra vera sú, að afurðir okkar séu ekki etnar af neinum öðrum en þeim, sem kommúnistiskri stjórn lúta. Ein helzta ástæðan fyrir þessari afstöðu þeirra er vafalaust trúarleg lotning þeirra og dásömun á öllu, sem kommúnistiskan keim ber, og þá ekki síður því, sem einnig er rússneskt að uppruna. Þessi auðmýkt þeirra kemur fram með ýmislegum hætti og stundum ærið broslegum. Viðskiptasamningar hv. þm. Siglf. (ÁkJ) við rússneska afskipunarmanninn, hr. Semenov, áttu vafalaust rætur sínar að rekja til þess, að hinn síðarnefndi var rússneskur að ætt og hingað sendur af kommúnistiskri stjórn.

Hið sama kemur einnig fram á ekki síður kynlegan hátt í ýmissi fræðslustarfsemi hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., um kommúnismann í Rússlandi. Eitt af því, sem þessir menn nota hér á landi sérstaklega í áróðursskyni, er átölur á óhófslíf „yfirstéttarinnar“, sem þeir kalla svo. Hafa þeir flokksbræður meðal annars viljað hindra, að vínveitingar væru í opinberum veizlum, til að stuðla að bindindi og einföldum lifnaðarháttum. Hefur þetta að vísu nokkuð stangazt á hegðun sjálfra þeirra, allt frá því, er fyrsti bæjarstjóri úr þessum flokki bauð broddborgurum staðarins „upp á glas“, svo sem ótvírætt var fram tekið í fagurlega prentuðu boðskorti, og þangað til ráðh. flokksins héldu eigi síður en embættisbræður þeirra fagrar veizlur á almannakostnað á valdatíma sínum. Þrátt fyrir þessa framkomu þeirra hefur ekki vantað atkvæði þeirra á Alþingi, er þeir voru að segja öðrum fyrir verkum um hófsama hegðun, né hefur skort á orðaskvaldur þeirra, hvort heldur í Þjóðviljanum eða gegnum málpípu þeirra, hv. 6. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson. Sumt, sem útgáfufyrirtæki flokks þessa, Mál og menning, hefur birt um ástand í þessum efnum í óskalandi kommúnismans, skýtur raunar mjög skökku við annan áróður þeirra hér á landi, þó að það sé ekki eins fjarlægt því, sem framkvæmdin hefur orðið bæði hjá hv. sameiningarflokksmönnum alþýðu, sósialistum, og öðrum, og hefur sú framkvæmd þó frekar verið kennd við fordæmanlega „yfirstéttarsiði“ en „draumsjónir verkalýðsins“. En einmitt það, að þeir flokksmenn skuli taka sig fram um að birta slíkt hér á landi, sýnir, hvílíkt dálæti þeir hafa á öllu, sem kommúnistiskt er. — Ein slík frásögn er í bók eftir ameríska blaðamann, Richard E. Lauterbach. Nefnist bókin „Réttlæti, en ekki hefnd“ og er gefin út af Máli og menningu í Reykjavík 1946. Nokkur formálsorð hefur einn af helztu forvígismönnum kommúnista hér á landi, Ásgeir Blöndal Magnússon, ritað. Í formálsorðunum segir Ásgeir um höfundinn: „En hitt er meira um vert, að hann hefur ágætis athyglisgáfu, hann er heiðarlegur í frásögn sinni og gerir sér einlæglega far um að komast að því sanna.“ Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa nokkra kafla úr þessari bók, og birtast þeir á síðu 112—118. Þar segir svo:

„Einu skiptin, sem Sovétleiðtogarnir sýna á sér fleiri en eina hlið, sérstaklega útlendingum, er þegar þeir hvíla sig og fá sér vodka í veizlum og samkvæmum. Þá skemmta þeir sér með sama áhuganum og þeir vinna störf sín ....

Í febrúar (þ. e. meðan á stríðinu stóð) var mér boðið að mæta í samkvæmi, sem haldið var í tilefni af tuttugu og sex ára afmæli Rauða hersins. Það voru Molotov-hjónin, sem buðu. Boðskortið var skrautlegt, og á því stóð „samkvæmisklæðnaður með heiðursmerkjum“. Samkvæmið var haldið í Spirodonivka-höll, þar sem Moskvuráðstefnan var haldin. Hún er ekki í Kreml, en strangur vörður er hafður um hana. Öryggislögreglan við hliðin leit samt ekki á boðskortið mitt né skilríki. Þeir þekkja alla útlendinga í Moskvu í sjón. Mér fannst oft, að þeir mundu geta sagt mér, hvað ég hefði borðað í morgunverð á þriðjudaginn fyrir þrem vikum. — Um hálf-níuleytið byrjuðu Molotov-hjónin að taka á móti gestunum í einum af kristalsdanssölum hallarinnar. Þau stóðu undir

glitrandi kristalsljósakrónu og tóku í hönd allra. Hópur eftir hóp af skrautklæddum stjórnarerindrekum, stássstofu-hershöfðingjum og baðkarsflotaforingjum frá öllum siðmenntuðum löndum jarðar, þar á meðal frá Japan, kom inn í salinn ....

Í þrjá stundarfjórðunga streymdu gestirnir inn, stórir og smáir ....

Þegar móttakan var um garð gengin, voru drukkin nokkur glös, og síðan voru hljómleikar. Að hljómleikunum loknum leiddi Molotov hópinn að matborðunum. Borðsalirnir voru tíu. Á miðju gólfi hvers þeirra stóð borð, hlaðið mat og drykk. — Sakúski (dýrindisfæða) frá styrjuhrognum til nautasteikar og andakjöts var þar í svo ríkum mæli, að þegar heitu réttirnir komu nokkrum klukkutímum síðar, var enginn svangur nema þjónarnir. Þeir hlóðu í sífellu diska og hurfu með þá bak við hin þykku silkitjöld. Máltíðin var ágæt og endaði með alls konar ábætum og rauðu kampavíni. — Flestir gestanna sáu fyrir sér sjálfir, en í bakherbergi voru borð, þar sem hægt var að fá réttina færða sér. Þar sátu Molotov-hjónin ....

Snemma var byrjað að skála á mörgum tungumálum ....

Um miðnætti byrjuðu gestirnir að reika milli herbergjanna ....

Þarna var að finna alla helztu leiðtoga Sovétríkjanna, veraldlega og andlega, nema hershöfðingjana í herforingjaráði Rauða hersins og Sdanov, formann flokksins í Leningrad ....

Ég gekk aftur til herbergisins, þar sem hinir hæstsettu gestir höfðu nú breytt um vínteg undir og voru farnir að drekka kampavín í stað vodka ....

Kl. 2 eftir miðnætti var veizlan sem fjörugust. Í hinum stóra danssal var dansað og hlegið, en á milli dansanna sungu þeir Koslovski og Baturin, tveir vinsælir söngvarar. Visinsky hafði augsýnilega lagt alla leynilega stjórnmálastarfsemi á hilluna þetta kvöld og var ákveðinn í að skemmta sér sem bezt og sjá til þess, að allir aðrir gerðu það líka. Hann var í einum hinna nýju dökkbláu einkennisbúninga rússnesku utanríkisþjónustunnar, og á honum hékk Lenin-orða hans ....

Í enn öðru herbergi drukku Búdjónni og Vorosjilov skálar á víxl, meðan aðstoðarforingjar þeirra biðu í kringum þá og veltu fyrir sér, hvernig þeir gætu fengið þá til að hætta ...

Kl. þrjú um morguninn byrjuðu menn að fara. Þjónarnir fóru að telja silfurborðbúnaðinn. Hljómsveitin lék enn þá og Visinsky var að dansa fallegan vínarvals. Búdjónni hélt utan um tvo riddaraliðsforingja, og þeir sungu gamlan kósakkasöng. Ehrenburgh hélt enn hrókaræður yfir Maiski.

Margir gestanna fóru ekki fyrr en umferðarbanninu var aflétt kl. 6 um morguninn. Ég staulaðist heim fótgangandi ásamt nokkrum öðrum fréttariturum. Á leiðinni vorum við stöðvaðir af varðmanni og beðnir um næturvegabréf okkar. Sumir okkar voru með þau á sér, en við sýndum þau ekki. Í stað þess svöruðum við: „Við vorum hjá Molotov-hjónunum". Varðmaðurinn blíðkaðist ekkert. Honum var sýnt eitt boðskortið ..... Svipur hans og látbragð breyttist skyndilega. Hann kom aftur, rétti okkur boðskortið, heilsaði okkur að hermannasið, bað okkur að afsaka og bauð okkur góða nótt."

Ég vek athygli á því, að þessi lýsing er lesin úr riti, sem sjálft félagið Mál og menning, þá undir forustu Kristins Andréssonar, fremsta menningarfrömuðs kommúnista hér á landi, hefur dreift í þúsundum eintaka um land allt. Enda segir Ásgeir Blöndal Magnússon í formála sínum, að höfundurinn „leyfi staðreyndum að tala sínu máli", hann segi „hispurslaust frá skorti og vandræðum, erfiðum kjörum og baráttu fólksins og lýsir einnig draumum þess og hetjudáðum."

Auðvitað skortir mig öll skilyrði til að dæma um sannleiksgildi þessarar frásagnar. Það skiptir ekki heldur máli í þessu sambandi. Það er ekki lýsing á samkvæmislífi ráðamanna í Moskva, sem hefur þýðingu fyrir okkur, heldur hugarástand þeirra manna í flokksfyrirtæki kommúnista hér á landi, Máli og menningu, sem láta slíka lýsingu frá sér fara í áróðursskyni í mörg þúsund eintökum og tala um það í sömu andránni, að verið sé að lýsa „draumum" fólksins. Þegar íhugað er þetta sálarástand ráðamanna í hv. Sameiningarflokki alþýðu, Sósfl., þá er það skiljanlegt, að þeir hafi jafnmikinn hug á að koma í veg fyrir, að nokkrir aðrir en kommúnistar eti íslenzkan fisk, sem að verja allar athafnir kommúnistiskra stjórna, bæði í innanríkis- og utanríkismálum, svo sem þær væru beinlínis gerðar til framdráttar flokki þeirra hér á landi og í hans umboði.

Nú verður því ekki neitað, að hin kommúnistisku ríki, og þá einkum Rússland, hafa gerzt ærið athafnasöm á vettvangi utanríkismála hin síðari ár. Áður en síðasta heimsstyrjöld hófst, var aðeins eitt kommúnistaríki til, að vísu harla stórt, sem sé Sovétsambandið rússneska. Með leynilegum viðbótum griðasáttmála Þýzkalands og Sovétsambandsins frá 23. ágúst 1939 var svo ákveðið, að austurhluti Póllands, Bessarabía og baltnesku löndin, þ. e. Finnland, Eistland, Lettland og Lithauen skyldu verða á áhrifasvæði Sovétsambandsins. Þrátt fyrir sakleysislegt orðalag leyniákvæða þessara duldist hvorugum hinna háu samningsaðila, hvað í þeim fólst. Þjóðunum, sem um var samið, lærðist það hins vegar ekki fyrr en smám saman, því að enginn fulltrúi þeirra var kvaddur til þess móts, er örlögum þeirra var ráðið til lykta. Leið þó ekki á löngu, áður en íbúarnir í Austur-Póllandi, Eistlandi, Lettlandi, Lithauen, Bessarabíu og Finnlandi fundu af eigin raun, hvað það kostar þegnana, jafnvel í öðrum og sjálfstæðum ríkjum, þegar slíkir sættast sem Stalin og Hitler, því að *á næstu mánuðum eftir gerð* griðasáttmálans voru öll þessi lönd innlimuð Sovétsambandinu nema Finnland, sem þó átti mjög um sárt að binda eftir vetrarstyrjöldina 1939—1940. Þeir atburðir, sem síðan hafa gerzt *í Júgóslavíu, Póllandi, Rúmeníu, Búlgaríu, Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu* og nú eru að gerast í Finnlandi, eru í beinu framhaldi hinna, sem hófust með gerð griðasáttmálans 23. ágúst 1939.

Auðvitað getur engum blandazt hugur um meginþýðingu þessara atburða fyrir alla þá, sem lifa í þeim hluta heims, er við byggjum.

Þess gerist engin þörf fyrir mig að lýsa hér, hvílíkum óhug hefur slegið á allan þorra Íslendinga sem aðra frjálshuga menn um heim allan við atburði þessa. Fjölmargar samkomur, bæði hér á landi og með nágrannaþjóðum okkar, hafa lýst hinni almennu óbeit, er athæfi þetta allt hefur vakið, og er þó ekki nema að vonum, að það veki sérstakan ugg hér á landi, er við sjáum hverja þjóðina af annarri missa frelsi sitt á ný, er það höfðu öðlazt um svipað leyti og við fengum fullveldi okkar viðurkennt 1918, og voru því að vissu leyti jafnaldrar okkar. En þeim mun ískyggilegra er, að til eru Íslendingar, sem ekki aðeins afsaka og verja þessa atburði, heldur draga enga dul á, að þeir telji alla þessa atburðarás hið mesta fagnaðarefni, sem þeir miklast yfir að eiga nokkurn þátt í. Í hópi þessara manna skal fyrstan frægan telja Halldór Kiljan Laxness, sem lét svo ummælt um örlög Póllands á árinu 1939:

„Þrem vikum eftir undirskrift griðasáttmálans er bolsévisminn á bökkum Veiksel. Fimmtán milljónir manna í miðaldalegu lénstímaríki, sem frægt var fyrir mestu bændaörbirgð á Vesturlöndum, hafa árekstralítið og án verulegra blóðsúthellinga hoppað inn í ráðstjórnarskipulag verkamanna og bænda.

Ég skil ekki almennilega, hvernig bolsévikkar ættu að sjá nokkuð hneyksli í því, að 15 milljónir manna eru þegjandi og hljóðalaust innlimaðir undir bolsévismann."

Ummæli sama skálds réttum 9 árum síðar sýna, að kaldyrði þess um sorgarsögu Pólverja 1939 voru engin augnabliks skyssa, heldur mælt af öruggri sannfæringu, því að 15. nóv. 1947 segir skáldið svo:

„En það er nú svona samt, að kommúnisminn er kominn inn í miðja Evrópu og fram með öllu Eystrasalti og í Berlín og á alla mögulega staði, þar sem hann þótti óhugsanlegur fyrir fáeinum árum. Það virðist svo sem ekkert geti stöðvað hann, staðbundnir sigrar eða ósigrar í einhverjum útkjálkakosningum ráða þar ekki neinum úrslitum."

Þær útkjálkakosningar, sem skáldið á við, voru í Frakklandi, Englandi, höfuðborg Ítalíu, Noregi, Danmörku og Finnlandi. Í öllum þessum löndum gengu frjálsir menn til kosninga, en það telur skáldið ekki mikils um vert. Í augum þess skiptir öllu máli, hvort kommúnisminn sækir fram eða ekki. Hjá skáldinu hefur vilji fólksins sjálfs enga þýðingu. Ef fólkið sér ekki sjálft, hvað því er fyrir beztu, telur skáldið, að aðrir verði að hafa vit fyrir því með þeim fyrirvara einum, að auðvitað verða þessir forvígismenn fólksins að hafa vit á því að vera Halldóri Kiljan Laxness sammála.

Mörgum hefur hrosið hugur við kaldlyndi því, er lýsti sér í þessum ummælum skáldsins. En það er fullkominn misskilningur að ásaka skáldið persónulega. Í orðum skáldsins kemur einmitt fram einn meginþátturinn í öllu fræðikerfi kommúnismans, sem sé sá, að allt ríkisvald, sem ekki er í höndum kommúnista, sé hættulegt fyrir framgang kommúnismans og þar með velgengni alþýðunnar, hvort sem því er beitt inn á við eða út á við í skiptum milli ríkjanna. Af þessu draga kommúnistar þá ályktun, að splundra verði ríkisskipulagi allra þjóða, sem ekki hafa tekið upp kommúnismann.

Í riti sínu um „vandamál í kenningum Lenins" kemst Stalin svo að orði: „Umbótamanninum eru umbæturnar allt .... Í augum byltingamannsins aftur á móti .... eru umbæturnar ætíð gerðar til að grafa undan þjóðskipulaginu .... ætlaðar til að vera virki fyrir áframhaldandi eflingu byltingarhreyfingarinnar."

Í sama riti segir Stalin enn fremur: „Alþjóðleg þýðing byltingar okkar liggur í því, að hún er .... fyrsta skref í heimsbyltingunni og öruggur grundvöllur fyrir áframhaldandi eflingu hennar .... Hvað er land okkar, þegar það byggir upp sósíalismann, annað en grundvöllur fyrir heimsbyltinguna?"

Í ljósi þessara kenninga er fögnuður Halldórs Kiljans Laxness og annarra kommúnista yfir frelsismissi þjóðanna skiljanlegur. Meðan þær njóta enn frelsis síns, eru þær í augum þessara manna sem villuráfandi sauðir. En þegar ægivald kommúnismans umlykur þær, þykir þeim sem þessar þjóðir séu eins og barn í móðurfaðmi. Og úr því að þeir líta svo á, hljóta þeir ekki síður að óska þjóð sinni að komast í þennan náðarfaðm en þeir óska þess öðrum og sér fjarlægari þjóðum. Í ljósi þessa er og auðskilið, af hverju kommúnistar í Noregi vildu ólmir, að Rússar fengju herstöðvar á Svalbarða, en kommúnistar hér á landi slógust í för með sér þjóðræknari mönnum um að neita því, að Bandaríkin fengju herstöð á Íslandi. Hnattstaða Svalbarða er slík, að Rússar töldu sér fært að fara þess á leit að fá þar herstöð. Lega Íslands er aftur á móti sú, að að óbreyttum valdahlutföllum í heiminum gat ekki komið til greina, að Sovétríkin fengju herstöð hér. En úr því að hinu bezta varð ekki náð, létu kommúnistar sér nægja hið næstbezta, sem sé að þykjast vinna að því með öðrum Íslendingum, að engin erlend þjóð fengi hér hernaðarbækistöð. Af því varð þó sá árangur í þeirra augum, að Ísland varð varnarlaust og því opið öllum, sem á okkur vilja ráðast. Þó að þeir í því skyni þyrftu að bregða sér í dulgervi þjóðernisástarinnar, sem þeir annars þykjast hafa yfirunnið, tóku þeir sér það ekki nærri, því að höfuðspámaður þeirra, Lenin, hefur einmitt í ritinu „Barnasjúkdómur vinstri stefnunnar í kommúnismanum", skrifað: „Við verður að vera reiðubúnir að nota brögð, svik, lögbrot, að skjóta undan og fela sannleikann". Meðal boðorða Lenins er og þetta: „Við getum og verðum að rita .... á því máli, sem sáir meðal fjöldans hatri, viðbjóði, fyrirlitningu og svipuðum tilfinningum til þeirra, sem aðra skoðun hafa".

Menn sjá af þessu, hvaðan nýársboðskapur Þjóðviljans um meira miskunnarleysi muni vera sprottinn. En þó að mönnum þyki baráttuaðferðir kommúnista vera hatursfullar, þá mega menn ekki halda, að miskunnarleysið spretti af mannvonzku hvers einstaks kommúnista um

sig. Í hugum kommúnista er kommúnisminn ekki aðeins stjórnmálaskoðun, heldur óyggjandi vísindi. Þeir telja, að með kommúnismanum sé í eitt skipti fyrir öll fundin lausnin á öllum þjóðfélagsvandamálum. Í huga sínum sameina kommúnistar sannfæringu vísindamannsins um réttmæti kennisetninga vísindanna við trú strangtrúarmannsins á æðri opinberunum. Gallinn er sá, að í augum alls þorra manna hefur kommúnisminn hvorki helgi trúarsetninganna né sannleiksgildi staðreynda og lögmála vísindanna. Við vitum of mikið um uppruna kommúnismans til að við getum trúað á hann sem guðdómlega opinberun, jafnvel þó að frumhöfundur hans hafi verið fjölfróður síðskeggur af ætt spámannanna og kirkjurit austur í Moskva hafi nýlega skýrt frá því, að Stalin sé af guði sendur. Fræðilegur grundvöllur kommúnismans hefur og ætíð verið of veikur til, að hann ætti nokkuð skylt við vísindi, enda hefur reynslan afsannað réttmæti flestra af kenningum Karls Marx, þó að hinu verði ekki neitað, að fáir hafi haft meiri áhrif með skrifum sínum en einmitt hann, að vísu um sumt til góðs, en þó að mestu til ills. — En þó að við, sem ekki erum blindaðir af trúarofstæki kommúnismans, sjáum veilurnar, sem í honum eru, má það ekki verða til þess, að við misskiljum eða vanmetum þá, sem enn trúa kenningum hans jafnörugglega og því, að jörðin gangi umhverfis sólina. Allir þeir, sem þessa trú eða kenningu játa, hvar sem þeir eru í heiminum, telja sig tilheyra einum og sama flokknum. Um þetta vitna ekki aðeins dagleg orð og athafnir kommúnista um víða veröld, svo sem t. d. skrif Þjóðviljans hér á landi undanfarin misseri. Heldur hefur þetta og beinlínis sannazt á lögfræðilega óyggjandi hátt um framferði hinna alræmdu kommúnistisku njósnara í njósnaramálunum frægu í Kanada. En þar kom á daginn, að menn, sem í daglegri breytni máttu ekki vamm sitt vita, létu leiðast til að fremja landráð gegn þjóð sinni, vegna þess að þeir með því héldu sig vera að vinna að sigri hins alþjóðlega kommúnisma. Þeir höfðu bundizt þeim félagsskap, alþjóðasamtökum kommúnista, er í huga þeirra blandaðist saman við Sovétríkin rússnesku, sem þeir settu ofar sínu eigin föðurlandi. Sama ber enn við í Noregi, þegar nafntogaður kommúnisti þar heitir þjóð sinni því, að þar muni innan skamms endurtaka sig atburðirnir í Tékkóslóvakíu. Sumir mundu sjálfsagt segja, að ekki sé að marka það, hvernig kommúnistar komi fram í Kanada eða Noregi. Íslendingar, þótt kommúnistar séu, hafi annað eðli, og á orðaskvaldri Þjóðviljans taki enginn maður mark. Að vísu tala líkurnar sínu ótvíræða máli, og fáir munu trúa því, að það sé tilviljunin einber, að þeir eru skólabræður frá Moskva Gottwald forsrh. í Tékkóslóvakíu og Þóroddur Guðmundsson fyrrv. alþm., sá sem sagði: „Hvað varðar okkur um þjóðarhagsmuni?“ En við á Alþ. Íslendinga þurfum engar getgátur um þetta efni. Við höfum fyrir okkur ummæli manns, sem við persónulega metum mikils, þó að við séum honum mjög ósammála, þ. e. hv. 4. landsk. þm., Brynjólfs Bjarnasonar, aðalstjórnanda hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl. hér á landi. Á 7. þingi Komintern í Moskva mælti hann á þessa leið:

„Að vísu erum við *lítill flokkur*, en við erum einn hluti hins mikla byltingarflokks heimsins, sem á slíka menn að foringjum eins og Stalín og Dimitroff“.

Dimitroff þessi er sá hinn sami, sem nýlega á þingi þjóðar sinnar hótaði stjórnarandstöðunni *með líflát, ef hún gerðist svo djörf* að greiða atkvæði á móti fjárlagafrv. ríkisstj. En allir vissu, að það voru ekki orðin tóm, sem þar voru viðhöfð, því að skömmu áður hafði Dimitroff staðið fyrir aftöku Petkovs, eins af frjálslyndustu stjórnmálamönnum Búlgaríu, og síðan réttlætt líflát hans með því, að það mundi ekki hafa orðið, ef Vesturveldin hefðu ekki mótmælt aftökunni. Sjálfur hafði Dimitroff lent í höndum nazista á árinu 1933. Var hann þá ákærður fyrir þátttöku í Ríkisdagsbrunanum, en slapp úr þeim heljarklóm vegna mótmæla hins siðmenntaða heims á því réttarmorði, er menn hugðu, að á honum ætti að fremja. Á árinu 1947 „varð“ Dimitroff hins vegar að láta taka landa sinn af lífi, vegna þess að ella óttaðist hann að verða fyrir álitshnekki. En hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, hefur lengi haft mikið dálæti á Dimitroff, því að 1939 skrifaði Brynjólfur:

„Í því sambandi er gott að minnast orða Dimitroffs: Prófsteinninn á einlægni og heiðarleik hvers *starfmanns* verkalýðshreyfingarinnar, hvers verkalýðsflokks og hvers lýðræðissinna í auðvaldsríkjunum, er afstaða hans til hins mikla lands sósíalismans“.

En frá eigin brjósti skrifar Brynjólfur þá: „Vonir verkalýðsins um sigur sósíalismans eru tengdar við það, að til er sósíalistiskt stórveldi, sem ræður yfir sjötta hlutanum af þurrlendi jarðar“. — Og sumarið 1941 sagði Brynjólfur hér á Alþingi: „Þeir munu reynast beztir Íslendingarnir, sem hafa hina sósíalistisku alþjóðahyggju að leiðarvísi í allri sinni framkomu“. Í sömu ræðu sinni segir Brynjólfur Bjarnason um herverndarsamninginn við Bandaríkin frá 1941: „Það mun verða litið svo á, að með yfirlýsingu ríkisstj., hæstv. forsrh. til forseta Bandaríkjanna, hafi Ísland glatað hlutleysi sínu. — — — Þýzka útvarpið lét ekki á sér standa að lýsa því yfir, að Bandaríkin séu komin þangað, *sem stríðið er, og þar verði skotið án allrar miskunnar*. — — —

Ef ráðstafanir Bandaríkjanna yrðu til þess, að veitt yrði virk aðstoð í þeirri baráttu, sem háð er á austurvígstöðvunum, þá mundu Íslendingar ekki heldur telja eftir sér það, sem af því stafaði, en það er bezt að láta verkin tala“.

Þarna er ekki farið dult með, hvað inni fyrir býr. Ef Íslendingar verða Rússum að gagni, þá telja þeir ekki eftir sér, að skotið verði á þá án allrar miskunnar. Menn beri þetta saman við hræsnisskraf hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, um hlutleysisstefnu þessara herra.

Nú þykir mér eðlilegt, að menn spyrji mig: Ef allt þetta er rétt, sem þú segir um eðli og starfshætti kommúnista, og engu af því er hægt

að hnekkja vegna þess, að það er allt byggt á óhagganlegum staðreyndum og ummælum kommúnista sjálfra um stefnu sína, hvernig stendur þá á því, að þú skyldir vinna að því, að kommúnistar kæmust í stjórn á Íslandi og síðan styðja þá í stjórn um meira en tveggja ára bil? — Auðvitað er eðlilegt, að spurt sé. Skiptir það að vísu ekki öllu um eðli kommúnismans, hvort ég hef ætíð skilið það til hlítar eða ekki. Hætturnar, sem af kommúnismanum stafa, eru jafngeigvænlegar fyrir því. Að vísu er mér ljósara eðli kommúnismans nú en mér var það þá, enda voru þá fyrir hendi veigamiklar ástæður, sem gerðu það líklegt, að kommúnistar hefðu séð að sér frá því, sem áður var. Gangur síðustu heimsstyrjaldar sannaði svo skýrt sem verða mátti, að sú höfuðkenning kommúnista var röng, að auðvaldsríkin, þ. e. öll ríki, sem ekki lúta kenningum kommúnista, sætu á svikráðum við Sovétríkin og biðu aðeins færis að ráðast á þau og jafna þjóðskipulag þeirra við jörð. Þvert á móti leituðu vestrænu lýðræðisríkin bandalags við Sovétríkin gegn nazistunum þýzku, áður en styrjöldin brauzt út, þó að Sovétríkin kysu þá fremur að semja við nazista en lýðræðisríkin í vestri. En jafnskjótt og nazistar réðust á Sovétríkin, komu lýðræðisríkin í vestri Sovétríkjunum til hjálpar. Þau léðu aldrei máls á því að láta Þjóðverja í friði um að koma Sovétríkjunum á kné, svo sem vissulega hefði verið sjálfsagt frá þeirra sjónarmiði, ef kenningar kommúnista um einangrun annarra á Sovétríkjunum og ófarnaðaróskir þeim til handa hefðu haft við rök að styðjast. Ég játa, að ég var það barn að halda, að kommúnistar um heim allan mundu láta sér þessar staðreyndir að kenningu verða. Þeir mundu sjá og skilja, að lýðræðisríkin vilja ekkert fremur en fá að lifa sjálf í friði og lofa öðrum að lifa í friði á sama veg, hverjum eftir sinni lífsskoðun. Upplausn Komintern virtist gefa til kynna, að ráðamennirnir í Moskva væru komnir á þessa skoðun. Að þeir litu ekki lengur á land sitt sem stökkbretti fyrir alheimsbyltinguna, er engin þjóð getur verið óhult fyrir.

Seinni stríðsárin og fram yfir styrjaldarlok átti sér ekki aðeins stað náin samvinna Sovétsambandsins og lýðræðisríkjanna um milliríkjamál, heldur gengu kommúnistar og víðs vegar í lið með frelsisunnandi mönnum innan ríkjanna til að varpa af þeim oki nazismans. Varð þetta til þess, að kommúnistar tóku um skeið þátt í borgaralegum stjórnum, t. d. í Frakklandi, Belgíu, Ítalíu, Noregi og Danmörku, auk landanna í A.-Evrópu, sem menn þá vissu enn eigi, hversu ömurleg örlög mundu hljóta. Samtímis þessu höfðu einmitt í sambandi við hernám Breta og herverndarsamninginn við Bandaríkin gerzt þeir atburðir hér innanlands, sem ég vonaði, að hefðu sannfært meðlimi hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., um, að þrátt fyrir allan skoðanamun, þá vildum við láta þá ekki síður en aðra njóta góðs af því, að við Íslendingar stæðum saman gegn erlendu valdi, ef það ætlaði að hafa óréttmæt skipti af málefnum okkar eða frjálsræði íslenzkra borgara. Að þessu athuguðu sýndist mér ekki áhorfsmál, að ef ekki væri unnt að létta þeirri skömm af Alþingi að geta ekki myndað þingræðisstjórn á annan veg en með þátttöku hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., í ríkisstj. um sinn, og með þeim skilyrðum að öðru leyti, sem aðgengilegt væri, þá væri sjálfsagt að gera slíka tilraun. Hitt hef ég aldrei farið dult með, að í mér var þá þegar nokkur geigur, að hv. Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., væri ekki þess trausts verður, sem ég og aðrir þá settum til hans. Því miður fór svo, að geigurinn reyndist ekki ástæðulaus með öllu. Því ber ekki að neita, að á meðal íslenzkra kommúnista eru margir mikilhæfir menn, og þeir studdu að framgangi ýmissa þjóðnytjamála, á meðan þeir um skeið sátu nokkuð á strák sínum, einkum fyrri hluta þess tímabils, er þeir áttu sæti í hæstv. fyrrv. ríkisstj. Kom þó skjótt í ljós, að hv. Sameiningarflokkur alþýðu, sósíalistar, vildu að vísu, meðan þeir nutu forustu sjálfstæðismanna, vinna að öflun nýrra atvinnutækja, en höfðu ekki sama hug á því og samstarfsmenn þeirra, að tækin yrðu almenningi að notum undir núv. þjóðskipulagi, heldur virtust þeir fyrst og fremst hafa hug á að veikja fjárhagskerfi þjóðarinnar og þar með grafa undan sjálfu þjóðskipulaginu. — Einkum kom þó ágreiningur fram út úr utanríkismálunum. Snemma árs 1945 var Íslandi gefinn kostur á að gerast stofnandi að félagsskap Sameinuðu þjóðanna, gegn því að segja Þjóðverjum og Japönum stríð á hendur. Hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósíalistar, gerðu þessa ósk þegar að sinni. Þótti ýmsum þá þegar ákefð þeirra í þessu harla tortryggileg. Ákefðin sú verður að vísu skiljanlegri, en ekki miður tortryggileg, eftir að upplýst er orðið, að það voru Rússar, sem settu þetta skilyrði fyrir þátttöku okkar og nokkurra annarra ríkja í stofnun sameinuðu þjóðanna. Allur þorri þm. og annarra landsmanna, sem vitneskju fékk um þetta, snerist þegar í stað á móti þessum stríðsæsingum hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl. Þeim mun merkilegri var þessi stríðsáhugi þeirra fyrri hluta árs 1945, sem þeir nokkrum vikum síðar og æ síðan hafa hamrað á því, að Íslendingar ættu alls ekki að láta deilur stórveldanna til sín taka. Eru óneitanlega meira en litlar líkur til þess, að hv. sameiningarflokksmenn alþýðu, sósíalistar, verði þeirri stefnu ekki trúir lengur en á meðan þeir halda, að rétt stjórnarvöld íslenzk og Íslendingar yfirleitt muni, ef til kemur, verða andsnúnir hinum alþjóðlega kommúnisma.

Reynslan frá 1945 og allt, sem síðan hefur gerzt, sýnir, að ef þessir hv. þm. og skoðanabræður þeirra hefðu trú á því, að Ísland á einhvern veg gæti orðið til þess að ryðja braut framgangi hins alþjóðlega kommúnisma, eða ef hann gæti náð yfirráðum hér á landi, mundu þeir ekki eitt augnablik hika við að leggja sig alla fram um, að svo mætti verða. Reynsla okkar er ekkert einstakt fyrirbrigði. Hún hefur hvarvetna orðið hin sama. Allt of víða hefur kommúnistum orðið að ætlan sinni. Þar hefur kyndill frelsisins slokknað og járntjald verið dregið fyrir eðlileg samskipti þjóðanna. En alls staðar þar, sem lýðræðið hefur haldið velli,

hafa kommúnistar hrakizt úr stjórn. Frá þessu er Finnland eina undantekningin, og þarf ekki að eyða orðum að því, af hverju þeir fá enn að taka þar þátt í stjórn.

Tiltrú sú, sem kommúnistar áunnu sér á stríðsárunum, er nú hvarvetna horfin. Menn hafa nú skilið, að barátta kommúnista gegn nazismanum var ekki barátta fyrir frelsi, heldur barátta fyrir öðru formi einræðis, sízt mildara eða mannúðlegra, þar sem kommúnistar ætla sjálfum sér húsbóndasessinn. Hið gamla Komintern hefur og verið endurvakið með nýju nafni þó, til að reyna að dylja, að allt er með sama hætti og áður um ósjálfstæði hinna einstöku flokksdeilda gegn allsherjarmiðstöðinni. Hér á landi hikuðu kommúnistar ekki eitt augnablik við að setja hollustu við hinn alþjóðlega kommúnisma ofar trúmennsku sinni við íslenzka alþýðu eða þjóðina í heild. Þeir stukku fyrir borð af stjórnarfleyinu strax og sýnt var, að aðrir létu ekki hafa sig til að ofurselja þjóðarhagsmuni, þó að kommúnistar krefðust þess með ofbeldi og írafári af þjónslund við alþjóðafélagsskap sinn.

Við vitum öll, að ein uppáhaldsósannindi hv. Sameiningarflokks alþýðu, sósialista, eru þau, að Bandaríkin hafi herstöð hér á landi. Þessum ósannindum dreifa þeir flokksmenn ekki aðeins ósleitilega út hér á landi, heldur öfluglega um heim allan til framgangs hinum alþjóðlega kommúnisma. Atferli Bandaríkjanna á að vera sönnun um yfirgang þeirra í garð smáþjóðar. Hafa sumir málsvarar hins alþjóðlega kommúnisma á alþjóða vettvangi gengið svo langt að bera saman hörku Bandaríkjanna gagnvart okkur, minnstu þjóð heimsins, við sætleik Sovétríkjanna við smáþjóðir þær, sem undir þau eiga að sækja. Þann samanburð þarf ekki að gera hér á Íslandi, enda þarf ekki minnar umsagnar, hvernig Sovétríkin hafi komið fram við nágranna sína. Hitt veit ég, að Bandaríkin hafa fyrr og síðar komið svo fram við Ísland sem það væri sjálfum þeim jafnrétthár aðili við samningsgerð alla, og eru þau þó voldugasta ríki veraldar nú, en við það veikasta. Betur væri, að öll voldug ríki hefðu þolað nágrönnum sínum sams konar neitun um herstöðvar og Bandaríkin þoldu okkur á sínum tíma og nú nýlega t. d. smáríkinu Panama í Mið-Ameríku. En þessar staðreyndir draga ekki úr áróðri kommúnista. Áróðursmönnum þeirra eru ósannindin sannleikanum ljúfari, ef þau ýta fremur undir sigur kommúnismans en sjálfar staðreyndirnar. Hvort sem hinn alþjóðlegi kommúnismi kann að hafa gagn af þessum ósannindum eða ekki, er víst, að þau eru fram flutt íslenzku þjóðinni til óþurftar.

Ef hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, trúir á ógnir atómstyrjaldar með þeim hætti, sem hann hét hér áðan, hvernig fær hann sig þá til að skrökva því upp, að hér á landi sé herstöð, þegar hann veit jafnvel og aðrir, að þetta eru alger ósannindi? Hver fær neitað því, að með þessu er hann að kalla hættu yfir land sitt? Og er þá eðlilegt, að Einar Olgeirsson verði að svara því, hver það verði, sem kasti atómbombunni, sem hann segir okkur, að eyða muni íslenzku þjóðinni, ef hún verði honum ekki hlýðin. Íslenzka þjóðin vill vera í vináttu við allar þjóðir, jafnt þær, sem standa henni fjarlægast að hugsunarhætti, stjórnháttum og menningu allri, sem hinar, sem okkur eru skyldari. En þó að Íslendingar unni öllum þjóðum góðs, er þó eigi nema von til, að þeir uni því illa, að reynt er að spilla vinfengi þeirra við þær þjóðir, sem þeir eru næstir, ekki aðeins að hnattstöðu, heldur einnig um menningu, hugsunarhátt og stjórnarfar. Íslendingar eru vestræn þjóð, bæði að legu og hugsunarhætti. Aðrar vestrænar þjóðir munar að vísu ekki mikið um atbeina okkar, en fyrir okkur er lífsskilyrði að njóta samúðar þeirra og tilstyrks. Við höfum og gerzt aðilar að Marshallaætluninni, bæði vegna þess, að við vildum af veikum mætti efla heilbrigða samvinnu vestrænna þjóða, en ekki síður vegna hins, að við höfum beina hagsmuni af viðreisn og uppbyggingu Vestur-Evrópu. Við erum einn hluti hennar, og þær meinsemdir, sem þar grafa um sig, gera okkur tjón áður en varir. Hið hörmulega ástand, sem í þessum löndum er nú, veldur því, að frjáls viðskipti eru mikið til úr sögunni, en í þess stað eru komin nær eingöngu vöruskipti í öllum samningum Evrópuríkja. Þetta veldur því, að allar Evrópuþjóðir skortir nú mjög hinn eina alþjóðlega gjaldeyri, sem hvarvetna er nú gjaldgengur, sem sé dollara. Þessi skortur mun einnig mjög gera vart við sig hér á næstu mánuðum, jafnvel þó að okkur að öðru leyti takist að rétta við verzlunarjöfnuð okkar, svo sem allt kapp verður lagt á. Ef atvinnuvegir landsmanna eiga ekki að stöðvast og ömurlegt atvinnuleysi að hefja hér innreið sína, er þess vegna óumflýjanlegt, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að afla okkur dollaragjaldeyris. Einnig af þeim ástæðum höfum við ríka eiginhagsmuni af að taka þátt í Marshallaætluninni, eins og allar hinar frjálsu þjóðir Evrópu gera. En einmitt vegna þess, að Marshallaætlunin er nú helzta von um viðrétting og endurreisn, hamast kommúnistar gegn henni meira en nokkru öðru. Um það voru gefin fyrirmæli á stofnfundi Kominform, hins endurreista Komintern, á s. l. hausti. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) lét þá ekki á sér standa um þjónsstarfið og flutti jafnskjótt hina alræmdu tillögu sína gegn Marshallaætluninni hér á Alþingi. Hafa þeir félagar því miður ekki látið hina hraklegu útreið sína sér að kenningu verða, sbr. það, er þeir af undirlægjuskap sínum við fyrirmælin austan að létu Alþýðusamband Íslands neita að taka þátt í viðræðum verkalýðsfélaga annarra vestrænna þjóða um þá viðreisn, sem okkur er ekki síður nauðsynleg en þeim.

Því er ekki að neita, að uggur er nú í mönnum um heim allan um ástandið í alþjóðamálum. Við Íslendingar ráðum áreiðanlega aldrei neinum úrslitum á þeim vettvangi. Þjóð okkar er svo fámenn, að á síðari árum eru mörg dæmi þess í einræðisríkjunum, að miklu meiri mannfjöldi en hér er hafi verið fluttur nauðugur til og settur niður á allt annan stað og við önnur kjör en hann áður átti við að búa. En þó að við ráðum engum úrslitum, tjáir okkur

ekki að loka augunum fyrir því, sem er að gerast. Við verðum að skilja, af hvaða rótum hættan er runnin. Það eru hinar löngu úreltu fræðikenningar kommúnista um, að ófriður sé óumflýjanlegur, ef hinn alþjóðlegi kommúnismi er ekki alls ráðandi í heiminum, sem nú eru hættulegastar heimsfriðinum og sambúð þjóðanna. Vonin um frið byggist á því, að menn læri, að mannkynið nær mestum þroska, ef hvert menningarþjóðfélag fær að dafna út af fyrir sig. Að menn skilji, að það eru fleiri en ein leið, sem menn geta farið til að ná þeirri sælu, er fæst hér á jörðu. Norðurlöndin urðu meðal fremstu menningarþjóða heimsins, þegar þau lærðu, að þau áttu ekki að seilast til yfirráða hvert yfir öðru. Sama í enn þá stærra mæli hefur átt sér stað innan brezka heimsveldisins og í allri Vestur-Evrópu. Með svipuðum hætti og þó með enn stórfenglegra og happaríkara móti hefur þróunin orðið í Ameríku, og Bandaríki Norður-Ameríku hafa einmitt orðið öflugasta ríki veraldarinnar undir þessu merki frelsis og umburðarlyndis. Ef allar þjóðir læra það að lifa sjálfar og lofa öðrum þjóðum að lifa eftir sínu eigin höfði, en vinna þó saman í bróðerni og frelsi, þegar á liggur, þá eru mestar líkur til, að voðanum verði bægt frá. Ég hef eindregna trú á, að svo megi verða og að hinir raunsæju forustumenn hins alþjóðlega kommúnisma, hvort sem þeir eru í stórveldum heimsins eða í smáríkjunum, sjái, að tortryggni þeirra, og raunar fræðigrundvöllur allur, er hvort tveggja á misskilningi byggt, — að aðrar þjóðir vilja ekkert fremur en samvinnu við þá, einungis á grundvelli frelsis, jafnræðis og mannréttinda. En á meðan sívaxandi tortryggni og hatur á alla bóga er vaxandi, er hætta fyrir hendi.

Við ráðum aldrei við hin erlendu upptök hættunnar, og við muuum aldrei gerast árásarmenn á neina erlenda þjóð. Til þess skortir okkur bæði vilja og getu. En þrátt fyrir það verðum við að skilja, að voðinn utan að ógnar einnig okkur. Að svo miklu leyti sem hann kann að brjótast út í ófriði milli þjóðanna, vitum við þó, að við getum ekki einu sinni varið okkur sjálfir. Þjóðin öll og landið liggur varnarlaust fyrir hverjum, sem það vill hremma með nokkrum herstyrk. En það er annað, sem við getum og verðum að verja okkur gegn. Það er, að þjóðfélagi okkar sé splundrað innan frá af mönnum, sem taka við fyrirmælum erlendis að. Um það verður ekki lengur villzt, að kommúnistarnir, sem öllu ráða í Sameiningarflokki alþýðu, Sósfl., eru með þessu marki brenndir. Þeir vilja leiða yfir landið sams konar stjórnarhætti og lagzt hafa eins og mara yfir þjóðirnar í Austur-Evrópu. Við Íslendingar deilum um margt. Við eigum að deila um margt, því að deilur að vissu marki eru öflugur þáttur í endurbótum og framförum. Í öllum deilunum megum við þó aldrei missa sjónar af því, sem mikilverðast er, en það er sjálft frelsið. Hér á landi er öflugur flokkur, sem þó er aðeins angi af þúsundfalt öflugri alþjóðasamtökum, er vill frelsið feigt. Fyrir andvaraleysi og sundrung þjóðanna hafa ýmsar þeirra orðið að lúta í lægra haldi fyrir ofbeldinu. Svo getur einnig farið hér, ef við sofnum á verðinum eða ef við gleymum því, sem mest er um vert, vegna ósamkomulags um minna verða hluti. Látum slíkt aldrei henda okkur. Sláum öruggan hring til verndar því frelsi, sem barátta kynslóðanna hefur fært okkur.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Áður en ég vík að gagnrýni stjórnarandstæðinga, ef gagnrýni mætti kalla, vil ég drepa nokkuð á, hvernig ástatt er um ýmis þýðingarmikil málefni.

Gjaldeyriserfiðleikarnir setja mjög svip sinn á meðferð mála um þessar mundir og hafa gert nú um alllangt skeið. Það er mín skoðun, að gjaldeyriserfiðleikar hafi aldrei verið meiri en nú á síðustu áratugum a. m. k., og það er þó alvarlegast, að þessu er þannig háttað, þótt fjárhagsráð og viðskiptanefnd hafi allan tímann frá því að þessir aðilar tóku til starfa, aðeins gefið út leyfi fyrir vörum, sem teljast til allra brýnustu lífsnauðsynja þjóðarinnar, og vélum og öðrum efnum til nýrra atvinnufyrirtækja. Það, sem flutt hefur verið inn af öðru síðan þessar stofnanir tóku við, er út á gömul leyfi. Samtímis hefur verðlag á íslenzkum útflutningsvörum verið mjög hátt. Hvað veldur þá þessum ósköpum? Hér kemur margt til, og þá meðal annars, hversu stórfelldar ráðstafanir búið var að gera fram í tímann til ráðstöfunar á gjaldeyri, áður en stefnubreyting komst á í þeim málum. Framlengd innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi hafa numið hundruðum milljóna, og nú eftir áramótin nema framlengd gjaldeyrisleyfi gífurlegum fjárhæðum, og þar á meðal eru framlengd leyfi tveggja ára gömul fyrir ýmiss konar vörum, sem búið var að gera bindandi ráðstafanir um. Enn fremur sýndi það sig svart á hvítu, þegar þjóðin átti að fara að lifa af atvinnutekjum sínum, að eyðsla hennar var orðin miklu meiri, að meðtöldum framkvæmdum, sem í var búið að ráðast, en þjóðartekjurnar gátu með nokkru móti hrokkið fyrir.

Fróðlegast er að athuga nokkuð innflutningsáætlunina fyrir árið 1948, sem nú liggur fyrir. Þessi innflutningsáætlun er upp á 310 millj. kr., en það þýðir um 390 millj. kr. útlát í erlendum gjaldeyri, þegar búið er að taka með óhjákvæmileg skipagjöld, vátryggingargjöld og aðrar duldar greiðslur, skornar við nögl, að því er talið er. Þetta er engin smáræðis fúlga, rétt um fjögur hundruð millj. kr. Mundi nú margur halda, miðað við það, þegar landsmenn fluttu inn fyrir stríð fyrir 40—50 millj. kr., að ekki þyrfti að skera við nögl í svona innflutningsáætlun. En þessu er ekki þannig farið, og geta menn þegar rennt grun í það af því, að þetta er rúmlega 200 millj. kr. lægri fjárhæð en flutt var inn fyrir árið 1947 og 140 millj. kr. lægri en flutt var inn árið 1946. En lítum á þetta ofurlítið nánar. Vörur til rekstrar sjávarútvegsins nema í áætluninni um 53.9 millj. kr. og til rekstrar landbúnaðar 21.3 millj. kr., samtals 75.2 millj. kr. Vélar og vélahlutar og bifreiðahlutar eru 42.2 millj., og er þá ekki gert

ráð fyrir neinum nýjum bifreiðum, nema örfáum almennings- og „rútu"-vögnum. Rafmagnsvörur nema 20.54 millj. kr. og iðnaðarhráefni 16.55 millj. kr. Eru nú taldar 153 millj. kr. Síðan koma byggingarvörur 37.58 millj. kr., skip fyrir 22 millj. kr. og sérstakar framkvæmdavörur ýmiss konar 8 millj., eða samtals þessir þrír liðir 67.58 millj. kr. Hef ég þá alls talið liði, sem nema 220 millj. kr. Eru það rekstrarvörur til sjávarútvegs og landbúnaðar, rafmagnsvörur, vörur til véla og bifreiða og ýmsar „kapital"-vörur. Allar aðrar vörur nema þá minna en ⅓ af áætlunarupphæðinni, eða um 90 millj. kr. Þar í eru kornvörur, nýlenduvörur, vefnaðarvörur, búsáhöld og yfirleitt allar nauðsynjavörur til beinnar neyzlu, sem fluttar eru inn frá útlöndum. Af þessu sjá menn, hve gífurleg gjaldeyrisútlát eru vegna framleiðslunnar sjálfrar og vegna nýrra framkvæmda og vegna vélanna, og er þó allt niður skorið frá því, sem verið hefur. Það er talið, að það mundi kosta 30—40 millj. kr. í erlendum gjaldeyri að halda úti öllum bílakosti landsmanna, eins og hann er nú orðinn, og sjá allir, að slíkt er tómt mál um að tala. Það er bara dæmi um það, hvernig ástatt er.

Hvað er þá að segja um þessar 90 millj. í neyzluvarninginn? Það hefði nú einhvern tíma þótt klekkileg fjárhæð til slíks. Um það er það að segja, að hún hrekkur ekki neitt nándar nærri til þess, að þjóðin geti lifað svo sem gert hefur verið, eða til þess að fullnægja eftirspurninni. Það þarf allt að takmarka frá því, sem verið hefur, og útiloka óþarfann, ef hún á að hrökkva.

Til þess nú að gera þau innkaup, sem nefnd hafa verið, þarf að framleiða og selja út úr landinu fyrir 400 millj. kr. Er þá ekki gert ráð fyrir neinum afgangi til þess að greiða upp í verzlunarskuldahalann, sem landsmenn nú draga á eftir sér. Til þess að slíkur útflutningur fáist, þarf allt að leika í lyndi bæði um aflabrögð og sölur, og getur vel farið svo, að því marki verði ekki náð og að á miðju ári þurfi enn að draga saman innflutninginn, að því leyti sem það er þá hægt. Þetta sést meðal annars á því, að allar gjaldeyristekjur Íslendinga á undanförnum árum hafa verið að meðaltali á milli 310 og 320 millj. kr. Útflutningurinn þarf því að aukast um 100 millj. og innflutningurinn að minnka um 140—200 millj. kr. á ári frá því, sem verið hefur undanfarið, ef Íslendingar eiga ekki að komast í algert þrot gjaldeyrislega — og þetta miðað við háa verðlagið og engin óhöpp. Það þarf heljarátak til þess að koma þessu í framkvæmd, eins og allir heilskyggnir menn sjá nú, þegar menn standa frammi fyrir þessu, þótt margir vildu ekki sjá eða sæju það ekki fyrr, hverjar afleiðingar af því eru orðnar fyrir þjóðarbúskapinn, að öllum gjaldeyrisinnstæðum landsmanna, um 600 millj. kr., og öllum innkomnum gjaldeyri var ráðstafað á rúmum tveimur árum. Annað eins er ekki hægt að gera án þess að afleiðingarnar verði örlagaríkar, og þeirra mun ekki aðeins gæta nú næstu mánuði og næstu misseri, heldur verða þær lengi þungar í skauti. Til viðbótar því, sem nú hefur verið sagt um innflutningsáætlunina, er nauðsynlegt að taka það fram, að á henni rúmast ekki vélar og efni til nýs síldariðnaðar eða til nýrra stórrafveitna eða annarra slíkra fyrirtækja, og eins og komið er, er tómt mál að tala um slíkar framkvæmdir nú þegar, nema erlent lánsfé komi til. Ískyggilegastur af öllu ar þó skorturinn á frjálsum gjaldeyri, dollurum. Fjöldamargar þýðingarmestu vörutegundir til sjálfrar framleiðslunnar er ómögulegt að fá nema frá dollaralöndunum, en mjög fáar vörur okkar er hægt að selja nú fyrir það verð, sem við þurfum að fá fyrir þær, gegn greiðslu í frjálsum gjaldeyri, dollurum. Kveður svo rammt að þessu, að ekki er enn þá fram úr því séð, hversu hægt verður að innleysa allra brýnustu nauðsynjar á næstu mánuðum. Ég tel alveg hiklaust, að frá þeim tíma að fjárhagsráð tók við þessum málum á s. l. sumri, hafi verið unnið stórfellt þjóðnytja- og björgunarstarf, þótt ekki hafi verið hægt né verði hægt að umflýja afleiðingar þess, hvernig komið var. Vegna hinna nýju ráðstafana hefur verið hægt fram að þessu að verja miklum gjaldeyri til uppbyggingar atvinnulífsins og annarra framkvæmda og koma að mestu í veg fyrir skort allra brýnustu vara til framleiðslu og til þess að fæða þjóðina. En ef ekki hefði verið gripið í taumana, hlaut að verða algert öngþveiti og framleiðslustöðvun vegna gjaldeyrisástandsins.

Það er einnig nauðsynlegt að horfast í augu við það, hvernig ástatt er um framleiðsluna. Það er tap á því að framleiða frystan fisk, nema mjög takmarkað magn, sem selt er í „clearing" gegn iðnaðarvörum með uppsprengdu verði. Það er tap á því að framleiða saltfisk. Það er tap á því að framleiða fisk á bátum og senda hann til sölu í ís á brezkan markað. Það er tap á togurunum, ef nokkuð ber út af, og það jafnvel á nýju togurunum. Það verður stórkostlegt tap fyrir síldarverksmiðjur ríkisins á því að kaupa og taka við Faxaflóasíld. Þessum töpum er til bráðabirgða velt yfir á ríkið. En samt sem áður hrekkur verðið, sem sjávarútgerðin fær fyrir afurðir sínar, ekki betur en svo fyrir kostnaði eða til jafns við launatekjurnar, að það er stórfellt vandamál að fá nægilega marga fiskimenn á bátaflotann og verulegur hluti hans hefur legið aðgerðalaus í vetur, á sama tíma og gjaldeyrisskorturinn er eitt erfiðasta viðfangsefnið. Þetta ástand sjávarútvegsins knýr menn til að selja meira og meira af útflutningsvörum landsmanna fyrir hátt sýndarverð á „clearing", sem borgast aftur að mestu með fullunnum iðnaðarvörum á uppsprengdu verði. Þannig verður íslenzkur iðnaður, ef þessu heldur áfram, hreinlega sveltur í hel, þar sem fullunnar iðnaðarvörur eru teknar í skiptum við afurðir, en skortur er um leið á gjaldeyri fyrir hráefni til iðnaðarins, því að ekki er hægt að gera hvort tveggja við sömu vörurnar: selja þær á háa verðinu í „clearing" og selja þær fyrir frjálsan gjaldeyri, sem varið geti orðið m. a. fyrir iðnaðarhráefni.

Þetta ástand er bein afleiðing verðbólgunnar og höfuðvandræðin, sem við er að fást og áfram verður að glíma við þrotlaust, og hefur þar verið fyrsta framkvæmd gerð, er ég kem að síðar. Í beinu sambandi við þetta koma svo fjárlögin og

afkoma ríkissjóðs. Ríkissjóður er sokkinn í lausaskuldir og fjárlögin verða um 220 millj. kr. Það úir og grúir af alls konar löggjöf frá síðustu árum með fyrirheitum, sem allir sjá, að gersamlega er útilokað, að geti orðið staðið við. Fjárskorturinn er orðinn mjög tilfinnanlegur, og er það ekki furða, þegar litið er á eyðsluna og fjárfestinguna undanfarið. Sem dæmi um þetta vandamál má benda á það, að talið er, að stofnlánadeild sjávarútvegsins vanti um 63 millj. kr. til þess að geta mætt þeim fyrirheitum eða meðmælum, sem nýbyggingarráð á sínum tíma gaf um lán í deildinni, og hefur deildin þó fengið allt það fé, sem hún átti kröfu til að lögum. Á sama tíma vantar milljónatugi til þess að hægt sé að lána til byggingarframkvæmda í sveitum eins og lög gera ráð fyrir.

Á því ári, sem núv. ríkisstj. hefur starfað, hefur að mínum dómi verið lögð fram feikna mikil vinna af ríkisstj., fjárhagsráði og deildum þess og ýmsum öðrum stofnunum til þess að leitast við að koma skipan á þann óskapnað, sem við hefur verið að glíma, og ég tel árangur furðu góðan í ýmsu tilliti, þótt ég hafi fyrirvara um ýmsa einstaka þætti, og ég held, að það hafi ekki mátt seinna vera, að núv. stjórn tók við.

Kommúnistar æpa að ríkisstj. og segja, að hún eigi sökina á fjárskorti, gjaldeyriserfiðleikum og yfirleitt sökina á því, að ekki sé hægt að uppfylla allt, sem lofað var á sínum tíma. Ástæðan til þess, að nú er fjárskortur, sem kemur bæði fram í gjaldeyrisvandræðum og erfiðleikum á því að útvega lán, er ósköp einföld og blátt áfram, og hún er sú, að allt fjármagn þjóðarinnar, allir gjaldeyrissjóðir, voru teknir og þeim ráðstafað á árunum eftir styrjöldina, — bróðurpartinum af þeim beinlínis eytt, en nokkrum hluta varið til skynsamlegra framkvæmda, — þó ótrúlega litlum hluta. Og svo ósleitilega var að gengið, að nú, eftir að þjóðin hefur engu úr að spila nema því, sem hún vinnur sér inn og flytur út frá degi til dags, þarf að greiða stórar fúlgur af útflutningstekjum til þess að innleysa gömul loforð. Kommúnistum er allra manna bezt kunnugt um, af hverju fjárskorturinn stafar. Hér hefði ekki þurft að verða skortur á fé til þess að standa undir 310 millj. kr. innflutningsáætlun á þriðja ári eftir styrjöldina, ef menn hefðu ekki sleppt sér svo gersamlega sem raun var á.

Ég hef dregið hér fram nokkur höfuðatriði, sem ég tel mestu varða, að menn festi sér í minni, — ekki til þess að hræða menn, því að það er engin ástæða til þess að örvænta, þótt í álinn syrti, heldur til þess að stuðla að því, að menn verði sem raunsæjastir og til þess að greiða fyrir auknum skilningi á viðfangsefnunum. Mun ég síðar víkja að úrræðum. En þessu næst vil ég minnast nokkrum orðum á stjórnarandstöðuna.

Kæmi hingað hlutlaus, glöggur maður, sem kynnti sér aðstæður og fylgdist með því, sem hér er sagt á þingi nú og utan þings um þjóðmálin, ráðstafanir stj. og gagnrýni á þeim, þá mundi hann verða að álíta, að talsmenn stjórnarandstöðunnar væru annaðhvort ölóðir eða nýkomnir úr langri útlegð. Það mætti miklu fremur halda, að það væru „mennirnir frá Marz", sem töluðu, en íslenzkir alþm., þegar þessir menn láta til sín heyra. Aðalatriðin virðast þessi, að svo miklu leyti sem botnað verður nokkuð í fúkyrðaþvælunni: Það er nógur gjaldeyrir til, ef menn vilja selja réttum mönnum fyrir rétt verð. Það eru nógir peningar til, ef Landsbankinn er látinn prenta fleiri seðla. Stjórnin vinnur að því að búa til kreppu. — Við skulum í þessu sambandi sleppa því að tala um peningaseðla núna, en slá því hins vegar föstu, sem viðurkennt er, að möguleikar þjóðarinnar til neyzlu og til framkvæmda takmarkist annars vegar af vinnuaflinu, þ. e. a. s. því, hverju hægt er að koma í verk, þar á meðal framleiðsla vörur til eigin nota og hins vegar af því, hvað hægt er að afla mikils erlends gjaldeyris til kaupa á vörum erlendis frá. Þá vaknar fyrst sú spurning: Er vinnuaflið ekki notað? Þeirri spurningu er að minnsta kosti hægt að svara þannig, að atvinnuleysi er ekki til í landinu. Hitt er svo annað mál, að brýna nauðsyn bæri til að flytja á milli atvinnugreinanna. Það er því ekki hægt að ásaka ríkisstj. um það, að hún láti vinnuaflið, sem býður sig fram, ónotað. Þá kemur spurningin: Er hægt að ásaka stjórnina fyrir það, að hún láti ónotaðan erlendan gjaldeyri, leggist á hann eins og ormur á gull, varni mönnum að ástæðulausu að kaupa sér ýmsar lífsnauðsynjar til þess að fegra og bæta lífið eða vörur til nýrra framkvæmda? Enginn óvitlaus maður mundi saka ríkisstj. um það, að hún láti gjaldeyri liggja ónotaðan. Og gjaldeyririnn er nú áreiðanlega betur og skynsamlegar notaður en nokkurn tíma hefur verið gert síðan fyrir styrjöldina. Þegar hér er komið sögu, verður það bert, að öll svo kölluð gagnrýni stjórnarandstæðinga, sem byggist á því að stjórnin sé að skapa fjárhagskreppu, er rógur út í hött. Vinnuaflið er allt notað, sem býðst, og allur gjaldeyrir, sem til fellur, og hrekkur ekki til. Sá eini möguleiki væri þá eftir til að finna í þessu fáráða tali nokkra glóru, að ríkisstj. hefði fé af þjóðinni í utanríkisviðskiptum. Í örvæntingu sinni og rökþroti reyna kommúnistar þá einnig að halda þessu fram, og svo aumlega eru þeir settir, að einmitt það atriði er orðið að aðalatriði í kenningu þeirra. En ekki bætir það þeirra hlut. Í fyrsta lagi er þar of ólíklega logið, til þess að nokkrir nema fáráðlingar leggi trúnað á. Í öðru lagi tekst þeim ekki í einu né neinu að finna orðum sínum stað, hversu sem þeir eru særðir til þess. Viðskipta er leitað af atorku alls staðar, þar sem slíkra er von. Að sjálfsögðu er í þessu tilliti enginn munur gerður á austri og vestri, en við samningagerðir í austri hefur það komið í ljós, að skraf kommúnista um, að betri viðskiptakjara væri að vænta þar en annars staðar, er algerlega úr lausu lofti gripið, og hefur sá áróður afhjúpazt berlega af reynslunni, en hún er ólygnust. Blekkingaskraf kommúnista um, að allt megi leysa með clearingviðskiptum í Austurvegi hefur einnig verið afhjúpað rækilega. Það er nú þegar svo langt gengið í þeim efnum, að stórlega lamar iðnað landsmanna, og væri farið eftir tillögum kommúnista, mundi það ríða iðnaðinum að fullu og stöðva sjálfa framleiðsluna, því að þá skorti fé til þess að kaupa hráefni og rekstrarvörur.

Það er sama, hvar gripið er í blekkingavef

kommúnista, allt er þar rotið og óraunhæft, eins og talað væri upp úr svefni. Þegar skraf þeirra hefur verið krufið til mergjar, er ekkert eftir nema hávaðinn og það, sem á bak við liggur, en það er líka nokkuð þýðingarmikið og á því veltur, að menn geri sér grein fyrir því, hvað það er. Þeir, sem allsgáðir eru í landsmálum, fallast á, að þessar ásakanir um, að stj. sé að búa til kreppu, stöðva framkvæmdir og skapa gjaldeyrisskort, séu bara eins og hvert annað ómerkt hjal. — En þá kemur spurningin: Hvernig stendur á því, að menn halda svona augljósum fjarstæðum fram?

Öllu þessu moldviðri er þyrlað upp til þess eins að koma því að, sem kommúnistum er skipað að halda fram: Að öllum erfiðleikum megi afstýra með því að hnýta þjóðina viðskiptalega og pólitískt við Austur-Evrópu, þ. e. Sovét-Rússland. Hér í kvöld hafa menn heyrt hv. 2. þm. Reykv. (EOl) halda því blákalt fram, að Íslendinga bíði eymd og volæði, ef atvinnuvegir okkar verði ekki blátt áfram gerðir að einum lið í fjárhags- og viðskiptakerfi Austur-Evrópu. Þetta er upphaf og endir alls þess, sem kommúnistar hafa að segja um viðskiptamál og pólitík, og þeir skeyta engu um staðreyndir og taka afstöðu til allra mála út frá þessu eina sjónarmiði: Hvað er líklegast til þess að færa okkur nær móðurlandinu og degi frelsisins? En dagur frelsisins væri sá dagur, þegar allir flokkar væru bannaðir á Íslandi nema Sósíalistaflokkur Íslands — sameiningarflokkur alþýðu —, öll blöð bönnuð nema Þjóðviljinn og Nýi tíminn og annað frelsi eftir því. Kommúnistar eru haldnir trúarofstæki og þeim er ekki sjálfrátt að því leyti, að flokkur þeirra er aðeins lítið tannhjól í stórri vél, og tannhjólið ræður ekki gangi vélarinnar. Þeir standa í sambandi við kommúnistaflokka í hinum löndunum og lúta sameiginlegri stjórn ásamt þeim. Að forminu til er forustan austur á Balkanskaga hjá Kominform í Belgrad í Serbíu, og þar er einnig búið að setja á fót eins konar yfirstjórn allra kommúnistablaða í veröldinni. En sú raunverulega forusta er hjá Kommúnistaflokki Rússlands. Hlutverk kommúnistaflokksins hér, sem kallar sig Sameiningarflokk alþýðu, Sósfl., er nákvæmlega sama og kommúnistaflokka annars staðar. Þeirra hlutverk er nú hið sama og nazistaflokkanna í lýðræðislöndunum fyrir styrjöldina. Þeirra hlutverk er m. a. að hindra endurreisn í löndunum fyrir vestan járntjaldið. Þeir eiga að draga úr framleiðslunni og helzt að sýna það, ef þeir geta, og til þess nota þeir öll meðul, að þessum löndum sé ekki hægt að stýra, undirbúa þannig jarðveginn fyrir valdatöku kommúnista með aðstoð utan að frá, ef slíku verður við komið, en vinna að því að veikja stjórnarfar og atvinnukerfi landanna til undirbúnings höfuðátökunum, ef beinni valdatöku verður ekki við komið að sinni. Í þessu skyni er fyrirskipað m. a. að vinna að verkföllum og framleiðslutruflunum. Og hver er sá, sem ekki kannast við það, hversu dyggilega kommúnistar hér hafa farið eftir þessu boði, þar sem þeir hafa getað komið því við. Stefna þeirra í verkalýðsmálum og öllum málefnum alls staðar mótast af þessu, en ekki launþegasjónarmiði. Eða hvað segja dæmin hér úr sögu verkalýðsfélaganna á undanförnum árum? Þeir líta á verkalýðsfélög og öll önnur samtök aðeins sem tæki, sem þeir þurfa að geta notað pólitískt í valdabaráttu sinni, en sú barátta er mótuð og henni stjórnað af alþjóðasamtökum kommúnista.

Undanfarin ár hefur það verið aðaliðja íslenzkra kommúnista að svíkjast að mönnum. Flokkurinn skipti um nafn og setti upp falskt flagg og fékk í sína þjónustu falsspámenn, sem notaðir hafa verið við hátíðleg tækifæri, til þess jafnvel að afneita kommúnismanum í hálfkveðnum vísum, en á sama tíma hafa höfuðpaurarnir styrkt sambandið við höfuðstöðvar kommúnista. Svo stórkostleg er þessi svikastarfsemi, að mikill vafi leikur á því, að jafnvel sumir undirforingjar í liði þessu viti full skil á því, hvað verið er að fara. Furðar marga á því, hvernig mylla þessi hefur haldizt gangandi fram að þessu, en hér kemur ýmislegt til, m. a. það, hve mörgum er sárt um að viðurkenna, að þeim hafi verið gerðar sjónhverfingar eða þeir sviknir. En þetta er háskalegur misskilningur og þjóðarvoði, ef menn láta slíkar tilfinningar ná nokkrum tökum á sér. Það er enginn manndómur eða drengskapur í því að láta hættulegan málstað hagnast á slíku. Það er drengskapur og manndómur í því að snúast gegn þeim, sem blekkt hafa og prettað.

Þá hefur verið skákað í því skjóli verulega, hve ýmsum Íslendingum hefur gengið seint að skilja eðli og vinnubrögð hreyfinga eins og nazismans og kommúnismans. Hafa menn þó ekki séð nú, hvernig nazistar í öllum löndum höguðu sér fyrir styrjöldina og í styrjöldinni? Hafa menn ekki einnig séð, hvernig kommúnistarnir hafa komið fram nú í mörgum löndum og hvernig þeir höguðu sér á styrjaldarárunum? Eru menn búnir að gleyma því, að íslenzku kommúnistarnir kröfðust þess, að Bretum yrði ekki sendur matur frá Íslandi, þegar þeir stóðu einir gegn nazismanum? Eru menn búnir að gleyma því, að Bretavinnan var kölluð glæpsamleg hagnýting vinnuaflsins um sama leyti, en landvarnarvinna eftir að Þjóðverjar réðust á Rússa? Eru menn búnir að gleyma því, að kommúnistarnir hérna kröfðust þess, að samningar væru teknir upp við þýzku nazistana fyrstu mánuði styrjaldarinnar til þess að láta þá fá nauðsynjar? Halda menn kannske, að þessi afstaða og fjöldamargar fleiri séu teknar frá íslenzku sjónarmiði? Nei, þetta er snúningur tannhjólsins, litla hjólsins í stóru vélinni. Og á þessu byggist allt, og það sýnir sig alltaf. Hvað var um Finnland um árið og aftur nú, og hvað sýnir það, sem nú er að gerast? Hverjir hafa mælt bót ofbeldisverkum í hverju landinu eftir annað, snúið sannleikanum við og kallað ánauð frelsi, einræði lýðræði? Hverjir mæltu bót morði Petkovs? Hvaða vitnisburð fá kommúnistaflokkarnir í nálægum löndum frá frjálshuga mönnum, viðurkenndum baráttumönnum fyrir pólitísku frelsi, róttækum þjóðfélagsumbótum og lýðræðissósíalisma? Alls staðar sami vitnisburðurinn, og þið vitið, hver hann er — þið heyrið hann daglega. — Á það svo að vera nóg fyrir Íslendinga, að sett sé á sameiningarnafn og sendir út tungumjúkir fals-

spámenn, sem ekki eru annað en ein lítil tönn í litlu tannhjóli í hinni stóru vél kommúnismans? Geta Íslendingar leyft sér að gleyma því, sem gerðist á styrjaldarárunum? Hvernig hefði þjóðin staðið, ef kommúnistar hefðu fengið að ráða þá? Geta Íslendingar leyft sér að loka augunum fyrir því, sem er að gerast umhverfis þá og hér í landinu sjálfu?

Hvað sýna atburðirnir í Tékkóslóvakíu og undirtektir kommúnista hér? Kommúnistar í Tékkóslóvakíu hóta vopnuðu ofbeldi, ef þeim eru ekki fengin völdin í hendur án kosninga. Þeim eru fengin völdin án borgarastyrjaldar til þess að forðast blóðsúthellingar, og þeir nota þau til þess að koma á í landinu lögreglueinræði í stað lýðræðis. Prentfrelsi er afnumið, þm. sviptir umboðum, skoðanafrelsi er úr sögunni, fangelsanir hefjast og ofbeldissagan endurtekur sig eins og hún gerðist fyrir stríðið í hverju landinu eftir annað og eftir stríðið nú í hverju landinu eftir annað í Austur-Evrópu. Hér á Íslandi gleðjast kommúnistar yfir þessum atburðum. 2. marz segir Þjóðviljinn, blað íslenzkra kommúnista, sameiningarflokksins: „Tékkóslóvakía varð sósialistiskt alþýðulýðveldi á lýðræðislegan hátt.“ Og nú höfum við enn einu sinni fengið að vita, hvernig þeir hugsa sér, að það geti orðið framkvæmt.

Öllum er vorkunnarlaust að sjá og skilja aðfarir kommúnista í hverju landinu eftir annað og í Tékkóslóvakíu nú síðast, og öllum má vera ljóst enn einu sinni, hvert íslenzki „sameiningarflokkurinn“ stefnir og hvers eðlis hann er. Nú er spurningin: Ætla menn að halda áfram að leika sér að eldinum, eins og sumir hafa gert með því að kjósa sameiningarflokkinn, þótt þeir vilji ekki styðja ofbeldi og kommúnisma? Ætla menn að láta sæfa samvizku sína með lævíslegum lygaáróðri eins og þeim, að ofbeldið í Tékkóslóvakíu réttlætist með því, að von hafi verið einræðisbyltingar frá óvinum kommúnista og Rússa? Það er þá líka svo sennilegt í landa Benesar og Mazaryks og undir handarjaðri Rauða hersins. Ætla menn að láta bjóða sér slíkan áróður, eða ætla menn að vera sjálfum sér trúir og viðurkenna staðreyndir og segja hingað og ekki lengra, eins og fjöldi heiðarlegra manna í öllum löndum gerir um þessar mundir?

Ég hef nú farið nokkrum orðum um ástandið almennt og mætt nokkuð ásökunum stjórnarandstæðinga. Ég mun þá þessu næst minnast á afstöðu Framsfl. til ríkisstj. og verkefni þau, sem framundan bíða óleyst.

Framsfl. ákvað á síðastliðnum vetri að taka þátt í ríkisstj. þriggja flokka og vildi með því gera það, sem í hans valdi stæði, til þess að fá fram stefnubreytingu í landsmálum, fá tekið upp viðnám gegn verðbólgu, ofþenslu og gjaldeyriseyðslu og ráðstafanir gerðar til viðreisnar. Flokknum var það ljóst, að það var ekki auðvelt verk, sem beið hinnar nýju stjórnar, en mönnum fannst, að slíkt mætti ekki setja fyrir sig, þar sem málefnastefnan var ákveðin þannig, að í rétta átt horfði í flestum efnum, og það átti að mega vænta þess, að væri trúlega framfylgt stefnunni, þá yrði verulegur ávinningur að starfi stj. og þess þingmeirihluta, sem skipaði sér um hana. Nú er rúmt ár síðan stjórnin tók við störfum og sá þingmeirihluti, sem henni fylgir. Á þessu eina ári hafa mjög þýðingarmikil spor verið stigin í rétta átt, þó því fari að sjálfsögðu fjarri, að í höfn sé náð frá þeim vanda, sem þjóðin er stödd í. Dýrtíðarlöggjöfin frá þessu hausti er mjög þýðingarmikil, ef framkvæmd hennar tekst, og gæti orðið grundvöllur að viðreisn, ef menn bera gæfu til þess að halda rétt fram stefnunni. Hins vegar er mest undir framkvæmd löggjafarinnar komið. Hið hörmulega gjaldeyrisástand og þá ekki síður ástand atvinnuveganna og fjárlög ríkisins sýna það þó svo greinilega, að ekki verður um deilt, að það skref, sem nú hefur verið stigið, er aðeins áfangi á langri leið. Allt ástand þessara mála vottar, að með engu móti getur staðið til frambúðar svo sem nú er um atvinnu- og fjármál landsins. Það væri ófyrirgefanleg léttúð, ef menn vildu ekki horfast í augu við þetta, og það dregur á engan hátt úr viðurkenningu á því þýðingarmikla starfi, sem núv. stj. og stjórnarflokkar hafa innt af hendi í rétta átt, þótt það sé rækilega undirstrikað, að það starf notast því aðeins, svo sem efni standa til, að það verði aðdragandi frekari framkvæmda til viðreisnar. Með því, sem þegar hefur verið gert í dýrtíðarmálum, hefur verið unnið björgunarstarf fyrir þjóðina og fyrir sjávarútveginn alveg sérstaklega, þar sem hlutur hans hefur verið nokkuð réttur frá því, sem var, þótt langt sé frá því að vera fullnægjandi, eins og ég hef áður undirstrikað. Mjög þýðingarmikill árangur hefur náðst í landbúnaðarmálum, einkum með setningu hinna nýju afurðasölulaga og með því að tryggja bændastéttinni jafnréttisaðstöðu á ný í sambandi við lausn dýrtíðarmálanna.

Jafnframt því, sem þannig er dregið fram það, sem áunnizt hefur, er rétt að undirstrika, að margt mætti betur fara að dómi Framsfl., og þá sérstaklega, að ástandið í verzlunar- og viðskiptamálum er þannig, að bráðra breytinga er þörf. Framkvæmd þessara mála er mjög á reiki og ágreiningur um það, hversu henni skuli fyrir komið, en eins og kunnugt er, heyra mál þessi undir fjárhagsráð og deildir þess og þar með undir ríkisstj. í heild. Hefur ekki fengizt framgengt þeirri stefnubreytingu í þessum málum, sem Framsfl. telur nauðsynlega til þess að tryggja réttláta vörudreifingu og samkeppni.

Fjárlögin verða nú afgr. með um 220 millj. kr. útgjöldum á rekstrarreikningi, eins og áður er að vikið, og er það hærra en nokkru sinni fyrr. Er þar verðbólgan enn að verki og hefur í för með sér sívaxandi útgjöld ríkisins, eins og fyrirsjáanlegt var. Þessum gífurlegu útgjöldum ríkisins valda jöfnum höndum hein útgjöld vegna dýrtíðarráðstafana, útþanin ríkisstarfræksla frá hinum svo kölluðu góðu árum og útgjaldafrek löggjöf. Þessi afgreiðsla fjárlaganna mótast að verulegu leyti af því, að ekki var lengra gengið en raun var á í dýrtíðarmálunum, en sumpart á þessi afgreiðsla rót að rekja til þess, að allsherjar endurskoðun allrar útgjaldalöggjafar síðustu ára og ríkisrekstrarins í heild með sparnað fyrir augum hefur enn ekki farið fram til þeirrar hlítar, að

upp úr henni hafi komið samtök um verulegan sparnað. Það sýnir sig, að um verulegar lækkanir á útgjöldum ríkisins getur vart orðið að ræða, nema í sambandi við slíka heildarathugun og heildarsamninga um fjárlögin öll. Menn vilja t. d. ekki fallast á lækkanir á framlögum til nauðsynlegra mála, nema önnur átök til sparnaðar séu gerð um leið, og forráðamenn starfsgreina kinoka sér vafalítið við að gera miður vinsælar ráðstafanir til sparnaðar, nema annars staðar eigi sér stað svipaðar framkvæmdir. Þannig bindur hvað annað, og þarf að beita mikilli atorku og skörungsskap, ef árangurs á að vænta, en slíkt er höfuðnauðsyn.

Af því, sem skeð hefur á þessu eina ári, sem ríkisstj. hefur setið að völdum, er þó einna þýðingarmest sú stefnubreyting, sem orðið hefur um meðferð gjaldeyrismála og fjárfestingarmála með stofnun fjárhagsráðs. Hef ég áður farið um þetta nokkrum orðum, en það er óhætt að fullyrða, að frá því að fjárhagsráð tók við, hefur óþarfainnflutningur gersamlega verið útilokaður, sem ekki var beint búið að gera bindandi ráðstafanir um, og allt gert, sem unnt hefur verið, til þess að fara vel með gjaldeyri landsmanna. Jafnframt hafa ráðstafanir fjárhagsráðs í fjárfestingarmálum forðað fullkomnu öngþveiti. Hitt er svo annað mál, að það tekur talsvert langan tíma að koma hagfelldri skipan á jafnmikil afskipti og fjárhagsráð neyðist til þess að hafa, og ýmsir byrjunarörðugleikar hafa gert vart við sig og þá sérstaklega í sambandi við það, að hin nýju vinnubrögð voru ekki tekin upp fyrr en í óefni var komið. Það hefði verið ólík aðstaða fyrir fjárhagsráð og ríkisstjórn og landsmenn alla, ef hinn nýi háttur hefði verið tekinn upp meðan verulegur hluti innstæðnanna var óeyddur í bakhöndinni. — Framundan bíða nú verkefni mörg og stór. Fyrsta verkefnið er að tryggja framkvæmd dýrtíðarlöggjafarinnar nýju, en hana munu kommúnistar reyna að rífa niður í framkvæmd, því að þeim er það ljóst, að takist framkvæmd hennar, er viðreisnarvon, en sé hægt að eyðileggja hana, þá verður léttari leikurinn fyrir þá, sem eiga að koma hér öllu í uppnám. Það verður því að mynda öflug samtök til þess að einangra kommúnista alls staðar í öllum félagsskap, þar sem þeir gera nokkra tilraun til þess að eyðileggja löggjöfina og koma af stað nýrri verðbólguöldu. Jafnframt verður nú þegar að hefja öflugan undirbúning undir frekari ráðstafanir í dýrtíðar- og atvinnumálum. Verða þær að vera margþættar og réttlátar, ef takast á að komast yfir þá erfiðleika, sem sýnilega eru framundan. Verður þá að útiloka skemmdaráhrif kommúnista. Þá er nauðsynlegt að koma á samtökum gegn óeðlilegum sérréttindum og gróðastarfsemi á kostnað almennings. Næstu framkvæmdirnar verða að miðast við það að bæta aðstöðu framleiðslunnar stórlega frá því, sem nú er, og beina vinnuaflinu til framleiðslunnar meira en nú á sér stað, þannig að öll atvinnutæki landsmanna séu notuð til slíkra starfa og allir möguleikar til gjaldeyrisöflunar. Í þessu sambandi þarf að gera ráðstafanir til þess að breyta skipan verzlunarmálanna í það horf að færa valdið í verzlunarmálunum meira yfir til neytenda en verið hefur og tryggja þannig réttláta vörudreifingu, aðhald og samkeppni um vöruverðið. Þá er augljóst af þeim upplýsingum, sem liggja fyrir, að mikil verkefni bíða óleyst í sambandi við innlenda iðnaðinn, og sýnist þar vera aðalatriðið að skipuleggja iðnaðinn á ný, þannig að framleiðslugeta þeirra fyrirtækja, sem þörf er á að reka til þess að framleiða nauðsynjar, sé notuð til fulls og með því skapaður grundvöllur til þess að lækka verðlag iðnaðarvarnings í landinu. Bendir margt til þess, að slíkar framkvæmdir gætu orðið þýðingarmikill liður í baráttunni gegn verðbólgunni. Framkvæma verður gagngera endurskoðun á öllum ríkisrekstrinum, með sparnað fyrir augum, og endurskoðun á útgjaldalöggjöf síðustu þinga með það sama fyrir augum. Framsfl. hefur lagt til, að þremur alþm. yrði bætt í sparnaðarnefndina, sem þegar starfar og skipuð er embættismönnum. Það telur flokkurinn heppilegt, ekki *vegna þess að hann vantreysti embættismönnunum*, heldur telur flokkurinn, að ef full not eigi að verða af starfi nefndarinnar, þá verði að koma þar til greina jöfnum höndum sjónarmið þeirra, sem starfa að lagasetningu, og hinna, sem þekkja til lagaframkvæmdar. Þá hefur flokkur*inn stutt, að það ákvæði yrði lögfest, að ekki* mætti stofna nýtt starf á vegum ríkisins, nema með samþykki fjmrh. Telur flokkurinn heppilegt, að slíkt ákvæði sé sett á meðan endurskoðun fer fram, og mætti þá setja frekari skorður í því efni eftir endurskoðunina, ef menn teldu það heppilegt.

Þá ber brýna nauðsyn til að ná betri tökum á lausu fjármagni í landinu en nú er, til þess að því geti orðið beint í nauðsynleg stofnlán handa atvinnurekstrinum og til annarra brýnustu nauðsynja. Þetta er alveg sérstaklega aðkallandi vegna þess, hvernig ástatt er um stofnlánadeild sjávarútvegsins, stofnlán til landbúnaðarins og stofnlán til margra þjóðþrifafyrirtækja. Það er nú sýnt, að niðurstaða um þetta mál næst ekki á þessu þingi, og verður því að viðhafa þá aðferð að leysa til bráðabirgða úr brýnustu þörfum einstaklinga og fyrirtækja í þessum efnum, en frekari ráðstafana er brýn þörf og verður að undirbúa þær í sambandi við önnur atriði fjárhagsmálanna, sem framkvæmdar bíða óleyst.

Þá er aðkallandi nauðsyn að finna nýjan grundvöll undir tekjuskiptinguna í landinu, sem sérstaklega sé miðaður við það, að tekjur manna séu í sem réttustum hlutföllum við þjóðartekjurnar og að hlutur þeirra, sem vinna að framleiðslunni, sé betur tryggður en nú er. Í þessu sambandi þarf að leggja vinnu í að gera nýja vísitölu, sem fyrst og fremst sé miðuð við framleiðsluverðmæti. Í nýju dýrtíðarlöggjöfinni frá í haust eru ákvæði um, að slík vísitala skuli gerð, og er þýðingarmikið, að ekki verði látið dragast að vinna það verk. Það verk verður að vera unnið svo tímanlega, að niðurstöðurnar liggi fyrir, þegar valdar eru leiðirnar og úrræðin næsta áfangann á viðreisnarbrautinni.

Í stjórnarsamningi þeim, sem gerður var þegar núv. stj. var mynduð, er tekið fram, að stjórnin vilji beita sér fyrir setningu nýrrar stjórnarskrár. Ég tel, að hraða eigi sem mest

undirbúningi þessa máls. Mjög margir hafa þungar áhyggjur af því, hvernig stjórnarkerfi landsins reynist í framkvæmd á síðari árum. Það hefur gengið stirt og erfiðlega að mynda í landinu ábyrgan meiri hluta um stjórnarathafnir og löggjafarstarf. Samsteypustjórnir margra flokka eru yfirleitt svifaseinni en vera þyrfti, þótt mikið starf og erfiði sé af mörkum látið oft og tíðum. Togstreita er oft mikil og samningavinna gífurleg við allar meiri háttar ákvarðanir og málamiðlanir óhjákvæmilegar. Þetta tefur framkvæmdir, gerir línur óskýrar og hefur marga galla, þótt við þetta fyrirkomulag verði að una, meðan ekki myndast stærri samstæðir hópar. — Framsfl. telur, að meginákerzlu eigi að leggja á það, að ákvæði hinnar nýju stjskr. um skipan æðsta valdsins og um Alþingi og kjör til þess stuðli sem mest að því, að í landinu sé jafnan til staðar sem samstæðastur pólitískur meiri hluti um landsstjórn og lagasetningu. Og enn fremur telur flokkurinn, að í hinni nýju stjskr. eigi að tryggja aukið vald héraðanna frá því, sem nú er.

Ég hef nú talað um nokkur þýðingarmikil málefni, sem framundan eru, og mætti þó mörg fleiri nefna. Fyrir þessum málum og ýmsum fleirum, sem hér verða ekki talin nú, mun Framsfl. beita sér og berjast á Alþingi og í ríkisstj. og hvar sem hann fær því við komið.

Framsfl. er það ljóst, að eins og flokkaskipan er í landinu nú, þá getur hann ekki búizt við að ráða einn úrslitum mála, og honum er það einnig ljóst, að ef og meðan hann er í samsteypustjórn með fleiri flokkum, þá getur hann ekki heldur búizt við að ráða einn stjórnarathöfnum. En þótt flokknum sé þetta ljóst, og þó öllu heldur einmitt af því, að honum er þetta vel ljóst, þá telur hann sér skylt, þegar hann á í samstarfi við aðra flokka, að gera alþjóð sem gleggsta grein fyrir því, hvað hann hefur til málanna að leggja, hvað hann hefur lagt til og leggur til um aðalstefnuna, ekki aðeins á Alþingi, heldur einnig í ríkisstj., þannig að afstaða flokksins sé kunn til samanburðar við þær framkvæmdir, sem gerðar eru. Framsfl. telur það einnig eðlilegt, að hinir samstarfsflokkarnir fari eins að, ef þeim býður svo við að horfa. Það væri fáránlegt að ímynda sér, að menn með ólíkar lífsskoðanir og flokkar með ólíkar stefnur verði sammála um allt, þótt þeir gangi til samninga um stjórn landsins og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um heildarstefnu einstaka áfanga á hinni löngu göngu þjóðarinnar. Auðvitað er stundum ágreiningur milli samstarfsflokka um ríkisstj. og milli ráðh. í samsteypustjórn. Einn leggur þetta til, en annar hitt og síðan er samið, og að lokum verður málamiðlun og enginn telur það sína lausn, sem ofan á verður. Landsmenn eiga að vita hverju sinni sem gleggst um það, hvað fulltrúar flokkanna leggja til um höfuðmálin í stjórnarsamstarfinu engu síður en í samstarfi á þingi. Og sé þetta gert, þá eru samsteypustjórnir margra flokka ekki eins varhugaverðar fyrir pólitískt uppeldi þjóðarinnar, ef svo mætti að orði komast, eins og þær hlytu að verða, ef annar háttur væri á þessu hafður. Á þessu byggir Framsfl. málflutning sinn og afstöðu og mun gera svo áfram, af því að hann telur þetta þjóðinni nauðsynlegt og til þess fallið að styrkja lýðræðið með málefnalegum umræðum um vandamálin og ágreining þann, sem um þau hlýtur að vera.

Menn verða að horfast í augu við það, að mikill vandi er á höndum á næstunni. Þjóðin fær ekki staðizt þá nema henni skiljist, að menn verða að leggja verulega að sér á næstunni og neita sér um margt. Það verður óspart reynt að koma í veg fyrir viðreisn með blekkingum um það, að þjóðin geti leyft sér alla sömu eyðslu og á meðan verið var að koma í lóg afganginum frá stríðsárunum. Það er einn liðurinn í starfsemi kommúnista eftir þar um lögðum áætlunum. Það er einn þátturinn í þeirri skemmdarstarfsemi, sem hér verður reynt að vinna á næstunni. — Framleiðslumöguleikarnir eru miklir. Aðalmeinið er, að eyðslan er samt um efni fram. Það er hægt að sigrast á erfiðleikunum. Nokkrum árum fyrir styrjöldina urðu Íslendingar fyrir því áfalli, að aðalmarkaðurinn fyrir aðalmarkaðsvöruna féll saman á einu ári. Þjóðin brást mannlega við. Hún sparaði og sparaði og notaði hvern eyri, sem til varð tíndur, til þess að koma upp nýjum atvinnurekstri og nýjum tækjum til þess að vinna upp það, sem tapazt hafði, og á fáum árum var mikið unnið upp. Sú þjóð, sem þetta gat, þarf ekki að örvænta. Þótt margt hafi breytzt síðan þetta skeði, þá er kjarninn enn hinn sami, þegar á reynir, og þrátt fyrir allt stendur þjóðin betur að vígi en fyrr. Það er undir mönnum sjálfum komið, hvernig framtíðin reynist. — Góða nótt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í öllum lýðræðislöndum, þar sem ríkir frjáls flokkaskipan, en ekki einræði eins flokks, og þar sem þingræðisstjórnir fara með völd, þykir sjálfsagt og eðlilegt, að til sé stjórnarandstaða. Hún er jafnvel talin nauðsynlegur þáttur í lýðræðiskerfinu og er, ef hún er rekin af fullri samvizkusemi, skilningi og réttdæmi, mjög þýðingarmikil fyrir lýðræðisskipulagið. Það sést bezt, hvað Bretar, hin gamla og gróna lýðræðis- og þingræðisþjóð, meta nauðsyn stjórnarandstöðunnar mikils, að forustumaður stjórnarandstöðunnar skuli hafa há laun úr ríkissjóði. Er þar talið, að forusta stjórnarandstöðunnar sé svo merkilegur þáttur í lýðræðisskipulaginu, að nauðsynlegt sé, að sá maður, sem hana hefur með höndum, geti rækt starfið án þess að þurfa að leita sér atvinnu annars staðar, og að það sé ríkið sjálft, sem eigi að hlaupa undir bagga til þess að þetta starf verði stundað af skörungsskap og réttsýni. Núv. ríkisstj. þarf ekki að kvarta undan því, að hún hafi ekki mætt harðri andstöðu, og sízt má segja, að ekki hafi stjórnarandstaðan, kommúnistar, sýnt fulla tilburði til þess að vinna það, sem þeir mest máttu, til þess að draga úr framkvæmdum stj. og torvelda þær. En gallinn er aðeins sá, að hin kommúnistiska stjórnarandstaða er hvorki þjóðholl, leiðbeinandi né réttsýn. Þvert á móti verður þess vart í öllum gerðum hennar, að hún er ábyrgðarlaus, óþjóðholl og beinlínis þjóðskaðleg. Er ömurlegt til þess að vita, að þannig

skuli nú högum háttað í íslenzku stjórnmálalífi, að stjórnarandstaðan sé haldin þeim höfuðgöllum, sem gera það að verkum, að hún verður að engu gagni, en getur orðið til mikils tjóns. Það er ekki einungis ofsi og óréttlæti stjórnarandstöðunnar, sem hefur reynt að gera núv. ríkisstj. allar þær skráveifur, sem mest má verða, heldur hefur ríkisstj. haft við að glíma gamlar syndir og ill áhrif kommúnista, á meðan þeir sátu illu heilli í ríkisstj.

Frá stjórnarsetu sinni hafa kommúnistar skilið eftir svo mikla óreiðu og mikið öngþveiti í þeim málum, sem þeir höfðu yfir að ráða, að leitt hefur til mikilla vandræða, einmitt á síðustu tímum. Og það er víst, að það röska ár, sem liðið er frá því að núv. stj. tók við völdum, verði hvergi nærri fullnægjandi til þess að bæta upp það böl, sem seta kommúnista olli í fyrrv. stjórn. Afleiðingar af þeirri stjórnarsetu munu verka um langa framtíð. Dæmi um þetta eru nærtæk og deginum ljósari. Fyrst má nefna, sem alkunnugt er, hinar nýju síldarverksmiðjur ríkisins, sem urðu vegna óstjórnar og bruðlunar röskum 20 millj. króna dýrari en áætlað var í öndverðu, og allar framkvæmdir í sambandi við byggingu verksmiðjanna með þeim endemum, að til mikilla vandkvæða horfir í náinni framtíð fyrir útvegsmenn og sjómenn og ríkið sjálft. Enn þá þarf að verja mörgum millj. króna til þess að endurbæta það, sem verst hefur verið farið með í byggingu síldarverksmiðja ríkisins, og kannast þar allir við mjölskemmuna miklu og síldargeymana, sem byggðir voru á því kviksyndi, að þeir hafa sigið verulega, og er nokkur hætta á, að það geti valdið tjóni. Það er einkennandi fyrir framkvæmdir kommúnista að byggja á kviksyndi geymslu fyrir þá dýrmætustu útflutningsvöru, sem Íslendingar hafa yfir að ráða. Það er táknrænt fyrir alla starfsemi þeirra.

Ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að byggingu síldarverksmiðja ríkisins og hinni dæmalausu framkvæmd, sem þar hefur átt sér stað. Sem betur fer, er þetta alkunnugt og landsmönnum til alvarlegrar viðvörunar. En ég get einnig nefnt annað dæmi, sem þó hefur og verið drepið á. Það er rekstur landssmiðjunnar og bátabyggingarnar, sem fóru fram undir stjórn kommúnista, á meðan þeir sátu í ríkisstj. Snemma árs 1945 ákvað ríkisstj. að láta á næstu einum til tveimur árum byggja hér á landi 50 vélbáta til fiskveiða, og skyldu þeir vera af tveimur stærðum, 35 og 50 tonn. Féll það illu heilli í hlut kommúnista í ríkisstj. að sjá um allar framkvæmdir og hafa yfirstjórn þeirra. Landssmiðjan átti í upphafi að taka að sér að byggja verulegan hluta þessara báta, þó að minna yrði úr en til stóð. Enda reyndist það svo, að þeir bátar, sem voru byggðir af landssmiðjunni undir stjórn kommúnista, hafa orðið rúmlega 77% dýrari en hjá þeim öðrum bátasmiðum, sem samtímis smíðuðu báta eftir sömu teikningum og verklýsingu. Er engu líkara en að verið hafi að verkum skemmdarstarfsemi til þess að eyðileggja álit og fjárhag þeirra ríkisstofnana, sem framkvæmdir höfðu með höndum. En það var ekki einungis það, að þessir bátar, sem byggðir voru af landssmiðjunni, yrðu þannig dýrari, eins og raun hefur á orðið, heldur þótti nauðsynlegt fyrir atbeina kommúnista að gera ráðstafanir til þess á miðju ári 1945 að panta mjög mikið af skipaeik, sem skyldi koma til landssmiðjunnar og notast við bátabygginguna. Eikin kom til landsins með ýmsum skipum á árunum 1945 og 1946. Kostaði hún, komin á hafnarbakkann hér, um 1,8 millj. kr. Lítið eitt af eik þessari hefur verið hægt að nota til bátabygginga. Eikin hefur til skamms tíma legið í nánd við landssmiðjuna, sumpart úti og sumpart í skemmum, sem leigðar hafa verið fyrir 28800 kr. á ári. En svo var með innkaupin á þessari eik, að hún er að mestu bandaeik, en byrðingaeik til þurrðar gengin. Frá byrjun voru flest stafnstykkin ónýt, þar sem þau voru hol af merg enda á milli. Eikin skemmdist líka og rifnaði við geymslu, og eftir atvikum verður því að leyfa kaupendum að velja úr hinni lélegu vöru. Það mun láta nærri, að afskrifa verði af eikinni um helming andvirðis hennar, og munar sannarlega um minna.

Það var sannarlega ekki heldur dregið úr kostnaði við stjórn landssmiðjunnar þann tíma, sem kommúnistar réðu því fyrirtæki. Tveir menn voru á forstjóralaunum í sjö mánuði, og þegar ráðinn var nýr forstjóri til landssmiðjunnar, þótti sjálfsögð rausn af þáv. atvmrh. að kaupa handa honum íbúð fyrir 277 þús. kr., og var ákveðið, að hann skyldi auk launa sinna búa þar ókeypis. Einhver endurgreiðsla á leigu mun þó koma fram í því sambandi vegna lítillar kjallaraíbúðar, sem fylgir, og eins herbergis að auk, sem leigt hefur verið út. Bifreiðakostnaður tók stór stökk á þessum árum. Árið 1944 var bifreiðakostnaður landssmiðjunnar um 48 þús. kr., en 1945 118 þús. kr. og 1946 150 þús. kr. Er þetta aðeins nefnt sem dæmi um þá sérstöku óstjórn og óreiðu, sem virðist hafa verið í hverju því fyrirtæki, sem laut stjórn kommúnista meðan þeir sátu í ríkisstjórn. — Bókfært tap á skipasmíðastöð landssmiðjunnar, að meðtalinni afskrift stöðvarinnar í starfslok, var kr. 2345905.74, en vitað er með vissu, að tap á bátabyggingarstarfseminni er orðið yfir 3 millj. kr., og lendir það á ríkissjóði, eykur skuldabyrði hans og takmarkar möguleika hans til nytsamlegra framkvæmda.

Þó að stjórn og rekstur kommúnista á landssmiðjunni væri með endemum, hafa þó flugmálin ef til vill farið enn þá verr úr hendi. Á árinu 1945 var dyggur kommúnisti skipaður flugmálastjóri og sérstök skrifstofa sett á laggirnar. En starfræksla flugvallanna á vegum Íslendinga hófst ekki fyrr en vorið 1946. Útkoman á rekstri flugmálanna 1946 hefur orðið geigvænleg, og má telja, að hallinn hafi orðið talsvert yfir 2 millj. kr. Er það og engin furða, þegar litið er á allan reksturinn, því að þar virðist hafa verið mest um það hugsað að hafa sem flesta menn í vinnu, og þá allra helzt gæðinga kommúnista og greiða þeim mjög rífleg laun. Einn af þeim mjög miklu útgjaldaliðum, sem er við rekstur flugmálanna 1946, er alls konar bifreiðaakstur. Samtals voru þá greiddar 25 þús. kr. fyrir lausaakstur eða leigu á bifreiðum, og þó er flugvöllurinn hér í Rvík talinn eiga í árslok 35 bifreiðar,

en ekki munu þær alltaf hafa verið í nothæfu ástandi.

Þótt stjórn og rekstur flugmálanna væri á þann veg, sem lauslega hefur verið bent á með einstökum dæmum, þá tekur þó út yfir allan þjófabálk rekstur veitingahússins á flugvellinum í Rvík, sem rekið var á vegum flugmálanna 1946. Það hefur að vísu ekki tekizt að komast til botns í reikningunum; svo ófullkomnir og illa færðir eru þeir, að ekki verður komizt að ákveðinni niðurstöðu. Segir svo í niðurlagsorðum í skýrslu, sem tveir trúnaðarmenn ríkisstj. hafa gert um rekstur flugmálanna 1946:

„Það sætir hinni mestu furðu, hve framkvæmd þessara mála hefur farið illa úr hendi. Stafar þessi ófarnaður að okkar áliti fyrst og fremst af því, að allur undirbúningur undir starfið: Móttaka vallarins og þeirra verðmæta, sem honum fylgdu, fyrirkomulag á rekstri og bókhaldi hefur verið í molum. Þetta er þeim mun undarlegra, þar sem forráðamaður flugmálanna hafði *heilt ár til þess að undirbúa starfið*, sem kostaði til ársloka 1945 á annað hundrað þús. kr., auk þess, sem eytt var á árinu 1946, áður en afhending flugvallarins fór fram, en ekki er sundurgreint á reikningunum. Samt sem áður er engin skrá gerð yfir eignir, sem flugmálastjóri tekur við vorið 1946. Illa virðist hafa verið hugsað fyrir bókhaldi og engar reglur settar um meðferð *hinna keyptu verðmæta, sem tryggðu*, að auðvelt væri að fylgjast með því, hvað af þeim yrði. Yfirstjórn og eftirlit virðist hins vegar ekkert hafa verið á þessu sviði."

Þannig farast þeim trúnaðarmönnum ríkisins orð, er athuguðu þessa óreiðusúpu.

Þá má og minnast á sukkið í sambandi við fiskkaup fiskimálanefndar á árunum 1945 og 1946. Þeir reikningar munu ekki vera gerðir upp að fullu, en svo munu kommúnistar hafa skilið við þau mál, er þeir fóru úr ríkisstj., að vanskilaskuldir námu þá um 1,3 millj. kr.

Þannig mætti lengi halda áfram að telja, en tími minn leyfir ekki að taka meira, þó að margt annað sé fyrir hendi. Það ræður og af líkum, að þessi óstjórn á ýmsu varðandi atvinnumál í tíð *kommúnista segi nú til sín með stóraukinni* skuldasöfnun ríkisins, enda hefur það gert að verkum, að illkleift hefur nú orðið á síðustu tímum að afla nauðsynlegs fjár hjá lánsstofnunum til þess að hrinda í framkvæmd nytsömum fyrirtækjum, svo sem nýjum verksmiðjum, byggingu íbúðarhúsa o. fl. Einmitt sú tregða á því að afla nauðsynlegs fjár á síðustu tímum á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til þeirrar takmarkalausu óstjórnar og eyðslu, sem ríkti á þessum tímum á stjórnarsviðum, þar sem kommúnistar fóru með völd. Þannig mega þeir, sem með réttu kvarta undan skorti á fé til nýrra framleiðslutækja og nauðsynlegra íbúðarhúsabygginga, svo sem verkamannabústaða, samvinnubygginga og bæjarbygginga, súpa seyðið af óstjórn og fjárbruðli kommúnista meðan þeir sátu í ríkisstjórn.

En það er ekki einungis það, að núv. ríkisstj. hafi tekið við þessari illu arfleifð kommúnista, sem torveldað hefur henni framkvæmdir margra nytjamála. Síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, hafa kommúnistar barizt gegn hverju máli til að öryggja fjárhagslega afkomu og tryggja atvinnureksturinn í landinu. Það er vissulega ekki þeim að þakka, að til þessa hefur heppnazt ágætlega að komast hjá atvinnuleysi og vandræðum.

Þau pólitísku verkföll, sem kommúnistar stofnuðu til á síðastliðnu vori og sumri, voru mjög hættuleg fyrir rekstur síldarútvegsins og margar framkvæmdir aðrar í landinu. Það var beinlínis til þeirra stofnað af hálfu kommúnista til þess að síldarútgerðin gæti ekki komizt af stað eða yrði svo síðbúin, að verulegt tjón hlytist af, og skapa á þann hátt glundroða og upplausn í atvinnulífinu, nákvæmlega á sama hátt og kommúnistar í Frakklandi, Ítalíu og víðar hafa gert. Ofstækið og yfirtroðslur í þessum verkföllum kommúnista á s. l. sumri, þó einkum á Siglufirði, eru landskunnar. Það fór einnig svo, að þegar að lokum tókust samningar, þá var það ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu kommúnista, að ekki gengi úrskurður félagsdóms um yfirtroðslur þær of ofbeldi, er þeir höfðu í frammi haft á Siglufirði og kærð höfðu verið og félagsdómur var að því kominn að fella úrskurð um. Stöðvun kommúnista á flutningi myndastyttu Snorra Sturlusonar er ekki einungis fræg að endemum hér á landi, heldur barst óhróðurinn af þessu atviki til útlanda, og var það sannarlega ekki *þeim* að þakka, að það varð ekki til meiri álitshnekkis en raun varð á.

Svo þegar síldveiðin brást síðastliðið sumar og útlit var fyrir, að til þess mundi koma, að atvinnurekstur stöðvaðist vegna sívaxandi verðbólgu, þá gerðu kommúnistar allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að hindra, að nauðsynlegar ráðstafanir væru gerðar gegn verðbólgu og dýrtíð. Ríkisstj. fór, að vel *yfirlögðu ráði*, svo *hógværlega* í sakirnar sem frekast var unnt hvað það snerti að leggja byrðar á bök þeirra, sem minnstan viðnámsþróttinn hafa. Kommúnistar börðust af öllu afli gegn setningu löggjafar gegn vaxandi dýrtíð og spáðu því, að vísitalan mundi að löggjöfinni settri tafarlaust hækka upp í 350 stig, og væri þá tekin ógurleg fúlga *af launastéttum landsins*. Allt reyndist þetta falsspá. Vísitalan varð einungis 319 stig og var lækkuð um 9 stig með ýmsum ráðstöfunum frá því, sem hún ella hefði orðið í janúar s. l., og hefur tekizt að halda þeirri stöðvun enn. Kommúnistar gerðu allt, sem þeir gátu, til þess að æsa launastéttirnar í landinu til andstöðu við þessa löggjöf og allar framkvæmdir. Æddu agentar þeirra um landið til þess að reyna að undirbúa verkföll og uppsagnir á kaupsamningum. En almenningur var þroskaðri og skilningsbetri en þeir höfðu reiknað með, og vísaði verkalýðurinn æsingatilraunum þeirra á bug. En víst er, að vel þarf að standa á verði gegn nýjum tilraunum í sömu átt, og má einmitt búast við, að þær skemmdarverkatilraunir verði gerðar á sama tíma og í fyrra og í þeim sama tilgangi, að hindra síldarútgerðina.

Við afgreiðslu fjárlaga nú, svo sem oft áður, hafa kommúnistar sýnt fullkomið ábyrgðarleysi og hóflausa löngun til eyðslu. Þeir hafa flutt till. um hækkun útgjalda, er nema um 20 millj.

kr., og hafa lagzt á móti öllum þeim sparnaði, sem reynt hefur verið að framkvæma. Þeir hafa í fávizku sinni hamazt gegn því, að framfylgt verði lögum um almannatryggingar, með því að draga tekjuafgang ársins 1947 frá væntanlegum útgjöldum 1948. Þeir hafa reynt að læða þeirri hugsun inn, að verið væri að draga úr og breyta löggjöfinni um almannatryggingar. En það á sér enga stoð í veruleikanum, heldur eru fjárveitingar til almannatrygginganna settar eins og menn ætluðu, að þær kostuðu ríkissjóð, miðað við löggjöfina eins og hún var frá 1946. Kommúnistar hafa viljað, að ríkið sé skyldað til að gefa loforð, án þess að nokkur úrræði væru fyrir hendi til að efna þau loforð, í sambandi við byggingarframkvæmdir. Þannig hefur allur ferill þeirra verið markaður af ábyrgðarleysi og beinni löngun til þess að stofna til hruns og atvinnuleysis í von um aukið fylgi, er það mundi skapa þeim.

Ótalið er enn þá það allra versta, en það er þjónusta kommúnista við erlent stórveldi og bein skemmdarstarfsemi þeirra gegn félagslegu öryggi og viðreisn. Átakanlegt dæmi um þetta er misnotkun þeirra á stjórn Alþýðusambands Íslands. Alþýðusamtökin á Norðurlöndum hafa um tugi ára haft náið samstarf sín á milli og ráðið ráðum sínum með kjörnum fulltrúum frá hverju landi. En frá því að kommúnistar komu til sögunnar, hefur það að sjálfsögðu verið skilyrði þess, að alþýðusamtökin væru hlutgeng í þessu samstarfi, að þau væru ekki undir stjórn og áhrifavaldi kommúnista. En þegar svo ömurlega tókst til fyrir nokkrum árum, að kommúnistar brutust til valda í Alþýðusambandinu, að vísu með rangsleitni og kúgun og nokkurri aðstoð pólitískra spekúlanta, hefur það með öllu einangrað sig frá samvinnu við sams konar samtök á Norðurlöndum. Er það út af fyrir sig ærið skaðlegt fyrir íslenzka alþýðu og ætti að vera ein af þeim röksemdum, sem leiddu til þess, að vald kommúnista yrði brotið á bak aftur í íslenzkum alþýðusamtökum.

Þegar fulltrúar frá norrænu alþýðusamtökunum héldu fund í Stokkhólmi í byrjun febrúarmánaðar s. l., átti Alþýðusamband Íslands þar að sjálfsögðu engan fulltrúa. Þar voru til umræðu og ályktana mörg mjög mikilsverð mál, er varða hag og framtíð alþýðusamtakanna á Norðurlöndum. Á þeim fundi var sérstaklega rædd nauðsyn verkalýðsins á því, að fjárhagsleg endurreisn og efling gæti átt sér stað á Norðurlöndum og yfirleitt í Vestur-Evrópu, allt með lýðræðishætti, og var þar ályktað, að skjót viðreisn Evrópu væri skilyrði fyrir fjárhagslegu og stjórnmálalegu sjálfstæði Norðurlanda, og þar með tryggingu frelsis og friðar. Í þeirri ályktun segir einnig svo: „Endurreisn fjárhags Evrópu á fyrst og fremst að gerast með einbeitingu eigin orku heimsálfu vorrar og í því formi, sem tryggir stjórnmálalegt lýðræði og mannréttindi, sem eru ómissandi hluti menningarinnar í vorum hluta heims.“ Þá voru og allir fulltrúar hinna sterku og þroskuðu alþýðusamtaka á Norðurlöndum á einu máli um það, að þau norrænu ríki, Danmörk, Ísland, Noregur og Svíþjóð, sem Marshalláætlunin taki til, leggi áherzlu á það, að fjárhagsleg aðstoð, samkvæmt því sem ráðgert er í áætluninni, sé mjög mikilvæg fyrir Vestur-Evrópu alla og nauðsynleg þeim löndum, sem eiga við erfiðleika að etja. — Ég nefni þessa ályktun frá fundinum í Stokkhólmi sem dæmi um það, hvernig lýðræðissinnuð alþýðuhreyfing ræður ráðum sínum, en utan við þær ráðagerðir stendur Alþýðusamband Íslands einangrað vegna ofbeldis íslenzkra kommúnista.

Í sambandi við Marshalláætlunina er rétt að minnast á afstöðu verkalýðssamtaka Vestur-Evrópu og tilraunir íslenzkra kommúnista sem stjórnenda Alþýðusambandsins til þess að vinna gegn þjóðarhag. Eins og alkunnugt er, hafa 16 ríki í Vestur-Evrópu tekið með þökkum og hafa uppi ráðagerðir til þess að notfæra sér aðstoð þá, sem fólgin er í Marshallhugmyndinni og Bandaríki Norður-Ameríku veita til þess að leggja nýjan og varanlegan grundvöll að auknu og blómlegu atvinnulífi. Verkalýðurinn í Vestur-Evrópu, sem ekki er háður ofurvaldi kommúnista, skilur þetta mætavel. Þess vegna var hafizt handa um fund verkalýðssamtakanna í þeim 16 löndum, sem eru þátttakendur í Marshalláætluninni, en þar skarst Alþýðusamband Íslands úr leik. Hinn 16. þ. m. var í London haldinn fundur fulltrúa verkalýðssamtaka í 15 löndum, sem hafa 270 milljónir íbúa. Þar voru mættir fulltrúar fyrir alþýðusamtök 14 ríkja í Vestur-Evrópu — þar vantaði aðeins Ísland og Ítalíu — og auk þess fulltrúar fyrir hin tvö stóru verkalýðssambönd í Bandaríkjunum. Allir fulltrúarnir voru á einu máli um það, að Marshalláætlunin væri einmitt sérstakt áhugamál verkalýðsins í öllum þessum löndum, til tryggingar fjárhagslegri endurreisn og atvinnu. Í ályktun þessa fulltrúafundar var m. a. sagt á þessa leið:

„Endurreisnaráformin, sem hafa hina mestu þýðingu fyrir velferð verkalýðsins, þarfnast ötuls stuðnings og samvinnu verkalýðssamtakanna í þeim löndum, sem hlut eiga að máli. Við óskum einlæglega eftir samstarfi verkalýðssamtakanna í sem allra flestum löndum og vísum á bug þeirri staðhæfingu, að með þessari framkvæmd sé verið að egna austrið gegn vestri.

Það verður að stuðla að því eftir megni, að hvert land fyrir sig geri sitt ýtrasta til þess að efla endurreisnina. Þessi skylda er nauðsynleg til þess að geta tekið þátt í samstarfinu. Fulltrúafundurinn hefur með stuðningi sínum við endurreisnaráformin fylgt hinum hefðbundnu starfsaðferðum verkalýðshreyfingarinnar, sem sé með því að stuðla að félagslegum, fjárhagslegum og stjórnmálalegum framförum, sem eru nauðsynleg til þess að styrkja þær meginreglur og öryggja frelsi þjóðanna og efla lýðræðislegar framfarir til þess að bæta hag og kjör verkalýðsins.

Fulltrúafundurinn hefur rækilega kynnt sér meginreglurnar um framkvæmd skiptingarinnar á fjárhagsaðstoðinni, sem Bandaríkin hafa ákveðið að veita Evrópu í anda alþjóðlegrar bræðralagshugsjónar. Fulltrúafundurinn telur, að endurreisn Evrópu sé vonlaus án hinnar miklu aðstoðar Bandaríkjanna. Fundurinn hefur og gengið úr skugga um það, að engin þau skilyrði fylgja aðstoðinni, er geri hana á nokkurn hátt ó-

aðgengilega, og sérstaklega, að aðstoðin hafi á engan hátt í för með sér stjórnmálaafskipti né að Bandaríkin vilji á nokkurn hátt blanda sér í innri málefni þeirra ríkja, er aðstoðarinnar verða aðnjótandi.“

Þannig ályktaði fulltrúafundur verkalýðssamtakanna, að undangenginni ýtarlegri athugun og nákvæmari rannsókn á hinni fyrirhuguðu Marshallaðstoð.

En þrátt fyrir það, þótt íslenzkir kommúnistar, sem ráða Alþýðusambandinu, viti með vissu, að ríkisstj. og yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga vill fyrir sitt leyti taka þátt í framkvæmd Marshalláætlunarinnar með hinum Evrópuríkjunum, þá ákváðu kommúnistarnir, að Alþýðusambandið skyldi engan þátt eiga í ráðagerðum með verkalýðssamtökum Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna til þess að greiða götu fyrir þessu sameiginlega áhugamáli alþýðunnar. Með þessu móti reyna íslenzkir kommúnistar að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að torvelda Íslandi þátttöku í viðreisnarstarfinu. En að sjálfsögðu eru þessar aðferðir í beinu samræmi við það boð, sem hefur verið látið út ganga frá miðstöðvum kommúnista í Austur-Evrópu um baráttu kommúnista hér í álfu gegn framkvæmd Marshalláætlunarinnar. Íslenzkir kommúnistar eiga þar sína yfirmenn, sem geta sagt þeim fyrir verkum, en íslenzkt löggjafarvald og íslenzkan þjóðarhag meta þeir að engu í samanburði við yfirboðara sína í austri.

Ég hef nefnt þetta, er ég nú hef drepið á, sem táknrænt dæmi um þjóðhættulega starfsemi íslenzkra kommúnista. En það er ekki eina dæmið. Kommúnistaflokkar allra landa hafa á síðustu tímum afhjúpað sig rækilega. Íslenzkir kommúnistar eru þar engin undantekning, þrátt fyrir það, þótt ekki beri flokkur þeirra kommúnistaheiti. En nafnbreyting hefur víðar orðið en á Íslandi. Menn kannast víst flestir við orð eins og „alþýðufylking“ og „alþýðulýðræðisflokkur“ og samtök, sem svo eru nefnd í Austur-Evrópu og öll eru undir járnharðri stjórn kommúnista, þó að nokkrir menn, sem ekki voru kommúnistar í upphafi, hafi slæðzt inn í þær fylkingar, en engu fengið að ráða. Íslenzkir kommúnistar hafa ekkert lært og engu gleymt frá því að þeir nefndu flokkinn hinu rétta nafni. Þeir eru sama útibúið og áður frá stórveldi í austurvegi, og það hefur komið greinilega í ljós í baráttu þeirra gegn því að eiga samleið með verkalýðssamtökum í nágrannalöndunum.

Í Vestur-Evrópu er nú háð hörð barátta með og móti endurreisn, skipulagi og öryggi í atvinnumálum. Bandaríki Norður-Ameríku gera sitt til þess að hjálpa þeim, sem berjast fyrir endurreisn, en Austur-Evrópuöflin berjast gegn henni. Áhugamál Bandaríkjanna í þessu sambandi eru nákvæmlega eins og lýðræðisaflanna í Vestur-Evrópu. Fyrir alla lýðræðissinna er sjálfsagt að taka þátt í Marshallhjálpinni. Það er engin ástæða til að ætla, að nein slík skilyrði fylgi, er skapi öngþveiti eða brjóti í bága við lýðræðisskipulagið. Bandaríkin lúta engu einræði. Hin volduga verkalýðshreyfing þar í landi styður af alhug Marshalláætlunina. Áhugamál hinna norrænu ríkja er að þessu leyti eins og Bretlands.

Við Íslendingar þurfum að vera einhuga um það að vinna með löndum Vestur-Evrópu, sem hafa sameiginleg áhugamál, og ekki hvað sízt þurfa Íslendingar að taka öflugan þátt í auknu samstarfi Norðurlanda í fjárhags-, félags- og menningarmálum, og mun ríkisstj. stuðla að því eftir mætti, enda er það í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj., og hefur hún einnig sýnt það í framkvæmdinni, þar sem hún hefur valið sérstaka fulltrúa af sinni hálfu til ráðagerða um aukna samvinnu við hin Norðurlöndin á þessum málefnasviðum. Það er nauðsynlegt, að alþýðusamtökin skilji þetta og meti; en ef svo á að verða, þurfa þau að breyta um forustu.

Útlitið í alheimsmálum er nú uggvænlegt, uggvænlegra en verið hefur um langt skeið. Allir þekkja þá hörmulegu atburði, sem gerzt hafa í Tékkóslóvakíu, þar sem kommúnistar hafa með ofríki og ofbeldi og í skjóli stórveldis brotizt til valda og sett á stofn einræði og lögregluríki, þar sem ritfrelsi er takmarkað eða afnumið, og sama máli gegnir um málfrelsi og þau mannréttindi, sem Vestur-Evrópuþjóðirnar meta mest. Finnland er í hættu statt. Reynt er að knýja það inn í hernaðarkerfi Austur-Evrópu þrátt fyrir það, þótt vitað sé, að yfirgnæfandi meiri hluti finnsku þjóðarinnar er því andvígur. Ekki verður enn séð fyrir endann á því, en þetta eru vissulega ömurlegir atburðir, sem vekja hefðu átt hvern lýðræðissinna og hvern frjálshuga mann á Íslandi til mótmæla og gagnrýni. En íslenzkir kommúnistar hafa farið nákvæmlega eins að og flokksbræður þeirra eða alþjóðadeildir kommúnista í öllum löndum. Þeir hafa varið yfirganginn og ofbeldið og ásælnina, hafi hún komið úr austri.

Á kommúnistafundi í Kaupmannahöfn sagði hið aldna skáld Martin Andersen-Nexö út af láti Jan Mazaryks, að hann hefði verið sósíaldemókrat með vestræna samúð, sem hefði verið þröngvað til að hegða sér sæmilega. Með því að fyrirfara sér hefði hann bætt fyrir öll þau brot, sem væru einkennandi fyrir demókratíið. Þessi orð hins mikla, danska skálds eru einkennandi fyrir það brjálæðiskennda ofstæki, er jafnvel sviptir hina bezt gefnu menn allri heilbrigðri dómgreind og skynsamlegri hugsun.

Íslendingum er mikil nauðsyn á að gera sér þetta fullkomlega ljóst. Ísland á ekki í útistöðum yfirleitt við neitt ríki og óskar ekki eftir öðru en mega lifa í friði og góðu samstarfi við allar þjóðir. En baráttan hefur hafizt milli austurs og vesturs. Ég vil vona, að engin hætta sé á, að ófriður brjótist út í bráð. En Íslendingar verða að gera sér það fullkomlega ljóst, hvað er að gerast í heiminum. Kommúnistar vilja heldur nazistískt einræði en frjálst lýðræði. Ef Frakkland og Ítalía verða einræðinu að bráð og lýðræðið bíður þar ósigur, þá verða aðeins eftir hér í álfu Bretland, svo kölluð Beneluxlönd og norrænu ríkin, að undanskildu Finnlandi, sem búa við lýðfrjálst stjórnarfyrirkomulag.

Jafnvel hin minnsta þjóð í Vestur-Evrópu, eins og Íslendingar, getur styrkt öfl lýðræðisins með því að taka djarflegan og ákveðinn þátt í samstarfi Vestur-Evrópuþjóðanna með það fyrir augum að vernda atvinnuöryggi og atvinnurekstur eftir lýðræðislegum háttum. Og þó að Íslendingar séu lítil þjóð og þó að landið sé fjarlægt öðrum ríkjum Vestur-Evrópu, þá höfum við samt hlutverk að vinna, hlutverk, er sæmir þjóð, sem ann lýðræði, hatar einræði og ofbeldi og vill eiga gott og náið samstarf sérstaklega við þau ríki, þar sem stjórnarhættir eru eins og áhugamálin falla saman. Engin minnimáttarkennd má draga úr þeim áformum. Og með gaumgæfni þurfa Íslendingar að athuga hið merkilega samstarf Bretlands, Frakklands og Benelux-landanna, er vera kann vísir að sterku og heilbrigðu samstarfi allra Vestur-Evrópuríkja, einmitt þeirra ríkja, sem ekki hugsa um árásir á aðra, heldur búast til varnar gegn ágengni og ofríki. Þau ríki eru okkur eðlilega nánast tengd að menningu og þjóðskipulagsháttum.

En í sambandi við það geigvænlega útlit, sem nú er í alþjóðamálum, þurfa Íslendingar ekki síður en aðrar þjóðir að gera sér fullkomlega ljóst, að íslenzkir kommúnistar eru nákvæmlega eins og kommúnistar allra annarra landa. Þeir eru fimmta herdeild, þeir eru njósnarar, sem hafa hlutverk að vinna fyrir erlend ríki. Augu allra ábyrgra manna eru nú að ljúkast upp hvað þetta snertir. Fjórir forsætisráðherrar í nágrannalöndum, sem allir eru auk þess jafnaðarmannaforingjar, hafa aðvarað þjóðir sínar í þessu efni. Það er Hedtoft í Danmörku, Gerhardsen í Noregi, Erlander í Svíþjóð og Attlee í Englandi. Og sérstaklega munu margir hafa tekið eftir ræðu Attlee forsætisráðherra Breta, ekki síst þar sem hún kemur frá forustumanni þeirrar þjóðar, sem er alþekkt fyrir þolinmæði, langlundargeð og pólitíska þroska. Það er alveg áreiðanlegt, að Attlee forsætisráðherra boðar ekki út í bláinn ráðstafanir til þess að fimmta herdeild geti ekki orðið verkfæri til þess að svíkja föðurland sitt, þegar verst stendur á. Og í þessu sambandi má einnig minna á orð forseta norska Alþýðusambandsins, Konrad Nordahl, en hann lét nýlega svo um mælt, að í verkalýðssamtökunum reyndu kommúnistar allt hvað þeir gætu til þess að auka áhrif sín, og á því augnabliki, sem þeir hefðu þar yfirráð, mætti ganga út frá, að þeir gerðu tilraun til þess að lama allt atvinnulíf þjóðfélagsins og eyðileggja öll endurreisnaráform. Þetta eru vissulega alvarleg viðfangsefni fyrir íslenzku þjóðina. Augu hennar eru að opnast. Það sýna ekki hvað síst kosningar í mörgum verkalýðsfélögum og samtökum upp á síðkastið, þar sem kommúnistum hefur verið vikið til hliðar. En betur má, ef duga skal. Áhrif kommúnista verða vegna öryggis þjóðarinnar að hverfa úr samtökum íslenzks almennings um land allt. Með öruggri forustu og að lýðræðisháttum verður að víkja kommúnistum til hliðar í samtökum fjöldans, svo að þeim gefist ekki færi á að vinna þjóðinni tjón, þegar mest ríður á. Þeir lýðræðissinnar, sem af misskilningi eða pólitískum spekulationum hafa hugsað sér samstarf við kommúnista, leika sér með fjöregg lýðræðisins. Glopri þeir því niður, er ógæfan vís.

Framtíð íslenzku þjóðarinnar er undir því komin, að hún á þessum alvörutímum einangri kommúnista frá áhrifum og sem almennust samtök takist meðal allra lýðræðissinna um alhliða endurbætur, sem tryggja hagsæld og öryggi almennings á öllum sviðum.

Forseti (JPálm): Hæstv. forsrh. (StJSt) lauk máli sínu, og er útvarpsumr. í kvöld þar með lokið. Umr. verður haldið áfram annað kvöld.

Á 61. fundi í Sþ., 23. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (alm. umr., frh. útvarpsumr. og atkvgr. um frv.).

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það var undrafátt, sem hægt var að henda reiður á eða taka alvarlega í hinni löngu og yfirspenntu ræðu, sem hv. 2. landsk., Einar Olgeirsson, flutti hér í gær. Það var þó ljóst af ræðunni, að hv. þm. er einn af þeim trúuðu í söfnuðinum, einn af þeim ofsatrúuðu. Hann minnti mig með köflum á frægan predikara, sem ég stundum hlusta á að gamni mínu tala á kassa niður á Lækjartorgi.

Þm. boðaði þjóð sinni ógn og skelfingu, dauða og tortímingu, ef hún tæki ekki skyndilega sinnaskiptum og endurfæddist til annarrar og betri trúar í innanlands- og alheimsstjórnmálum. Annað veifið var helzt að heyra, að íslenzka ríkisstj. væri vel á vegi með framferði sínu að steypa allri veröldinni út í ófriðarbál, sem fyrst og fremst mundi tortíma henni sjálfri. Hitt veifið skildist manni samt, að ófriðarhættan stafaði fyrst og fremst af Bandaríkjunum, hinu ægilega dollaraveldi, eins og þm. nefndi þau, ásamt fleiri uppnefnum, sem með hinni óstöðvandi yfirgangs- og heimsveldisstefnu sinni væri að hrinda hinum friðelskandi þjóðum veraldarinnar út í blóðugt varnarstríð. Óneitanlega hljómar það nú sennilegar, að heimsfriðnum gæti fremur stafað hætta af Bandaríkjunum en Íslandi. Hitt er svo annað mál, hversu alvarlega menn taka almennt slíkar ásakanir. Það væru a. m. k. nokkuð snögg sinnaskipti hjá þjóð, er getur lagt sögu sína sem fylgiskjal fyrir þeirri staðreynd, að hún hefur aldrei háð árásarstríð gegn neinni þjóð, stórri né smárri, og ætíð virt landsréttindi friðsamra þjóða og gengið að samningaborðinu við þær eins og jafningi, ef hún hefur viljað við þær skipta. Þjóð, sem aðeins hefur háð styrjaldir við aðra til að stilla til friðar, þegar árásarþjóðir hafa verið búnar að hleypa heiminum í ófyrirsjáanlegan voða með ofbeldi og yfirgangi, eða til að verja sitt eigið land. Það væru snögg umskipti, ef þjóð, sem í síðustu styrjöld jafnframt því að eiga hendur sínar að verja gegn herskáum nágranna, gráum fyrir járnum, ekki aðeins jós hinum nú margumtöluðu forhöttuðu dollurum til styrktar öðrum þjóðum, er eins stóð á fyrir, heldur tefldi í hættu lífi milljóna af sonum sínum í frelsisbaráttu annarra þjóða og þar á meðal rússnesku þjóðar-

innar. Nú er okkur sagt, að þessi sama þjóð sé albúin að steypa veröldinni út í nýja styrjöld, vegna taumlauss haturs til sinna fyrri samherja og skjólstæðinga. Það trúir hver því, sem honum trúlegt þykir í þeim efnum. Annars er óþarfi að vera með líkindaútreikning í þessum efnum. Kjarninn í ræðu þm. kom svo óvenjulega skýrt í ljós í gegnum allt málæðið, í lok ræðunnar. Og kjarninn var þetta: Ef Íslendingar sjá ekki að sér og taka þegar upp aðra og heillavænlegri stefnu, að hans dómi, þá er landið í bráðum voða og þjóðin getur búizt við því að verða þurrkuð út af hnettinum. Ef hún hins vegar snýr af villu síns vegar og hættir dekrinu við hið „svívirðilega dollaravald", þó að það að dómi hans hlyti að skapa íslenzku þjóðinni ónáð þess, þá er öllu óhætt, það an er enginn voði aðsteðjandi fyrir land né þjóð. Gat þm. sagt öllu skýrar, hvers konar og hvaðan yfirvofandi hætta sú er, að hans eigin áliti, sem hann telur, að geti haft jafnörlagaríkar afleiðingar fyrir þjóð hans? „Það var ekki skýrt, en menn skildu það þó, á Skagafjörð benti það allt", var einu sinni kveðið. En þetta var skýrt, hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og þökk fyrir það.

Þm. skýrði frá skoðun ungrar stúlku, er hún hafði látið í ljós við útlending, um það, að henni væri lífið lítils virði, ef það ætti eftir að ske, að þjóð hennar yrði þurrkuð út af hnettinum. Ég býst við, að margir landar hennar gætu þar tekið undir með henni. Öllum þjóðhollum mönnum er land þeirra og þjóð, með kostum sínum og göllum, helgidómur, sem þeir þola ekki að afmáð sé fyrir augum þeirra. Þess vegna leggja þeir jafnan líf sitt í hættu til að verja land sitt og þjóð, þegar þeim er ógnað af utanaðkomandi háska, ef nokkrum vörnum verður við komið. Þetta skiljum við Íslendingar, þó að við séum — eða máske af því að við erum varnarlausastir allra varnarlausra. Þess vegna höfum við flestir fundið sárt til með ýmsum þeim smáþjóðum, sem á undanförnum árum hafa reynt að heyja oft örvæntingarfulla og vonlausa varnarbaráttu fyrir frelsi sínu og tilveru. Ég sagði flestir Íslendingar, en því miður ekki allir, því að sumir landar okkar virðast hafa hlakkað yfir óförum þessara smælingja.

En það er fleira, sem okkur Íslendingum, eins og flestum norrænum og vestrænum þjóðum, er heilagt. Okkur eru heilög hin almennu mannréttindi, sem öndvegismenn og öndvegisþjóðir allra alda hafa barizt fyrir og gefið einstaklingum og þjóðum. Okkur er heilagt frelsið til að hugsa og láta skoðanir okkar í ljós í ræðu og riti, hvort sem valdsmönnum þjóðarinnar á hverjum tíma líkar betur eða miður, frelsið til að haga athöfnum okkar og lífi eins og hugð okkar og samvizka segir, innan þeirra takmarka, sem almennt velsæmi og hagsmunir heildarinnar leyfa. Og við metum þessi og þvílík réttindi svo mikils, að ég efast um, að okkur mörgum hverjum væri lífið nokkurs virði, ef þetta væri af okkur tekið, þó að við fengjum að ráfa þannig um í landi okkar, sem þá væri orðið okkur aðeins viðáttumikið fangelsi. Þannig líta milljónir manna á þessi mannréttindi, þegar ofurvald nazismans fór með eldi um heiminn á undanförnum árum, og vildu heldur fórna lífi sínu en þessum dýrmætu gæðum lífsins. Og þannig mun það vera enn um mikinn hluta hins siðmenntaða heims, þrátt fyrir allt og allt. Það mundi flestum finnast, að þeir biðu tjón á sálu sinni, ef slík ógn ætti yfir þá að ganga. Og enn eru þau í gildi hin fornu lífssannindi: „Hvað stoðaði það manninn, þó að hann eignaðist allan heiminn, ef hann biði tjón á sálu sinni." — Það má segja hv. þm. til hróss, að í þessum kafla ræðu hans kom fram meiri og nýstárlegri hreinskilni en við var að búast og almennt er að venjast í þeim herbúðum.

Þar sem hann svo minntist á innanlandsmálin, bar heldur minna á nýjabragðinu. Þar var spiluð sama gamla grammófónplatan, sem gengið hefur látlaust hjá málgögnum flokksins og ræðumönnum hans, innan þings og utan, síðan núv. stj. var mynduð. Þm. skipti ekki einu sinni um nál, svo að maður kannaðist við hljóðin. Aðalefni þeirrar „hljómkviðu" er þetta: Núv. ríkisstj. er til orðin fyrir samtök vondra manna og saman sett af vondum mönnum, sem hafa það takmark eitt með starfi sínu að níðast á þjóð sinni, nema þá helzt á nokkrum útvöldum gæðingum. Að þessu stefnir hún og verður vel ágengt. Viðleitni ríkisstj. til að stöðva verðbólguna og draga úr henni stafar af löngun hennar til að þrengja kosti almennings í landinu. Þegar hún reynir að beita sér gegn auknum útgjöldum fjárlaganna, er það af fjandskap við umbætur og framfarir. Þegar hún gerir tillögur til tekjuöflunar, svo að unnt sé að mæta útgjöldunum, sem Alþingi hefur ákvarðað, er það eingöngu af löngun til að skattpína þjóðina. Þegar hún beitir sér fyrir ráðstöfunum, sem að því miða að nýta á sem hagkvæmastan hátt hinn takmarkaða gjaldeyri þjóðarinnar, þá er það eingöngu til að níðast á einstökum mönnum og stofnunum og varna þeim að verja fjármunum sínum að eigin vild, því að enn þá á að vera hægt að veita öllum allt, sem þeir óska í þeim efnum, aðeins ef ekki vantaði til þess viljann hjá ríkisstj. Og þegar ríkisstj. sjálfri verður vant nægrar fúlmennsku til þessara skemmdarstarfa, þá fær hún í lið með sér steinrunnar embættismannaklíkur til að fullkomna verkið. En þetta er gælunafn, sem kommúnistar hafa valið fjárhagsráði og viðskiptanefnd. — Um landsbankavaldið þarf varla að ræða. Það er alltaf öruggt vígi til liðsemdar hverju skemmdarstarfi í þjóðfélaginu. — Svona mætti lengi telja. En dramatískust er þó lýsingin á því ægilega áfalli, er ríkisstj. varð fyrir á hermdarverkabraut sinni, þegar síldin kom öllum að óvörum inn á Hvalfjörð síðast liðið haust og kollvarpaði í einu vetfangi öllum hinum djöfullegu áformum ríkisstj. um að koma þjóðinni í svelti þegar á þessum vetri.

Svona er máske hægt að tala með árangri í þeim löndum, þar sem tekizt hefur að hraðfrysta hugsanalíf heillar þjóðar. En það þýðir ekki að bera svona krásir á borð fyrir ís-

lenzkan almenning, — ekki enn þá og verður vonandi aldrei. Læt ég svo útrætt um þetta.

Það var í umræðunum í gærkvöld gefið yfirlit um höfuðdrætti í starfi ríkisstj. til viðnáms þeim vanda, sem að höndum hefur borið og þjóðin á nú við að glíma: dýrtíðina, fjárskortinn almennt. Tel ég því enga þörf að bæta við það, en tel hins vegar rétt að gera nokkra grein fyrir aðgerðum ríkisstj. og stuðningsliðs hennar á þingi í veigamiklum málaflokki, sem fellur undir mitt ráðuneyti, en það eru landbúnaðarmálin, og mun ég þar stikla á því helzta.

Eitt af þeim málum, sem um var samið við stjórnarmyndunina, var það að fela félagssamtökum bændastéttarinnar meira vald og ráðstöfunarrétt yfir sölu og sölumeðferð afurða sinna en áður hafði verið og fá þeim í hendur hliðstæðan rétt í þeim efnum við þann, sem stéttarfélögum neytenda hefur fyrir löngu verið lögtryggður um kaup þeirra og kjör. Þetta ákvæði stjórnarsamningsins var framkvæmt þegar á þinginu 1947 og kom til framkvæmda á því ári. Í þeirri löggjöf var einnig lögfest ákvæði, sem verið hefur mikið áhugamál bændastéttarinnar, að fá viðurkennt til frambúðar, að þeim bæri það verð fyrir framleiðsluvörur sínar, er gæfi þeim svipaðar tekjur og öðrum almennum starfsstéttum landsins. Á þeim grundvelli fengu þeir síðast liðið haust verðhækkun til móts við hækkanir þær á framleiðslukostnaði og kaupgjaldi, sem orðið höfðu undanfarið ár. Var löggjöf þessi í samræmi við þær kröfur, er Stéttarsamband bænda hafði gert frá stofnun þess, og sett í samráði við það.

Þá tel ég rétt að minnast annars máls náskylds þessu, sem nú er nýlega afgr. frá Alþingi fyrir atbeina núv. stjórnarstuðningsmanna, en það er breyt. á l. um búnaðarmálasjóð. Er sú breyting þannig, að hér eftir verður tekjum sjóðsins skipt jafnt milli Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna, til frjálsra, kvaðalausra ráðstafana þeirra til að standa straum af kostnaði við félagssamtökin og til framkvæmda, er þau hafa með höndum. Er þetta í samræmi við ályktun, sem aðalfundur Stéttarsambands bænda á Akureyri síðast liðið haust samþ. einróma og stjórnir allra búnaðarsambanda landsins féllust á nær einróma, þegar þeirra álits var leitað um málið fyrir skömmu. Er þar með bundinn endir á allviðkvæmt deilumál, sem mikill styr hefur staðið um á Alþingi og utan þess nú um skeið. Höfuðandstaðan gegn þessu máli kom frá kommúnistaflokknum, sem óskiptur, eða því sem næst, beitti sér gegn því, ásamt nokkrum öðrum fylgifiskum þeirra í þessu máli. Kom það í ljós, sem ég hef áður haldið fram, að það voru þeir, sem frá upphafi beittu sér gegn því, að félagssamtök bænda fengju þessar tekjur og til eigin ráðstöfunar, þó að þeim tækist liðsafnaður með ólíklegasta móti til þessara ofbeldisráðstafana og nytu þar áhrifa sinna meðan þeir sátu í ríkisstj. — Á sama hátt beittu þeir sér af öllu afli gegn því, að félagssamtök bændanna fengju umráð yfir afurðasölumálunum samkv. frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi minnast á það ákvæði dýrtíðarlaganna, sem fjallar um útflutningsábyrgð sjávarafurða, að þar var nú veitt hliðstæð verðábyrgð á útfluttu kindakjöti. Gegn þessu ákvæði börðust kommúnistar einnig með hnúum og hnefum. Þetta er þó augljóst réttlætismál, þar sem verðlag landbúnaðarvaranna og þar með tekjur bænda eru við það miðaðar, að hið ákveðna verð fáist fyrir alla söluvöruna. Með því að verða að selja verulegan hluta af kjötinu erlendis með stórum lægra verði en bændum hafði verið ákvarðað, lækkuðu tekjur þeirra að sama skapi niður fyrir meðaltekjur annarra þeirra stétta, sem við var miðað. Og landbúnaðarframleiðsla er engu síður þjóðnauðsynleg en framleiðsla sjávarafurða. Hún sparar þjóðinni stórfé í innflutningi fæðu og klæðnaðar og veitir henni gjaldeyri, það sem út er flutt. Sé það því réttmætt, að ríkið verji sjávarútveginn áföllum vegna hins gífurlega framleiðslukostnaðar af völdum verðbólgunnar, með ábyrgðarverði á útflutningnum, sem flestir munu telja óhjákvæmilegt eins og sakir standa, þá á landbúnaðurinn vitanlega sömu siðferðiskröfu gagnvart sínum útflutningi.

Þá er enn þess að geta, að á síðasta ári hefur að fullu verið inn af hendi greiðsla ríkissjóðs vegna ullar þeirrar, sem ríkissjóður tók verðábyrgð á á stríðsárunum og hafði staðið óuppgerð árum saman. Nokkuð af ullinni hafði þegar verið selt, en verzlanirnar höfðu ekki getað gert upp við bændurna, þar sem allmikið stóð enn þá inni hjá ríkissjóði vegna óseldrar ullar og áfallins kostnaðar. Voru bændur orðnir alllangeygðir eftir greiðslu, sem og vonlegt var. — Litlu eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, tók hún mál þetta til meðferðar og galt verzlununum mikinn hluta eftirstöðvanna með bráðabirgðaláni, sem hún tók. Síðar á árinu fór svo fram endurskoðun á þessum viðskiptum og kostnaði á geymslu ullarinnar, og voru þeir reikningar greiddir að fullu í árslok, með 4 millj. og 600—700 þús. kr., sem ríkið varð nú í fátækt sinni að taka að láni til að fullnægja þessum gömlu skuldbindingum.

Þá tel ég rétt að gera nokkra grein fyrir lánaútvegun ríkisstj. vegna hinna ýmsu deilda Búnaðarbankans. — Fyrir Alþingi 1946 voru lögð lagafrv. um lánsútveganir fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn. Í lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins voru ákvarðaðar 100 millj. kr. til vissra framkvæmda sjávarútvegsins, svo sem til skipakaupa og hraðfrystihúsa. Lánsöflun til landbúnaðarins var aftur á móti í því formi, að byggingarsjóði Búnaðarbankans skyldi aflað lánsfjár ca. 5 millj. kr. fyrir 1. júlí 1947, auk þess skyldi hann fá árlegt framlag í 10 ár, 2.5 millj. á ári. Til landnáms og nýbyggða skyldi og veita úr ríkissjóði 2.5 millj. árlega í 10 ár. Ræktunarsjóður skyldi fá ½ millj. kr. framlag árlega úr ríkissjóði í 10 ár, en auk þess skyldi afla honum 10 milljón kr. láns með lágum vöxtum. Þannig er gert ráð fyrir 15 millj. króna lánsfjáröflun handa landbúnaðinum nú þegar, en 55 millj. kr. framlagi á næstu 10 árum. Þó að hin beinu framlög megi vissulega

telja mikil hlunnindi út af fyrir sig, þá fylgir því mikil áhætta að dreifa þeim á 10 ár fram í tímann og gefa þannig ávísun á óvissa framtíð. — Lögin um ræktunarsjóðinn náðu ekki fram að ganga á þinginu 1946, eins og kunnugt er, en var tryggður framgangur í stjórnarsamningi núv. stj. og samþ. á þinginu 1947. Lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins voru hins vegar samþ. á Alþingi 1946 og komu þegar til framkvæmda, og fékk hún allt það fé, sem Landsbankanum var gert að leggja henni. Nú kom það til kasta núverandi stjórnar að afla þeirra 15 millj. kr. til landbúnaðarins, sem að framan getur. En þá voru mjög breyttar ástæður frá því, sem verið hafði. Stofnlánadeildin hafði að vísu fengið það, sem henni bar hjá Landsbankanum, en nú sýndi reynslan, að hana vantaði 60—70 millj. í viðbót til að uppfylla gefin loforð. Og fjöldi annarra fyrirtækja beið með óuppfylltar þarfir fyrir marga tugi milljóna lánsfjár. Það var því enginn leikur að afla, þótt ekki væri nema 15 millj. kr. láns til langs tíma. Ríkisstj. ákvað samt að gera það, sem unnt væri, til að uppfylla gefnar skuldbindingar um lánsútveganir þessar til landbúnaðarins, þó að svo illa hefði til tekizt, að hann hafði lent í annarri röð af þeim fjáröflunarfrv., sem lögð voru fyrir Alþingi 1946 og ég minntist á áður. Hefur mál þetta verið í stöðugri athugun, bæði síðast liðið ár og það sem af er þessu, og hefur nú fyrir skemmstu verið ráðið til lykta í samráði við Búnaðarbanka Íslands, þannig að lánið til ræktunarsjóðs er fengið, en verður greitt á fjórum árum, fyrsta greiðsla á þessu ári, en lánið til byggingarsjóðs lánar Búnaðarbankinn í bili, en fær endurgreitt frá ríkissjóði á 3 árum af fé því, sem ætlað er til afborgana af skuldum ríkisins.

Er verið að ganga formlega frá málum þessum þessa daga. Er þess að vænta, að með þessu greiðist nokkuð úr brýnustu lánaþörf landbúnaðarins í bili, en því er þó ekki að neita, að enn vantar mikið á, að bætt sé að fullu úr lánsþörf þeirra framkvæmda, er standa fyrir dyrum á næstu árum, engu síður en hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarbanka Íslands lágu fyrir á síðustu áramótum umsóknir um lán úr ræktunarsjóði um 6.7 milljónir, og úr byggingarsjóði, þar með taldar eftirstöðvar lána, sem byrjað var að veita, fullar 10 millj. kr.

Það er því auðsætt mál, að enn er fyrir dyrum stórkostleg vöntun á lánsfé til hinna margháttuðu framkvæmda, sem bændastéttin hefur nú í undirbúningi, þrátt fyrir þær úrbætur, sem hér hafa á orðið, og ber brýna nauðsyn til að úr verði bætt. Mun Búnaðarbankinn nú hafa í undirbúningi sölu vaxtabréfa fyrir sjóði sína, og er þess að vænta, að allir velunnarar landbúnaðarins, sem laust fé hafa aflögu, styðji þessa fjáröflunarleið með bréfakaupum, þegar þar að kemur. Brýnust er lánsfjárþörfin hjá byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Landnámssjóður, sem ætlað er mikið og merkilegt starf í framtíðinni, er enn sem komið er betur settur, vegna þess að það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma fyrir hann að koma starfsemi sinni í fullan gang, en þeim mun meiri verður þörf hans eftir því, sem tímar líða. Af þessum ástæðum þótti helzt fært að fresta um sinn nokkru af þeim greiðslum, er honum ber lögum samkvæmt, og var því gripið til þess úrræðis, þó að neyðarúrræði megi teljast í þeim vanda, sem ríkisstj. var með að fá tekjur og gjöld fjárlaganna til að vega salt.

Þá vil ég að lokum minnast hér mikils nauðsynjamáls, er bændum er mjög hugleikið, en það er bygging innlendrar áburðarverksmiðju. — Haustið 1944 var lagt fyrir Alþingi frv. til l. um áburðarverksmiðju af þáv. landbrh., Vilhjálmi Þór. Var málið m. a. lagt fyrir rannsóknaráð, sem hvatti eindregið til þess, að samþykkt yrðu lög um áburðarverksmiðju, er tryggðu að hún yrði stofnuð, þegar ástæður leyfðu. Eins og kunnugt er, var málinu slegið á frest á þeim grundvelli m. a., að tryggja bæri nægilega raforku til verksmiðjurekstrar, áður en verksmiðjan yrði sett á stofn. Í janúar 1946 skipaði nýbyggingarráð nefnd til þess að rannsaka það og m. a. möguleika á því að fá nægilegt og ódýrt rafmagn til að reka áburðarverksmiðju hér á landi, og yrði miðað við 2500 smálesta ársframleiðslu af hreinu köfnunarefni. Nefndin skilaði allýtarlegu áliti um málið sumarið 1946, og eru niðurstöður hennar þær, að tiltækilegt sé að hefja hér köfnunarefnisvinnslu, en þó ekki fyrr en næsta virkjun Sogsins er framkvæmd. Síðast liðið haust (1947) fól ég svo dr. Birni Jóhannessyni, er verið hafði formaður verksmiðjunefndarinnar, að semja frv. um áburðarverksmiðju byggt á niðurstöðum nefndarinnar, og var ætlunin að leggja það tímanlega fyrir þetta þing. Inn í mál þetta kom svo erindi frá rannsóknaráði eða formanni þess, Ásgeiri Þorsteinssyni verkfræðingi, sem einnig hafði átt sæti í verksmiðjunefndinni, þar sem hann vakti athygli á nýbreytni í framleiðslu köfnunarefnis, sem mjög ruddi sér til rúms, einkum í Bandaríkjunum, og orðið gæti ódýrari og viðráðanlegri í byrjun fyrir okkur Íslendinga, ef athugun og reynsla leiddi í ljós, að hún hentaði hér. — Aðferð þessi er í því fólgin að framleiða í stað fasts köfnunarefnisáburðar ammoníaklög, sem borinn er á sem fljótandi áburður. Kostur þessarar aðferðar er einkum sá, að verksmiðju- og vélakostur er ódýrari og óbrotnari og köfnunarefnið talið um þriðjungi ódýrara en í föstu formi.

Hvort aðferð þessi hentar hér eða ekki, læt ég ósagt. En nú er dr. Björn Jóhannesson vestanhafs að kynna sér mál þetta af eigin sjón og reynslu, og er gert ráð fyrir að reyna þennan áburðarlög hér á landi á vori komandi. — Af þessum töfum varð frumvarpið um áburðarverksmiðjuna síðbúnara en ætlað var, en samt þótti rétt að leggja það fyrir Alþingi sem stefnumál ríkisstj., þó að ekki geti orðið að því unnið á þessu þingi. En rannsóknum og undirbúningi verksins verður enn fram haldið á þessu ári, í von um að geta hrint þessu mikla nauðsynjamáli í framkvæmd á næstu árum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég mun fyrst víkja hér nokkrum orð-

um að ræðum ráðh. í gærkvöld. Allar voru þær með sama markinu brenndar, — sem sagt, aðalefnið Rússaníð, gamlar og nýjar lygasögur um kommúnista, og þó fyrst og fremst um kommúnista *einhvers staðar langt úti í löndum*. Þeir voru allir á Marshallfundinum, ráðh., og kepptust hver við annan um að segja sem ósvífnastar sögur um kommúnista, en slíkt er jafnan aðalundirbúningurinn að beinni Marshallhjálp. Allir vöruðust ráðh. að ræða stjórnarstörf sín, sem þó eiga að vera hér til umræðu. Þeir minntust ekki á loforðin, sem þeir gáfu fyrir ári síðan, — að ekki sé nú talað um efndirnar. Nei, þess í stað var kommúnistagrýlunni hampað eins og svo oft áður.

Hæstv. menntmrh., Eysteinn Jónsson, viðhafði þá aðferð að rangfæra gömul blaðaummæli og skrökva til um efni og aðstæður. Meginháherzluna lagði hann á þá sögu, að á fyrstu stríðsárunum hafi kommúnistar reynt að svelta ensku þjóðina með því að vilja stöðva fiskflutninga þangað, en þess í stað hafi þeir hugsað sér að *senda togaraflotann til Murmansk* eða gera hann út við Ameríkustrendur. Eysteinn Jónsson veit fullvel, að hér skýrir hann rangt frá. Á ósvífinn hátt slítur hann setningar út úr samhengi og lætst ekki vita um það alvarlega ástand af völdum stríðshættunnar, sem íslenzkir sjómenn áttu við að búa um þessar mundir. Hann minntist ekki á, að það voru íslenzkir sjómenn, sem hættu siglingum með fisk, þegar kafbátahættan var mest, — að það voru aðstandendur þeirra, sem kröfðust stöðvunar, ef ekki fengist nægileg vernd. *Eysteinn Jónsson lætur sig ekki muna* um það að skella allri skuldinni á kommúnista, þó að hann viti, að orsakirnar voru sundurflakandi íslenzk skip, með myrtum íslenzkum mönnum, sem dregin voru að landi, og önnur skip, sem gersamlega var tortímt. En þannig er áróður þessara manna gegn kommúnistum; og því er líka reynt að sækja lygafréttirnar sem lengst að eða grafa upp eitthvað nógu gamalt.

Það var sami sultarsöngurinn í hæstv. menntmrh., Eysteini Jónssyni, og vant er: Nú er allt *peningalaust, gjaldeyrislaust og tap á öllum hlutum*. Það er tap á að salta fisk, tap á að frysta fisk, tap á Hvalfjarðarsíldinni og tap á nýju togurunum, tap á öllu nema kjötframleiðslunni. Á hana minntist hæstv. ráðh. ekki. Já, það er ekkert nýtt, að Eysteinn sjái peningaleysi og tap, sérstaklega hjá íslenzkum sjávarútvegi. Það er af þeim ástæðum, sem hann neitaði um leyfi til að reisa síldarverksmiðju rétt áður en stríðið skall á. Það var af því, sem hann bannaði skipakaup og lét sekta þá, sem slíkt gerðu. Það er af sömu ástæðu, sem hann grætur nú yfir því, að innstæðum þjóðarinnar skuli hafa verið varið til þess að kaupa 37 nýja togara, á annað hundrað fiskibáta, til verksmiðjubygginga o. s. frv. Það hefði verið annað viðhorf nú, segir Eysteinn, ef landsmenn hefðu ekki eytt innstæðunum þannig. Já, þá hefði nú mátt eta upp þær upphæðir, sem fóru til kaupa á atvinnutækjum. — Já, tap á útgerðinni. — En hverjir græða á íslenzkri útgerð? Það hefði kannske mátt minnast á það. *Hvað græða kaupmenn, bankar, oliusalar, viðgerðaverkstæði* og þeir, sem brangsa með gjaldeyri þjóðarinnar? Hvað græða þeir á útgerðinni? Og á hverju ætli Eysteinn Jónsson og aðrir embættismenn lifi fyrst og fremst, nema á íslenzkri útgerð?

Forsrh., Stefán Jóhann, var hér með hinn venjulega róg um nýju síldarverksmiðjurnar og landssmiðjuna. Það leynir sér ekki hatrið út í þær framkvæmdir, sem ráðizt var í af fyrrv. stj. Blákalt var því haldið fram, að nýju verksmiðjurnar á Siglufirði og Skagaströnd hafi farið 20 millj. kr. fram úr áætlun, þó að yfirlýsing byggingarnefndar liggi fyrir um, að engin kostnaðaráætlun var gerð. Kostnaðaráætlun var hins vegar gerð af Jóni Gunnarssyni 1943 um 10 þús. mála verksmiðju á Siglufirði, og var sú áætlun upp á 16 millj. kr., en 1946 reyndist svo bygging 12 þús. mála verksmiðju á Siglufirði um 20 millj. kr., þrátt fyrir stórhækkað verðlag.

Það er auðvelt verk að tína fram einstök mistök, sem alltaf verða við stórar framkvæmdir, þar sem tími er naumur. Þannig atvik eru eftirlæti stjórnarliðsins og notuð til persónulegra árása á Áka Jakobsson. Áki Jakobsson var svo ósvífinn, að hann lét framkvæma gildandi lög um byggingu síldarverksmiðja, en áður voru þau lög að engu höfð. Hann skipaði ópólitíska byggingarstjórn, og var enginn flokksmanna hans í stjórninni. Tveir menn voru skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, sem sé þeir dr. Trausti Ólafsson og Magnús Vigfússon, og tveir án tilnefningar, *þeir Þórður Runólfsson, vélaeftirlitsmaður* ríkisins, og Snorri Stefánsson, verksmiðjustjóri á Siglufirði. Þessir menn sáu um allt verkið og stóðu sig með afbrigðum vel, eftir því sem kringumstæður leyfðu. Þeir komu verksmiðjunni upp á skemmri tíma en talið var hægt, en hafa í staðinn hlotið ámæli og svívirðingar núverandi valdamanna í landinu. — Nýja verksmiðjan á Siglufirði, sem tvímælalaust er bezta verksmiðja landsins, hefur unnið úr yfir 500 þús. málum af síld í vetur. Það þýðir gjaldeyrisverðmæti *fyrir um 40—50 millj. kr.* Þessi verksmiðja er ein dýrmætasta eign þjóðarinnar, og því er sem núverandi stjórnarvöld sjái rautt, þegar á hana er minnzt. Þessi verksmiðja hefur afkastað um 11 þúsundum mála á sólarhring, og í janúarmánuði s. l. afkastaði hún t. d. 33640 pokum af mjöli á móti 24280 pokum, sem báðar hinar verksmiðjurnar á Siglufirði afköstuðu þá. Í nýju verksmiðjunni unnu 62 menn, en í hinum báðum 106 menn, — sem sagt 50% meiri afköst, en nærri helmingi færri menn.

Af sama toga er landssmiðjurógurinn spunninn. Áki Jakobsson er sagður hafa stjórnað Landssmiðjunni, þó að í stjórn fyrirtækisins væru þrír embættismenn ríkisins, allir valdir af núverandi stjórnarflokkum og allir þeirra flokksmenn, en þeir eru: vegamálastjóri, vitamálastjóri og forstjóri skipaútgerðarinnar. En það er lítill vandi að búa til tap á öllum rekstri með þeim hætti, sem núv. stj. hefur haft á í sambandi við uppgjör bátasmíða Landsmiðjunnar. *Strax eftir ár eru nýkeyptar eignir afskrif-*

aðar um milljónir króna og Landssmiðjan látin kaupa þær af sjálfri sér. Þannig upplýsir forsrh., að bátaeikin hafi verið afskrifuð um 900 þús. kr., og þó hefur eik stórhækkað í verði, og landssmiðjueikin hefur nú um skeið verið eina hjálp útvegsins í efnisleysinu, og hefur jafnvel þurft að flytja hana með fiskiskipum til útlanda til viðgerða og nýsmíða, vegna þess að eik er ófáanleg. — Tap bátabygginganna er fyrst og fremst tilbúið í tölum, sem ríkisstj. hefur látið búa til. Útistandandi skuldir voru gefnar eftir, eikin seld á slikk, vélar og tæki afskrifuð og húseignir seldar fyrir brot af réttu verði. Þannig var tapið búið til.

En víkjum nú að starfi og stefnu ríkisstj. Þeir Stefán Jóhann, Bjarni Ben. og Eysteinn hafa nú setið að völdum í rúmlega eitt ár. Þegar setzt var í stólana, stóð mikið til. Margt átti að gera og miklu var lofað. Í umboði hinnar nýju stjórnar las Stefán Jóhann upp alllanga þulu, en aðalefni hennar var á þessa leið:

Höfuðverkefni stjórnar minnar eru:
að vernda sjálfstæði landsins,
að endurskoða stjórnarskrána,
að tryggja góð og örugg lífskjör allra landsmanna og áframhaldandi velmegun,
að halda áfram og auka nýsköpun í íslenzku atvinnulífi.

Sérstaka áherzlu skal leggja á byggingu íbúðarhúsa við almenningshæfi, m. a. með útvegun lánsfjár og byggingarefnis. — Þá skal sett á stofn Innkaupastofnun ríkisins, sem flytji inn fyrir ríkisstofnanir og ríkisframkvæmdir. Verzlunarmálunum skal þannig hagað, að þeir flytji inn vörurnar, sem hagkvæmust innkaup gera, og almenningur skal fá að verzla þar, sem hann helzt kýs að hafa viðskipti sín. — Síðast, en ekki sízt, var svo fyrirheit stj. um baráttu af alefli gegn dýrtíðardraugnum. —

Síðan þessi loforð voru gefin, er nú liðið rúmlega eitt ár. Hvað hefur gerzt á þessu tímabili? Hvernig er umhorfs í landsmálunum núna í dag? Við skulum virða fyrir okkur ástandið, bera saman loforð og efndir og gera okkur ljóst, hvert stefnir.

Við skulum fyrst athuga baráttu stjórnarinnar gegn dýrtíð og verðbólgu. Fyrsta stórátak stj. í þeim málum var að tvöfalda tollabyrðarnar á landsmönnum. Tollar voru hækkaðir í einni svipan um 40—50 millj. kr., og s. l. ár voru innheimtir tollar í ríkissjóð samtals um 100 millj. kr. Þessi tollabyrði jafngildir orðið 4—5 þús. króna álögum á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Afleiðing þessa hefur orðið stórfelld hækkun á flestum vörum. Byggingar verða dýrari, vélar og tæki til framleiðslunnar verða dýrari og framkvæmdir allar verða dýrari og óhagstæðari. Afleiðing hinna gífurlegu tollahækkana hefur þegar orðið launahækkanir og hærri framleiðslukostnaður.

Önnur ráðstöfun stj. gegn dýrtíðinni var að leggja hinn svo nefnda söluskatt á allt vöruverð í landinu. Sá skattur er talinn nema yfir 20 millj. króna og á samkvæmt lögunum að koma fram í hækkuðu vöruverði. Áður hafði sams konar skattur verið lagður á, en þá var ákveðið, að hann mætti alls ekki hækka vöruverðið, heldur skyldi verzlunin bera skattinn. Nú mátti slíkt ekki. Nú varð skatturinn að koma fram í vöruverðinu. Heldur dálagleg dýrtíðarráðstöfun!

Þriðja ráðstöfun stjórnarinnar í dýrtíðarmálunum var svo bann við fullri vísitölugreiðslu á kaupgjald launþega. Með valdboði voru löglega gerðir kaupsamningar rofnir og launþegunum synjað um fulla dýrtíðaruppbót. Hér var um beint launarán að ræða, árás á kjör verkafólks og annarrar alþýðu, sem á sér fá fordæmi um ófyrirleitni og ósanngirni. Afleiðingar þessarar árásar hafa þegar orðið grunnkaupshækkanir hjá fjöldamörgum verkalýðsfélögum. Og enn eru mörg félög, sem ákveðið hafa sams konar svar, en bíða aðeins eftir löglegum uppsagnarfresti á samningum sínum. Fölsun á kaupgjaldssamningum helzt ekki uppi til lengdar, þó að slíkar krókaleiðir atvinnurekendavaldsins séu farnar.

Þá er rétt að minnast á enn eina ráðstöfun stjórnarinnar í baráttu hennar gegn dýrtíðinni, en það er hin almenna vaxtahækkun, sem nú hefur verið samþ. Þessi vaxtahækkun stórþyngir fyrir um allar framkvæmdir. Rekstrarútgjöld hækka, reksturinn ber sig verr, verðlag verður að hækka og dýrtíðin eykst. Vaxtahækkunin er ákveðin, þó að fyrir liggi óvefengjanlegar sannanir um meiri gróða bankanna en nokkru sinni áður. En peningamennirnir vilja fá meiri vexti, og undan kröfum þeirra er látið, þó að niður þurfi að skera laun almennings.

Þannig hefur barátta stj. verið í dýrtíðarmálunum. Þessar aðgerðir stj. eru auðvitað andstæðar loforðum hennar. En þær eru líka gersamlega andstæðar yfirlýstum stefnumálum stuðningsflokka stjórnarinnar. Það er kunnugt, að í stefnuskrá Alþfl. er lýst yfir andstöðu við tollaálögur, en á Alþingi hefur Alþfl. samþykkt allar tollahækkanir síðustu ára, og þegar formaður flokksins er orðinn forsrh., þá eru tollarnir tvöfaldaðir. — Framsókn átti ekki heldur nógu stór orð um veltuskattinn, þegar hún var í stjórnarandstöðu. Þá hét þessi skattur „óréttlátasti skatturinn", „skatturinn gegn samvinnumönnum" o. s. frv. En nú er þessi sami skattur samþykktur af Framsókn; gamla veltuskattsfrv. er nú tekið orðrétt upp, nema hvað nú er ákveðið, að skatturinn skuli hækka vöruverðið, en áður átti verzlunin að bera skattinn, og nú er skatturinn nærri helmingi hærri en áður. Hann er nú ein dýrtíðarráðstöfun Framsóknar.

Það er augljóst hverjum manni, að stj. hefur svikið öll sín loforð um baráttu gegn dýrtíðinni. Í þeim efnum hefur hún öllu snúið öfugt. Hún hefur aukið dýrtíðina, en ekki minnkað.

Við skulum nú næst íhuga nokkuð ástandið í verzlunarmálunum og sjá, hvað stj. hefur efnt af loforðum sínum í þeim efnum. — Það er rétt að leiða fram sem vitni einn af stjórnarflokkunum sjálfum um ástandið í verzlunarmálunum og hvernig stj. hefur þar staðið við gefin loforð. Framsfl. hafði mörg og stór orð um verzlunarspillinguna áður en hann fór í ríkisstj. Hann fullyrti, að ekki kæmi til mála, að framsóknarmenn færu í ríkisstj. nema alveg

væri tryggt, að hreinsað yrði til í þessum málum og verzlunareinokun heildsalanna af létt. En hvað hefur gerzt? Hvað segir Framsfl. um það? Þann 12. þ. m. segir Tíminn orðrétt á þessa leið:

„Í dag er verið að vinna markvisst að því á Íslandi að afnema verzlunarfrelsið. Innflutningshöftunum og skömmtununum er þannig beitt, að verzlunarfrelsið er að verða tómur bókstafur. Menn fá ekki að beina viðskiptum sínum til þeirra aðila, sem þeir telja sér bezt og hagkvæmast að verzla við. Menn eru í mörgum tilfellum neyddir til að verzla við okrarana og svartamarkaðskaupmennina. Í flestum verzlunarstöðum landsins ríkir vöruþurrð vegna þess fyrirkomulags, sem ráðandi er í innflutnings- og skömmtunarmálunum."

Og enn segir Tíminn: „Hátíðleg loforð, sem ríkisstjórn og Alþ. hafa gefið um endurbætur verzlunarinnar og viðskiptafrelsi almennings, eru einskisvirt og fótum troðin meðan þessu fer fram." Dálaglegt vottorð stjórnarblaðsins!

Þann 16. þ. m. minnist Tíminn á loforð stjórnarinnar um stofnun innkaupaverzlunar ríkisins, til innkaupa fyrir ríkisstofnanir og ríkisframkvæmdir. Blaðið segir m. a.: „Þessi lög, þ. e. lögin um innkaupastofnun ríkisins, voru sett á seinasta þingi í samræmi við það fyrirheit stjórnarsáttmálans, að sett skyldi á fót stofnun, sem annaðist innkaup á byggingarefni til opinberra framkvæmda. Þótt ár sé nú liðið frá setningu laganna, bólar ekki neitt á framkvæmd þeirra." — Þetta loforð hefur sem sagt gersamlega verið svikið, og er skýringin sú, segir Tíminn, að nokkrir heildsalar hafa komið í veg fyrir framkvæmd laganna.

Og hér er enn ein tilvitnun úr einu stjórnarblaðanna um ástandið í verzlunarmálunum. S. l. laugardag skrifaði Tíminn á þessa leið:

„Það hefur líka verið haldið þannig á stjórn skömmtunarmálanna, að þessar kröfur eru nú bornar fram af meiri krafti og alvöru en nokkru sinni fyrr. Um áramótin er úthlutað skömmtunarseðlum til hálfs árs. Þeir, sem fá þessa seðla, en engar vörur, sem þá sárast vantar, út á þá í grennd við sig, senda þá til Rvíkur og fá oft úrlausn þar, með ærnum aukakostnaði þó, eða þeir geyma þá í þeirri trú, að úr rætist með vorinu. Ef til vill leyfa stjórnarvöldin fyrir þann tíma, að þeir leggi þessa miða inn hjá verzlun heima í héraði sínu og hún fái síðan innflutningsleyfi út á þá. En næsti boðskapur stjórnarvaldanna verður ekki um það, heldur tilskipun á þá leið, að þeir, sem geymi seðla sína enn þá, skuli tapa rétti til þriggja mánaða úttektar um næstu mánaðamót, verði þeir ekki búnir að kaupa fyrir þá áður. Menn heyra þessa tilskipun í vörulausum verzlunarstöðum, sem e. t. v. hafa póstsamband við Rvík á þriggja vikna fresti eða fjögurra. Og á sveitabæi langan og torsóttan veg frá þessum verzlunarstöðum berst hin volduga tilskipan yfirvaldanna í Rvík, sem hafa í hendi sér að metta einn, en svelta annan, eftir vísdómi sínum og náð. Og þeir menn, sem ráða þessu, keppast við að kenna sig við frjálsa verzlun, jöfnuð og réttlæti."

Þetta var nýjasta lýsing Tímans á ástandinu, sem stjórn þeirra Stefáns Jóhanns, Bjarna Ben. og Eysteins hefur leitt yfir þjóðina í verzlunarmálunum. Hvert mannsbarn í landinu veit, að ríkisstj. hefur svikið blátt áfram allt, sem hún lofaði í verzlunarmálunum. Hún hefur ekki gert verzlunina ódýrari, heldur dýrari. Hún hefur ekki blakað við heildsölunum. Hún hefur svikið lögin um innkaupastofnun ríkisins, og hún hefur svikið loforðið um, að almenningur mætti ráða, hvar hann verzlaði. Það hefur ekki verið reynt að draga úr dýrtíðinni með breyttu verzlunarskipulagi, sem þó var sjálfsagðasti hluturinn í þessum málum. Kvótakerfið er enn í fullu gildi og innflutningsverzlunin þannig á leigu hjá nokkrum gæðingum stjórnarinnar. Öðrum heildsölum er svo ýtt til hliðar, þrátt fyrir glamrið um frjálsa samkeppni.

Sú skipan, sem ríkt hefur í verzlunarmálum þjóðarinnar, hefur leitt af sér gífurlegan gjaldeyrisflótta úr landi. Sannanir liggja fyrir um stórfalsanir á verðlagi innfluttra vara. Þannig hefur vöruverðið verið sprengt upp og dýrtíðin aukin. Vörur hafa einnig verið keyptar inn sannarlega á hærra verði en þörf var á. Og gjaldeyrir hefur verið yfirfærður án innkaupa eða í öðrum tilgangi en til var ætlazt. Þetta eru afleiðingar, sem eru óaðskiljanlegar því verzlunarskipulagi, sem núverandi stjórnarflokkar hafa jafnan staðið vörð um og viðhalda enn í dag. Á meðan þessu fer fram, á að draga úr dýrtíðinni með sílækkandi launum almennings og framleiðslufyrirtæki eru stöðvuð vegna gjaldeyrisskorts. En við verzlunarspillingunni má ekki blaka. — Framsókn var stórorð um verzlunarólagið áður en hún gekk í stjórnina. Þá lýsti hún því yfir, að skilyrði hennar fyrir stjórnarþátttöku væri breytt skipulag verzlunarmálanna. En hvað nú? Og Alþfl. á Íslandi stjórnar þessum dásemdarmálum. Það er hann, sem ber formlega ábyrgð á svikunum. Það er hann, sem hlífir heildsölubraskinu og gjaldeyrisflóttanum.

Víkjum nú að atvinnumálunum. Hvernig hefur stj. efnt loforð sín í þeim málum? Þar var lofað áframhaldandi nýsköpun, atvinnu handa öllum, skipulagningu vinnuaflsins og aukinni velmegun. Hverjar eru staðreyndirnar? Nýsköpunin er gersamlega stöðvuð. Lýsisherzluverksmiðjan er stöðvuð. Síldarniðursuðuverksmiðjan er stöðvuð. Fjöldi fyrirtækja stendur enn hálfkláraður, svo sem frystihús, fiskimjölsfyrirtæki, hafnargerðir og rafveitur, og neitað er um áframhaldandi lán. Stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur verið lokað. Stöðvunarstefnan setur svip sinn á allt atvinnulíf landsins. Iðnaður landsins er að lognast út af. Ýmis fyrirtæki hafa hætt störfum vegna hráefnaskorts, önnur vinna annan hvern dag og sum aðeins hálfan daginn. Nauðsynlegustu vörur vantar til framleiðslunnar, og liggur jafnvel við, að sjómenn geti ekki stundað vinnu sína fyrir skorti á sjófatnaði, sjóstígvélum og öðru þvílíku. Þó að liðnir séu nærri fjórir mánuðir síðan samþykkt var á Alþ. að veita bátaútveginum stuðningslán vegna óhagstæðrar síldarútgerðar s. l. sumar, þá bólar enn ekkert á þessum lánum, og liggja

sumir bátar fastir vegna skuldafjötra. Báta-útvegurinn hefur stórlega dregizt saman vegna síversnandi útgerðarskilyrða, og er sjáanlegt, að afleiðingin verður minnkandi framleiðsla. Vextir á lausaskuldum vegna útgerðarinnar hafa stórhækkað, veltuskattur lagður á ýmsar nauðsynjar, olía og aðrar nauðsynjar hafa stórhækkað í verði. Atvinnuleysið hefur þegar haldið innreið sína. Hér í Rvík er þegar orðið tilfinnanlegt atvinnuleysi hjá vissum atvinnustéttum, og mörg hundruð manns hafa ekki fulla atvinnu, og má búast við atvinnuleysi hvenær sem er. Hefði Hvalfjarðarsíldin ekki algerlega óvænt gripið inn í, hefði hér verið almennt og mikið atvinnuleysi í allan vetur.

Þannig er umhorfs í atvinnumálunum eftir eins árs stjórnarsetu Stefáns Jóhanns, Bjarna Ben. og Eysteins. Þannig hafa þeir efnt loforðin um skipulagningu vinnunnar, atvinnu handa öllum og framhald nýsköpunarinnar. Nefndir og ráð stjórnarinnar, sem áttu að skipuleggja vinnuaflið, skipuleggja nú atvinnuleysi. Þau, sem áttu að skipuleggja innflutninginn, stöðva nauðsynlegan innflutning. Þau, sem áttu að skipuleggja áframhald nýsköpunarinnar, hafa stöðvað nýsköpunina, og þau, sem áttu að tryggja rekstur atvinnutækjanna, eru að stöðva atvinnutækin.

Ég hef nú rakið hér nokkur helztu loforð ríkisstj. og efndirnar á þeim. Ef að vanda lætur, fæst stjórnarliðið ekki til þess að ræða þessi mál. Fram hjá þeim er hlaupið í gersamlega óskyld mál, sem ekkert koma íslenzkum þjóðmálum við. Það, sem ég hef dregið hér fram, eru beinar staðreyndir, eru bókfest loforð og reynslan af framkvæmdunum. Stjórnarliðið grípur jafnan til þess ráðs að svara út úr og æpa upp erlendar æsifregnir. Það á engin frambærileg svör til afsökunar á því að hafa svikið framkvæmd á ýmsum þeim lögum, sem ég hér hef rætt um. Nei, — en það segir bara í þess stað: Rússar eru svín! — Þeir geta ekki varið lögbrot sín á verkamönnum, en svara út í hött og segja: Í Tékkóslóvakíu ríkir ofbeldi! — Stjórnarsinnar reyna ekki að ræða verzlunarmálin, það hneykslí sem þau eru, en tala í stað þess um járntjaldið og veizluhöld Molotoff-hjónanna og að Gottvald í Tékkóslóvakíu og Þóroddur séu skólabræður. Þannig eru aðferðirnar. Þannig á að trufla rétta dómgreind almennings og komast undan áfellisdómi þjóðarinnar. Þetta tekst ekki. Þjóðin fyrirlítur þá öskurapa, sem ræða um erlenda viðburði eins og flón. Og hún mun áður en langt líður fella dóm sinn yfir þeim mönnum, sem nú eru að stefna efnahag hennar og atvinnumálum í strand.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sem talaði hér í gærkvöld af hálfu kommúnistaflokksins, hefur sjálfsagt reynt að tína til flest það, sem hann hefur getað fundið núv. ríkisstjórn til ávirðingar, en það var í stuttu máli þetta, eftir því, sem ég gat komizt næst:

Ríkisstj. hefur lofað fullri atvinnu fyrir alla, en haft alla tilburði til að svíkja það. Hún hefur svipt launþega 10% af launum þeirra. Hún hefur hækkað vextina. Hún hefur þurrkað út allt framtak einstaklingsins, bæði á sviði atvinnurekstrar og verzlunar. Byggingariðnaðurinn hefur verið hnepptur í fjötra og framkvæmdir stöðvaðar að mestu. Hún hefur ekkert sinnt um útvegun hráefna til iðnaðar. Réttur samkvæmt alþýðutryggingalögunum hefur verið rýrður. Ódýr lán til bygginga hafa verið afnumin. Lán úr stofnlánasjóði hafa verið stöðvuð. Ríkisstj. hefur valið stefnu í útflutningsmálum, sem fjandsamleg er hagsmunum þjóðarinnar. Hún hefur ákveðið að taka þátt í Marshallkerfinu. Hún er fulltrúi erlends valds á Íslandi.

Ofan á þetta kryddaði svo þm. með spádómum um styrjöld, sem mér virtist hann telja alveg yfirvofandi. Hann sagðist nú ekki sjá skýjaborgir eins og 1944, heldur rústir, og hann ákærði ríkisstj. fyrir andvaraleysi í því sambandi og skírskotaði til þjóðarinnar að feta nú í fótspor sinna beztu fyrirrennara, taka völdin af stjórninni og hefja hinn rétta stríðsundirbúning, því að alþýðan hlyti að sigra í þeim átökum, sem fram undan væru.

Kom þm. í því sambandi með ýmsar merkilegar upplýsingar, eins og þær, að sósialistaherir mundu þegar í upphafi styrjaldar þeirrar, er nú stæði fyrir dyrum, standa gráir fyrir járnum á strönd Atlantshafsins — hann gleymdi að vísu að segja hvar, en það er hægt að ímynda sér, það eru ekki svo margir möguleikar til, — og að Ísland mundi verða gert að styrjaldarvettvangi. Kaupstaðirnir Reykjavík, Hafnarfjörður og Keflavík mundu verða jafnaðir við jörðu, og viðurstyggð eyðileggingar mundi hvarvetna blasa við. — Manni verður á að spyrja: Hver ætlar að gera þetta, og hvernig veit þm. allt þetta? En ég kem að því síðar, og bezt að taka hlutina í réttri röð.

Hv. þm. sagði fyrst, að ríkisstj. hefði lofað atvinnu handa öllum; hins vegar skildist manni, að hún hefði gert það, sem í hennar valdi stóð, til að svíkja þetta, en ekki tekizt vegna síldveiðanna í Hvalfirði. Það eitt er rétt í þessu, að ríkisstj. setti það efst á stefnuskrá sína að leitast við af fremsta megni að sjá um, að atvinna yrði fyrir hendi handa öllum landsmönnum. Þetta hefur tekizt giftusamlega á þann hátt, að mjög lítið atvinnuleysi hefur verið í landinu þetta ár, sem liðið er síðan hún tók við völdum; og fullyrða má, að ekki hafi verið hægt að fullnægja eftirspurninni eftir vinnuafli í ýmsum atvinnugreinum. Það er nú einu sinni svo, að ekki er hægt að flytja menn tafarlaust milli starfa og staða í lýðfrjálsu landi, eins og sagt er að eigi sér stað í ríkjum, þar sem kommúnistar telja að stjórnarfarið sé til fyrirmyndar, og þess vegna getur það komið fyrir hér, að einhverjir séu atvinnulausir í einni atvinnugrein, þó að nægilegt væri fyrir þá að gera í annarri. Yfirleitt má því segja, að nægileg vinna hafi verið fyrir hendi fyrir alla landsmenn, sem gátu tekið því, sem í boði var, og vildu það. Þessi fyrsta ádeila Einars Olgeirssonar fellur því máttlaus til jarðar og ómerk.

Önnur athugasemdin var: Ríkisstj. hefur svipt alla launþega landsins 10% af launum þeirra. Skal það nú athugað.

Með dýrtíðarlögunum var ákveðið, til þess að halda framleiðslustarfseminni gangandi, að greiða aðeins visitöluuppbót miðað við 300 stig. Kommúnistar sögðu, þegar þessi lög voru sett, að framfærsluvísitala, eins og hún var reiknuð, mundi bráðlega hækka upp í 350 stig, og almenningur mundi því fá kaup sitt skert sem næmi 50 stigum. En hvernig hefur reynslan orðið? Vísitalan hefur síðan þessar ráðstafanir voru gerðar verið í 319 stigum og lækkunin því hvorki orðið 50 stig né 10%, heldur 19 stig, eða tæp 6%, sem er mjög nálægt því, sem gert var ráð fyrir í upphafi, þegar lögin voru sett. Og ég fullyrði, að það hafi verið sú minnsta lækkun, sem nokkrar líkur eru til að komast megi af með, þar sem því fer svo víðs fjarri, að höfuðatvinnuvegir okkar geti borið sig með þeim tilkostnaði, sem er innanlands, og því markaðsverði, sem fáanlegt er erlendis. Um þetta vitna fjárlögin bezt.

Það, sem sérstaklega setur svip á fjárlögin að þessu sinni og mér liggur við að segja óhugnanlegan svip, er 19. gr. þeirra. Þar er gert ráð fyrir að veita til niðurgreiðslu á vörum hvorki meira né minna en 55 millj. kr. Þessi upphæð hefur farið vaxandi ár eftir ár. Á fjárlögum ársins 1946 var gert ráð fyrir 12 milljónum kr. í þessu skyni; á fjárlögum ársins 1947 35 milljónum kr. og nú 55 milljónum. Þessar tölur, teknar úr fjárlögum tveggja síðustu ára og yfirstandandi árs, gefa betur til kynna en mörg orð, hvert stefnir. Fjórða partinum af öllum gjöldum ríkissjóðs er nú varið til að halda framleiðslukostnaðinum niðri og til að bæta upp útflutningsverðið. Þannig er ósamræmið orðið gífurlegt milli framleiðslukostnaðar hér og sölumöguleikanna erlendis. Samtímis er því haldið fram af stjórnarandstöðunni, kommúnistum, að ríkisstj. setji eftir megni fótinn fyrir atvinnuþróunina í landinu og haldi kaupinu smánarlega lágt niðri. Ég vil aftur á móti halda því fram, að hér sé af ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar á Alþingi gengið eins langt til stuðnings við atvinnuvegina og vinnandi fólk í landinu og hagur ríkissjóðsins frekast leyfir — og kannske lengra. En með þessum aðgerðum hefur tekizt að halda í horfinu, greiða útvegsmönnum og bændum það, sem talið er, að minnst sé hægt að komast af með fyrir afurðirnar til þess að framleiðslustarfsemin geti haldið áfram, og það hefur hún gert nokkurn veginn viðstöðulaust. Enn fremur hefur tekizt að mestu að forðast kauplækkanir, nema þau 19 vísitölustig umfram 300, sem nú eru ekki greidd. Hvort og hve lengi þetta tekst, er ómögulegt að segja. Það fer eftir erlendu markaðsverði á afurðunum annars vegar og fjárhagsgetu ríkissjóðs hins vegar. En eitt er víst: Sýndarbarátta kommúnista gegn þessum ráðstöfunum ríkisstj. er ekki sprottin af umhyggju fyrir alþýðu þessa lands. Hún er rekin án tillits til þess, hvort nokkrir praktiskir möguleikar eru fyrir hendi að uppfylla kröfur þeirra. Hún er einvörðungu og eingöngu rekin sem sýndarleikur og glæfraspil til þess að reyna að skapa upplausn, sem síðar væri hægt að hafa af pólitískan ávinning. Þess vegna ber öllum að kryfja ráð þeirra og tillögur vel til mergjar, og munu menn þá fljótt komast að hinu sanna.

Vextir hafa verið hækkaðir, sagði hv. þm., og það var eitt af því fáa, sem hann skýrði rétt frá. Vextir, bæði innlánsvextir og útlánsvextir, voru hækkaðir um síðustu áramót, — þó ekki upp í það, sem þeir voru fyrir stríð, en þá voru þeir hækkaðir vegna mikils framboðs á peningum og lítillar eftirspurnar. Nú hefur þetta ástand breytzt. Vegna hinnar gífurlegu fjárfestingar, sem átt hefur sér stað eftir styrjaldarlokin, hefur eftirspurnin eftir lánsfé vaxið miklu meira en hægt hefur verið að fullnægja. Vaxtahækkunin er raunverulega ekki annað en að viðurkenna þetta ástand; því að hefðu bankarnir ekki hækkað innlánsvexti sína, mundi sjálfsagt mjög verulegur hluti af því fé, sem þar er geymt, hafa horfið þaðan og farið í umferð manna á milli með vöxtum, sem sízt væru lægri og sjálfsagt miklu hærri en nú hefur verið ákveðið að hafa þá, og hafa farið til hluta, sem kannske ekki allir væru beinlínis þarfir fyrir þjóðfélagsheildina. Með vaxtahækkuninni hefur hins vegar tekizt að draga úr því fé, sem er í umferð og geymt heima, svo að lánaviðskiptin ættu þá sem því svarar að geta verið meiri hjá bönkunum.

Annars er það eitt okkar alvarlegasta vandamál, hversu mikill skortur er orðinn á lánsfé, hvernig sem úr verður leyst. Ýmsum verkum, sem ákveðið hafði verið að framkvæma, bæði hjá einstaklingum og hinu opinbera, bæjum og ríki, hefur orðið að fresta vegna féleysis. Ég nefni til dæmis landshafnargerð í Njarðvík og Austurveg austur yfir Hellisheiði, sem hvort tveggja er þó lögtekið og á því að gera. En að bæta úr þessari lánsfjárþörf með aukinni seðlaútgáfu, eins og kommúnistar vilja, er að eyðileggja alla efnahagsstarfsemi í landinu og sparifé, sem þjóðin hefur lagt til hliðar til öryggis fyrir afkomu sína. Þessi fólskulega aðferð til að eyðileggja fjárhagskerfi þjóðarinnar hefur víða verið reynd og alls staðar farið á sömu leið, — endað með efnahagslegu öngþveiti.

Lán úr stofnlánasjóði hafa verið stöðvuð, sagði Einar Olgeirsson — og þykist koma af fjöllum. En sannleikurinn í því máli er sá, að í tíð fyrrv. stj. voru veittar 100 millj. kr. til A-lána stofnlánasjóðs. Á sama tíma var Einar Olgeirsson með í að úthluta í nýbyggingarráði ávísunum á 148 millj. kr. Undarlegt þetta, að dómi Einars Olgeirssonar, að ekki skuli vera hægt að greiða yfir 140 millj. kr. úr 100 millj. kr. sjóði!

Ódýr lán til bygginga hafa verið afnumin, sagði hv. þm. Byggingariðnaðurinn hefur verið hnepptur í fjötra og framkvæmdir stöðvaðar að mestu. — Sannleiksgildi þessara orða má þegar marka af því, að á frumdrögum þeim að fjárfestingaráætlun, sem fjárhagsráð hefur samið og ríkisstj. hafa verið afhent, er gert ráð fyrir, að notuð verði í ár, 1948, til bygginga 50—60 þús. tonn af sementi, en það er með því mesta, sem nokkurn tíma hefur verið notað hér á landi, og annað byggingarefni samkvæmt því, og varið til þessarar fjárfestingar yfir 300 millj. kr., eða sem svarar að verðmæti um ¾ alls útflutn-

ings eins og hann er nú áætlaður. Skyldi nokkur maður utan kommúnistaflokksins vera til svo forstokkaður, að kalla þetta stöðvun á byggingarstarfseminni í landinu? Og ekki er þetta af því, að þeir viti ekki betur, því að þessar skýrslur fjárhagsráðs hafa þeir haft með höndum og meira að segja látið prenta, áður en þeim var fullokið.

Einar Olgeirsson sat í nýbyggingarráði hátt á þriðja ár. Í því ráði lauk hann aldrei við samningu þeirra áætlana, er honum var með lögum falið að gera. Hins vegar hefur fjárhagsráð nú unnið mjög merkilegt starf með setningu tveggja stórra áætlana, og er önnur um innflutninginn til landsins og gjaldeyrisþörfina 1948 og hin um fjárfestingu þessa árs. Þessi áætlunargerð á, ef vel tekst, að mynda grundvöllinn að skipulegum þjóðarbúskap, sem aldrei fyrr hefur verið reyndur hér á landi, en fjöldi þjóða hefur nú tekið upp. Þetta er Einar Olgeirsson að fjandskapast út í af vanmegnugri reiði yfir því að hafa ekki önnur ádeiluefni betri á ríkisstj. Og þegar hann er búinn að hella sér yfir höftin og fjötrana, sem sósialistar í öðrum löndum, þar sem þeir ráða, kalla raunar allt öðru nafni, þá leið frá brjósti hans andvarp eitthvað á þessa leið: Ríkisstj. hefur burrkað út allt framtak einstaklingsins bæði á sviði verzlunar og atvinnurekstrar! Já, á dauða mínum átti ég von, en ekki þessu, — að Einar Olgeirsson skyldi taka að sér að gerast málsvari hins frjálsa framtaks í atvinnumálum, gegn Sjálfstfl., sem hann, eins og raunar fleiri, hefur deilt harðlega á fyrir skefjalausa einstaklingshyggju. Svo langt getur lýðskrumið gengið hjá þessum hv. þm. og svo auðvelt á hann með að bregða sér í allra kvikinda líki, að hann tekur að sér að deila á Sjálfstfl. fyrir að gæta ekki betur framtaks einstaklingsins! Ja, það þarf brjóstheilindi til þess arna.

Réttur samkvæmt almannatryggingalögunum hefur verið rýrður stórkostlega, sagði hv. þm. Við skulum athuga þetta.

Sá fótur er fyrir því, að samkvæmt dýrtíðarlögunum eru bótagreiðslur miðaðar við vísitölu 300, eða lækkuðu um tæp 6%, eins og hjá launþegum. Þó er frá þessu sú veigamikla undantekning, að elli- og örorkulífeyrir er miðaður við vísitölu 315; og meðan vísitalan helzt í 319, eins og hún er nú, svarar þetta til rúmlega 1% og getur því tæplega kallazt tilfinnanlegt.

Framlagið til tryggingganna úr ríkissjóði hefur í meðferð fjárl. að vísu verið lækkað um 1.5 millj. kr., og má vera, að það sé þetta, sem hv. þm. á við. En um þessa lækkun er það að segja, að hún hefur engin áhrif á bótagreiðslur tryggingganna, því að þessi upphæð var fyrir hendi sem rekstrarafgangur frá s. l. ári og yfirfærist til þessa árs, svo að útkoman verður hin sama og ef framlagið hefði staðið óbreytt og engin yfirfærsla frá fyrra ári átt sér stað.

Ríkisstj. hefur átt hlut að því, að fjárhagsráð hefur aflað sér nákvæmra skýrslna um starfsemi iðnaðarfyrirtækjanna í landinu, sem ekki voru áður til, hráefnaþörf þeirra, framleiðslugetu og tölu vinnufólks. Á grundvelli þessara gagna hefur fjárhagsráð miklu betri aðstöðu en nokkurn tíma var áður til þess að gera sér grein fyrir þörfum þessarar starfsemi og hvað spara megi í innflutningi af unnum vörum vegna hennar. Að ekki hefur tekizt að útvega nægileg hráefni til iðnaðarins, stafar hvorki af skilningsleysi né viljaskorti, heldur af gjaldeyrisskorti, sumpart, og sumpart af því, að þessar hráefnavörur hafa ekki fengizt á hinum erlendu mörkuðum, og mun verða úr því bætt strax og möguleikar eru fyrir hendi.

Þá sagði hv. þm., að ríkisstj. hefði valið sér stefnu í útflutningsmálum, sem fjandsamleg væri hagsmunum þjóðarinnar; Austur-Evrópuþjóðirnar hefðu verið vanræktar og allt miðað við að hafa viðskipti við Bandaríkin og England. Hæstv. utanrrh. sýndi fram á það í gærkvöld, hvernig hér er farið með staðlausa stafi, hvernig allt hefur verið gert, sem unnt er, til að ná verzlunarsamböndum við þessar þjóðir, og ekki strandað á okkur, heldur miklu fremur á hinu, að þessar þjóðir hafa ýmist ekki viljað við okkur tala, ekki viljað kaupa þær vörur, er við höfðum að bjóða, eða þótt þær of dýrar. Sannleikurinn er, að að þessum málum hefur verið unnið jafnt í Austur-Evrópu og annars staðar og ekkert tækifæri látið ónotað til að selja afurðir okkar á hagstæðu verði, án þess þó að binda okkur neins staðar þann fjötur um fót, sem hæpið væri að una við pólitískt séð. En það er það, sem kommúnistar hafa viljað láta gera. Þeir hafa viljað eyðileggja öll okkar sambönd við Vestur-Evrópu og Bandaríkin, en knýta tengslin þeim mun fastar við Sovétríkin og Austur-Evrópu. Þetta hefur ríkisstj. ekki viljað, og af þessu stafa hinar ofsafengnu ádeilur á ríkisstj. fyrir skakka verzlunarpólitík, er þeir telja fjandsamlega hagsmunum þjóðarinnar, eins og Einar Olgeirsson orðaði það í ræðu sinni í gær.

Sannast sagna hef ég oft undrazt þann gífurlega áróður, sem rekinn hefur verið af kommúnistum fyrir því að flytja að fullu og öllu verzlunarviðskipti okkar til Rússlands og Austur-Evrópuþjóðanna, svo augsýnilega óhagkvæmt og lítt framkvæmanlegt sem það er. En nú er skýringin komin: Þeir eru að reyna að draga þjóðina í ákveðinn dilk í þeim átökum, sem þeir telja sig vita, að nú séu í vændum. Allt niðurlag ræðu Einars Olgeirssonar var lýsing á hinni ferlegu styrjöld, sem nú væri yfirvofandi milli austursins og vestursins. Hann sá í huganum aðeins hrundar borgir og rústir. Hann skírskotaði til þjóðarinnar að búast nú til þessara átaka og skipa sér réttu megin, því að enginn vafi væri á því, hver mundi sigra í þeim átökum. Og við áttum ekki að skipa okkur þar í sveit, sem málstaðurinn væri betri; það virtist mér aukaatriði. Heldur áttum við að gera það til þess að bjarga okkar skinni. Hann notaði óttann sem aðalvopn og hótanir, sem minna óhugnanlega á svipaðan áróður og átti sér stað fyrir átta árum og á árunum þar á undan.

Þessi framkoma sýnir, að hér er nákvæmlega sama á ferðinni og manni var sagt, að gerzt hefði í Oslo skömmu fyrir innrás nazista, en þar gerðist þá þessi atburður: Þýzka sendiráð-

ið í Oslo kallaði til — eða kannske réttara sagt bauð til sín öllum helztu áhrifamönnum þar í borg, sem það náði til, og sýndi þeim kvikmynd, sem nazistar höfðu látið gera af leifturhernaði þeim, er þeir þá ráku og kölluðu svo, og af öllum þeim eyðileggingum, sem viðnám og mótspyrna á móti þeim í því stríði þýddi. Þeir væru vissir með sigurinn, viðnámið kæmi þeim, sem á var ráðizt, að engu haldi, og því væri bezt að gefast upp strax, skilyrðislaust. Þessar dulbúnu hótanir áttu að verka á Norðmenn á þann hátt, að þeir þyrðu ekki að setja sig upp til varnar, þegar Þjóðverjar réðust á þá, sem þeir voru þá ákveðnir í að gera. En Norðmenn tóku öðruvísi á móti þeim. Þeir börðust meðan nokkur von var. Þeir risu upp og mótmæltu hinni freklegu frelsissviptingu — þ. e. a. s. allir nema kommúnistar, sem í upphafi hinnar þýzku árásar tóku öðruvísi á móti en allir aðrir, og hafa nú orðið að þola fyrir landráðastimpil norskra dómstóla. Frelsið var Norðmönnum meira virði en nokkrar borgir, og þeir börðust til þrautar, töpuðu í bili, en unnu sigur að lokum. Og enn virðast þeir vera sama sinnis, því að forsætisráðherra þeirra hefur nýlega lýst yfir því, að eigi þeir aðeins um tvennt að velja, annaðhvort friðinn eða frelsið, þá muni þeir hiklaust kjósa að berjast fyrir frelsinu. Svona hugsa nú Norðmenn. En ef það er rétt, sem Einar Olgeirsson sagði í gær, að sósíalistaherir mundu þegar í byrjun þessa stríðs, sem hann boðaði, ráðast fram til stranda Atlantshafsins, virðist Norðmönnum munu verða hætt.

Einar Olgeirsson og félagar hans hafa reynt ýmsar aðferðir við sitt pólitíska trúboð. Þeir reyndu í upphafi að kynna flokk sinn og stefnu hans ódulbúið, eins og það er í raun og veru, en fengu fáa fylgjendur. Þá brugðu þeir yfir sig sakleysishjúp sameiningar og lýðræðis, með ýmiss konar annarri svikagyllingu. Nokkrir fleiri bættust þá í hópinn, sem í sakleysi trúðu því, að flokkurinn meinti það, sem hann sagði. En það þótti ekki heldur nóg. Þá var gripið til þess ráðs að reyna að eyðileggja framleiðslu- og fjárhagskerfi þjóðarinnar með kröfum til atvinnuveganna um kaupgjald, sem þeir vissu, að ekki var hægt að borga, kröfum til bankanna um lán, sem ekki voru peningar til fyrir, og kröfum til ríkissjóðs um fjárframlög, sem ekki var hægt að afla, í því trausti, að hægt væri í skjóli þess ástands, sem þá skapaðist, að auka fylgið. Einnig þetta hefur mistekizt til þessa. Þá var gripið til þess úrræðis að krefjast þess, að öllum leiðum væri lokað til fyrrverandi viðskiptalanda okkar í vestri og að verzluninni væri beint til Austur-Evrópu í þeirri von, að því er nú virðist bert, að hnýta okkur þar þeim böndum, að mótstaða íslenzku þjóðarinnar yrði veikt og hún dregin í ákveðinn pólitískan dilk á sama hátt og gerzt hefur austur þar. En ekki heldur í þessari viðleitni höfðu þeir heppnina með sér. *Og nú þegar allt um þrýtur, kemur* Einar Olgeirsson hér fram á Alþingi og boðar rústir og dauða, ef Íslendingar sjái ekki að sér. En ég get fullvissað Einar Olgeirsson um það, að þetta er allra ólíklegasta aðferðin við Íslendinga. Þeir láta aldrei kúgast af hótunum um rústir og eyðileggingu. Þeir munu kynna sér málavexti alla, eftir því sem föng eru á. Þeir munu síðan gera upp sínar skoðanir og fella sinn dóm. Að vísu eru þeir fáir og smáir, og munar því kannske ekki miklu, hvorum megin hryggjar þeir liggja. En íslenzk alþýða mun aldrei með hótunum eða ógnunum láta hræða sig til fylgilags við neinn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, þær er gerðar voru við 3. umr., hafa nú verið afgr. með atkvgr. á Alþingi. Samkv. því verða niðurstöðutölurnar sem hér segir: Rekstrarútgjöld nema 221084000. Tekjuáætlun 221.4 millj., og tekjuafgangur á rekstrarreikningi er því rúmar 300 þús. kr. Auk rekstraryfirlitsins koma viðbótarútgjöld samkv. 20. gr. 26.8 millj., og nemur þá greiðsluhallinn alls 24.6 millj. kr.

Eins og kunnugt er, hefur farið langur tími til afgreiðslu fjárlaga í þetta sinn, og liggja til þess ýmsar ástæður, en þó einkum þær, hversu dýrtíðin og afleiðingar hennar hafa torveldað hóflega afgreiðslu á ýmsum atriðum.

Í fjárlagafrv. því, er lagt var fyrir Alþingi í byrjun þings, var ekki gert ráð fyrir útgjöldum til niðurgreiðslu afurða á innlendum markaði né heldur til að standa straum af fiskábyrgðinni. Var þetta af þeim ástæðum, að þá var enn ekki afráðið, hvaða stefna yrði upp tekin af Alþingi í því efni, þ. e. hvort haldið yrði áfram að vinna gegn dýrtíðinni með beinum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, eins og gert hefur verið nokkur undanfarin ár, og líka hvort haldið yrði áfram á þeirri braut að létta undir með sjávarútveginum á þann hátt, að ríkissjóður ábyrgðist fast verð afurðanna, en það var, eins og kunnugt er, fyrst gert á s. l. ári. Það er alkunna, að um þessi mál öll fóru fram miklar ráðagerðir á s. l. hausti, og kom það að vísu í ljós, að menn væru sammála um, að lækka þyrfti dýrtíðina, en hitt virtist örðugra, að finna leiðir til lækkunar, sem allir gætu við unað. Útvegsmenn gerðu ýtarlegar kröfur af sinni hálfu um stórkostlega niðurfærslu vísitölunnar og lækkun gengisins, en að þessu ráði var þó ekki horfið.

Ekki þarf að orðlengja mjög um þessi mál, því að öllum landsmönnum, þeim er fylgjast með því, er gerist í opinberu lífi, mun kunnugt, hver niðurstaðan varð. Ríkisstj. og þeir flokkar, er að henni standa, urðu ásátt um að setja þá löggjöf varðandi dýrtíðina, sem staðfest var nokkru fyrir áramót. Samkvæmt henni var meðal annars gert ráð fyrir að halda niðurgreiðslum á innlendum afurðum áfram í svipuðu formi og verið hafði, og enn fremur að ábyrgjast verð á fiski líkt og gert var á s. l. ári. Samtímis var lögfest, að vísitalan skyldi verða bundin framvegis, meðan þau lög væru í gildi, við 300 stig.

Ég skal ekki gera önnur ákvæði laganna að umtalsefni. En þetta gerði það að verkum, að nauðsynlegt þótti að semja fjárlagafrv. að nýju. Í hinu upphaflega frv. hafði verið reiknað með vísitölu 310, en hún var nú sett í 300, og verkar það á fjölmarga liði fjárlaganna, svo að

ekki þótti vel á því fara að gera þær breyt., er lögin höfðu í för með sér, á annan veg en þann að semja frv. að nýju, og var það ósk fjvn. Þetta var svo gert í þinghléinu um og eftir áramótin, en nýtt fjárlagafrumvarp, þar sem m. a. var tekið tillit til þeirra breytinga, sem dýrtíðarlöggjöfin leiddi af sér, var lagt fyrir Alþingi þann 22. jan.

Á þessu nýja fjárlagafrumvarpi var rekstrarhalli, er nam um 600 þús. kr., en greiðsluhallinn á frv. var hins vegar 26.9 millj. kr. Höfuðbreytingarnar til íþyngingar á rekstrinum voru afleiðingar þær, sem dýrtíðarlöggjöfin hafði í för með sér, þar sem nú þurfti að taka inn í frv. til útgjalda niðurgreiðslur á innlendum afurðum og einnig upphæðir vegna fiskábyrgðarlaganna. Þetta var sett inn í frv. undir einum lið: Til dýrtíðarráðstafana, 55 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að um 35 millj. kr. þurfi til niðurgreiðslu afurðanna, en 20 millj. kr. til að standa straum af fiskábyrgðinni. Ráðuneytið hafði að öðru leyti, bæði við frv., sem samið var í haust, og eins þetta hið síðara, leitazt við að halda niðri gjöldunum, eftir því sem unnt var, en það er ekkert áhlaupaverk að halda niðri gjaldaliðum ríkissjóðs, sem flestir eru bundnir í lögum. Eina úrræðið, sem þó þykir ekki vinsælt, er að skera niður ólögbundna liði, en hinir stærstu þeirra eru eins og kunnugt er útgjöld til verklegra framkvæmda. Nú mun það sannast mála, að til verklegra framkvæmda hefur á undanförnum árum verið varið of háum upphæðum, ekki einasta of háum vegna þess, að ríkissjóður hafi ekki megnað að standa sómasamlega undir þeim, heldur hefur hið opinbera sogað til sín of mikið af vinnuafli til þessara framkvæmda, sem betur hefði verið varið til framleiðslustarfsemi að margra dómi. Nú var mér það og vitanlegt, og ég hef þar fyrir mér langa þingreynslu, að svo að segja hvaða upphæðir sem í stjórnarfrumvarpið voru settar til verklegra framkvæmda, mundi þingið vissulega telja sig þurfa að gera á þeim breytingar. Þetta á ekki hvað sízt við um fjárveitingar til vega og til hafna. Af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur mér verið legið mjög á hálsi fyrir það að vilja draga úr verklegum framkvæmdum í tillögum mínum í stjórnarfrv. Nú hefur það sýnt sig, eins og frv. ber með sér, að í því verða verklegar framkvæmdir með allra mesta móti, samkv. þeim breyt., sem á því hafa verið gerðar með fullu samkomulagi milli ríkisstj. og meiri hl. fjvn.

Þegar nýja fjárlagafrv. var þannig lagt fram, með svo háum útgjaldatölum, þótti mér nauðsyn til bera að reyna að fara sem næst sanni með áætlun teknanna, en þó er ég engan veginn öruggur um, að sú áætlun reynist rétt, og er ég þar sérstaklega hræddur um, að aðflutningsgjöldin kunni að bregðast, sökum þess hvað innflutningur af útlendum vörum, einkum þeim, sem gefa verulega tolla í ríkissjóð, fer minnkandi. Sumir hv. alþm. hafa að vísu reiknað það út, að samkv. innflutningsáætlun fjárhagsráðs, þar sem gert er ráð fyrir yfir 300 millj. kr. innflutningi, eigi verðtollurinn að geta gefið hærri upphæð en þá, sem nefnd er í fjárlagafrv., sem ég hef áætlað 60 millj. kr., en við þann útreikning mun ekki tekið tillit til þess, að krónutala innflutningsins út af fyrir sig er ekki ein leggjandi til grundvallar, því að það skiptir miklu fyrir þennan tekjulið, hvaða vörutegundir eru fluttar inn, og mér er kunnugt um, að einmitt þær vörutegundir, sem gefa mest aðflutningsgjöld, munu sitja á hakanum í innflutningsáætlun fjárhagsráðs.

Með hliðsjón af því, sem að framan er sagt, og eins og ég tók fram, þá hef ég fulla ástæðu til að vera nokkuð uggandi um það, að sumir tekjuliðirnir standist áætlun og þá, að áætlunin í heild reynist rétt. Eftir að fjvn. hafði unnið talsvert að athugun frv. og þeirra gagna, er fyrir lágu, var mér tilkynnt, að meiri hl. n. teldi nauðsynlegt að hækka útgjöldin, og þá einkum og sér í lagi til verklegra framkvæmda, um 15.4 millj. kr., og einnig að fyrir lægju ýmsar till. um hækkanir og óskir um fjárframlög, þar á meðal frá ráðuneytunum sjálfum, sem næmu um 15 millj. kr. að auki, svo að um 30 millj. kr. hækkun mundi verða að ræða.

Það er nú orðið alkunna og hefur verið mjög tíðkað á síðari árum, að stjórnarflokkarnir eða sá meiri hl. þings, sem að stj. stendur hverju sinni, verður að mynda nokkurs konar samtök varðandi afgreiðslu fjárlaga, til þess að ekki fari allt á ringulreið og menn bindist ótal smásamtökum til þess, hver fyrir sig, að koma sínum áhugamálum fram við afgreiðslu á brtt. við fjárlögin, sem alltaf hlýtur að verða til stórhækkunar útgjaldanna. Þegar á það er litið, hversu fjárlagafrv. var orðið yfirhlaðið af útgjöldum þegar frá hendi stj. og tekjuáætlunin teygð svo sem verða mátti, hlaut fjvn. og ríkisstj. að leita eftir leiðum til þess að forðast mjög mikla viðbót á útgjöldunum, en gera fjárlögin þó sæmilega úr garði að því er framlög til hinna nauðsynlegustu framkvæmda snertir. Til þess að ná þessu marki tókst samvinna milli meiri hl. fjvn. og ríkisstj. með þeim árangri, sem fyrir liggur nú í niðurstöðutölum fjárlagafrv. Ýmsa liði, sérstaklega til vega og hafna, þurfti að hækka, en til að mæta þeim hækkunum að nokkru leyti voru svo skornir niður aðrir útgjaldaliðir, er þegar voru fyrir í frv. og sýnt þótti, að unnt væri að lækka að einhverju leyti. Ekki er fyrir það að synja, að sumar af þessum lækkunum geti reynzt of miklar og að þörfin kalli eftir, þannig að þær reynist ekki raunverulegar, þegar til kemur. Verður það varla séð fyrir nú. — Þessi vinna við frv. og athuganir á því, hvar yrði að hækka og hvar mætti lækka, hefur tekið mjög langan tíma, og eins og gefur að skilja, er oft erfitt að samcina vilja þeirra, er að þessu vinna, til ákveðinna aðgerða. Einn telur þessa hækkun mesta nauðsyn, sem annar telur óþarfa, og niðurskurð á einum eða öðrum lið vel framkvæmanlegan, sem aðrir telja ógerlegan. Það er sízt ástæða til að ætla, að útgjöldin fari ekki upp í það, sem áætlað er. Miklu fremur má búast við, að þau verði meiri, eins og oft vill verða. Hitt er miklu kviðvænlegra, að útlitið hvað tekjurnar snertir er engan veginn bjart. Fyrir útgjöldum á 20. gr., sem eru opinberar

byggingar af ýmsu tagi, er ekki séð fyrir neinum tekjum nú, frekar en oft áður, og er það ærið efni til íhugunar, hvort halda á því fyrirkomulagi til frambúðar að hafa þá færslu á slíkum útgjöldum, sem tíðkazt hefur nú um nokkur ár. Þetta frv. er byggt hvað tekjuáætlunina snertir á sömu tekjuliðum og í gildi voru mestan hluta s. l. árs, að því viðbættu, að nú hefur verið lögleiddur svo kallaður söluskattur, samkv. dýrtíðarlögunum, og er honum sérstaklega ætlað að mæta þeim útgjöldum ríkissjóðs, er leiðir af fiskábyrgðinni og ábyrgð á útfluttu kjöti. Auk þess er nú lagt til að hækka gjald af innlendum tollvörum. Þegar fiskábyrgðin var fyrst lögleidd á Alþingi 1946, var ekki séð fyrir neinum sérstökum tekjustofni til að mæta þeim halla, er ríkissjóður kynni að hafa af henni, en hins vegar gert ráð fyrir, að síldarkúfurinn svo nefndi, sem menn bjuggust við af sumarsíldveiðunum, gæti mætt þeim halla. M. ö. o., hugsunin var sú, að sumarsíldveiðarnar ættu að geta borið uppi hallann af vetrarþorskveiðunum. Þetta fór nú ekki þannig, að um neinn síldarkúf yrði að ræða, því að sumarsíldveiðin varð svo rýr, að enginn afgangur varð t. d. hjá Síldarverksmiðjum ríkisins til þess að mæta hallanum af fiskveiðunum. Hins vegar er rétt að geta þess, að hallinn af hraðfrysta fiskinum hefði orðið mun meiri, ef ekki hefðu sölusamningar verið gerðir þannig bæði við Breta og Rússa, að tengd var saman sala á vissu magni af síldarlýsi og vissu magni af hraðfrystum fiski og samið um verð þannig, að hraðfrysti fiskurinn naut góðs af sölu síldarlýsisins í báðum þessum löndum. Vegna fiskábyrgðarlaganna frá 1946 eða fyrir framleiðslu ársins 1947 hafa nú verið greiddar 18.8 millj. kr., sem aflað hefur verið með lántöku bæði í Landsbankanum og Útvegsbankanum. Samtals er þessi halli álitinn vera um 23 millj. kr. Þegar nú ekki þótti enn hjá því verða komizt að halda áfram á þeirri braut að ábyrgjast fiskinn og að því ráði var horfið með setningu dýrtíðarlaganna í vetur, þótti vissara að sjá fyrir einhverjum tekjum til ríkissjóðs í þessu skyni, í stað þess að reiða sig á svo kallaðan síldarkúf, þar sem reynslan frá liðna árinu hafði sýnt, að sú tekjulind brást.

Þrátt fyrir það, þó að öllum ætti að vera ljós sú hætta, er stafar af þeim miklu útgjöldum ríkisins, sem um ræðir í fjárlagafrv., hefur stjórnarandstaðan, Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., haldið uppteknum hætti með því að auka, eftir því sem þeir hafa getað, gjaldabyrði ríkisins. Þeir hafa flutt brtt. til hækkunar á gjöldunum um nær 20 millj. kr., sem að vísu voru ekki teknar til greina. Þar að auki greiddu þessir menn, kommúnistarnir, atkvæði með svo að segja hverri einustu brtt. við fjárlögin, sem hafði hækkun útgjalda ríkissjóðs í för með sér. Þeir hafa líka haldið því fram, að tekjuhlið fjárlaganna væri mikils til of lágt áætluð, eða eins og þeir hafa orðað það á sínu máli, að hún væri fölsuð. Með þessu hafa þeir sýnt hið sama skeytingarleysi um afkomu ríkissjóðs og ábyrgðarleysi í athöfnum sínum sem alltaf hefur einkennt þennan flokk.

Þau hafa verið mörg erfið verkefnin, sem fjármálastjórn ríkisins hefur haft við að glíma, síðan þessi stjórn tók við völdum. Vegna fiskábyrgðarinnar þurfti að útvega lán til þess að unnt væri að standa í skilum við útgerðarmenn og sjómenn, og stóð ekki á því hjá kommúnistum að gera hróp að ríkisstj., þegar er þeir vissu, að erfitt var að uppfylla ákvæði fiskábyrgðarlaganna, þegar síldin brást. Þá þurfti að útvega lán til þess að uppfylla þær skyldur, er lögin um ræktunarsjóð og lögin um landnám og nýbyggðir í sveitum leggja ríkisstj. á herðar. Nemur það hvort tveggja 15 millj. kr. auk hins beina framlags úr ríkissjóði, sem eru 5 millj. kr. á ári í sambandi við hvora tveggja þessa löggjöf. Enn fremur þurfti að útvega fé í hinn nýja síldarkreppulánasjóð í sambandi við töp síldarútvegsmanna á s. l. sumri, 5 millj. kr. Loks var tekið 5 millj. kr. lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna framkvæmda III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. — Ég drep hér aðeins á nokkur hin stærri atriði. En yfir höfuð má segja, að löggjöf síðari ára m. a. leggi svo þungar byrðar á herðar ríkissjóðs bæði hvað bein framlög snertir, útvegun lána samkvæmt lagaboði og ábyrgðir, að sýnt sé, að ríkissjóður fái ekki lengi undir slíku staðið. Þessi skoðun mun nú vera farin að ryðja sér til rúms hjá öllum þeim, sem vilja horfast í augu við staðreyndir og ganga að verkum sínum með fullri ábyrgðartilfinningu.

Þessi ríkisstj. tók við margs konar löggjöf frá fyrri þingum, sem hafði í sér fólgnar heimildir til lántöku á fjölmörgum sviðum, heimildir, sem ekki höfðu verið notaðar meðan betur áraði fyrir ríkissjóði, en nú ber nauðsyn til að nota. Ríkisstj. hefur leitazt við að fá þau lán, sem heimildir voru fyrir, til þess að hægt væri að halda áfram þeim framkvæmdum, sem lögin gerðu ráð fyrir, en þau lán hafa ekki reynzt fáanleg, og fyrir því hefur þung útgjaldabyrði hlaðizt á ríkissjóð, er sjálfur hefur orðið að greiða fé til ýmissa framkvæmda, upphæðir, sem ætlazt hefði verið til, að teknar yrðu að láni. Þótt lánsstofnanir landsins, og þá einkum Landsbankinn, hafi ekki getað orðið við öllum beiðnum um lán af ríkisstj. hálfu, þá er rétt að kannast við það, að bæði hann og hinir bankarnir báðir hafa aðstoðað ríkisstj. í mörgum efnum mjög vel, og má þar til nefna til að greiða fram úr fiskábyrgðinni, til að leggja fram lánsfé handa landbúnaðinum og til að greiða ullarábyrgðina, sem fyrir lá að leysa úr og ég hef áður gert að umtalsefni í sambandi við fjárlög. Við þetta bætist svo það, að yfirdráttur ríkissjóðs hjá Landsbankanum nemur nú alltaf um og yfir 40 millj. kr. Ég tel rétt að taka þetta fram, ekki sízt vegna þess, að Landsbankinn verður oft fyrir ómildum dómum af hálfu þeirra manna, sem eru á móti ríkisstj., á móti Landsbankanum og á móti viðreisn atvinnuveganna í landinu.

Það hefur verið allmikið talað um það í sambandi við nauðsyn þess að lækka framleiðslukostnaðinn, að rekstrarkostnaður ríkisins væri óhæfilega mikill, og allir munu sammála um,

að hann sé hár. Hins vegar hef ég oft á það bent, að sá rekstrarkostnaður er í ýmsum greinum háður lagaákvæðum, sem þarf að endurskoða og breyta til þess að hægt sé að fá lækkun á þessu sviði. Það eru aðrir kostnaðarliðir fjárlaganna, sem ganga enn lengra í því að krefjast útgjalda úr ríkissjóði og skatta af borgurum þjóðfélagsins, útgjaldaliðir, sem Alþ. hefur enn meira vald á árlega en þeim, sem hér hafa verið nefndir. Alþingi hefur á svo mörgum sviðum stofnað til aukinna útgjalda öðrum en þeim, sem beinlínis snerta rekstur ríkisins í þeim skilningi, sem hér hefur verið á drepið, að þar hafa enn þyngri lóð verið lögð á vogarskál útgjaldanna.

Við þetta get ég svo bætt því, að samkv. fjárlögum 1946 voru útgjöld samkv. 10. og 11. gr. 16.3 millj. kr., samkv. fjárlögum 1947 18.5 millj. kr., og í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eru þau 21.4 millj. kr. Hækkunin er að vísu mikil, en þó ekki tiltölulega eins mikil og á öðrum liðum fjárlaganna. Þetta er þó engan veginn sagt til þess að draga neitt úr þeirri þörf, sem orðin er á því að lækka rekstrarútgjöld ríkisins eins og önnur útgjöld. Ég hef mjög haft í huga ráðstafanir í þessa átt, enda er það skyldast, að af hálfu ríkisstj. sé hafizt handa til að lækka rekstrarútgjöld ríkisins.

Á öndverðu hausti fékk ég skrifstofustjóra þriggja ráðuneyta og ríkisbókarann, ásamt aðalendurskoðanda ríkisins, til þess að ganga saman í nefnd til að undirbúa sparnað einmitt á rekstri ríkisins. Hefur nefndin starfað síðan í byrjun nóvember. Hún hefur haldið um 40 fundi og safnað miklu af gögnum um rekstur ríkisstofnana, starfsemi nefnda og ýmsa mikilvæga kostnaðarliði. Ég skal hér drepa á einstök atriði, er n. hefur haft til meðferðar. Sparnaðarnefndin hefur starfað síðan í byrjun nóvembermánaðar s. l. Hún hefur haldið um 40 fundi og safnað miklu af gögnum um rekstur ríkisstofnana, starfsemi nefnda o. fl. Nefndin hefur þegar skilað ríkisstj. álitsgerð um starfsemi nefnda og afhent henni frumvarp til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Af þeim 112 nefndum, sem sparnaðarnefndin hefur tekið til athugunar, leggur hún til:

1. að 31 nefnd starfi áfram óbreytt.

2. að 21 nefnd og ráð verði tekin til sérstakrar athugunar af ríkisstj., með það fyrir augum, að breytt verði að verulegu leyti um starfsaðferðir þeirra og stofnana, sem heyra hér undir.

3. að 18 nefndum verði breytt og ýmist lagðar niður fljótlega eða verkefni þeirra fengin sveitarstjórnum í hendur, og eru húsaleigunefndir í þeim flokki.

4. að 23 nefndir, sem nú starfa, verði með öllu lagðar niður.

5. að 19 nefndir, sem ekki starfa eins og stendur, en hafa ekki verið formlega lagðar niður, verði nú leystar upp.

Árlegur sparnaður ríkisins samkv. till. n. yrði þessi:

1. af breytingum hinna 18 nefnda undir lið 3 ca. kr. 300000.

2. af niðurlagningu hinna 23 nefnda undir lið 4 ca. kr. 450000.

Samtals ca. kr. 750000.

Frá dregst: áætlaður kostnaður, sem áhjákvæmilega yrði að hafa, þó að nefndirnar yrðu lagðar niður, ca. kr. 150000.

Sparnaður ca. kr. 600000.

Nefndirnar, sem ekki starfa og nefndin vill nú láta leysa upp formlega, hafa kostað samtals ca. 500 þús. kr. meðan þær störfuðu.

Jafnframt því, sem vísað er til grg. þeirrar, sem fylgdi frv., skal það tekið fram, að aðalástæðan fyrir þeirri skipan, sem sparnaðarnefndin hefur lagt til, að tekin verði upp samkv. þessu frv., er það álit n., að eina leiðin til verulegra umbóta á þessu sviði sé sú, að til sé föst ríkisstofnun, sem hafi það hlutverk eitt að hafa eftirlit með því, að rekstur ríkisins og fyrirtækja þess þenjist ekki út um of, en verði á hverjum tíma haldið innan skynsamlegra og viðráðanlegra takmarka. Útþensluna, sem verið hefur að undanförnu, þarf að stöðva nú þegar, og hverfa síðan smátt og smátt til meiri sparnaðar og betri vinnubragða á hinum ýmsu sviðum ríkisbúskaparins.

Auk þessa hefur nefndin safnað ýtarlegum skýrslum um bifreiðakostnað ríkis og ríkisstofnana, og hefur niðurstaðan af þeirri athugun orðið þessi:

Af 85 fólksbifreiðum, sem eru eign ríkisins, verði 28 bifreiðum skilað og þær seldar. 57 bifreiðar verði notaðar áfram á sama hátt og verið hefur. Við sölu á ofangreindum 28 bifreiðum mundi ríkissjóður alltaf losa ca. kr. 400000, auk þess sem árlegur sparnaður í minnkuðum rekstrarkostnaði bifreiða mundi nema um kr. 1000000.

Það er nauðsynin sú, að einhvern tíma þarf að byrja á því að færa niður kostnaðinn við ríkisreksturinn, sem hefur knúið mig til að hefja þær aðgerðir, er að framan greinir. Það er eðlilegt, að þjóðin geri þær kröfur í sambandi við tilraunir til lækkunar á dýrtíðinni, að ríkið veiti sjálft nokkurt viðnám gegn eyðslunni innan sinna eigin stofnana. Frv. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana, sem sparnaðarnefndin hefur samið, var ekki lagt fyrir þetta þing. Fullt samkomulag var ekki innan ríkisstj. um fyrirkomulag það, sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar var samkomulag um aðalinnihaldið, nákvæmara eftirlit, bætta starfstilhögun og sparnað. Samkomulag var um að lögfesta til bráðabirgða heimild fyrir ríkisstj. til að láta fjmrh. fá fullt vald til að ráða því, hvort aukið sé við starfskröftum, þ. e. fjölgað starfsmönnum í stofnunum ríkisins. Þessi ákvörðun markar stefnu. Hún markar viðnám gegn hinum sívaxandi tilkostnaði.

Þessi byrjun, sem á að veita viðnám á þessu sviði, lætur lítið yfir sér, en ég ætla, að hér sé rétt stefnt, og verði svo fram haldið sem hafið er, hverjir sem með þessi mál kunna að fara framvegis, þá verði afleiðingin sú, að stórum verði lækkuð rekstrarútgjöld ríkisins og ríkissjóði þá um leið gert færara en nú að styðja framfarir landsmanna til sjávar og sveita.

Eins og vænta má, þegar í ríkisstj. sitja menn

ýmissa flokka, er eðlilegt, að ýmislegt það sé ákveðið og lögfest, bæði í fjárlögum og öðrum lögum, sem á einn og annan hátt kemur í bága við það, sem manni væri mest að skapi, ef stefna manns eigin flokks réði eða mætti ráða. Svo er það í núv. ríkisstj. Við sjálfstæðismennirnir þar verðum oft að gjalda jáyrði við ýmsu eða þola a. m. k. það, sem við frá flokkssjónarmiði teldum betur mega fara annan veg. Hitt er meira um vert, að með þátttöku sinni í ríkisstj. hefur flokkur okkar tækifæri til þess fremur en ella að hafa heillavænleg áhrif á lausn vandamála þjóðfélagsins, sem nú eru ærin. Viðfangsefni þau, sem fyrir liggja nú og í náinni framtíð, viðreisn á fjölmörgum sviðum og baráttan gegn afleiðingum verðbólgunnar, þurfa athygli og atbeina allra þeirra, hvar í flokki sem þeir standa, sem vilja vöxt og viðgang atvinnuveganna og heill alls almennings í landinu. Þar sem framar þarf að meta þjóðarheill en flokkshagsmuni, viljum við sjálfstæðismenn fúslega leggja okkar lið til. Og þá vitum við okkur vera í samræmi við meginstefnu Sjálfstfl. og vilja hinna beztu manna meðal þjóðarinnar.

Sjálfstfl. gekk í fararbroddi til að afla landinu nýrra atvinnutækja og verja fjármagni landsins til þessara hluta í tæka tíð. Markmiðið var að undirbúa öryggi í atvinnu landsmanna. Sjálfstfl. vill líka leggja sitt lið til þess að bægja frá þjóðinni þeirri hættu, sem verðbólgan bakar henni. Það er ekki nóg að hafa gnægð nýrra atvinnutækja, ef við kunnum ekki með að fara eða högum svo búskaparháttum okkar, að allt kafnar í dýrtíð.

Þjóðin getur vel komizt fram úr örðugleikum þeim, sem nú standa yfir, ef vit og eining ráða athöfnum hennar. Að því viljum við sjálfstæðismenn stuðla eftir beztu getu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þm. Sósfl. kunna illa við, þegar flett er ofan af afstöðu þeirra eins og hún var á stríðsárunum, og gekk hv. 2. þm. S-M. svo langt í ræðu sinni, að hann neitaði, að þeir hefðu verið á móti Bretum framan af styrjöldinni. Þetta veit hv. þm. sjálfur og aðrir, að er ósatt. Ég hef áður í þessum umr. tínt saman ummæli í Þjóðviljanum, sem sýna glögglega þessa afstöðu, og hvernig hún snérist, þegar Rússar voru komnir í stríðið, og ég get haldið áfram og bætt við, ef kommúnistar vilja. 19. marz 1941 sagði Þjóðviljinn: „Það verður að banna togurunum að sigla út.“ Og nú vill hv. þm. segja, að þessi afstaða hafi verið tekin í blaðinu vegna öryggis sjómannanna, til þess að koma á betri öryggisútbúnaði. Já, nú segja þeir þetta. En hvað sagði Þjóðviljinn 16. apríl 1941, þegar rætt var um aukinn öryggisútbúnað togaranna. Hann sagði orðrétt:

„Þegar menn eru að heimta vopnun togaranna, þá eru þeir beinlínis að vinna að því að koma ógnum og villimennsku nazismans og stríðsins yfir Íslendinga. Slíkir handlangarar Hitlers á Íslandi vilja reka sjómennina fyrir fallbyssukjafta fasista.“

Og til þess að taka af allan vafa um afstöðu kommúnista hér framan af styrjöldinni til Breta, þá ætla ég að lokum að tilfæra klausu úr Þjóðviljanum 22. jan. 1941. Þar segir svo:

„Væri landið í slíku ásigkomulagi að geta varið sig, væri Ísland nú í stríði við England eins og Noregur við Þýzkaland.“ — Svo þegar Bandamenn hafa unnið stríðið, þá skríða þessir menn að fótum þeirra og tala með fjálgleik um það, að Ísland hafi nú fórnað svo miklu fyrir þá í styrjöldinni. En þetta tal sitt á hvað er engin tilviljun, og það er engin tilviljun, að nú er verið að dæma kommúnista erlendis fyrir störf, sem þeim eru metin til landráða.

Hv. 2. þm. S-M. sagði, að ég hefði margt skemmdarverkið unnið meðan ég átti sæti í ríkisstj. fyrir styrjöldina. M. a. sagði hann, að ég hefði neitað um leyfi fyrir síldarverksmiðjum og bátum. Ég hygg, að ég þurfi ekki að bera kinnroða fyrir það, sem hann nefndi, eins og högum var þá háttað. Verðmæti saltfiskútflutningsins hrapaði úr 36 milljónum niður í 17 millj. króna á ári af á milli 40 og 50 millj. króna heildarútflutningi, og ýmsir aðrir erfiðleikar voru eftir þessu. En á þessu sama tímabili voru þó reist um 25 hraðfrystihús, afköst síldarverksmiðjanna jukust um 150%, og enn fremur varð stórmikil aukning í öðrum verksmiðjuiðnaði og mjólkurbúum. Sogsvirkjuninni var komið á fót og fleiri virkjanir gerðar, og þannig mætti halda áfram að telja, en á sama tíma, eða þessum fjórum árum, jukust skuldir ríkisins út á við aðeins um 6,5 millj. kr. á móti allri þeirri verðmætaaukningu, sem ég hef nú drepið á.

Þá minntist hv. 2. þm. S-M. á veltuskattinn og söluskattinn og sagði, að Framsfl. hefði svikið í því sambandi, og síðan las hann upp úr Tímanum í sambandi við verzlunarmálin almennt og var hissa á því, að Tíminn skyldi skrifa þannig, er Framsfl. væri í ríkisstj. En þetta sýnir aðeins heilbrigt frjálslyndi Framsfl. Það er hins vegar ekki að undra, þótt kommúnistar séu hissa á slíku, svo gersamlega gagnrýnilaust og þögult um óhappaverkin sem blað þeirra var á meðan sá flokkur tók þátt í stjórn landsins. En á meðan þeir voru í ríkisstj. og áttu að geta haft áhrif á þetta, gerðu þeir engar till. um það. Það er því ekki einkennilegt, þó að hv. 2. þm. S-M. segist vera hissa á því, að Tíminn og Framsfl. skuli halda áfram harðri baráttu fyrir þeirri stefnu, sem flokkurinn vildi fara, þegar sá flokkur stendur nú að ríkisstj.

Hv. 2. þm. S-M. talaði hér mikið um ýmislegt brask, sem ætti sér stað og væri nú í fullum gangi. En þetta brask, sem er í fullum gangi, er afleiðing af því háttalagi, sem átti sér stað, þegar flokkur þessa hv. þm. var í ríkisstj. Og það er langt frá því, að búið sé að stöðva allt það brask og annað slíkt, sem sett var í gang af þessum flokki hv. þm. á þeim tíma.

Þá talaði hv. 2. þm. S-M. um sjávarútvegsmálin. Það er margt, sem ræðumenn Sósfl. ættu að varast, en alveg sérstaklega að minnast á útgerð. Þeirra hlutur í þeim málum er þannig, að fyrir þá væri þögnin bezt. En fyrst þeir hafa valið sér það hlutskipti að klifa á þessu, er rétt að gera afskiptum þeirra af útgerðinni örlítil skil.

Fyrstu stríðsárin voru blómatími fyrir íslenzka

útgerð og allt fram á árið 1942, en þá skipti gersamlega um og snérist um þverbak fyrir útgerðinni. En hvað var það, sem gerðist 1942? Það var meðal annars það, að kommúnistar, sem höfðu verið studdir til valda í verkalýðsfélögunum og höfðu líf þáv. stj. í hendi sér, notuðu miskunnarlaust aðstöðu sína til þess að reka af stað verðbólguna. Fyrst og fremst bitnaði þetta á sjávarútveginum, útflutningsatvinnuveginum, því að útvegsmenn og fiskimenn gátu ekki velt af sér yfir á aðra. Ég ætla ekki að fara langt út í það að lýsa hér með eigin orðum þeim búsifjum, sem útgerðin hefur orðið fyrir af ráðabruggi kommúnista, en ætla að leiða hér vitni. Það er Landssamband íslenzkra útvegsmanna. Hinn 7. nóv. í haust gerði fjölmenn n. fyrir hönd Landssambandsins grein fyrir, hvernig ástatt er um útgerðarmálin og þróun þeirra síðustu árin. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í nál. því, sem lagt var fyrir fulltrúaráðsfund Landssambandsins hinn 11. nóv. s. l. ár og fulltrúar hafa fengið afrit af á þessum fundi, er í stórum dráttum og skýrum rakið það helzta, sem gerzt hefur í útvegsmálum þjóðarinnar frá því á árinu 1942, þegar vélbátaflotinn var rekinn með viðunandi afkomu, og jafnframt gerð grein fyrir því, hvernig dýrtíðin í landinu, sem síðan hefur jafnt og þétt aukizt ár frá ári, hefur þrengt meir og meir að aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, svo að yfir honum vofði fullkomið öngþveiti eða jafnvel algert hrun, ef ekki yrðu fundnar varanlegar og heilbrigðar leiðir til leiðréttingar í þessum efnum."

Í umræddu nál. er meðal annars bent á þetta: „Þegar samningar voru gerðir við brezka matvælaeftirlitið 1942 um fisksölur til Bretlands, var vísitala framfærslukostnaðar í landinu 183 stig. Þá var verð á *nýjum* fiski innanlands, slægðum með haus, kr. 0.45 fyrir kg. Var afkoma vélbátaflotans þá sæmileg og hafði verið frá árinu 1940. Eftir það fer algerlega að halla undan fæti fyrir útveginum í landinu, því að frá þeim tíma fer framleiðslukostnaðurinn ört hækkandi, dýrtíðin vex, en fiskverðið stendur í stað. Þannig reynist meðalvísitala ársins 1943 að vera 257,5 stig, en fiskverðið óbreytt. Árið 1944 er meðalvísitala framfærslukostnaðarins orðin 268.5 stig og fiskverðið enn óbreytt. Enn hefur vísitalan hækkað árið 1945, eða upp í 275.5 stig, en fiskverðið enn að mestu leyti óbreytt, nema hvað greitt var 15% hærra verð — eða kr. 0.52 fyrir kg — fyrir nokkurn hluta fisks þess, sem bátaflotinn seldi til útflutnings í fiskkaupaskip það ár. Árið 1946 er meðalvísitala framfærslukostnaðarins í landinu orðin 292¾ stig, en hækkar í des. sama ár upp í 306 stig, og er þá fiskverðið aðeins kr. 0.50 fyrir kg."

Þá er enn fremur bent á hið mikla ósamræmi, sem er á milli tekna (launa) þeirra manna, er fá kaup sitt í hluta af afla vélbátaflotans, og hinna, sem vinna fyrir föstum launum eða tímavinnu í landi, og það í stórum stíl við óarðbæran atvinnurekstur fyrir þjóðarbúið.

Í framhaldi af þessu er gerð grein fyrir hinni brýnu nauðsyn þess að koma sjávarútveginum á heilbrigðan grundvöll, svo að hægt sé að reka framleiðslutækin til sjávarins án fyrirsjáanlegs taprekstrar, og bent á ýmsar leiðir til að ná því marki.

Enn fremur segir svo: „Allur fjöldi vélskipaflotans er sokkinn í skuldir. Eigendur mjög margra skipa hafa ekki getað greitt skipverjum hlut þeirra af síldveiðunum, vátryggingargjöld skipanna, afborganir og vexti af skipum eða önnur nauðsynleg útgjöld." Þetta er þokkaleg lýsing á afkomu sjávarútvegsins! Ekki mjög óglæsilegur vitnisburður um afrek kommúnista í sjávarútvegmálum þau 2 ár, sem þeim var falin forusta í þeim málum. Það er komið svo í lok þessa tímabils, að engin fleyta er talin geta farið á sjó, nema ríkið taki ábyrgð á fiskverðinu, og stendur þó svo tæpt, að ekkert má út af bera, en meginhluti fiskiflotans þá þegar sokkinn í skuldir.

Nú mundu sumir segja, að þetta sé bara barlómur úr útvegsmönnum, og það vantar ekki, að kommúnistar haldi því fram, þegar þeim þykir það henta, þótt þeir hafi útsendara sína í herbúðum útvegsmanna til þess að smjaðra fyrir þeim og reyna að telja þeim trú um, að kommúnistar hafi sérstakan áhuga fyrir afkomu þeirra. *En því miður er þessu ekki þannig varið*, að hér sé um barlóm útvegsmanna að ræða. Það er bláköld staðreynd, að verðbólgustefnan hefur reytt af útgerðinni það, sem hún var búin að hagnazt framan af styrjöldinni, og hrint henni út í fen taps og skulda.

En hvað er þá um fiskimenn, sjómenn? Hefur þá fjármagnið frá útgerðinni ekki runnið til þeirra? Hafa menn ekki stundum heyrt kommúnista guma af því, að þeir hefðu svo mikinn áhuga fyrir afkomu fiskimanna? En það er nú öðru nær en að þannig hafi verið á málum haldið. Í því sambandi skal ég ekki nefna margar tölur, en rifja upp einn vitnisburð. Sá vitnisburður er frá hendi hagfræðinganna fjögurra, sem gerðu upp fjárhags- og atvinnumálin haustið 1946, sömu dagana og kommúnistar voru að hrökklast frá yfirstjórn sjávarútvegsmálanna. Einn af þessum hagfræðingum hefur að minnsta kosti fram að þessu verið sérstakur áhugamaður í liði kommúnista. En hagfræðingarnir segja svo:

„Þetta yfirlit ætti að nægja til þess að sýna, hversu geysialvarlegt ástandið er nú í þessum efnum. Sjómenn og landmenn vélbátaflotans vinna erfiðara og áhættusamara starf en nokkrir aðrir þegnar þjóðfélagsins. Aðbúnaður þeirra í verstöðvum er víða ekki mönnum samboðinn. Þeir verða mikinn hluta ársins að lifa fjarri fjölskyldum sínum. Það starf, sem þeir inna af hendi, hefur úrslitaþýðingu fyrir velferð þjóðarinnar. Samt fer því fjarri, að þessir menn hafi sambærilegar tekjur við aðra landverkamenn, hvað þá meiri. Um ástæðurnar fyrir þessari þróun þarf ekki að fjölyrða. Vélbátaútgerðin hefur ekki getað tekið þátt í kapphlaupinu um vinnuaflið á síðari árum, vegna þess að verð hennar er ákveðið á erlendum markaði. Um hitt þarf ekki heldur að fjölyrða, að vá er fyrir dyrum, séu ekki skjótar ráðstafanir gerðar til úrbóta, og engin tök verða á að manna skipin, meðan þetta tekjuhlutfall helzt og næg atvinna er í landinu."

Þetta er ófagur vitnisburður um aðbúnaðinn að hluta- og fiskimönnum, en hann er sannur.

Það er ekki að furða, þótt kommúnistar vilji guma af afrekum sínum í þessum efnum. Það er blátt áfram grátlegt að horfa upp á það, hvernig glæsilegir afkomumöguleikar fyrir undirstöðuframleiðslu landsmanna til útflutnings hafa verið skemmdir og öllu snúið upp í sama baslið og menn þekktu svo allt of vel á tímum verðfalls og markaðstapa fyrir stríð, og út yfir tekur, að svona var á málum haldið og allt sett í þessa sjálfheldu án þess, að nokkrar ytri ástæður kæmu þar til. Það er þrýstingurinn á útgerðina innan frá, sem reið baggamuninn um afkomuna, og kommúnistar lögðu til eldsneytið manna mest, þótt fleiri kæmu þar að.

En með þessu er ekki sögð öll sagan um afrek kommúnista í sjávarútvegsmálum. Af eðlilegum ástæðum vilja þeir nú sem minnst um það tala, sem þegar hefur verið rætt, en í stað þess guma þeir af hinum miklu framkvæmdum. En hverjar voru hinar miklu framkvæmdir sérstaklega? Jú, bygging tveggja síldarverksmiðja, sem allir flokkar höfðu sameiginlega ákveðið, að skyldi komast á fót. Það er því ekkert sérstaklega kommúnistum að þakka, að verksmiðjurnar voru byggðar, en það er framkvæmdin á byggingunum, sem kommúnistar eiga að svara fyrir. Og hvernig tókst hún? Með því blygðunarleysi og þeirri óskammfeilni, sem einkennir forustumenn þeirra, héldu þeir þannig á framkvæmdinni, að annað eins hefur víst aldrei þekkzt í íslenzkri stjórnmálasögu, og hefur það sukk og ráðleysi valdið útgerðinni milljónatuga fremur en milljóna tjóni. Þetta verða útgerðarmenn og sjómenn að greiða á næstu árum í lægra hrásíldarverði. Málefnum útvegsins hefur verið þannig komið, að það er ekki létt verk að bæta úr. Dýrtíðarlöggjöf núv. ríkisstj. er fyrsta tilraunin, sem framgang fékk, sem gerð er til þess að bæta úr þessu, þótt skammt nái. Áður höfðu verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að koma í veg fyrir, að svo þyrfti að fara fyrir útgerðinni sem komið er, en þær tilraunir reyndust árangurslausar.

Það þarf ekki að taka það fram, það vita allir, að kommúnistar hafa gengið berserksgang á móti öllum dýrtíðarráðstöfunum ríkisstj., sem fyrst og fremst koma sjávarútveginum til góða. Þeir gera það ekki endasleppt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það voru ekki svo lítil tíðindi, sem hæstv. fjmrh. (JJós) flutti okkur fyrir skammri stundu. Hann sagði: ný stefna er mörkuð, stefna viðnáms gegn vaxandi útgjöldum. — Og hæstv. ráðh. sýndi fram á, hvernig þessi nýja stefna kæmi fram. En hún er sú, að það á að spara 600 þús. kr. Ja, það er ekki búið að gera það, en það á að gera það, segir hæstv. ráðh. Það á að leggja niður nokkrar nefndir og þannig spara þessar 600 þús. kr., en á sama tíma ætlar ríkisstj. að setja á laggirnar fjárhagsráð og viðskiptanefnd, sem mun kosta um 4 millj. kr. Og svo er stefnan mörkuð, og þannig á að spyrna fótum við vaxandi útgjöldum. Það eru sparaðar eða það á að spara 600 þús. kr., en 4 millj. kr. er fleygt.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum út af ræðu hæstv. fjmrh. Hann hefur á glæsilegan hátt lýst stefnu ríkisstj. Klækir og ráðleysi er yfirskriftin yfir hennar stefnu og starfi.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að hæstv. samgmrh. Hann minntist á þær markvissu öfgar, sem eru í tollamálum og hv. 2. þm. S-M. hafði gert að umtalsefni. Hæstv. ráðh. var í vandræðum. Hann sagði: Að vísu hefur stj. lagt á tolla og það verulega háa tolla, en þeir eru bara svo dásamlega gerðir, að þeir koma ekki niður á almenningi, því að þeir eru aðeins lagðir á óþarfa varning. — Samkvæmt þeirri kenningu er óþarfi að ganga í fötum. Það er nýstárleg kenning, að byggingarefni og fatnaður heyri undir óþarfa og snerti ekki almenning, þó að þær vörur hækki í verði.

Þá kemur söluskatturinn. Hv. 2. þm. S-M. var að tala um, hvernig Framsfl. hefði með hnúum og hnefum barizt gegn sams konar skatti fyrir 2 árum. Því var að vísu haldið fram af Framsfl., að þessi skattur væri nokkuð annars eðlis en eldri söluskatturinn, því að áður var gert ráð fyrir, að þessi kæmi fram í vöruveltu, en nú eiga verzlanirnar sjálfar að borga hann. Áður var þetta að dómi Framsfl. gífurlegur skattur á kaupfélögin, en nú kæmi hann niður á kaupmönnum. En hæstv. samgmrh. vildi ekki leyfa samstarfsflokki sínum að búa lengi í þessu skjóli. Hann lýsti yfir, að í raun og veru væri skatturinn tekinn af verzlununum, þannig að álagning á vörur væri lækkuð sem næst því, sem skattinum nemur. Þetta mun rétt vera. En ég verð að segja, að slík ráðstöfun virðist til þess gerð meðal annars að láta Framsfl. drekka bikar smánarinnar í botn og láta hann þannig kingja hverju einasta orði, sem hann hefur flutt út um alla byggð landsins út af söluskattinum fyrri. Nú stendur hann með ánægju að framkvæmd þessa skatts, sem í öllum meginatriðum er nákvæmlega eins, að einu undanskildu, að hann er lítið eitt hærri.

Þá segir hæstv. ráðh., að það sé nú verið að undirbúa alveg nýjar reglur um úthlutun innflutningsleyfa, og eigi nú að koma þar á nýrri skipan í reglugerð í samræmi við loforð ríkisstj. Ég hef haft þá ágætu aðstöðu til þess að heyra formann fjárhagsráðs tala um þessar nýju reglur. Hann sagði, að það mætti skilja þær svona og það mætti líka skilja þær hinsveginn og það mætti skilja þær á marga vegu, og svo las hann upp nokkrar greinar þessarar reglugerðar, sem hann sagði, að segðu bókstaflega ekki neitt um það, hvernig ætti að framkvæma þetta starf.

Já, vinna fyrir alla, sagði hæstv. ráðh. enn fremur. Ríkisstj. hefur efnt loforð sitt, sem hún gaf, þegar hún tók við völdum. En má ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða vinnu ætlaði ríkisstj. þeim þúsundum manna, sem í vetur hafa unnið að því að veiða síld uppi í Hvalfirði og gera hana að markaðsvöru? Það er alveg víst, að ef þetta óvænta happ með síldveiðina í vetur, sem náttúran sjálf hefur fært til okkar, hefði ekki átt sér stað, þá hefði ekki orðið um atvinnu að ræða, sem ríkisstjórnin hefði gert ráðstafanir til, heldur hefði orðið algert atvinnuleysi í Rvík og víðar um land.

Það er sýndarleikur og glæfraspil, sagði hæstv. ráðh., þegar verkalýðurinn fer fram á kaup-

hækkanir. Fyrir ári síðan var það blátt áfram glæpur. Í ár er það sýndarleikur og glæfraspil. Svo er því bætt við, að með því að verkalýðurinn fari fram á kauphækkun, þá sé verið með því að eyðileggja framleiðslukerfi þjóðarinnar. Verkalýðurinn hefur heyrt þessi orð áður. Frá upphafi síns vegar hefur hann heyrt þau. Verkalýðurinn hefur aldrei farið svo fram á kauphækkanir, að atvinnurekendur hafi ekki haldið fram, að með því væri verið að reyna að eyðileggja atvinnuvegi þjóðarinnar.

Hæstv. ráðh. lauk máli sínu með því að óska eftir, að þjóðin kynnti sér þessi mál. Ég tek undir þá ósk. Ég vil, að þjóðin kynni sér vel þessi mál, og ég vona, að hún hafi hlustað með mikilli athygli á orð þessara þriggja ráðh., sem talað hafa. Það má heyrast, að góð samvinna hefur verið innan stj. Það lítur helzt út fyrir, að þeir hefðu átt að geta komizt af með eina ræðu, og mér virðist það bera vott um, hvernig samkomulagið er á stjórnarheimilinu, að þrír ráðh. skuli þurfa að halda sömu ræðuna, sem var í höfuðatriðum á þessa leið: Kommúnistar eru ofbeldismenn, Rússar eru ofbeldismenn, og þeir sýna yfirgang í Tékkóslóvakíu, og það er verið að farga frelsi Finnlands. — Þetta var höfuðinntak í ræðum þessara þriggja ráðh., vissulega með margvíslegum tilbrigðum. Ég skal nú víkja að nokkrum einstökum atriðum í ræðum þessara hæstv. ráðh., og byrja ég þá á ræðu hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. er mjög háttvís maður, og hann talaði alveg sérstaklega þannig við þetta tækifæri. Hann notaði sem sé tímann til þess að ráðast með sínum venjulegu stóryrðum að hv. þm. Siglf., Áka Jakobssyni. Ég ætla ekki að rekja það mál ýtarlega hér, því hafa verið gerð skil. En þessi hæstv. ráðh. sagði, að það væri búið að gera upp reikninga fyrir flugvöllinn 1946, og niðurstaðan væri ekki glæsileg. Þar væri um halla á þriðju millj. kr. að ræða. En hvernig er þetta gert upp? Það er þannig, að teknar eru með til útgjalda allar endurbætur á öllum flugvöllum landsins og allir styrkir til flugnáms og annað slíkt. Sem sé, dæmið er gert upp á sama hátt og þann, ef svo væri t. d. gert um vegamál okkar, að það fé, sem færi til endurbóta á vegum, yrði þannig fært út, og svo sagt, að þetta sé fals og svindl hjá vegamálastjóra.

En úr því að svo mjög er talað um framkvæmdir fyrrv. hæstv. atvmrh., Áka Jakobssonar, hversu þær hafi verið dýrar, væri þá ekki rétt, að hæstv. dómsmrh. segði okkur um hitaveituna, hvað þær framkvæmdir hefðu kostað, og um vatnsveituna og þá ekki síst um eimtúrbínustöðina, sem átti að kosta 8 millj., en er nú komin upp fyrir 20 millj. kr. Þetta er ráðsmennska, sem er að skapi hæstv. ráðh. Þarna eru þeirra menn, sem standa að verki. Og svo gæti hæstv. ráðh. sagt okkur eitthvað um það, hvaða heimild hann hefur til þess að taka 90 þús. kr. — eða vel það — til þess að klastra við sumarbústað handa sér og sínum samráðh. á Þingvöllum. Þetta væru líka upplýsingar, ef um þær mætti tala.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um verkalýðshreyfinguna. Hann sagði, að hún hefði orðið fyrir miklum hnekki sér til vansa. Og hún hefði þegar, fyrir óheillaáhrif kommúnista, útilokað sig frá verkalýðshreyfingu Norðurlanda með því að kjósa mann úr Sósfl. sem forseta Alþýðusambandsins. Hvílíkt lýðræði, ef íslenzkir verkamenn kjósa Hermann Guðmundsson, en ekki Sigurjón Á. Ólafsson, þá er búið að vera með það! Og að þá skuli vera sagt, að íslenzkir verkamenn geti ekki átt neina samleið eða samstarf við verkalýðshreyfingu á Norðurlöndum! En meðan Alþfl. mátti sín í þessari hreyfingu, þá höfðu Alþýðuflokksmenn einir rétt til umboðsstarfs, og þannig er hugsunarhátturinn enn. Þannig er lýðræðið, að aðeins ef Alþfl. á Norðurlöndum ræður verkalýðshreyfingunni, þá er hægt að hafa samstarf. Svo er sagt, og náttúrlega af þeim sömu aðilum, að verkalýðshreyfingin á Norðurlöndum hefði skilið, að ekki mátti gera kröfur til atvinnulífsins, það yrði að stilla þeim í hóf, til þess að forðast verðbólgu og dýrtíð í landinu. Verkamenn hafa heyrt þetta fyrr. Ólafur Friðriksson heyrði það, og Sigurjón Á. Ólafsson heyrði það, þegar hann á sínum æskudögum barðist fyrir verkalýðshreyfinguna. En það má víst ekki minnast á það, hvernig hæstv. forsrh. og hans flokkur á Norðurlöndum hefur nú algerlega hafnað öllum sínum fyrri stefnumálum og gengið í lið með auðvaldinu og afturhaldinu.

Um variasjónir hæstv. menntmrh. ætla ég ekki að segja mörg orð. Þær voru eitthvað á þessa leið: tap, aftur tap. — En þessi maður hefur árum saman verið ráðh. — og alltaf tap, ekkert annað en tap. Það eru alltaf erfiðleikar, alltaf vandræði og alltaf eymd í kringum þennan mann. Og það er orðið svo í mínum huga, að það eru tvö hugtök þar samstundis, og man ég aldrei svo annað, að ekki komi hitt í huga, og það er: Eysteinn og eymdin.

Svo ætla ég að gefa ykkur upplýsingar, sem getið er um í grein í Tímanum í dag. Þar segir: „Þegar 400 þús. kr. heimanmundur var fluttur vestur um haf á einu bretti, steinþagði Þjóðviljinn. Þegar faktúran fannst í tunnunni, steinþagði Þjóðviljinn.“ Tíminn hefur sjálfur upplýst, að það var hæstv. núv. fjmrh. (JJós), sem kom þessum 400 þús. kr. undan vestur um haf. Tíminn, málgagn Framsfl., talar mikið um þessar falsanir og framkomu kommúnistanna í því sambandi, en hæstv. ráðh. Framsfl., Bjarni Ásgeirsson, hallar sér nú upp að ráðh. með faktúruna í tunnunni og virðist vera ánægður. Það má segja: Sælir eru einfaldir.

Ræða hæstv. dómsmrh. snerist mikið um hann sjálfan. Hann byrjaði að segja: Kommúnistar hata mig. Í vetur sagði hann: Kommúnistar blæja að mér. Nú segir hann: Kommúnistar hata mig svo mikið, að þeir eru jafnvel vondir við hann Svein bróður minn líka. Svo segir hæstv. ráðh.: Sigfús Sigurhjartarson flutti till. um að afnema vínveitingar í opinberum veizlum, en Molotov heldur drykkjuveizlur austur í Moskvu. — Svona talar hæstv. dómsmrh. En ég álít, að þótt þessi maður hafi átt erfitt með að fylgja eftir leikfélögum sínum í sínu ungdæmi, þá þurfi hann ekki að vera haldinn af þeirri minnimáttarkennd, sem síðar hefur skapað honum ofsóknarbrjálæði. Hann kom víða við og sagði sögur.

Hann sagði t. d. sögu um einn forsrh. í friðsömu ríki, sem við höfum haft vingott við, sem hefði sagt það við sína þm., að ef þeir samþ. ekki þetta frv., yrðu þeir allir drepnir. Nú langar mig að spyrja: Hvernig stendur á þessu? Hvað hefur gerzt? Það er verið að tala um Tékkóslóvakíu. Hvað hefur gerzt þar? Það hefur gerzt þar, að þar var samsteypustjórn allra flokka. Hún ætlaði að halda blönduðu skipulagi, þar sem kapítalisminn ríkti ásamt öðrum öflum. Svo skeði það, að meiri hl. stj. vildi ganga lengra inn á braut þjóðnýtingarinnar. Þeir vildu stíga það spor til fulls. Aðrir ráðh. voru ekki á sama máli. Meiri hl. myndaði stjórn, og sú stj. er studd af yfirgnæfandi meiri hl. þings. Líkur stuðningur og stj. Stefáns Jóhanns hefur á þingi Íslendinga. Svo eru spunnar upp sögur um, að það eigi að fresta kosningum. Hver veit það? Ég veit ekki betur en að hér hafi einu sinni verið gegn stjskr. frestað kosningum í heilt ár, og ekki man ég til þess, að Tékkar sýndu okkur neinn samúðarvott. Það eru að gerast átök milli auðvaldsins og sósíalismans. Í Tékkóslóvakíu var einhver Hallgrímur Benediktsson, sem seldi sement og vildi græða, en þjóðin sagði: Það er rétt að þjóðnýta þetta fyrirtæki. — Þar var líka S. Árnason & Co., sem ef til vill geymdi faktúrur í tunnu. Ég veit ekki, hvort fjmrh. þar hefur verið í því fyrirtæki. Þetta hefur gerzt þar, og hver veit nema andstaða þeirra Hallgríms Benediktssonar, S. Árnasonar og Co. og Völundar Tékkóslóvakíu, sem hefur verið aðalhluthafinn í Morgunblaðinu þar, hafi verið svo hatrömm, að það hafi þurft að beita þá harðari tökum en æskilegt hefði verið? Nú hefur það verið svo, að öll átök í heiminum hafa skeð með meiri og minni hörku.

Svo er það Marshallhjálpin. Lítum á það. Í Ameríku hefur verið mesta auðvaldsskipulag heimsins. Þar er geysileg framleiðsla, og framtíðarframleiðslan er svo mikil, að það er engin leið fyrir þjóðina að nota sér þá framleiðslu alla. Það eru afleiðingar kreppunnar. Ameríka veit þetta vel. Hún er að reyna að vinna markaði og bjarga sér. Hún ætlar að lána stórkostlegar fjárfúlgur til annarra þjóða, til þess að þær kaupi vörur frá Ameríku. Íslendingum eru boðnar 30 millj. dollara, sem er kringum 250 millj. kr. Fyrir það eigum við að kaupa amerískar vörur, skv. 10. § 6. tölulið um Marshallhjálpina, og fyrir þetta eigum við að leggja til hliðar jafnháa upphæð hér heima, sem við megum ekki ráðstafa, nema með samþykki Ameríkana, og af þessu eigum við að gjalda skatt um ókominn tíma.

Því miður er tími minn búinn. Íslenzka þjóðin er hugsandi, og ég vona, að hún taki sér tíma til þess að hugsa um það, sem er að gerast í heiminum, og þá er ég sannfærður um, að hún stendur með sósíalismanum, en ekki með því auðvaldi, sem nú situr í ráðherrastólum á Íslandi.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. alþm. og hlustendur hafa nú hlustað á málflutning stjórnarandstöðunnar, kommúnista, í eldhúsinu að þessu sinni. Sá málflutningur kom okkur, sem til þekkjum, ekki á óvart. Það var sami grautur í sömu skál. Fyrst reið formaður flokksins, hv. 2. þm. Reykv., á vaðið. Var ræða hans hinn undarlegasti samsetningur, blandaður hinum gífuryrtustu árásum á Bandaríkin og venjulegum órökstuddum og ósönnum árásum á ríkisstj. En samtímis var ræða hans blandin mikilli volæðiskenndri hræðslu og um leið ógnunum til íslenzku þjóðarinnar um það, að Ísland yrði eyðilagt og þjóðin afmáð. Minnir það nokkuð á orð rússnesku blaðanna um áramótin 1939—40, þar sem sagt var, að finnsku þjóðina ætti að afmá af yfirborði jarðarinnar. Það var af þeirri ástæðu, að þessu stórveldi þótti hin frjálsa og dugmikla finnska þjóð ekki nægilega eftirlátssöm um afsal á hluta af landi sínu og til þess að veita erlendu stórveldi þar herstöðvar. En mundi nú hv. 2. þm. Reykv. tala í umboði einhvers stórveldis, sem ekki þætti íslenzka þjóðin og ríkisstj. hennar nógu stimamjúk og fús til þess að viðurkenna og játast undir hinn nýja austræna sið? — Hv. þm. ógnaði með atómbombu. Hann á eftir að svara hæstv. utanrrh. um það, hvaðan sú atómbomba ætti að koma. Íslendingar óttast ekki, að stórveldi Vestur-Evrópu né Bandaríkin muni ráðast á Ísland og íslenzku þjóðina, hvorki með atómbombu né öðru. Þessi ríki hafa sýnt það á síðustu tímum, að þau virða rétt og sjálfstæði smáríkjanna og hafa allra sízt í huga að leggja undir sig önnur lönd. En hvaðan á þá atómbomban að koma? Hv. 2. þm. Reykv. (EOI) á eftir að gera nánari grein fyrir því.

Hv. 2. þm. S-M. (LJós) átti að hafa það hlutverk að bera af flokki sínum þau þungu spjótalög, er að honum var beint í gærkvöld. En varnirnar voru engar, enda var ekki hægt að koma þeim við. Ekkert var hægt að hrekja af þeim rökstuddu árásum, sem beint var að fjárhagsóreiðunni miklu, er dafnaði eins og blóm í vermireit undir verndarvæng kommúnista, þegar þeir voru í ríkisstj. Fjársukkið og spillingin í sambandi við byggingu síldarverksmiðja ríkisins, landssmiðjuna, bátabyggingarnar, flugmálin og fiskimálanefnd var á engan hátt hægt að verja, enda gerði hv. 2. þm. S-M. (LJós) enga frambærilega tilraun til þess. Hann reyndi aðeins af veikum mætti og án árangurs að skjóta nokkrum embættismönnum og starfsmönnum sem skildi fyrir fyrrv. ráðh. kommúnista til afsökunar dæmafáu sukki því og óreiðu, er ríkti undir stjórn kommúnista hvarvetna þar, sem þeir fóru með völd í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar.

Þessi hv. þm. tók undir þann sífellda söng, sem kommúnistar hafa kyrjað það rúmlega ár, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Þegar fyrir ári síðan fullyrtu kommúnistar, að atvinnuleysið væri að halda innreið sína í landið og að stj. væri að auka stórlega á dýrtíðina. En sem betur fer hefur þessi hrunsöngur kommúnista reynzt falskur. Þrátt fyrir allar tilraunir kommúnista til þess að skapa öngþveiti og vandræði í atvinnulífinu hefur tekizt að hindra atvinnuleysi. Og þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, var verðvísitalan 316 stig, og nú er hún 319 stig. Þannig hafa kommúnistar reynzt algerðir fals-

spámenn, þó að ekki hafi þá skort viljann til þess að gera hrunóskir sínar að áhrínsorðum.

Þá vil ég snúa mér að hv. 6. þm. Reykv. (SigfS). Hann sagði aðeins út af þeim aðfinnslum og þeim sönnunargögnum, sem fram voru færð til stuðnings því, sem sagt var um fjársukkið á meðan kommúnistar voru í stj., að það væri að kenna rangri reikningsfærslu þeirra manna, sem þetta unnu. Til þess voru fengnir færir menn og sérfróðir að gera upp sukkið og gefa skýrslu um það, hvernig ástandið væri. Það er alveg áreiðanlegt, að þeir menn, sem tóku þetta að sér og reyndu að komast til botns í þessu sukki, voru fullkomlega starfi sínu vaxnir og hafa enga tilraun gert til þess að láta annað koma í ljós en það, sem var satt og rétt, og var álitið fengið út úr þeim mjög ófullkomnu reikningum og gögnum, sem fyrir lágu. Það þýðir ekki að reyna að skjóta sér undan þessu rökstudda ámæli með því að segja, að færir menn, sem endurskoðað hafa þessa reikningsfærslu og starfsaðferðir, hafi viljað láta eitthvað annað koma í ljós en það sem rétt var. Þeirra skýrsla stendur algerlega óhögguð.

Þá var það önnur aðalaðfinnsla hv. 6. þm. Reykv. (SigfS), að hent hefði verið í það 90 þús. kr. — eins og hann orðaði það — að klastra við sumarbústaði ráðherranna á Þingvöllum nú á síðastliðnu ári. Fyrir nokkrum dögum var frá því skýrt í Þjóðviljanum, að það væru 100 þús. kr. Nú er það komið niður í 90 þús. Ég býst við, að það muni lækka í meðförunum um nokkra tugi þúsunda, a. m. k. þarf það að gera það, til þess að komast nokkuð nærri því rétta. En úr því að nokkuð er á þetta minnzt, er ástæða til að geta um, hver voru höfuðrökin til þess, að nokkuð miklu fé þurfti að verja til alveg bráðnauðsynlegs viðhalds á þessum bústað. Það var sama ástæðan og skýrt var frá í gærkvöld í sambandi við veru kommúnista í stj., að svo illa var farið með fjármuni ríkisins og eignir, að stórtjón varð að. Það skeði það ólán, á sama hátt og ráðh. kommúnista komust í stj., að þeir komust inn í þennan bústað um skeið, og ég hef aldrei komið að ömurlegra býli, sem átti að heita mannabústaður. Hvernig sem á því hefur staðið og af hverju sem það hefur stafað, varð árangurinn af setu þeirra þarna, eins og setu þeirra í stj., að þeir skildu eftir sig auðn og skemmdarverk.

Þessi sami þm. (SigfS) minntist nokkuð á þá ömurlegu staðreynd, sem ég gerði grein fyrir í ræðu minni í gærkvöld, að vegna yfirráða kommúnista hafa íslenzk verkalýðssamtök slitnað úr tengslum við norræn verkalýðssamtök. Honum fannst það vera eins konar gikksháttur af alþýðusamtökum Norðurlanda að afþakka samstarf við þá verkalýðshreyfingu á Íslandi, sem er undir stjórn kommúnista. Hann um það. Norræn verkalýðssamtök eiga sína sögu, — sögu um afrek, sem þau hafa unnið fyrir sína þjóð. Herra Sigfús Sigurhjartarson á ekki langa sögu í íslenzkum stjórnmálum, en þó nógu langa til þess, að hann hefur brugðizt þeim, sem fyrr treystu honum, og horfið þaðan burt til andstæðinganna. Hann ætti allra manna sízt að setja sig á þann háa hest að dæma norræn alþýðusamtök. Hann hefur engin skilyrði til þess. — Og svo kastar tólfunum hjá þessum hv. þm., þegar hann segir, að norræn alþýðusamtök og verkalýðshreyfing sé orðin slík, að hún sé gengin á mála hjá atvinnurekendum. Það má segja það, að þeir segja mest um Ólaf kóng, sem hvorki hafa heyrt hann né séð. Og ég er alveg viss um það, að hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) þekkir ekkert til norrænna alþýðusamtaka, en hann skortir ekki hvatvísi til þess að kveða upp yfir þeim rangan dóm.

Svo kom þessi hv. þm. inn á það að ræða um Tékkóslóvakíu. Ekki veit ég, hvort hv. 4. landsk. (BrB) hefur komið til hans áður en hann hélt þessa ræðu, eins og hann gerði á stúdentafundinum um daginn, þegar hann skipaði þm. að fara upp á pallinn og játa sína kommúnistisku trú. Sigfús Sigurhjartarson hlýddi og talaði á stúdentafundinum. Það má vel vera, að Brynjólfur Bjarnason hafi nú kippt í spottann og látið hann vita, að nú dygði ekki að láta eingöngu íslenzka stúdenta heyra hina einu sáluhjálplegu trú. Hann yrði að láta allan almenning heyra hana, og það gerði Sigfús Sigurhjartarson sannarlega duglega. Ég held, að Áki Jakobsson ætti nú að fara að endurskoða þá fullyrðingu sína, sem hann flutti hér á þ. fyrir nokkru síðan, að Sigfús Sigurhjartarson væri ekki kommúnisti og jafnvel svívirðilegur sósíaldemókrat, því að sósíaldemókratar eru alltaf svívirðilegir í augum þessara manna. Sigfús Sigurhjartarson hefur nú dregið af sér slyðruorðið. Hann fór hér upp í pontuna og talaði um, hvað hefði gerzt í Tékkóslóvakíu. Þar voru nokkrir vondir menn, — svo vondir, að þeir rufu stjórnarsamstarfið. Þá var mynduð ný stjórn. Það var ágæt stjórn, og hún ríkir nú í Tékkóslóvakíu. Búið! Já, það þarf mikil brjóstheilindi til þess að ræða þannig um þennan hörmulegasta þátt í sögu Tékkóslóvakíu. Það vita allir, sem nokkuð vilja vita, að í Tékkóslóvakíu var gerð uppreisn. Fyrst var hrúgað mönnum inn í lögregluna, þvert á móti vilja meiri hluta stj. Þegar að því var fundið og krafizt, að þetta yrði leiðrétt, þá hófust atburðirnir, sem allir þekkja. Og það vita einnig allir, sem nokkuð vilja vita eða nokkuð vilja þekkja, að í Tékkóslóvakíu ríkir nú einræði, fullkomið einræði í skjóli nágrannastórveldis, — að minnihlutaflokkur, sem hafði aðeins tæp 40% af þjóðinni í síðustu kosningum, en talið var að væri að tapa, tók völdin með ofbeldi og heldur þeim með ofbeldi. Ég minntist á það í ræðu minni í gær, hvað það væri ömurlegt, þegar heimsþekkt skáld, eins og Martin Andersen-Nexö, lýsti því yfir, að Jan Mazaryk hefði verið vestrænn sósíaldemókrat og hann hefði bætt fyrir brot sitt með því að svipta sig lífi. Þannig er hugsanagangur hinna sanntrúuðu kommúnista, en ég held aðeins, að 6. þm. Reykv. sé ekki sanntrúaður kommúnisti. Hann er það ekki að minni hyggju. Hann skortir skoðun, en hann fyllir þann flokkinn, sem honum finnst vindurinn blása bezt í.

Svo minntist þessi þm. á Marshallaætlunina og fór um hana álíka orðum og trúaðir skoðanabræður hans yfirleitt gera, taldi hana óalandi og óferjandi. Ég skýrði frá því í gærkvöld, hvernig verkalýðssamtökin í Evrópu hefðu tekið fegins

hendi þessari miklu aðstoð, þessari framréttu hönd. En það er líka vitað, að kommúnistar hvar sem er hamast gegn framkvæmd Marshall-áætlunarinnar. Það gera líka fleiri menn og það gera menn í Bandaríkjunum. Það eru ekki frjálslyndu öflin þar í landi, sem berjast gegn Marshalláætluninni. Það eru þeir, sem kommúnistar kalla Wall-Street menn. Það eru menn eins og Taft öldungadeildarþingmaður, sem reyna að draga úr Marshalláætluninni. Það er sami maður, sem kom í gegn löggjöf um verkalýðssamtökin í Bandaríkjunum. Það er eins og endranær, að það er skammt öfganna á milli og oft eru þeir bandamenn, kommúnistar og hinir svæsnustu íhaldsmenn.

Útvarpsumræður þær, er farið hafa fram í gærkvöld og í kvöld, sýna það mætavel, að ástand og horfur í umheiminum orka nú meira á íslenzk stjórnmál en nokkru sinni fyrr. Hér á landi eins og annars staðar starfar stjórnmálaflokkur, sem frekar öllu öðru leggur stund á þjónustu við umsvifamikið og ágengt stórveldi og hagar afstöðu sinni til innanlandsmála í samræmi við það. Þetta eru kommúnistar, sem öllu ráða í svonefndum Sameiningarflokki alþýðu. Þeir eru andvígir lýðræði í norrænni og vestrænni merkingu, en hylla af heilum hug það, sem Austur-Evrópurikin kalla nú alþýðulýðræði eða framkvæmdalýðræði, en áður var nefnt alræði öreiganna, sem fólgið er í allsráðun eins stjórnmálaflokks — kommúnista. Gegn þessu hættulega og ofstækisfulla hugsanakerfi verða allir sannir lýðræðissinnar að sameinast og gera áhrif þess engu ráðandi í landinu. Og það er einnig nauðsynlegt til þess að sjálfstæði Íslands verði varið og verndað, að umboðsmenn og vikapiltar erlends valds verði með öllu áhrifalausir í íslenzkum stjórnmálum.

Þótt þessi að sumu leyti neikvæða barátta sé mjög nauðsynleg og megi aldrei gleymast, þá er þó víst og áreiðanlegt, að taka verður upp ákveðna, jákvæða baráttu fyrir aukinni hagsæld og öryggi almennings í landinu. Er þar mest þörf á að tryggja öruggan og sístarfandi atvinnurekstur og framleiðslustarfsemi, bæði til þess að viðhalda nægri og vellaunaðri vinnu handa öllum landsmönnum og til gjaldeyrisöflunar, svo að unnt sé að fá til landsins nægilegar nauðsynjar. Þá þarf vel að standa á verði gegn verðbólgunni og skipta réttilega takmörkuðum nauðsynjum, sem hægt er að flytja til landsins.

Núv. ríkisstj. hefur reynt að gera það, sem í hennar valdi stendur í þessum efnum, og er heitið á alla þjóðholla og réttsýna menn að styðja hana í því oft erfiða starfi.

Pétur Magnússon: Ég mun eigi nota ræðutíma, sem mér er ætlaður, til þess að taka þátt í þeim deilum, sem hér fara fram milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar. Ég get þó eigi stillt mig um að láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig stjórnarandstaðan hagar ádeilum sínum. Þær hafa beinzt fyrst og fremst að því að vita utanríkismálastefnu stjórnarinnar og aðgerðir hennar í sambandi við utanríkisverzlunina. En flestir þeirra, sem eigi hafa fengið austrænt vagl á bæði augu, munu sammála um það, að einmitt í þessum málum hafi stj. bezt tekizt og fyrir afskipti sín af þeim eigi hún því sízt ámæli skilið.

Í þeim fáu orðum, sem ég segi hér, vildi ég lýsa frá mínu sjónarmiði þeirri þróun, sem átt hefur sér stað síðari árin í fjármála- og viðskiptalífi þjóðarinnar.

Það orkar einskis tvímælis, að þjóðin stóð mjög einhuga að þeirri tilraun, sem hófst við stjórnarmyndunina haustið 1944 til að reisa úr rústum og endurskapa atvinnulíf landsins. Þjóðin var enn þá minnug þess ástands, sem hér ríkti á árunum 1934—1939, og hún mátti ekki til þess hugsa, að það endurtæki sig. Hún krafðist nýrra tækja, hún krafðist vinnu handa öllum, sem unnið gætu, og hún gerði raunar einnig að ýmsu leyti meiri kröfur til lífsþæginda en áður hafði verið gert. Var það eðlileg afleiðing hinnar almennu velmegunar, sem fyrst og fremst staðaði af setuliðsvinnunni. Mikil kaupgeta leiðir jafnan til aukinnar eyðslu. Það er óbrigðul reynsla allra alda.

Andstaða þáverandi stjórnarandstöðu gegn nýsköpuninni var ákaflega hjáróma. Var jöfnum höndum deilt á stj. fyrir það, að geyst væri farið, og hitt, að of lítið væri að gert. Það má nú ef til vill segja, að enn þá sé of snemmt að byggja dóma um nýsköpun á þeirri reynslu, sem fengin er. Ýmislegt í sambandi við hana er enn þá í óvissu. Við vitum t. d. ekki, hvort við í framtíðinni getum fengið viðunanlegt verð erlendis fyrir allan þann fisk, sem auðið er að frysta í hinum mörgu og stóru frystihúsum, sem reist hafa verið á undanförnum árum. Og við getum jafnvel ekki fullyrt, að síldinni þóknist að koma í svo stórum torfum að Norðurlandinu, að not verði fyrir hinar stóru og fullkomnu síldarbræðslur, er risið hafa upp. En þannig er með svo margar ráðagerðir vor mannanna. Vér skyggnumst yfirleitt svo skammt inn í framtíðina, að framtíðarætlanir vorar verða yfirleitt að byggjast á líkum, en ekki á fullvissu um réttmæti þeirra. — En hvað sem allri þessari óvissu líður, þá held ég, að fáum skynbærum mönnum geti nú blandazt hugur um það, að í höfuðatriðum var rétt stefnt, þegar hafizt var handa um útvegun hinna nýju tækja. Hitt er svo annað mál, að auðvelt er eftir á að benda á ýmislegt, sem betur hefði mátt fara, og vafalaust einnig á ýmislegt ofgert og ýmislegt vangert. En við skulum augnablik reyna að draga upp mynd fyrir hugskotssjónum vorum af því ástandi, sem hér ríkti nú, ef haldið hefði verið að sér höndum og beðið átekta. Það furðulega er, að nú heyrast ýmsar raddir, sem virðast hallast að því, að þessi leiðin hefði verið hin rétta. Þá hefðum vér, segja þessar raddir, átt gilda sjóði í erlendum gjaldeyri, sem vér hefðum nú getað lifað góðu lífi af. En ætli það væri nú alveg víst, að þessi sjóðir yrðu lengi gildir? Líklega er bezt að byggja dóma um það á reynslu sögunnar.

Á árunum næstu fyrir styrjöldina var unnið að því af heilum huga að halda verzlunarjöfnuðinum í horfi. Til þess var beitt fyrst og fremst hinum ýtrustu innflutningshömlum. En annað vopn var þó vafalaust miklu sterkara í þeim átökum en allar innflutningshömlur, og það

var hin litla kaupgeta alls almennings. Atvinnuleysi og bláfátækt alls þorra þjóðarinnar, bæði til lands og sjávar, gerði það að verkum, að neyzlan hlaut að verða lítil og innflutningskröfurnar því ekki mjög háværar. En þrátt fyrir þetta hvort tveggja fór þó svo, að erlendar skuldir fóru vaxandi ár frá ári og voru 1939 orðnar alls nálega 100 millj. króna. — Togararnir voru þá, eins og nú, stórvirkustu atvinnutækin, að undanteknum máske síldarverksmiðjunum í góðum aflaárum. En togararnir höfðu gengið mjög úr sér á stríðsárunum. Margir lágu á hafsbotni, og engir nýir höfðu komið í hópinn. Með kaupunum á Svíþjóðarbátunum, sem utanþingsstjórnin hafði forgöngu um, mátti ef til vill segja, að séð væri fyrir viðhaldi — eða vel það — á mótorbátaflotanum, en meira var það naumast.

Hvernig mundi nú hafa farið, ef þessi gömlu og úr sér gengnu framleiðslutæki hefðu átt að sjá fyrir allri innflutningsþörf landsmanna til langframa, eftir að setuliðsvinnan hætti? Eins og kunnugt er, stafaði svo að segja öll gjaldeyrissöfnunin frá henni. Og nú var sú breyting á orðin, að þjóðin bjó yfirleitt við mjög góðan efnahag og gat af þeim ástæðum veitt sér miklu meiri lífsþægindi en áður. Að vísu má segja, að á því hefði fljótt orðið breyting, þegar atvinnuleysið hélt á ný innreið sína. Hitt er annað mál, hve æskileg sú breyting hefði verið. Þegar þessa alls er nú gætt og það borið saman við aðstæður allar fyrir styrjöldina, sýnist mér eigi geta orkað tvímælis, að fljótt hefði gengið á gjaldeyrisforðann, auk þess sem augljóst er, að atvinnutækin hlutu áframhaldandi að ganga úr sér, ef engu var við bætt, og ástandið því hlotið að fara versnandi ár frá ári.

Nú að undanförnu er því iðulega haldið fram bæði í ræðu og riti, að sá óhagstæði verzlunarjöfnuður, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, stafaði af óhófsinnflutningi, og var seinast að því vikið í umræðunum í gær af hæstv. menntmrh. Ráðh. heggur nærri sinni eigin stjórn með þeim ásökunum, því að aldrei hefur verzlunarhallinn orðið eins mikill og á síðasta ári. En auk þess mætti ráðh. minnast þess, að ekki löngu áður en hann sjálfur fór í stj., réðst hann á fyrrv. stj. fyrir að gefa ekki verzlunina frjálsa. Getur hann athugað sín eigin ummæli um það í Alþt., ef minnið skyldi hafa svikið hann. En tæpast hefði óhófsinnflutningur minnkað við að gefa verzlunina frjálsa. Nei, sannleikurinn er sá, að rausið um óhófsinnflutninginn er að langmestu leyti staðlausir stafir, og að svo miklu leyti sem óþarfavara var innflutt, kom hún frá clearinglöndunum og var leyft einungis vegna stöðugra kvartana um of lítil kaup af okkar hálfu frá hlutaðeigandi löndum, en annað ekki að fá. Skal ég eigi ræða frekar um þetta efni, en leyfa mér aðeins að vísa til ummæla í ræðu, sem hæstv. viðskmrh. hélt 27. maí s. l. Hann mælti á þessa leið:

„En við athugun á því, í hverju hinn aukni innflutningur er fólginn, kemur í ljós, að aukningin er næstum einvörðungu á mjög fáum og nauðsynlegum vörutegundum, eins og eftirfarandi samanburður sýnir:

Innflutningsvörur	1946	1945
Timbur	39.1 millj.	24.1 millj.
Veiðarfæri	7.0 —	3.0 —
Sement	11.7 —	8.0 —
Ódýrir málmar	29.1 —	16.0 —
Vélar og áhöld	36.7 —	20.2 —
Rafmagnstæki	31.8 —	16.6 —
Flutningstæki	33.6 —	14.4 —
Skip	35.7 —	7.7 —
Ýmsar fullunnar vörur	18.3 —	15.5 —
	243.1 millj.	125.5 millj.

Innflutningsaukning þessara vörutegunda nemur um það bil mismuninum á innflutningi áranna 1945 og 1946, svo að ásakanir um gjaldeyrissóun í munaðar- og óhófsvörur eru úr lausu lofti gripnar, nema ef vera kynni, að sumir vilji telja bifreiðar í þeim flokki."

Hygg ég, að þessum ummælum ráðherrans verði aldrei hnekkt með rökum.

Hitt er svo satt og rétt, að allt of mikill gjaldeyrir hefur farið í hinar hóflausu utanfarir Íslendinga á undanförnum árum, og má sjálfsagt með réttu víta fyrrv. stj. fyrir það að hafa verið of svifasein í þeim efnum. Um það má og deila, hvort fyrrv. stj. hefði eigi átt að taka upp skömmtun. Það gat að minnsta kosti vel komið til greina eftir að séð var, að síldarvertíð 1946 mundi bregðast. En um þær mundir var allt starf stj. tekið að snúast um utanríkismálin, og stuttu síðar barst stjórnin lausnar. Og á það má minna, að núv. stj. tók eigi upp skömmtun fyrr en hún sá úrslit síldarvertíðar, og má því kannske virða fyrrv. stj. til vorkunnar, þótt hún væri ekki viðbragðsfljótari en raun varð á.

Það er þannig allt, sem bendir til þess, að gjaldeyrisinnstæðurnar hefðu fljótlega gengið til þurrðar, þótt dregið væri að afla nýrra atvinnutækja. Hverjar afleiðingar aðgerðaleysi í þessum efnum hefði haft á innanlandsástandið, skal eigi rætt hér. Getur hver sem er hugleitt það með sjálfum sér. Menn mála með dökkum litum það ástand, sem nú ríkir í gjaldeyrismálunum, og sumir láta sér jafnvel um munn fara svo furðuleg ummæli, að ástand í þeim efnum hafi aldrei verið jafnskyggilegt og nú. Hinar gömlu óreiðuskuldir eru allar upp greiddar, svo að segja hver eyrir. Þjóðin er skuldlaus út á við. Hún hefur aflað sér nýrra ágætra atvinnutækja í miklu ríkari mæli en nokkru sinni áður í sögu hennar. Hver verkfær maður hefur næga vinnu við arðbær störf, og jafnvel er skortur á vinnuafli. Ég spyr: Hve margar mundu vera þær þjóðir hérna megin Atlantshafs, sem hafa þó þessa aðstöðu? Hve margar þjóðir eru skuldlausar erlendis? Hve margar þjóðir hafa aukið og bætt framleiðslutæki sín síðan fyrir styrjöld? Hve margar þjóðir í Evrópu hafa aukið húsakost sinn, aukið iðnað sinn, reist sjúkrahús, skóla o. s. frv. í líkum mæli og Ísland? Ég hygg engin.

Þrátt fyrir allt þetta vil ég alls ekki gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem við er að stríða í gjaldeyrismálunum. En þeir gefa ekki tilefni til örvæntingar. Örðugleikar okkar í gjaldeyrismálunum munu á næstu tímum aðallega liggja í tvennu. Annars vegar mun verða erfitt að fá

dollara til þess að greiða þær nauðsynjavörur, sem flytja verður frá Ameríku. Við erum þar undir sömu sök seldir og flestar aðrar þjóðir. Bandaríkin — og raunar Ameríka — hafa að undanförnu verið forðabúr heimsins. En þau flytja lítið inn. Afleiðingin hlýtur að verða dollaraskortur hjá öllum þeim þjóðum, sem verða að sækja nauðsynjar sínar þangað. Er Bretland þar nærtækasta dæmið. Og jafnvel hina auðugu Svíþjóð skortir nú dollara. Úr þessu verður vitanlega ekki bætt á sæmilegan hátt nema oss takist annaðhvort að selja meira af framleiðsluvörum vorum í dollurum eða þá að oss takist að fá meira af nauðsynjavörum annars staðar frá. Skal engu um það spáð, hvort eða að hve miklu leyti það muni takast. Hinir erfiðleikarnir, sem við mun verða að stríða á næstunni, stafa af hinum geysilega mismun, sem er á verðlagi íslenzku krónunnar eftir því, hvort hún er notuð innanlands eða utan. Afleiðingar þess, hve verðgildi krónunnar er lítið inn á við, en tiltölulega mikið út á við, eru þær, að ásóknin í erlendan gjaldeyri verður hóflaus. Þótt reynt sé að reisa strangar skorður við misnotkun í þeim efnum, mun það aldrei takast til fullnustu.

Vér siglum nú hraðbyri inn í „svarta markaðinn", ekki síður hvað gjaldeyrinn snertir en ýmis vörukaup innanlands. Og mjög þykir mér orka tvímælis sú regla, sem nýlega kvað hafa verið tekin upp að einhverju leyti, að veita innflutningsleyfi fyrir vörum án þess að veita gjaldeyrisleyfi samtímis. Með því er í raun réttri verið að gefa mönnum ávísun á svarta markaðinn, hvetja menn til að verzla á honum. Efast ég um, að það verði affarasælt til langframa. Sannleikurinn er sá, að það getur aldrei blessazt til lengdar að láta verðgildi gjaldeyrisins vera mjög misjafnt eftir því, hvort hann er notaður í landinu sjálfu eða erlendis. Í þessu efni eigum vér aðeins um tvö úrræði að velja. Annaðhvort að auka verðgildi gjaldeyrisins inn á við eða lækka það út á við. Á s. l. hausti var gerð tilraun til að hækka verðgildið nokkuð innanlands. Þótt sú tilraun sé spor í rétta átt og góðra gjalda verð, þá er hún hvergi nærri fullnægjandi. Hér er því mikið vandamál framundan, og skiptir miklu, hvernig úrlausn þess tekst.

En þegar þessi tvö vandamál eru frá tekin, get ég eigi betur séð en að réttmæt ástæða sé til að ætla, að gjaldeyrisástandið geti farið batnandi á næstu árum. Að sjálfsögðu þó því aðeins, að þau atvinnutæki, sem þjóðin hefur aflað sér á síðustu árum, verði notuð með eðlilegum hætti. Þess ber að gæta, að þau hafa langt fram á síðasta ár aðallega haft í för með sér gjaldeyriseyðslu. Það er ekki aðeins, að mikið fé hafi farið til að greiða andvirði þeirra sjálfra, heldur hefur og orðið að verja stórfé til að undirbúa rekstur þeirra. Togararnir útheimta í byrjun mikil veiðarfæri og ýmiss konar útbúnað, mótorbátarnir sömuleiðis og svo mætti lengi telja. En nú fara þessi tæki aftur að skila miklum gjaldeyri. Ef fiskverð helzt í Bretlandi svipað og verið hefur, ætti að mega gera sér vonir um, að hver hinna nýju togara gæti selt ísfisk fyrir allt að 4 millj. kr. á ári. Og þótt það sé mikill misskilningur, sem víða verður vart, að togararnir skili til bankanna svo að segja öllu söluandvirði fisksins, þá er hér þó um stórlega breytt viðhorf að ræða. Nokkuð líku máli gegnir um mörg önnur hinna nýju tækja, sem aflað hefur verið. Þau útheimta í byrjun mjög mikinn gjaldeyri, en eiga svo þegar frá líður ýmist að veita aukinn útflutning eða spara innflutning, eins og t. d. rafmagnsveiturnar og mörg iðnaðartækin. Að sjálfsögðu kemur þetta ekki allt í einu, og vafalaust verða enn um stund gjaldeyrisörðugleikar. Lágmarksgjaldeyrisþörfin er nú áætluð 400 millj. kr. á ári, og mun reynast fullerfitt að halda henni innan þeirra takmarka. Þegar þessa er gætt, ætti hvert barn að geta séð, hvernig farið hefði, ef ekkert hefði verið aðhafzt um öflun nýrra atvinnutækja. Ég held því, að reynslan hafi þegar sýnt, að rétt var stefnt í þessu efni, þótt játað sé, að sumt hefði mátt betur fara.

Ég hef dvalizt svo lengi við viðskiptamálin, vegna þess hve blygðunarlaust hefur verið reynt að villa þjóðinni sýn í þeim. Það hefur þrotlaust verið reynt að telja þjóðinni trú um, að einmitt þær ráðstafanir, sem hún verður að byggja allar sínar framtíðarvonir á, hafi orðið henni að fótakefli. Eins og það er háskasamlegt að gylla ástandið og reyna að fá menn til að horfa fram hjá örðugleikunum, eins er hitt og óviturlegt, að reyna að telja mönnum trú um, að ástandið sé verra en það raunverulega er. Og sannfæring mín er sú, að það séu sjálfskaparvíti, ef gjaldeyrisskortur verður oss að fótakefli á næstu árum. — Kem ég þá að hinu atriðinu, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni, þótt ég tímans vegna hljóti að verða stuttorður um það.

Það er ómótmælanleg staðreynd, að atvinnurekstur landsmanna er að ýmsu leyti genginn úr skorðum. Það er orðið langt síðan sú röskun hófst. Fyrstu sjúkdómseinkennin komu í ljós, þegar tekið var að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum á stríðsárunum í tíð utanþingsstjórnarinnar. Sú ráðstöfun var gerð engu síður fyrir aðra atvinnuvegi en landbúnaðinn sjálfan. Hún var gerð til þess, að atvinnuvegirnir þyrftu eigi að stöðvast vegna hækkaðrar vísitölu. En síðan gripið var til þessa óyndisúrræðis hefur allur atvinnurekstur landsins að vissu leyti verið rekinn á óheilbrigðum grundvelli. Niðurgreiðslan er og hefur aldrei verið annað en sjálfsblekking. Þjóðin hefur með henni reynt að fela fyrir sjálfri sér rekstrarhallann á atvinnuvegunum. Í meira en 5 ár hefur það verið sannfæring mín, að í stað niðurgreiðslnanna hefði átt að taka landbúnaðarafurðirnar út úr vísitölunni og greiða á þær sömu verðlagsuppbót og kaupið. Þessi aðferð hlaut að vinna gegn þeirri óeðlilegu samkeppni milli kaupgjaldsins og afurðaverðsins, sem átt hefur sér stað síðari árin. En ég hef verið svo að segja einn um þessa skoðun. Hún hefur engan byr fengið í neinum flokki. Samt sem áður er ég ekki fjarri að ætla, að til þessa ráðs verði að síðustu gripið. Í tíð fyrrv. stj. ávannst að vísu nokkuð í þessu efni. Þá var hætt að greiða niður nema nokkurn hluta af kjötverðinu, auk nokkurra smálagfæringa í sambandi við sumarverð o. fl. En á síðasta ári var aftur gripið til niðurgreiðslnanna í ríkari mæli en nokkru

sinni áður. Var það gert í sambandi við tilraunir stj. til að halda vísitölunni í skefjum. Segja má, að takmarkinu væri náð með niðurgreiðslunum fram til ársloka 1946. En þegar fiskverðið féll á brezka markaðnum, kom að því, að niðurgreiðslurnar nægðu eigi til þess, að bátaútvegurinn gæti borið sig. Var þá gripið til þess ráðs að ábyrgjast bátunum tiltekið lágmarksverð fyrir fiskinn. Í annað sinn var reynt að fela fyrir sér, að annar stærsti atvinnuvegurinn var kominn út af heilbrigðum rekstrargrundvelli. Sú ábyrgð hefur þegar kostað ríkissjóðinn yfir 20 millj. króna, og *enginn veit, hve mikið hún á eftir að kosta hann.* Það er óbifanleg sannfæring mín, að í þessum málum báðum sé skakkt stefnt. Og ég held, að stefnan sé jafnskökk, hvort sem litið er á hana frá sjónarmiði atvinnuveganna eða ríkissjóðs.

Fyrir atvinnuvegina er það áreiðanlega hollast, að þeir geti staðið að öllu leyti á eigin fótum. Það hlýtur óhjákvæmilega þegar til lengdar lætur að veikja ábyrgðartilfinningu atvinnurekandans og áhuga hans fyrir að ná góðri rekstrarafkomu, ef hann jafnan getur varpað áhyggjum sínum á ríkissjóðinn. Hitt er þó enn þá örugg*ara*, að fjárreiðum ríkissjóðs verður aldrei haldið í góðu horfi, ef hann á að taka á sig öll töp á atvinnurekstrinum án þess að geta nokkurn tíma haft hagnað af honum. Þá er þó hreinn ríkisrekstur betri, þótt ekki sé góð sú reynsla, sem vér höfum af honum fengið. *Hin mikla lausaskuldasöfnun ríkissjóðs á síðasta ári stafar einvörðungu frá þessum tveimur meinsemdum.* Ef niðurgreiðslur ríkissjóðs hefðu verið hóflegar á síðasta ári, að maður nú ekki tali um, ef þær hefðu verið niður felldar, og ef ríkissjóður hefði ekki þurft að taka á sig fiskábyrgðirnar, stæði hagur hans enn þá með miklum blóma, þrátt fyrir gífurleg og mikil útgjöld til ýmissa verklegra framkvæmda.

Ég álít, að stærsta og erfiðasta viðfangsefni núv. stj. sé að ráða bót á þessum meinsemdum. Ég veit, að það kostar mikil átök og ef til vill miklar fórnir. En samt verður það að gerast, ef hin nýju tæki eiga að geta orðið oss til þeirrar hagsældar, sem til er ætlazt og vonir hafa staðið til.

Ég sé nú, að ræðutími minn er á þrotum. Áður en ég lýk máli mínu vil ég þá segja það, að það sem ég hef sagt hér síðast, er eigi sett fram í ádeiluskyni á núv. hæstv. ríkisstj., sem ég hef viljað styðja af heilum huga. Það má og segja, að það sæti illa á mér að deila á núv. stj. fyrir niðurgreiðslur og ábyrgðir, þar sem hvort tveggja er, að nokkru leyti að minnsta kosti, illur arfur frá fyrri stjórn eða stjórnum. En um leið og það er viðurkennt, skal á það minnt, að þegar við stjórnarmyndunina 1944 var á það lögð sterk áherzla af fyrrv. forsrh., í stefnuskrárræðu hans og margoft síðar, að ef það sýndi sig, að hin nýju tæki gætu ekki borið sig með því kaupi, sem greitt væri þegar þau væru tekin í notkun, yrði kaupið að laga sig eftir afrakstrinum. Þessi yfirlýsing var samþykkt af fulltrúum beggja verklýðsflokkanna, og ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir, geta þeir illa spyrnt á móti, að gert verði kleift að nota hin nýju tæki á heilbrigðan og eðlilegan hátt.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 6. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, mætti kalla litla tannhjólið. Það eina, sem hann hafði að segja til svara, var þetta, að mikir erfiðleikar væru þar, sem Eysteinn Jónsson væri. Hef ég varla heyrt þennan hv. þm. aumari í málflutningi sínum en nú. Ég vil aðeins segja það, að ég vorkenni þessum hv. þm. Ég vorkenni öllum, sem flæktir eru í einhverju neti. Ég veit, að hann hefur sagt hér marga hluti vegna þess, að hann er þvingaður til þess að tala móti sannfæringu sinni. Hann stendur í þeirri meiningu, að hann sé í hinum innsta hring kommúnistaflokksins, en fær þó ekki að vita það, sem raunverulega skiptir máli.

Hv. 1. þm. Reykv., Pétur Magnússon, talaði nokkra stund, aðallega til að fræða okkur nokkuð um verk fyrrv. stj. Vildi hann gefa í skyn, að ekkert væri misráðið í ráðstöfunum hennar. Taldi hann, að þessum eina milljarði og 500 milljónum króna á þremur árum hefði verið ráðstafað fyrir nauðsynjavörur. Hann veit, að þetta getur ekki staðizt. Hitt er annað mál, að ekki var tómur óþarfi fyrir þetta keyptur. Og það hefur ekki verið gagnrýnt, þó að nauðsynlegir hlutir hafi verið keyptir sem undirstaða framleiðslunnar. Þá vildi hv. þm. ekki gera mikið úr því, að nú væri við erfiðleika að etja. En hann er sjálfur bankastjóri Landsbankans *og veit, hvernig ástandið er með yfirfærslur.* Við vonum, að úr megi rætast. En það er hart, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að halda fram, að það hafi verið fluttar inn tómar nauðsynjavörur fyrir þessar 500 milljónir á ári í þrjú ár, alls eitt þúsund milljónir og 500 betur. Það er létt verk að færa þær tölur mjög langt niður. Annars vil ég bæta við, að ég tek undir það, sem komið hefur fram um þessi efni í sumum málgögnum þess flokks, sem þessi hv. þm. telur sig til, þar á meðal það, sem kom í Morgunbl. í sumar, að það mál þyrfti að ræðast vel og vandlega, hvort það megi kaupa tækin svona ört inn. Síðan segir þar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„En skýrt dæmi þessa kemur nú t. d. fram í því, að nýsköpun atvinnuveganna hefur verið sett í verulega hættu með því að hrúga inn tækjum án þess að sjá um, að fé sé til þess að gera þau fullkomlega úr garði eða reka þau, og án annarrar fyrirhyggju, svo sem um mannafla, sölumöguleika o. s. frv.“ Og 20. ágúst í sumar stóð þetta í blaðinu: „Allt fjárhagslíf þjóðarinnar var orðið svo sjúkt, að góð síldveiði nú gat ekki veitt því varanlega lækningu, heldur aðeins frestað um sinn yfirvofandi vandræðum. En á sama veg og góð síldveiði gat frestað þeim vandræðum, er allir heilskyggnir menn sáu að yfir hlutu að dynja fyrr en síðar, þá hlýtur aflabresturinn að verða til að auka vandræðin og gera óumflýjanlegt, að þau brjótist út nú þegar. Að undanförnu hafa Íslendingar átt við mikla efnahagslega velgengni að búa. Hitt hefur öllum ábyrgum mönnum lengi verið ljóst, að framleiðslukostnaðurinn var orðinn svo mikill, að voði hlaut að stafa af.“ Undir þetta get ég tekið.

Ég læt svo útrætt um þetta hér í kvöld. Góða nótt.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það er eftirtektarvert, eftir þær þungu rökstuddu ásakanir, sem hér hafa verið bornar á íslenzka kommúnista, að þá skuli það verða hv. 6. þm. Reykv. (SigfS), sem tekur að sér vörnina í því máli, — maður, sem almennt er kallaður hin vonda samvizka Sósfl., og kann það að segja nokkuð út af fyrir sig. Hann hefur þó fengið opinbert vottorð frá flokksbræðrum sínum um það, að hann sé ekki kommúnisti, og ég held, að hann sé það ekki. Hins vegar vill flokkurinn hafa hann innan sinna vébanda, því að hann er duglegur agitator. Það er ekki ósvipuð aðferð höfð við hann eins og svartfuglsveiðimenn á Skagafirði höfðu þegar þeir rotuðu fugl, sem þeir kölluðu bandingja, til þess að draga að sér aðra fugla til að auka veiðina. — Þessi hv. þm. var svo brjóstheill að fara að verja aðfarir kommúnista í Tékkóslóvakíu. Það er þó ekki af því, að hann sé svo einfaldur, að hann viti ekki, hvað þar hefur verið að gerast, en samt gerir hann þetta. Það skyldi þó ekki vera af því, að hann væri tvöfaldur? —

Núv. rikisstj. er samstjórn þriggja flokka, með mismunandi stefnu og sjónarmið í innanlandsmálum, sem komu á samtökum sín á milli til að firra algeru öngþveiti á erfiðum tímum og bjarga þingræðinu frá miklum vanda, er illkynjuð og langvarandi stjórnarkreppa hafði sett það í á s. l. ári. Í landi harðvítugrar flokkabaráttu, eins og hér tíðkast, setur jafnan hroll að sumum harðsnúnum flokksmönnum af tilhugsuninni um það að eiga að hefja samstarf með sínum höfuðfjendum og það jafnvel að nýafstaðinni harðri kosningabaráttu, með sviðann enn í sárum undan óvægilegum höggum.

En þetta er eðli og nauðsyn þingræðisins, þar sem svo er háttað, að enginn einn flokkur fær meirihlutaumboð þjóðarinnar á þingi. Þá verða fleiri en einn flokkur að taka höndum saman um stjórn landsins, ef þingstjórnarfyrirkomulagið á ekki að verða óvirkt. Afleiðing þess hlýtur að verða tímabundnir samningar um meðferð mála, málamiðlun og vopnahlé. Að þessu geðjast auðvitað misjafnlega ýmsum baráttumönnum í öllum flokkum, og telja þeir jafnan velferð og heiður síns eigin flokks í veði við slika grautargerð, eins og þeir kalla samstarfið. En fram hjá þessu verður erfiðlega komizt, þar sem búið er við lýðræðisskipulag eins og okkar, þar sem flokkaskipun er svipuð, enda hefur orðið að grípa til sama úrræðis í öllum löndum og álfum, er eins stendur á. Það, sem hver flokkur verður að gera upp við sig, er hann gengur til slíks samstarfs, er það, hvort hann telur sínum hugðarmálum betur borgið með samstarfi og málamiðlun eða fullkominni andstöðu, og hafa sannfæringu sína um það að leiðarljósi í samstarfinu. Hitt held ég, að sé óþarfa vantraust á lýðræði og dómgreind hins frjálsa borgara, þar sem hugsunin er frjáls og orðið er frjálst, að hann geri sér ekki grein fyrir eðli og afleiðingum samstarfsins, ruglist í viðhorfi til flokka og málefna og finni ekki fætur sína, þegar staðið er upp úr flatsænginni. Ég vil í þessu sambandi minnast eins skýrasta dæmis um það, hvernig frjáls og óþvinguð hugsun borgaranna starfar, þrátt fyrir óvenjulegan sveigjanleik í samvinnu við andstæða flokka. Dæmi þetta er frá höfuðheimkynni frjálsra stjórnmála, Englandi. Í síðustu styrjöld var þar náin samvinna milli aðalstjórnmálaflokka landsins, en stjórnarforustuna hafði á hendi sá maður, sem á þeim árum bar ægishjálm yfir flesta stjórnmálamenn veraldar, Winston Churchill. Í stríðslokin var hann átrúnaðargoð ekki aðeins þjóðar sinnar, heldur og alls hins menntaða heims. Og um það leyti gengur hann til kosninga í heimalandi sínu, í fararbroddi fyrir flokk sinn. Og þá gerast þau undur, að þetta átrúnaðargoð þjóðarinnar frá stríðsárunum bíður hinn ægilegasta kosningaósigur og verður að sleppa stjórnartaumunum. Ég ræði ekki um það hér, hvort enska þjóðin hefur farið hér viturlega að ráði eða ekki. En ég tek þetta dæmi til að sýna, hvernig frjáls þjóð, þar sem frelsi í hugsun og orði er í hásæti, gat verið fullkomlega hleypidómalaus gagnvart persónum, og það mikilmennum, og lét einlægt samstarf, en tímabundið um ákveðin mál, á engan hátt villa sér sýn, þegar hún tók ákvarðanir um framtíðarskipun sinna eigin mála við kosningar, sem hófust meðan á samstarfi þessu stóð. Ég held að með þetta dæmi fyrir augum ættu engir hinna varfærnu flokksmanna núverandi stjórnarflokka að þurfa að óttast það, að íslenzkri flokkshyggju þurfi að vera veruleg hætta búin vegna þess tímabundna samstarfs, sem hér hefur verið efnt til af þremur stjórnmálaflokkum. Upplýsingastarfsemi og pólitísk fræðsla hinna einstöku flokka er á engan hátt heft og ber ekki að hefta þrátt fyrir stundar vopnahlé, og frjáls hugsun gerir sínar ályktanir og tekur sínar ákvarðanir á milli bardaganna, engu síður en meðan þeir standa yfir. En þó að stjórnarflokkarnir hafi mjög misjöfn sjónarmið um það, hver sé heillavænlegust lausn ýmissa hinna innlendu þjóðfélagsvandamála, þá er þó eitt mikilsvert undirstöðuatriði, er sameinar þá alla. Þeir byggja allir stjórnmálastarfsemi sína á grundvelli þeirra lýðræðishugsjóna, sem þingstjórnarfyrirkomulag norrænna og vestrænna þjóða er vaxið upp úr. Þeir leggja megináherzlu á að vernda og viðhalda þessum starfsgrundvelli sem því fullkomnasta skipulagi, er frjálsir menn hafa enn þá fundið til að byggja stjórnmálastarfsemi sína á. Við höfum allir trú á því, að frelsi í hugsun, frelsi í orði og frelsi lýðræðisins í stjórnarháttum sé líklegast eða það eina, sem megni að þroska og siðbæta hið meingallaða mannkyn. En þarna erum við einnig í fullri andstöðu við leiðandi öfl í flokki núverandi stjórnarandstæðinga. Það er sýnilegt, að þau hafa helgað sig hinni nýju einræðisstefnu, sem heimurinn hefur fengið dýrkeypta reynslu af á undanförnum árum. Við sáum hana í alveldi sínu á valdadögum þeirra Hitlers og Mussolinis. Og við sjáum fald hennar rísa að nýju, hærra og hærra með hverju árinu, þó að það sé undir nýju nafni og með öðrum mönnum. Og sporin hræða. Milli þessara tveggja höfuðstefna er og verður óbrúanlegt djúp. Hitt er svo annað mál, að í innanlandsmálum hljóta kommúnistar alltaf, á meðan þjóðin veitir þeim þingsetu, að komast í snertingu við aðra stjórnmálaflokka, eins og aðvíf-

andi reikistjarna, sem birtist í framandi sólkerfi, og með þeim afleiðingum að verða þá sammála öðrum flokkum í ýmsum málum, jafnvel ýmsum góðum málum. Vegna þessa og svo vegna hins, að þeir beita jafnan meiri hávaða og offorsi í baráttu sinni en aðrir flokkar, hafa þeir komið ýmsum saklausum og auðtrúa mönnum til að álíta, að þeir væru hinir sjálfkjörnu *forustumenn í ýmsum umbótamálum* þjóðarinnar. En það er hinn mesti barnaskapur að byggja á slíku, því að þessir menn eru ekki sjálfum sér ráðandi og óútreiknanlegt, hvernig þeir kunna að snúast við hverju máli. Og þetta er af þeirri einföldu ástæðu, eins og hæstv. menntmrh. lýsti réttilega í gær, að kommúnistar í hverju *landi utan móðurlandsins eru ekki annað en lítið* hjól í stórri vél, sem engu ræður um gang vélarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Ég sagði í gær í ræðu minni, að svarið hjá ráðh. við öllu, sem ég spurði um, mundi verða: Moskva — Moskva. Það hefur líka rætzt. En þótt þeir tali um utanríkispólitík og sjálfstæði Íslands, þá hafa þeir ekki látið svo lítið að svara þeim ádeilum, sem ég kom með út af framkvæmd Keflavíkursamningsins, né spurningunni um það, hvort Ísland ætti að taka þátt í Marshallhjálpinni. Hins vegar hafa þeir reynt að svara ádeilum út af innanlandsmálum.

Þá er það vísitalan. Má ég spyrja, hvað vísitalan er nú. Af hverju bannar ríkisstj. að birta hana? Hún hefur alltaf verið birt 15. hvers mánaðar, — nú er kominn 23. Af hverju fær kauplagsnefnd ekki að birta hana? Það er af því, að vísitalan er raunverulega 329 stig í þessum mánuði, þegar smjörið er reiknað með. Það hefur ekki fengizt, þess vegna er rangt að reikna það með. En ríkisstj. þorir ekki að láta þá *tölu koma í ljós fyrir eldhúsumræðurnar*, en er að reyna að finna einhverjar krókaleiðir til að falsa hana.

Þá kom hæstv. samgmrh. að því að tala um lánsfjárkreppuna og sagði að við sósialistar vildum auka seðlaútgáfuna. Þetta eru ósannindi. Við höfum farið fram á, að hún væri ekki minnkuð, en *hún hefur verið minnkuð úr 181 millj. kr.* niður í 122 millj. Þannig er farið að því að skapa lánsfjárkreppu, og það hefur hæstv. ríkisstj. gert, og hæstv. samgmrh. hefur aukið hana með því að gefa ávísun á 8 millj. kr. úr stofnlánadeildinni handa ríkustu togaraeigendum Reykjavíkur, en lætur þá fátæku sitja á hakanum. Hann þagði um þessa aðgerð sína.

Ég talaði um hráefnaskortinn handa iðnaðinum. Hæstv. samgmrh. svaraði með því að segja, að fjárhagsráð hefði safnað skýrslum. Ég spyr iðnrekendur: Hvernig hefur þeim gengið að halda iðnaðinum gangandi með því að láta hann vinna úr skýrslunum?

Emil Jónsson *féll* í stafi yfir því, að ég væri að hrósa einstaklingsframtakinu. Einstaklingsframtakið er mjög gallað. En einokun sinnulausra afturhaldsseggja er enn verri, en það er það ástand, sem hæstv. samgmrh. hefur skapað, svona illa hefur þá fyrsta ríkisstj. Alþfl. á Íslandi getað stjórnað.

Aumleg var útúrsnúningstilraun hæstv. forsrh. og hæstv. samgmrh. úr ræðu minni í gær. Þeir fundu þar ógnun — má ég spyrja, frá hverjum til hverra? Ég þekki stríð betur en hæstv. samgmrh. og hæstv. forsrh., og ég vil ekki, að stríð sé haft í þeim flimtingum, sem Ameríkuagentarnir á Íslandi nú hafa það. Það er of ægilegur og alvarlegur hlutur til þess, og það reyndi ég að gera þjóð minni ljóst. Ekkert var þar fjær en ógnun. En ógnanir og hótanir eru vopn þessarar ríkisstj., sem nú ofsækir alla, sem ekki aðhyllast hennar skoðun. — En hvað hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar verið að fara í þessum umr. um alþjóðamálin? Mér skilst hún helzt hafa boðað samninga Íslands við England og Beneluxlöndin, *inngöngu í hernaðarlega Vesturblökk*. Er það vegna slíkra fyrirætlana, að henni er illa við, að þjóðinni sé sagður sannleikurinn um, hve mikið liggi við, að við leggjumst allir á eitt um að bjarga þjóðinni úr eldi ófriðar, en ekki að kveikja eld hér? — Hæstv. forsrh. og atvmrh. töluðu báðir um það, að það væri gersamlega *óhugsandi*, að *Bandaríkin* væru að hugsa um árásarstríð. Hverjir eru það, sem hafa ógnað heiminum með atómbombunni nú? Eru það ekki auðmenn Ameríku? Annars get ég ekki rakið ágang þess stórveldis gagnvart oss eða öðrum smáþjóðum á þessum fáu mínútum, en ég vísa þeim, sem kynna vilja sér þá sögu, til greinar, *sem ég hef skrifað í tímaritið Rétt nú nýlega* um Ísland og Ameríku. Hverjir voru það, sem heimtuðu 1. okt. 1945 að fá þrjá staði af Íslandi — Reykjavík, Hvalfjörð og Keflavík — til 99 ára, afhenta sér sem herstöðvar? Það voru Bandaríkin. Til hvers átti að nota þær herstöðvar. Til hvers á að nota Keflavík, Hvalfjörð og Reykjavík nú? Til að ná sterkum tökum á okkur. Ég hef vakið eftirtekt á þeirri hættu, sem hér er leidd yfir okkur. Ég skal ekkert segja um, hvaðan atómbombur koma. Ég álít þær jafnægilegar, hvort þær væru ameríska eða rússneskar. Það, sem gildir, er að hindra, að Ísland dragist inn í átök þessara hervelda. En þessi hæstv. ríkisstj. er einmitt að draga þjóðina inn í þau átök, þvert ofan í loforð þessara flokka fyrir síðustu kosningar, og því mun *þjóðin ekki gleyma*. Hún fyrirgefur þeim ekki, því að þeir vita, hvað þeir gera.

Ég undrast þrek hæstv. forsrh., þegar hann talar um sukk og óreiðu í sambandi við meðferð á fé og eignum. Vill hann ekki athuga um sumar þær stofnanir, sem heyra undir hann sem félmrh., og upplýsa Alþ. og þjóðina um t. d. þjófnaði úr sjóðum, sem þar hefur brugðið fyrir? Eða vill hann ekki segja, með hve heiðarlegu móti honum og flokki hans tókst að klófesta húseignir verkalýðsfélaganna í Rvík? Ég undrast það, að hæstv. forsrh. skuli minnast á sögu nokkurs manns í íslenzkum verkalýðsmálum, því að fáir eiga þar ljótari sögu en hann. Hitt skil ég vel, að hann reyni eftir mætti að rægja þá menn, sem alltaf hafa reynzt trúir hagsmunum verkalýðsins.

Launakúgunarl. 1939 voru fyrsta afrek Stefáns Jóh. Stefánssonar eftir að hann komst í ríkisstj. Þegar þau þrælal. féllu úr gildi, fullvissaði Stefán Jóh. Stefánsson afturhaldið um það

í nóv. 1941, að það væri engin hætta á kauphækkunum. Síðan barðist Stefán Jóhann gegn öllum kauphækkunum, sem verkalýðurinn hefur komið fram, — þeim mestu, sem íslenzk alþýða hefur áunnið sér. — Þegar nýsköpunarstj. var mynduð 1944, til þess að framkvæma stærstu endurbætur í íslenzkum félagsmálum og íslenzku atvinnulífi, þá barðist hæstv. forsrh. á móti þeirri stjórnarmyndun eins og hann gat. Og þegar hann nú loks hefur tekið við af henni, þá er aðalstarf hans að rífa niður stórvægilegustu endurbætur nýsköpunarstj. og setja nýja þrælalöggjöf gegn verkalýðnum. Ég skal ekki segja sögu ráðh. nánar, en ekki mun saga Íslands heldur gleyma því, að hans fyrsta verk eftir að Alþfl. hafði samþ. að berjast fyrir lýðveldisstofnun á Íslandi með samþykkt stefnuskrár sinnar 1938, var, að hann, eftir að Stauning hafði talað við hann, afneitaði því í ágúst 1939, að Alþfl. væri ákveðinn með lýðveldisstofnun. Afstaða hans síðar er kunnari en frá þurfi að segja.

Hæstv. forsrh. talaði fagurlega um lýðræði hér í gær sem oftar. En hvernig eru verkin? Þegar þessi hæstv. ráðh. réð í íslenzkum alþýðusamtökum, kom hann þar á einræði Alþfl., bannaði öllum flokkum í alþýðustétt starfsemi og lét svipta þá kosningarrétti. Íslenzk alþýða varð að heyja harða og langa baráttu til þess að hnekkja einræði þessa hæstv. ráðh. og koma á lýðræði. Og eftir að alþýðan vann sigur og endurheimti lýðræðið, þá hófst hin árangursríkasta sókn, sem verkalýður Íslands hefur háð fyrir betri kjörum, og alla þá baráttu varð að heyja gegn þessum hæstv. forsrh. Þessi hæstv. ráðh. hefur aftur sýnt afstöðu sína til lýðræðisins í verki. Einu sinni var lýðræði drottnandi í Byggingarfélagi alþýðu í Reykjavík. Meiri hlutinn kaus Héðin Valdimarsson sem formann. Það þoldi Stefán Jóhann ekki, en hann var þá félmrh. þjóðstjórnarinnar. Hann gaf út brbl. um að afnema lýðræði í byggingarfélögum alþýðu. Þessi hæstv. ráðh. hefur sýnt ást sína á lýðræðinu í því að afnema það, þegar hann hefur getað. Þjóðin kallar það ekki lýðræði, heldur gerræði.

Mér sýnist allir ráðh. einbeita sér að einu: reyna að skapa hér hatursbál, reyna að sundra þjóðinni, þegar henni ríður mest á að standa sameinuð. Baráttan gegn kommúnismanum, sem er eina sameiginlega stefnuskrá þessarar ríkisstj., eins og Hitlers forðum, er aðeins hjúpur fyrir baráttu gegn lífskjörum og mannréttindum íslenzkrar alþýðu og frelsi íslenzku þjóðarinnar. Ameríska auðvaldið skipuleggur þessa baráttu og blandar sér einnig í innanlandsmál vor Íslendinga til þess að sundra þjóð vorri og stela landi voru. Mér sýnist stjórnvizka þeirra manna, sem nú reka erindi amerísku auðvaldsins, vera sams konar stjórnvizka og Kristjáns skrifara forðum. Og framkvæmd þeirrar stjórnvizku, þar sem ameríska auðvaldið hefur getað farið sínu fram gagnvart sósíalistum, svo sem í Grikklandi, sýnir, að kjörorð afturhaldsins gegn sósíalistum er þetta: „Öxin og jörðin geyma þá bezt.“ Stjórnarliðið er undarlega þögult um ástandið, sem skapað er í þeirri amerísku paradís. — Ég hef reynt af veikum mætti að vara þjóð mína við að láta hatursbálið, sem afturhaldið nú kveikir, vaxa. Ég get ekki meir en varað. Valdið er þjóðarinnar sjálfrar. Íslenzk alþýða á nú í harðri baráttu. Sú barátta er ekki aðeins háð gegn þeirri árás, sem þessi ríkisstj. nú hefur gert á launakjör og samningsrétt verkalýðsins. Barátta íslenzkrar alþýðu fyrir hagsmunum sínum er um leið barátta gegn ágengni erlends auðvalds og íslenzkrar leppstjórnar þess gagnvart íslenzkum l. og rétti, gagnvart yfirráðum íslenzku þjóðarinnar yfir landi sínu. Sigur íslenzkrar alþýðu og þar með sigur íslenzku þjóðarinnar í þessari baráttu er öruggur, ef hún aðeins stendur sameinuð. Ég vonast til, að það takist, áður en þessi ríkisstj. hefur steypt þjóðinni í þau vandræði, sem ég reyndi að lýsa í gær, að skapa slíka sameiningu. Ég hef lagt áherzlu á það oftar en einu sinni, að það verði nauðsynlegt að sameina alla íslenzka krafta til þess að koma í veg fyrir slíka sundrung, og ég treysti á, að þjóðin geri það. Góða nótt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) hugðist hnekkja því, sem ég sagði um tollana, með því að tollar væru einnig lagðir á fatnaðarvöru, en ég sagði í minni ræðu, að mestur hlutinn af nauðsynjavörum almennings væri undanþeginn tollum, og ég veit ekki betur en fatnaður sé nauðsynjavara. — Hv. þm. sagði, að nýjar reglur um úthlutun leyfa væru lítils virði. Ég get huggað hv. þm. með því, að viðskiptan. hefur samþykkt þessar úthlutunarreglur og sent þær fjárhagsráði til afgreiðslu, og ég sé enga ástæðu til að efast um, að þær verði afgr. í svipuðu formi og þar er gengið frá þeim.

Ég vil nú endurtaka það, að þegar sýnt er, að ríkissjóður þarf að gefa 55 millj. kr. með atvinnustarfseminni í landinu til þess að hún geti gengið, áður en séð er, hvernig stendur með kaup og sölur, þá er það glæpur, — ég skal endurtaka það orð, sem ég hafði um þessa starfsemi kommúnistasprautnanna, — að egna þjóðina til kaupkrafna, sem sýnt er, að ekki er hægt að fullnægja og getur riðið atvinnuvegunum að fullu. Það er að vísu sú hugsun á bak við hjá þessum flokki að nota þá aðstöðu, ef þetta fæst ekki í gegn, til pólitísks ávinnings. En eins og ég hef áður tekið fram, þá hygg ég, að þeir hafi lítið upp úr þessu.

Hv. 2. þm. Reykv. hóf hér upp rödd sína á hærri nótu í síðustu ræðu sinni og spurði, af hverju ríkisstj. hefði bannað að birta vísitöluna. Nú væri kominn 23. marz, en það væri vant að birta hana í hverjum mánuði fyrir sinn tíma. Það er af því, sagði hv. þm., að vísitalan er nú 329 stig, og bætti við: það er, ef smjörverðið er reiknað með, — eins og verið er að gera, þar sem þetta smjör hefur ekki verið fáanlegt, þá sé rangt að reikna með því smjörverði, sem gert hefur verið. Ég get fullvissað þennan hv. þm. um það, að af hálfu ríkisstj. eru engar ráðstafanir gerðar til þess að vísitalan yrði ekki birt, ég veit ekki annað en hún sé nú 319 stig, eins og hún var í s. l. mán-

uði, ef reiknað er eins og áður, því að þetta smjör, sem hv. þm. lýsti eftir, hefur ekki fengizt síðustu mánuði. Það er von á, að skammtur, sem enn stendur upp á ríkisstj. að skaffa, geti komið bráðlega, og þarf þá ekki um það að sakast.

Hvers vegna hinum ríku hafa verið gefnar 8 millj. kr. úr stofnlánasjóði, skal ég ekki segja. Með frv., sem hv. 2. þm. S-M. bar fram, var breytt stofnlánasjóðslögunum, sem gerði það að verkum, að sá skilningur, sem áður hafði verið framkvæmdur á l., varð ekki framkvæmanlegur. Það varð að lána úr stofnlánasjóði með l., með þessari breyt., sem gert er ráð fyrir og Sósfl. á hlut að.

Svo kom hv. 2. þm. Reykv. að því, sem mér þótti merkilegast í hans ræðu. Hann sagðist ekki vilja stríð, sagðist þekkja stríð, og hann sagðist vilja biðja þjóðina að dragast ekki *inn í átökin*. Ég vissi, að hv. þm. er fljótur að skipta um skoðun, en ég hélt ekki, að hann gæti skipt svona *fljótlega um skoðun, eins og hann* hefur gert síðan í gærkvöld. Hann sagðist þá halda, að hér yrðu ekki skýjaborgir, heldur rústir, og hann nefndi nöfn eins og Reykjavík, Hafnarfjörð og Keflavík og sagði, að fyrir þessum borgum lægi ekkert annað en rústir og skírskotaði til þjóðarinnar, að hún gæti sameinazt þeim megin, sem hann taldi sigurinn vísan. Hann var ekki þá með þau orð á vörunum sem nú, að reyna að draga þjóðina úr átökunum.

Að öðru leyti var hv. þm. með ómáttugt níð um hæstv. forsrh. Það eru gamlar lummur, sem hann endurtekur jafnoft og það er hrakið, og hirði ég ekki að rekja það frekar.

Þeir, sem hlustað hafa á þessar eldhúsdagsumr., munu hafa veitt því athygli, að þær hafa orðið með nokkuð öðrum hætti en títt er venjulega. Það er gamall og góður siður, að við fjárlagaumr. fari þessar umr. fram í því skyni, að stjórnarandstöðunni sé þá gefinn kostur á því að gagnrýna gerðir ríkisstj., þá stefnu, sem fram kemur við afgreiðslu fjárlaga, og ýmsar stjórnarathafnir, sem þeir telja, að séu ámælisverðar og öðruvísi en vera ætti. Þetta hefur aðeins að litlu leyti átt sér stað nú, en að því leyti sem það var gert, hafa því verið gerð skil. — Hins vegar hefur aðalumræðuefnið orðið um kommúnistaflokkinn, sem ég vil leyfa mér að kalla svo, Sameiningarflokk alþýðu, Sósfl., stefnu hans og starfsemi, bæði hér á landi og erlendis, og ekki að ófyrirsynju. Þetta sýnir, að *augu manna* eru smám saman að opnast fyrir þeirri hættu, sem felst í starfsemi þessa flokks, hér á landi eins og annars staðar, því að alls staðar eru þeir sjálfum sér líkir. Hin pólitíska þróun hér á næstunni mun því í aðalatriðum mótast af því, hvaða áhrifum þessum flokki tekst að ná og hvernig við starfsemi hans verði snúizt af hinum flokkunum. Eftir styrjöldina var yfirleitt sú stefna uppi í öllum nágrannalöndum okkar að hafa samvinnu við þennan flokk, og þeir voru mjög víða teknir í stjórnir þessara landa. Þessi stefna var að vissu leyti eðlileg, því að þeir höfðu í flestum þessum löndum tekið virkan þátt í baráttunni gegn sameiginlegum óvini, eftir 1941. En það kom fljótt í ljós alls staðar, að þegar krufið var til mergjar starf þeirra á styrjaldartímunum, og sömuleiðis stjórnarstarf þeirra á eftir, að öll þessi störf voru raunar við allt annað miðuð en hagsmuni þeirra landa, er þeir störfuðu í, og þeirrar alþýðu, er þeir þóttust starfa fyrir. Þetta hefur einnig komið í ljós hér. Þegar mest á reið, haustið 1946, að ráðstafanir væru gerðar til að tryggja áframhaldandi starfsemi höfuðatvinnuvegar okkar, *sjávarútvegsins, en* hann var þá í mikilli hættu vegna vaxandi dýrtíðar, fengust þessir menn, sem þá voru þó í stjórn, ekki til að ræða þessi mál, heldur bundu þeir þátttöku sína um lausn þessa máls við það, að fjandsamleg afstaða væri í ríkisstj. tekin til óskar, er fram hafði komið frá Bandaríkjunum um afnot af Keflavíkurflugvelli fyrir flugvélar á leið til Þýzkalands, á meðan þeir hefðu hersetu í því landi. Og þeir gerðu meira. Þeir rufu stjórnarsamstarfið á þessu máli. Ímyndaðir *hagsmunir* erlends ríkis voru látnir sitja í fyrirrúmi fyrir lausn stórmála innanlands. *Það er þetta, sem hefur opnað augu manna* frekar en nokkuð annað fyrir starfsemi þessara manna og meðal annars verið orsök í því, að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu hafa nú tekið höndum saman til þess að vinna á móti þeim, í því skyni að eyða áhrifum þeirra á íslenzka pólitík. — Flokkarnir, sem að núv. stj. standa, hafa um margt ólíkar skoðanir, en þeir eru sammála um eitt að minnsta kosti, og það er það, að lausn íslenzkra mála skuli eingöngu miða við hagsmuni íslenzku þjóðarinnar og engra annarra. Þeir hafa sannfærzt um það, að þó að kommúnistar í orði þykist berjast fyrir hagsmunum íslenzkrar alþýðu, þá haga þeir þeirri starfsemi sinni í verki þannig, að aðrir *hagsmunir* virðast sitja þar í fyrirrúmi.

Þegar rætt var um sameiningu Alþfl. og kommúnistaflokksins, sællar *minningar*, 1937, var það ófrávíkjanlega skilyrði sett fyrir sameiningunni af hálfu kommúnista, að í stefnuskrá hins nýja flokks yrði sett það ákvæði, að „flokkurinn tæki skilyrðislausa afstöðu með Sovét-Rússlandi.“ Inn á þetta skilyrði vildi Alþfl. ekki ganga, og á því meðal annars strönduðu sameiningartilraunirnar, og kannske á þessu atriði fyrst og fremst. Alþfl. var og er fyrst og fremst íslenzkur flokkur, sem ávallt miðar starfsemi sína við hagsmuni umbjóðenda sinna, íslenzkrar alþýðu, og gat því hvorki né vildi bundið sig „skilyrðislaust“ við þessa þjónustuafstöðu til erlends stórveldis. Þessi afstaða kommúnistaflokksins hefur enn komið berlega í ljós í afstöðunni til Marshallæætlunarinnar. 16 lönd í Vestur-Evrópu hafa bundizt samtökum um að vinna kerfisbundið að endurreisnarstarfinu í þessum löndum á þeim grundvelli og með þeirri aðstoð, sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun. Mörg þessara landa eru okkar beztu viðskiptalönd. Jafnframt er vitað, að ýmis þeirra geta því aðeins haft viðskipti við okkur, að endurreisnarstarfið takist hjá þeim heima fyrir og að þau fái þá fjárhagslegu aðstoð, sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Kommúnistar neita allri þátttöku í þessu starfi og

berjast gegn henni, þar sem þeir mega sín nokkurs. Þess vegna þykir íslenzkum kommúnistum skylt að gera slíkt hið sama, enda þótt það sé mjög greinilegur fjárhagslegur ávinningur fyrir okkur Íslendinga, að komið sé fótum undir efnahagsstarfsemi þessara þjóða. Þeir hafa bannað Alþýðusambandi Íslands að taka þátt í því og yfirleitt gert allt, sem í þeirra valdi stendur hér, til að hindra það, þó að það hafi ekki tekizt, sem er þeim að þakkarlausu. Yfirleitt hefur framkvæmd þessa flokks í einu og öllu verið á þá lund, að hún verður ekki skýrð nema á einn hátt — þann, að störf og stefna flokksins mótist af þjónustu við erlend öfl. Þetta kunna Íslendingar áreiðanlega ekki að meta, ekki til lengdar að minnsta kosti, og því munu allir hugsandi menn á þessu landi snúa við þeim bakinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns skila kveðju frá formanni Sjálfstfl., Ólafi Thors, sem sakir sjúkleika, er hann hefur verið haldinn af allan þingtímann eftir jól, hefur ekki getað tekið þátt í þessum umr., þótt hann sé nú á batavegi.

Mér þótti í kvöld þjóta dálítið óðruvísi í hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) í minn garð en hér á árunum áður. Þá var það svo, að hann taldi sér það til heiðurs að geta talið sig vera í skyldleika við mig. Hann gat ekki talið sig vera bróður minn, sem betur fer. En hann fann það út, að hann og ég værum komnir af Grími á Fjöllum, sem uppi var um aldamótin 1800. Það var á þeim árum, þegar æðsta hugsjón hans var sú að verða borgarstjóri í skjóli mínu.

Hv. þm. sagði, að hann minntist ætíð tiltekins orðs, þegar hann heyrði hæstv. menntmrh. nefndan. Það er á sama veg, að öllum þm. öðrum en hv. 6. þm. Reykv. dettur í hug sultardropi, þegar þeir heyra Sigfús Sigurhjartarson nefndan. Það er nú svo með þennan hv. þm., sem menn hafa viljað lýsa með þessu orði, að hann hefur ekki í sér manndóm til þess að standa á móti fyrirmælum einráðs flokks síns um að vitna í utanríkismál. Það var einmitt hann, sem tók að sér vörn atburðanna í Tékkóslóvakíu. En sú vörn var þá ekki óburðug. Þar eru menn á borð við Hallgrím Benediktsson og Jóhann Jósefsson. Auðvitað má ekki sementskaupmaður eða meðeigandi í S. Árnason & Co. eiga sæti á þingi, „þjóðin" heimtar þá burt. Þess vegna eru þeir sviptir þingmennsku án samþykkis þjóðarinnar og kosningar fyrst sagðar heimilaðar, þegar 10 þús. framkvæmdanefndir eru búnar að hreinsa til. Þá er öllu óhætt, og þá er séra Sigfús með sultardropann ánægður. Það væri ekki ónýtt fyrir þá félaga, ef þeir gætu látið framkvæmdanefnd, undir stjórn Stefáns Ögmundssonar, Steinþórs Guðmundssonar og Lárusar Pálssonar og annarra æstra kommúnista, hreinsa til í þinginu. Hv. 2. þm. Reykv. sæti í ráðherrastóli og hótaði þeim lífláti, er á móti væru.

Útvarpsumræður þessar munu lengi verða í minnum hafðar. Fyrst gerðist það, að hv. 2. þm. Reykv. (EOl) kom og tilkynnti — að vísu með grátstafinn í kverkunum — öllum landslýð, að ef þeir færu ekki að sínum ráðum og beygðu sig í auðmýkt undir forsjá hinna austrænu erindreka, mundi Íslendingum öllum verða eytt með atómsprengju. Þegar þeirri spurningu var varpað fram, hver mundi kasta bombunni á Íslendinga, sló þögn á hið grátklökka lið kommúnista. En svörin hafa menn heyrt nú í kvöld. Hv. 2. þm. Reykv. kom hér í gærkvöld og tilkynnti það, að ef Íslendingar aðhylltust ekki stefnu kommúnista, þá mundi þeim verða eytt með atómsprengju. Ég spurði hv. þm., hver mundi varpa slíkri sprengju. Hv. 2. þm. Reykv. vildi gefa það í skyn í ræðu sinni í gærkvöld, að fyrst Bandaríkin hefðu hér bækistöðvar, þá mundu þau varpa hér bombu. Eru líkur til, að nokkur einasti maður mundi trúa því, að Bandaríkin varpi sprengju á Ísland? Hér skal engu spáð um, hvort ógnir þær rætast, sem hv. 2. þm. Reykv. og þeir félagar hóta okkur nú með. Ef þeir eru ekki glöggskyggnari á atburði framtíðarinnar en þeir hafa verið um það, er áður gerðist og nú ber að höndum, hygg ég, að fáir muni láta heiftarorð þeirra halda fyrir sér vöku. Eða hver kannast við þá lýsingu á ástandi síðustu daga eða dagsins í dag, að hér hafi ríkt og ríki hið hörmulegasta atvinnuleysi? Hitt vita allir, að atvinnutekjur hafa einmitt verið óvenju miklar, svo miklar, að verkamenn hafa ekki orðið varir, svo að neinu næmi, þeirrar lítilvægu kjaraskerðingar, sem gerð var um s. l. áramót til viðréttingar atvinnuvegunum. Eða hvernig skyldi stórkostlegt atvinnuleysi hafa átt sér stað, þegar fjöldi nytsamra framkvæmda hefur orðið að bíða, meðal annars af skorti á vinnuafli, og tugir skipa hafa staðið í naustum vegna þess, að landsmenn höfðu svo mörgu öðru að sinna, að þeir máttu ekki vera að því að sækja á sjóinn sjálfum sér björg í bú og þjóðarheildinni gjaldeyristekjur? Það má sitt hvað að finna, en atvinnuleysið er sem betur fer ekki meðal þess. Enda er atvinnuleysið það böl, sem allt starf núv. ríkisstj. fyrst og fremst beinist að að víkja frá þjóðinni, en hv. Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., af skiljanlegum ástæðum vill nú ólmur leiða yfir hana. Ógnarskilyrði í sambandi við Marshalláætlunina þarf ekki að ræða. Nægur tími mun verða til þess, þegar sýnt er, hvort við eigum kost á nokkurri aðstoð samkv. áætluninni og þá með hverjum skilyrðum. Hitt er vitað, að engar frjálsar þjóðir hafa látið sér nægja skilyrði Bandaríkjanna í þessu efni, heldur mjög sótzt eftir að fá þá hjálp, sem þau kynnu að vilja veita. Hefur með fullkominni hörku orðið að halda sumum hinna kommúnistisku ríkja í Austur-Evrópu frá því að sækja um þessa hjálp. En eftirtektarvert er það, að hv. 2. þm. Reykv. slær því föstu, að ef gera eigi íslenzkt gengi öruggt, hljóti það að lækka. Það hefur áður verið bent á, að stefna kommúnista hlyti að leiða til gengislækkunar, og hár framleiðslukostnaður og gegndarlaus seðlaútgáfa eru venjulegur undanfari gengishruns. En kommúnistar hafa skrökvað því upp, að Bandaríkjamenn hefðu hér herstöðvar. Það var auðsætt, að þá langaði til að segja, að Bandaríkjamenn langaði til að varpa sprengjum á sínar eigin stöðvar, svo langt hefðu þeir þó ekki gengið.

Það er af öllu auðsætt, að íslenzkir kommúnistar ætla sér nú að ógna Íslendingum með rússneskum atómsprengjum. Öðruvísi verða ummæli þeirra um rústir bæjanna við Faxaflóa ekki skilin.

Ég minntist á það í ræðu minni á mánudagskvöldið, að Þóroddur Guðmundsson, sem sagði, að sig varðaði ekkert um þjóðarheill, hefði verið í sama skóla og Gottwald, og varpaði þeirri spurningu fram, hvernig stæði á því, að kommúnistar yrðu reiðir, þegar frá þessu væri sagt. Það er vegna þess, að þeir voru skólabræður á skóla, sem er illræmdur fyrir að hafa kennt kommúnistiskum njósnurum.

En íslenzka þjóðin þekkir kommúnista betur eftir þessar umr. en áður. Hún veit, að þeir eru það illgresi, sem umfram allt verður að uppræta, ef hér á að þróast gróandi líf.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 38:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

28. Verndun fiskimiða landgrunnsins.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins (stjfrv., A. 470).

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins er hér komið fram sem einn þáttur í því starfi, sem, eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur átt sér stað á undanförnum árum með það fyrir augum að leitast við að vinna á móti hinni sífellt vaxandi eyðileggingu á fiskimiðum. Þetta er nú orðið þeim mun nauðsynlegra sem veiðitæknin er komin á hærra og öflugra stig en hún áður hefur verið. Ég tel mig ekki þurfa að fara um þetta mörgum orðum. Athugasemdirnar við lagafrv. þetta skýra það eins vel og betur heldur en ég mundi geta gert, þótt ég héldi um það sérstaklega ýtarlega ræðu.

Það er náttúrlega, af eðilegum ástæðum, ekki farið neitt geyst af stað í því að tryggja — eða gera ráðstafanir til að tryggja — þessi okkar landsréttindi, sem er fiskveiðirétturinn innan íslenzkrar landhelgi, en vísindalegar rannsóknir eru grundvöllur að því að tryggja þennan rétt.

Eins og tekið er fram í grg., eru eðlilega átök í heiminum varðandi landhelgina, hve langt hún skuli ná hjá hverri þjóð, og eru uppi ýmsar reglur um það. Mjög eru skiptar skoðanir um það, hvað rétt sé eða heppilegt, að landhelgin nái langt út. Eins og segir í grg., eru annars vegar þær þjóðir, sem meiri hagsmuna hafa að gæta af fiskveiðum sínum við strendur annarra landa en sínar eigin. Þau ríki eru því yfirleitt fylgjandi að hefta sem mest hendur strandríkja til einhliða ráðstafana á þessu sviði. Hins vegar eru þær þjóðir, sem stunda mest veiðar við sínar eigin strendur, áfram um að hafa landhelgina sem víðasta, og er eðlilegt, að Íslendingar séu framarlega í röð þeirra þjóða. Ég mun ekki hér fara að lýsa því, hversu mismunandi eða víðtækar eru reglur hinna ýmsu þjóða á þessu sviði.

Á það er enn fremur bent í athugasemdunum, að við framkvæmd yfirráðaréttar ríkis á fiskimiðum er eðlilegt, að farnar séu tvær leiðir. Önnur er sú, að ríki ákveði landhelgi sína fyrst og fremst með sínar eigin fiskveiðar fyrir augum. Önnur ríki hafa látið landhelgina liggja milli hluta í þessu sambandi og ákvarðað yfirráðarétt sinn yfir fiskveiðum án tillits til hennar. Síðari leiðin er að því leyti eðlilegri, að ýmis atriði, sem fólgin eru í hugtakinu „landhelgi", eru óskyld yfirráðarétti yfir fiskveiðum og því að ýmsu leyti óheppilegt að blanda því tvennu saman.

Ég tel, að ekki sé þörf á að hafa fleiri orð um þetta að sinni, og vona, að hv. d. geti fallizt á afgreiðslu þessa máls. Ég vil óska þess, að *málinu* verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ég muni samþ. það frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er, þá vil ég taka það fram, að ég vil, að strax séu gerðar ýmsar þær ráðstafanir og settar þær reglur, sem þetta frv. ætlast til, að gerðar séu einhvern tíma. Ég hefði óskað eftir, að þetta væri ákveðið í frv., en ekki lagt eins mikið og þar er gert í vald stj., en þetta var rætt í utanrmn., og náðist ekki samkomulag um annað en það, sem hér er.

Það fyrsta, sem ég álít, að þurfi að gera, er að segja upp samningnum við Englendinga frá 1901. Sá samningur er ekki úr gildi fallinn fyrr en tveim árum eftir, að honum verður sagt upp. Þess vegna vil ég láta segja honum upp strax og ekki láta það dragast lengi, þótt hugsanlegt væri, að það væri meiri kurteisi, ef óskað væri eftir endurskoðun á honum. En um leið og samningnum er sagt upp, vil ég láta með reglugerð færa út landhelgislínuna. Ég held, að það sé viðurkennd staðreynd, að þótt eitthvað sé deilt um það í heiminum, hvaða rétt einstök ríki hafa til að ráða sinni landhelgislínu sjálf, þá hafi þjóðir, sem ekki hafa veitt þar áður, ekki heimild til að veiða innan þeirrar línu, sem ríki hefur ákveðið, og til þess að fyrirbyggja það, að nýjar þjóðir komi og veiði á því svæði, sem við viljum telja til okkar landhelgi, vil ég láta gera þetta mjög fljótt, eftir að l. koma til framkvæmda. Eins og vitað er, hafa margar þjóðir ekki stundað hér fiskveiðar, og þær þjóðir, sem ekki hafa gert það, gætu byrjað á að setja hér togara, og undireins og búið væri að því, er vafamál, hvort þessar þjóðir hafa ekki rétt til að fiska á því svæði. Þess vegna legg ég megináherzlu á það, að jafnframt því, sem samningunum við England sé sagt upp eins fljótt og unnt er, sé færð út landhelgislínan, svo að nýjar þjóðir öðlist þar ekki rétt til að veiða.

Þetta felst í frv., og með tilliti til þess, að þetta sé gert, fylgi ég þessu, þó að það sé ekki nema nokkurs konar heimildarl. fyrir stj.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 613, 617).

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar, og ég held ég megi segja, að n. öll sé sammála um efni frv. í aðalatriðum og að með því sé stefnt í rétta átt.

Það hefur verið gerð tilraun með að sameina tvær leiðir — samninga- og löggjafarleiðina. Gert er ráð fyrir, að sett verði reglugerð um stærð landhelginnar, en að henni verði ekki beitt gegn þeim þjóðum, sem við eigum mest saman við að sælda, heldur verði samið við þær.

N. er á einu máli um að mæla með frv. í heild sinni. Hún hefur einnig orðið sammála um að flytja litla brtt. þess efnis, að aftan við 1. málsl. 1. gr. bætist: enda verði friðun fiskstofnsins á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur.

Eins og frv. er nú, er það lagt í vald sjútvmrh., hvernig friðuninni er hagað, og því hugsanlegt, að hún yrði rýrð frá því, sem nú er. Til þess að taka af allan vafa um, að þetta sé ekki ætlunin, þá hefur n. borið fram þessa brtt., enda þótt nm. séu flestir þeirrar skoðunar, að ekki sé mikil hætta á, að sjútvmrh. mundi nokkurn tíma setja reglugerð, sem rýrði friðun landhelginnar frá því, sem nú er. Brtt. er þó a. m. k. skaðlaus, og sá, sem mest hefur unnið að undirbúningi þessa máls, hefur fallizt á hana.

Ég orðlengi þetta ekki frekar og vona, að hv. 6. landsk. geri hér grein fyrir þeirri sérstöðu, sem hann hefur til málsins.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir á þskj. 470, er sérstaks eðlis að tvennu leyti, fyrst og fremst vegna þess, hve þýðingarmikið það væri fyrir landsbyggðina, ef hægt yrði að fá fram rýmkun á landhelginni, eins og tilætlunin er með frv., og hins vegar vegna þess, hve mál þetta er viðkvæmt og vandmeðfarið. Það hefði því verið æskilegt, að þetta mál hefði verið undirbúið svo, að ekki þurfi að verða harðvítugar deilur um það hér í þinginu, og helzt, að hægt væri að afgreiða það án þess að kæmi til mikils ágreinings milli flokka.

Þetta hefur nú orðið þannig, að málið hefur að vísu komið til umræðna í utanrmn., en að því er ég bezt veit, hafa þó ekki verið gerðar alvarlegar tilraunir til þess að samræma sjónarmiðin þar, og frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. án tillits til breytinga, sem óskað var eftir í utanrmn. Auk þess er það flutt á allra seinustu dögum þingsins, þegar annríki er svo mikið, að nm. hafa mjög takmarkaðan tíma, — í sjútvn. hefur aðeins verið drepið á það á tveimur fundum, og það er loks afgreitt, ekki á fundi, heldur utan fundar og án þess að sannprófað hafi verið í n., hvort hægt væri að fá samkomulag. Ég hef því orðið að flytja sérálit einn á þskj. 617. En ég tel það alls ekki fullreynt, að ekki hefði náðst samkomulag í n. um samhljóða afgreiðslu, ef tími og tækifæri hefði verið fyrir hendi. Um það er ekki sérstaklega að sakast af minni hálfu, en ég hefði talið miklu ákjósanlegra, að reynt hefði verið að fá fullt samkomulag, og hefði þá mátt vænta meiri árangurs af þeirri lagasetningu, sem hér er stofnað til.

Það má segja, að þetta frv. feli í sér nokkuð óvanalega afgreiðslu á stóru máli, því að með 1. gr. gefur Alþ., sem löggjafarvaldið hefur, einu ráðuneyti fullt vald til að ákveða það, sem venjulega er gert með lögum, sem sé takmörk verndarsvæðanna umhverfis landið, og ekki einasta það, heldur og vald til að setja allar reglur, sem eigi að gilda til verndar þessum svæðum. Það liggur í augum uppi, að hinn eðlilegi og venjulegi háttur á þessu er sá, að þingið sjálft setji lög um annað eins og þetta — ákveði sjálft stærð verndarsvæðanna umhverfis landið og ekki síður hitt, sem alltaf hefur verið venja, að reglur um þessa verndun séu settar af Alþ.

Ég hef við þær umr., sem farið hafa fram í sjútvn., talið rétt að veita stj. takmarkaða heimild til að ákveða takmörk verndarsvæðanna, en vildi ekki fallast á, að ráðuneytinu væri gefin þessi heimild nema með fyrirvara, sem meiri hl. n. hefur gengizt inn á að flytja og frsm. gat um áðan. Þar sem hann er góður lögfræðingur og túlkar þetta þannig, er sá skilningur efalaust réttur, og ég vænti þess, að stj. fallist á það, að eftir að þessu hefur verið bætt inn í gr., hafi stj. ekki heimild til að rýra l. um fiskveiðar í landhelgi.

Það gæti þó verið betra, að þessu væri bætt inn eftir 2. málsl. í staðinn fyrir 1. málsl. Það er eðlilegra og tæki þá til hvors tveggja. Ég er viss um, að ef þetta hefði verið rætt í n., hefði n. fallizt á það, því að það fer betur, og efnislega er breyt. engin samkvæmt skilningi hv. frsm.

En þótt ráðuneytinu sé samkvæmt 1. gr. l. fengin þessi heimild, þá felur 2. gr. l. í sér ákvæði um, að takmörk og vernd fiskimiðanna sé komin undir millríkjasamningum. Í grg. er vísað til samninga við Danmörk og Bretland og alþjóðasamninga um möskvastærð. Ef Ísland er þjóðréttarlega bundið á þennan hátt, þá er ekki nema rétt, að það sé tekið fram, en ég get ekki fallizt á, að þetta gildi um samninga hér eftir, þ. e. a. s. að stj. hafi heimild til að gera samninga, er upphefja samninga og l. þau, er nú gilda til verndar fiskimiðunum. Fræðilega er ekki hægt að neita því, að stj. geti gert slíka samninga samkvæmt ákvæðum þessarar gr. Því er haldið fram, að þótt þetta ákvæði standi, muni engin stj. gera slíka samninga, en þessu ákvæði svipar þó nokkuð til hins fyrra. Ég skal ekki lengja umr. mikið í sambandi við þetta, en það er vitað, að áður hefur verið sótt fast á um ívilnanir og er enn, t. d. hvað síldveiðarnar snertir. Það er líklegt, að fastara verði sótt á í þessum efnum, ef stj. hefur fengið heimild til að gera slíka samninga. Það er því enginn skaði skeður, þó að þetta sé fellt burt, og engin nauðsyn til að hafa það í l. Vegna þess að ég tel heimildina óþarfa, vil ég ekki fallast á hana og legg áherzlu á, að 2. brtt. mín á þskj. 617 verði samþ. Ef brtt. mín nær ekki fram að ganga, mun ég greiða atkv. móti 2. gr.

Ég skal svo ekki gefa frekari tilefni til deilna um málið. Ég viðurkenni meginefni frv. um að færa út landhelgina, það er svo þýðingarmikið, að nauðsyn er, að það nái fram að ganga, en ég tel, að stj. eigi að gæta þess, að ekki sé ástæða til tortryggni af hálfu Alþ. í sambandi við afgreiðslu málsins. Bezt er, að samkomulag geti orðið um málið, og ég vænti því þess, að d. fallist á brtt. mína á þskj. 617. Það væri bezt, ef hægt væri að skila málinu frá d. án ágreinings.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Málið hefur verið rætt í utanrmn. og meiri hl. hennar fallizt á það, sömuleiðis sérfræðingar þeir í alþjóðarétti, sem starfað hafa hjá stj. Það kom þá til tals, að orðalagið yrði líkt því og greinir í brtt. n., ef komið gæti til mála, að einhver stj. notaði sér þessa heimild til þess að semja reglugerð, er færi í gagnstæða átt, en efni frv. er að stækka svæðið, en hið gagnstæða að minnka það. Sumum þótti þó ástæðulaust að gera ráð fyrir slíku, þar sem meginefni frv. er aukin og betri verndun en verið hefur áður. Nú hefur sjútvn. viljað taka af öll tvímæli í þessum efnum og leggur því til, að aftan við 1. málsl. 1. gr. bætist: enda verði friðun fiskstofnsins á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. — Þegar svo er komið, get ég vel fallizt á það, svo að þetta verði óvefengjanlegt, og hef ekkert á móti því að ganga að breyttu orðalagi, en þá er þess líka að vænta, að ekki verði frekar um neina tortryggni að ræða.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég áleit nauðsynlegt að láta þetta koma fram. Þótt við getum kannske ekki stigið risaskref í þessum málum, munum við stefna í rétta átt og ekki hrökkva aftur á bak.

Ég tel, að hv. minni hl. skjóti fram hjá, einkum þegar reikna má með því, að brtt. meiri hl. verði samþ. Ég mun svo ekki ræða þetta mál frekar, nema sérstakt tilefni gefist til.

Steingrímur Aðalsteinsson: Það er ekki alveg rétt, að öllum óskum sé fullnægt og engin ástæða til tortryggni, ef brtt. á þskj. 613 við 1. gr. verður samþ. Í 1. gr. ætti að vísu að vera sæmilega frá þessu gengið samkvæmt þeim skilningi, sem í hana hefur verið lagður, en svo kemur hitt, að 2. gr. upphefur ákvæði 1. gr., því að 1. gr. á ekki að framkvæma nema í samræmi við samninga við aðrar þjóðir. Framkvæmd 1. gr. fer því eftir síðari samningum, sem stj. hefur á sínu valdi. Brtt. við 1. gr. er því ekki fullnægjandi og kemur ekki í veg fyrir tortryggni. Það er því nauðsynlegt að fella úr þau orð í 2. gr., sem ég legg til. Ef það verður gert, er það tryggt, að umboð Alþ. verður ekki misnotað.

ATKVGR.
Brtt. 617,1 felld með 9:5 atkv.
— 613 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 617,2 felld með 9:5 atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska þess, að 2. gr. verði borin upp sérstaklega.

Forseti (BSt): Ég mun verða við þessari ósk hv. 6. landsk. þm.

2. gr. samþ. með 14:3 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 630).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þar sem sjútvmrh. er lasinn og getur ekki verið hér viðstaddur, þá hef ég tekið að mér framsögu fyrir þessu máli. Ég tel þó ekki, að verulegrar framsögu sé þörf, en vil geta þess, að málið hefur verið rætt í utanrmn. og undirbúið af þjóðréttarfræðingi n., og var n. samþykk flutningi frv. Það virðist ekki þurfa að gera langa grein fyrir efni málsins, og læt ég þetta því nægja, því að málið fer væntanlega til n. og verður þá rætt ýtarlega, ef þurfa þykir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér finnst í hæsta máta óviðeigandi að afgreiða þetta mál til n., án þess að annaðhvort hæstv. sjútvmrh. eða hæstv. utanrrh. séu viðstaddir, og óska ég þess eindregið, að annar þeirra komi hingað. Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að málið var rætt í utanrmn., en meðferð þess í n. var þannig, að ég kemst ekki hjá því að rekja hana nokkuð hér, og þó vil ég segja, að heppilegast er að ræða ekki svona mál opinberlega. Ég álít þó óforsvaranlegt að afgreiða eitt stærsta mál þingsins án þess, að annaðhvort sé reynt betur að ná fullu samkomulagi um afgreiðslu frv. og notkun þeirra heimilda, sem ríkisstj. eru gefnar með því, eða þá, ef samkomulag ekki næst, þá verður ekki komizt hjá því að ræða málið nákvæmlega. Í utanrmn. voru skiptar skoðanir á því, hvaða aðferðum við ættum að beita til þess að koma málum okkar fram á eftir. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál og nauðsynlegt, að sem fæstir viti um fyrirætlanir okkar. Því verðum við að vera 100% sammála um allar aðferðir, og ég álít, að slíkt geti orðið. En ég hef í utanrmn. ekki getað fengið neitt svar hjá hæstv. utanrrh. um það, hvaða aðferðir mundu notaðar til að koma málinu fram, og ef engin svör fást um það og ekki er reynt að ná samkomulagi, getur það orðið til þess, sem ekki er heppilegt, að málið þurfi að ræðast ýtarlega hér á Alþingi. Það er óhæfileg þver-

móðska að fá ekki reynt samkomulag um mál, sem okkur er lífsnauðsyn að vera 100% sammála um. Hér er ef til vill um að ræða mesta stórmálið í sjálfstæðisbaráttu okkar, frá því að æðsta vald var flutt inn í landið og frá stofnun lýðveldisins. Við erum hér að endurheimta gamlan rétt, og það er þvermóðska að vilja ekki reyna fullt samkomulag um aðferðirnar til þess. Það er sama þvermóðskan og hjá ríkisstj. árið 1940, þegar ákvörðunin var tekin um að flytja æðsta valdið inn í landið þann 10. apríl, þvermóðska, sem kom fram í því, að heila nótt var fundur haldinn í Alþingi með þm. stjórnarinnar og jafnvel utanþingsmönnum, en við 3 þm. sósialista vorum útilokaðir. En þetta frv., eða þáltill. öllu heldur, um að flytja æðsta valdið inn í landið var eitthvert þýðingarmesta mál í sögu okkar. Það var ekki mælt fyrir till. af hálfu ríkisstj. Við sósialistar báðum um 10 mínútna umhugsunarfrest og fengum hann og þurftum ekki nema 5 mínútur til að taka jákvæða afstöðu til málsins. Okkur var ljóst, hve geysiþýðingarmikið málið var, og hikuðum því ekki við að fela römmustu andstæðingum okkar æðsta vald í málefnum landsins. Eftir á var lögð á það höfuðáherzla, að það hefði verið gæfa okkar, að við stóðum einhuga saman. Það kom skýrt fram, að bak við ákvörðunina um endurheimtingu æðsta valdsins í málefnum landsins var tvímælalaus þjóðarvilji. Núna er sama þvermóðskan hjá hæstv. ríkisstj. og hjá ríkisstj. 1940. Það fæst ekki samkomulag áður en málið er tekið hér fyrir, rétt eins og beinlínis sé verið að knýja fram umr., sem ég álít neyðarrúrræði, og vil ég því eindregið óska þess, að málinu sé frestað, þangað til hæstv. utanrrh. eða hæstv. fjmrh. eru viðstaddir, eða það, sem ég álít betra, að þetta mál sé rætt einu sinni enn í utanrmn., áður en lengra er haldið. Þetta er 1. umr., og ef málinu verður án frekari umr. vísað til 2. umr., munu koma fram brtt., en heppilegast er, að þær þyrftu ekki að koma. Ég álít þetta óverjandi meðferð máls sem þessa, að ætla að knýja fram umr., og lýsir það eingöngu þvermóðsku hæstv. ríkisstj. Ég óska því eindregið, að málinu verði frestað.

Forseti (BG): Ég sé ekki beina ástæðu til að fresta málinu, þar sem þetta er 1. umr., og má ræða málið í n. þeirri, sem fær það til meðferðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég veit, að hæstv. forseti hefur, eins og eðlilegt er, ekki haft tækifæri til að fylgjast með undirbúningi málsins, þar sem hann á ekki sæti í utanrmn. En ég á afar erfitt með að skýra frá honum, því að ég mun ekki ótilneyddur ræða efni málsins, og á ég því erfitt með að lýsa því, hvers vegna ég vil fá málinu frestað. Hér er nú enginn hæstv. ráðh. viðstaddur, en fyrir liggur stórmál, sem útbýtt hefur verið um heilli bók sem trúnaðarmáli til þm., og býst ég við, að þm. hafi lesið hana, og sjá þeir þá kannske, hve óforsvaranleg þessi málsmeðferð er. Mér þykir leitt, ef hæstv. forseti getur ekki orðið við þeirri ósk að fresta málinu, en það býst ég við, að hann gerði, ef honum væru allar ástæður kunnar. Ef málinu yrði nú vísað til 2. umr., þá býst ég við, að það tæki á sig annan svip, en ég vona, að til þess komi ekki. Það mundi þá fara til sjútvn., og þar með er ekki tækifæri til þess fyrir mig að láta álit mitt í ljós. Ég óska því eindregið, að forseti fresti meðferð málsins, ef hann mögulega sér sér fært. Ef forseti getur ekki ráðfært sig við ráðherrana, þar sem þeir eru allir farnir af fundi, þá mundi ég ekki vilja taka á mig ábyrgðina af því, að umr. yrðu um málið, því að það er svo þýðingarmikið, að til þeirra þurfi ekki að koma um þetta mál. En ef málinu verður nú vísað til 2. umr., þá áskil ég mér rétt til að ræða það þá almennara en gerist við þá umr.

Forseti (BG): Ég skal verða við þeirri ósk að fresta málinu um stund, en mun freista samráðs við hæstv. ríkisstj. um frekari aðgerðir.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 630, n. 652).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. ræddi þetta mál á fundi sínum í morgun. Og á fundinum mætti hjá n. sá maður í utanrrn., sem hefur rannsakað þessi mál og á nokkurn þátt í samningu þessa frv., þ. e. þjóðréttarfræðingurinn Hans Andersen. N. ræddi við hann um málið, og varð að samkomulagi milli allra nm. að mæla með samþykkt þessa frv., eins og nál. ber með sér, með tveimur breyt. Áður en ég vík að þessum brtt., vil ég aðeins fara örfáum orðum um þetta mál.

Með samþykkt þessa frv. er því yfir lýst af hálfu Alþ., að Íslendingar telja sig hafa rétt til að ákvarða takmörk verndarsvæða innan endimarka landgrunnsins við strendur landsins og setja reglur, eftir því sem nauðsyn krefur, til verndar fiskimiðunum á þessum svæðum. Alþjóðarétturinn viðurkennir rétt hvers lands til slíkra ráðstafana heima fyrir hjá sér. Millirikjasamningar hafa hins vegar víða verið gerðir ríkja í milli um fiskveiðaréttindi. Taka slíkir samningar löngum að meira eða minna leyti til þess ákvörðunarréttar, sem hér um ræðir, að því er snertir þá þjóð eða þær þjóðir, sem að samningum þessum standa. Halda slíkir samningar að sjálfsögðu gildi sínu, þangað til þeim hefur verið breytt með nýjum samningi eða þeir hafa fallið úr gildi við uppsögn á þeim. Íslendingar eru aðili að einum slíkum samningi og raunar fleiri, ef með eru teknir samningar þeir um möskvastærð, sem Íslendingar eiga hlutdeild í. Að því er stefnt af hálfu Ís-

lendinga að fá á komið verndun fiskstofnsins við strendur landsins með því að notfæra sér þennan rétt. Einn þáttur í þessu þýðingarmikla og merkilega hlutverki eru meðal annars vísindalegar rannsóknir á viðnámsþoli hinna ýmsu tegunda fiskstofnsins. Þess vegna er í þessu frv. ráð fyrir því gert, að kappsamlega verði unnið að slíkum rannsóknum af hálfu Íslendinga sjálfra, jafnframt því sem þeir kosti kapps um að taka þátt í alþjóðavísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða og fiskstofnsins. Slík alþjóðasamvinna um vísindalegar alþjóðafiskirannsóknir er vísasta leiðin til þess að vekja almennan áhuga fiskveiðaþjóða fyrir verndun fiskstofnsins. Er alþjóðaáhugi á þessu sviði mikilsverður fyrir Íslendinga. — Það má þess vegna vænta þess, að þessi skipun þeirra mála, sem í frv. þessu felst, styrki aðstöðu ríkisstj. til þess að ná því marki, sem Íslendingar hafa stefnt að, að þeir geti á raunhæfan hátt gert ráðstafanir, sem miða að aukinni friðun fiskstofnsins.

Ég vil taka það fram, að þetta frv. felur ekki í sér neina heimild til neinnar skerðingar á núgildandi íslenzkum lagaákvæðum og heldur ekki neina heimild til skerðingar í sambandi við samninga, sem gerðir eru þjóða í milli um viðskipti, þó að fram kunni að koma óskir í þessa átt.

Meira tel ég ekki, að ég hafi fyrir n. hönd að segja um þetta mál. Það var gerð sú breyt. á þessu frv. í hv. Ed., að við 1. málsl. frv. var bætt orðunum: „enda verði friðun fiskstofnsins á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur.“ En sjútvn. þessarar hv. d. leggur til umorðun á 2. gr. frv. Þetta er aðeins orðabreyt., sem hér er um að ræða, og þótti n. það vera í betra samræmi við annað efni frv., en breytir ekki meiningunni í neinum atriðum. N. þótti fara betur á að hafa þetta orðalag heldur en hafa orðalagið á gr. eins og það er nú í frv. N. bar þessa brtt. undir þann þjóðréttarfræðing, sem að þessu starfaði, og hafði hann ekkert við þessa breyt. að athuga.

Með þessum ummælum, sem ég hef látið falla hér, væntir sjútvn. þess, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem nú hefur verið lýst, og væntir þess, að það þurfi ekki að verða til trafala fyrir afgreiðslu málsins, þó að það fari aftur til hv. Ed., sem væntanlega getur einnig fallizt á þessar breyt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tók eftir, að hv. frsm. sjútvn., þm. Borgf., sagði í sinni framsöguræðu, að það væri skilningur sjútvn., að með þeim breyt., sem hún legði til á frv., væri það tryggt, að eins og frv. þá væri orðið, fælist ekki í því nein heimild til neinnar skerðingar á landhelginni, hvorki almennt né heldur í sambandi við samninga við aðrar þjóðir.

Ég vildi óska þess, að hæstv. ríkisstj. — hæstv. forsrh., sem hér mun nú einn vera við af hæstv. ríkisstj. — vildi staðfesta það, að þetta væri einnig skoðun ríkisstj. Ég ræddi hér í nótt nokkuð um þetta mál. Og ég vil segja, að hvað aðra hlið snertir, sem ég gagnrýndi, þá mundi þetta fullnægja því, sem ég óskaði eftir, þannig að ég mun þá ekki, a. m. k. að svo stöddu, hefja umr. um þetta frv., ef hæstv. ráðh. staðfesti, að þetta væri skoðun ríkisstj., sem hv. þm. Borgf. nú lýsti fyrir hönd sjútvn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil staðfesta það, að ég tel, að það sé einsætt, að eins og frv. liggur fyrir, þá feli það ekki í sér neina heimild til þess að gera nokkrar tilslakanir frá gildandi reglum um landhelgi og friðun á landgrunninu, enda er það sízt af öllu tilætlunin með frv., heldur, eins og allir mega sjá, er það flutt með það fyrir augum, að reynt verði af Íslands hálfu að ná þó nokkru meiri rétti í þessum efnum heldur en við höfum haft til þessa.

ATKVGR.
Brtt. 652,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 652,2 (ný 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 667).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var tvennt, sem ég hafði að athuga við þetta frv. við 1. umr. Öðru atriðinu hefur nú þegar verið fullnægt. Hitt atriðið er um þá aðferð, sem við veljum til að knýja mál okkar fram. Það er ófært, að það verði rætt hér. Ég hafði óskað þess í utanrmn., að eftir að málið væri gengið í gegnum þingið, þá yrði haft samráð við utanrmn. um allar frekari aðgerðir. Þessu var hvorki neitað né lofað í n. og ekki hægt að fá ákveðið svar. Því vildi ég leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forsrh., ef það er hans vilji, að hann heiti því, að samráð verði haft við n. eftir á. Utanrmn. hefur undirbúið málið, og enda þótt fjmrh. sé veitt valdið með frv., er eðlilegt, að samráð sé haft við utanrmn. Ég vildi því óska þess, að hæstv. forsrh. gefi yfirlýsingu um þetta, svo að losna megi við umr. um málið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af orðum hv. 2. þm. Reykv. vildi ég taka það fram, að ég get ekki gefið um þetta fullkomið svar, því að það er á valdi hæstv. utanrrh., hvaða meðferð málið hlýtur, að því er lýtur að samningum við önnur ríki. En fyrir mitt leyti get ég látið það í ljós, að ég tel eðlilegt, að utanrmn. fjalli um aðallínur málsins og framkvæmdirnar yrðu til umr. í n. og leitað verði samráðs hennar. Þetta er mitt persónulega álit, en ég get ekki að öðru leyti svarað fyrir hæstv. utanrrh.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. yfirlýsingu hans, og skil ég vel, að hann getur ekki svarað fyrir hæstv. utanrrh., og er það satt að segja slæmt, að hann skuli

ekki vera hér viðstaddur. Ég verð að treysta því, að sá háttur verði hafður á, að samráð verði haft við utanrmn. og reynt að fá þar samkomulag um málið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 679).

---

29. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga** (stjfrv., A. 490).

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra l. er, eins og aths. gefa til kynna, um að freista þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á yfirstandandi ári og sumpart til að afla ríkissjóði aukinna tekna, og má sjá á aths. þeim, sem frv. fylgja, á hvern hátt það er hugsað.

Það er þá fyrst ákvæði 1. gr. l., er snertir 3. kafla l. nr. 44 1946, um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Með ákvæðum 3. kafla l. nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, er ríkissjóði lögð sú skylda á herðar að lána sveitarfélögum til 50 ára með 3% vöxtum allt að 75% af byggingarkostnaði húsa, er sveitarfélög reisa fyrir þá, sem búa í heilsuspillandi íbúðum. Auk þess ber ríkissjóði að leggja til í viðbót vaxtalaust lán til 50 ára, er nemi 10% af byggingarkostnaðinum. Eins og nú horfir, er ekki annað hægt en að hægja á með framkvæmd þessara ákvæða l. Með þeim breyt., sem hér er lagt til að gerðar verði á l., er að því stefnt, að skylda þessi hvíli ekki á ríkissjóði utan þess ramma, sem Alþ. setur um þetta í fjárl. hverju sinni. Af þessu leiðir, að l. verða virk, þó að skyldunni sé létt af ríkissjóði. Og í öðru lagi losna bæirnir þau árin, sem ekki er veitt á fjárl. fé til þessa, við skyldu þá, sem á þeim hvílir í þessum efnum.

Þá er um 2. lið, að það er leitað heimildar til að innheimta gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla l. nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, með verðlagsuppbót, til að standa straum af framkvæmd l. Þessi l. voru sett á Alþ. í fyrra eða hittiðfyrra, og hafa þau orðið mikil fjárbyrði fyrir ríkissjóð, þar sem ekki hefur reynzt kleift að innheimta allan kostnaðinn af skipunum sjálfum, en eðlilegast væri, að þjónusta þessi væri goldin af skipunum sjálfum. Er því stefnt að því að víkja reglunni við, svo að skipaeftirlitið þurfi ekki að vera byrði á ríkissjóði.

Loks er þriðja atriðið, að farið er fram á, til að létta á ríkissjóði, að frestað verði greiðslu á 1 millj. kr. af þessa árs framlagi ríkissjóðs til byggingarsjóðs samkv. 13. gr. l. nr. 35/1936, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Með þessu er létt greiðslu þessarar upphæðar um stund, en hún er ekki tekin af byggingarsjóði fyrir fullt og allt.

Ég vona, að þessar skýringar nægi, en þær eru endurtekning á því, sem prentað er með frv., og vænti ég þess, að hv. Ed. geti fallizt á að afgr. frv. og að því verði svo vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það var fyrir ekki löngu síðan, að um það var rætt meðal þm., að von væri á frv. sem þessu. Nefndu sumir þm. það „bandorminn". Þegar samþ. var í fjvn. að fella niður 1 millj. kr. styrk samkv. l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, var sýnt, að frv. sem þetta mundi fram koma, til þess að sú ráðabreytni ætti sér stoð í l.

Frv. þetta fjallar um breyt. á þremur lögum. Í fyrsta lagi breyt. á l. nr. 44/1946. Aðaltilgangurinn með setningu þeirrar löggjafar var að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Var því og slegið föstu, hvers konar íbúðir skyldu teljast heilsuspillandi. Enn þá er mikið af bröggum, háaloftum og kjöllurum, sem eru heilsuspillandi og þörf er á að útrýma. Enn fremur var það sýnt, að einstaklingar gátu ekki alls staðar annazt þessar framkvæmdir, og voru því sveitarfélög skylduð til að leggja fram ákveðið fjármagn á móti ríkisframlagi til að standa straum af þessum framkvæmdum. Sveitarstjórnunum var og gert skylt að safna skýrslum um heilsuspillandi húsnæði, en síðan, er l. höfðu náð samþykki, skyldi hefjast handa með útrýmingu slíks húsnæðis. Hér í Reykjavík voru t. d. Skúlagötuhúsin byggð samkv. þessum l. Hversu mikið hefur verið byggt annars staðar, er mér ekki kunnugt um, en því verki að útrýma heilsuspillandi húsnæði er ábyggilega hvergi nærri lokið, hvorki í Rvík né annars staðar á landinu. Í Rvík blasa enn við braggar í tugatali. Hæstv. fjmrh. minntist á þá skyldu ríkissjóðs að lána 75% byggingarkostnað íbúðarhúsa og ræddi það atriði nokkuð. Á fjárlagafrv. eru í þessu augnamiði aðeins ætlaðar 400 þús. kr. Þetta er mjög lágt, þó að fellt sé úr l. ákvæðið um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Er litið er á málefnasamning núv. ríkisstj., finnst ákvæði um húsnæðismálin. Þar segir: „Húsnæðisskorti, hvar sem er á landinu, skal útrýma með byggingu íbúðarhúsa". Nú er liðið á annað ár frá því hæstv. ríkisstj. tók við

völdum, og nú ætlar hún að nema ákvæðin úr l. um heilsuspillandi húsnæði, þó að enn sé ekki búið að útrýma helmingi þess heilsuspillandi húsnæðis, sem útrýma þarf. Í þessu sambandi má og benda á, að það er ýmislegt í fjárlagafrv., sem telja mætti, að ekki minni ástæða væri til að spara en þessa upphæð, og þess vegna er ekki að furða, þótt það megi teljast undarlegt, er farið er að bera fram hin svo kölluðu bandormsfrv., að þá skuli vera byrjað á þessu.

Um 2. lið frv. þessa skal ég ekki ræða, en hann á einna helzt rétt á sér af þessum þremur liðum, sem hér er um að ræða.

Um 3. liðinn ætla ég að ræða nokkuð. Það hefur verið allmikið um það rætt, að byggja skuli betri grundvöll fyrir framleiðslu á landbúnaðarvörum, sem miði í þá átt, að verð þeirra geti lækkað. Einmitt þessi l., um nýbyggðir og landnám, sem sett voru 1946, gera ráð fyrir meiri átökum í þessum efnum en nokkur önnur l. höfðu áður gert. Sú löggjöf, sem frv. ræðir um, er um nýbyggðir og samvinnubyggðir frá árinu 1936 og l. um byggðarhverfi eða samvinnubyggðir frá árinu 1931. L. um samvinnubyggðir urðu aldrei annað en pappírsgagn sökum þess, að ekki var veitt nægilegt fé til þeirra framkvæmda. Til nokkurs fróðleiks hef ég tekið niður nokkrar tölur úr fjárl. um það, hversu miklu fé hefur verið varið til nýbýla samkv. l. um samvinnubyggðir, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að væru ekki annað en pappírsgagn. Þær tölur eru ekki háar og eru sem hér segir:

1937	180	þús.
1938	155	—
1939	155	—
1940	260	—
1941	260	—
1942	310	—
1943	300	—
1944	360	—

1945—'46 áætlað 360 þús. til þessara hluta. Það er fyrst árið 1946, að gengið er til átaka í þessum efnum, og eru þá veittar 2.5 millj. kr. til þessa, en nú kemur stjórnarfrv., sem krefst þess, að þessi upphæð verði lækkuð niður í 1.5 millj. kr. Hæstv. fjmrh. tók fram í ræðu sinni, að ekki væri meiningin að praktisera þetta nema í eitt skipti. En er nú ekki nokkur hætta á því, ef þröngt yrði fyrir dyrum næsta ár, að gert yrði hið sama áfram. Þetta er mjög vafasöm fullyrðing hjá hæstv. ráðh., því að hér er um mjög vafasamt fordæmi að ræða, og þótt upphæðin væri hækkuð að mun, en ekki lækkuð, mundi hún í reyndinni reynast of lítil, en ekki of há. Ég get því ekki fylgt þessu frv. Það er meiri ástæða til að spara margt annað, og t. d. er áætlaður kostnaður vegna fjárhagsráðs ekki áætlaður minni en 4 millj. kr. Tveir ráðh. hafa nýlega klagað fjárhagsráð fyrir, hvernig það starfar. Það er ekki síður ástæða til að taka þar ýmislegt til athugunar en að draga úr áhrifum þessarar löggjafar með því að svipta hana fjárframlögum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að hæstv. ríkisstj. sé að leitast við að firra ríkissjóð útgjöldum með breyt. l. þeirra, sem hér um ræðir. En ég bjóst við meiru. Á sama hátt mætti krukka í ýmis önnur l. En tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er það að ræða um 4. gr. Eins og útlitið er nú í landinu, þá er nú búið eða verið að stofna til fyrirtækja, sem þurfa fimm sinnum meira fólk en kemur á vinnumarkaðinn á ári hverju, og taka þessi fyrirtæki mikið fólk frá bændum. Afleiðingin verður svo sú, að þeir bændur, sem búa á lökustu jörðunum, fara í nýja atvinnu og yfirgefa jörð sína. Þess vegna er það spurning út af fyrir sig, hvort hyggilegt sé að leggja milljónir kr. í nýbýli meðan svo háttar sem nú, — hvort ekki eigi að bíða í nokkur ár með framlög til nýbýla. — 3. gr. fjallar hins vegar um lán til húsbygginga. Þar er þörfin mjög aðkallandi og svo aðkallandi, að það þolir enga bið. Það hefur verið mjög erfitt um vik að fá lán til nýrra bygginga, og hafa bændur oft orðið að leggja mjög hart að sér og safnað miklum lausaskuldum, er þeir hafa ráðizt í byggingar. Hvað viðvíkur ræktunarsjóðnum, þá er lánsþörf hans sízt minni en til íbúðarhúsa. Hann þarf að geta tekið það stökk, að bændur geti aukið svo bú sín og borið úr býtum þær tekjur, sem þeir þurfa til þess að auka ræktunarlönd sín. Landbúnaðurinn þarf að fá fullkomin grunnlán, og það þarf að skaffa byggingarsjóði 5 millj. kr. og afla ræktunarsjóði 10 millj. kr. stofnfjár. Þetta er mjög aðkallandi, því að það vantar mikið á það, að hægt sé að fullnægja lánsþörfinni til húsabygginga, útihúsa og frystihúsa. Hér vantar fé engu síður en til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Það þarf á einn eða annan hátt að útvega fé, svo að hægt sé að halda áfram endurbyggingarstarfinu í samræmi við breytta atvinnuhætti. Ef hæstv. ríkisstj. er að reyna að auka möguleika manna, má hún ekki einungis hugsa um lán til sjávarútvegsins. Hún verður að gera sér ljóst, að þörf landbúnaðarins í þessum efnum er jafnvel meiri en sjávarútvegsins. Það er því þó a. m. k. svo þar, að hver maður, sem ræðst í að reisa nýtt fjós, af því að hann ætlar að hafa 10 kýr í stað fjögurra áður, og hver maður, sem reisir íbúðarhús, verður að láta sér lynda að fá lánað ekki nema 50% af því, sem þarf í bygginguna, og hann hefði að óbreyttum l. fengið að láni, meðan lánað er 100% til bátanna, þegar með eru teknir víxlar, sem ríkissjóður hefur keypt af kaupendum bátanna. — Ég hygg, að vel sé hægt að sætta sig við ákvæðin gagnvart 4. gr. En af 13. gr. mátti ekki skera.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að lýsa yfir hér við þessa 1. umr., að ég mun ekki sjá mér fært að fylgja þessu frv. Skal ég gera grein fyrir því.

Þessi hugmynd um „bandorm“ kom fyrst fram, þegar séð var, að fjárlagafrv., sem lagt var fram hér á Alþ., mundi þurfa að hækka um 10 til 15 millj. kr. og ekki var vitað, að hægt mundi vera að spara hliðstæðar upp-

hæðir á rekstrargjöldum ríkisins. Þá var það rætt á milli þess hluta fjvn., sem styður hæstv. ríkisstj., og af hæstv. ríkisstj., hvaða leiðir hægt væri að finna til þess að fá jafnvægi í afgreiðslu fjárl., og var þá minnzt á mörg lög, sem hugsað var, hvort hægt mundi að fresta framkvæmdum á til þess að ná æskilegum rekstrarjöfnuði og síðan greiðslujöfnuði, ef unnt væri. Ég hygg, að það hafi verið um 10 eða 20 lagafyrirmæli frá síðustu árum, sem rætt var um þá að komast að samkomulagi um að binda saman í „bandorm", sem kallað er, og fá framkvæmdum samkv. þeim frestað. Ég lýsti því strax yfir, — og bið hæstv. ráðh. að minnast þess, vegna þeirrar afstöðu, sem ég hef tekið opinberlega, — ég lýsti þá yfir, að óheppilegt þætti mér að fara inn á þá braut að raska gildi nýstaðfestra laga frá Alþ., sem enn hefði ekki sýnt sig, hvernig mundu reynast hjá þjóðinni. Ég tel slíkt gersamlega óverjandi, fyrr en hægt sé að benda á, að l. geri eitthvað annað eða meira en að íþyngja ríkissjóði með fjárframlögum. Því að það má aldrei meta lög á þann mælikvarða einan, hvort ríkissjóður verður að láta úti einhverjar fjárfúlgur, heldur verður líka að taka með í reikninginn, hve mikið ríkissjóður fær inn á móti. Og ég tel, að þetta hafi ekki verið athugað nægilega gaumgæfilega í þessu sambandi, þegar um er að ræða að fresta framkvæmd nýstaðfestra laga frá Alþ. í því skyni að spara. Það hefur verið býsnazt hér mjög yfir eyðslu ríkissjóðs á undanförnum árum. En ég man ekki betur en að 1943 væru ríkisútgjöldin 110 milljónir kr. Síðan á því ári hafa bæði ríkið og einstaklingar farið inn á mjög stórkostlegar framkvæmdir í landinu, framkvæmdir, sem kostað hafa ríkissjóð milljónir kr. og milljónatugi í hækkuðum útgjöldum. Og nú eru ríkisútgjöldin alls komin upp undir 220 millj. kr. í stað 110 millj. kr. 1943. En á sama tíma skapast ríkissjóði jafnmiklar eða meiri tekjur. Þessu má ekki loka augunum fyrir. Og þegar sú staðreynd er fyrir hendi, að þegar ríkissjóður hefur tvöfaldað gjöld sín og á sama tíma meir en tvöfaldast tekjurnar, þá er ríkisstj. ekki á rangri braut fjárhagslega, því að slík aukning á veltunni hlýtur að koma öllum almenningi til góða. Enda hefur aldrei á nokkru ári verið eins mikið fjármagn hjá þjóðinni eins og nú. Ég þarf um það ekki annað en að vísa til tveggja staðreynda, annars vegar hins gífurlega fjármagns, sem kemur inn við frjáls framlög til barnahjálparinnar, sem er á þriðju millj. kr. hér á landi, án þess að nokkur maður sé þvingaður til þess, og hins vegar má benda á í þessu sambandi það gífurlega fjármagn, sem þjóðin leggur fram fyrir tóbak og brennivín á hverju ári. Slíkt mundi ekki eiga sér stað, ef þjóðin hefði ekki ráð á því. Ég tel því, að það að láta bresta vonir fjölda fólks um framkvæmd nýsettra laga af Alþ., með því að kippa að sér hendinni um framkvæmd þeirra, sé alveg röng stefna. Þessi afstaða mín er hæstv. fjmrh. ekki neitt ný af minni hálfu. Ég hef haldið þessari stefnu fram frá því fyrsta. En ef nauðsynlegt er vegna fjárhags ríkissjóðs, sem ég á þessu stigi málsins ekki viðurkenni, að fresta fjárframlögum ríkissjóðs, þ. e. skera niður eða afnema gildi laga, sem hafa verið staðfest, þá á sízt af öllu að byrja á þessari löggjöf hér, heldur á miklu nýrri löggjöf, og það er löggjöfin um fjárhagsráð. Þennan fyrirvara gerði ég strax, og skoðun mín hefur ekki breytzt í því máli, og skal ég fara nokkru nánar út í það atriði. Með l. um fjárhagsráð er gert ráð fyrir því, að öll viðskipti og öll fjárfesting fari um hendur þessa mikla ráðs. Það hefur nú sýnt sig, að þetta hefur haft þann kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, þó að þessi stofnun hafi ekki enn staðið í heilt ár, að þessi stofnun mun vera búin að kosta ríkissjóð um þrjár eða á fjórðu millj. kr., og fer kostnaðurinn við hana vaxandi. En annað er lakara við þetta ráð. Það hefur sýnt sig, að þessi stofnun hefur á þessu stigi lagt dauða hönd á fjöldamörg fyrirtæki á þessu landi, þannig að ef þessu drepandi fargi er ekki létt af, þá fyrst fær ríkissjóður skell, svo mikið fjárhagslegt áfall, að hæstv. fjmrh. er alveg óhætt að skrifa langan lista af lögum, sem þá þarf að afnema, þegar svo er komið. Það er alveg áreiðanlegt, og er vert að athuga það þegar á þessu stigi. Þegar við lítum á, hvað gert er í þessari stofnun, fjárhagsráði, þá er sjáanlegt, að ekkert vit er í að hafa þar 5 menn á launum, þar sem fjórir þeirra hafa 42 þús. króna hver og sá fimmti 45 þús. króna í laun. Ég sé ekki annað en að um þá skrifstofuvinnu sé að ræða hjá þessu ráði, sem heyrir til fjmrn., sem þó kostar upp undir eina millj. kr., sem sé þókstaflega hægt að skera niður og spara þann kostnað allan og láta þann sparnað mæta einni millj. kr. af því, sem hæstv. ráðh. óskar að spara, í stað einnar millj. kr., sem talað er um í einum liðnum hér í þessu frv. Sú breyt., sem hér þarf að gera, er að setja upp eina viðskiptanefnd, sem hafi með öll þessi mál að gera í einu, hvar bankarnir eigi hver sinn fulltrúa, og láta það, sem fjárhagsráð annast þarflegt, ganga í gegnum þá einu stofnun og ekkert annað. — Og það, sem fjárhagsráð hefur gert viðkomandi fjárfestingu, er ekki samkvæmt lögum. Það er ákveðið í l., að skýrslur um fjárfestingu séu komnar til fjvn. þannig, að hægt sé að byggja á þeim við afgreiðslu n. á fjárlagafrv. Og þegar þessi skýrsla er komin sem opinbert skjal til fjvn., — þó að ég hafi fengið áminningu um, að tæplega væri leyfilegt að sýna hana sem þskj., — þá er það ekki einu sinni svo, að þessi skýrsla sé gerð í samræmi við fjárlagafrv., þar sem fjárfestingu er þar gert ráð fyrir á allt annan hátt en í fjárl. Fjárfesting samkv. þeirri skýrslu er um 14 millj. kr. til vega og brúa í landinu, — rétt eins og viðhaldið á þessum hlutum var á síðasta ári, og ekkert annað. Þetta er nægilegt til þess að sýna, að þessi stofnun út af fyrir sig er engan veginn svo þörf og nauðsynleg, að kosta þurfi til hennar millj. króna á ári. Skýrsla sú, sem fjárhagsráð hefur gert, er merkileg að mörgu leyti. En þetta hefði mátt gera í gegnum hagstofuna, án þess að hafa við þetta yfirstjórn

manna, sem kostar alls um 200 þús. kr., til þess að segja þessum starfsmönnum fyrir verkum. — Ég mun síðar við umr. um þetta mál gera brtt. um, að fyrsti liðurinn til að spara, ef halda á áfram á þeirri braut að fresta framkvæmd laga, verði þá að fresta framkvæmd laga um fjárhagsráð um óákveðinn tíma.

Ég vil í sambandi við þetta benda hæstv. fjmrh. á, að síðan þessar umr. fóru fram, sem ég gat um, við hæstv. ríkisstj., hefur hver einasta tilraun, smá og stór, sem fjvn. hefur gert í því skyni að spara á fjárl. við rekstrarútgjöld ríkisins, verið raunverulega felld, sumpart vegna óska hæstv. ríkisstj., sem ekki gat fellt sig við að gera þetta eða hitt til sparnaðar, af því að það snerti einhverja hagsmuni þeirra flokka, sem stóðu að þessum eða hinum ráðh. Ég vil í sambandi við það benda á það m. a., að tilraun var gerð til þess af fjvn. að fella niður 150 þús. kr. framlag í sambandi við húsaleigunefndina í Rvík. Sú brtt. var tekin til baka samkv. ósk hæstv. fors- og félmrh. En á sama tíma berst hann með hnúum og hnefum á móti þeirri lagabreyt., sem ég o. fl. hugsuðu að koma hér fram um breyt. á l. um húsaleigu, til þess að fá á þessum málum nokkra leiðréttingu, svo að hægt sé á þann veg að bæta úr húsnæðisvandræðunum. Svo kemur frv. frá hæstv. ríkisstj. um að kippa grundvellinum undan því, að hægt sé að losna út úr húsnæðisöngþveitinu í landinu. Þessi þrikantur er reknn hér. Og ég er viss um, að hæstv. ríkisstj. rekur sig á eitthvert hornið á þessum þríkanti svo illa, að hún muni muna eftir því, ef ekki er við því gert í tíma. — Síðan þetta skeði, hefur verið afgr. hér í þessari hv. d. mál, sem mun kosta ríkissjóð milljónir króna, ef það verður samþ. í hv. Nd., ef sá andi ríkir þar, sem ríkt hefur hér í þessari hv. d. Og að þetta hefur gengið hér í gegn, hefur gert fyrst og fremst forseti þess flokks, sem mest hefur varað við fjársukki, Framsfl., m. a. hefur hv. þm. Str. haft forustuna í því hér að samþ. að láta 4 millj. kr. til fiskiðjuvers í Hornafirði. Nýlega var búið að samþ. að láta aðrar 4 millj. kr., einnig með fullu samþykki langflestra hv. þm. Framsfl. hér, í landshöfn á sama stað. Þá eru komnar á fáum dögum samþykktir, með samþykki þessa flokks, sem eru um átta millj. króna í einn stað, Hornafjörð. Og ef þessar till. um framlög verða einnig samþ. í hv. Nd., þá má geta nærri, hvernig þjóðin sættir sig yfirleitt við það á sama tíma að fella burt gildi laga, sem fjöldamargar vonir ungra og upprennandi manna eru tengdar við. Ég fæ ekki séð, að nein ríkisstj. geti endað þing á þann hátt að láta slíkt misræmi viðgangast, sem ég hef hér bent á. — Ég vil einnig benda á í sambandi við það, að verið er að ræða um að fresta um einnar millj. kr. greiðslu á ári til nýbýla og landnáms, að þá hefur einmitt verið samþ. í dag hér að láta standa í l. um bændaskóla það ákvæði, sem getur kostað ríkissjóð milljónir kr. Þar á ríkissjóður að taka að sér að byggja nýbýli fyrir einstaka menn á ríkisjörðum fyrir stórar fjárfúlgur. Og þetta er gert á sama tíma sem verið er að ræða hér um að nema í burt verulegan hluta af fjárframlagi, sem lögum samkv. á að renna til nýbýlasjóðs, sem stofnaður hefur verið til þess að menn geti sjálfir byggt sér nýbýli í landinu. Ég er ekki svo heillum horfinn enn, þó að ég styðji þessa hæstv. ríkisstj., að ég sjái ekki í gegnum þetta þokumyrkur, sem hér er þyrlað upp í sambandi við þetta mál. Ég mun ekki treysta mér til þess að fylgja frv. um svona lagafyrirmæli. Ég held, að stefnan um afgreiðslu fjárl. verði eitthvað að breytast, a. m. k. frá því sem enn er hér, til þess að hægt sé að vænta þess, að fullt fylgi fáist um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil líka benda á, að það var rætt um það einnig að gera ýtarlegar tilraunir til þess að lækka gjöld tryggingastofnunarinnar. Nú er ég út af fyrir sig ekki fylgjandi því, því að ég álít tryggingalöggjöfina svo mikils virði, að það eigi ekki að skerða gildi hennar fyrst um sinn. Hins vegar voru aðrir menn, sem léðu þessu máli, sem hér liggur fyrir, fylgi í sambandi við það, að einnig væri tekið á því máli. Og við vitum, hvernig með það mál hefur verið farið. Ef það hefði átt að minnka nokkuð kostnað við tryggingamálin, þá var náttúrlega ekkert fyrir hendi annað en að fresta framkvæmd einhvers kafla þeirra, sem ég hef þó verið alveg á móti, að gert verði. Þetta var ekki gert, enda var hæstv. forsrh. á móti því. Ég er honum þakklátur fyrir það.

Viðkomandi því ákvæði í 1. tölul. 1. gr. frv., að fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga komi því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárl. hverju sinni, í sambandi við III. kafla viðkomandi laga, þá finnst mér, að það hefði ekki verið neitt fjarri sanni, að í l. frá upphafi hefði staðið þessi gr., sem hæstv. ráðh. vill nú fá inn. (**Fjmrh.**: Þetta ætti að standa í öllum lögum.) En eftir þeim skilningi, sem hér hefur ríkt í þessari hv. d., fæ ég ekki séð, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér að fá þetta ákvæði fram. Og þó að hæstv. ráðh. fái þetta samþ. hér, hvernig mun það þá koma til með að halda? Ég efa kannske nokkuð, að þetta ákvæði haldi, miðað við þann hugsunarhátt, sem hefur komið fram í sambandi við aðrar samþykktir hér í hv. þd. Og haldi þetta ekki, þá er verr farið en heima setið. Mér finnst það, sem fram hefur komið í sambandi við viðleitni til þess að spara á fjárl., benda á veikt samstarf hjá hæstv. ríkisstj., og má geta nærri, hve veik aðstaða hæstv. fjmrh. mun verða um að framfylgja þessari löggjöf, sem hér er frv. um, þótt samþ. verði. Og þó að hv. þd. samþ. þetta frv. hér, þá býr áreiðanlega allt annað þar á bak við hjá hv. þd. — Þegar tekið er tillit til þeirra fjárframlaga, sem ég hef lýst, að hér hafa samþ. verið — heldur en það, sem knýr fram hreinskilna ádeilu mína í þessu máli og málum, sem ég hef lýst nú, og ætti hæstv. fjmrh. að athuga það, áður en hann lætur aka sér lengra út í þetta fen.

Um 2. tölul. 1. gr. frv. hef ég ekkert að segja, því að mér finnst ekki nema eðlilegt, að þetta eftirlit sé látið bera sig. Mun ég geta fellt mig við þetta.

Ég mun eðlilega ekki geta fylgt 3. tölul. 1. gr. frv. af ástæðum, sem ég þegar hef tekið fram. Og ég tel, að fyrsti liður 1. gr. þessa frv., ef á að samþ. það, eigi að vera að fresta framkvæmd laga um fjárhagsráð, því að það mundi spara ríkissjóði stórfé og hleypa lífi aftur í þá atvinnuvegi, sem hinn dauði hrammur fjárhagsráðs hefur legið á, og gefa einstaklingum og félögum það traust á sjálfum sér, sem nauðsynlegt er til gæfu, og enn fremur skapa ríkissjóði meiri tekjur en hægt er að hugsa sér, að hann hafi, meðan atvinnulífið er í þeim fjötrum, sem það nú er í, beinlínis fyrir framkvæmdir og afskipti fjárhagsráðs. Ég mun því bera fram hér við síðari umr. málsins brtt. um, að það verði 1. gr. frv. að fresta framkvæmdum fjárhagsráðslaganna.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég þyrfti í sjálfu sér að biðja nokkurrar velvirðingar á því, að ég tók það ekki nægilega skýrt fram, þegar ég talaði um frv. fyrst, að það er í því misritun eða prentvilla, — ég veit ekki, hvort heldur er, — sem snertir 1. gr. tölul. 3, að það á að standa þar, ekki samkvæmt 2. tölul. 13. gr. l. nr. 35/1946, heldur samkvæmt 4. gr. laga nr. 35 frá 1946. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga, og ég hef nú heyrt af ræðu hv. 1. þm. N-M., að hann hefur komið auga á þetta, sem ég tók undir, strax og hann minntist á það. Svo að ég vona, að það verði leiðrétt hjá hv. n.

Hv. 8. landsk. þm. fór nokkrum orðum um þessi mál, og skal ég ekki segja um það mikið, að hann fór ekki alveg rétt með það, sem ég sagði þarna um 3. tölul. Hann sagði, að ég hefði sagt, að þetta yrði ekki gert nema í þetta eina skipti. Ég vona, að það verði svo. Ég sagði að vísu ekkert um það. Ég vona, að fjárhagur ríkisins verði svo framvegis, að þess þurfi ekki, en ég sagði það ekki, heldur, að þennan niðurskurð á fjárframlögum úr 2½ millj. kr. um eina millj. kr. bæri ekki þannig að skilja, að það ætti að svipta fyrir fullt og allt lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum þessu fjárframlagi að þessum hluta. Ég veit, að hv. 8. landsk. þm. misskildi þetta og að það hefur ekki verið viljandi gert af honum að segja hitt.

Að því er snertir aðrar þær umr., sem hér hafa farið fram, þá hafa þær nú, sérstaklega hjá hv. þm. Barð., verið nokkuð á víð og dreif. Og það má náttúrlega tala um ákaflega margt í sambandi við þetta „skemmtilega“ frv.form, sem kallað hefur verið „bandormur“ og er ekki nýtt hér á Alþ. Slík lagasetning hefur sézt hér fyrr. Ég álít nú samt sem áður, að það sé lítil ástæða til þess fyrir mig að elta ræðu hv. þm. Barð. í einstökum atriðum. Ég skal alveg játa það, að okkur greinir ákaflega mikið á um tekjuvonina fyrir ríkissjóð á þessu ári. Hann hefur þar aðrar skoðanir en ég, og ég vildi óska þess, að hans skoðanir í því efni reyndust réttar, en mínar rangar. En úr því sker reynslan ein. En hvað þetta frv. snertir og þau áhrif, sem það hefur á löggjöfina, þá finnst mér nú, að hv. þm. Barð. fari dálítið villur vegar um þau skaðvænlegu áhrif, sem það hafi, t. d. viðkomandi l. um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Og svo í öðru lagi er það alveg í ósamræmi við stefnu hans í slíkum málum, því að það er ekki farið fram á annað en það, að framvegis verði sá háttur á hafður, að fjárveitingarvald þingsins sé haft fyrir leiðarstjörnu í því, sem gert verður samkv. þessum kafla. Hv. þm. Barð. veit eins vel og ég, að nú sem stendur er þessi kafli þannig, að leggja má svo og svo miklar byrðar á herðar ríkissjóðs, án þess að fjárveitingarvaldið hafi nokkuð þar um að segja og án þess að fjmrn. sé kvatt þar til nokkurra hluta fyrr en kemur að skuldadögunum. Ég er viss um, að menn geta verið sammála um það, að fjármálavald þingsins ætti alltaf að vera sá ráðandi kraftur og að í sjálfu sér ættu engin veruleg útgjöld að geta farið fram úr ríkissjóði án þess að það væri leyft af slíku valdi.

Þá er það ákvæðið, sem snertir 4. gr. l. um landnám og nýbyggðir í sveitum. Þeir, sem eru kunnugir þessu máli, þ. á m. hv. 1. þm. N-M., taldi það ekki neitt til skaða á þessu stigi málsins. Það er rétt, að til eru mörg önnur l., sem gætu komið til greina, þegar um það er að ræða, og ekki nýtt á Alþ. Það hefur komið fyrir áður, að Alþ. hefur þurft að spyrna við fótum og athuga sig með ýmsa löggjöf, t. d. að skjóta á frest í bili útgjaldalöggjöf, og höfuðmarkmiðið hefur alltaf verið það sama, að létta eitthvað þær byrðar, sem á ríkissjóði hvíla. Um það má svo mikið deila, hvað eigi að nefna fyrst í þessu. Hv. þm. Barð., sem hefur á sínum herðum alla erfiðleikana af því að koma saman fjárl., er manna kunnugastur því þrefi og þeirri togstreitu, sem um það hlýtur að verða, þegar verið er að reyna að ná samkomulagi um einhver úrræði til þess að draga úr kostnaðinum, þegar maður sér sitt óvænna að halda á hlutunum. Hv. þm. telur, að sum ákvæði löggjafarinnar um fjárhagsráð eigi að vera fyrst í þessari röð. Í því efni er ég honum ekki sammála. Það hefur verið talið og er nauðsynlegt, að þessi svo kallaða fjárfesting kæmi í þjóðfélaginu og áætlunarbúskapur. Ég hef hlustað á mörg rök í þessu á síðustu árum, en þegar á að framkvæma þetta, eru menn, sem eru óánægðir, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Barð. Mér þykir leitt, að hann sér sér ekki fært að fylgja þessu frv. Svo kann að vera um fleiri, að þeir sjái sér ekki fært að fylgja því. Aðrir kunna að sjá sér það fært, og verður að ráðast, hvernig það fer í þ. Eins verður að ráðast, hvernig fer um viðbætur eða breyt., hvort sem þær koma frá einstökum þm. eða n., ef menn sjá ástæðu til að bæta einhverju við nú. Það eitt er víst, að ég held, að allir hljóti að vera sammála um það, að löggjafinn hafi undanfarin ár í mörgum efnum hlaðið á ríkissjóð skuldbindingum allt of hratt. Ég ber mína fullu ábyrgð á því sem þm., en ég tel mér leyfilegt fyrir því að lýsa yfir þeirri skoðun, sem hefur magnazt í mér núna síðan þessi löggjöf er farin að sýna sig í verki, að hér sé um allt of margar lagagreinar að ræða, sem íþyngja ríkissjóði með skyldum um lán eða bein fjár-

framlög og mörgum fleiri hlutum, sem þyrftu að koma inn í þennan bandorm, eins og hv. þm. tók fram. En honum er ljóst og okkur öllum, að til þess að fá slíku framgengt þarf miklu meira en vilja eins einstaks þm. eða jafnvel þótt tveir séu. Til þess þarf samtök, sem ná yfir meiri hluta þingsins, að standa að þeim breyt., sem gera þarf í þessum efnum, og ég held, að margir muni viðurkenna, að hér hafi verið gengið fulllangt.

Ég skal svo ekki þreyta umr. um þetta mál að sinni. Ég hef reynt að benda á hæði um hvað frv. væri, hvað það snertir og þær skerðingar, sem það hefur í för með sér, og líka hef ég leitazt við að upplýsa eins og mér er unnt þann misskilning, sem á sumum pörtum hefur komið hér fram í umr.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka mjög ákveðið undir þær skoðanir, sem komu fram hér áðan í ræðu hv. þm. Barð., um það, að fjárhagur ríkisins eins og hann er nú og hefur verið undanfarin ár gefur ekkert tilefni til þess, að borið sé fram slíkt frv. sem þetta, er hér liggur fyrir á þskj. 490. Hv. þm. er, eins og kunnugt er, form. fjvn. og þess vegna mjög vel kunnugt um fjárhag ríkisins, enda öllum þm. kunnugt, að undanfarin ár hefur orðið verulegur tekjuafgangur á rekstri ríkisins. Og þótt mikið sé talað um það nú, að mjög mikill samdráttur muni verða frá því, sem áður var, held ég, að ekkert sanni enn, að rekstri ríkisins sé enn nokkur hætta búin, sem gefi ástæðu til að flytja mál á borð við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég held líka, að frv. sjálft sanni það í raun og veru, að sjálf hæstv. ríkisstj. taki ekki þetta mál, þessi fjárhagsvandræði ríkissjóðs, mjög alvarlega, því að ef það væri, þá mundi hún áreiðanlega stíga stærra skref en með þessu frv., því að sá sparnaður, sem hér er um að ræða, er raunverulega alls ekki mikill miðað við þær upphæðir, sem fjárl. eru farin að velta á í dag. Sparnaðurinn felst í 1.—2. tölul. 1. gr., og ef miðað er við þær fjárveitingar, sem verið hafa á fjárl. t. d. s. l. ár og nú til þeirra framkvæmda, sem 1. tölul. fjallar um, er það ekki nema innan við ½ millj. kr., nú um 400 þús., sem áætlað er í þessum kafla. Og sá sparnaður, sem felst í 3. tölul., nemur 1 millj. kr., eða sparnaður á þessu samanlögðu innan við 1½ millj. kr. Nú held ég, að menn hljóti að kannast við það, að ef fjárhag ríkisins væri út af fyrir sig slík hætta búin sem látið er í veðri vaka í sambandi við þetta frv., gæti þetta áreiðanlega ekki valdið neinum úrslitum, hvort ríkissjóður fer svo að segja á höfuðið eða ekki. Ég held, að ef ríkisstj. meinti það, sem hún lætur í veðri vaka með þessu, mundi hún gera róttækari ráðstafanir en felast í þessu frv.

Ég vil líka taka undir það, að ef fyrir hendi er virkileg þörf til þess að fara að bjarga fjárhag ríkissjóðs með þessum hætti, þá væri margt annað, sem frekar ætti að taka og spara útgjöld til en þau mál, sem hér er fyrst og fremst ráðizt að. Ég held, að sparnaðurinn, ef þörf er fyrir hann, ætti að koma fram í allt öðru sambandi en við þau mál, sem hér er lagt til, að sparað verði á. En ég held líka, að það sé ekki fyrst og fremst sparnaður, sem er í huga ríkisstj., þegar hún flytur þetta frv. Ég held, að það sé annað, sem fyrir henni vakir, og þá fyrst og fremst það að hindra, að tilætlað gagn verði af þeirri lagasetningu, sem sett var hér fyrir aðeins tveimur árum síðan fyrir páv. ríkisstj. Ég hygg, að frv. beri þannig vott um, ekki sparnaðarhug ríkisstj., heldur um hitt, að hún sé andstæð þeim málum, sem hér á að fara að spara á, og vilji því koma í veg fyrir, að af þeirri lagasetningu verði sá árangur, sem efni stóðu til af þeim, sem beittu sér fyrir henni á sínum tíma.

Eins og frv. ber með sér, er hér um að ræða lög, sem sett voru fyrir tveimur árum síðan, og þá í fyrsta lagi l. um opinbera aðstoð við bygging íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sem ég man eftir, að þótti mjög merkileg lagasetning, þegar hún var sett, og haft á orði ekki sízt af þeim flokki, sem taldi sig hafa forgöngu um þá lagasetningu, Alþfl. Hv. þm. Ísaf. (FJ), sem þá var félmrh., eins og menn muna, flutti frv., og ég man eftir því, að hann og flokksmenn hans töldu sínum flokki mjög til gildis að hafa haft forgöngu um þá lagasetningu og taldi hana mjög mikils virði, og vil ég ekki draga úr því; ég er sömu skoðunar, að full ástæða sé til, að henni hefði verið fylgt eftir eins og fyrirmæli l. stóðu til. Nú verður hins vegar að viðurkenna, að svo hefur ekki verið gert, — sízt af öllu um þann kafla, 3. kafla l., sem nú er lagt til, að frestað verði algerlega framkvæmdum á: um aðstoð við byggingar bæjar- og sveitarfélaga. Fyrirmæli þessa kafla voru þá algert nýmæli í l. og þess vegna líka eins merkilegur hlutur þessara góðu l. Tilgangurinn með því að setja þennan kafla var sá að útrýma á skömmum tíma, fjögurra ára bili, öllum heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum, og um það verður varla deilt, að sá tilgangur var mjög lofsverður. Hitt er svo að vísu mála sannast, að um framkvæmd þessa kafla l. hefur engan veginn orðið svo sem hefði þurft að vera, vegna þess að ríkið hefur ekki staðið við þær skuldbindingar, sem því voru lagðar á herðar með þessum kafla l. um útvegun lánsfjár til bæjarfélaga til þess að þau gætu byggt samkv. þeirri áætlun, sem gera átti og í ýmsum kauptúnum a. m. k. var gerð um útrýmingu þessara heilsuspillandi íbúða á tilteknum tíma. Ég vil í því sambandi geta þess hér, að t. d. Akureyrarkaupstaður fór strax eftir að þessi l. höfðu verið sett á grundvelli þeirra að gera rannsóknir og skýrslur um heilsuspillandi íbúðir á Akureyri, sem reyndust vera þó nokkuð margar, ekki síður hlutfallslega en í Rvík, og þessar skýrslur voru lagðar fyrir ríkisstj. og ekki rengdar af henni, vegna þess að fyrir því lágu fullkomin rök, að þessar íbúðir voru heilsuspillandi. Bæjarstjórn Akureyrar fór hvað eftir annað fram á það við ríkisstj., að henni yrði útvegað lán, eins og tilskilið er í 3. kafla l., til þess að geta byggt íbúðarhús með það fyrir augum að útrýma þessum heilsuspillandi íbúðum. Þrátt fyrir í-

trekaðar tilraunir í þá átt og fleiri en eina sendiferð af hálfu bæjarstjórnarinnar til Rvíkur á fund ríkisstj. til þess að fá fram þessa lögboðnu aðstoð til þess að útrýma sínum heilsuspillandi íbúðum hefur enn ekki fengizt nein aðstoð af hendi ríkisstj. í þessum efnum. Nú er upplýst hér, að ríkissjóður hefur tekið 5 millj. kr. lán til aðstoðar við bæjarfélög til þessara framkvæmda. Ég hefði gjarnan viljað í sambandi við þessa umr. biðja fjmrh. að gefa upplýsingar um það, hvernig þessu lánsfé hefur verið varið, hvaða bæjarfélög það séu, sem hafi orðið aðnjótandi þessara lána, og hve mikið það sé, sem lánað hafi verið til hvers bæjarfélags í þessu skyni. Það er ekki ófróðlegt að fá að vita um það og sérstaklega vegna þess, sem ég áðan sagði um þær undirtektir, sem Akureyrarbær hefur fengið í þessu máli, þar sem hann hefur ekki fengið neina aðstoð af hálfu ríkisins til þessa byggingarstarfs. Nú, — þó að útvegaðar hafi verið þessar 5 millj. kr., sem ég geri ráð fyrir, að að mjög verulegu leyti fari til byggingar í Rvík, enda ekki að neita, að þörfin hér er mikil, þá er víst, að með því er þörf bæjarfélaganna ekki fullnægt nema að örlitlu leyti, og þess vegna getur ekki heldur að mínu áliti náð neinni átt, að ríkissjóður fari nú þegar, tveimur árum seinna, meðan framkvæmdirnar enn eru jafnskammt á veg komnar, en þörfin hins vegar hjá mörgum bæjarfélögum langtum meir aðkallandi nú en þegar l. voru sett, þá getur ekki komið til nokkurra mála, að ríkið fari nú að kippa að sér hendinni og afturkalla með öllu þá aðstoð, sem því ber að veita bæjarfélögum samkvæmt þessum lögum. Og eins og ég gat um áður, ef fyrir hendi er jafnmikil þörf og áður að fara að spara á fjárlögum ríkisins, þá er áreiðanlega hægt að finna aðra staði, þar sem frekar væri verjandi að kippa að sér hendinni en á þessu sviði og í þessum lögum.

Svipuðu máli gegnir um 3. tölul., þar sem um er að ræða sparnað á framlagi ríkisins til landnáms og nýbyggða í sveitum. Þessi lagasetning miðar að því að greiða fyrir því að koma á verulegum umbótum í búskaparháttum landsins og gera mönnum auðveldara en ella að lifa á þessum stöðum svipuðu menningarlífi og gerist í fjölmenninu í kaupstöðum landsins, svo að mínu áliti gegnir um þetta sama máli, að þetta eru ein af þeim l., sem sízt skyldi á ráðizt, þegar ríkið telur sér nauðsynlegt að spara til ýmissa framkvæmda á fjárlögum ríkisins. Ég tel þess vegna, eins og ég gat um í upphafi, að það sé ekki fyrst og fremst sjálfur baráttuhugurinn, sem vakir fyrir ríkisstj. í þessum efnum, heldur annað, og ég tel enn fremur, að ef um sparnað væri að ræða, ætti sízt að byrja á því, sem ráðizt er að í þessu frv., og af þeirri ástæðu mun ég greiða atkv. móti þessu frv., þegar að því kemur að afgr. það hér frá deildinni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að tala langt mál um þetta frv., en ástæðan til þess, að ég segi nokkur orð, er sú, að fallið hafa ýmis ummæli frá þm. Barð., sem mér finnst ástæða til að minnast á, en áður en ég kem að því, vil ég segja það um það frv., sem hér er til umr., að því verður ekki neitað, að ýmislegt af því, sem hér á að fresta, er þannig vaxið, að um það geta verið a. m. k. skiptar skoðanir, hvort það er ekki ýmislegt annað, sem þá mætti fylgja með eða taka fremur. Og náttúrlega verður því ekki neitað, að fjárhæðin, sem sparast, er ekki stór, þó að hins vegar megi svara því, að einhvers staðar verði að byrja.

Ég heyrði á hv. þm. Barð., að hann er ekki ánægður með það fyrirkomulag, sem er á fjárhagsráði og viðskiptanefnd. Það er enginn efi á því, að ástæðan til þess, að þessi l. um fjárhagsráð og viðskiptanefnd voru sett, var sú, að mönnum þótti sem fjárfestingin undanfarin ár hefði verið nokkuð skipulagslaus og með öðrum hætti en ákjósanlegt hefði verið. Þess vegna verður að líta á l. um fjárhagsráð sem eins konar „reduktion“ frá stefnu fyrri ára. Það, sem menn festu þó fyrst og fremst augun á, var það, að fjárfestingin hafði að sumu leyti farið úr hófi fram, þó að ég álíti, að hún hafi kannske verið of lítil á öðrum sviðum. Þegar þessi lög um fjárhagsráð voru sett, þá var fyrst og fremst hugsað um þær framkvæmdir, sem gera átti, og ráðinu fengið vald til þess að ákveða, hvaða framkvæmdir mætti gera.

Í sambandi við störf ráðsins hefur verið talað um áætlunarbúskap og þau jafnvel verið kölluð því nafni, en það er alrangt að kalla starfsemi ráðsins það. Það má benda á það, að ef á að koma á áætlunarbúskap í einhverju þjóðfélagi, þá þarf valdsvið þeirrar stofnunar, sem hann á að hafa með höndum, hvort sem það er fjárhagsráð eða einhver önnur stofnun, að vera miklum mun víðtækara en það valdsvið, sem fjárhagsráð nú hefur. Í l. er ekki minnzt á það, að fjárhagsráð eigi að hafa eftirlit með því, að dýrtíðin í landinu verði aldrei svo mikil, að hún valdi truflunum á sviði atvinnuvega og fjármála. Gerð var fyrirspurn um það til ríkisstj., hvort ráðið ætti að gera till. í dýrtíðarmálunum, en hæstv. ríkisstj. svaraði á þá leið, að hún óskaði þess ekki. Þetta út af fyrir sig veldur því að sjálfsögðu, að eitt grundvallaratriði þess, sem fjárhagsráð ætti að fjalla um, ef um áætlunarbúskap væri að ræða, er alls ekki í verkahring þess. Dýrtíðarmálin ráða því að miklu leyti, hvað mikil útgjöld ríkissjóðsins eru, og nú er svo háttað, að talið er, að ríkissjóður kosti 55 millj. kr. til niðurgreiðslu á dýrtíðinni. Hér er um svo stórt atriði að ræða, að ef áætlunarbúskapur væri hér, þá þyrfti fjárhagsráð fyrst og fremst að ráða þessu, en út í það skal ég ekki fara frekar að sinni. Hins vegar vil ég benda á það, að fjárhagsráð hefur ekki með höndum, hvernig haga skuli rekstrargjöldum ríkisins. Það hefur auðvitað stórkostleg áhrif, og sama er að segja um skiptingu vinnuaflsins. Þá komum við að verzlunarmálunum, þar hefur fjárhagsráð heldur ekkert haft að segja; jafnstórkostlega þýðingu og þau hafa þó, og það er augljóst mál, að ef á að vera um áætlunarbúskap að ræða, sem í lagi sé, þá verður að draga verulegan

hluta af því fjármagni og vinnuafli, sem til verzlunarinnar fer, og láta það aftur á móti ganga til framleiðslunnar. Ég vil taka það fram, að þessi orð mín eru ekki till. um áætlunarbúskap. Það hefur sýnt sig, að þessi eini þáttur, verzlunarmálin, er þannig, að hæstv. Alþ., ríkisstj. og fjvn. geta ekki sætt sig við það, að fjárhagsráð ráði honum.

Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, — og ég hafði það einnig í huga, þegar l. um fjárhagsráð voru sett, og ég hef einnig lýst því áliti mínu við ríkisstj., — að fjárhagsráð og viðskiptanefnd ættu að vera eitt ráð, sem starfaði í nánu sambandi og samráði við Hagstofu Íslands. Hagkerfi okkar er enn algerlega ófullnægjandi, en mikið ríður á að koma á fót góðri hagstofu með víðtæku starfssviði. Þessi nýja hagstofa ætti fyrst og fremst að vera ráðgefandi. Í fyrsta lagi um framkvæmdir ríkisins, í öðru lagi um lausn dýrtíðarvandamálanna, í þriðja lagi, hversu mikill fjöldi starfsmanna ríkisins skyldi vera, og í fjórða lagi, hvernig reka skuli verzlunarmálin, þannig að þau taki ekki of mikið fjármagn og vinnuafl frá framleiðslunni. Það má minna á það, þó að ekki liggi fyrir greinilegar skýrslur um þetta atriði, sem þó væri í mesta máta nauðsynlegt, að það er þegar upplýst, að nokkuð af þeim nýsköpunaratvinnutækjum, sem komið hefur verið upp undanfarin ár, vantar nú tilfinnanlega vinnuafl. Það liggur m. a. fyrir, að nokkrir bátar stunda nú ekki vetrarvertíð vegna fólkseklu. Þess ber þó að gæta, að erfitt er að draga markalínuna í þessu efni, þar sem um það getur verið að ræða, að ekki borgi sig að gera út, jafnvel þótt menn fengjust á bátana.

Ég get lokið þessum ummælum mínum um fjárhagsráð með því, að þótt ég telji, að það hafi unnið þarft verk og að mörgu leyti merkilegt, þá álít ég, að þetta fyrirkomulag sé ekki til frambúðar.

Þegar fjárhagsráð tók til starfa á s. l. hausti, var ástandið þannig, að svo sem ekkert byggingarefni var til í landinu, gjaldeyrir var enginn til og búið var að eyða því fjármagni, sem til hafði verið. Bankarnir gátu ekkert lánað, en fjöldi fyrirtækja og framkvæmda, svo sem frystihús, íbúðarhús o. fl., stóð hálfkarað, vegna þess að ekki fékkst efni til að ljúka því. Einn stærsti og merkasti þátturinn í starfsemi fjárhagsráðs er sá, að það hefur komið í veg fyrir það, að efni væri eytt til framkvæmda, sem ekki gátu talizt nauðsynlegar í bili. Ég skal geta þess, að sótt hefur verið um leyfi fyrir verzlunarhúsum að upphæð 44 millj. kr., en veitt hafa verið leyfi fyrir 4 millj. kr., og er það mest til þess að hægt sé að ljúka við þau verzlunarhús, sem þegar var byrjað á. Sótt hefur verið um leyfi til þess að framkvæma eitt og annað, sem til þarf 87 þús. tonn af sementi. Innflutningur s. l. árs mun hafa verið 60 þús. tonn, en gert er ráð fyrir, að á þessu ári verði flutt inn 45 þús. tonn, og er það þrefalt meira en flutt var inn árin fyrir stríðið. Fjárhagsráð hefur reynt að skipta þessu þannig, að framleiðslan sæti fyrir og sömuleiðis íbúðarhúsabyggingar og aðrar framkvæmdir, sem teljast mega aðkallandi. Til dæmis um hinar mörgu og miklu leyfisbeiðnir til fjárhagsráðs vil ég nefna félagsheimilin, en til þeirra hefur verið sótt um 12 millj. kr., en ákveðið hefur verið að veita þeim leyfi fyrir 1 millj. kr. — Ef ekki væri hér neins staðar tekið í taumana, er áreiðanlegt, að í ofanálag á allar hafnirnar og hinar ýmsu hálfkláruðu framkvæmdir hefðu verið byggð verzlunarhús fyrir 44 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta lengur, en margt fleira mætti um það segja. Hins vegar sé ég ástæðu til að svara því nokkru, sem hv. þm. Barð. sagði um það, að fjárhagsráð hefði leyft skólabyggingar fyrir 17 millj. kr. Ef ég man rétt, þá hefur fjárhagsráð veitt leyfi fyrir 6 nýjum skólum í stað 45, sem beðið hefur verið um leyfi fyrir. Það hefur ekki verið hægt að setja fótinn fyrir þessa skóla, sem leyfi hefur verið veitt fyrir, og sums staðar hefur verið svo erfitt um húsnæði, að ef ekki hefði verið úr því bætt, hefði kennsla orðið að hætta. Meðal þeirra staða, þar sem vantar skóla, er Skagafjörður, en þar hefur bygging skólahússins verið stöðvuð. Einnig vantar skóla á Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum. Ég nefni bara þessi þrjú dæmi af svo ótal mörgum, sem fyrir hendi eru. Samkvæmt fræðslulöggjöfinni nýju þá er, eins og við vitum, heimilt að hefja framkvæmdir með lögboðnum styrk úr ríkissjóði. 29 skólar af þeim 45, sem koma undir þetta ákvæði, hafa fengið leyfi vegna þess, að við treystum okkur ekki til þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim, sem hér var um að ræða, vegna hinnar brýnu nauðsynjar í öllum tilfellunum á nýjum skólahúsum. Þegar reiknað er svo út, hvað greiða skal til þessara skóla úr ríkissjóði, þá eru það um 17 millj. kr., eins og hv. þm. Barð. sagði réttilega.

Nú verða menn að athuga það, að það er alls ekki fjárhagsráð, sem ræður framkvæmdum í landinu, þó að það eigi að heita svo, heldur eru þær ákveðnar og bundnar af þeirri löggjöf og því, sem gert hefur verið undanfarin ár, og í sambandi við starfsemi fjárhagsráðs er þess vegna ekki hægt að tala um áætlunarbúskap. Allt að helmingur þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið síðan fjárhagsráð tók til starfa, var hafinn, þegar það var stofnað. T. d. vil ég minnast hér á stórt verzlunarhús, sem mun kosta 2—3 millj. kr. Byrjað var á byggingu þess, þegar fjárhagsráð tók til starfa, en eftir það var byggingin stöðvuð í 2 mánuði, en að lokum varð þó að halda því áfram, þó að til þess þurfi mikið efni. Sama er að segja um annað stórhýsi, sem áætlað var, að kosta mundi 2 millj. kr. Byggingin var stöðvuð um tíma, en þar sem hún kom til með að kosta eigendurna 40 þús. kr. á ári, ef ekki væri haldið áfram, þá sá fjárhagsráð sér ekki annað fært en gefa leyfi fyrir því. Svipað stendur á um mikinn fjölda framkvæmda. Sem stendur sjáum við ekki, hvernig hægt verður að láta þessi 45 þús. tonn af sementi, sem ákveðið hefur verið að flytja inn í landið á næsta ári, nægja til allra þeirra framkvæmda, sem þegar hefur

verið byrjað á og fyrir hendi er að gera, jafnvel þótt ekki sé tekið nema það, sem mest er aðkallandi, svo sem hafnir, íbúðarhús úti um land og fleira.

Ég vil ljúka máli mínu með því að benda mönnum á það, að til þess að um fullkomna áætlun geti verið að ræða innan hins takmarkaða sviðs fjárhagsráðs, þá þarf í fyrsta lagi að liggja fyrir áætlun um út- og innflutning, í öðru lagi skýrslur um vinnuaflið í landinu og skiptingu þess og í þriðja lagi skýrslur um tekjur þjóðarinnar. Til þessa alls hefur fjárhagsráði enn ekki unnizt tími, og hefur það mjög seinkað fyrir, hversu hagskýrslukerfið hér hjá okkur Íslendingum er ófullkomið. Erlendis er þetta svo fullkomið, að hver og einn einstaklingur getur fylgzt með þjóðarbúskapnum með því að lesa skýrslur þær, sem fyrir liggja um það. Störf fjárhagsráðs hafa hingað til að mestu farið í það að bjarga því, sem hægt var að bjarga, sem sagt því, sem byrjað var á, en þegar í upphafi skorti bæði efni og gjaldeyri, svo að skilyrði hafa verið og eru hin örðugustu.

Mér er óhætt að fullyrða það, að allir þeir, sem unnið hafa í fjárhagsráði, hafa unnið eftir beztu samvizku, og það er álit mitt, að starf það, sem ráðið hefur unnið, sé bæði mikið og merkilegt, þó að ræða hv. þm. Barð. hafi ekki gefið tilefni til að álíta það. Ég get verið þessum hv. þm. sammála um, að fjárhagsráð sé ekki frambúðarfyrirkomulag, þó að ég sé þess fullviss, að hvaða menn sem hefðu starfað í því, þá hefði þeim ekki tekizt — og það af þeirri einföldu ástæðu, að ekki hefur unnizt tími til þess — að safna fullkomnum skýrslum um vinnuafl og þjóðartekjur á jafnstuttum tíma og ætlazt hefur verið til. Ég veit, að fjárhagsráði er það ljóst, að strax þegar búið er að ganga frá fjárfestingarleyfum og áætlun um út- og innflutning, þá er það næsta verkefni, sem bíður úrlausnar fjárhagsráðs, að gera áætlun um vinnuaflið í landinu og skiptingu þess. Ég gat þess áðan, að ég hefði um skeið starfað í fjárhagsráði. Ég hef unnið þar eftir beztu getu, og mér er það ljóst, að margt þarf að gera, en að þessu sinni mun ég ekki gera það að umtalsefni. Að svo stöddu mun ég enga yfirlýsingu gefa um það, hvernig ég mundi greiða atkvæði um það, hvort leggja ætti fjárhagsráð niður eða ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta og hef nú gefið upplýsingar í sem fæstum orðum út af ummælum hv. þm. Barð. og læt því máli mínu lokið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það eru nokkur orð til hv. þm. Barð. til að vita, hvort hann getur öðlazt réttan skilning. Hann var að ávíta landbn. fyrir, að hún hefði fellt till. fyrir honum. Mér skildist á honum og hæstv. fjmrh., að þetta væri mikil yfirsjón. Ég vil benda á, að til eru ýmsar greiðslur úr ríkissjóði, sem hafa verður á fjárlögum án þess að upphæðin sé ákveðin. Við skulum taka sem dæmi, að ríkisstj. ákveði að verðlauna minkadráp með 30 kr. á hvert skott. Hvernig á nú að setja þetta og ákveða upphæðina án þess að vita, hve mörg skottin verða? Eins er það með jarðabótastyrk, enginn veit fyrirfram, hve miklar jarðabætur verða á hverju ári, og verður því upphæð sú, sem til þeirra er varið, alltaf áætlun. Enginn veit heldur fyrirfram, hve mikið þarf að greiða í verðlaun, þegar ég fer á nautgripasýningar, þegar ríkissjóður leggur fram 50 aura á hverja kú gegn sama framlagi úr sveitarsjóði. Í hittiðfyrra hlaut ekkert naut 1. verðlaun á Austurlandi, og hið sama skeði á Norðurlandi í sumar. Maður veit ekki fyrirfram, hvað mikið eyðist, hve oft maður þarf að greiða 100 kr. 1. verðlaun, og það sést ekki fyrr en svæðið er búið. Í sumum hreppunum eyðist ekki allt fé, annars staðar gengur það allt upp. Og greiðslur, sem ekki er hægt að segja, hve miklar verði, verða ætíð að vera áætlaðar, þótt leitt sé, og tekur engu tali að setja það eins og nú er í fjárlögum. Það á að vera regla Alþ. að gera fjárl. sem réttust og sönnust. En nú er vitandi vits sleppt því, sem allir vita, að á að vera þar, vitandi vits falsað í fjárl., til þess að þau líti betur út, og nefndi hv. þm. Barð. mörg dæmi þess og er ég honum sammála í því, að fjárl. eigi að vera sem sönnust. Suma útgjaldaliði verður að áætla, en það verður að vera sem næst hinu sanna.

Forseti (BSt): Þar sem komið er fram yfir miðnætti og nauðsynlegt að ljúka 1. umr., vil ég biðja menn að takmarka mál sitt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil verða við tilmælum hæstv. forseta og verða ekki margorður, enda tækifæri til að ræða það við tvær aðrar umr., ef það kemur þá nokkurn tíma úr nefnd. Ég get verið sammála lögunum sjálfum, ef hæstv. ráðh. ber þau fram sem sérstakan lagabálk. En hér horfir öðruvísi við, þar sem verið er að kippa burt lagastoð, sem fólk hafði treyst á. Ég var ekki með öllu samþykkur þessum l., enda var um helmingur þm. andvígur þeim. Ég benti á þá hættu, sem nú hefur komið fram, að rentufóturinn við stofnlánadeildina væri of lágur. Sú bjartsýni, að hægt væri að fá fólk til að leggja fram stórar upphæðir gegn 2—3% rentum með eignakönnun og fleiru hefur brugðizt. Nú er breyting gerð á fleiru. Í frv. er gert ráð fyrir, að stj. útvegi og láni mönnum fé með lágum vöxtum. Ég mun ræða það við hæstv. ráðh., ef hann vill bera fram brtt. við frv. sjálft, en ef það er borið fram sem bandormur, þá get ég ekki fylgt því.

Áföll þau, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir í seinni tíð, stafa fyrst og fremst af því, að öll löggjöf stefnir að því að draga úr einstaklingsframtakinu og koma rekstrinum í hendur félagssamtaka og hins opinbera. Þetta hefur í för með sér minnkandi tekjur fyrir ríkissjóð, þar sem þessi félög hafa meiri skattfríðindi en einstaklingar. Ríkissjóður hefur einnig orðið að taka ýmislegt að sér, sem einstaklingar höfðu áður og ríkissjóður græddi þá hvað mest á. Ríkissjóður hefði ekki fengið jafnmikið á-

fall af síldveiðunum, ef Kveldúlfur hefði stundað þær, og ekki hefði orðið jafnmikið tap á áætlunarferðunum á milli Hafnarfjarðar og Rvíkur eða milli Akraness og Akureyrar, ef Steindór hefði haft þær. Ef stefna á í þessa átt, verður að spyrna við fæti. Ríkið er sífellt að fara lengra og lengra inn á svið einstaklinganna og frestar framkvæmdum á góðum og nauðsynlegum lögum, sem það á að sjá um framkvæmd á, með bandormi.

Ég vil nú verða við tilmælum hæstv. forseta og ræða þetta frv. ekki frekar í dag. Ég mun geyma til 2. umr. að ræða við hv. þm. Str. Annars er ég honum þakklátur, því að ýmislegt af því, sem hann sagði, var það sama og ég hafði sagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:3 atkv. og til fjhn. með 11 hlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, n. 539 og 540, 548).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til athugunar á fundum sínum, en ekki hefur n. öll getað orðið sammála um málið.

Eins og hæstv. fjmrh. benti á við 1. umr. málsins, var prentvilla í frv. Hana leiðréttir n. nú með brtt. á þskj. 539. Fjórir nm., allir nema hv. 4. landsk., hafa lagt til, að frv. yrði samþ. með þessari leiðréttingu, en einn af okkur fjórum hefur áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Ég hygg, að n. hafi verið sammála um, að það mundi verða nokkuð féfrekt, ef veitt væri ótakmarkað fé til að byggja hús, og þar þyrfti á að ósi stemma, eins og fjárhagur ríkisins er nú. Má segja, að það sé nokkuð erfitt fyrir suma, sem hafa gert sér von um að fá byggingarleyfi, en ef allir fá allt, sem þeir óska og vilja, þá er ekki heldur hörgull á neinu. En þó að stöðvaður sé í bili sá fjárstraumur, þá hygg ég, að ekki horfi til stórvandræða.

Um 2. lið á frv. varð alveg samkomulag. Ég held, að allir hafi verið sammála um að leggja það til, enda er það ekki nema eðlileg hækkun, þar sem komin er hækkun á allar greiðslur til ríkissjóðs.

Þriðji liðurinn er sá, sem marga tekur sárast. En ég hygg þó, að eins og nú standa sakir og jafnvel á næsta ári þá muni ekki koma kyrkingur í nýbyggingar, jafnvel þó að framlagið sé lækkað um þessa einu milljón, en hvað síðar kann að verða, skal ég engu spá um. Ég hygg, að ekki sé framkvæmt meira í þeim efnum en svo, að ekki sé gerð nein skemmd, þó að þetta sé dregið úr á þessu og næsta ári.

N. hefur ekki getað borið sig saman um þær brtt., sem fyrir liggja frá hæstv. ráðh., og hef ég því ekkert umboð til að tala um þær fyrir n. hönd, en ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. muni skýra það mál hér við þessa umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 588) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði í sinni ræðu, þá er ég andvígur þessu frv. Ég gerði nokkra grein fyrir afstöðu andstæðinga frv. við 1. umr. og skal nú bæta þar nokkrum orðum við frá minni hálfu.

Nú síðast er fram komin skrifl. brtt. frá hæstv. dómsmrh. að leysa bæjarfélögin undan skyldu l. um íbúðarhúsabyggingar alveg eins og ríkið. Auk þess hefur hæstv. fjmrh. nú borið fram brtt. við frv. um 100% hækkun á gjaldi af innlendum tollvörutegundum, sem ekki er nein smáræðistill. að bera fram, eftir að málið er komið úr n., og við frv., sem virðist hafa að innihalda ákvæði um nokkuð óskyld mál. Mér þykir því ekki líklegt, að hv. d. álíti rétt að afgr. við þessa umr. till., sem gengur svo langt.

Ég vil svo fara nokkrum orðum almennt um afstöðu mína til þessa frv. Þarf ég ekki að hafa um hana mörg orð, en hún hefur inni að halda stórvægileg atriði og ákveðna stefnu. Með þessu frv., ef samþ. verður, er numin úr gildi mjög merkileg löggjöf, sem samþ. var fyrir tæpum 2 árum og undirbúin var af fyrrv. ríkisstj. og samþ. nokkru fyrir kosningar. Var henni fagnað mjög af almenningi í sveitum og bæjum og talin með merkari framfaramálum þessa tímabils, og vissulega voru hvor tveggja þessi lög, l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, mjög svo aðkallandi. Með þessari löggjöf tók Alþ. til úrlausnar þjóðfélagsvandamál, sem þoldu enga bið. Þegar styrjöldinni lauk, þurfti nauðsynlega að gera stórt átak í húsnæðismálum landsmanna til þess að bæta úr mjög aðkallandi þörf og til þess að forða miklum hluta þjóðarinnar frá heilsutjóni, er bjó í óviðunandi húsnæði. Það var sýnilegt, að einkaframtakið yrði aldrei þess megnugt að ráða fram úr þessu, hér þurfti þjóðfélagslegt átak að koma til. Sósfl. hafði lagt fram ýtarlegar till. um húsnæðismálin í bæjarstj. og víðar, sem miklar umr. urðu um. Árangurinn af þessum umr. urðu síðan þessi l., sem frv. var borið fram um á sínum tíma af félmrn. og samþ. af yfirgnæfandi meiri hl. þ. Enda þótt við sósíalistar teldum þessi l. ófullnægjandi, álitum við samt, að þau gætu orðið grundvöllur að miklum framkvæmdum og framförum í húsnæðismálunum, ef þau yrðu framkvæmd af heilindum og áhuga. En því miður hefur allt of lítið áunnizt enn þá í húsnæðismálunum. Ástandið í þessum efnum er enn óviðunandi og engu minni þörf mjög hraðvirkra framkvæmda en áður. Þetta sýnir bezt skýrsla héraðslæknisins í Rvík frá 27. janúar 1947 um ástandið í þessum bæ í húsnæðismálunum. Samkvæmt henni voru þá 652 heilsuspillandi íbúðir í Rvík, sem búið var í, en þessi athugun héraðslæknisins náði alls ekki til kjallaraíbúða og bragga og var því ekki tæmandi, því að þess-

ari athugun var ekki lokið að því er þessar íbúðir snerti. Af þessari ástæðu tel ég því ekki óvarlegt að áætla um 1000 íbúðir, sem hefðu verið dæmdar heilsuspillandi af lækni, ef fullkomin og tæmandi athugun hefði farið fram. Af þessu má sjá, hversu brýn þörf er á því, að þjóðin einbeiti kröftum sínum að því að leysa þetta mikla þjóðfélagsvandamál.

Hitt atriðið, sem miklu máli skiptir í þessu frv., fjallar um l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, sem sé um að fella niður 1 milljón af framlagi ríkissjóðs samkv. þeim l. Þessi l., sem einnig voru samþ. um sama leyti, eða fyrir síðustu kosningar, tel ég ein hin merkustu, sem Alþ. hefur samþ. um langt skeið, og hér var líka um mjög aðkallandi mál að ræða. Það er áreiðanlegt, að eitt af þeim þjóðfélagsverkefnum, sem þolir minnsta bið, er að hefja stórt átak í landbúnaðinum, til þess að hægt sé að framleiða landbúnaðarafurðir við skaplegu verði samtímis því, sem því fólki, sem við þessi störf vinnur, verði gert mögulegt að búa við mannsæmandi kjör. Hæstv. ríkisstj. rökstyður þennan nýja bandorm, eins og honum hefur verið nafn gefið, með því, að nauðsyn beri til að spara útgjöld ríkisins, þar eð við hefðum ekki ráð á þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir. Ég tel aftur á móti, að hér sé um útgjöld að ræða, sem einna seinast ætti að grípa til að spara. Og ég vil spyrja: Höfum við ráð á því að láta mikinn hluta íslenzku þjóðarinnar spilla heilsu sinni í óhæfum íbúðum? Ég segi nei. Aðrir þm. svara þegar þeir greiða atkv. um þetta frv. Ég spyr einnig: Höfum við ráð á því að bíða með að koma landbúnaðinum á hærra stig framleiðslutækja og framleiðsluskipulags? Höfum við ráð á því að greiða tugi milljóna í uppbætur með íslenzkum landbúnaðarvörum og verða samt sem áður að halda þeim í svo háu verði, að þetta er einn aðalþátturinn í verðbólgunni í landinu? Ég segi nei. Ef nauðsynlegt er að spara ríkissjóði útgjöld, þá á vissulega að byrja annars staðar, og það hefur þegar verið bent á ýmislegt, sem mætti spara. Það hefur t. d. verið bent á, að fjárhagsráð og stofnanir, sem eru í sambandi við það, kosti um það bil 4 millj. kr.; dómgæzla, lögreglustjórn, tollgæzla og eftirlit hins opinbera hefur hækkað frá síðustu fjárl. um samtals 3 millj. kr. Ætli það væri ekki nær að byrja á að athuga, hvaða möguleikar væru á að spara á þessum liðum? Og nú hefur sá maður, sem gerst ætti að vita um þessi mál, hv. form. fjvn., lýst yfir því, að hann teldi, að fjárhagur ríkisins þyldi vel þessi umræddu útgjöld, og það mun mála sannast, að tekjurnar eru stórum of lágt áætlaðar í fjárlfrv. eins og það er nú. Þetta er að vísu engin nýjung. Ríkisstj. hafa löngum sótzt eftir því að áætla tekjurnar of lágt, til þess að hafa frjálsar hendur til ráðstafana utan fjárl., og það er t. d. af þessum ástæðum, að hægt hefur verið að verja 4 millj. kr. utan fjárl. til þess að byggja yfir menn og mállausa að Bessastöðum. Ég hef alltaf verið andvígur þessari stefnu. Ég álít, að það sé Alþ., en ekki ríkisstj., sem á að ráða því, hvernig fjármunum ríkissjóðs er varið, og ég mótmæli því, að framkvæmd slíkra nytjamála eins og aðstoðar við landbúnaðinn og útrýmingar heilsuspillandi íbúða sé stöðvuð til þess, að ríkisstj. geti haft fé til þess að verja eftir sínu eigin höfði. Ég hygg, að ástæðan, sem fram er borin, þ. e. fjárskortur ríkissjóðs, sé fyrst og fremst tylliástæða, en ekki hin raunverulega ástæða, heldur einn þátturinn í þeirri stefnu að stöðva ýmsar veigamiklar framkvæmdir í landinu almenningi til handa, og hefur byggingarstarfsemin orðið sérstaklega fyrir barðinu á þessari stefnu, þar sem einstaklingum er bannað að byggja sér hús, þótt þeir geti lagt fram efni og peninga.

Þau l., sem nú er lagt til að gera í meginatriðum óvirk, voru samþ. fyrir síðustu kosningar, og frammi fyrir kjósendum töldu núverandi stjórnarflokkar þau sér til gildis, en eftir kosningar er gengið í að gera l. í verulegum atriðum óvirk. Þegar l. voru samþ., var jafnauðvelt að sjá fyrirfram eins og nú, hvernig gjaldþol og geta ríkissjóðs yrði til þess að framkvæma þau, og síðan hefur ekkert það komið fram, sem réttlætir, að framkvæmd þessara l. sé stöðvuð, — ekkert nema það, að afurðir landsmanna hafa selzt á góðu verði og hin nýju framleiðslutæki landsmanna hafa fært mikla björg í bú. Það, sem gerzt hefur, er þetta: Lög, sem samþ. voru fyrir kosningar, voru enn í fullu gildi meðan kosningar stóðu yfir og var fagnað af landsmönnum, en nú kemur upp úr kafinu, að það er ekki meiningin að framkvæma þau í meginatriðum. Ég tel þetta með öllu ósæmilega framkomu. Það er nú að vísu svo, að 3. liður frv. felur í sér frestun á greiðslu í eitt ár, en að fresta þessu um eitt ár getur í raun og veru leitt af sér áratuga eða jafnvel eilífðar frestun.

Legg ég til, að d. sjái sóma sinn í því að fella þetta frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 573) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir fyrirgreiðslu þessa máls, og það er auðvitað rétt hermt hjá hv. frsm. meiri hl., að mér vannst ekki tími til að bera undir n. sérstaklega þær brtt., sem ég síðan hef flutt við þetta frv., en vona, að þær séu þó ekki annars eðlis en þess, að hv. meiri hl. geti greitt fyrir þeim líka.

Að því er snertir afstöðu hv. minni hl. n., kemur mér hún ekkert á óvart, þar sem hann hafði við 1. umr. málsins svipuð ummæli um frv. og hann nú hefur gert. Hv. 4. landsk. þm. vill ekki sjá það, að aðstæður hafi breytzt síðan sú löggjöf var sett, er 1. liður frv. fjallar um, þ.e. l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Ég held því hins vegar fram, að því miður hafi hér mikil breyting á orðið að því leyti, er snertir gjaldgetu ríkissjóðs. Hv. þm. sagði, að þessi löggjöf hefði þó ekki verið að hans áliti og flokksbræðra hans fullnægjandi. Ég verð nú að segja, að ef sleppt er því að byggja klár-

lega yfir menn án þess að þeir beri nokkurn hluta kostnaðar þar af, hefði með þessari löggjöf verið farið eins nálægt því og þá þótti unnt, en í sjálfu sér er þessi löggjöf óframkvæmanleg, nema fyrir hendi sé gnægð lánsfjár í landinu og hagur ríkissjóðs góður. Hvort tveggja þetta hefur breytzt svo mikið til hins verra síðan þessi löggjöf var sett, að það er því miður lítið samanberandi ástandið 1946 og ástandið nú, enda þótt timabilið sé ekki langt. Allar þær miklu byggingar, sem hér hefur verið ráðizt í meðal annarra framkvæmda í landinu, hafa upp urið lánsfjármarkaðinn. Það viðurkenna allir, og ég er þess fullviss, að hv. 4. landsk. þm. er ekki það ógreindari en aðrir menn, heldur miklu fremur það gagnstæða, að honum er þetta eins vitanlegt og mér og öðrum dm. Hvaða ráð var nú fyrir hendi hjá ríkissjóði árið sem leið til þess að standa við þær kvaðir, sem þessi l. lögðu honum á herðar gagnvart húsbyggingun í Rvík? Það var ekki hægt að gera það nema með lántökum, sem meira að segja veittist nógu erfitt að útvega. Ég ætla, að það muni vera öllum ljóst, að þar sem ríkissjóður hefur alltaf um og yfir 40 millj. kr. yfirdrátt hjá Landsbankanum, muni honum ekki vera hægt um vik með fjárútlát, og það er ekki þessi löggjöf ein, sem miðar að því í þessu landi að hjálpa mönnum til að koma upp íbúðarhúsum, þó að með setningu þessarar löggjafar hafi ráðið of mikil bjartsýni, eins og reynslan hefur nú sýnt. Hv. þm. þarf ekki að ætla, að nokkur maður hafi ánægju af því að draga saman seglin í þessum efnum. Þær ráðstafanir, sem hér er lagt til að gera, eru þvert á móti gerðar af brýnni og sárri nauðsyn. Hvaða löggjöf sem um er að ræða og undir kunna að renna mismunandi sterkar stoðir, þegar hún er sett, þá er víst, að þegar reynslan leiðir í ljós, að ekki er hægt að framkvæma hana sómasamlega, þá er ekki annað fyrir hendi en að fresta eða breyta ákvæðum hennar. Hv. þm. hafði líka þau orð um 3. lið, sem er frestun eða tilfærsla á hluta af greiðslu þess framlags ríkissjóðs, sem honum ber að greiða til byggingarsjóðs samkv. 13. gr. l. nr. 35/1946. Það er ekki heldur gert til þess að eyðileggja þá löggjöf, að þetta er sett hér fram, enda hygg ég, að dæmin séu deginum ljósari í þá átt, að ríkisstj. hefur einmitt lagt sig í framkróka síðustu mánuðina sérstaklega varðandi þessa löggjöf og hefur nú tekizt að opna leið að því, að ræktunarsjóður og landnámssjóður geti fengið 5—10 millj., sem sama löggjöf gerir ráð fyrir. Þau verk, sem unnin hafa verið með því að útvega þetta fé til þess að fullnægja þessum l., hafa alls ekki verið unnin vegna þess, að ríkisstj. vilji ekki styðja byggingar í sveitum og kaupstöðum og ræktun landsins, heldur þvert á móti. Þau vitna á móti því, sem hv. 4. landsk. þm. var hér að segja, þannig að það, sem hann hefur til síns máls, er aðeins það, að hér er lagt til, að 1 millj. kr. af framlagi ríkissjóðs í báða þessa sjóði, sem er 5 millj., sé frestað um nokkurra ára bil.

Ég ætla, að það sé óþarfi fyrir mig að eyða hér fleiri orðum um þetta frv. Ég býst við, að það væri alveg sama, hvað ríkisstj. legði til í sambandi við þessa löggjöf hvað snertir byggingar í kaupstöðum og kauptúnum, sem hv. þm. sagði, að væri að hans dómi ófullnægjandi og að hann mundi alltaf sjá á því einhvern ljóð.

Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við þetta frv. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, sem kallað hefur verið bandormurinn, en það er ekkert nýtt nafn og ekki heldur nýtt fyrirbæri, að gerðar sé breyt. á l. á þennan hátt.

Hér er þá fyrst brtt. á þskj. 548. Þar er lagt til, að á eftir 3. tölul. komi nýr liður: „Niður skal falla umboð nýbyggingarsjóðsnefndar samkv. 14. gr. l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkisskattanefnd annast störf þau, er nýbyggingarsjóðsnefnd eru falin með framangreindum lögum, enda hefur hún þá fullnaðarúrskurð um þau mál.“ — Þetta er lagt til til þess að spara ríkissjóði fé. Þeir, sem störfuðu í n. eða formaður hennar töldu rétt að leggja n. niður og fela störf hennar ríkisskattanefnd.

Í annan stað er hér brtt. á þskj. 562, sem ég hef leyft mér að bera fram, varðandi gjald af innlendum tollvörutegundum. Hún er við 1. gr. og er lagt til, að aftan við hana bætist nýr tölul., svo látandi: „Fyrir orðin „100%“ í 1. gr. laga nr. 18 1948, um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, komi: 200%.“ — Þetta þýðir það m. ö. o., að sá raunverulegi tollur á þessum vörum mundi hækka, ef brtt. yrði samþ., um 50%, og er þessi till. borin fram til þess að afla ríkissjóði tekna, því að eins og þm. vita, eru ekki horfur á öðru en fjárl. verði nú afgr. með tekjuhalla, ef ekkert er gert varðandi tekjuöflun.

Við síðustu afgreiðslu fjárlfrv. frá 2. umr. nam tekjuhallinn 4—5 millj., og ég hef grun um, að hann muni fremur vaxa en minnka við 3. umr., og allir vita, að tekjuhallinn er þó aðeins brot af greiðsluhallanum, því að hann er um 28 millj., og ég ætla, að einhvers staðar þurfi að taka fé til að mæta þeim útgjöldum.

Hv. þm. talaði um það, að tekjurnar væru of lágt áætlaðar, og hið sama sögðu flokksbræður hans í Sþ., er frv. var lagt fram. Um það má deila. En ég get fullyrt, að við áætlun á þessum tekjum taldi ég og þeir, sem um þetta fjölluðu með mér, fullhátt farið á sumum liðum, og því miður árar nú ekki svo, bæði hvað snertir innflutning og öflun útflutningsverðmæta, að líkur séu til þess, að við höfum verið of svartsýnir. Mér þykir fyrir því, en við verðum að horfast í augu við staðreyndir. Og ég vísa algerlega á bug þeirri staðhæfingu, að ég hafi af ásettu ráði gert mér leik að því að áætla tekjurnar of lágt. Þvert á móti mun t. d. verðtollurinn of hátt áætlaður. Tollstjóri hefur gefið fjmrn. það upp, að verðtollurinn, ef miðað er við reynsluna í jan. og febr., sé langt neðan við áætlun, eða um 42 millj., en við áætluðum hann 60 millj., svo að það má koma hlutfallslega allmiklu meira í þennan sjóð en

enn er orðið, ef áætlun fjmrn. á ekki að verða miklu lægri en niðurstöðurnar að lokum. Ég tel það aðeins sjálfsagða skyldu hvers fjmrh. að reyna að ná jöfnuði á fjárl., úr því að Alþ. gengur ekki lengra til móts við sitt eigið sparnaðartal en reynslan sýnir. Hitt má alltaf gera, að benda á einstaka pósta, eins og hv. þm. gerði varðandi dómgæzlu og tollgæzlu, sem hann taldi, að mætti lækka, en það er órannsakað að mestu, og hv. þm. veit, að breyt. á því mundu kosta lagabreyt., sem gætu vafizt eitthvað fyrir þinginu líka.

Þessi tollur kemur mest á óþarfavörur og það, sem tæplega er hægt að telja nauðsynjavarning. Ég veit, að hann nemur aðeins broti af því, sem þarf til að jafna metin á fjárl., en það verður líka að lúta að því, sem lítið er, ef ekki á að verða allt of mikill munur gjalda og tekna að lokum.

Hv. þm. hélt því fram, að gjaldgeta ríkissjóðs væri nú engu óbjörgulegri en áður, en ég leyfi mér t. d. að benda á það, að hann varð þó fyrir því áfalli á síðasta ári að þurfa að greiða 20 millj. kr. verðuppbót á sjávarafurðir, og enn á þessu ári þarf að verðbæta þær, og við vitum ekki, hve mikið þeir tekjustofnar gefa, sem eiga að mæta þessum gjöldum. Árið 1946 var ríkissjóður hins vegar ekki farinn að dragast með neinar slíkar byrðar, svo að ég minnist á eitt atriði aðeins.

Síðasta brtt., sem ég flyt, er á þskj. 573. Ég vil víkja aðeins að því, að hún er að vissu leyti ekki rétt stíluð til þess að hún geti átt við þetta frv., því að til þess þyrfti að breyta fyrirsögn þess nokkuð, svo að það þyrfti að orðast: um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga o. fl. Hér er sem sagt ekki um lagabreyt. að ræða, heldur um sérstaka heimild, sem þarf að lögfesta, og mér fannst einfaldast að fá þá lögfestingu í sambandi við þessar bráðabirgðabreyt. Sem sagt, þetta er heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa stjórn Síldarverksmiðja ríkisins að leggja fram hlutafé í Hæring h/f, að upphæð 1250000 kr., til kaupa og rekstrar síldarbræðsluskips. Við höfum áður rætt þetta mál hér í d. í sambandi við annað frv., og þarf því ekki að fjölyrða um þessa brtt. og vona ég, að þm. geti samþ. hana. En ég legg fram skrifl. brtt. til að uppfylla form, þess efnis, að á eftir fyrirsögn þessa frv. komi orðin: og fleira. Með því að fá þá brtt. samþ., gæti formið alveg verið fullkomið, og brtt. ætti jafnan rétt á sér í frv. og annað, sem ég hef minnzt hér á.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þessar brtt., en vil leyfa mér að biðja forseta að taka á móti þessari skriflegu brtt. minni við fyrirsögn frv.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við fyrirsögn frv. frá hæstv. fjmrh. Þarf tvöföld afbrigði. Ég skoða leyfi hæstv. ríkisstj. fengið og leita þá samþykkis deildarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 590) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vildi tilkynna hv. deild tvennt. Í fyrsta lagi það, að nauðsynlegt er tímans vegna að halda annan fund með allmörgum málum á dagskrá, og er því nauðsynlegt að hraða þessum fundi. Í öðru lagi vil ég tilkynna það, að eins og venja er til á kvöldfundum, bíða manna góðgerðir í anddyrinu nú á eftir.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. flutti hér brtt. á þskj. 573, þar sem farið er fram á heimild fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til þess að gerast hluthafi í Hæringi h/f og taka þannig þátt í kaupum á síldarbræðsluskipi og síðan rekstri þess, og eiga þær að leggja fram 1250000 kr. í hlutafélag þetta. Eins og ég gat um í dag í umræðum um annað mál, tel ég nauðsynlegt, að þegar hið opinbera ver almanna fé til þess að gerast hluthafi í slíkum fyrirtækjum, í þessu tilfelli að hálfu, þá sé tryggt, að þeir, sem skipta við fyrirtækið, njóti fullkomins jafnréttis. Ég gerði því ráð fyrir því, að ef ráðh. leitaði þessarar heimildar, þá mundi ég flytja brtt. þess efnis, að öllum síldarútvegsmönnum væri jafnt gefinn kostur á að leggja síld í verksmiðjuna. Ég legg því fram brtt. þess efnis, að við till. fjmrh. bætist: „enda fái þeir síldarútvegsmenn, sem á hverjum tíma óska að skipta við þessa síldarbræðslu, jafnan aðgang til löndunar síldveiði sinni, svo sem verið hefur hjá Síldarverksmiðjum ríkisins.“ Ég þarf í raun og veru ekki að fjölyrða um þetta. Ég lýsti skoðun minni á þessu í dag og hef meðal annars tekið það fram, að vegna þátttöku hins opinbera álít ég, að allir síldarútvegsmenn eigi að hafa þarna jafnan aðgang, eins og farið er fram á í till.

Varðandi þetta mál að öðru leyti, þá lýsti ég skoðun minni við 1. umr. og andmælti því, að horfið væri frá framkvæmd þeirra laga, sem frv. fjallar um, og vísa ég til þess, sem þá var sagt, að ég tel síður en svo rétt af Alþ. að taka aftur lög, sem það hefur sett fyrir einum tveimur árum, því að ég tel ekki, að neinar þær breyt. hafi orðið síðan, sem réttlæti það að kippa nú að sér hendinni um framkvæmd þessara laga.

Hæstv. fjmrh. andmælti í ræðu sinni þeirri skoðun, sem hv. 4. landsk. lét í ljós um þetta, og hélt því fram, að gjaldgeta ríkissjóðs hafi breytzt síðan l. voru sett, og frestun á framkvæmd þeirra sé því nauðsynleg. En ég man nú ekki betur en á báðum þessum árum hafi orðið allverulegur tekjuafgangur og á síðasta ári um 30 millj. kr., og mér finnst því varla rétt að slá því fram, að gjaldgeta ríkissjóðs sé svo lítil orðin, að ekki sé hægt að framlengja lög, sem Alþ. setti fyrir tveimur árum, og það jafnþarfa lagasetningu og þessi er. Ráðh. hélt því fram, að það hefði ríkt allt of mikil bjartsýni, þegar lögin voru sett, og talaði um það, að með þessum l. væri svo langt gengið, að ákveðið væri að byggja yfir menn án þess að þeir bæru nokkurn verulegan hluta kostnaðarins. Þetta er rangt; menn áttu að bera kostnaðinn, en aðstoð ríkisins átti að vera sú að út-

vega mönnum lán, með hagkvæmum kjörum að vísu, svo að byggingarnar yrðu þeim ódýrari en ella. Kostnaðinn báru viðkomendur eftir sem áður. Það, sem sósíalistum þótti ábótavant, var einkum það, að ekki var tryggt, að lánsféð til framkvæmdanna væri útvegað, og það hefur sýnt sig, að ríkisstj. hefur ekki staðið við það að útvega lánin, og á því hafa framkvæmdir strandað að mestu. Að vísu hefur ríkisstj. tekið 5 millj. kr. að láni og hið sama inn í fjárl. til að greiða vaxtamismun, en framkvæmdir hafa þó ekki verið í samræmi við tilgang l. En þótt ekki hafi gengið betur en raun er á að framkvæma þessi lög, réttlætir það engan veginn, að hætt sé að framkvæma þau, heldur þyrfti nú einmitt að gera átök til þess að útvega meira lánsfé á grundvelli l. og útrýma heilsuspillandi íbúðum algerlega, því að það er þjóðarsmán, að fólk skuli þurfa að neyðast til þess ár eftir ár að hafast við í húsakynnum, sem að dómi lækna valda því heilsutjóni. Og ef svo væri, sem hæstv. fjmrh. heldur fram, að fjárhag ríkisins sé svo komið, að draga þurfi úr ýmsum framlögum, þá bæri fyrr að hefja þann sparnað á mörgum öðrum sviðum, áður en hætt er við framkvæmd slíkra laga sem þessara.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekar að umtalsefni það sem hæstv. ráðh. færði fram sem rök fyrir því að fresta framkvæmd þessara laga. Ég tel einsætt, þrátt fyrir ræðu hans, að þessi sparnaður sé engan veginn óhjákvæmilegur fyrir ríkissjóð, og þótt svo væri, bæri þá fremur að ráðast á garðinn annars staðar en gert er í 1. og 3. lið þessa frv. Mun ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en skila hæstv. forseta þeirri brtt., sem ég lýsti áðan.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 6. landsk. við brtt. á þskj. 573, svo hljóðandi:

„Við till. bætist: enda fái þeir síldarútvegsmenn, sem á hverjum tíma óska að skipta við þessa síldarbræðslu, jafnan aðgang til löndunar síldveiði sinni, svo sem verið hefur hjá Síldarverksmiðjum ríkisins.“

Þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 591) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk. hefur nú lagt fram brtt. þá, er hann boðaði í dag, en það er brtt. við brtt. mína á þskj. 573. Ég verð nú að taka fram í þessu sambandi, að þetta félag, sem hér er um að ræða, er stofnað með sérstökum sáttmála á milli þeirra aðila, sem að því standa, og þátttaka ríkissjóðs er aðeins hugsuð einn fjórði af hlutafénu. Þessir aðilar höfðu myndað samtök sín á þeim grundvelli, að skip þeirra útvegsmanna, sem legðu fram hlutafé, hefðu forgang um afgreiðslu hjá síldarvinnsluskipinu eftir nánari ákvæðum um það. Hins vegar batt ég hitt við borð, að á sumrum yrði þetta síldarverksmiðjuskip nothæft við norðurströndina, og þá fyrst og fremst í hvert sinn þar sem síld veiddist og lengst væri að flytja hana til verksmiðja í landi, og að þá hafi öll veiðiskip jafnan aðgang að því. Á þessum grundvelli geri ég ráð fyrir, að unnið sé að málinu, og því get ég ekki mælt með brtt. hv. 6. landsk. Ég vildi gjarnan, að ég gæti það, en ég hef ekki vald til þess. Ég þarf svo ekki að fjölyrða meira um þetta atriði, og inn á aðra hluti í ræðu hans er óþarfi að fara, enda var ég raunverulega búinn að svara því. En varðandi fyrsta lið 1. gr. frv., um framlög og lánveitingar til íbúðarhúsabygginga, þá vil ég bara benda á, að hv. sósflþm. þurfa ekki að halda því fram, að verið sé að eyðileggja l. um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum með þessari breyt., heldur er framkvæmd þeirra lögð í vald fjárveitingavaldsins á hverjum tíma. En l. verða vitaskuld framkvæmd eftir sem áður, þegar hægt er. Þetta fjas um heilsuspillandi íbúðir, — ég geri ráð fyrir, að aðrir þm. hafi ekki síður hug á að bæta úr því, þó að þeir fjasi minna um það. Og það er fjárveitingavaldið, eða þingið sjálft, sem alltaf hefur beztu yfirsýnina yfir það, hvað hægt er að gera og hvenær það er hægt, og hér er aðeins verið að leggja framkvæmd téðra laga á vald þingsins, en síður en svo verið að eyðileggja lögin, eins og komið hefur þó fram í ræðum sósíalista.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hélt í alvöru, að þetta frv. kæmi ekki úr n., og sízt af öllu bjóst ég við þeirri breyt., sem tilkynnt hefur verið. Þegar ég við 1. umr. hafði lýst afstöðu minni, benti ég á, að þetta væri allt annað en samkomulag hefði orðið um við afgreiðslu fjárl. Ég er hæstv. fjmrh. sammála um það, að sú frestun, sem um ræðir í þessu frv., verði ekki til þess að drepa l., ef nauðsyn hefði borið til að gera þetta, en um þá nauðsyn erum við aftur ekki sammála. Það er því mín skoðun, að hér sé gengið inn á afar vafasama leið, og sú skoðun mín styrkist við það, að ráðh. hefur nú fallið frá veigamesta atriðinu til að ná jöfnuði, svo að í rauninni er ekkert eftir nema þessi tvö deiluatriði. Ég trúi því satt að segja ekki enn þá, að ráðh. ætli þessu frv. að fara hér í gegn, og því síður þar sem það fer stigversnandi.

Ég er sammála honum um, að rétt hafi verið að setja inn till. á þskj. 548, um það var fullt samkomulag. En þá kem ég að brtt. á þskj. 562. Ég verð að segja það, að það undrar mig stórlega, að þessi till. skuli vera komin fram, og það frá hæstv. ráðh. Ég minnist þess ekki, að hann nefndi þetta nokkurn tíma við fjvn. eða segði henni að ætla fyrir þessum aukatekjum, og meiri hl. fjvn. hefur margsinnis lýst yfir því, að hann muni ekki samþykkja neinar nýjar tollhækkanir á þessu ári. Og hvað vinnst mikið fé með þessum tollhækkunum? Hæstv. ráðh. hefur alltaf sagt, og þar höfum við verið sammála, að hann vildi ekki neinar tollhækkanir, og því skil ég hreint ekki í afstöðu hans nú. Ein tollhækkunin, sem talað hefur verið um, er að hækka benzínskattinn

um 6 aura, en frá þessu var aftur horfið. Sumir hafa viljað leggja sérstakan skatt á það benzín, er selt væri án skömmtunar, en fjvn. hefur ekki gengið inn á það. Þá hefur það komið fram í deildum þingsins að hækka benzínskattinn beinlínis með tilliti til hins gífurlega vegaviðhalds, og renni hækkunin til þeirra framkvæmda, og hafa nm. fallizt á það með öðrum þm., að skatturinn yrði svo hár, að hann standi undir öllu vegaviðhaldi, og kemur það bifreiðaeigendum beinlínis til góða í bættum vegum og minna bifreiðaslíti. En mér hefur ekki verið kunnugt um það fyrr en nú, að hækka eigi skatta á landsmönnum enn á ný. Mér þykir það afar leiðinlegt að geta ekki stutt þennan ágæta ráðh., sem ég vildi svo gjarnan styðja að málum, en í þessu máli get ég ekki fylgt honum. Við höfum hingað til verið sammála, en sammála um að fara aðrar leiðir en þær að bera fram till. um nýjar álögur. Við höfum einnig rætt um, hvernig eigi að mæta rekstrarhalla, og eru skiptar skoðanir um ýmislegt í því sambandi. Sannleikurinn er sá, að rekstur ríkisins hefur verið með ágætum undanfarin ár, og það er því alveg sannarlega tvíeggjað sverð að telja þjóðinni trú um allt annað en veruleikann í því efni. Ég trúi því ekki, að hæstv. fjmrh. vilji láta hafa sig til þess með Framsókn að vera fremstur í flokki með það að innprenta þjóðinni þá skoðun, að allt sé hér að fara niður á við í fjármálunum, og blanda saman rekstrarafkomunni og kaupum á ýmsum ágætum hlutum og tækjum. Þeirri stefnu treysti ég mér ekki til að fylgja, en hún kemur greinilega fram í þessu frv.

Þá er það till. á þskj. 573. Ég varð nú enn þá meira undrandi á henni. Það er ekki lítið samræmi í því, að sami ráðh. og ber fram þá till. lýsir því yfir á hinu leitinu, að allt sé að fara niður á við í fjármálunum. (**Fjmrh.**: Getur hv. þm. aldrei vanið sig á að taka rétt eftir?) Hæstv. ráðh. hefur lýst yfir því, að ríkið geti ekki borið gjöldin, og skýrasta sönnunin fyrir því eru nú þær till., sem hann ber fram um nýja skatta og frestun á lögboðnum útgjöldum ríkisins. Á hinn bóginn ber hann svo fram till. þá, er ég nefndi, á þskj. 573, þar sem hann fer fram á heimild fyrir hönd stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins til að leggja fram eina og einn fjórðung úr milljón króna sem hlutafé í Hæring h/f, svo að síldarverksmiðjurnar fái að fara inn í félagsskapinn. En ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort sú leið sé lokuð, að nægilegt hlutafé fáist í þetta fyrirtæki án þess að ríkið sé með. Og hvaða vit er í því, að ríkið sé að ganga inn í þetta fyrirtæki, ef maður lítur á málið frá sjónarhóli hæstv. ráðh. sjálfs, sem er nýbúinn að lýsa yfir því, að ríkissjóður sé kominn í 40 milljón króna yfirdrátt hjá bankanum? Mér skildist svo í umr. um það mál, að ríkisverksmiðjurnar ætluðu sjálfar að standa undir framlaginu, en svo virðist nú ekki vera. Annars vegar er hæstv. ráðh. að leitast við að telja þjóðinni trú um, að hún verði að spara meira og gera minni kröfur til ríkisins, hins vegar er hann að leggja inn á þá braut að hafa ríkissjóð í fyrirtæki, sem getur ekki verið annað en tap á. Nú á að kaupa nærri hálfrar aldar gamalt skip til síldarbræðslu, og þetta er samþ. af sama ráðh., sem var með því að samþ. 1938 lög um eftirlit með skipum, sem fyrirbjóða að flytja inn skip eldri en 12 ára. Ég segi fyrir mína parta, að það eitt, að ríkið tekur þátt í þeirri ósvinnu að kaupa 50 ára gamalt skip, er nóg til þess, að mér dettur ekki í hug að vera með brtt. á þskj. 573. Ef einhverjir þegnar ríkisins eru þeir glópar að kaupa slíkt skip, þá þeir um það, en ráðh. og ríkisstj., sem kvöld eftir kvöld og hvað eftir annað hafa boðað allri þjóðinni í útvarpi og við önnur tækifæri, að allt væri að fara á hausinn, þeir geta ekki verið þekktir fyrir að mæla með því, að ríkið leggi fram á aðra milljón króna til kaupa á járnarusli. Og hvaða útreikningar liggja hér fyrir hjá hæstv. fjmrh., þegar hann leggur til, að ríkið leggi fram þessa upphæð í áðurnefnt félag? Ef það á að gefa arð, væri eðlilegt, að slíkir útreikningar fylgdu till., en þá vantar. Það hafði orðið samkomulag um, að ríkið fengi heimild til að taka allt að 15 milljón kr. lán til að stuðla að öflun síldarvinnslutækja, en að ríkið færi að leggja fram stórfé í annað eins glæfrafyrirtæki og hér um ræðir, það er allt annað mál, það hefði það átt að láta öðrum eftir, ef þeir hefðu viljað leggja í það. Ég hélt sannast að segja, að ríkið hefði ekki ástæðu til þess að taka þátt í rekstri eins tapfyrirtækisins í viðbót, eins og t. d. fiskiðjuversins, sem hefur tapað á 9. milljón króna, og landssmiðjunnar, svo að eitthvað sé nefnt. En sá bikar virðist enn þá ekki vera fullur, að hið opinbera sé að skipta sér af slíkum rekstri. Ég mun því greiða atkv. gegn þessari till., þó að ekki væri af öðru en því að mótmæla því, að verið væri að kaupa til landsins 50 ára gamalt skip.

Þá kem ég að sjálfu frv. Ég boðaði það við síðustu umr. þessa máls, að ef þetta frv. kæmi úr n., sem ég trúði ekki, að mundi verða, og trúi ekki enn þá, mér finnst það eins og vondur draumur, já, ég boðaði, að ef frv. kæmi úr n., þá mundi ég flytja við það brtt., og nú vil ég leggja fram hér skriflega brtt. við þessa umr., og er hún í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er við 1. gr. 1. tölul., er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fresta skal um óákveðinn tíma framkvæmdum laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, enda kjósi Alþingi með hlutfallskosningu nú þegar 5 manna viðskiptanefnd til þess að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum í samráði við banka þá, sem leyfi hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og að annast önnur þau störf varðandi viðskiptamál og verðlagseftirlit, er ríkisstjórnin telur enn nauðsynleg og viðskiptamálaráðuneytið getur ekki annazt."

Seinni liður brtt. minnar er um það, að 3. töluliður 1. gr. frv. falli niður.

Ég skal nú rökstyðja þessar brtt. minar nokkuð.

Ef það er rétt, sem við skulum í þessu tilfelli segja, að sé, að nauðsynlegt sé vegna

þágrar afkomu ríkissjóðs að spara og draga úr opinberri eyðslu með öllum ráðum, þá er ekki nema alveg rétt að byrja á þeim ráðstöfunum, sem gera hvort tveggja í senn, draga beint úr útgjöldum ríkisins og hjálpa almenningi til að ávaxta betur fé sitt og afla sér meiri tekna. Brtt. mín, ef samþ. yrði, mundi bæði spara ríkissjóði mikið fé í beinum peningum vegna fjárhagsráðs og auka á hinn bóginn tekjurnar, sem renna í ríkissjóðinn frá almenningi, því að þá fengju menn fyrst að snúa sér við í athafnalífinu, en væru ekki kúgaðir undir mönnum, sem aldrei geta haft vit á því.

Það vill nú svo til, að hv. þm. Str., sem á sæti í fjárhagsráði, hefur lýst yfir því ófeiminn hér í þinginu, að fjárhagsráð ætti að leggjast niður. Hann segir, að hann álíti, að þetta fyrirkomulag sé ekki heppilegt. Hann er ábyggilega ekki einn um það álit. Það væri ómaksins vert að láta fara fram skoðanakönnun um þetta, og ég er viss um, að það sannaðist þá, að ekki 5% af þjóðinni álitu þetta fyrirkomulag heppilegt, og ég skil ekki, hvernig ríkisstj. ætlar sér að viðhalda fyrirkomulagi, sem allir hafa fordæmt, með sívaxandi álögum á þá menn, sem ekki vilja þó hafa þetta.

Þá sagði hv. þm. Str. í öðru lagi, að ríkisstj. hefði aldrei óskað eftir, að fjárhagsráð gerði till. um dýrtíðarmálin, en það átti þó í upphafi að vera eitt aðalverkefni ráðsins. Á fjárl. þessa árs er nú varið 55 milljónum króna til að standa undir dýrtíðinni í landinu, en þó má fjárhagsráð ekki gera till. um dýrtíðarmálin. Og þetta er upplýst af hv. þm. Str., sem sjálfur á sæti í þessu ráði og fær fjörutíu og tvö þúsund krónur þar á ári fyrir að mega ekki gera till.

Enn fremur sagði hv. þm., að fjárhagsráð fengi engu ráðið um rekstrarkostnað ríkisins. Þegar allt þetta er upplýst af einum ráðsmanninum, þá veit ég ekki, hvernig hægt er að verja það að verja á fjórðu milljón króna í þessa stofnun, greiða þennan kostnað úr skuldum vöfnum ríkissjóðnum, eins og honum hefur verið lýst, sem verður að fá lán í Landsbankanum til að greiða mönnum, sem eru að eyðileggja atvinnulíf landsmanna með þessum ráðum, samkvæmt orðum hv. þm. Str. sjálfs. — Loks segir hann, að ráðið ráði engu um verzlunarmálin fyrir ríkisstj., og að fjárveitingavaldið geti ekki fellt sig við það vald, sem ráðinu er gefið, og því geti það ekki beitt því valdi. Hvað á fjárhagsráð að gera? Það er ekki orðið annað en hagstofa eða ein deild af hagstofu til að safna skýrslum. Það er að vísu gott starf, sem ráðið hefur leyst vel af hendi, en það hefði vitaskuld verið hægt að vinna undir umsjón hagstofustjóra, ef honum hefði verið séð fyrir nægilegu liði í því skyni. Því að sjálfsagt hafa fjárhagsráðsmenn sjálfir ekki safnað þessum skýrslum, heldur haft annað fólk til þess, enda viðurkenndi hv. þm. Str., að þessi starfsemi ætti að flytjast inn í hagstofuna, það væri miklu ódýrara. Nú vantar peninga, að sögn fjmrh., og þá ætti að byrja á því að leggja fjárhagsráð niður. Eitt af því, sem hv. þm. Str. skýrði frá, að hefði átt að vera eitt af aðalstörfum fjárhagsráðs, var að ráðstafa vinnuafli í landinu. Hvernig hefur þetta verið gert? Þannig, að ráðið hefur ráðstafað 100—200 mönnum á dag til þess að standa klukkutímum saman til þess að fá samtal, — og öðrum flokki manna úti fyrir viðskiptanefnd til að vera þar dag eftir dag til að fá samtal. Þetta er nú ekki að ráðstafa illa vinnuafli þjóðarinnar! Það er ákaflega merkileg niðurröðun á starfskröftum þjóðarinnar að láta 200—400 manns sitja úti á tröppum og hanga úti í dyrum frá kl. 9 á morgnana til kl. 6 á kvöldin, til þess að fá svo nei um sólsetur frá þessum vísu ráðum. En þetta hefur verið eitt af aðalskipulagningaratriðum vinnuaflsins hjá fjárhagsráði. Fyrst lengi fram eftir sumri var það þannig, að byggingarmenn, sem þurftu einhvern vanda að leysa, sátu við allan daginn og þótti gott, ef þeir gátu farið heim með sementspoka á bakinu að kvöldi. En hundruð manna hafa setið á tröppunum til að komast í samband við þessa menn, til þess að fá hvað? Til að fá nei. Bak við tjöldin er svo úthlutað, eins og upplýst var frá hv. þm. Ísaf., meira en helmingi af öllum leyfum á þessu ári. (HV: Bak við tjöldin?) Já, bak við tjöldin, — eftir því sem upplýst var af hv. þm. Ísaf. Ég held, að viðskiptaráð og bankarnir hefðu getað gert þetta í félagi og ekki þurft að setja neina menn með 40—50 þús. kr. launum til þess að gera það, sem hér hefur verið framkvæmt. Mín till. er því hér, að ráðið verði lagt niður og að þessi verk, sem þarf að gera, verði falin viðskiptanefnd, þar sem m. a. væri sjálfsagt, að bankarnir ættu sinn fulltrúa. Því að sannleikurinn er sá, að það eru bankarnir, sem alltaf verða að síðustu að segja til um það, hvort leyfin verða að gilda í raun og veru. Og það er ekkert vit í þessu fyrirkomulagi eins og það er nú: Fyrst í fjárhagsráð, svo í viðskiptaráð, svo í banka. Það getur liðið langur tími þangað til hægt er að fá að vita, hvort leyfi sé nokkurs virði. Hæstv. ráðh. veit, að þetta fyrirkomulag getur ekki gengið þannig. En ef það er ljóst, þá eigum við að vera menn til að viðurkenna það og stíga sporið strax til breytinga.

Mér er ljóst, að fyrstu verk fjárhagsráðs áttu tvímælalaust að vera skýrslusöfnun. Og þegar þeir sæju, hvernig ástandið var, var það hin sjálfsagðasta skylda að laga bak við tjöldin það, sem laga þurfti, en básúna ekki út eins og gert var utanlands og innan, að hér sé allt að fara um, en það er það, sem fjárhagsráð hefur gert langmest að. Það hefur gert okkur meiri bölvun á því sviði en nokkur svartidauði hefði getað gert, vegna þess að allir okkar viðskiptavinir, sem hafa treyst okkur í mörg ár, voru gripnir á einum degi með auglýsingu fjárhagsráðs um það, að hér væri að verða gjaldþrot. Það varð til þess, að ríkisstofnunum — það er yfirlýst hjá okkur — eins og landssímanum, sem hafði fengið fluttar inn vörur til landsins með þeim skilmálum að mega borga þær þegar ástæður eru til, var neitað um innflutning, allar skuldir heimtaðar inn og fyrirframgreiðsla fyrir 2—3 ára pantanir, vegna auglýsinga fjárhagsráðs. Hvernig færi

bóndi að, ef kaupfélagsstjóri hans segði við hann: Ég vil fá svo marga dilka hjá þér í haust, að þú getir greitt allar þær vörur, sem þú ætlar að taka út í tvö til þrjú ár? Mundu ekki bændum vera veittar þungar búsifjar með slíku? En þetta er einmitt það, sem fjárhagsráð hefur verið að gera. Það tjón verður seint bætt. Það þarf að kaupa margar „ömmur", eins og nú eru kölluð þessi 30 ára gömlu skip, sem ríkið ætlar nú að kaupa, — áður en hægt er að lækna þessi sár.

Ég vík þá aftur að því, að þessi mál má gera einfaldari. Það er viðskiptaráð, sem vel gæti veitt slík leyfi, auk þess sem mikið af þessum störfum gæti legið í viðskmrn. Ég sé ekki, hvers vegna þarf að setja upp aðra ráðh. með enn hærri launum en ráðh. til að stjórna þessum málum. Ég vænti þess, að fyrsti maður til að greiða þessari till. minni atkv. verði einmitt hæstv. fjmrh. En þegar svo er komið, að þessi gr. hefur verið samþ., er fenginn svo mikill sparnaður við þessa einu ráðstöfun, að vel er hægt að greiða þessar lögboðnu greiðslur. Það er enginn vandi fyrir hæstv. ráðh. að greiða þetta og brosa af ánægju yfir. Því meira frelsi sem þjóðin fær, því meiri peninga græðir hún og því meiri peninga getur ráðh. fengið í ríkissjóð. Það er alveg rétt, að við afgreiðslu þeirra fjárlaga, sem fyrir hendi eru, hefur hæstv. fjmrh. staðið á verði gegn því, að útgjöld hækkuðu. Hann hefur barizt aðdáanlega fyrir því með þeim sérstaka lipurleik, sem honum er laginn, að finna alls konar leiðir til þess. Hann hefur hins vegar verið myrksýnni á tekjurnar en ýmsir aðrir. Og ég skil það. Það er vegna þess, að þetta uppeldisbarn hans, fjárhagsráð, er að taka af honum völdin. Hann sér, að drengurinn er orðinn það frekur, að hann ræður ekki við hann, ræður ekki við að fá inn það fé, sem hann annars fengi, ef ekki væri þetta vald yfir honum. Þess vegna er sjálfsagt fyrir hann að losna við þetta vald. Þá hækka tekjuliðirnir.

Það er ákaflega lærdómsríkt, að 1943 voru tekjur ríkissjóðs 110 millj. kr. En nú eru þær 220—240 millj. Það sýnir, að gjöld ríkissjóðs hafa gefið ríkissjóði aftur tekjur. Og það er það, sem hæstv. ráðh. verður fyrst og fremst undir öllum kringumstæðum að athuga, hvaða gjöld gefa ríkissjóði aftur tekjur og meiri tekjur, hvaða sparnaður minnki tekjur meir en það, sem sparast, því að þá er það ekki sparnaður. Ég er viss um, og ég veit, að hæstv. fjmrh. er líka viss um, að ef fjárhagsráð er afnumið, þá gerist hvort tveggja í senn, að spara ríkissjóði hundruð þúsunda og afla ríkissjóði milljóna, með því að menn fái að vera frjálsir í sínum atvinnuvegum, — að aftur sé hægt að skapa bjartsýni á Íslandi eins og á þeim tíma, sem hæstv. ráðh. var með í að skapa slíka bjartsýni með framkvæmdum, sem nú heldur uppi, svo að ekki sekkur allt, þrátt fyrir þá myrksýni, sem hvílir yfir hæstv. ríkisstj.

Ég sé ekki ástæðu til að fara meir út í þetta mál. Ég hef fært sterkustu rök, sem hægt er, með vitnisburði úr sjálfu fjárhagsráði. Og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Str. verði viðbúinn að staðfesta hann, ef hann er beðinn um það. Vitnisburðurinn er um það, að það eigi að breyta stofnuninni, gera hana einfaldari og ódýrari og samrýma hana betur við lífið og menningu þjóðarinnar. Og þess vegna á það að vera 1. gr. í þessu frv. að afnema fjárhagsráð. Leyfi ég mér að leggja þessa till. fyrir hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 589) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Ég þarf ekki að bæta miklu við þær athugasemdir, sem hv. 6. landsk. gerði við ræðu hæstv. fjmrh., né heldur bæta við þau orð, sem ég sagði hér í upphafi. Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það hafi orðið mikil breyt. á fjárgetu ríkissjóðs síðan þau l., sem hér um ræðir og lagt er nú til að verði að verulegu leyti felld niður, voru samþ., og að sömuleiðis hafi orðið mikil breyt. að öðru leyti á fjárhag landsmanna og lánsfjármöguleikum. Ég held það sé mjög fjarri því, að fjárgeta ríkissjóðs sé nokkru lakari en þegar þessi lög voru samþ. Og ég get ekki yfirleitt séð, að það hafi verið færð rök fyrir því, að ekki sé rétt, sem ég sagði, að breyt. sú, sem á hefur orðið, sé sú, að afurðir okkar hafi selzt með hækkandi verði í fyrsta lagi. Og í öðru lagi, að það hefur verið aflað nýrra framleiðslutækja til landsins, sem hafa fært þjóðinni mikinn auð. Og við þetta má svo bæta því, að það hefur orðið stórkostlegur tekjuafgangur á fjárlögunum. Hvað lánsfjármöguleika snertir, var það alveg eins vitað þá eins og nú, að það var verið að festa fé í ýmsum fyrirtækjum, þannig að það, sem ekki var hægt að sjá fyrir þá, það hefur ekki komið fram nú. Þegar lögin voru sett, var alveg fyrirsjáanlegt, að það var mikið fé fest í ýmsum fyrirtækjum. Og það hefur ekki neitt nýtt skeð hvað þetta snertir. Ég er líka þeirrar skoðunar, að það sé til nóg fjármagn í landinu. Form. fjvn. nefndi nokkur dæmi til að sanna þetta, sem ekki hafa verið hrakin, og það er hægt að nefna fjölmörg fleiri dæmi. Það, sem þarf að gera, er að finna leið til að bjóða þessu fjármagni út. En það er enginn vandi leystur með því að leysa ríkisstj. undan skyldum, eins og fjmrh. leggur til. Það verður aðeins til þess, að ekki verður reynt að leysa vandann. Hæstv. ráðh. neitaði því ekki, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Ef svo er, hvers vegna á þá Alþingi að „leysa vandann" innan gæsalappa á þann hátt að leysa ríkisstj. undan þeirri skyldu að reyna það? Ég skil það nú ekki heldur, að það geti neinn neitað, að hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að það verði að leysa. Það er skylda Alþ. og ríkisstj. að leysa málið. Því hefur ekki verið mótmælt, að hér í Rvík einni saman eru allt að því þúsund heilsuspillandi íbúðir. Hvernig er hægt að skorast undan að leita allra ráða til að leysa þennan vanda? Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hinn mesti misskilningur, að hann sjái ekki nauðsyn þessa, og að það sé verið að gera

slíkt að gamni sínu að draga saman seglin að því er þetta snertir. Nú, hvernig stendur þá á því, að þessi sami ráðh. ræðst þarna á fyrst, þegar hann kemur með till. um að spara fé ríkissjóðs? Hvers vegna dettur honum þetta fyrst í hug af öllu, ef hann sér nauðsynina eins vel og hann vill vera láta? Hann sagði, að ekki væri um að ræða annað en að framkvæmdin yrði lögð í hendur fjárveitingavaldinu á hverjum tíma. En má ég spyrja: Ef l. um byggingu íbúða í kauptúnum og kaupstöðum er fullnægt nú, hvaða ástæða er til að samþ. þetta nú, að leysa ríkisstj. undan skuldbindingum að því er þetta snertir á næsta ári og í framtíðinni? Er ekki nógur tími að setja l. þá? Hvaða tilgangur er í því að leggja kapp á í þinglok að samþ. þetta? Ég sé ekki annan tilgang en þann, að hér sé um stefnu að ræða. Það er ekki verið að bjarga fjárhag ríkissjóðs í ár með þessu ákvæði. Það er ekki hægt að skýra þetta á annan hátt en að hér sé um stefnu að ræða. Og um þessa stefnu verða greidd atkv. hér í deildinni.

Það má segja nokkuð svipað um 3. liðinn. Ef það er rétt, að hér sé aðeins verið að leggja til, að í þetta eina skipti skuli fresta greiðslu á einnar millj. kr. framlagi til byggingarsjóðs, þá mundi þetta þýða það sama og að ríkissjóður tæki einnar milljónar kr. lán hjá byggingarsjóði til tíu ára, eins og bent var á í upphafi þessara umr. Þetta er nú næsta broslegt. Á þetta nú að vera aðalráðstöfunin til að bjarga fjárhag ríkissjóðs? Hér er um slíka smámuni að ræða, að slíkt getur ekki verið tilgangurinn. Þetta er ekki hægt að skýra á annan veg en þann, að um stefnu sé að ræða, stefnu gegn þessum þætti laganna, sem ég tel þó þann merkasta í l. — og einhvern merkasta í íslenzkri landbúnaðarlöggjöf um langan aldur.

Hæstv. ráðh. sagði, að tekjur ríkissjóðs hefðu vissulega ekki verið of lágt áætlaðar, heldur meira að segja það gagnstæða. Ég veit ekki, eftir hvaða reglum hæstv. ráðh. hefur áætlað tekjurnar. Ég veit t. d. ekki, hvaða ástæða er til að áætla, að tekju- og eignarskattur verði 4.4 millj. kr. lægri 1948 en reyndist s. l. ár, o. s. frv. En svo mikið er víst, að bæði minni hl. fjvn. og form. hennar telja, að tekjurnar séu of lágt áætlaðar. Minni hl. hefur fært fyrir því gild rök og form. margendurtekið, að hann telji ekki neina nauðsyn vegna afgreiðslu fjárl. að gera neinar sérstakar ráðstafanir.

Þá var hæstv. ráðh. að minnast nokkuð á þau atriði, sem ég nefndi sem dæmi þess, sem fyrr mætti grípa til að spara en snerta þessa nauðsynlegu löggjöf, sem hér um ræðir og lagt er til, að felld verði niður. Hann minntist á dómgæzlu og lögreglustjórn o. s. frv., liði, sem hafa hækkað á síðustu fjárl. samtals um hátt á þriðju milljón kr. Ráðh. svaraði, að til þess að spara á þessum liðum þurfi lagabreyt. Hvers vegna er það? Eru þessar hækkanir til komnar vegna lagabreytinga? Mér er ekki kunnugt um það. En ef þessir liðir geta hækkað án sérstakra laga um allt að 3 millj., hvernig stendur þá á, að ómögulegt er að lækka þá nema með sérstökum lögum? Í öðru lagi vil ég spyrja að því, hvort það sé ekki lagabreyt., sem hér er farið fram á, til þess að ná þessum sparnaði, bæði að því er snertir fyrsta liðinn, l. um íbúðarhúsabyggingar í kauptúnum og kaupstöðum, og l. um landnám og nýbyggðir. Hvað er voðalegra, þó að það þyrfti að samþ. l. til að spara á þessum liðum, sem ég áður nefndi? Sama er að segja um fjárhagsráð, sem hæstv. ráðh. minntist ekki á, en hv. þm. Barð. hefur nú haldið um langa ræðu. Það þarf lagabreyt. og það er einfalt. Það er ekki annað en að samþ. till. hv. þm. Barð., og með henni mun ég greiða atkv. Enda þótt ég sé ekki ánægður með það fyrirkomulag, sem hann leggur til, tel ég það stórkostlega framför.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ríkissjóður hefði orðið fyrir því að þurfa að borga 20 millj. kr. vegna fiskábyrgðarlaganna. (**Fjmrh.**: Meira en það.) Meira en það, bætir ráðh. við nú. Nú er það svo í fyrsta lagi, að það er mjög mikill ágreiningur um þessa tölu, og kunnugir fullyrða, að þetta geti ekki verið rétt, upphæðin sé miklu minni. Og ég veit ekki til, að fjvn. hafi fengið neina sundurliðaða skýrslu um þessar greiðslur. En svo er líka fullkomlega fyrir þessu séð. Á núgildandi fjárl. er gert ráð fyrir þessum greiðslum. En það skyldi þó aldrei vera, að í þessum eina lið sé svo mikil skekkja, að það muni jafnmiklu og þeim sparnaði, sem hér er lagður til, eða jafnvel meira? Ég get vitaskuld ekkert um það sagt, en hæstv. fjmrh. ætti að vita það. En ég endurtek, að kunnugir fullyrða, að upphæð þessi sé allt of hátt tilgreind. Ég veit ekki til, að komið hafi neinar sundurliðaðar skýrslur, og þess vegna leyfi ég mér að efast stórlega, að þessi tala sé rétt.

ATKVGR.

Brtt. 589,1 felld með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, BrB, GJ.

nei: PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, EE, GÍG, HV, JJós, LJóh, PZ, BSt.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 588 samþ. með 10:2 atkv.

— 589,2 felld með 10:4 atkv.

— 539 samþ. án atkvgr.

— 548 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 562 samþ. með 10:4 atkv.

— 573 samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BBen, BK, BrB, EE, GÍG, HV, JJós, BSt.

nei: GJ, PZ.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með því að upplýst er, að ríkissjóður hefur á síðastliðnu ári orðið að greiða fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins vexti, afborganir af lánum og ýmsar aðrar skuldir að upphæð 5½ millj. kr., sem ætlazt var til, að verksmiðjurnar greiddu sjálfar af rekstrarhagnaði sínum, er ljóst, að síldarverksmiðjurnar hafa ekki fjárhagslega getu til þess að leggja fram 1 millj. og 250 þús. kr. í hluta-

fé í Hæring h/f, og verður því að leita til ríkissjóðs um þetta framlag. Með því að enn fremur er upplýst, að skip það, sem keypt er til þessara starfa, er nærri hálfrar aldar gamalt, vil ég ekki vera með í að bera ábyrgð á því ríkisfé, sem lagt er í slíkt fyrirtæki, og segi því nei.

Brtt. 591 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, StgrA, ÁS, BrB.
nei: PM, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, EE, GÍG, HV, JJós.
GJ, BSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (LJóh, HermJ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Mér er sama og sit hjá við atkvgr.

Hannibal Valdimarsson: *Herra forseti.* Ég teldi það mjög æskilegt, að allir útgerðarmenn hefðu jafnan löndunarrétt, en ef þegar er um það samið, að þeir útgerðarmenn, sem hafa lagt fram fé í fyrirtækið, hafi þegar fengið forgangsrétt, sé ég ekki, að hægt sé að rifta því, og segi nei.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þar sem þessi till. mundi stangast á við það, sem áður er samþ., segi ég nei.

Forseti (BSt): Ég vísa til þess, sem hv. 3. landsk. þm. vék að í grg. sinni, og þess, sem hæstv. fjmrh. sagði. Ég vildi gjarnan vera með þessari till., en vegna gerðra samninga sé ég það ekki hægt og sit hjá við atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:4 atkv.
2. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 590 (við fyrirsögn bætist: o. fl.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 592).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Lúðvík Jósefsson: Það eru hér nokkur atriði, *sem ég vildi ræða, þar sem mér sýnist* frv. einkennilegt og er því mjög andvígur. Ég vildi því beina til hæstv. fjmrh. nokkrum fyrirspurnum.

Það er þá fyrst það, að í 2. tölul. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að gjöld útgerðarinnar vegna skipaeftirlitsins hækki allverulega. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að hækka þessi gjöld. Sjávarútvegurinn á í vök að verjast, og stórmál hafa verið fyrir þinginu honum til hjálpar, en svo er á sama tíma borið fram frv., sem þyngir á honum álögurnar. Ég býst við, að því verði til svarað, að skipastóllinn muni standa undir þessu, en það er bara svo, að þegar saman er safnað, munar útveginn um það, og það er vert, að hv. þm. geri sér ljóst, að rekstrarkostnaður útgerðarinnar hefur hækkað alltilfinnanlega á þessu ári. Vaxtahækkunin frá áramótum hefur íþyngt útveginum allverulega, því að á honum hvíla svo miklar lausaskuldir, að útgjöldin hækka tilfinnanlega. Þá var einnig samþ., að veltuskatturinn næði til margra vara, er útvegurinn þarf. Síðan um áramót hafa margar vörur hækkað í verði, eins og t. d. olía. Nú er enn í þessu frv. gert ráð fyrir því að hækka útgjöld útvegsins, þótt ríkið í fjölda *mörgum öðrum greinum* greiði beint kostnaðinn við almennt öryggiseftirlit. Mér þykir þetta allskrítið og vildi spyrja hæstv. ráðh., hvort hann telur þetta skipta svo miklu. Það er rétt, að menn geri sér það ljóst, að svo þröngt sem var fyrir dyrum útgerðarinnar um síðustu áramót, er nú enn þrengra fyrir dyrum af þeim ástæðum, sem ég hef getið um.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sé heimilað að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram 1250000 kr. hlutafé í Hæring h/f til kaupa og rekstrar síldarbræðsluskips. Það hefur verið tilkynnt í þessu sambandi, að nokkrir útgerðarmenn fái forgangsrétt um síldarlöndun. Það er því vert að staldra við í sambandi við þetta ákvæði, þar sem ákveðið er, að síldarverksmiðjurnar leggi mest fram. Það hefur ekki þekkzt áður, að ríkið væri þátttakandi og nokkrir útgerðarmenn hefðu forgöngu fram yfir aðra. Nú mun það vera svo, að nokkrir útgerðarmenn í Rvík *hafa þarna notað aðstöðu sína, og sagt er,* að mönnum hafi verið synjað um að gerast félagar. Svo er það vitað, að enn eru miklu fleiri, sem ekki hafa handbært fé og hafa því ekki getað orðið þátttakendur. Þetta tekur náttúrlega engu tali. Það kemur ekki til mála, að verksmiðjurnar leggi fram fé, ef þessi skilyrði eiga að gilda. Ef verksmiðjurnar eiga að leggja fram þetta fé, verða allir útvegsmenn að hafa jafnan rétt, og forgangsréttindi geta ekki komið til greina. Því síður getur slíkt komið til mála, þar sem um svo mikla ríkisíhlutun er að ræða, en nú liggur fyrir þinginu frv. um erlent gjaldeyrislán í þessu skyni. Það er líka kunnugt, að útgerðarmenn á Norðurlandi, Austfjörðum og Vesturlandi hafa mótmælt þessu og talið, að á þeim væri brotinn réttur. Ég vil skora á hæstv. ráðh. að sjá til, að þessu ákvæði verði breytt. Það er hægast að setja inn þau skilyrði, að því aðeins sé ríkisverksmiðjunum þetta heimilt, að öllum sé veittur sami réttur að leggja inn.

Um aðra liði þessa frv. þarf ég ekki að vera margorður á þessu stigi. Ég vil þó lýsa yfir, að mig furðar á, að hér skuli koma fram frv., sem gerir ráð fyrir að fresta greiðslu á einni millj. kr. í sambandi við lög, sem nýlega hafa

verið samþ. hér á Alþ. um framlög til nýbyggða í sveitum, og gerir ráð fyrir því á þann hátt, sem gert er hér í þessu frv., sem sagt þannig, að frestað verði greiðslu 1 millj. kr. í 10 ár, eða sem jafngildir því, að ríkið taki að láni hjá þessum sjóði eina millj. kr. til 10 ára. Maður hefði getað skilið þetta, ef þetta hefði verið á þá lund, að hér hefði verið tekin 1 millj. kr. á ári um verulega langt tímabil. Þá hefði kannske verið hægt að réttlæta þetta með því, að hér hefði verið um svo mikla fjárþörf ríkisins að ræða, að ríkið hefði þurft að leggja á sig þann krók. En ég get ekki fallizt á, að það séu nein rök fyrir því að taka 1 millj. kr. úr þessum sjóði í eitt ár til þess að eiga að skila henni aftur eftir 10 ár. Mér sýnist þetta aðeins vera gert til þess að skerða þessi lagaákvæði, sem þarna hafa verið sett, til þess að draga nú á fyrstu árunum eftir að lög þessi hafa verið sett úr þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar hafa verið og þessi lög áttu að styðja. Og líklega ber þetta að skoða sem upphafið að því, að meiningin sé að hverfa alveg frá framkvæmd þessara laga og höggva þau kannske að fullu og öllu á næsta ári.

Þá verð ég að segja, að það ákvæði hér í þessu lagafrv., sem gerir ráð fyrir að fresta alveg um óákveðinn tíma ákvæðum laga um útrýmingu á heilsuspillandi íbúðum, það þykir mér líka alveg stórfurðulegt. Þetta voru lagaákvæði, sem sett voru rétt fyrir kosningar, þar sem fólkinu var lofað með lögum frá Alþ., að það skyldi fá að njóta ákveðinna hlunninda í sambandi við þessi nauðsynlegu mál. Hins vegar er kunnugt, að þessi lög hafa enn lítið náð að koma til framkvæmda, vegna þess að ríkið hefur ekki lagt fram fé í þessu skyni nema að sáralitlu leyti. En svo, þegar von er á því, að l. geti farið að koma til framkvæmda, þá á að kippa þeim til baka. Þetta hefur sem sagt verið sýnd veiði, en ekki gefin, fyrir þá aðila, sem þessara lagaákvæða áttu að njóta, því að þegar þetta átti að fara að koma til framkvæmda, þá á að svíkja gefnu loforðin og fresta framkvæmd l. þessara.

Ég geri að vísu ráð fyrir, að þetta frv. gangi til n. og gefist þá væntanlega betri tími til að ræða það hér nánar síðar. En ég vildi láta þessar aths. koma hér fram strax við 1. umr. Og alveg sérstaklega vildi ég leggja áherzlu á það, að ákvæðin í 6. tölul. frv., í sambandi við síldarbræðsluskip, verði tekin til athugunar í þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. hefur nú gert aths. við frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. Ég skal taka aths. hans í þeirri röð, sem hann mælti þær fram, og veita þau svör, sem ég ætla, að hann geti eftir atvikum látið sér nægja. — Hann talaði fyrst um það, að með þessu frv. væri gert ráð fyrir, að skipaskoðunin stæði undir sér sjálf, eða það, sem ég orða svo, þ. e., að ríkissjóður væri ekki látinn hafa halla af þessari löggjöf. Það er nú svo, að þegar þessi lög voru sett, þá var mikið um það deilt, hvað sá kostnaður yrði mikill, er í sambandi við þau yrði. Og því var haldið fram m. a. af fulltrúum sjávarútvegsins, a. m. k. í Ed., að þetta þyrfti að standa undir sér sjálft. Hv. 2. þm. S-M. fylgdi þeirri löggjöf, þegar hún var sett. Þetta mikla eftirlit skal ég ekki lasta, ef það gerir sitt gagn. En sé það eins nauðsynlegt og hv. 2. þm. S-M. hélt fram á sínum tíma, þá er það þess virði fyrir fiskiskipin, að verkið sé framkvæmt. En það eru ekki nema um 150 þús. kr., sem hér er um að ræða, sem undanfarið hefur verið dembt á ríkissjóð að greiða, en ég hér legg til, að fiskiskipaflotinn sé sjálfur látinn bera. Hv. þm. veit, að bifreiðaeftirlit ríkisins stendur undir sér sjálft. Eftirlit með skipulagi bæja stendur undir sér sjálft. Sömuleiðis eftirlit með vélum og fleira eftirlit. Svo að það má segja, að það sé regla í félögum, að kalla má, að slík eftirlitsstarfsemi sé ekki látin iþyngja rekstrarútgjöldum ríkisins, enda tel ég það hreinan óþarfa fyrir sjávarútveginn að fá þessum 150 þús. kr. útgjöldum komið á ríkissjóðinn. Ég hygg, að sjávarútveginn muni þetta ekki stórt. Og þessi hv. þm. verður að kannast við, að þegar sett er og á að fylgja fram kostnaðarsamri löggjöf, þá kemur að skuldadögunum, þó að þessari góðu reglu hv. 2. þm. S-M. væri fylgt, að vilja velta öllu yfir á ríkissjóðinn eða ríkið. En ef velt er útgjöldum yfir á ríkið, þá þarf að sama skapi því meiri tekjur til þess að mæta útgjöldunum. — Hv. 2. þm. S-M. talaði um, að vextir hefðu hækkað o. fl., sem íþyngdi sjávarútveginum. En það er hvorki Alþ. né ríkisstj., sem hefur hækkað vexti af útlánuðu fé bankanna. Bankarnir eru einráðir um vexti af lánum, svo lengi sem Alþ. ekki bannar þeim það. Hitt hefur þessi ríkisstj. gert, sem engin önnur ríkisstj. hefur gert, að skipa bönkunum að lækka vexti fyrir útveginn. Það hefur aldrei verið gert fyrr og kann að sæta misjöfnum dómum. En því verður ekki neitað, að það spor hefur hér verið stigið, og það til ágóða fyrir atvinnuvegina. — Hv. 2. þm. S-M. sagði, að það væri þröngt hjá útveginum. Það er rétt, og það er ekki neitt nýtt fyrirbrigði í dag. En við getum, held ég, allir orðið sammála um það, að þjóðarbúið leggur á sig meira nú til þess að bæta úr þrengingum útvegsins en þó áður hefur verið gert. Þar á ég við þá ábyrgð, sem tekin hefur verið á fiskverði, sem getur verið vafasamt, hversu rétt er, og í öðru lagi, hversu lengi hægt er að halda því fyrirkomulagi áfram.

Þá minntist hv. 2. þm. S-M. á 6. lið þessa frv., um heimild fyrir stjórn Síldarverksmiðja ríkisins til að leggja fram þarna hlutafé í þetta skip. Og hv. þm. hneykslaðist á því, að þeir einstaklingar, sem legðu fram fé í fyrirtæki þetta, skyldu skoðast nokkru réttlægri en aðrir til þess að hafa af því gagn. Þetta er náttúrlega sá hreinræktaðasti ríkisrekstrarhugsunarháttur, sem getur átt sér stað. Í raun og veru er kenningin í innsta eðli sínu sú, að þessi hv. þm. vill helzt ekki vita af neinum einstaklingsrekstri. Ég get frætt þennan hv. þm. á því, að ég hef ekki verið með í að setja upp þetta hlutafélag og hef engan persónulegan þátt átt í því. Það eru hins vegar útgerðarmenn og Reykjavíkurbær og Óskar Halldórsson og svo stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, þessir aðilar hafa orðið ásáttir um að standa að þessu fyrirtæki og hafa gert

um það sínar samþykktir á þann hátt, sem þeim hefur sýnzt. Og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur farið fram á það við sjútvmrh., að hann leyfði Síldarverksmiðjum ríkisins að verða að einum fjórða hluta þátttakandi í þessum félagsskap. Og það leyfi hef ég veitt, að áskildu samþykki Alþ. En ef Alþ. tekur upp þá afstöðu að leggja stein í götu þessarar þátttöku, á einum eða öðrum grundvelli, þá get ég ekki reist rönd við því. — En við skulum bara athuga, hvernig þessi mál standa og hvað það er, sem hv. 2. þm. S-M. er að fjargviðrast út af. Þegar Hvalfjarðarsíldin kom, sú hin mikla veiði og sú mikla þátttaka, sem varð í þeirri veiði, stóðu menn uppi svo að segja handalausir til að byrja með. Og það er meira en lítið viðfangsefni, þegar um miðjan vetur í verstu veðrum og á hættulegum siglingatíma það kemur allt í einu upp, að flytja þarf hundruð þúsunda síldarmála yfir erfiðasta tíma ársins alla leið frá Suðurlandi til Norðurlands. Allir vissu, að þær verksmiðjur, sem voru hér syðra, þó að þær legðu sig fram, eins og þær gerðu, með miklum myndarskap, þær mundu ekki anna — eins og kom á daginn — nema litlum hluta af þessari veiði. Menn fóru þá út í það að leigja skip, dýr og stór hafskip, til þess að flytja þessa síld á þá staði, þar sem hægt var að vinna úr henni. Nú hefur það komið í ljós, og á eftir að koma enn betur í ljós, að þetta er svo kostnaðarsamt verk og borgar sig ekki, ef þeir fiskimenn, sem veiðina stunda, eiga að búa við nokkurn veginn sómasamleg verðlagskjör á sinni veiði. Og búi þeir ekki við nokkurn veginn sómasamleg verðlagskjör í þessu efni, þá geta þeir ekki stundað veiðina, m. ö. o. þá hagnýtist ekki veiðin. Þetta er það spursmál, sem fyrir lá og fyrir liggur nú. Um þetta leyti, er þessi veiði stóð yfir, vöknuðu menn til ýmiss konar umhugsunar um framtíðarúrræði í þessum efnum. Og reyndar ekki fyrst þá, því að það voru komnar hér fram á Alþ. till. frá ýmsum, þar á meðal einhverjum flokksbróður hv. 2. þm. S-M. og sömuleiðis frá hv. 4. þm. Reykv., um síldarbræðsluskip. Það var eðlilegur hlutur, í þeirri aðstöðu, sem var á þessum tíma, að reynt væri að gefa þessum málum þann alveg sérstaka gaum sem gert var. Ég fékk þá menn, sem ég þekkti færasta hér, til þess að gera áætlanir um, hvort nokkur tök væru á því að koma hér upp síldarbræðsluskipi án þess að kaupa til þess útlent skip. Það voru gerðar athuganir á þessum stóra dalli, sem liggur hér inni í Elliðaárvogi, og það var ekki álitið, að hann mundi vera til þess hæfur að flytja hann milli landshluta, því að sú athugun, sem á þessu var gerð, byggðist á því að geta leyst tvö verkefni með einu skipi, það að hirða Faxaflóasíldina og hins vegar að geta hjálpað til við hagnýtingu Austfjarðasíldarinnar og Langanessíldarinnar í sumar. Ólafur Sigurðsson, skipaverkfræðingur, og Sveinn forstjóri í Héðni voru með útreikninga og teikningar þessu að lútandi og komust að lokum að þeirri niðurstöðu, að hægt mundi að nota Lagarfoss til þessara hluta. Ég hef ekki vit á að dæma um þessi efni, hvað rétt er. En þeir álitu, að hægt væri að byggja inn í Lagarfoss síldarvinnsluvélar, sem afköstuðu að bræða 10 þús. mál á sólarhring. Lagarfoss mundi vera ódýr til þessa hlutar. En þá hafði hann ekkert rúm til að geyma lýsið, heldur aðeins rúm fyrir vélarnar. Ég áleit samt sem áður rétt að setja þessa hugmynd fram opinberlega, og með nokkrum öðrum hv. þm. flutti ég frv. um þetta í hv. Ed., til þess að það, eins og aðrar till., sem fram voru komnar, fengi athugun þar til hæfra manna og athugun í nefndum. Um þetta leyti kom frá Ameríku Jón Gunnarsson, og hann og forráðamenn Reykjavíkurbæjar, item Óskar Halldórsson leiddu þar saman hesta sína, svo og útgerðarmenn hér. Og það eru þessir aðilar, sem fengu það út, að hentast sé að fá stærra skip til þessara hluta, sem geti geymt mjölið og lýsið. Og enn fremur er það látið falla saman, að Óskar Halldórsson, sem átti hér vélar til bræðslunnar og á þær enn, yrði þátttakandi í þessu og að hans vélar yrðu notaðar í þessu skipi. En áður var hv. þm. Borgf. búinn að flytja frv. um síldarverksmiðju á Akranesi, og hafði hann hugsað sér þann möguleika, að þessar vélar mundu geta komið þar til nota, eins og eðlilegt var. — Nú, þessir menn báru saman bækur sínar, stofnuðu félagsskap og gerðu samþykktir, stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, bæjarfélagið hér í Rvík, útgerðarmenn, hve margir veit ég ekki, og Óskar Halldórsson. Og þetta er þannig lagt fyrir mig, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins biður um heimild til þess að vera þarna með. Þá heimild hef ég veitt, að áskildu samþykki Alþ.

En við skulum bara líta á málið þannig: Hvað hefði orðið okkar hlutskipti í þessum málum, ef þetta fyrirtæki hefði ekki átt sér stað? Það er vitað, að hinar nýju verksmiðjur í Hafnarfirði, Keflavík og á Akranesi stefna að því að bæta við sig vinnslugetu, ég held um 15 eða 16 þús. mála vinnslu. Jafnvel þó að það væri gert, þá mundi afli eins og t. d. var á síðasta og þessu ári í Hvalfirði samt sem áður verða þeim ofvaxinn til að vinna úr honum, svo að það þyrfti til einhverra ráða að taka til viðbótar. Yrði þá sennilega að taka það sama ráð og áður, ef ekki væri annað að gert, að flytja síldina norður. En ég hygg, að það komi fullkomlega í ljós, að ef síldin er flutt norður og ef Síldarverksmiðjur ríkisins eiga að vinna úr henni með tapi, þá verði of mjög að skera við neglur sér það verð, sem gefið er fyrir síldina. Og hvaða möguleika hefðum við haft, ef ríkið hefði átt að byggja verksmiðju á eigin reikning? Ég setti fram í hv. Ed. þá hugmynd og áleit rétt að fá heimild í því efni. En ég sé ekki með vissu fyrir, hvernig við hefðum getað fengið lán, þar sem vitað er, að Síldarverksmiðjur ríkisins skulda 16 millj. kr. samningsbundið, fyrir utan sín samningsbundnu byggingarlán, og þar sem enn fremur er vitað, að Síldarverksmiðjur ríkisins standa í óbættum sökum við ríkissjóð um margar millj. kr., sem hefur orðið að snara út fyrir þær, af því að þær hafa ekki haft fé. Ofan á þetta hefði þá orðið að biðja um lán, ef Síldarverksmiðjur ríkisins hefðu átt að framkvæma útvegun síldarbræðsluskips. Lagarfoss, ef hann hefði komið til greina í þessu efni, var hugsað um sem ríkisfyrirtæki. Þar var talað um 14 millj. kr. stofnkostnað. Og ég býst við, að sá kostnaður hefði orðið ekki

minni, eins og vant er, þegar gizkað er á um kostnað hluta hér á landi. — Mér þótti því mjög gott, þegar ég heyrði, að útgerðarmenn og Reykjavíkurbær vildu standa að þessu að þremur fjórðu hlutum og að ríkið þyrfti þarna ekki að standa undir að kosta til nema að einum fjórða hluta. Ég áleit, að með þessu móti mundi fyrirtækið verða framkvæmanlegt og viðráðanlegt, og má segja, að nokkuð örugg vissa sé fyrir, að þetta geti komizt í framkvæmd. Og það er það, sem mér hefur þótt aðgengilegt við þetta, og þess vegna hreyfði ég því ekki í Ed., eftir að þessi hreyfing var komin á þetta mál, að hampa því frv. um þetta efni, sem ég er við riðinn, af því að ég áleit þetta betri lausn á þessu máli. Því að það að bræða síld kemur alveg eins að notum fyrir ríkisheildina, hvort sem ríkið á þetta skip að öllu leyti, sem notað er til síldarbræðslu, eða aðrir aðilar eiga það að þremur fjórðu hlutum. — Hitt, sem hv. 2. þm. S-M. hneykslaðist á, og kann að vera, að fleiri geri, að þessir menn, sem eiga hlut í þessu skipi, vilja hafa aðgang að því um afsetningu síldar frá skipum sínum, það get ég ekki séð, að sé óeðlilegt. Ég veit ekki til, að sveitungar mínir eigi neinn hlut þarna að. En ég hef hugsað mér þann möguleika, að um leið og slíkt bræðsluskip væri komið, og þó að nokkrir útgerðarmenn og Reykjavíkurbær hefðu þarna forgang um afnot skipsins til þess að það tæki á móti síld frá þeim, þá rýmkaðist óbeinlínis til fyrir hinn hluta flotans, þannig að hinir aðrir síldveiðendur kæmust því enn frekar að í öðrum verksmiðjum við það, að þetta skip væri komið, þannig að þetta skip væri alltaf starfandi að þeirri framleiðslu, sem þarna ætti sér stað, líka fyrir þá, sem ekki væru beinir hluthafar og hefðu svo kallaðan forgangsrétt.

Varðandi Norðurlandssíldveiðarnar og þetta skip, þá var það eitt af þeim skilyrðum, sem ég setti stjórn síldarverksmiðjanna, ef samningar tækjust um þetta, að Síldarverksmiðjur ríkisins hefðu rétt til þess að nota þetta skip á sumrin og að þá hefðu allir jafnan aðgang að afnotum skipsins, en þar væri enginn forgangsréttur.

Þá hef ég skýrt þetta mál, eins og það lítur út frá mínum bæjardyrum séð. Og ef ekki á að leggja forboð við því, að menn leggi fram í fyrirtæki fé úr eigin vasa og síðan fái að njóta forgangs um afnot þess fyrirtækis fyrir það, þá sé ég ekkert hneykslanlegt við þessa hluti, sem gerzt hafa í sambandi við undirbúning þess að fá þetta síldarbræðsluskip. — Það væri sjálfsagt gott fyrir hv. 2. þm. S-M. að segja við sjómenn og útgerðarmenn: Þið eigið ekkert að vera að þessu, að leggja á ykkur neitt í þessu efni, því að ríkið á að byggja verksmiðjurnar og allir eiga að hafa jafnan rétt til afnota af þeim. — Þetta gæti verið gott og blessað, ef það bara næði nógu langt. En það eru bara takmörk fyrir því, hvað ríkið getur fullnægt miklu af óskum og þörfum manna í þessu efni. Og ef um það er að ræða að velja á milli þess annars vegar að fá svona fyrirtæki upp með öruggri vissu, þó að það sé byggt upp með svona félagsskap, eða hins vegar að hafa fyrirtækið alls ekki starfandi, þá álít ég miklu betra, að svona fyrirtæki sé starfandi, þó að það sé byggt með þeim félagsreglum, að þeir eigi hér forgangsrétt, sem eiga í skipinu. Og ef þetta fyrirtæki væri drepið, þannig að sett væru af Alþ. þau skilyrði, sem þessir aðilar, sem að þessu fyrirhugaða fyrirtæki ætla að standa, sætta sig ekki við, og málið drægist úr hömlu, svo að ekkert yrði úr kaupum á skipi í þessu augnamiði svo tímanlega, að til nota kæmi á næsta hausti, eins og stefnt er að, þá sæi ég ekki, að annað væri með því gert en óleikur gagnvart sjávarútveginum í heild.

Þá minntist hv. 2. þm. S-M. á þessa einu milljón, sem átti að leggja í landnámssjóð og hefur verið færð aftur á bak um nokkur ár. Ástæðan fyrir því, að þetta er hugsað að gera, er sú, að hægara er fyrir ríkissjóð að standa undir því að láta 4 millj. kr. á þessu ári í þessa sjóði, ræktunarsjóð og landnámssjóð, heldur en að láta 5 millj. eins og goldnar voru á síðasta ári. Og það hefur orðið samkomulag við þá aðila, sem að þessum lögum eiga að búa, um að þetta sé gert á þennan hátt. Það á ekki að svíkja mennina um eina milljón kr. Það á aðeins að slá á frest greiðslu hennar um það árabil, sem um er að ræða. Hins vegar hefur verið innt af höndum af hálfu ríkisstj. sú skylda, sem samkvæmt hvorum tveggja þessum l. lá á okkur, að leggja til þessum sjóðum í eitt skipti fyrir öll 15 millj. kr. samanlagt.

Þá minntist hv. þm. loks á frestun þeirrar skyldu, sem hvílir á sveitarsjóðum og ríkissjóði, og taldi þar rofið heit. Ég vil benda á, að það, sem hér er farið fram á, er ekki annað en það, að slík skylda hvíli því aðeins á ríki og bæjarfélögum, að fjárveitingavaldið leggi hana á í hvert sinn. Ég tel heppilegt, að það sé hverju sinni lagt undir réttdæmi þeirra hæfustu manna, sem fara með fjárveitingavaldið, þ. e. a. s. undir fjvn. og Alþingi sjálft, svo að Alþ. kveði á um það hverju sinni, hvenær þessi skylda skuli gilda og hvenær ekki. Geta ríkissjóðs er ákaflega misjöfn og bæjarfélaganna sömuleiðis. Það er því hyggilegt, að fjárveitingavaldið hafi hönd í bagga með ekki aðeins framkvæmd þessara l., heldur allra l., sem sett eru út í bláinn og skylda ríkissjóð til að gera þetta og hitt, hvort sem getan leyfir eða ekki.

Ég hef þá komið inn á öll þau atriði, sem hv. þm. minntist á, og sýnt fram á, að hvað landnámssjóð áhrærir og byggingar í kaupstöðum þá er þar ekki um neina brigðmælgi að ræða, heldur er aðeins verið að fresta að leggja fram fé í þessu skyni, og hvað skipaeftirlitið snertir þá hefur þeirri reglu verið fylgt í fjárl., að eftirlitsstarfsemi skuli standa undir sér.

Það eru enn fremur glögg rök, að ef ekki hefði notið við aðstoðar einstaklinga í Rvík, sem hafa boðið fram fé til að auka afkastagetu síldarverksmiðjanna, þá er borin von, að það fyrirtæki hefði komizt upp eða annað hliðstætt á þessu tímabili. Ég held, að óhætt sé að segja, að þar sem enginn undirbúningur var af hálfu ríkisins að byggja síldarverksmiðju við Faxaflóa, þá mundi hún ekki vera komin í tæka tíð, þó að fé væri fyrir hendi.

Ég hef ekki hingað til heyrt eina einustu rödd, ekki einu sinni í Þjóðviljanum, að nein hætta

hafi verið á ferðum, þegar útgerðarmenn við Faxaflóa og bæjarfélagið tóku sig saman að stuðla að því að bæta möguleikana til hagnýtingar síldar á næsta ári, fyrr en nú, að sósíalistaþm. finnst það eitthvað bagalegt fyrir útgerðarmenn. Ég játa fúslega, að það væri mjög æskilegt, að allir hefðu aðgang að þessum hlutum, en ég sé ekki vel, hvernig hægt er að koma því við. Ekki mundu 174 skip geta fengið afgreiðslu við þessa verksmiðju, þannig að enginn þyrfti að bíða, en það voru eitthvað 174 skip, sem voru við veiðar, þegar mest var. En það gefur auga leið, að með því að auka vinnslumöguleikana, þá er greitt úr þessu að nokkru leyti. Ef um það væri að ræða, að samningar gætu tekizt við þetta félag á öðrum grundvelli en þeim, sem þeir hafa gert samninga um, þá skal ég ekki leggja stein í götu þess á neinn veg, en mér þykir líklegt, að þegar menn hafa stofnað svona félagsskap, þá sé erfitt um slíka samninga. Við skulum segja, að ríkið væri ekki með í þessu, það er hugsanleg leið, en ég tel hana ekki heppilega.

Finnur Jónsson: Án þess að blanda mér inn í þessar umr., sem hér hafa farið fram milli hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. S-M., þá vil ég segja það í framhaldi af því, sem hæstv. fjmrh. upplýsti, að ég veit ekki betur en það sé ráðgert að framkvæma, ekki að öllu leyti nýja, en framkvæma þó stækkun á síldarverksmiðjunum á landi við Faxaflóa, sem mundi veita allt að 15 þús. mál, og er þá með talið það, sem fyrir var. Ef þetta skip kemst í framkvæmd, þá mundi þetta verða allt að 25 þús. mála vinnsla á dag á næstu síldarvertíð. Með þessu er gert mjög stórt átak.

Á það hefur verið minnzt í þessu sambandi, að um það hefði verið talað að gefa ríkisstj. heimild til að taka lán í því skyni, jafnvel erlendis, til að koma þessum málum í framkvæmd. Það hefur verið upplýst, að ekkert af þessu kemst í framkvæmd með núverandi gjaldeyrisástandi, nema svo sé gert. Þeir, sem vilja þess vegna láta Faxaflóasíldina verða að atvinnuvegi, ef hún heldur áfram að koma hingað, þeir hljóta að fylgja þessu máli. Hitt er annað mál, það sem hv. 2. þm. S-M. gerði að umtalsefni, að það getur verið að vissu leyti vafasamt að gefa einstökum skipum heimild til að hafa forgangsrétt til að leggja upp síld í bræðsluskip, sem að nokkru leyti er keypt af ríkinu. Þó má bæta því við, enda hefur það verið upplýst af hæstv. fjmrh., að sá háttur verður ekki hafður meðan skipið verður á vegum Síldarverksmiðja ríkisins við Norðausturland. Og í rauninni er þetta ákvæði ekki svo mjög hættulegt, ef þessi sömu skip hafa ekki jafnan rétt við önnur skip til löndunar við verksmiðjurnar í landi. Ef þessi skip ættu að hafa jafnan rétt við önnur skip við verksmiðjurnar í landi og auk þess forgangsrétt að bræðsluskipinu, þá væri það mjög mikið misrétti, sem hvorki sjómenn né útgerðarmenn mundu þola, enda er það svo á síldveiðunum við Norðurland, að þar gera skipin samninga við verksmiðjurnar, og jafnvel þó að síldarverksmiðjueigandi eigi þar síldveiðiskip, þá hafa þau engan forgangsrétt fram yfir önnur samningsskip. En ég fyrir mitt leyti sé ekki þrátt fyrir þetta, að ástæða sé til að setja um þetta sérstök skilyrði í þessa heimild, því að ef síldveiðiskip, sem hefðu forgangsrétt við hina nýju verksmiðju, ættu þar að auki að hafa jafnan rétt við önnur skip við verksmiðjurnar í landi, þá væri það svo mikið misrétti, að hvorki útgerðarmenn né sjómenn mundu þola það. Og þá mundi fara á sama hátt og farið hefur á Norðurlandi, þó að nú sé ekki sleginn um það neinn varnagli, en ef það kæmi í ljós, að þess þyrfti, þá er hægt að láta stofnsamninginn gilda, en setja það ákvæði, að skip, sem hefðu forgöngu við þessa verksmiðju, kæmu ekki á sama tíma til að leggja upp afla í aðrar verksmiðjur. Með því móti er ekki trufluð sú félagsstofnun, sem þegar hefur verið komið af stað og nauðsynlegt er að halda áfram með fullum krafti, ef þetta mikilsverða mál á að komast í framkvæmd fyrir næstu síldarvertíð.

Þá vil ég segja nokkur orð út af þeim lið, þar sem lagt er til að hækka skipaskoðunargjöld. L. um skipaskoðunargjöld voru sett 1947. Áður voru gjöldin samkv. reglugerð. Síðasta reglugerð, sem um það efni var sett, er frá 15. apríl 1939. En ef maður ber saman l. við þá reglugerð, þá kemur í ljós, að með l. hefur verið framkvæmd allmikil hækkun á skoðunargjöldum. Sem dæmi má nefna, að áður áttu skip 15—30 rúmlestir að greiða lágmarksgjald í ríkissjóð 20 kr., en nú 30 kr., skip 30—50 lestir áður 30 kr., nú 45 kr., skip 50—100 lestir áður 45 kr., nú 70 kr., skip 100—200 lestir áður 85 kr., nú 130 kr. og skip 400—800 lestir áður 160 kr., nú 440 kr. Ef gjöldin hefðu verið látin óbreytt, þá mætti segja, að full ástæða væri til að leggja nú á fulla dýrtíðaruppbót, en þar sem þessi taxti hefur verið hækkaður svo mjög frá 1939, þá er tæplega rétt að leggja ofan á þá hækkun fulla dýrtíðaruppbót. Ég vil mjög skjóta því til hæstv. ráðh., að hann beini því til n., hvort hún mundi ekki vilja athuga, að nokkuð mundi verða séð fyrir þessu með því að hækka gjöldin um 100% frá því, sem l. mæla fyrir. Það má vera, að bifreiðaeftirlitið standi undir sér, en það má þó benda á, að skipaeftirlitið er nokkuð annars eðlis, þar sem menn eiga svo mjög undir því líf sitt og öryggi, þó að vísu bifreiðaeftirlitið sé alltaf að verða meira og meira öryggismál, sem þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar.

Út af þeirri breyt. að losa ríkið við þá skyldu að leggja fram fé til aðstoðar við að útrýma heilsuspillandi íbúðum vil ég taka fram, að eins og sakir standa er ákaflega mikið af ófullgerðum byggingum, sem þarf að leggja alla stund á að fullgera. Nýbyggingar á þessu ári eru ekki eins miklar og á síðasta ári, en þó sjáanlega miklu meiri en gert var ráð fyrir að yrði fyrir 2—3 árum síðan. Eins og fjárhag ríkisins er nú komið, er ákaflega þýðingarlítið að leggja ríkissjóði á herðar skyldu til að inna af hendi fjárgreiðslur, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl. Og þar sem hér er ekki farið fram á neina breyt. á l. og húsnæði, sem væntanlega kemst í not á þessu ári, verður óvenjulega mikið og hins vegar fjárhagur ríkisins þannig, að ekki er til neins að vonast eftir, að hann geti innt af hendi miklar

greiðslur í þessu efni með þeirri afgreiðslu, sem nú er á fjárl., þá get ég eftir atvikum fylgt þessari till. En ég vil geta þess vegna þeirra, sem vilja láta þessi l. komast að fullu í framkvæmd, að það verður að stilla svo til framvegis, að í fjárl. verði gert ráð fyrir útgjöldum til að koma þessu mikilsverða máli í framkvæmd. En meðan fjárl. eru afgr. þannig, að ekki er gert ráð fyrir neinni upphæð til þessara framkvæmda, þá þýðir ekkert að amast við þessari frestun. Hitt er miklu meira vert, að þegar dregur úr byggingum einstakra manna, ráðist Alþ. þá á ný í að nota sér ákvæði þessarar merkilegu löggjafar og fá fjárveitingu í fjárl. í samræmi við þá þörf, sem þá mun væntanlega koma í ljós.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í belg, sérstaklega varðandi það atriði, sem hefur spunnizt inn í umr. varðandi fjárframlag til h/f Hærings til að eignast og reka síldarbræðsluskip.

Þegar þeir aðilar, sem að þessu máli hafa staðið, voru að undirbúa þetta mál, komu fram tvö sjónarmið: Annars vegar frá Síldarverksmiðjum ríkisins, sem lögðu fram þá ósk sína, að skipið yrði leigt verksmiðjunum vegna síldveiða fyrir norðan land a. m. k. til að byrja með um 5 ára skeið. En strax á fyrsta stigi málsins, þegar verið var að ræða við útgerðarmenn um hugsanlega möguleika á, að Reykjavíkurbær og ef til vill fleiri aðilar legðust á eitt til að koma upp þessari verksmiðju, þá komu þau sjónarmið fram, að eðlilegast væri, til að fá undirtektir í þessu efni hjá útgerðarmönnum, að þeir, sem vildu leggja fram hlutafé í þetta fyrirtæki, hefðu þann forgangsrétt til löndunar, sem um hefur verið talað. Um þetta var rætt á fyrsta stigi málsins. Mönnum var ljóst, að slíkur réttur hafði ekki tíðkazt fyrr við síldarverksmiðjur, en þó var enginn ágreiningur um þetta atriði. Það var upplýst af útgerðarmönnum þegar í upphafi, að hver, sem gerðist hluthafi, fengi slíkan forgangsrétt, og það hefur enginn orðið frá að hverfa, sem um það hefur beðið. Það komu fyrst nokkru fleiri en gert var ráð fyrir og voru settir á biðlista, en þó fór svo, að allir komust að, sem þess óskuðu.

Þá má segja eins og Þjóðviljinn gerir, að þessi verksmiðja sé stofnuð aðeins fyrir þá ríku. En ég vil taka það fram, eins og hefur líka verið bent hér á áður, að það er ekki fyrr en alveg nú nýlega, að þessi úlfaþytur hefur komið upp. Um það var rætt, að bátar legðu fram ýmist 15 eða 30 þús. kr. í hlutafé eftir stærð bátanna, en þyrftu ekki að greiða nema ⅓ af hlutafénu á þessu ári, en gert ráð fyrir, að hitt mætti greiðast í afla á næstu tveimur vertíðum. Það var gert ráð fyrir, að þeir bátar mundu litt færir um að standa undir sínum útgerðarkostnaði, sem ekki væru aflögufærir um 5—10 þús. kr. í hlutafé, enda hefur ekki heyrzt, að neinum hafi þótt boginn með þessu móti of hátt spenntur, þegar bátar þurftu aðeins að greiða 5—10 þús. nú, en hitt mátti greiðast í afla á næstu tveimur vertíðum, enda hreyfði ekki fulltrúi frá nokkrum flokki í bæjarstjórn Rvíkur andmælum. Ég held því, að hv. þm. þurfi ekki að kippa sér upp við það, þó að þessa síðustu daga hafi verið gerður þessi úlfaþytur af hálfu sósíalista og síður en svo, að nein þörf sé að stinga við fótum.

Það var einkum þetta atriði, sem ég vildi víkja að og undirstrika það, sem fram hefur komið í þessu sambandi, að jafnframt þessari nýju verksmiðju er á ferðinni mikil stækkun á verksmiðjunum við Faxaflóa, og gerir það að sjálfsögðu þennan forgangsrétt allt annan og miklu minni en mönnum kann að sýnast og vilja halda fram, þegar þeir eru að sýna fram á, að verið sé að útiloka suma báta frá síldveiðum hér syðra. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Ísaf., að það eru 15 þús. mála afköst ráðgerð á næstu vertíð fyrir utan það, sem þetta skip kann að koma til með að bræða.

Þá er eitt annað atriði í þessu frv., en það er frestunin á framlögum til byggingarmála. Ég verð að segja, að þetta ákvæði hlýtur að fela það í sér, að það geti haft veruleg áhrif á aðstöðu bæjarfélagsins og valdið miklum breyt. á þeim áætlunum, ráðagerðum og stefnu, sem bæjarfélögin hafa haft. Mér er ekki kunnugt, að hve miklu leyti bæjarfélög hafa hagnýtt sér þetta, en þau munu ekki vera mörg. Rvík hefur gert það í nokkuð stórum stíl. Er nú verið að vinna að byggingum og gert ráð fyrir að fá fé til þeirra samkv. þessum l. Hér vil ég sérstaklega taka fram, að áætlanir og stefna bæjarstjórnarinnar á þessu ári var sérstaklega miðuð við það, að enginn misbrestur yrði á fjárframlögum á þessu sviði. Ég get að vísu fullkomlega skilið þær ástæður, sem koma fram hjá hæstv. fjmrh. Fjárhagsástæður geta verið svo, að það sé ókleift fyrir ríkissjóð að standa við skuldbindingar sínar, nema þær séu á hverjum tíma takmarkaðar við það, sem stendur í fjárl. Þetta kemur auðvitað mjög illa við bæjarfélögin, en þó er það bót í máli, að þetta kemur ekki til greina í sambandi við þær byggingar, sem nú eru í smíðum, því að ríkissjóður stendur áfram við skuldbindingar sínar gagnvart þeim húsum, sem nú er farið að vinna við. Þetta kemur því illa við þau bæjarfélög, t. d. Rvík í þessu sambandi, og af þeim sökum mun ég ekki geta fylgt þessum brtt., sem hér er gert ráð fyrir, þó að ég skilji þær ástæður, sem fram eru fluttar.

Pétur Ottesen: Það er aðeins í sambandi við einn lið þessa frv., þ. e. 6. liðinn, sem mig langar að segja nokkur orð. — Mér skilst, að reynslan, sem fengizt hefur á þessum vetri um það að flytja síld til bræðslu héðan til Norðurlands, hafi leitt það í ljós, að það sé óhugsandi að leysa þau mál áfram með þeim hætti. Ef menn ætla sér á annað borð að hagnýta síldveiði hér í Faxaflóa, verður að skapa hér þá aðstöðu við flóann, sem nauðsynleg er til þess að geta hagnýtt þessa veiði. Það er talað um það hér, að það muni verða allmikið tap, milljónatap, á síldarbræðslunni, sem framkvæmd hefur verið norður á Siglufirði. Það hefur nú verið rakið hér í þessum umr., að uppi hafa verið allmiklar ráðagerðir um það að leysa þetta hlutverk, og átti ég snemma á þessu þingi nokkurn þátt í að bera fram till. þar að lútandi, að reist yrði 5 þúsund mála síldarbræðsluverksmiðja á Akranesi, og

hafði ég þá í huga, að samningar gætu tekizt um það, að síldarbræðsluvélar, sem til eru hér á landi og ekki hafa enn verið notaðar, væru settar upp á Akranesi. Nú hefur önnur skipan komizt á um þetta, sem vikið er hér að í 6. lið þessa frv., og má vel vera, að sú till. út af fyrir sig sé hagkvæm og heppileg. Ég hef af þessum ástæðum algerlega horfið frá því að halda nokkuð til streitu þessu frv., sem ég flutti. Því var vísað til n., sem ég á sæti í, og þar liggur frv. En það er vitað, að sú lausn, sem fæst á þennan hátt, nær mjög skammt, ef eftirleiðis verður hér um að ræða svipað síldarmagn og s. l. haust, og þess vegna þarf að koma annað og meira til að geta mætt þeirri nauðsyn. Mér skildist á hv. þm. Ísaf., sem er kunnugur þessum málum gegnum störf sín í fjárhagsráði, að ráðagerðir væru uppi um að skapa aðstöðu til þess að bræða í landinu allt að 15 þús. mál á sólarhring, og er þá miðað við þá aðstöðu, sem fyrir er núna. Ég geri ekki ráð fyrir, að framkvæmdir á þessu geti orðið í svo stórum stíl sem þar er gert ráð fyrir, en eigi að síður er hér um stórar framkvæmdir að ræða. En þessar ráðagerðir eru háðar því, að fjárhagsgeta verði fyrir hendi hjá þeim mönnum, sem standa að þessum fyrirætlunum.

Mér þykir slæmt, að hæstv. fjmrh. er ekki hér viðstaddur, því að ég mun ekki flytja brtt. um þetta fyrr en mér hefur gefizt tóm til að ræða þær við fjmrh. og líka þá n., sem fær það til meðferðar, sem ég geri ráð fyrir, að verði fjhn. Ég vildi hreyfa því, hvort ekki mætti takast samkomulag um það, að ríkisstj. væri heimilað að gerast þátttakandi að ¼ hluta t. d. í endurbyggingu og stækkun þeirra síldarbræðslufyrirtækja, sem starfrækt voru hér á þessu síðasta hausti eða þessum vetri, og þeirra slíkra fyrirtækja, sem hugsað er að reisa hér við Faxaflóa. Ég örvænti mjög um það, að takast muni að koma þessu í framkvæmd með öðrum hætti en slíkur stuðningur komi frá því opinbera, og væri það þá alveg í samræmi við þann stuðning, sem það opinbera veitir því fyrirtæki, sem nú hefur verið stofnað hér og 6. liður þessa frv. lýtur að, að afla heimilda handa ríkisstj. til þess að leggja fram fé að ¼ handa þessu fyrirtæki. Því vildi ég boða það hér við þessa umr., að ég mun ef til vill hreyfa þessum möguleika við hæstv. ríkisstj. og þá n., sem fær málið til meðferðar. Má vera, að sum þessi fyrirtæki hafi aflað nægilegs fjár til þess að hrinda þessu í framkvæmd, en hins vegar veit ég, að önnur fyrirtæki, sem hyggja á slíkar framkvæmdir, hafa ekki enn þá getað skapað sér þá fjárhagslegu aðstöðu, sem geri þeim kleift að koma þessu nauðsynlega verki í framkvæmd, en slík þátttaka af hálfu ríkisins í þessum framkvæmdum mundi leysa þau vandræði. Þetta er enn nauðsynlegra, þegar tekið er tillit til þess, að samningar þeir, sem tekizt hafa um þetta nýja fyrirtæki, eru bundnir því skilyrði, að eingöngu þeir útgerðarmenn, sem þar eiga hlut að máli, eiga einir forgangsrétt að því að leggja afla sinn inn í þessa síldarbræðslu. Þess vegna leiðir af sjálfu sér, að þeir menn, sem hafa ekki gerzt þarna aðilar, eru mjög illa settir hér, ef þeir geta ekki komið þessum framkvæmdum áfram, því að þá eiga þeir ekki innhlaup í þessa verksmiðju, nema því aðeins að þeir menn, sem þar eiga forgangsrétt, hafi ekki nógu mikið aflamagn upp í afkastagetu verksmiðjunnar.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vona, að mér gefist tækifæri fyrir 2. umr. að ræða við ríkisstj. og n. um þetta atriði og mun ef til vill, eins og fyrr greinir, leggja síðar fram tillögu um lausn málsins á þessum grundvelli.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram, að mig furðar ekki á því, þó að hæstv. ríkisstj. hafi flutt frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Öllum hv. þm. er það ljóst, að á undanförnum árum hafa ríkissjóði verið bundnar ýmsar þungar fjárhagslegar byrðar, m. a. með lagasetningu, og verður það ekki sízt ljóst, þegar kemur til afgreiðslu fjárlaga og gerðar eru tilraunir til þess að færa niður fjárútlátin. Þar sem fjárveitingavaldið hefur nú rekið sig á það, að erfitt er að skera niður á fjárlögum, þá hefur það farið þá leið, sem getur að líta í frv. því, sem hér liggur fyrir. Enda þótt ég skilji þessa viðleitni og nauðsyn, þá kemst ég ekki hjá því að hafa sérstöðu um eitt atriði frv. sérstaklega, og ég vil benda á það, hversu raunverulega er farið þar inn á hæpna braut. Það, sem ég á hér við, er 1. liður 1. gr. frv., þar sem lagt er til, að fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga komi því aðeins til framkvæmdar, að sérstök heimild til þess sé veitt í fjárlögum hverju sinni. Þessi löggjöf var sett á þingi 1946 og var um aðstoð ríkissjóðs við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þessi lagasetning vakti miklar vonir í hugum manna, bæði í kaupstöðum og kauptúnum. Þarna kom fram skilningur á hinni miklu þörf, sem víðast hvar er ríkjandi á bættu og auknu húsnæði. Með l. var gripið til róttækra og markvissra ráðstafana, sem gáfu fyrirheit um, að snúizt væri með festu og djörfung að útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og er 3. kafli l. glöggt vitni um það. Í 27. gr. l. er sú skylda lögð á bæjar- og sveitarstjórnir að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og stendur í gr., að til þess skuli þær njóta aðstoðar ríkisins. Í samræmi við þetta voru bæjar- og sveitarstjórnir skyldaðar til að láta fara fram rannsókn á heilsuspillandi íbúðum og gera till. um úrbætur. Í 31. gr. l. voru svo ákvæði um, hvernig ríkið skyldi hlaupa hér undir bagga, og er það á þá lund, að ríkissjóður láni sveitarfélögum, sem byggja íbúðir samkv. l. þessum, 75% af byggingarkostnaði. Lán þessi skulu veitt til 50 ára með 3% ársvöxtum. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast upp á 35 árum. Það var því engin furða, þótt bæjar- og sveitarfélög hygðu til hreyfings í þessum málum, og það er óþarft að rekja hina brýnu nauðsyn á þessum lögum. Öllum hv. þm. er kunnugt, hversu ástandið í húsnæðismálunum er slæmt í þorpum og bæjum víða um land. Hundruð manna lifa við svo ófullkomið húsnæði, að það hæfir fremur skepnum en siðuðum mönnum. Ég hef sjálfur séð slíkar íbúðir. Ég hef séð stórar fjölskyldur kúldrast í

einni torfbaðstofu, þar sem allt er gert, eldaður matur, sofið, borðað og unnið. Þessar myndir eru svo margar, að ekki var að furða, þó að löggjöfin legði skyldur á bæjar- og sveitarfélög og þó að það kostaði ríkissjóð nokkrar fórnir. Ég hygg, að þessi löggjöf hafi verið einhver þarfasta ráðstöfunin, sem sett var á þinginu 1946. Ég fagnaði henni mjög og batt við hana miklar vonir.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að framkvæmdum þeim, sem gerðar hafa verið samkvæmt l. þessum, en þær eru nú á þriðja ári.

Segja má, að eitt bæjarfélag hafi aðallega ráðizt í framkvæmdir í þessu efni, en það er Rvík. Þar hafa nú verið byggðir tugir og jafnvel hundruð íbúða. Ég hygg, að ég fari þar með rétt mál, þó að hv. 6. þm. Reykv. gerði í þessu aths. við orðið „hundruð". Það er áreiðanlega hundrað eða hundruð íbúða með þeim, sem eru í smíðum. Það hefur aðallega verið höfuðborgin, sem bolmagn hefur haft til framkvæmda. Hvort tveggja er, að hér er ekki aðeins þörf til endurbóta á byggingum, heldur krefst hinn öri vöxtur borgarinnar stóraukins húsakosts. Fyrir utan þessar byggingar hefur verið ráðizt í margar fleiri framkvæmdir. — Segja má, að þó að Rvík hafi haft þörf fyrir þessa löggjöf, þá er hennar þörf í þessum efnum þó ekki eins rík og margra annarra staða á landinu, en ég er þó ekki að deila á það, þó að Rvík hafi hagnýtt sér þessi lög, því að vissulega hafði hún þörf fyrir, að leyst væri úr húsnæðisvandræðunum.

Utan Rvíkur er aðeins einn kaupstaður, sem hagnýtt hefur sér l. að mun, en það er Ísafjarðarkaupstaður. Svo að segja um leið og l. voru sett 1946, fól bæjarstjórnin heilbrigðisnefnd að rannsaka íbúðir í bænum. Rannsóknin fór fram á skömmum tíma, og leiddi hún í ljós, að í bænum voru 32 heilsuspillandi íbúðir. Í samræmi við þetta gerði bæjarstjórnin heildaráætlun um, hvernig úr þessu yrði bætt, og fjallaði áætlunin m. a. um það, að byggðar skyldu 32 íbúðir. Áætlun þessi var svo lögð fyrir þm. Ísaf., en hann hafði fullan skilning á málinu. Ég hygg, að ég fari þar rétt með, að áætlunin hafi verið samþ., og svo hóf Ísafjarðarbær framkvæmdir með því að ráðast í byggingu á 12 þriggja herbergja íbúðum fyrir um 80 manns. Framkvæmdir þessar hafa haldið áfram, og gert er ráð fyrir, að íbúðirnar verði tilbúnar á þessu ári eða því næsta.

Fjárhagsleg hlið málsins er sú, að bærinn hefur fengið 400 þús. kr. úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. Þó að segja megi, að þetta sé bráðabirgðalán, þar sem ekkert heildarlán hefur fengizt, þá hefur það orðið að samkomulagi að fresta fjárgreiðslum í þessu skyni, þar til heildarlán hefur fengizt. Þessar 400 þús. samsvara ekki því fé, sem ríkissjóður átti að greiða, svo að bærinn hefur borgað meira en sinn hluta með beinum fjárframlögum. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þetta eins og lög standa til, og ég lít þannig á, að þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá yrðu aldrei látnar falla niður greiðslur úr ríkissjóði til þessara bygginga, sem hafnar eru. Ég veit þó, að það er ætlun ráðh., að svo verði, en ég tel allsendis óverjandi af ríkinu að ætla að hlaupast þannig frá þessu. Það eru aðeins tvö bæjarfélög, sem í þetta hafa ráðizt samkvæmt l., og það getur ekki verið álit þingsins, að skilja eigi þannig við það.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Ég veit um sveitarfélög, sem ráðast vildu í framkvæmdir samkvæmt lögunum. Ég veit t. d. um eitt sveitarfélag á Vesturlandi, sem ætlaði að ráðast í framkvæmdir á þessu ári, ef allt hefði verið með felldu. Á þessum stað hafa ekki verið byggð ný hús í tvo áratugi, og meginþorri fólksins lifir þar við ófullnægjandi húsnæði. Frá þessum framkvæmdum yrði að hverfa, ef þessi liður frv. yrði samþ. Annan stað veit ég um, þar sem svipað stendur á.

Ég vil nú benda á það, að þótt aðeins Rvík og Ísafjörður hafi ráðizt í framkvæmdir, eru það e. t. v. ekki endilega þeir staðir, sem mesta þörf hafa fyrir að hagnýta sér umrædd l., og meira að segja hafa þeir meiri möguleika til að leysa þennan vanda en margir aðrir staðir, því að þótt til séu hinar herfilegustu íbúðir bæði í Rvík og á Ísafirði, þá held ég samt, að vandfundnar séu aðrar eins gripastíur og þær, sem getur að líta í smáþorpunum. Hinir margumræddu Pólar hér í Rvík mundu jafnvel kallast gott húsnæði þar. Það vill svo til, að ég hef kynnt mér Pólana, og ég hygg, að þeir, þótt slæmir séu, geti kallazt salarkynni samanborið við sumt húsnæðið í þorpunum. Það væri því illa og ómaklega að farið, ef kippt væri nú í taumana hvað þessi lög snertir og skrúfað fyrir fjárveitingar, einmitt þegar hinir smærri staðir, sem stöðugt berjast við Reykjavíkurþrána og reyna að halda í fólkið, ætluðu að fara að hefja framkvæmdir og hagnýta sér með því sett lög. Ég hygg, að þessi þróun væri eins öfug og hugsazt gæti, ef 1. liður 1. gr. þessa frv. yrði samþ. Og það liggur við, að ég álíti, að l. hefðu verið betur ekki sett, ef afnema á þau nú á þessu stigi málsins.

Ég byrjaði á að lýsa yfir því, að ég skildi nauðsyn ríkisstj. á að létta nokkrum fjárútlátum af ríkissjóði. Ég viðurkenni ekki, að þetta sé fær leið að leggja til, að þessi lög verði afnumin. Stj. verður að byrja á öðrum enda en þessum, ef hún ætlar að spara, því að það er engu betra að setja ákvæði, sem fresti þeim, heldur en að afnema þau algerlega. Ég geri ekki ráð fyrir, að á næstu fjárlögum verði gefin heimild til að framkvæma þessi lög. Þess vegna þýðir þessi liður frv. aðeins afnám þessa kafla l. Ég get því ekki annað en verið á móti þessum lið frv. og flyt brtt., að 3. liðurinn falli burt úr frv. Ég vil benda á, að þetta er ekkert annað en brigðmæli við þær bæjarstjórnir, sem ráðizt hafa í aðgerðir til útrýmingar slæmum íbúðum. Tvær bæjarstjórnir, bæjarstj. í Rvík og bæjarstj. á Ísafirði, höfðu gert áætlun um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Á Ísafirði var fyrirhugað að byggja 32 íbúðir, og hafði samþykki ráðherra fengizt fyrir því. Ég held því, að þótt þessum bæjarfélögum sé leyft að halda áfram byggingum, séu brotin á þeim gefin loforð. Ég vil í þessu sambandi segja það, að það vakti miklar vonir hjá Ísfirðingum, að þessi rannsókn var hafin, og þessu var tekið jafnvel af heilbrmrh. og þm. þeirra, og hafa bæjarbúar ríka ástæðu til að ætla, að fulltrúi þeirri muni

framvegis styðja að því, að þessi áætlun verði haldin. Þess vegna vænta Ísfirðingar þess, að þm. þeirra stuðli að því, að ekki verði tekið með vinstri hendinni það, sem sú hægri gaf. Ég vænti því þess, að hæstv. ríkisstj. fylgi því ekki fast fram, að þessi liður verði samþ. Það er ýmislegt, sem er heppilegra að spara, og þetta er að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægstur. Og ég held, að ríkisstj., sem sýnt hefur áhuga á að flytja fólk úr heilsuspillandi íbúðum, hreysum og grenjum, geti ekki stutt þetta. Ég vildi eiga þátt í því, að fundinn yrði nýr tekjustofn í stað þess að fresta þessum lögum um óákveðinn tíma, sem er raunar það sama og afnema þau. Ég veit að vísu, að það eru margir pinklar á Skjónu, en ef um mikil nauðsynjamál er að ræða, er lengi hægt að finna tekjustofna, sem gætu staðið undir slíku. Og ég hef ekki orðið var við mikla tregðu á því á Alþ. að leggja skattabagga á þegnana og jafnvel þótt um minni vandamál væri að ræða en leysa húsnæðisvandamálið í bæjum og byggðum. Eins og þetta frv. var upprunalega lagt fram, var ekki gert ráð fyrir því, þó að ríkissjóður losaði sig við sínar skyldur, að sveitarfélögin væru ekki leyst af þeirra skyldum að vinna að byggingarframkvæmdum. Þessu sé ég, að hv. Ed., hefur breytt, og er það nokkru skaplegra. En mér er spurn: Hafa bæjar- og sveitarfélög beiðzt þess að vera leyst af þessari skyldu? Hafa einstök sveitarfélög beðið hæstv. ríkisstj. þess? Ég held varla. En ef ríkisstj. ætlar að skjótast undan sinni skyldu, er það sjálfgert fyrir hina. Mér finnst, að hæstv. Alþ. megi ekki fara þessa leið, sem hér er lagt til. Ég held, að það verði samkvæmt eðli málsins og sóma síns vegna að láta af þessari ætlun sinni. Á árunum 1944—46 voru sett mörg nytsöm lög, sem lengi munu í heiðri höfð, um framfarir og umbætur með þjóðinni, sem þjóðin mun sækja styrk og þrótt til. Ég held, að það sé ekki tími til að ganga til baka í þessum efnum og ekki heppilegt að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægstur. Þess vegna vona ég, að brtt. frá mér verði samþ. og liðurinn, eins og hann er nú í frv., verði felldur niður.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var í framhaldi af umræðunni í morgun og sérstaklega út af ummælum hæstv. fjmrh., og slæmt að hann skuli ekki vera hér, og ætla ég því að tala við hv. deild. Er það þá fyrst í sambandi við 2. tölul. frv., þar sem gert er ráð fyrir að hækka skipaskoðunargjöld. En með þessu er verið að íþyngja útveginum. Hæstv. ráðh. gerði lítið úr þessu og vildi láta þennan lið standa undir sér og vildi gera þetta sambærilegt við aðra skoðun og eftirlit. Hv. þm. Ísaf. benti á, sem rétt er, að á síðasta þingi voru skipaskoðunargjöld hækkuð allverulega með lögum. Og nú er enn komið með brtt. um að hækka skipaskoðunargjöld um 200%. Ef þetta næði fram að ganga, yrði útkoman sú, að ríkissjóður tæki að græða allverulega á skipaskoðuninni. Í fjárl., sem lögð voru fram í haust, er gert ráð fyrir, að tekjur skipaeftirlitsins séu 184 þús., en útgjöld 338 þús. En nú er gert ráð fyrir, að þessar 184 þús. hækki sem nemur fullri vísitölu. En nú hefur sýnt sig, að tekjuafgangur af skipaútgerðinni er allt of lágur miðað við það, sem reynslan hefur sýnt. Er því ekki þörf hækkunar á þessum gjöldum nema reynt sé að fóta sig á nýjum tekjustofni. En nú er það svo, að ekki er hægt að bera saman öryggiseftirlit og annað eftirlit og láta útveginn greiða skipaeftirlitið. Ríkissjóður hefur nú greitt beint ýmsan kostnað, sem sambærilegur er. Eða hvernig er það með öryggismálin í landi, með kostnað af lögreglu o. fl.? En þegar Alþ. setur lög um það, að ríkið skuli hafa allmarga fasta starfsmenn við skipaeftirlitið, þá er komið og lagt til, að lagður verði skattur á allan farkost í landinu. Ég bendi á þetta í sambandi við það, að þetta eru ekki einu útgjöldin, sem lögð eru á útgerðina, heldur aðeins einn af mörgum liðum. Og ég taldi rétt, að hv. alþm. vissu þetta allt, áður en þeir færu að samþ. hluti sem þessa. Mér virðist sem menn hafi ekki gert sér þetta fyllilega ljóst, og af ræðu hæstv. sjávarútvegsmálaráðh. var ljóst, að hann hafði ekki gert sér grein fyrir því, hvað þetta þýddi.

Í sambandi við deilurnar um 6. lið 3. gr., um heimild handa ríkisstj. til að leggja fram 1¼ millj. til móts við h/f Hæring til byggingar síldarverksmiðju, gerði ég þá aths., að mér fyndist undarlegt, að ríkið legði fram svo mikinn hluta án þess að setja skilyrði fyrir því, á meðan útgerðarmenn hér við Faxaflóa, sem fjármagn hafa til að leggja fram, setja þau skilyrði, að þeir hafi forgangsrétt til löndunar. Og mér heyrðist á hv. 7. þm. Reykv., sem er formaður Hærings, að ýmsir útgerðarmenn hafi verið látnir á biðlista, hvort þeir kæmust í félagið og hefðu þannig forgangsrétt til löndunar. Mér er einnig kunnugt um það, að mönnum hefur verið neitað um inngöngu í félagið. En sennilega fer það eftir því, hvort menn hafa nægilegt fé til að kaupa sig inn í félagið. Svo er reynt að draga úr fyrirhugaðri stækkun síldarverksmiðjanna við Faxaflóa með því, að á næsta hausti verði komin upp síldarverksmiðja, sem bræði 15 þús. mál á sólarhring, en slíkt nær ekki nokkurri átt. Það er rétt, að hér við Faxaflóa eru nokkrar verksmiðjur, sem von er um, að stækki. En þetta verður síðar en svo til að draga nokkuð úr forgangsrétti þeirra manna, sem að Hæringi standa, þar eð útgerðarmenn þeir, sem að því félagi standa, eru einmitt sömu mennirnir, sem eiga síldarbræðslurnar hér við Faxaflóa og hafa því bæði forgangsrétt til að landa í þeim verksmiðjum og hjá Hæringi. En útgerðarmenn af Norður-, Vestur- og Austurlandi hafa ekki rétt á móts við þessa menn, enda þótt ríkissjóður leggi fram ¼ af kostnaðinum. En svo er mönnum sagt, að þetta létti af öðrum verksmiðjum á landinu. Sem sagt, útgerðarmönnum annars staðar á landinu er sagt, að þeir geti fengið sína síld flutta til Siglufjarðar, en útkoman verður bara sú, að þeir fá helmingi lægra verð með því móti fyrir sína síld en hinir, og er þetta heldur huggun fyrir menn utan af landi. — Þá setur ríkisstjórnin þau skilyrði, að félagið leigi S. R. skipið yfir sumarið. Félaginu er sem sagt gert að skyldu að leigja skipið yfir sumartímann. Sér er nú hver kvöðin, sem sett er, eftir að ríkið hefur lagt fram 1¼ millj. króna. Að félagið leigi Síldarverksmiðjum ríkisins skipið, þegar engin

veiði er í Faxaflóa og þar af leiðandi ekkert með skipið að gera, — þá ætlar ríkissjóður að taka það á leigu og þar með alla áhættuna. Það hefði aftur á móti mátt teljast kvöð, ef félagið hefði verið skyldað til að reka verksmiðjuna fyrir Norðurlandi á sumrin. En nú ætla Síldarverksmiðjur ríkisins að taka skipið á leigu og ríkissjóður að taka verulegt erlent lán til að félagið geti rekið þetta og leggur auk þess fram 1¼ millj. Þá finnst mér, að lágmarksskilyrðin, sem ríkið getur sett, séu þau, að allir hafi jafnan rétt til löndunar í skipið. En þetta mátti ekki. En afleiðingin verður sú, ef skipið kemur næsta haust, að einungis útgerðarmenn í Rvík og við Faxaflóa og þá einungis þeir, sem bezt eru efnum búnir, hafa aðstöðu til að hagnýta sér vetrarsíldina, en aðrir ekki. Og það bætir ekki úr, þó að sagt sé, að ekki hafi verið minnzt á þetta áður. Þetta eru sannindi, sem liggja fyrir og verður ekki mótmælt.

Útvegsmenn á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum hafa þegar lýst andstöðu sinni til þessara forréttindaákvæða, sem hér er um að ræða. Þeir hafa lýst yfir, að mikið ósamræmi væri í aðstoð ríkisins gagnvart þessari verksmiðju og öðrum verksmiðjum, ef nokkrir útvegsmenn fái þessi sérréttindi. Nú vill ríkisstj. fá heimild til lántöku erlendis í þessu skyni og heimild til þess að leggja fram 1250000 kr. úr sjóði Síldarverksmiðja ríkisins í þetta fyrirtæki. Ríkisverksmiðjurnar eru þó eign allrar útgerðarinnar í landinu. Þar eru öll skip, hvort sem þau eru frá Austurlandi, Norðurlandi, Vesturlandi eða Faxaflóa, jafnrétthá. En nú á að fara að taka á aðra millj. króna úr sjóði síldarverksmiðjanna til þess að leggja í fyrirtæki, sem býður nokkrum mönnum upp á forréttindaaðstöðu.

Það hefur komið fram á síðustu vetrarvertíð, að þeir, sem höfðu þannig aðstöðu hér við Faxaflóa að þeir gætu lagt síld sína hér til vinnslu, þeir lutu ekki sömu verðlagsákvæðum fyrir framleiðslu sína og hinir, sem þurftu að flytja sína síld norður í land. Hvernig verður þetta þá, þegar sumir menn hafa fyrir aðstoð ríkisins miklu betri aðstöðu en fjöldinn, sem vinnur að sömu framleiðslu?

Ég fagna því, að síldarverksmiðjuskip verður keypt, og ég tel nauðsynlegt, að hægt verði að stórauka vinnslu á vetrarsíld hér við Faxaflóa. Það er sjálfsagður hlutur að koma upp verksmiðju hér við flóann, og það er sjálfsagt, ef hægt er að hafa verksmiðju í skipi. En það er einungis þetta forréttindaákvæði, sem ég get ekki fellt mig við. Og ég vil vara við þessu ákvæði, því að ég sé alveg, hverjar afleiðingar þess verða.

Það hefur komið fram í sambandi við þessar umr., að hv. þm. Borgf. mun leggja til, að þeir aðrir aðilar hér við flóann, sem nú vinna að byggingu síldarverksmiðja, fari allir fram á við ríkið, að ríkið leggi fram ¼ stofnkostnaðar þeirra verksmiðja. Ég sé ekki í raun og veru, hvaða ástæða væri til þess að standa gegn því, að þeir á Akranesi njóti sömu hlunninda og þeir í Reykjavík, þar sem um einstaklingsfyrirtæki er að ræða á báðum stöðum. Og þá ættu þeir í Hafnarfirði, Keflavík og Njarðvíkum að njóta sams konar stuðnings frá ríkinu og hér er gert ráð fyrir gagnvart þessu eina félagi. Ég veit, að útvegsmönnum, þegar þeir byrjuðu á sínum fyrirtækjum, hefur ekki dottið í hug, að þeir gætu dregið Síldarverksmiðjur ríkisins og ríkið þannig inn í málið, að þeir gætu fengið ríkið til þess að borga svo og svo mikið af stofnkostnaði þessara verksmiðja og haldið forréttindaákvæðum sínum eftir sem áður. Það hefur engum hugsazt slík aðstoð fyrr en Hæring h/f. En þá koma þeir vissulega allir á eftir. Og sé ég ekki, hvaða ástæða væri til þess að neita þeim fjölmörgu öðrum verksmiðjum annars staðar á landinu, sem svipað stendur á um og þessar Faxaflóaverksmiðjur, sem líka geta unnið úr síld og þorskbeinum eins og Faxaflóaverksmiðjurnar gera, — um aðstoð þannig að fá að einum fjórða af stofnkostnaði sínum greiddan frá ríkinu og allir aðilar þar haldi forréttindum sínum í sambandi við afsetningu aflans til þeirra stöðva.

Mér fannst á ræðu hæstv. fjmrh., að hann vildi láta í það skína, að það mundu í raun og veru varla vera til möguleikar á því að koma upp verulega aukinni síldarvinnslu fyrir næstu vetrarvertíð hér við Faxaflóa, nema með því að ríkið aðstoðaði nokkra útgerðarmenn hér við flóann á þennan hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En í þessu sambandi vildi ég gjarnan mega spyrja um það vegna þessa frv., þar sem ríkisstj. óskar eftir að fá heimild til þess að mega taka 15 millj. króna lán erlendis í þessu skyni, hvernig eiginlega er hugsað að fara með þetta lán. Ef ríkið ætlar að taka þetta lán til kaupa á tækjum og á skipinu, þá sýnist, að ríkið gæti eins tekið þetta lán handa verksmiðju, sem það reisti sjálft. Ég hygg, að það hefði sízt orðið verra að fá útvegsmenn í landinu til þess að leggja fram nokkurt stofnfé í sambandi við byggingu síldarverksmiðju, sem rekin hefði verið á sams konar grundvelli og Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið reknar, þ. e. með hagsmuni allra útvegsmanna fyrir augum, en ekki forréttindi fyrir nokkra. Slíkt hefði verið miklu hægara og réttara á þennan hátt en á þann hátt, sem nú hefur verið gert. Nei, hitt mun vera nærri sannleikanum, að það hefur ekki verið fyrir hendi vilji hjá þeim, sem með þessi mál fara í ríkisstj., og þá kannske líka formanni stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins. Það mun hafa verið meiri vilji hjá þessum aðilum til þess að koma hér upp forgangsverksmiðjum en áfram væri haldið að byggja upp síldarverksmiðjur á þeim grundvelli, sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið byggðar.

Ég tók eftir því, þegar hv. þm. Ísaf. ræddi þetta mál, að hann liti svo til, að sjómenn og útvegsmenn þar mundu aldrei líða það, að svona forréttindaákvæði yrðu látin gilda, ef þeir menn, sem þetta forréttindaákvæði er fyrir, hefðu jafnframt rétt eða aðstöðu til þess að leggja upp í aðrar síldarverksmiðjur, sem hér vinna líka. En hann virtist hins vegar gera sér einhverja von um, að þessir forréttindamenn gætu ekki lagt afla sinn í aðrar verksmiðjur, sem hér eru að rísa upp við Faxaflóa. En þetta er reginmisskilningur. Það er hægt að nafngreina menn, sem eru

hluthafar í Hæringi h/f og fá forréttindi sín þar, en eru jafnframt eigendur í verkmiðjum, sem verið er að koma hér upp eða eru í byggingu. Þær verksmiðjur, sem verið er að byggja, t. d. á Akranesi, Hafnarfirði, Keflavík og Njarðvíkum, eru yfirleitt í eigu útvegsmanna hér við flóann, svo að það er síður en svo, að þeir, sem fá að njóta forréttindaákvæða við síldarbræðsluskip Hærings h/f fái ekki að leggja upp í hinar verksmiðjurnar, heldur fá þeir forgang að þeim líka. Ég hygg, að hv. þm. Ísaf. reynist sannspár, þegar hann segir, að sjómenn og útvegsmenn muni ekki þola þetta ákvæði í framkvæmdinni. Þess vegna vil ég, að þessu ákvæði verði breytt nú og ríkið setji það að skilyrði fyrir framlagi sínu til félagsins, að allir íslenzkir útgerðarmenn hafi þar jafnan og sama rétt til þess að hagnýta afla sinn hjá þessu fyrirtæki og forréttindaákvæðið verði þar með útþurrkað. — Ég býst við, að það sé óþarfi að óttast, að þeir fáu útvegsmenn, sem hér eiga hlut að máli í sambandi við Hæring h/f muni ekki vilja þiggja þetta framlag ríkisins og þetta erlenda lán, sem ríkið ætlar að taka þeirra vegna, ef svona skilyrði verða sett, og þar með falli niður framkvæmdirnar. Ég er viss um, að þeir munu taka þessu tilboði Síldarverksmiðja ríkisins og ríkisins, þó að þessi skilyrði yrðu sett, því að öðrum aðilum hafa áreiðanlega verið sett erfiðari skilyrði.

Ég skal svo ekki ræða frekar um málið nú við þessa 1. umr. þess, en ég ætla, að þessar umr., sem hér hafa farið fram, séu nægilegar til þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, kynni sér það vel og athugi, hvaða afleiðingar samþykkt þessara atriða, sem hér hefur verið minnzt á, geti haft í för með sér fyrir síldarútveginn yfirleitt. En það hefur nú komið fram í umr. um þetta frv., að hæstv. ríkisstj. hefur ekki einu sinni fylgi allra sinna stuðningsmanna fyrir a. m. k. öllum ákvæðum þessa frv., því að þegar hér við 1. umr. þess hafa verið boðaðar brtt., sem flestar eru þess eðlis, að fordæmd er alveg sú stefna, sem fram kemur hjá ríkisstj. í sambandi við ákvæði þeirra l., sem hér er í raun og veru ætlazt til, að numin verði úr gildi. En þannig er háttað um ákvæði frv., sem gert er ráð fyrir að falli niður, svo sem ákvæði varðandi fjárframlög af hálfu ríkisins til sveitarfélaga varðandi íbúðarhúsbyggingar.

Ég hef hér lýst yfir áður, að ég er mjög mikið á móti þessum lið frv. og tel hann mjög ranglátan. Ég tel slíkt óviðunandi, ef sá kaupstaður landsins, sem bezt er efnum búinn og mesta möguleikana hefur til þess að byggja yfir íbúa sína, sem er Rvík, og hefur fengið greitt frá ríkinu um 5 millj. kr. til þess að byggja yfir íbúa sína, verði svo að segja ein um að njóta þessa styrks, þannig að þegar aðrir aðilar eru að hefja framkvæmdir í þessu efni, þá á að kippa l. úr gildi. Það var sjálfsagt, að Rvík fengi hér jafnan rétt við aðra, en hún á ekki heldur að fá neinn meiri rétt.

Í sambandi við annað atriði, sem ég minntist á nokkuð í morgun, um að skerða framlag ríkissjóðs í sambandi við endurbyggingar í sveitum, þá vil ég taka fram, að það virðist ekki rétt, sem fram kom hér hjá hæstv. ráðh. í svari hans í morgun, þegar hann sagði, að þetta væri gert með samkomulagi við rétta aðila, sem með þessi mál hafa að gera. Hér hefur sem sagt áður komið fram í umr. í hv. d., að einmitt formaður þessa sjóðs, sem er hv. þm. A-Húnv., lýsti yfir því, að nýbýlastjórn hafi ekki verið um það spurð, hvort ráðlegt væri að kippa þessu þannig burt, svo að það virðist vera samið við aðra aðila en þá, sem með þessar framkvæmdir hafa að gera. Og ekki er mér kunnugt um, að samningar hafi verið gerðir milli ríkisstj. og fólksins í sveitunum, sem átti að njóta þeirra laga. Það væri því fróðlegt að vita, við hvaða aðila ríkisstj. hafi í raun og veru samið viðvíkjandi þessum atriðum.

Þegar málið kemur úr n., gefst væntanlega tækifæri til þess að ræða nánar um þetta, og mun ég láta máli mínu lokið að sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hefði talið mjög æskilegt, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur, þegar ég ræði þetta mál, og vildi ég biðja hæstv. forseta að láta athuga, hvort ráðh. væri svo upptekinn, að hann mætti ekki vera að hlýða á mál mitt. (**Forseti:** Ég skal gera honum aðvart). Ég vildi vita, hvort líkindi væru til þess, að ráðh. mundi koma. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur fengið skilaboðin).

Ég get vel skilið, að hæstv. ríkisstj. leggi fram frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. og telji sér nauðsyn að fara fram á við hæstv. Alþ. að fá heimild til ýmissa sérstakra ráðstafana. En ég hefði haldið, að þær ráðstafanir, sem væru nauðsynlegar nú, væru af öðrum toga spunnar en þær, sem í þessu frv. felast. Og þar sem þetta er fyrsta og aðalumr. málsins og ég býst við, að þessu máli verði vísað til fjhn., sem ég á sæti í, þá finnst mér það vera það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. getur gert, þegar hún leggur svona frv. fram, að vera viðstödd, þegar d. ræðir málið.

Ég var nýlega staddur á fundi í n., sem ég var kosinn í af Alþ., landsbankanefnd, þar sem sérstaklega var rætt um, hve brýn þörf væri að ráða fram úr þeim vandræðum, sem nú steðja að útveginum vegna lánsfjárskorts. Þar var lýst yfir því af formanni bankaráðs, að ríkisstj. hefði verið tilkynnt, að nauðsynlegt væri, áður en þingi lyki nú, að ráðið yrði fram úr þeim vandamálum, sem nú steðjuðu að sjávarútveginum vegna þess. Það var undirstrikað, að fram úr þessu yrði að ráða nú, bæði af bankastjórum Landsbankans og fjárhagsráði. Það var og upplýst, að það mundi vanta um 60 millj. króna lánsfé til borgunar á 7 togurum, 20 mótorbátum og fjölda hraðfrystihúsa og margra annarra bygginga, sem verið væri að koma upp, en engar ráðstafanir gerðar til þess að ráða fram úr þessu. Þarna voru margir hv. þm. og hæstv. sjávarútvegsmálaráðh. viðstaddir. Og maður skyldi halda, að það fyrsta, sem um væri fjallað, þegar sérstakar ráðstafanir væru gerðar, væri að tryggja, að menn gætu fengið þetta fé. Og það hvílir því meiri ábyrgð á ríkisstj. að gera slíkar ráðstafanir sem hún hefur beinlínis með eigin fyrirskipan látið taka 8 millj. króna móti vilja

bankastjórans úr stofnlánadeildinni til þess að lána ríkum togaraeigendum í Rvík, meðan aðrir útvegsmenn, sem minni efni hafa, koma til með að skorta fé. Ég hafði þess vegna vænzt þess, að sú fyrsta till., sem flutt yrði, væri um sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja stofnlánadeildinni aukið fé og sjá þannig um, að sjávarútvegurinn yfirleitt gæti haldið áfram með fullum krafti. En ég sé nú, að það liggur ekki við, að svo sé. Ég sé, að þær ráðstafanir, sem hér er lagt til að gerðar verði, ganga allar í þveröfuga átt. Og engar ráðstafanir koma þarna fram, sem miða að því að auka eða bæta aðstöðu útvegsins til þess að geta staðið undir því mikla hlutverki, sem hann á að vinna fyrir þjóðina.

Mér fannst það þess vegna koma úr hörðustu átt, þegar hæstv. fjmrh. talaði um, að núv. ríkisstj. hefði gert verulegar ráðstafanir og verið fyrst allra ríkisstj. til þess að lækka vextina fyrir útveginn. Ég veit ekki betur en einmitt fyrrv. ríkisstj. hafi gert þær mestu og beztu ráðstafanir, sem enn þá hafa verið gerðar á Íslandi til þess að fá handa útveginum hagkvæmt lán og lága vexti. Ég held, að það sé heldur lítið fyrir núv. hæstv. ríkisstj. til þess að státa af í þessum efnum. En hún getur státað af því að hafa látið vexti hækka bæði gagnvart sjávarútveginum og öðrum atvinnugreinum landsmanna.

Ég endurtek það, að ég hefði kosið, að hæstv. fjmrh. hefði viljað vera viðstaddur þessa umr., og hefði ég þá viljað biðja um nánari upplýsingar um þessa vaxtalækkun, sem ráðh. talaði um, og meðferð ríkisstj. á þessu máli gagnvart bönkunum, sem hæstv. ráðh. finnst ástæða til að vera stoltur af. Í vetur fluttum við till. um vaxtalækkun í sambandi við dýrtíðarlagafrv. Það var neitað að samþ. hana. En þá var samt vitað, að Landsbankinn mundi um áramótin hækka vexti. Og það var vakin eftirtekt á þessu og sýnt fram á, að hægt væri að hindra þessa vaxtahækkun. Hæstv. ríkisstj. vildi það ekki. Hvaða ástæða var til þessarar hækkunar, kemur bezt fram í því, að gróði Landsbankans var 1946 um 16 millj. kr., en árið þar áður 14 millj. kr. Þær miklu skattaálögur á þjóðina og vaxtahækkun, ekki aðeins frá hálfu ríkisins, heldur líka frá hálfu ríkisstofnana, ættu að sýna, að það er sannarlega ekki ástæða til þess að kvarta undan því, að það vanti fé til þess að efla sjávarútveginn og aðra atvinnuvegi í landinu. Ég held þess vegna, að það, sem hæstv. fjmrh. var að ræða um, að bankarnir væru einráðir í þessum efnum, það sé nú vægast sagt að reyna að skella skuldinni yfir á þá af því, sem ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hér í þinginu gætu ráðið við, eins og þetta, hvað vextina snertir. Þetta er á valdi Alþ., að ákveða um það, hvað vextir hjá bönkunum megi hæstir vera gagnvart sjávarútveginum og öðrum atvinnugreinum, og það er því ekki til neins af Alþ. eða hv. þm. að vísa til þess, að í þessum efnum séu bankarnir einráðir. Ég vil enn fremur minnast á í þessu sambandi, eins og hæstv. fjmrh. er vafalaust kunnugt um, að það var eitt af samkomulagsatriðum í síðustu ríkisstj., að ef fé vantaði til nauðsynlegs rekstrar í landinu, þá skyldu lögð skyldulán á þá ríkustu í landinu í hlutfalli við þeirra eignir. Það eru ákvæði, sem enn þá er hægt að taka upp og hæstv. fjmrh. hefði a. m. k. möguleika til þess að fara inn á og leggja til einhverja till. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, heldur en að gefast upp við verkefnin, sem liggja fyrir og snerta sjávarútveginn, nauðsynlegasta atvinnuveg landsmanna. Ég veit líka, að hæstv. fjmrh. hefur verið bent á í umr. um þessi mál í hv. Ed., að það væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi, ef hann þyrfti að fá fé í ríkissjóðinn, m. a. með því — og það mun einn af flokksmönnum hans hafa komið með till. um í hv. Ed. — að spara það fé, sem nú fer til fjárhagsráðs, og leysa þjóðina um leið úr þeim einokunarfjötrum, sem hún er hneppt í, sem mundi aftur leiða til þess, að atvinnuvegirnir í landinu blómguðust. Það vantar ekki, að ráðin séu nægileg. Spursmálið er hitt, hvort það sé einhver vilji fyrir hendi til að nota þau.

Hæstv. fjmrh. ræddi hér nokkuð um 6. tölul. 1. gr. frv., og var þar einkum að ræða við hv. 2. þm. S-M., sem gagnrýndi réttilega, að ekki væri tryggt jafnrétti landsmanna í sambandi við þau framlög, sem ríkið lætur í té til þeirrar síldarverksmiðju, sem hér á að stofna. Ég þarf ekki mörgum orðum að bæta við það, sem hv. 2. þm. S-M. sagði í þessu sambandi. Ég vil aðeins minna á það í viðbót, að það er ekki ríkissjóður einn af opinberum aðilum, sem leggur þarna fram fé, heldur Reykjavíkurbær. Þannig að helmingur af *öllu framlaginu, sem kemur til þessa fyrirtækis*, er frá opinberum aðilum. Og strax frá því sjónarmiði er það það minnsta, sem hægt er að krefjast, þegar það opinbera leggur fram helming af þessum framlögum, að tryggt sé jafnrétti allra til þess að fá að leggja upp í þetta fyrirtæki. — Ég sé, að hæstv. fjmrh. kemur nú inn í fundarsalinn. Ég hafði beint nokkrum spurningum til hans. (Fjmrh. fer út aftur). Það er slæmt, ef ekki er hægt að fá að ræða málið við hæstv. fjmrh. Þetta er fyrsta og aðalumr. málsins og ég býst við, að það fari til fjhn. og vildi hafa fengið svarað ýmsum spurningum af hæstv. fjmrh., þegar málið verður rætt þar. — En í sambandi við 3. tölul. þessarar 1. gr. frv., um að fresta um 10 ár greiðslu á 1 millj. króna framlagi til nýbýlasjóðs, þá sagði hæstv. fjmrh., að ríkisstj. hefði komizt að samkomulagi við fulltrúa landbúnaðarins um þetta mál. Ég veit ekki betur en þrír hv. þm. þessarar hv. d. eigi sæti í nýbýlastjórn, hv. þm. A-Húnv., sem er forstjóri hennar, og báðir hv. þm. Skagf., sem kannske eru hér ekki inni nú, en væri æskilegt, að væru hér. Ég vildi leyfa mér að skora á þessa hv. þm. að lýsa hér yfir, hvort þeir séu aðilar að þessu samkomulagi, og skora á hæstv. fjmrh. að upplýsa, við hverja fulltrúa landbúnaðarins hann hefði gert samkomulag þetta, sem sætti sig við það að fella niður greiðslu þessarar 1 millj. króna. Þegar við í nýbyggingarráði vorum að samþ. þessi lög og þegar þau komu í þingið, þá sótti Framsfl. það fast fram, að þessi l. væru samþ., enda eru þetta ein hin beztu lög, sem samþ. hafa verið fyrir landbúnaðinn. Nú þætti mér gott að fá að vita, hvort þessir fulltrúar í nýbýlastjórn hafi samþ. að sleppa þessari milljón eða hvort þessi aðili, sem átt sé við af hæstv.

ráðh., að sé þessu samþykkur, sé Framsfl., sá flokkur, sem hefur þótzt helzt berjast og harðast fyrir hagsmunum landbúnaðarins, og hvort sá flokkur hefur útnefnt sjálfan sig til þess að vera fulltrúi í þessum málum, til þess að slaka til í þeim málum, sem hann hefur þótzt sjálfur sækja harðast eftir að fá framkvæmd.

Þá er 1. tölul. 1. gr. frv., sem snertir l. um íbúðarhúsabyggingar. Ég held, að þar geti ekki verið um það að ræða, að geta ríkissjóðs sé svo lítil, að hann geti ekki lagt fram eða lánað það, sem þyrfti í þessum efnum. Ég veit ekki annað en það liggi fyrir okkur nú á dagskránni m. a. mál um lánsfjáröflun, þar sem hugsað er, að ríkið taki lán í Ameríku, og að svo eða svo mikið af því láni eigi að veita í innlendu fé og til aðila hér innanlands, sem eigi að leggja fram fé á móti. Bara strax við öflun slíks láns ætti að koma nokkurt fé, sem ríkisstj. ætti að geta ráðið yfir og ráðstafað. Þar að auki er vitanlegt, að fyrirtæki ríkisins, eins og t. d. bankarnir, græða ekki aðeins milljónir, heldur svo að skiptir tugum milljóna kr. á hverju ári. Landsbankinn hefur á tveimur síðustu árum grætt 30 millj. kr. Og ég get ekki hugsað mér, að ríkið geti rekið endalaust fyrirtæki, sem græði tugi milljóna kr. á hverju ári, og tekið þó aldrei neitt af því handa sjálfu sér. Og þegar þetta væri tekið í sambandi við það, sem ég hef lagt til, að tekinn sé skattur af þeim ríkustu, þá á ríkið ekki að þurfa að vera í vandræðum með framlög til nauðsynlegustu framkvæmda handa íbúum sínum. Og þá er ekkert nauðsynlegra en það, að landsmenn hafi þök yfir höfuð sín. Ég hygg, að það þyrfti ekki nema 10 af hundraði af gróða slíkra fyrirtækja á einu ári til þess, bara ef ríkissjóður skaffaði þetta. Ég hef tekið eftir því í sambandi við umr. um að fella þetta niður, sem í 1. tölul. gr. er gert ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. talaði eindregið á móti þessum lið, og lagði hann till. fram um, að þetta ákvæði félli niður úr frv. Ég hlustaði því miður ekki á ræðu hv. þm. Ísaf. En ég býst við, að hann muni, ef að líkum lætur, hafa tekið ekki ósvipað á málinu og ég hef gert. Enda verð ég að segja, að skörin væri nú farin að færast upp í bekkinn, ef menn úr Sjálfstfl. berjast á móti niðurfellingunni, sem gert er ráð fyrir í þessum 1. lið þessa frv., þar sem stefnt er að því að skerða gagnsemi ágætra laga, sem sett voru hér fyrir tveimur árum, en ef svo Alþfl. ætlaði að hjálpa til þess að fella þau úr gildi. Og þess vegna á ég bágt með að trúa því, að slík till. eins og sú, sem hér felst í þessum bandormi, geti fengið samþykki þessarar hv. þd. En viðleitnin, sem kemur fram í öllu þessu frv., er hin sama, þ. e. niðurrif og aftur niðurrif, meira og minna, á öllum þeim umbótal., sem gerð hafa verið á tveimur undanförnum árum. Og mér þykir vægast sagt undarlegt að heyra nú ekki þá menn, sem t. d. í Alþfl. réðust harðvítuglegast á stefnu fyrrv. ríkisstj. og þótti hún ekki nógu umbótasinnuð og róttæk, heyra þá nú ekki segja eitt einasta orð við þeim niðurfærslum, sem stefnt er að í þessu frv. Ég hygg, að nokkuð lítið verði úr því, sem kallað hefur verið vinstri mennirnir í Alþfl., ef þessi bandormur gengur í gegnum þessa hv. d. án þess að af þeim mönnum sé kvakað við því. Það hafa engin rök verið færð fram fyrir nauðsyn þeirra mála, sem hér er komið inn á. En það hefur ekki verið litið við því að reyna að bæta úr þeirri nauðsyn, sem lánsfjárþörf útvegsins er. En það virðist eiga síðustu daga þingsins að brjóta niður alla viðleitni landsmanna til þess að halda uppi atvinnuvegunum, ekki aðeins að brjóta niður þær umbætur, sem gerðar voru í tíð fyrrv. ríkisstj., heldur og umbótalöggjöf á öðrum sviðum. Þetta frv. gengur á öllum sviðum í þveröfuga átt við það, sem þjóðin þarf á að halda. Það er engin viðleitni sýnd þar til þess að bæta úr þeim hlutum, sem þjóðin óskar, að bætt sé úr. En þar er ráðizt á kjör útvegsmanna, bænda, verkamanna og landsmanna almennt, til þess að rýra þau frá því sem verið hefur og fella úr gildi þá umbótalöggjöf, sem samþ. hefur verið. Það hefði þess vegna verið æskilegt, að hæstv. fjmrh. hefði fengizt til þess að ræða þessi mál. En ég get vel skilið, að hann kjósi að ræða þau sem minnst. Það er ekki skemmtilegt að hafa verið við riðinn að skapa umbætur og verða nú sjálfur að ganga fram fyrir skjöldu í því að höggva þær niður. — Ég treysti því, að hv. þd. sýni það við meðferð þessa máls, að þau l., sem hún setti fyrir síðustu kosningar, séu sett til þess að koma að gagni, en verði ekki felld úr gildi, þegar þjóðin þarf mest á þeim að halda.

Jóhann Hafstein: Aðeins nokkur orð, sem ég vona, að lengi ekki mikið umr., í sambandi við ræðu hv. 2. þm. S-M., að því leyti sem hún snerti Hæring h/f og síldarbræðslu við Faxaflóa. Ég undrast stórlega allar þær rangfærslur og í raun og veru hreinan þvætting, sem fram kom í þessari ræðu hv. þm., sem gaf gersamlega ranga hugmynd um það, sem hér hefur verið gert í þessum málum og hvað er hér á ferð, og ég vildi ekki láta þessu ómótmælt. Efnið í þessari ræðu hv. þm. að því er þetta snerti var í stuttu máli saman dregið, að hér væri á ferð, ja, kannske meira eða minna þjóðhættulegt fyrirtæki, sem væri að stinga upp kollinum hér í bænum, h/f Hæringur, þar sem svo væri um hnútana búið, að ríkisvaldið rétti fram til þess að aðstoða hina ríkari útgerðarmenn milljónir króna, til þess að létta þeirra lífsbaráttu. Þetta var efnið og innihaldið í ræðu þessa hv. þm. Og að hans meiningu átti að koma í veg fyrir þetta með því að fella heimild ríkisins til að leggja fé í þetta fyrirtæki. — Að gefa slíka mynd af því, sem hér er í raun og veru um að ræða, það er svo fráleitt, að mig stórundrar það. — Ég hafði tekið fram í minni fyrri ræðu, að engin gagnrýni hafði komið fram, fyrr en nú á síðustu dögum, gagnvart því, sem hér er um að ræða, að af einum aðilanum, sem er í því félagi, var tilskilin forgangsaðstaða viðkomandi bátaflotanum. Í þessu félagi eru: Reykjavíkurbær, Síldarverksmiðjur ríkisins og Óskar Halldórsson, sem leggur til vélarnar, og h/f Hafsíld. Og það var frá h/f Hafsíld, sem krafan er fram komin um þetta skilyrði. Það er undarlegt að hlusta á það, að hér sé um forréttindaaðstöðu fárra manna að ræða. Hv. 2. þm. S-M. talaði um, að þegar félag, sem myndað hefði verið, fengi stuðning frá

Síldarverksmiðjum ríkisins og ríkisvaldinu með þessu móti til þess að framkvæma síldarbræðslu, þá ættu önnur félög hér, sem fást við síldarbræðslu, að sjálfsögðu að reyna að afla sér sama stuðnings frá ríkisverksmiðjunum og ríkisvaldinu, sem hér er um að ræða. Ekkert af þessu er það, sem fyrir liggur, að neitt félag hafi aflað sér þessa stuðnings frá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Þegar málum hagaði þannig, að í tvö skipti var síldveiði mjög mikil við Faxaflóa, þá fóru menn að hugsa um að reyna að búa svo um hnúta að koma upp betri aðstöðu til að taka síld til bræðslu, sem veiddist hér syðra, sem var mjög lítil fyrir hendi, aðeins litlar fiskimjölsverksmiðjur. Og hitt var lakast, hve flutningskostnaðurinn á síldinni norður varð mikill. Hann varð mjög mikill, svo að mönnum hrýs hugur við þeim kostnaði. Menn eru því sammála um, að skapa verði aðstöðu til þess, að ekki þurfi að grípa til þess að flytja síldina norður til bræðslu þar, heldur sé hægt að hagnýta síldaraflann hér við flóann.

Reykjavíkurbær átti nokkurn hlut að því máli, að stofnað var í upphafi til samvinnu með honum og Síldarverksmiðjum ríkisins og útgerðarmönnum og fleiri aðilum, svo sem Sjómannafélagi Reykjavíkur, til þess að rannsaka og gera till. um úrlausnir í málinu. Og upp úr þessum samtökum var stofnað hlutafélagið Hæringur. En áður en það var stofnað, höfðu útvegsmenn stofnað Hafsíld h/f, sem gengur sem eins fjórða hlutar hluthafi í h/f Hæring. Og félagið h/f Hafsíld var stofnað á fundi í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þar sem allir útvegsmenn gátu mætt. Svo að það er fráleitt að segja, að hér sé um einstaka fáa útvegsmenn að ræða, sem séu í h/f Hafsíld, heldur er það almennt félag útgerðarmanna sjálfra. Það hefur því verið alveg í höndum útgerðarmanna, að h/f Hafsíld var stofnað og eftir hvaða reglum það var stofnað. En við stofnun h/f Hærings óskuðu þeir, sem höfðu viljað gerast félagar í h/f Hafsíld og vildu leggja fram hlutafé í h/f Hæring, að þessir útvegsmenn í h/f Hafsíld fengju þennan forgangsrétt, sem þarna er um að ræða. Ég sagði í minni fyrri ræðu, að þetta hefði verið rætt við stofnun h/f Hærings. Og þar kom það sjónarmið, að þar sem Síldarverksmiðjur ríkisins væru aðili þarna og legðu fram fé, væri vafasamt að hafa þessi forréttindi. Hins vegar lögðu ýmsir allmikið upp úr því að koma þessu ákvæði fram. Það getur verið, að þeir, sem ekki vilja sækjast eftir því að fá einstaklingsframtakið til þess að leggja fé í fyrirtæki eins og þetta, vilji ekki vera með því að vinna þetta til. En það var ekki annað að heyra en það fengi hljómgrunn hjá þeim, sem stofnuðu til þessa félagsskapar, og vísa ég um það í umr. í bæjarstjórn Rvíkur. — Þá kom fram hjá hv. 2. þm. S-M. ósk um, að nefnd, sem fengi málið til athugunar, athugaði um þetta atriði sérstaklega. Og það fyndist mér eðlilegt, sérstaklega til þess að upplýsa málið betur fyrir hv. þm., sem vaða í svo mikilli villu og svima um þetta mál eins og hv. 2. þm. S-M., og ef hv. þm telja nokkra ástæðu til þess, þá að athuga einhverjar aðgerðir í þessu sambandi. Nú er á það að líta, að hér er ekki um fé Síldarverksmiðja ríkisins og ríkissjóðs að ræða nema að einum fjórða hluta í fyrirtækinu. Og ég verð því að álíta þetta forgangsréttarákvæði hættulaust og skaðlaust. Og þetta er ekki komið frá h/f Hæringi og ekki frá neinum fáum ríkum mönnum, sem ætli að nota sér góða aðstöðu þarna, meðan aðrir fátækir útgerðarmenn á Austur-, Vestur- og Norðurlandi geti ekki notið sömu kjara, heldur er þetta í fyrstu komið frá L. Í. Ú., þannig að Landssambandið stofnaði h/f Hafsíld með útvegsmönnum, sem svo settu fram þessa kröfu. Og L. Í. Ú. er samtök útvegsmanna um land allt.

Ég taldi rétt að láta það, sem ég nú hef sagt, koma hér fram, til þess að leiðrétta misskilning hjá hv. 2. þm. S-M., sem mig furðar á, að skuli hafa getað komið hér fram, vegna þess að hann hefur fylgzt með þessum málum, því að hann hefur a. m. k. haft aðstöðu til þess að fylgjast með þessu á fundum L. Í. Ú., því að þar hefur hann oft komið við sögu.

Varðandi það, sem snertir afköst í síldarbræðslu við Faxaflóa, þá er það rangt hjá hv. 2. þm. S-M., að það bæti síður en svo úr skák, þó að þetta skip kæmi, vegna þess að þessi forréttindi fylgi því. Því að forréttindi viðkomandi einni verksmiðju verða því minni hætta, ef hægt er að hafa meiri möguleika til þess fyrir skip að afsetja afla sinn vegna þess að þetta síldarbræðsluskip kemur.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ráðagerðin um, að aukning bræðsluverksmiðjanna hér við flóann gæti orðið fyrir haustið, gæti með engu móti rætzt. Ég álít þvert á móti, að líkurnar séu meiri fyrir því, að þær vonir, sem margir hafa gert sér um, að þetta geti orðið, geti rætzt.

Að því leyti sem ég sem fulltrúi frá Reykjavíkurbæ átti aðild að þessu, þá er svo fráleitt, að ég telji hér um að ræða hættulega sérréttindaaðstöðu eða sérréttindaaðstöðu fárra ríkra manna. Og það kom reyndar hvergi fram við undirbúning málsins, að það gæti verið um það að ræða, að hér væri verið að skapa sérréttindaaðstöðu handa fáum útvegsmönnum, heldur var það aðalatriðið, sem alla aðila hlýtur að skipta mestu í þessu, að hér var stofnað til samvinnu fleiri aðila um það að bæta aðstöðuna til síldarbræðslu hér við Faxaflóa. — Ég get einnig upplýst, að af hálfu Reykjavíkurbæjar hefur ekki verið látið sitja við þann þátt einan, sem hann hefur átt í að koma þessu fyrirtæki á laggirnar, heldur hefur það komið fram af hálfu bæjarins að hafa samvinnu við Keflavík um að auka aðstöðu hennar til síldarvinnslu með því að koma upp samvinnu við þann aðila eða kannske koma upp nýrri síldarverksmiðju hér í Rvík, þar sem þá væri byggt á nýrri vinnsluaðferðum, sem sérstaklega hafa verið rannsakaðar á vegum þessa hlutafélags og gerð hefur verið grein fyrir í opinberum blöðum. Þó að ekki sé langt komið enn viðræðum Reykjavíkurbæjar og þessa aðila um þetta mál, þá hefur verið að þessu unnið, *og það standa vonir til þess, að stofnun slíkrar síldarverksmiðju komist töluvert áleiðis á þessu ári. Og viðkomandi því* að stækka hinar síldarverksmiðjurnar hér, þá sýnist mér það vera of

mikil bölsýni hjá hv. 2. þm. S-M., að menn geti ekki gert sér vonir um, að þær stækkanir verði framkvæmdar fyrir næsta haust. Og ég vil upplýsa, að í eina bræðsluna, sem stækka á hér, vantar gufuketil, og ketillinn er til í vélasamstæðu, sem Óskar Halldórsson á á Siglufirði og meiningin er, að h/f Hæringur fái. En ef þessu félagi heppnast að fá skip til síldarbræðslustarfrækslu, er gert ráð fyrir að fá gufuketil þar.

Hæstv. ríkisstj. og fjárhagsráð hafa sýnt mjög mikinn góðvilja og skilning á því að aðstoða þetta umrædda síldarbræðslufyrirtæki í baráttunni fyrir því að koma upp þessari verksmiðju fyrir næsta haust, með því að ekki þurfi að standa á gjaldeyri til skipakaupanna. Því að hér er við mjög mikla erfiðleika að etja á mörgum sviðum. En sá erfiðleiki má ekki gleymast, að tíminn er mjög naumur. Og sérhver töf, sem kann að verða á framkvæmd þessa verks, að koma upp síldarverksmiðjuskipi og síldarbræðslutækjum við Faxaflóa, getur orðið tuga milljóna kr. virði. Þess vegna er það mikils virði, að þetta mál mæti góðum skilningi hjá því opinbera, ríkisstj. og fjárhagsráði.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum eru ekki að ófyrirsynju sett. Samkvæmt 3. kafla l. er svo til ætlazt, að hafin verði herferð í landinu gegn heilsuspillandi íbúðum. Bæjarstjórnum í kaupstöðum og kauptúnum var með þessu sett það mark að útrýma slíku húsnæði. Þeim var gert það að skyldu að láta fara fram ýtarlega rannsókn á ástandinu í þessum málum, og gegn þessu hét svo ríkið að lána með hagkvæmum kjörum 85% af byggingarkostnaði slíkra húsa. Á þetta hefur verið bent rækilega af mér og fleiri þm. á sínum tíma, en þá fékk það ekki hljómgrunn. En reynslan hefur sýnt okkur, að við vorum ekki of svartsýnir í þessum efnum. Nú hefur komið í ljós, að löggjöfin hefur gengið of illa frá þessu, og rökstyður það skoðun mína, að þessi l., eða sérstaklega 3. kaflinn, hafi ekki verið sett að ófyrirsynju. Þessi húsrannsókn takmarkaðist að vísu við braggaíbúðir og kjallaraíbúðir. Tveir menn, sem áður fengust við slíkar rannsóknir, voru látnir skoða húsnæðið og gefa héraðslækni skýrslu. Að þeirri athugun lokinni skoðaði héraðslæknir einstaka íbúðir, þar sem honum fannst ekki fullljóst í skýrslunni, hvernig ástandið væri. Síðan var úrskurðað, hverjar voru taldar heilsuspillandi. Niðurstaðan af þessum athugunum varð sú, að 652 íbúðir voru úrskurðaðar heilsuspillandi fyrir röskum tveimur árum. Nú ber að undirstrika, að þegar þessi úrskurður var felldur, var rannsókn ekki lokið, ekki einu sinni lokið að skoða allar kjallaraíbúðir. Þá hafði ekki verið lokið við að skoða ýmsar skúrbyggingar og bráðabirgðabyggingar, sem finnast víðs vegar í bænum, né heldur íbúðir, sem bærinn leyfir að byggja á erfðafestulöndum í Fossvogi og víðar. Þær eru bundnar þeim skilyrðum frá bæjarins hálfu, að gólfflötur má ekki vera stærri en 25 m². Var það gert til þess að tryggt væri, að þarna væri aðeins um sumarbústaði að ræða. Í þessum íbúðum, ef kalla má svo, er búið nærri öllum. Mega allir gera sér ljóst, að slíkar íbúðir fyrir fjölskyldur hljóta að vera heilsuspillandi. Það er ekki efamál, að talan 652 heilsuspillandi íbúðir er of lág, og má ætla, að hana megi margfalda með 2. Reykjavíkurbær hefur hafizt handa um að reyna að bæta úr þessu með því að reisa hús við Skúlagötu, sem var um 72 íbúðir. 8 íbúðum var ráðstafað á þann hátt, sem ekki er hægt að telja í sambandi við það að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Eftir eru þá 64 íbúðir, sem ríkið mætti vitaskuld fella undir 3. kafla l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þá var ákveðið, að í 13 af þessum 64 íbúðum væri flutt fólk úr svo kölluðum „Selbúðum". Þær voru ekki úrskurðaðar sem heilsuspillandi íbúðir, heldur rýmdar vegna þess, að þar átti að setja upp verbúð fyrir sjómenn, sem dvelja hér á vertíðinni. Það þótti meiri nauðsyn að breyta þessu en flytja fólk úr heilsuspillandi íbúðum. En þá eru eftir 588 íbúðir, sem héraðslæknir úrskurðaði heilsuspillandi. Þá eru í smíðum 32 íbúðir á vegum Reykjavíkurbæjar, sem ætla mætti, að kæmu upp í þessa þörf. Þær verða væntanlega tilbúnar einhvern tíma í sumar, og er þá eftir af hinum úrskurðuðu íbúðum 556. Síðan hefur Reykjavíkurbær ákveðið að byggja 2 hús með 64 íbúðum.

Þessar upplýsingar hafa verið gefnar til þess að sýna fram á, að 3. kafli l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum var ekki settur að ófyrirsynju, heldur vegna knýjandi og brýnna þarfa. Ég vil þó taka það fram, að ég hygg það rétt mælt hjá hv. þm. N-Ísf., að ástandið í þessu efni muni vera víða eins slæmt eða verra en í Reykjavík. Hann lét þau orð falla, að hinar svo kölluðu Pólabyggingar hér í Rvík mundu þykja góð salarkynni borið saman við smáíbúðir í kaupstöðum landsins. Ég vil nú taka það fram, að Pólabyggingarnar hafa ekki verið úrskurðaðar heilsuspillandi, en mjög lélegar. Séu þessar fullyrðingar réttar hjá hv. þm. N-Ísf., þá er ástandið þar slæmt. Því segi ég það, að ég veit ekki, hvaða skylda hvílir þyngra á herðum íslenzka þjóðfélagsins en einmitt að leysa þetta vandamál, einmitt að framkvæma 3. kafla l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kauptúnum. Það er staðreynd, sem allir þekkja og viðurkenna, að þjóð okkar hefur búið frá ómunatíð í moldarkofum. Það er fyrst þessi kynslóð, sem tekur að reisa varanleg og góð hús, og það er hlutverk þessarar kynslóðar að hýsa svo landið, að allir landsmenn geti búið í sæmilegum húsum.

Nú kemur hæstv. ríkisstj. með frv. til l. um að fresta framkvæmd 3. kafla þessara nauðsynlegu l., og í Ed. er bætt við, að bæjarfél. séu einnig leyst undan þessari skyldu, sem á þau er lögð með þessum kafla. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. N-Ísf. sagði, að mér finnst það furðuleg ráðstöfun. Ég hefði nú haldið, að það væri ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. gæfi okkur þm. skýrslu um, hvað ýmsar framkvæmdir, sem hún hefur nú með höndum, kosta, áður en ætlazt er til, að við samþ. slíkt afturhvarf, sem hér er lagt til. Hvað kostar skömmtunarskrifstofan, fjárhagsráð og yfirleitt allar þær

mörgu stofnanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett á laggirnar? Það er vissulega þess vert að fá þessar upplýsingar. Einhvers staðar verður að spara, en hvort virkilega á að byrja á því að fella niður framlög til þess að koma þjóðinni inn í mannsæmandi hús, það er vafamál.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fjölyrða mikið um þetta. Ég vildi aðeins láta þessar upplýsingar koma fram, til athugunar fyrir n., og undirstrika það, sem ég hygg rétt hjá hv. þm. N-Ísf., að ástandið sé víða verra og jafnvel miklu verra. Þegar þetta er lagt saman, sem ég hef upplýst, og það, sem hv. þm. N-Ísf. hefur getið, þá fæ ég ekki skilið, að mjög margir þm. geti verið þeirrar skoðunar, að það sé rétt að fresta framkvæmd þessara l.

Hv. þm. N-Ísf. hefur boðað breyt. á frv., og mun ég styðja þá brtt., þó að ég líti þannig á málið, að hún sé óþörf, því að ég mun eindregið standa á móti því og hindra, að þessum kafla verði frestað, og óska, að sem flestir þm. gætu orðið sammála um þá afstöðu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. á þessu stigi málsins, en að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv. vil ég samt þegar við þessa 1. umr. málsins láta í ljós skoðun mína og afstöðu til fyrsta málsl. 1. gr. í þessu frv., sem hér er til umr. Ég er andvígur frestun þeirri, sem felst í fyrsta málsl. 1. gr., og mun greiða atkv. gegn honum.

Ég er algerlega sammála þeim rökum, sem fram komu hjá hv. þm. N-Ísf. og 6. þm. Reykv. um, að þessi l. hafi verið sett af brýnni nauðsyn og fyllsta ástæða sé til þess að fylgja þeim l. sem fastast fram. Ég tel því stefnt í öfuga átt, ef stigið er það spor að hverfa frá framkvæmd þessara nauðsynlegu laga. Á þessu stigi skal ég ekki eyða tíma í að rökstyðja þetta frekar. Það hefur þegar verið gert af hv. þm. N-Ísf. og 6. þm. Reykv. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun í ljós við þessa umr. og mun greiða atkv. gegn því, að umrædd l. skuli ekki koma til framkvæmda að því leyti, sem hér um ræðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:5 atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 592, n. 641 og 644).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson). Herra forseti. Fjhn. hefur klofnað um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar, 4 menn, leggur til, að frv. verði samþ. Minni hl. n. leggur til, að það verði fellt. Þó hafa nm. innan meiri hl. áskilið sér rétt til þess að greiða atkv. með brtt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv., og hef ég, minni hl. fjhn., lagt til, að frv. verði fellt. Ástæða mín til þess er sú, að með þessu frv., ef að l. yrði, er verið að rýra þann rétt, sem landsmenn hafa fengið á undanförnum árum með gagnlegum lagasetningum. Þær yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf við 1. umr. málsins um frestun á 1 millj. kr. framlagi til nýbýlasjóðs, byggist ekki að neinu leyti á samkomulagi við fulltrúa landbúnaðarins. Um þetta hefur ekkert samkomulag verið gert við nýbýlastjórn. Við 1. umr. málsins komu fram margar raddir, sem mótmæltu þessu, og finnst mörgum að hér sé stefnt í óefni, og þó sérstaklega með ákvæðum 1. gr. frv., þar sem lánveitingar eru stöðvaðar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Gagnrýni, og hún allhörð, hefur komið fram á allar gr. frv. þessa. Vegna þessarar andstöðu þætti mér eðlilegt, að umr. um málið færi fram, er fleiri hv. þdm. væru viðstaddir umr., og atkvgr. fari ekki fram nú, ef umr. lýkur, en forseti fresti henni til morguns, svo að allur þorri hv. þdm. geti tekið þátt í atkvgr. Hvað við kemur þeim brtt., sem komið hafa fram, þá bæta þær hvergi nærri úr þeim vandræðum, sem af hljótast, þó að þær verði samþ., og bezta afgreiðsla málsins væri, að frv. yrði fellt. Hins vegar hef ég ekki treyst mér að bera fram gagngerar brtt. varðandi skylduframlag til þeirra sjóða, sem hér um ræðir. Það hefur ekki verið unnt að semja brtt. á þeim stutta tíma, sem hefur verið á milli umr. Ég vildi láta hæstv. ráðh. athuga þetta mál nánar, og að hann gerði ráðstafanir til raunhæfari aðgerða, en hæstv. ríkisstj. virðist leggja allt kapp á að afgr. þetta mál fyrir þinglok. Hæstv. fjmrh. mætti illa hér í þd. í gær, og er ekki heldur hér nú, en það er til of mikils mælzt, að mál sem þetta sé afgr. á næstu fundum, því að ekki hefur reynzt nægur tími til þess að útbúa þskj. né útbýta þeim, og sjálfur hæstv. fjmrh. gefur sér ekki tíma til þess að mæta hér í d. Ég hef spurt þá þm., sem sæti eiga í nýbýlastjórn, hvort ákvæði 3. gr. l. væru sett inn með þeirra vilja. Hv. þm. A-Húnv. hefur yfirlýst, að svo sé ekki, og hafa þm. A-Húnv. og hv. 1. þm. Skagf. greitt atkv. á móti því. Hafa báðir þessir þm. sýnt og sannað, að þeir eru þessu andvígir. Ég spurði einnig í dag, hvort Framsfl. hefði samþ. þessa skerðingu, sem felst í frv., en það gengur erfiðlega að feðra krógann, og er það heldur óviðkunnanlegt. Það væri því mjög heppilegt, að tími ynnist til að athuga þetta mál nánar. Það er lítils virði að halda uppi umr. um þetta mál hér á Alþ., ef hæstv. ráðh. treysta sér ekki að gefa þær yfirlýsingar, sem þm. óska eftir.

Forseti (BG): Ég vil geta þess, að ég mun verða við ósk hv. 2. þm. Reykv. um það að láta ekki fara fram atkvgr. um málið í nótt, en fresta henni til morguns.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hreyfði ég andmælum við einum lið frv., það var 1. tölul. þess, og bar þá fram brtt. þess efnis, að ég lagði til, að þessi liður yrði felldur. Ég hef síðan farið þess á leit við hæstv. forseta, að hann beri hvern lið gr. upp út af fyrir sig. Ég sé því ekki ástæðu til þess að bera fram brtt., en mun greiða atkv. gegn 1. tölul. og legg til, að hann verði felldur.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök,

sem þegar hafa verið flutt gegn þessu lagafrv. í þessum umr., sem fram hafa farið í málinu. En ég vil geta þess, að ég hef ekki heyrt hæstv. ráðh. gefa yfirlýsingu um það, að þessi stöðvun nái ekki til þeirra bygginga, sem nú standa yfir. Væri æskilegt, að hæstv. félmrh. gæfi yfirlýsingu um þetta. Ég óska þess eindregið, að hæstv. ráðh. gefi yfirlýsingu um þetta. Enn fremur vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé ætlazt til með 1. tölul. að fella niður það fyrirheit, sem bæjarfélög hafa áður um samið um lán til íbúðarhúsbygginga. Í sambandi við þetta má geta þess, að Ísafjarðarkaupstaður lét á sínum tíma gera áætlanir um nauðsynlegar byggingarframkvæmdir á næstu árum. Árið 1946 var byrjað á byggingu 12 íbúða, og síðan var gert ráð fyrir að byggja 12—16 íbúðir árlega til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði, en þó ekki meir en 32 íbúðir á næstu 4 árum. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann líti svo á, að þar sem slík áætlun sem þessi sé þegar samþ., þá nái ákvæði frv. þessa að breyta því, sem þegar er ákveðið samkv. þessari áætlun, þó að frv. þetta verði að l. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en ég legg mikið upp úr því, sem hæstv. ráðh. kann að segja um þetta.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. N-Ísf. skal ég staðfesta það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, og staðfesta það, sem hv. þm. sagði, að með þær byggingar, sem þegar eru komnar af stað, verði að klifa þrítugan hamarinn til þess að ljúka við þær. — Hitt atriðið, að framkvæma fyrirfram gerðar áætlanir með aðstoð 3. kafla l. frá 1946, er vafasamara, eins og nú standa sakir. Ég býst við því, að þegar næstu fjárlög verða samþ., verði gert ráð fyrir því, hvað ríkið telur sér fært að reisa af byggingum 1949. Ég sé ekki, að þetta þurfi að standa í vegi fyrir áætlun Ísafjarðarkaupstaðar, þótt ekki sé hægt að segja um það fyrr en í sambandi við fjárlög fyrir árið 1949. Þótt 1. liður sé samþ., álít ég síður en svo, að 3. kafli löggjafarinnar sé úr sögunni, heldur er það komið í lagaform, að í svip er ekki hægt að fullnægja þessum kafla, en þar með er ekki hugmyndin fallin úr sögunni. Alþ. og stj. verða að gera allt, sem hægt er, til þess að hún komi til framkvæmda.

Ég vænti þess, að þetta séu nægilegar skýringar og að svara megi fyrri spurningunni játandi, en tel vafa um þá síðari. Hún kemur til ákvörðunar á næsta Alþ.

Jón Pálmason: Í 3. lið 1. gr. þessa frv. er svo mælt fyrir, að fresta skuli í 10 ár greiðslu 1 millj. kr. til landnáms samkvæmt l. nr. 35 frá 1946. Þegar till. kom fram við 2. umr. fjárl., lýsti ég afstöðu minni, og ég vil ítreka það, að ég get ekki samþ. þennan lið. Það hefur ekki verið leitað samþykkis nýbýlastjórnar um þennan lið. Ég og hv. þm. Skagf., sem eigum sæti í nýbýlastjórn, greiddum atkv. gegn þessu í sambandi við fjárl., og munum gera það nú. Ég vænti því þess, að hæstv. forseti beri upp hvern lið sérstaklega, svo að ekki þurfi að bera fram brtt. til þess að fella þennan lið sérstaklega.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið í heild. Ég vænti þess, að hv. þm. sé kunnur sá áhugi, sem er fyrir því að hefja framkvæmdir samkv. l., og þótt talað sé um það nú að fresta l. í 10 ár, veit enginn, hvað þá verður. — Ég skal svo ekki segja fleira, en ítreka þá ósk mína, að hver liður sé borinn upp sérstaklega.

Jóhann Hafstein: Ég er einn þeirra, sem fylgt hafa þessu frv. með fyrirvara, og hef áskilið mér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, sérstaklega varðandi 1. lið, sem ég gerði mér von um, að hægt væri að milda. Ég er á móti 1. lið 1. gr. frv. og mun greiða atkv. á móti honum. Bæjarfélögin og sérstaklega Rvík hafa gert ákvarðanir sínar í fullu trausti á þessa löggjöf, og þetta kemur þeim því í opna skjöldu og truflar framkvæmdir. Þótt ég og aðrir séu á móti þessum 1. lið, er það ljóst, að hér er við örðugleika að glíma og að þetta stafar ekki af viljaskorti ríkisstj. Fyrir mér vakir hins vegar, að ekki verði kippt undan þessum þýðingarmiklu framkvæmdum fyrir Rvík.

Ég vil undirstrika það, sem hæstv. forsrh. sagði, að vilji væri fyrir hendi hjá stj. að taka málið til ýtarlegrar endurskoðunar. Það er skylda stj. að sjá til þess, að traustar verði um þetta búið. Ef ég hef skilið rétt, er hér um takmarkaða frestun að ræða, en ekki, að l. séu þurrkuð út, enda ekki gert ráð fyrir því í þessum lið, og má vænta þess, að gerðar verði viðunandi ráðstafanir, er tryggi áframhald laganna.

Ég mun greiða atkv. gegn 1. lið og vona, að stj. búi betur um hnútana í þessum efnum en gert hefur verið. Ef tími hefði unnizt til, hefði ég flutt áskorun eða þáltill. í þessa átt. Þingtímanum er hins vegar lokið, og samkv. ummælum hæstv. forsrh. sýnist þess ekki þörf, því að málið sé auðsótt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Ég sé, að mér hefur orðið það á í sambandi við nál. mitt að leggja það til, að frv. sé fellt í heild. Ég legg til, að 1.—5. liður sé felldur, en 6. lið breytt. Það var ekki meining mín að leggja til, að sá liður væri felldur, þó að ég orðaði nál. svo í flýti. Ég leyfi mér því að leiðrétta þetta og jafnframt að flytja brtt. við 1. gr. þess efnis, að aftan við 6. tölul. bætist: enda skulu skip þeirra aðila, sem ekki eru hluthafar, hafa rétt til að landa afla sínum í bræðsluskipið í réttu hlutfalli við hlutafjáreign Síldarverksmiðja ríkisins í hlutafélaginu.

Þetta mál hefur verið svo mikið rætt, að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um það. Ég legg þessa brtt. fram, og vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

Forseti (BG): Hér liggur fyrir skrifleg brtt. við 6. lið 1. gr. frá hv. 2. þm. Reykv., og vil ég leyfa mér að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um till. (sjá þskj. 650) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég hreyfði því við 1. umr. þessa máls, að tekinn yrði inn í frv. sérstakur liður, þar sem stj. væri heimilað að reisa síldarbræðsluverksmiðju við Faxaflóa. Ég afhenti fjhn. brtt., er snerti þetta. N. tók till. til athugunar, en hefur látið mig vita, að hún hliðraði sér hjá að flytja hana, enda hef ég komið till. á framfæri. Ég mun þó ekki bera hana fram við þessa umr. Ég sé það, að í n. eru úfar út af einstökum liðum þessa frv., og í umr. hafa komið fram skiptar skoðanir á 1. gr. Ég ætla því að bíða og sjá, hvernig málinu reiðir af í einstökum atriðum, og ákveða við 3. umr., hvort ég ber till. fram.

Svo vildi ég bara segja nokkur orð í sambandi við þá skýringu, sem hæstv. forsrh. gaf á væntanlegri framkvæmd á 1. lið þessa frv., en hann taldi, að stj. yrði fært að halda áfram lánveitingum til bygginga, sem þegar væri byrjað á, samkvæmt 3. kafla l. Ég veit ekki, um hvað stórar framkvæmdir er að ræða, en eins og orðalag þessa liðar er, virðist vafasamt, að hægt sé að veita fé í þessu skyni án þess að heimild sé til þess í fjárlögum, því að hér stendur, með leyfi hæstv. forseta, að fjárveitingar í þessu skyni „koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni". Mér virðist, að yfirlýsing hæstv. ráðh. eigi tæplega stoð í orðalagi þessa liðar. Ég hef líka skilið túlkun hæstv. fjmrh. á annan veg, og það er athyglisvert, ef ráðh. skilja á mismunandi veg framkvæmd þessa ákvæðis.

Það hlýtur líka að leiða af sér takmarkaðar lánveitingar, að felld er niður 1 millj. kr. til nýbýlasjóðs. Það helzt nokkuð í hendur, að takmarkaðar séu lánveitingar til kaupstaðanna og líka framkvæmdir í sveitum.

Þetta vildi ég láta koma fram sem mína skoðun.

Finnur Jónsson: Við 1. umr. gerði ég sérstaklega að umtalsefni 2. lið þessa frv. Fjhn. hefur ekki tekið ábendingar mínar til greina. Viðvíkjandi þessu mun ég ekki flytja brtt. nú, heldur við 3. umr.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. sagði um 1. lið, er það að segja, að þetta ákvæði getur trauðla verkað á loforð, sem fyrir liggja frá núv. stj. Á ég þar sérstaklega við loforð til Ísafjarðar varðandi 12 íbúðir.

Það hefur víða verið byggt mjög mikið meðan l. voru í gildi, og það má vera, að eitthvað dragi úr því nú. En það er mjög mikill hugur í mönnum um byggingu verkamannabústaða og samvinnubústaða á þessu ári, og ég geri mér vonir um, að stj. styðji þær framkvæmdir, eftir því sem unnt er.

Upp á framtíðina er vert að gleðjast yfir því, að l., er áttu andmælendur í Sjálfstfl., er þau voru sett, eiga nú styrktarmenn innan Sjálfstfl. Ég vona því, að við næstu fjárlög veiti þeir ríflegan styrk í þessu skyni, og þykir vænt um að eiga von um þann liðstyrk.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf mér, sem ég þóttist nú að vísu geta ráðið í, að hann mundi gefa, sem sagt, að ráð væri fyrir því gert, að þær byggingar, sem þegar væru hafnar framkvæmdir á samkv. III. kafla laganna, nytu þeirrar aðstoðar, sem þessi viðkomandi lög gera ráð fyrir, enda þótt þessi 1. tölul. 1. gr. þessa frv. væri samþ., sem ég þó vona, að verði ekki samþ. — Hins vegar lýsti hæstv. ráðh. því yfir, að hann teldi vafasamara um áætlanir ýmissa kaupstaða í byggingarmálum, þó að samþ. hefði verið af hæstv. ríkisstj., að styrkur sá, sem l. gera ráð fyrir, næði framvegis til hinna áætluðu framkvæmda í byggingarmálum bæjanna, — ef 1. liður 1. gr. frv. þessa yrði samþ. Það er þess vegna auðsætt, að þau bæjarfélög, sem hafið hafa framkvæmdir samkvæmt þessum III. kafla l., verða að verulegu leyti stöðvuð, ef þessi liður verður samþ., og að útrýming á heilsuspillandi íbúðum samkv. ákvæðum þessara l. nær miklu skemmra en menn gerðu sér vonir um, sem að þessari lagasetningu stóðu og hófu framkvæmdir í skjóli hennar.

Ég vil sérstaklega benda á eitt atriði og lýsa óánægju minni yfir því. Það er afgreiðslan á þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj., að það er flutt, þegar komið er að þinglokum, þetta ákvæði, sem vitað var um, að skoðanamunur ríkti um innan ríkisstj., sem sést bezt á því, að þm. bæði úr Alþfl. og Sjálfstfl., fleiri en einn, hafa lýst andstöðu sinni við það. Og þetta er sérstaklega óheppilegt vegna þess, að e. t. v. hefði getað tekizt fyrr á þessu þingi — og ég hefði gjarnan viljað eiga hlut að því að vinna að því — að finna nýjan tekjustofn, sem hefði getað staðið undir þessum framkvæmdum. Ég skil vel þá erfiðleika, sem hæstv. ríkisstj. á í með að veita lán til þessa. Hv. þm. vita, hve möguleikar til öflunar lánsfjár hafa dregizt saman undanfarið, og ég skil vel að því leyti afstöðu hæstv. ríkisstj. En þess vegna hefði þá líka verið eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði lagt þetta frv. fyrr fram á þinginu, til þess að tækifæri hefði gefizt til þess að leita uppi möguleika á að finna nýjan tekjustofn til þessara framkvæmda. En mér skilst, að slíkt sé alveg útilokað, þegar málið kemur svona seint fram.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Ísaf. sagði áðan og eins hv. 7. þm. Reykv. í sinni ræðu, að það verður að vænta þess, að hæstv. fors.- og félmrh. og hæstv. fjmrh. hafi ekki gersamlega gefizt upp við þetta mál, heldur sýni þeir fullan vilja á því að gera það kleift, að haldið verði áfram framkvæmdum í þessum efnum, og þá á grundvelli nýrra lagasetninga, ef þessi háttur verður á hafður, sem hér er lagt til í þessu frv.

En varðandi hitt atriðið, sem hv. þm. Ísaf. minntist á, að þessi lagasetning um opinbera aðstoð við byggingar hefði sætt andmælum innan Sjálfstfl. á sínum tíma, þá er það atriði, sem ég ætla ekki að vekja hér umr. um. Það væri tilgangslítið. En ég vil benda á, að fyrsta till., sem minnir á, að nauðsyn sé á aðgerðum í þessum efnum, var flutt þó nokkru áður en frv. hæstv. félmrh., og var hún flutt af hv. þm. Snæf. og mér 1943 eða 1944. Það var nokkru áður en hreyft var við þessu máli af hæstv. ríkisstj. Og þar var lagt til, að rannsakað yrði, hvernig bætt

yrði úr skorti á íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þessi till. okkar hv. þm. Snæf. var, ef ég man rétt, samþ., en framkvæmdir á efni hennar urðu engar. Áframhald þessarar till. var, að hæstv. núv. dómsmrh. flutti till. svipaðs efnis. Samkv. þeirri till. var hafinn undirbúningur núgildandi löggjafar, sem hv. þm. er nú boðið upp á að verulegu leyti að afnema. Ég vil ekki vekja þrætur við minn góða heimaþingmann, hv. þm. Ísaf., um hlut Sjálfstfl. að þessu máli, en vil benda á þessa forsögu málsins, vegna þess að hann hóf hér umr. um það, að það hefðu fundizt andmælendur innan Sjálfstfl. á sínum tíma gegn frv. til þeirrar löggjafar um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum, sem hér er boðið upp á að verulegu leyti að afnema. Það voru menn ekki aðeins innan Sjálfstfl., heldur líka innan annarra flokka, sem að þessari löggjöf stóðu, sem töldu, að með þessari löggjöf, sérstaklega III. kafla hennar, væri e. t. v. farið nokkuð rausnarlega af stað. Mér fannst ekkert of mikið til um það. Hitt gat maður reyndar sagt sér, að hin mikla aðstoð, sem þarna var ákveðin, væri of góð til þess að hún gæti verið sönn, of rifleg til þess að hægt væri að framkvæma hana. Og mér skilst, að það sé það, sem sé á leiðinni að sannast. Ég vona, að það muni ekki sannast, en ýmislegt virðist samt sem áður benda til þess, að það muni sannast.

Ég vil svo vænta þess, eins og hv. 7. þm. Reykv. tók fram, að það, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta, verði ekki orðin ein, heldur verði, ef þessi liður 1. gr. frv. verður samþ., snúizt að því að finna nýjar leiðir í þessum málum. Það er mikið þjóðfélagslegt vandamál, sem þarna bíður óleyst. Og ég efast ekki um, að flestir hv. þm. skilja það og vilja leggja lið sitt á einn eða annan hátt til þess að greiða fyrir því, að það verði leyst. Og ég vænti, að á milli okkar hv. þm. Ísaf., sem höfum báðir sérstakra hagsmuna að gæta í þessu efni, megi ríkja góð samvinna um það í fyrsta lagi að koma í veg fyrir, að sú leið verði farin, sem hér er lagt til, og í öðru lagi, ef ekki verður í veg fyrir það komið, að þá verði fundnar nýjar leiðir til úrbóta í þessum byggingarmálum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. tölul. 1. gr. samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, EystJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, PÞ, PO.

nei: ÁkJ, EOl, FJ, GTh, GÞG, HermG, JóhH, JPálm, KTh, LJós, SigfS, SB, SG.

BG greiddi ekki atkv.

6 þm. (BÁ, EmJ, HB, JJ, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

2. tölul. 1. gr. samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, ÁÁ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StSt, BG.

nei: ÁkJ, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG. GTh, SK greiddu ekki atkv.

7 þm. (BÁ, EmJ, HB, JJ, JörB, ÓTh, SB) fjarstaddir.

3. tölul. 1. gr. samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, PÞ, PO, BG.

nei: SB, SG, StgrSt, ÁkJ, EOl, GTh, HermG, JPálm, KTh, LJós, SigfS.

6 þm. (BÁ, EmJ, HB, JJ, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

4. tölul. 1. gr. samþ. með 18:3 atkv.

5. tölul. 1. gr. samþ. með 20:6 atkv.

Brtt. 650 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HermG, IngJ, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.

nei: EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, JóhH, JS, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StSt, ÁÁ.

HelgJ, JG, JPálm, SK, StgrSt, BG greiddu ekki atkv.

6 þm. (EmJ, HB, JJ, JörB, ÓTh, BÁ) fjarstaddir.

10 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Á fyrra stigi þessa máls hef ég látið í ljós skoðun mína og að ég teldi skakkt að hafa nokkurn forgangsrétt í þessu efni. Nú er hins vegar búið að ganga þannig fram í þessu máli, að samþykkt þessarar till. gæti orðið til þess, að þeim samtökum yrði stefnt gegn því, sem ég gerði. Ég er ekki með þessu og segi þess vegna nei.

Finnur Jónsson: Með tilvísun til upplýsinga hæstv. menntmrh. um, að slík brtt., ef samþ. yrði, mundi geta stofnað málinu í hættu og þannig orðið þess valdandi, að margra millj. tjón verði fyrir útgerðina á næstu vertíð, og með tilvísun til þessara miklu framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru hér um auknar verksmiðjur í landinu, tel ég ekki ástæðu til að greiða atkv. með þessari till. og segi nei.

Hermann Guðmundsson: Ég tel sjálfsagt og eðlilegt, að fyrirtæki, sem nýtur styrks frá því opinbera, eins og þetta fyrirtæki mun gera, þá muni það skapa þeim, sem mest eiga undir því, að vel takist til að útvegsmenn hafi jafna aðstöðu til að leggja afla sinn upp í það fyrirtæki, og segi því já.

Páll Þorsteinsson: Með tilvísun til fyrirvara hæstv. menntmrh. segi ég nei.

Pétur Ottesen: Mér er ljóst, að samningar þeir, sem liggja til grundvallar stofnun þessa félags um forgangsrétt, geti skapað vandræði í framkvæmd, auk þess sem það getur orkað tvímælis í fjárframlögum úr ríkissjóði í samræmi við slíka ákvörðun. Og þar sem hins vegar, eftir því sem upplýst hefur verið, slíkt gæti skeð, þá teldi ég það út af fyrir sig mjög miður farið. Með tilliti til þess, að þetta gæti á þennan hátt truflað þennan félagsskap, greiði ég atkv. á móti brtt. og segi nei.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér skilst, að menn beri því við, að þeir, sem greiði atkv. með þessari till., setji þetta mál í voða. Þetta finnst mér alveg gagnslausar mótbárur, því að í dag er fundur og á morgun er nægur tími til að afgr. málið. Hins vegar vil ég benda á það, að ríkisstj. hefur þegar sett heimild til þess að taka lán erlendis til að greiða fyrir þeim framkvæmdum, sem hér er um að ræða, og augljóst er, að ríkisstj. getur sett hvaða skilyrði sem henni sýnist fyrir þessum fjárhagslegu framkvæmdum fyrir þann félagsskap, sem hér er um að ræða, og þess vegna segi ég já.

Sigurður E. Hlíðar: Enda þótt þær upplýsingar, sem hér eru fram bornar í d., stangist nokkuð á, þá finnst mér ástæða til þess að gjalda varhuga við að greiða atkv. með þessari brtt. og segi þess vegna nei.

Steingrímur Steinþórsson: Till. þessi er þess eðlis, að ég get ekki greitt atkv. gegn henni. Hins vegar tek ég tillit til þeirra upplýsinga, sem hæstv. menntmrh. gaf (**Menntmrh.:** Ég vil taka það fram, að ég hef það eftir öðrum.), og mun við þessa umr. sitja hjá við atkvgr.

Áki Jakobsson: Þar sem ekkert hefur komið fram, sem rökstyður ummæli hæstv. menntmrh., að þetta geti á nokkurn hátt stofnað málinu í hættu, þá er ég meðmæltur þessari till. og segi já.

Ásgeir Ásgeirsson: Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. reyni að fá lán, óháð og frjálst, svo mikið sem nemur framlagi ríkissjóðs sjálfs, þá segi ég nei.

6. tölul. 1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JPálm, JS, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, BG.

nei: KTh, LJós, SigfS, SB, ÁkJ, EOl.

SB, HermG greiddu ekki atkv.
7 þm. (JJ, JörB, ÓTh, SK, BÁ, EmJ, HB) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:6 atkv.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. á síðasta fundi, setti hæstv. menntmrh. fram þá skoðun við nafnakall að svo framarlega sem allir óskuðu eftir jafnrétti, þá væri málinu stefnt í voða. Ég get ekki betur séð en ríkisstj. geti algerlega haft þetta mál í hendi sér. Við höfum samþ. 15 milljón kr. lán til kaupa á síldarvinnslutækjum. Ég sé ekki betur en þetta sé eina lánið, sem þessir menn geta fengið til að kaupa skipið, og ríkisstj. haldi þessu því algerlega í sínum höndum. Hún getur sagt: Hérna er skipið. Ef við seljum ykkur það, þá ráðum við skilyrðunum. — Hún lætur ekki Óskar Halldórsson setja sér kosti. Ríkisstj. er sú, sem ræður. Og ef þeir ætla að hlaupa út undan sér, gæti ríkisstj. sjálf tekið skipið. Ríkisstj. hefur fengið lánsheimild frá Alþ. og hún gæti látið koma þessu upp fyrir eigin reikning. Réttur Óskars Halldórssonar til síldarvinnsluvéla, sem hann hafði flutt til landsins og fengið gjaldeyri fyrir, er nú mjög vafasamur, þar sem þær hafa legið hér svo lengi og þar með verið brotin skilyrði nýbyggingarráðs. Ég skil ekkert í hæstv. menntmrh., að hann skuli halda slíku fram sem áðan, að það sé verið að stofna málinu í voða, ef ríkisstj. heldur á rétti landsmanna. 1. brtt. var felld á röngum forsendum. Ég vil því bera fram brtt. um, að aftan við 6. lið 1. gr. bætist: „enda skulu skip þeirra aðila, sem ekki eru hluthafar, hafa rétt til þess að landa afla sínum í bræðsluskipið í réttu hlutfalli við hlutafjáreign SR í hlutafélaginu.“ — Þetta er mun lélegra en það, sem áður var lagt fram, en ég hef ekki fundið till., sem alveg bætir úr till. minni, sem væri þá ekki svo svipuð og sú, sem felld var áðan, að henni væri vísað frá sem sömu till. Ég vil því orða brtt. mína: í réttu hlutfalli við hlut Síldarverksmiðja ríkisins og Reykjavíkurbæjar. En þetta er dálítið hæpið, en það gæti orðið til athugunar undir umr., hvort SR og Reykjavíkurbær ættu ekki að eiga helming hlutafjárins. Og ef slíkt hlutfall væri, ætti jafnrétti þegnanna að vera tryggt. Þar sem till. mín um fullt jafnrétti var felld, sé ég ekki neitt betra. En ef þessi till. verður samþ., fer hún til Ed., og Ed. gæti þá bætt úr þeim misrétti, sem hér hefur verið hafður í frammi. Ég vil því vona, að hv. þm. samþ. þessa till., sem er stórt spor í rétta átt. Eftir að Alþ. hefur samþ. 15 millj. kr. lán, er ekki nema rétt, að ríkisstj. geti sett þau skilyrði, sem hún telur sönnust og réttust. Að öðru leyti vil ég ekki fara út í nýjar umræður um málið núna. En ég vil segja það, að það er óneitanlega dálitið slæmt með öryggi laga, sem hér hafa verið samþ. fyrir 2 árum, eins og t. d. um íbúðarhúsabyggingar, sem þóttu til stórbóta, að þau skuli nú vera felld með 15:13 atkv. Og óneitanlega er það slæmt, að það skuli vera Alþflþm., sem riðu baggamuninn. Það var slæmt, þegar forseti taldi fyrirsögn bandormsins samþ. áðan án atkvgr., því að ef til vill er hún það versta í frv. Sumir hv. þm. greiddu atkv. sumum liðum bandormsins til 3. umr., og vona ég, að þeir muni þá snúast gegn honum. Ég vil nú biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till. minni, þar sem hún er svo seint fram komin og flutt skriflega.

Forseti (BG): Hv. deildarmenn hafa heyrt brtt. þá, sem hv. 2. þm. Reykv. flytur. Auk hennar hafa mér borizt þrjár skrifl. brtt., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 664, 665, 666, 668.] — Mun ég nú leita afbrigða fyrir allar þessar brtt. í einu.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, og viðvíkjandi grg.

minni áðan vil ég taka fram, að í vetur kom hæstv. sjútvmrh. að máli við okkur ráðh. frá Framsfl. og spurðist fyrir um það, hvernig við mundum taka því að styðja fjárframlög af hendi ríkisins í hlutafélag til þess að kaupa síldarbræðsluskip, sem á haustin og vetrum væri ætlað að vera við Faxaflóa, en Síldarverksmiðjur ríkisins gætu fengið það leigt — þá var talað um tvö ár — til notkunar á sumrin. Og hæstv. ráðh. upplýsti nokkru nánar, hvernig þetta væri hugsað, og ýmsir útvegsmenn mundu fúsir til þess að leggja fram hlutafé, en óskuðu hins vegar eftir að hafa forgangslöndun. Eftir að við höfðum borið okkur saman við flokksmenn okkar, álitum við rétt að styðja þetta mál, en tvennu vildum við fá breytt. Annað, að leigan næði yfir lengri tíma, en forgangsatriðið tekið burt. Ráðh. taldi ef til vill líkur til, að hægt væri að koma þessari leigu á sumrin upp í 5 ár, en hinu atriðinu mundi ekki kleift að breyta. Þá sagði ég við hæstv. ráðh., að þótt við værum óánægðir með það ákvæði, mundum við ekki setja það fyrir okkur til úrslita, og mundum við styðja þetta mál samt. Og á þessu byggði ég grg. mína við atkvgr. Af þessu leiðir, að ég mundi vilja styðja allt það, sem gengi í þá átt að rýmka það ákvæði, að menn gætu lagt upp í þessa verksmiðju, sem ekki hafa þó lagt fram hlutafé, og fái þar helzt fullkomið jafnrétti, en þó þannig, að það stefndi málinu ekki í hættu. Og ég mun fyrir mitt leyti mjög vilja athuga þá brtt., sem kom hér fram áðan frá hv. 2. þm. Reykv., að ríkið áskilji sér nokkurn rétt fyrir sitt framlag eins og einstaklingar hafa áskilið sér fyrir sitt. Og ég vil eindregið skora á hæstv. sjútvmrh. að athuga, hvort ekki sé hægt að finna einhverja slíka leið út úr þessu máli.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég gat þess, þegar þetta mál var til 1. umr., út af gagnrýni frá hv. 2. þm. N-M., að það væri fyrst og fremst undir þeim mönnum komið, sem stofnað hefðu þetta félag og lagt sitt fé þar til, og alveg undir hælinn lagt, hvort þeir gætu sætt sig við það að hafa þarna engan forgang. En á hinn bóginn vænti ég þess, og ég mun fyrir mitt leyti vilja vinna að því eftir því sem ég get, að það, sem þessu skipi er ætlað að gera, geti orðið sem þægilegast í meðferðinni fyrir þá menn, sem ekki ættu í skipinu.

Ég er sammála hv. þm. Ísaf., sem talaði um það, að vegna forgangs, sem þessir menn hafa þarna, þá yrði öðrum aðilum frekar opnaður aðgangur að þeim verksmiðjum, sem hér starfa væntanlega við Faxaflóa.

Ég fyrir mitt leyti vil ekki leggjast á móti brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., ef hægt er að samræma þau sjónarmið, þegar til kemur, við skoðanir þessa félags, sem hér er um að ræða, og ef þeir vilja sætta sig við það, að Síldarverksmiðjur ríkisins verði hluthafi með einhver slík skilyrði, og er rétt að freista þess. En hitt er náttúrlega til í málinu, að þetta komi einhverjum glundroða af stað, ég þori ekki um það að segja. Ég er ekki riðinn við þennan félagsskap á nokkurn hátt, hvorki beint né óbeint, og ég veit ekkert, hvernig þessir menn snúast við till. En ég tel það ekki óeðlilegt, þó að reynt sé að fá eitthvað rýmkaðan aðgang að þessum tækjum fyrir aðra en þá, sem þarna hafa forgang eftir frv.

Ég hef orðið var við að menn vilji, að ríkið tæki slíkan þátt í fleiri verksmiðjum og mér skilst á landinu yfirleitt, en með því get ég ekki mælt. Ég álít, að það væri ekki heppilegt, að ríkið væri þátttakandi í slíkum fyrirtækjum og smáverksmiðjum, sem byggðar væru á ýmsum stöðum. Ef þær verksmiðjur þyrftu á stuðningi að halda, þá yrði hann að vera á annan hátt en að ríkið gerðist þar aðili.

Ein hugmynd, sem komið hefur fram, er sú að gera það að skilyrði, að það væru engin takmörk fyrir því, hve margir mættu fá að gerast hluthafar í þessu síldarbræðsluskipi, og væri þannig opnuð leiðin fyrir alla. En mér hefur skilizt, að þessi leið væri opin fyrir alla, sem hafa viljað taka þátt í þessum félagsskap.

Ég vona, að hv. d. geti komið sér niður á samkomulag um afgreiðslu á þessu máli, sem menn geti unað við, þannig að afskipti hæstv. Alþ. af málinu þurfi ekki að verða til trafala.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég hef áður hreyft þessari till. hér og þarf ekki að fara um hana mörgum orðum. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að hagnýting á Faxaflóasíld eftirleiðis hlyti að byggjast á því, að hér væri fyrir hendi aðstaða til þess að bræða eða vinna úr þeirri síld og að reynsla sú, sem fengizt hefur af síldarflutningum norður í vetur, væri á þann veg, að ekki mundi þykja tiltækilegt að ætla sér að byggja síldveiðar hér á því fyrirkomulagi með vinnslu úr síldinni. Það virðast líka vera nú á ferðinni slíkar fyrirætlanir, sem er spor í þá átt, að hægt verði að vinna úr Faxaflóasíldinni hér fyrir sunnan. En slík framkvæmd, sem nú er verið að tala um, mundi þó ekki nægja til þess að vinna úr álíka magni og barst hér á land í vetur. En því fjær stendur þetta því takmarki, ef svo færi, að sumar af þeim verksmiðjum, sem eru að rísa upp, verður ekki hægt að fullgera vegna fjárskorts, en þannig veit ég, að stendur á með tvö eða þrjú fyrirtæki, sem hófust handa um þetta. En ekki litur út fyrir, að þau fái þá lausn á fjárhagsaðstoð til þessara hluta eins og nauðsynlegt er. Vegna þessa hef ég gripið til þess ráðs, sem felst í þessari brtt., að ríkisstj. sé heimilt að gerast meðeigandi að ¼ í þeim síldarbræðslufyrirtækjum við Faxaflóa, sem nú eru starfandi eða verið er að reisa og rekin eru sem hlutafélög eða samvinnufélög. Náttúrlega er það á valdi ríkisstj. að kynna sér allar aðstæður á þessum stöðum og ganga úr skugga um, að slíkur stuðningur sé nauðsynlegur. Mér urðu það töluverð vonbrigði, að hæstv. sjútvmrh., sem sýnt hefur mjög lofsverðan áhuga á þessum málum með fyrirgreiðslu sinni á margvíslegan hátt í vetur og till., sem hann hefur borið fram um það að búa í haginn fyrir seinni tímann, skyldi nú heldur leggjast gegn því, að lausn þessa máls yrði með þeim hætti, sem ég legg til í brtt. Að vísu lagði hæstv. ráðh. ekki neinn þunga í þessa afstöðu sína, og vænti ég þess, að við nánari athugun geti hann fallizt á, að ríkisstj. sé veitt heimild í þessu efni, sem hún að sjálfsögðu

ekki notar framar því, sem nauðsynlegt er til þess að hrinda þessum fyrirtækjum áfram.

Það hafa orðið miklar umr. um þessi forréttindi, sem tengd eru við það fyrirtæki, sem ríkið hefur lagt fram ¼ hluta af stofnfé í. Og eins og ég tók fram í grg. fyrir afstöðu minni áður, þá lít ég svo á, að hér sé farið inn á allhæpna og varhugaverða braut. Það er náttúrlega ekkert við því að segja, að einstakir menn og félög komi slíkum fyrirtækjum upp á eigin spýtur, án stuðnings eða þátttöku hins opinbera, og ákvarði sjálfum sér not af sínum eigin fyrirtækjum, og slíkt er allt annað mál en að slík réttindi séu gefin fyrirtækjum, sem ríkið leggur fé í. Ég hef með þessari brtt. alveg viljað þræða hjá slíkum grundvelli, sem lagður hefur verið vegna þessa síldarbræðsluskips, heldur byggt á þeim grundvelli, að ríkissjóður legði fram fé, og svo yrði það samkomulagsatriði á milli ríkisstj. og þeirra manna, sem fé eiga í fyrirtækinu, hvernig síldarmóttöku í þær verksmiðjur yrði háttað. Og þess hafði ég vænzt, að ríkisstj., sem lýsti hér yfir, bæði hæstv. menntmrh., sem taldi þetta fyrirkomulag, sem felst í frv., mjög hæpið og þótti ástæða til þess að gera grein fyrir atkv. sínu um þetta mál út frá þeirri skoðun sinni, og eins hæstv. fjmrh., sem lýsti hér yfir, að hann vildi taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að fá einhverja breyt. hér á. En þrátt fyrir þessa skoðun mína greiði ég atkv. gegn því, að sett yrðu ákvæði inn í frv., sem tækju alveg af skarið í þessu efni, af ótta við, að það gæti ef til vill orðið til þess að torvelda gott samkomulag um stofnun þessa þarfa félagsskapar.

Jafnframt því, sem ég mælist til þess, að hv. þdm. líti á nauðsyn þessa máls, sem ég flyt brtt. um, — og ég veit, að ég mun fyrir stuðning þeirra mega vænta þess, að hægt yrði að hrinda málinu áfram fyrir næstu vertíð, — þá vildi ég mega vænta þess, þrátt fyrir andmæli hæstv. fjmrh. áðan gegn tillögu minni, að hann vildi ásamt hæstv. menntmrh. bera fram brtt., sem veitti ríkisstjórninni heimild til að leysa þau vandkvæði, sem hér gætu á orðið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil benda hv. þm. Borgf. á, að hvað formið á þessu snertir, þá er það í frv., bandorminum, sem heimild um, að ríkisstj. megi heimila stjórn Síldarverksmiðja ríkisins að gerast hluthafi í Hæring h/f. (**PO:** Þetta á að koma sem alveg sérstakur liður). Ég veit það, en ég hefði álitið, að ef hugsað væri um, að ríkið hefði hlutdeild í þessum litlu verksmiðjum, sem ég verð því miður að álíta, að ekki sé heppilegt, að þá væri réttara, að það væri stjórn Síldarverksmiðja ríkisins fyrir þeirra hönd, sem mætti gerast hluthafi í þessum fyrirtækjum, heldur en að ríkið sjálft færi að eignast hlut í allmörgum þeim smáverksmiðjum, sem hér eru við Faxaflóa. Það er ekki nema eðlilegt, að þessir menn eigi í fjárhagslegum örðugleikum við að koma upp þessum verksmiðjum, sem hv. þm. Borgf. talaði um. En að því er snertir gjaldeyrisöflun til þeirra, þá hefur ríkisstj. reynt að fara þá leið að afla þessa gjaldeyris með lántöku, þó að ekki sé vitað um það enn, hvort hún fáist.

Ég hefði heldur kosið aðrar leiðir til þess að styðja þessar framkvæmdir en að gera ríkið að hluthafa í þeim, en hv. d. tekur sínar ákvarðanir í því efni.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja til, að einum lið verði bætt við þennan bandorm. (**Menntmrh.:** Mun þm. fylgja frv., ef þetta verður samþ.?).

Nú fyrir lítilli stundu ræddi hv. þm. Borgf. í Sþ. um það, hversu farið hefði um meðferð svo kallaðra áfengismála hér á Alþ. Og það er alkunnugt, að frá þeim mönnum, sem um þessi mál hafa mest hugsað, bæði á hæstv. Alþ., í Rvík og úti um byggðir landsins, þá hefur þeim mönnum helzt komið til hugar, að til nokkurra úrbóta yrði það í þessum málum, ef skömmtun væri á víni með þeim nánari skilyrðum, sem hér liggur fyrir brtt. um.

Alþ. hefur haft þann hátt á tvö þing í röð að víkja sér undan því að greiða þessum málum atkv. Þetta virðist vera ósæmileg meðferð þessara mála, og ég veit, að fjöldi hv. þm. er mér sammála um það.

Ég skal ekki fara út í að ræða þessa brtt., en ég vil gefa hv. d. tækifæri til þess að greiða atkv. um þessi mál með þessu móti. Mér þykir æskilegra og betra, að þetta sé bundið í lagafrumvarpsbreytingu, sem um þetta yrði, ef þetta yrði samþ. nú, en að það sé í einfaldri þáltill.

Það er talað um að slíta þingi á morgun, og mér finnst satt að segja, að það hafi nógu lengi setið. Vil ég því ekki hefja umr. um þetta mál nú, enda er það margrætt hér á hæstv. Alþ.

Út af því, sem hæstv. menntmrh. skaut hér inn í áðan, vil ég taka fram, að ég mun aldrei selja atkv. mitt til þess að samþ. að hverfa frá þeirri tilraun til að koma upp mannsæmandi bústöðum yfir landsmenn, og jafnvel ekki þótt gott mál sé tengt við slík skemmdarverk.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 592, 663, 664, 665, 666, 668).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hafði lagt fram skrifl. brtt. við 2. tölul., þar sem gert er ráð fyrir, að gjöld í sambandi við skipaeftirlit verði aldrei hærri en svo, að þau gjöld, sem voru 1939, verði innheimt með fullri verðlagsuppbót. Gjöldin voru hækkuð á síðastliðnu ári, og nú er komið með lið, sem heimilar að hækka þau um 200%. Ég tel þessa hækkun óréttmæta og vil því reyna að fá þetta leiðrétt, þannig að gjöldin hækki þó ekki meira en brtt. mín fer fram á.

Viðvíkjandi 6. lið 1. gr. frv., um heimild handa ríkisstj. til að veita S.R. 1¼ milljón sem hlutafé í Hæring h/f, þó kom hér fram við atkvgr., að mikill meiri hl. hv. þdm. taldi, að forgangsréttur einstakra útgerðarmanna væri óverjandi, þegar um slíka ríkisábyrgð væri að ræða. Þó var till. um jafnan rétt útgerðarmanna felld, vegna þess að þdm. óttuðust, að ef breyt. væri gerð á frv., þá væri hætta á, að skipið yrði alls ekki keypt. Ég vil af þessari ástæðu flytja brtt., sem felur í sér viljayfirlýsingu Alþ. svipaða því, sem kom í ljós hjá hv. þdm. við atkvgr. En

brtt. mín gerir ráð fyrir, að ríkisstj. leitist við að tryggja útvegsmönnum sem jafnasta aðstöðu til að leggja upp hjá h/f Hæringi, og er þá ekki hægt að segja, að málinu sé stofnað í hættu, þó að farið sé fram á við stj. að tryggja þetta. Ef forgangsréttarmenn hóta að eyðileggja málið, þá verður það útgerðinni dýrt.

Ég legg því fram brtt. um, að við 6. lið 1. gr. bætist: „Ríkisstjórnin skal jafnhliða þeirri fyrirgreiðslu, sem h/f Hæringi verður veitt til kaupa á síldarbræðsluskipi, leitast við að tryggja öllum íslenzkum síldveiðiskipum sem jafnasta aðstöðu til síldarlöndunar í verksmiðjuna.“ Ég vænti þess, að þessi till. verði samþ., því að þá á stj. hægara með að koma þessu réttlætismáli fram, sem nauðsynlegt er, ef vel á að fara um framkvæmd málsins.

Ég vil láta þess getið, að ég er samþ. till. hv. þm. Borgf., en mér skilst, að hún verði dregin til baka. Ég skil ekki, af hverju á að synja síldarverksmiðjunum við Faxaflóa, sem afkasta um 15 þús. málum, um það sama og félaginu. Það er enn óskiljanlegra, ef þess er gætt, að bátaútvegsmenn almennt standa að byggingu þeirra og gert er ráð fyrir auknum afköstum. Ég vil því taka undir áskorun hv. þm. Borgf. um, að stj. sjái sér fært að veita þessum aðilum hliðstæða fyrirgreiðslu. Það er víst, að útvegsmenn yfirleitt hafa meiri von um það, að þær verði betur til taks en skip Hærings. Ég er ekki á móti því að Hæringur fái skip, en ég er á móti forgangsréttindum.

Ég leyfi mér svo að leggja fram þessa till. mína og vænti þess, að hæstv. forseti fái veitt afbrigði, svo að hún megi koma til umr.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. S-M. hefur lýst brtt., og mun ég leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 671) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (BG): Viðvíkjandi mælendaskrá vil ég spyrja hv. þm. Borgf., hvort hann hafi kvatt sér hljóðs oftar en einu sinni (**PO:** Nei).

Hermann Guðmundsson: Þetta mál hefur verið rætt mjög mikið og ekki ástæða til að bæta miklu við. Ég vil lýsa brtt., er ég flyt skriflega þess efnis, að við 1. gr., aftan við 1. tölul., bætist: „enda komi ákvæði þessa liðar ekki til framkvæmda fyrr en öll bæjarfélög og kauptún, sem þessi fyrirmæli snerta, hafa fengið hlutfallslega jafnhá fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs í hlutfalli við íbúafjölda.“

Í þeim umr., sem fram hafa farið, hafa allmargir þm. lýst yfir andstöðu sinni við 1. lið, og vil ég taka undir það. Því verður hins vegar ekki neitað, að eitt bæjarfélag á landinu, Rvík, hefur notið nokkurs góðs af þessum lögum fram yfir önnur bæjarfélög, því að Rvík hefur fengið styrk, er nemur allt að 5 millj. kr. Ég segi ekki, að Rvík sé of sæl af því, og að ekki þurfi meira til, en gæta verður þess um leið, að þetta er ranglátt gagnvart þeim kaupstöðum, sem ekki hafa notið sömu hlunninda.

Það sýndi sig við afgreiðslu málsins til 3. umr., að meiri hluti þm. vildi láta 1. lið ganga fram. Ég ber þó fram þessa brtt., sem stefnir að því að koma í veg fyrir þetta ranglæti, sem ég áður gat um, og að önnur bæjarfélög fái hlutfallslega jafnhátt framlag og Rvík, áður en þessi liður frv. kemur til framkvæmda.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar, en vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir till., sem ég nú afhendi honum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 672) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Út af 1. lið vildi ég flytja brtt. ásamt hv. þm. N-Ísf. þess efnis, að við liðinn bætist: „Þetta gildir þó ekki gagnvart þeim byggingarframkvæmdum, sem hafnar hafa verið eða undirbúnar samkvæmt þessum kafla laganna.“ Eins og kom fram í umr., hafa bæjarfélög hafið framkvæmdir í trausti þess að njóta aðstoðar samkvæmt lögunum. Sumpart eru þessar byggingar í smíðum, sumpart eru þær undirbúnar og staðfestar af stj. Þótt stj. telji sér ekki fært að rísa undir þeim lánveitingum, sem lögin gera ráð fyrir, ef framkvæmdir eru miklar, virðist óhjákvæmilegt, að þau bæjarfélög, sem ráðizt hafa í framkvæmdir og jafnvel fengið þær staðfestar af stj., njóti stuðnings.

Málið hefur verið rætt mikið, bæði í gær og í dag, og skal ég ekki fjölyrða um það frekar, en leyfi mér að leggja fram þessa skriflegu brtt.

Forseti (BG): Hv. þm. hafa heyrt þá skriflegu brtt., sem hv. þm. Snæf. hefur lagt fram. Mun ég leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 673) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (BG): Þar sem enginn hefur kvatt sér hljóðs, er umr. lokið, en atkvgr. er frestað þar til kl. 10 mínútur yfir 6.

Að loknu fundarhléi var fundi enn frestað til kl. 1 eftir miðnætti.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að atkvgr. verði frestað enn örstutta stund, 5—10 mínútur.

Forseti (BG): Ég tel rétt að verða við ósk hv. þm. Snæf. um að fresta atkvgr. stutta stund. Ég vænti þess að hv. þm. geri mér aðvart um málalok.

ATKVGR.
Brtt. 672 felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl, HermG.
nei: JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, BG.
SB, GTh greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJ, ÓTh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Ég hef fylgt þessu frv. án þess að taka þátt í umr. Frv. er ill nauðsyn. Það er ekki gott, að Alþ. sé sífellt að samþ. l., sem það sligast undir á næsta ári. Ég er á móti þessari brtt. og öðrum og frv. sjálfu, ef samþ. verða breyt. á því.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 673 og segi því nei við þessari.

Brtt. 673 felld með 18:10 atkv.
— 663,a felld með 15:9 atkv.
— 666 felld með 18:9 atkv.

Forseti (BG): Kemur þá næst til atkv. brtt. á þskj. 671.

Einar Olgeirsson: Mér finnst eftir efni till., að till. á þskj. 668 og 663 eigi að berast upp á undan till. á þskj. 671. Allar eru þessar till. viðbætur, en þær tvær fyrst nefndu eru skilyrði aftan við tölulið og ganga lengra en till. á þskj. 671. Eftir reglum hæstv. forseta á því að bera þær upp á undan.

Forseti (BG): Ég sé ekki, að það skaði, þó að ég verði við ósk hv. 2. þm. Reykv., en þetta er matsatriði.

Finnur Jónsson: Mér virðist, að brtt. á þskj. 663 gangi lengra en brtt. á þskj. 671. Ég sé hins vegar ekki, að till. á þskj. 668 gangi lengra en till. hv. 2. þm. S-M. Ég get tekið mína till. aftur á þessu þskj.

Forseti (BG): Hér er eins og ég sagði áður um matsatriði að ræða, en ég sé ekki, að það hafi nein áhrif á atkvgr., og mun því fyrst bera upp brtt. á þskj. 668.

Brtt. 668 felld með 21:7 atkv.
— 671 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 663,b og 665 teknar aftur.
— 664 felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, SkG, ÁkJ, EOl, FJ, HÁ, HermG, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS.
nei: SEH, SK, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, **JPálm, JS, JörB, BG.**
4 þm. (GTh, JJ, ÓTh, SB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Ingólfur Jónsson: Ég sé, að sumir hv. þm., er styðja stj., greiða till. atkv., þótt ekki sé séð fyrir neinni tekjuöflun í staðinn. Þar sem ég sé enga meiningu í slíku, segi ég nei, enda þótt ég kunni að verða stimplaður fyrir það síðar.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:7 atkv. og endursent Ed.

Á 88. fundi í Ed., 24. marz, mælti

forseti (BSt): Í sambandi við þskj. um þetta mál skal ég taka fram, að það er ekki búið að útbýta frv. eins og það var afgr. frá hv. Nd. En það er samhljóða þskj. 592, eins og það var samþ. hér í hv. d., með þeirri breyt., að við 6. lið 1. gr. frv. komi þessi viðbót: „Ríkisstjórnin skal jafnhliða þeirri fyrirgreiðslu, sem h/f Hæringi verður veitt til kaupa á síldarbræðsluskipi, leitast við að tryggja öllum íslenzkum síldveiðiskipum sem jafnasta aðstöðu til síldarlöndunar í verksmiðjuna.“ — Það er búið að tölusetja þskj., en ekki búið að útbýta því.

Of skammt er liðið frá 3. umr. í Nd., og ekki er enn útbýtt frv., eins og því var breytt í Nd., og verður því að veita afbrigði, svo að málið megi taka til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12:3 atkv.

Forseti (BSt): Þar sem afbrigði eru veitt, verður frv. nú tekið til einnar umr. — Úr því að enginn kveður sér hljóðs, er umr. lokið og verður þá gengið til atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 680).

---

30. Ríkisreikningurinn 1944.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1944 (stjfrv., A. 623).

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 623, n. 653).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. N. hefur látið bera frv. saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það liggur fyrir nál. frá fjhn. á þskj. 653, og skrifaði ég

undir það með fyrirvara, sem ég gat ekki gert grein fyrir við 2. umr., vegna þess að ég var kallaður í síma, er málinu var vísað til 3. umr. En fyrirvari minn byggist á því, að mér geðjast ekki að meðferð málsins. Það er blátt áfram hneyksli, að í marz 1948 sé verið fyrst að samþ. ríkisreikninginn fyrir árið 1944. Ég skal þó ekki fjölyrða um þetta nú, því að ég hef áður gert þetta að umtalsefni í Sþ. Nú, fleira mætti segja um þessa reikninga. Þeir eru lagðir fram í gær, þegar 2 eða 3 dagar eru eftir af þingtímanum og allir í önnum. Síðan er þeim vísað til fjhn., en hún hefur engan tíma til að athuga reikningana og hefur gefið út nál. án þess að líta á þá, en hv. frsm. sagði að hann mundi biðja skrifstofu Alþingis að athuga, hvort tölur reikninganna væru rétt teknar í frv. á þskj. 623, því að n. gafst ekki tími til að bera það saman. Nokkrar aths. frá hinum þingkjörnu yfirskoðunarmönnum fylgdu reikningunum og svör hæstv. ríkisstj. við þeim, en sum þeirra voru svo, að lítið var á þeim að græða, því að fylgigögn vantaði, t. d. var 3. aths. um það, að einu félagi hafi árið 1944 verið selt vín frá Áfengisverzlun ríkisins með kostnaðarverði fyrir 43 þúsund kr. Er um þetta vísað til meðfylgjandi bréfs, en það fylgir ekki með og yfirskoðunarmennirnir telja þessa viðskiptareglu nokkuð vafasama, enda sést ekki, af hvaða ástæðum þetta félag hefur fengið áfengið með svo góðum kjörum. Á 5 stöðum öðrum í svari ráðh. er vísað til bréfa, sem ekki fylgja. Þá er og í till. yfirskoðunarmanna málum vísað til Alþingis, en fjhn. hefur engan tíma haft til þess að athuga málið og gera um það till. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vegna meðferðar málsins hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara, því að málsmeðferðin er mjög á annan veg en hún ætti að vera.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það urðu nokkrar umr. um ríkisreikningana í Sþ. fyrir nokkru út af fyrirspurn frá hv. þm. V-Húnv., sem hann nú vísaði til. Það kom þá fram, hvers vegna reikningarnir eru svona seint á ferð, og sömuleiðis, að með þeim hætti, sem hafður er á, er verk yfirskoðunarmannanna orðið mjög erfitt og verður því tilgangsminna sem reikningarnir eru meir á eftir áætlun. En það er ekki um að ræða neinn slóðaskap af hendi yfirskoðunarmanna. Hluturinn er sá, að hin tölulega endurskoðun fer fram í endurskoðunardeild stjórnarráðsins, en það er verk okkar yfirskoðunarmanna að yfirfara aths. þaðan, bera saman reikninga og fylgiskjöl og athuga, hvort farið sé fram yfir fjárlög. Það, sem veldur því, hve reikningarnir eru seint á ferð, er það, að ríkisstofnanir ýmsar eru svo seinar fyrir með reikninga sína og endurskoðun þeirra er langt á eftir áætlun. Hefur þetta gengið svo langt, að við yfirskoðunarmenn höfum orðið að láta athugun fara fram án þess að fá alla endurskoðun allra ríkisstofnana. T. d. vantar skýrslu Tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1944. Ég get nefnt annað dæmi varðandi okkar aðstöðu. Við sendum út okkar aths. 11. júní 1947, en svarið kom fyrst 27. febr. 1948. Varðandi aths. okkar að öðru leyti þá er það svo, að Alþ. hefur aldrei viljað leggja verk í að athuga þær vegna þess, hve reikningarnir voru orðnir gamlir, og eins og hv. þm. V-Húnv. benti á, höfum við vísað sumum atriðum til Alþingis, og er þá til þess ætlazt, að hæstv. ríkisstj. athugi þau atriði, og ekki er óeðlilegt, að Alþ. geri um þau einhverjar till. — Varðandi það, að vísað sé til bréfa, sem ekki fylgi, þá er það ekki regla að birta slík bréf með till. okkar, en gert var ráð fyrir, að fjhn. hefði aðgang að þeim, og það hefur hún og getur athugað þau, ef tími vinnst til.

Þessar athugasemdir vildi ég láta koma fram, þar sem ég hef orðið var við, að margir hefðu rangar hugmyndir um, hvernig málið horfir við, og jafnvel hefur verið gefið í skyn, að við yfirskoðunarmenn ættum einhverja sök á því, hve reikningarnir eru síðbúnir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv., sem er einn af yfirskoðunarmönnum reikninganna, hefur nú í ræðu sinni vikið að orsökum þeim, er hann telur til þess, hve síðbúnir reikningarnir séu. Taldi hann m. a. þetta stafa af því, hve illa gengi með reikningsskil sumra ríkisstofnana. Ég vil í því sambandi benda á, að mér skilst, að það sé hlutverk yfirskoðunarmannanna að sjá um, að ríkisstofnanir skili reikningum sínum í tæka tíð, og finnst mér, að þeir hefðu mátt bera fram kvartanir út af þessu við ríkisstj. og Alþ. Það má vera, að þeir hafi gert það við hæstv. ríkisstj., en þeir hafa ekki hreyft því hér. Nú, en ef einstakar ríkisstofnanir eiga sök á dráttinum, þá er full ástæða til að taka það til athugunar og láta þær bæta ráð sitt eða breyta að öðrum kosti um yfirstjórn þeirra, ef þörf krefur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er í sambandi við þetta mál, sem ég vildi spyrja ríkisstj. um einstök atriði.

Fyrsta spurningin er í sambandi við það, að samkvæmt skilgreiningu Áfengisverzlunar ríkisins hefur Eimskipafélagi Íslands 1944 verið selt vín með kostnaðarverði fyrir 42 þús. kr. Ég skal ekki segja, hve mikið það vín hefur kostað, sem í útsölu er selt á 42 þús kr., en eftir álagningunni má fullyrða, að það er töluvert mikið, sem Eimskipafélaginu hefur þarna verið gefið. Þetta gerðist 1944. Kom þá fram aths. til ríkisstj., en síðan hefur allt hjakkað í sama farinu. Til hvers er að leitast við að gera aths. við ríkisstj., ef hún hefur þær að engu, og koma svo til Alþ. þremur árum eftir að reikningarnir áttu að vera komnir fram?

Það eru fleiri aths. hér, sem fyrir liggja, þar sem maður veit ekkert um, hvað ríkisstj. hefur aðhafzt. T. d. vita endurskoðendur, að það eru

slæm skil hjá innheimtumönnum ríkisins. Það vex stöðugt við hver áramót, sem ógreitt er. Þótt tekjur manna hafi yfirleitt batnað og greiðslumöguleikar manna farið batnandi, hefur þetta versnað og aldrei eins mikið og 1944. Ríkisstj. telur nú, að hún sé að gera gangskör að því að fá þetta inn og framvegis verði reynt að ráða bót á þessu. Hvernig er þetta nú? Hefur verið ráðin nokkur bót á þessu? Eftir því sem ég heyri, hefur aldrei verið meira útistandandi en nú. Það lítur út fyrir, að ríkisstj. hafi yfirleitt ekki tekið tillit til þessara aths.

Þá er talað um, að enn séu óuppgerðar skuldir frá landsverzluninni gömlu, sem starfaði í fyrra stríði. Ríkisstj. lofaði í vor að sjá um, að farið væri að gera þetta, en mig langar að vita, hvort það hefur gerzt og hvað mikið er eftirstandandi enn af þessum skuldum.

Þá er upplýst, að Áfengisverzlun ríkisins á útistandandi svo og svo mikið af skuldum. Ríkisstj. lofaði að sjá um, að þær yrðu innheimtar, en hefur hún gert það?

Það er fleira, sem ég vildi spyrja um. En vegna þess, að áliðið er kvölds og áliðið þings, sé ég ekki ástæðu til að fara út í þetta frekar, en vil aðeins segja það, að það eru í meira lagi ólyndir ráðh., sem geta fundið sig í svona vinnubrögðum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér verður nú náttúrlega svarafátt að því er snertir áfengisverzlunina frá 1944, hvernig það hefur gengið til; ég hef ekki sérstaklega sett mig inn í það. En hvað landsverzlunina áhrærir er víst hv. fyrirspyrjanda kunnugt um það, að hinar útistandandi skuldir eru nú taldar fyrndar að mestu, og verður varla mikils þaðan að vænta. Ég hef ekki vonir um að fá þar mikla fjármuni. En um hitt atriðið, þann seinagang, sem er á afgreiðslu landsreikninganna frá stjórnarráðinu, er ég honum algerlega sammála og hef gert talsvert að því að reka á eftir afgreiðslu þessara mála, en það, sem mest hefur staðið á, eftir því sem mér hefur verið sagt, hefur verið það, að fjmrn. hefur átt í brösum með að fá upplýsingar frá ýmsum stofnunum.

Að því er snertir innheimtu hjá embættismönnum, vil ég segja það, að þessar eftirstöðvar hafa verið nokkuð miklar, en ekki hafa þær versnað. Ég hef athugað þetta og skal gera það enn betur. Mér virðist þörf á að hraða gangi allra þessara mála í rn., og eftir því sem ég get, skal ég reyna að koma því til leiðar, að þessi afgreiðsla öll og prentun reikninganna verði framkvæmd sæmilega tímanlega. Það kostaði t. d. mikil afskipti af minni hálfu að koma þessum landsreikningi hér fyrir þingið áður en þessu þingi yrði slitið, og stóð á ýmsu; þ. á m. var prentsmiðjan svo hlaðin, en ég lét sérstaklega biðja prentsmiðjustjórann fyrir það, og hann hliðraði svo til, að þessi landsreikningur gat nú loksins orðið tilbúinn. — Ég skal taka til greina það, sem hv. þm. hefur sagt, að svo miklu leyti sem í mínu valdi stendur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég geri varla ráð fyrir, að forseti skeri niður umr. um þetta stóra mál hér. Deildin á ekki sök á því, að þetta mál er ekki komið fram fyrr. Þessu máli var útbýtt hér í gær, og það er sannarlega þess virði að ræða það nokkuð. Vil ég takmarka umræður mínar um þetta mál við þá liði eina, sem vísað er til aðgerða Alþ., eftir að fram hafa komið svör ríkisstj.

Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann lítur á það, þegar slíkar aths. koma við landsreikninginn. Lítur hann svo á, að það eigi þannig að láta þetta standa í sjálfum landsreikningnum eða gefa Alþ. tíma til að athuga og skera úr um þessi deiluatriði, eða er þess að vænta, að ráðh. láti athuga þessi atriði sérstaklega, eftir að búið er að samþykkja reikninginn? — Ég skal þá fyrst koma að sjöunda aths.

Ég hlustaði á hæstv. forsrh. í gær, sem varði miklu af ræðutíma sínum í að fordæma stjórnina á þessu fyrirtæki í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég vildi spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvernig er stjórnin á þessu fyrirtæki nú? Ég hrökk við við sumar þær upplýsingar, sem gefnar voru í gær um þetta mál, t. d. ef það er rétt, að enn sé verið að leigja birgðaskemmu fyrir 28 þús. kr. á ári, en svo skildist mér á hæstv. ráðh. Nú er vitanlegt, að síðan þessi ríkisstj. tók við hefur verið seld á leigu einhver allra bezta skemma, sem til er hér og Landssmiðjan átti, fyrir um 30 þús. kr. á ári. Mér er kunnugt um, að á sama tíma voru fluttar burt úr því húsi nýjar vélar, sem geymdar eru í hriplekum skúr með malargólfi og hljóta að eyðileggjast þar að óbreyttum aðstæðum. Við höfðum tækifæri til að skoða þær í vetur. Og ég veit ekki betur en sama ráðuneyti hafi leigt fyrir, að ég hygg, um 130 þús. kr. á ári margfalt minna húsnæði en Landssmiðjan oft hefur leigt öðrum fyrir 30 þús. kr. Og ef í viðbót á að leigja hjall fyrir 28 þús. kr. til þess að halda uppi fyrirtækinu, finnst mér ekki um að villast, hver er sekastur um þessi mál.

Ég vildi því gjarnan vita, hvort ekki væri rétt að taka þessi mál til sérstakrar athugunar í sambandi við ríkisreikninginn, einkum þegar bent er á, að þessu verði vísað til aðgerða Alþ.

Viðvíkjandi 13. gr. vil ég líka benda hæstv. ráðh. á, að ég minntist á það í sambandi við fjárl., að rekstur m.s. Laxfoss væri til eftirbreytni fyrir Skipaútgerð ríkisins, því að á sama tíma sem þessi bátur græðir nær 100 þús. kr., tapar Skipaútgerðin hundruðum þúsunda á sams konar afgreiðslu. Væri því ástæða til að athuga, hvort ekki er hægt að koma betri skipan á rekstur þessarar ríkisstofnunar. Og ég veit ekki betur en að félagið, sem rekur m.s. Laxfoss, hafi greitt arð í ríkissjóð af þeim hluta, sem hann á í félaginu, meðan lagðir eru þungir skattar á þegnana til þess að greiða rekstur á því ríkisfyrirtæki, sem hér er um að ræða.

Ég skal ekki ræða um 8. og 9. gr., en vil aðeins benda á, að það er dálítið villandi, ef því er haldið fram, að hér sé um vanrækslu innheimtumanna að ræða, því að hér er um að ræða stórar upphæðir, sem deilt er um í málum fyrir mjög vafasaman úrskurð frá hv. 1. þm. N-M. í ríkisskattan. Mér er kunnugt um, að menn standa í sífelldum málum við þessa stofnun, og ætti hæstv. ráðh. að taka þessa stofnun til athug-

unar, þar sem þegnarnir eru gerðir varnarlausir í þessum málum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim ummælum, sem hv. þm. Barð. (GJ) lét falla. Ég get að vísu ekki svarað öðru en því, sem stendur á landsreikningnum, að þessum lið verði vísað til aðgerða Alþ. Hitt er annað mál, að fjmrn. hefur haft þessi mál til athugunar og ritað þeim rn., sem hafa þau með höndum. Það er réttilega fram tekið af hv. þm., að rekstur þessarar stofnunar gengur hneyksli næst, og hefur fjmrn. áhuga á, að þarna verði breyting á. Síðan getur Alþ. og hv. þm., ef hann verður hér áfram, dregið sínar ályktanir, þegar niðurstöður liggja fyrir af þessum athugunum eða af þeim breyt., sem á þessum málum kunna að vera gerðar, og er það vitanlega alltaf opið fyrir hæstv. Alþ. að skipta sér af þessum málum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og benda hv. þm. Barð. á það, að þær gr., sem hann var að tala um, eru um allt annað efni. Þá hefur verið rætt um það hér, að ekki hafi verið innheimt sektarfé, sem einstaklingar eða félög hafa verið dæmd til að greiða. Það er alveg rétt, að ríkið á óinnheimt sektarfé, er nemur hundruðum þúsunda kr., sem togarar hafa verið dæmdir til að greiða fyrir landhelgisbrot, og þessar sektir koma aldrei til ríkisskattan. Skal ég ekki lengja umr. með því að fara frekar út í það atriði, en vil hins vegar minnast á tvennt annað í sambandi við þessar umr. Það er afar algengt, að kosningaréttur sé dæmdur af mönnum, en síðan eru þeir ekki strikaðir út af kjörskrá og kjósa eftir sem áður hvar á landinu sem er. Ég vil því benda hæstv. ríkisstj. á, að hún þarf að gera ráðstafanir til þess, að slíkum dómum sé fullnægt, t. d. með því að tilkynna viðkomandi yfirvöldum, þegar slíkir dómar eru felldir yfir mönnum úr þeirra umdæmi. — Í öðru lagi finnst mér ástæða til að breyta um fyrirkomulag á endurskoðun opinberra fyrirtækja frá því, sem nú er. Mér finnst ekkert vit í því að hafa endurskoðendur, sem kosta hundruð þúsunda króna, við ýmis fyrirtæki, sem eru ekkert annað en útangar af ríkisrekstrinum og reikningar þeirra síðan endurskoðaðir og færðir sem undirliðir á ríkisreikninginn sjálfan. Hefði ég talið hyggilegra, að endurskoðendur ríkisreikninganna endurskoði þetta allt saman og væru fastir menn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 623, n. 678).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá því er nál. kom fram. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Með skírskotun til nál., sem liggur fyrir skrifl. á þá leið, að n. hafi athugað frv. og sé sammála um að leggja til, að það verði samþ., óska ég fyrir hönd n., að mál þetta fái skjóta afgreiðslu.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 681).

---

31. Fjáraukalög 1944.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1944** (stjfrv., A. 624).

Á 60. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, var frv. vísað til fjvn. í gær, en síðan hafa verið óslitnir fundir, og má því hv. þm. ljóst vera, að n. hefur ekki haft neitt tækifæri til að athuga málið og skila nál. Það hefði kannske verið hægt að kalla saman fund, en það hefði enginn tími unnizt til athugunar. Nú hafa landsreikningarnir fyrir árið 1944 verið samþ. í báðum deildum, og tel ég ekki nauðsyn á málamyndanál., en þm. geta gert það upp við sig, hvort þeir samþ. frv., án þess að nál. liggi fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

32. Búfjártryggingar.

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar** (þmfrv., A. 17).

Á 5. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. ósk hæstv. landbrh. og flutt af landbn., sem hefur þó óbundnar hendur til að flytja brtt. við það eða fylgja þeim brtt., sem fram kunna að koma. Um málið sjálft er það að segja, að lengi hefur verið á döfinni að tryggja búpening, en það hefur aðallega strandað á tvennu. Í fyrsta lagi hefur það strandað á því, að mönnum hefur ekki þótt vert að leggja út í tryggingar, meðan sú hætta vofði yfir, að búpeningur félli af fóðurskorti, og í öðru lagi hefur það strandað á því, að talin hafa verið vandkvæði á að fá vottorð frá dýralækni um, að veikin, sem varð grip að bana, hafi ekki stafað af vanhirðu eiganda. Þrátt fyrir þetta hafa einstaka hreppsfélög fyrir löngu tekið upp tryggingu á nautgripum hjá sér, t. d. Vestmannaeyjar, Kelduhverfi o. fl.

Árið 1943 voru hér á Alþ. samþ. heimildarlög um tryggingu búfjár, og náði sú trygging fyrst og fremst til kynbótaskepna, þ. e. a. s. kynbótanauta, hesta og hrúta. Þá vildu sumir taka upp viðtækari tryggingu, og varð það úr og sett í lögin hóptrygging, t. d. fyrir snjóflóðum, flæði og fleiri vanhöldum. Eftir heimildarl. 1943 átti að setja reglugerð um framkvæmd laganna. Um þetta leyti í fyrra innti ég eftir, hvað setningu reglugerðarinnar liði, en komst að því, að hún hafði ekki verið sett. Brunabótafélag Íslands átti að hafa þetta með höndum, og ríkisstj. fól því, eftir að ég hafði minnt á það, að setja reglugerð um málið. Uppkast þess var sent Brunabótafélagi Íslands í fyrra, og var í henni, að enga skepnu mætti tryggja hærra en fyrir tvöfalt skattmat. Á síðustu árum hefur verðlag kynbótaskepna mjög hækkað og er nú margfalt, kannske allt að tífalt skattmat. Nú hlýtur öllum að vera ljóst, að skepnur, sem keyptar eru svo dýru verði, sé fullkomlega réttmætt að tryggja hærra verði en tvöföldu skattmati. Nú hefur komið fram sérstaklega góður nautgripastofn, sem kenndur er við Kluftir í Hrunamannahreppi. Hvort tveggja er, að kýr af þessum stofni mjólka betur en almennt gerist og að fitumagn mjólkurinnar er hátt. Undan nauti, sem heitir Máni, eru til 82 kýr, allar hámylkar, og einnig hefur fitumagnið reynzt hátt, — eða yfir 4% að meðaltali úr þeim öllum. Nú er farið að bjóða mjög hátt í gripi af þessu kyni, þar eð það hefur sýnt sig að vera sérlega vænt. T. d. er búið að bjóða 4000 kr. í óborinn kálf af þessu kyni, og sýnir það, hversu vel menn kunna að meta góða gripi og hversu mjög það borgar sig að eiga þá.

Menn geta af þessu séð í hendi sér, að sjálfsagt er að tryggja svo góða gripi og meira að segja sjálfsagt að tryggja þá háu verði. Nú er það svo, að þeim mun hærra sem gripurinn er virtur, þeim mun hærra iðgjald verður að borga af honum. Þess vegna höfum við lagt til í þessu frv., að eigandi kynbótagripa megi vátryggja þá fyrir það verð, sem hann ákveður. En þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin grunsamlega há — gripurinn kannske kominn á fallandi fót og virðingarverðið ákveðið mjög hátt til þess að fá mikla peninga útborgaða, þegar hann hrekkur upp af —, er gert ráð fyrir, að hún geti leitað til ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búfjárgrein, sem þekkir ætt gripsins, og hann þekkir ættir allra þessara gripa, sem hér koma til greina. Verði ákvörðun hans látin ráða, ef ágreiningur verður milli eiganda og félagsins.

Þó að landbn. hafi ekki farið gegnum þetta frv., tekið afstöðu til þess, er það mín skoðun — og tala ég þar ekki fyrir hönd n. —, að þessi breyt. á l. sé alveg sjálfsögð, og ég hygg, að fyrr en hún er komin á, komi búfjártryggingar tæpast til framkvæmda. — Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., var því lýst yfir, að það væri flutt að beiðni ráðh. Við 2. umr. hafði n. ekki tekið afstöðu til þess. Frv. var tekið fyrir á fundi n. fyrir 3—4 dögum. Þá vantaði einn nm. (EE), en hinir nm. eru á einu máli um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Mér þótti viðkunnanlegra að láta þetta koma fram hér, því að það lá ekki fyrir, þegar framsaga var í málinu hér í deildinni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 6. fundi í Nd., 23. okt., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 54).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið fram í hv. Ed. og var flutt af hv. landbn. þeirrar d. samkv. ósk hæstv. landbrh. Að öðru leyti er frv. undirbúið af Búnaðarfélagi Íslands. Þetta frv. er flutt til breyt. á l. um búfjártryggingar frá 1943 og lagt til, að sú ein breyt. verði gerð á þeim l., að vátryggja megi kynbótagripi hærra verði en sem svarar tvöföldu skattmati. Ef ekki má vátryggja kynbótagripi fyrir hærra verð en tvöfalt skattmat, munu engir búfjáreigendur, sem eiga góða kynbótagripi, telja nokkurs virði að vátryggja þá. Þess vegna er þetta frv. fram borið til þess að heimila að vátryggja þessa gripi fyrir þá upphæð, sem eigendur þeirra ákveða, en þó svo til tekið, að ef stjórn Brunabótafélagsins þykir vátryggingarupphæðin grunsamlega há, þá geti stjórn Brunabótafélagsins leitað álits ráðunauta Búnaðarfélags Íslands um það, hvort um of hátt verð sé að ræða, og gildir þá þeirra dómur um það, hvort eigi að lækka vátryggingarupphæðina frá því, sem eigendur hinna vátryggðu gripa hafa viljað vera láta um upphæðina.
Landbn. þessarar hv. d. var ásátt um að mæla með því, að frv. þetta gengi fram óbreytt. Og leyfi ég mér að óska eftir, að hv. þd. fallist á þessa ósk n. og samþykki frv. nú hér við þessa umr. og síðar út úr deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 72).

---

33. Hækkun á aðflutningsgjöldum 1947.

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 (þmfrv., A. 29).

Á 6. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og sjá má af grg. þessa frv. hefur fjhn. tekið það að sér til flutnings samkv. beiðni hæstv. fjmrh. En nm. hafa að öðru leyti óbundnar hendur um málið. Eins og menn sjá er efni frv. það að undanþiggja flugvélabenzín þeim gjöldum af benzíni, sem á það var lagt í fyrra. Er greinilega tekið fram í grg., hvaða ástæður til þess liggja. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. innleiði þetta mál hér og gefi nánari skýringar, og sé því ekki ástæðu til að taka fleira fram; sé heldur ekki ástæðu til að leggja til, að málinu verði vísað í n., þar sem það er flutt af fjhn., en mun bera frv. undir n. á fundi, áður en það verður tekið til 2. umr. Skal ég geta þess nm. til leiðbeiningar, að það þykir liggja á þessu frv., og býst ég því við, að sá fundur yrði að vera á morgun, til þess að málið geti fengið fljóta afgreiðslu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þegar benzínskatturinn var settur í vor, var það höfuðtilgangur fjmrn. að vinna upp fé til að vega á móti því mikla vegaviðhaldsfé, sem ríkið leggur fram nú orðið. Þótti af þeim ástæðum rétt að auka benzíntoll svo sem raun varð á. Bæði ég og þeir, sem ég talaði við um þetta mál, höfðum í huga ýmiss konar bíla fyrst og fremst. En íslenzku flugfélögin tóku fljótt að kvarta mjög undan tollinum og sneru sér bréflega einu sinni, ef ekki tvisvar, til ráðuneytisins, og höfðu þar að auki fengið viðtal út af þessu máli. Bæði Loftleiðir h/f og Flugfélag Íslands h/f álitu það vera í valdi ráðuneytisins að gera nauðsynlegar réttingar. En eins og lögin eru, þótti það ekki heimilt.
Flugfélögin hafa í bréfum sínum, sem ég hef ekki prentað með, en get lagt fram síðar, rökstutt mjög greinilega, að með tilliti til ýmislegs kostnaðar, sem þau hafa, og stopulla tekna af farþegaflutningum, sé þeim þetta gjald of þung byrði. Og nú ber þess að gæta, að flugvélar bera annað gjald samkv. samningi við Reykjavíkurflugvöll, sem mig minnir að sé 9 aurar á lítra, og gengur það til viðhalds vellinum.
Enda þótt flugfélögin sneru sér til ráðuneytisins tímanlega í vor, sá ég ekki ástæðu til að gefa út bráðabirgðalög, en lofaði að bera málið undir Alþ. og vita, hvort það féllist ekki á þessa breyt., sem ég get sem fjmrh. samþ. Nú hefur einnig formaður flugráðs komið að máli við ráðuneytið og sent því rökstutt álit um það, sem flugfélögin vitaskuld komu ekki inn á í sinni kvörtun, að þetta háa benzíngjald hefur líka áhrif á viðkomur ýmissa erlendra flugvéla, þar sem þeim þykir benzín vera svo dýrt hér, að ekki sé sem aðgengilegast að hafa hér viðkomu. Getum við með þessu verið beinlínis að hafa af ríkissjóði fé. Ég skal taka fram, að þessi tollur mun engan veginn snerta flugvélar á Keflavíkurflugvelli. En það koma hér ótal flugvélar, sænskar, franskar og annarra landa, sem taka benzín og borga viðkomugjald, og þá er það athugandi mál, hvort við eigum að hafa tollana svo háa, að slíkar flugferðir leggist niður. En höfuðástæðan fyrir því, að þetta mál er

fram komið, eru kvartanir þeirra tveggja flugfélaga íslenzkra, sem hér stunda ferðir. Félögin hafa sent rökstutt bréf þess efnis, að þessi skattur, í ofanálag á hinn benzínskattinn, sem þau greiða, sé þeim of þungur og þau treysti sér ekki til þess að hækka svo fargjöldin, að þau sleppi skaðlaust á þann veg, og því ekki önnur leið en sú, sem hér er lagt til.

Ég vildi svo taka undir þær óskir, sem form. fjhn. kom með, að þetta mál gangi í gegn án þess að koma í n., þar sem það er flutt af n. fyrir mína beiðni. Vona ég svo, að hægt verði að fá málið afgr. til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til umr. og ég gerði nokkra grein fyrir því frá hendi fjhn., þá gat ég þess, að n. hefði þá ekki tekið það til þeirrar athugunar, sem n. ber að gera um mál, sem til þeirra er vísað, heldur hefði hún flutt það að beiðni fjmrh. Hins vegar lofaði ég því, að n. mundi taka það til athugunar á milli umr. og hafa þá eitthvað um það að segja sem n. Nú hefur það atvikazt svo, að við getum ekki fullkomlega staðið við þetta loforð, sem ég gaf. Að vísu hafa verið haldnir fundir og þetta mál tekið til umr., en nægileg athugun hefur ekki farið fram. Þess vegna er það svo, að n. hefur óskað að athuga málið milli 2. og 3. umr. og taka þá sína endanlega afstöðu við 3. umr. málsins. Þó hefur n. fengið nokkrar upplýsingar um þetta mál, sem lágu fyrir á fundi hennar, þar sem hún ræddi málið. M. a. liggja fyrir upplýsingar um, hvað benzínnotkun íslenzkra flugfélaga hefur verið mikil undanfarið á mánuði, og mundi þetta gjald, sem hér er farið fram á að létta af flugfélögunum, nema kr. 23598.85 á mánuði með sömu notkun. Verður það að vísu yfir árið allhá upphæð, en þó ekki svo, að neinum úrslitum ráði fyrir ríkissjóð. Hins vegar gæti það ráðið úrslitum um rekstur flugfélaganna. Og talið er af kunnugum mönnum, að útlendar flugvélar mundu auka viðkomur sínar á íslenzkum flugvöllum, ef þetta gjald væri lækkað, og mundu þá þær tekjur, sem þær gæfu, að einhverju leyti koma upp á móti þessu. Ég skal játa, að þetta eru ekki svo veigamiklar upplýsingar, sem ég hér get gefið, að á þeim verði byggðar endanlegar niðurstöður, og þess vegna óskar n. að bíða enn til 3. umr. með brtt., sem hún kynni að bera fram í málinu, og er það till. hennar, að n. fái óbundna afgreiðslu til 3. umr. og að þá verði það tekið til rækilegrar meðferðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hefði nú búizt við, að n. hefði meiri upplýsingar um málið nú til 2. umr., en skal ekki hafa á móti því, að málið fái að ganga hindrunarlaust til 3. umr. En samkvæmt grg. og framsöguræðu frsm. er óljóst, hvort n. er samþykk þessu frv., því að í grg. segir, að n. sé óbundin um málið, og það er ekki hægt að vita, hvort hún er samþykk því eða ekki. Það, sem ég óska eftir að fá upplýsingar um, áður en gengið er til endanlegrar afgreiðslu, er:

1. Er það alheimsregla, að benzín, sem flugvélar *nota, njóti annarra tollkjara en benzín* almennt? Ef þetta frv. verður samþykkt, kemur benzín undir tvenns konar tolla: Benzín, sem er til bifreiða, og benzín, sem er til flugvéla. — Mig langaði til að vita, hvort benzín, sem notað er til flugvéla, almennt nýtur betri kjara. Sé það almenn regla, finnst mér meiri ástæða til þess, að þetta yrði gert hér.

2. Hvernig er hagur íslenzku flugfélaganna yfirleitt? Er ástæða til vegna hags þeirra að gera þessa lagabreytingu? Mér er tjáð, að árið 1946 hafi hagur flugfélaganna verið prýðilegur og eins þetta ár. Nú vil ég ekki setja fótinn fyrir það, að þeim gangi vel, en finnst, að við þurfum að vita, hvernig hagur þeirra er.

3. Ég vildi fá upplýsingar um, hverjar afleiðingar þetta mundi hafa fyrir ríkissjóðinn. Frsm. gat þess, að fyrir íslenzku flugfélögin mundi þetta nema rúmlega kr. 270 þús. á ári, en hvað fá aðrir? Ég hef lesið bréfið frá formanni flugráðs og kann illa við þá hótun, sem fram kemur í því, að aðrir aðilar hætti að gera svo eða svo, ef ekki sé gert svo eða svo. Og sé farið fram á annað en gerist, þá er síður ástæða til að láta undan. Mér finnst nær að breyta þessu í það horf, að gjaldið, sem kemur inn, skuli notað til að starfrækja flugvöllinn yfirleitt, eins og benzíntekjurnar eru notaðar til veganna.

Þessar upplýsingar vildi ég fá, en mun greiða atkv. með frv. til 3. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að það er komið fram upphaflega í tilefni af bréfi, sem flugfélögin hafa sent ráðuneytinu. Ég hafði þá ekki þau bréf við höndina, en hef þau nú. Þetta kom skriflega til ráðuneytisins þann 21. maí, og segir svo í bréfi Flugfélags Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér leyfum oss hér með að beina þeirri málaleitun vorri til yðar, herra ráðherra, að þér hlutizt til um, að flugvélabenzín verði undanþegið þeirri tollahækkun á benzíni, sem nýlega varð að lögum. Máli voru til skýringar og stuðnings leyfum vér oss að taka fram eftirfarandi staðreyndir:

1. Umrædd tollahækkun mun hafa í för með sér viðbótarútgjöld fyrir félag vort, er nema allt að kr. 250000.00 á ári, miðað við núverandi flugvélakost og áætluð afköst.

2. Þessi hækkun, sem að sjálfsögðu verður mjög tilfinnanleg í rekstri félagsins, er þó enn tilfinnanlegri, þegar tekið er tillit til þess, að frá þeim tíma, sem Íslendingar tóku við rekstri Reykjavíkurflugvallarins, hafa flugfélögin orðið að greiða til flugvallarins (eða flugmálastjórnarinnar) gjald, sem nemur 9 aurum á hvern lítra af flugvélabenzíni, fyrir allt benzín, sem flugvélar félaganna hafa notað. Gildir þar

einu um, hvort benzínið er sett á flugvélarnar í Reykjavík eða það er flutt út á land til áfyllingar á öðrum lendingarstöðum.

3. Auk framangreinds gjalds, sem flugfélögin verða að greiða til flugmálastjórnarinnar af öllu flugvélabenzíni, greiða flugfélögin lendingargjöld fyrir flugvélar sínar á Reykjavíkurflugvelli. Nemur það gjald kr. 6.00 fyrir hvert tonn af hámarksþyngd flugvélanna fyrir hverja flugferð (flugtak og lendingu), eða milli kr. 70.00 og kr. 90.00 fyrir hverja ferð hinna stærri flugvéla vorra. Samkvæmt rekstraráætlun vorri munu lendingargjöld fyrir flugvélar Flugfélags Íslands nema um kr. 100000.00 á þessu ári.

4. Með hinum nýja tolli á flugvélabenzíni er svo komið, að flugfélögunum er gert að greiða hærri gjöld til ríkissjóðs en með nokkru móti er réttlætanlegt. Þessu til sönnunar viljum vér benda á, að þegar hinn nýi tollur á flugvélabenzíni er meðtalinn, greiða félögin til hins opinbera gjöld, sem nema rúml. 125% af cif-verði flugvélabenzíns. Cif-verð á flugvélabenzíni er nú 19.9911 aurar pr. lítra. Við það bætast eftirfarandi gjöld:

0.7400	aurar pr. lítra	— þungatollur.
1.5993	— — —	— verðtollur.
0.4400	— — —	— vörugjald.
9.0000	— — —	— flugvallagj.
ca. 15.0000	— — —	— nýr tollur.
Samtals 26.7793		— opinber gjöld.

Auk framangreindra gjaldliða reiknar flugmálastjórnin sér 4.0851 aura pr. lítra fyrir tankleigu, rýrnun og vátryggingu, og benzínfélögin reikna sér 8 aura pr. l fyrir afgreiðslukostnaði og auk þess nokkra viðbót fyrir hagnaði. Hver lítri af flugvélabenzíni, sem í innkaupi kostar tæpa 20 aura cif., kemur því til með að kosta þrisvar sinnum meira, eða um 60 aura til flugfélaganna.

5. Þá viljum vér benda á, að í grg. fyrir frv. um umræddu tollahækkun á benzíni er svo að skilja, að umrædd tollahækkun sé fyrirhuguð til að standa straum af auknum kostnaði við viðhald vegakerfisins í landinu. Er þar víða vikið að fjölgun bifreiða í landinu, en hvergi nefndar flugvélar. Í grg. er m. a. komizt svo að orði:

„Vegaviðhaldið varð árið 1939 rúmlega 836 þús., en 1947 yfir 11 millj. kr. og hefur því meira en þrettánfaldazt á síðustu 8 árum, án þess að nokkrar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að mæta þessari stórfelldu útgjaldaaukningu. Aðrar þjóðir hafa hagað löggjöf sinni þannig, að þeir, sem mest nota vegina, tækju drýgstan þátt í viðhaldskostnaðinum. Með hækkun benzíntollsins er stefnt í þessa átt."

Má af þessu sjá, að fyrir flm. frv. hefur eingöngu vakað viðhald vegakerfisins. Þegar tekið er tillit til þess, að flugvélar (þ. e. flugfélögin) greiða þegar stórar upphæðir til viðhalds og rekstrar flugvalla, sbr. 2. og 3. gr. þessa bréfs, verður að telja það nokkurt ranglæti, ef ætlazt er til, að þær taki einnig þátt í viðhaldi vegakerfisins.

Vér leyfum oss að vænta þess, herra fjármálaráðherra, að vér höfum með þessum línum getað fært fram nægileg rök máli voru til stuðnings. Er það trú vor og von, að þér fáið hlutskipti vort bætt."

Loftleiðir h/f segir fyrir sitt leyti:

„Í framhaldi af samtali því, er vér áttum við yður, hr. ráðherra, í dag, leyfum vér oss að endurtaka ósk vora um, að hinn nýi benzíntollur verði ekki látinn ná til flugvélabenzíns.

Í frv. um benzíntollinn, grg. þess og umr. um það á Alþingi kemur það skýrt í ljós, að þessi fjáröflun er eingöngu ætluð til viðhalds vega og virðist því aðeins ná til þeirra farartækja, sem vegina nota.

Frá því að Íslendingar tóku við Reykjavíkurflugvelli, hafa flugfélögin orðið að greiða sérstakt benzíngjald til flugvallarins, sem nemur 9 aurum á lítra, auk þungatolls, verðtolls og vörugjalds, sem nema 2.78 aurum pr. lítra, þar við bætist sérstakt gjald, sem flugmálastjórnin tekur fyrir ýmsum öðrum kostnaði. 4.09 aurar pr. l. Þetta gerir samtals 15.368 aura pr. lítra gjöld af flugvélabenzíni til ríkissjóðs, ef við þetta bætist 15 aura nýr tollur, verða gjöldin 30.368 aurar pr. lítra. Þar sem cif-verðið á þessu benzíni er um 20 aurar lítrinn, nema gjöldin til ríkissjóðs yfir 150% af cif-verði. Verður þessi tollur því hærri en á flestum „lúxus"-vörum, sem fluttar eru til landsins.

Að fengnum upplýsingum viljum vér geta þess, að allur tollur af flugvélabenzíni í nágrannalöndunum er endurgreiddur til flugfélaganna.

Þessi nýja tollahækkun mundi hafa í för með sér stórkostlega aukin útgjöld í rekstri félags vors, í viðbót við hina gífurlega háu flugskýlaleigu og lendingargjöld, sem flugfélögunum er gert að greiða til Reykjavíkurflugvallarins. Þegar tillit er tekið til þess, að rekstur flugvéla hér á landi er á byrjunarstigi og við marga erfiðleika að stríða, en þó mjög nauðsynleg samgöngubót, virðist óeðlilegt, að flugfélögunum sé íþyngt með óhóflegum gjöldum til ríkissjóðs, á sama tíma sem ýmsum öðrum samgöngutækjum, svo sem strandferðaskipum, flóabátum o. fl., eru veittir háir styrkir úr ríkissjóði og njóta auk þess ýmissa fríðinda."

Mér þótti rétt, að þetta kæmi hér fyrir augu og eyru hv. þdm. Sýnast mér menn hafa nokkur lög að mæla, þegar þeir fara fram á að vera hlíft við þessum tolli. Þetta 9 aura gjald, sem þeir gjalda til flugvallarins, er talsvert mikið. Hefur á sínum tíma verið litið svo á, að ekki ætti að leggja á þennan aðila hærra benzíngjald.

Ég sé, að kemur fram í bréfi frá h/f Loftleiðum, að þeir telja sig hafa fengið upplýsingar um, að allir tollar af flugvélabenzíni séu í nágrannalöndum okkar endurgreiddir til flugfélaganna. Ég játa, að ég hef ekki kynnt mér þetta, en vefengi ekki þessa frásögn að óreyndu. 9 aura gjaldið hygg ég sé frekar samningur heldur en það hafi verið sett á með lögum. En hvað um það, það hefur verið goldið.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um ágóða flugfélaganna, vil ég segja það, að mér er nú tjáð, að þessi félög geri ekki betur en að berjast í bökkum með afkomu sína. Hins vegar er sjálfsagt, að n. afli sér staðbetri upplýsinga um þetta

mál en ég hef, því að ég hef ekki rannsakað það. Ég hef satt að segja litið svo til, að flugþjónustan, sérstaklega á þessu ári, hafi verið félögunum ákaflega erfið. Maður hefur ekki þurft annað en fylgjast með veðrinu til að komast að raun um það. En ég vil benda á, að þessi félög hafa ekkert hækkað fargjöld sín hér um bil í þrjú ár. Í vissum tilfellum hafa þau svolítið lækkað frá því, sem sett var, þegar vísitalan var 170 stig. Þetta álít ég mjög góðra gjalda vert. Forráðamenn flugfélaganna hafa sjálfsagt litið svo á, að hækkun fargjalda mundi kippa allt of mikið úr aðsókninni að þessum farartækjum. Að minnsta kosti er staðreyndin sú, að hvorugt félagið hefur hækkað. Sem dæmi um lækkun má nefna, að á vesturleiðinni varð á árinu 1945 10 kr. lækkun frá því upphaflega. Upphaflega voru 220 kr. til Ísafjarðar.

Af þessu plaggi, sem liggur fyrir, er auðséð, að þessi félög gjalda mikla skatta til flugvallarins og enda til ríkissjóðs. Og þó að mér þætti ekki rétt að fara leið bráðabirgðalaga á sínum tíma, verð ég að ítreka, að mér finnst þeir hafa mjög lög að mæla, sem fara fram á þetta. Hv. þm. Barð. sagði, að það lægi að vísu fyrir, hvað miklu lækkunin nemur fyrir innlendar flugvélar, en ekki hvað erlendar snertir. Ég hef nú fengið frá flugvallarstjóra Reykjavíkurflugvallar upplýsingar um þetta. Talið er, að þessi 15 aura tollur muni koma niður á erlendum flugvélum, sem svarar 62700 kr. á ári. En það er á það bent í áliti formanns flugráðs, að vafasamt sé, hvort þetta borgi sig, vegna þess að vélar fælist að taka benzín hér, þar eð það er svo dýrt. Ég vil ekki skilja það orðalag, sem formaður flugráðs notaði, sem neina hótun. Það er aðeins bent á, að það sé farið að sýna sig, að ferðum fækki. Margar þjóðir fara um: Svíar, Hollendingar og Frakkar fyrir utan Ameríkumenn. En sem sagt, ég skal afhenda þessi plögg til formanns fjhn. og efast ekki um, að hann eigi greiðan aðgang að upplýsingum hjá flugfélögunum. En það þarf ekki að vera nein sérleg mótsögn í því, þótt hækkað væri lendingargjald að einhverju leyti, en benzíntollur afnuminn. Ég þekki að vísu ekki samanburð á lendingargjöldum hér og í öðrum löndum. En mér er nær að ætla, að ef lendingargjöld væru ekki miklu hærri hér en annars staðar, mundu útlendar flugvélar ekki líta eins miklu hornauga þetta dýra benzín okkar. Annars er tollurinn hér eins hár og benzínið kostar á flugvöllum í Ameríku eða mjög nálægt. Er því eðlilegt, að þær flugvélar, sem það geta, fylli sig annaðhvort vestan hafs eða austan, þar sem benzín er ódýrara.

Benzíntollurinn var lagður á hér á landi af knýjandi þörf til þess að hafa eitthvað í það geysilega vegaviðhald, sem hér er. Og þó að í þann tíð væri ekki hugsað út í að taka flugvélabenzínið undan, er það engin afsökun við því að skella skolleyrunum við öllum skynsamlegum kvörtunum í því efni. Enda var til áður hér á landi að innheimta ekki benzíntoll jafnt af öllum. Veit ég ekki betur en benzíntollur hafi á sínum tíma ekki verið innheimtur af trillubátum eða endurgreiddur.

Ef n. óskar eftir nokkrum öðrum upplýsingum um þetta mál, sem ég get látið í té, skal ég fúslega gera það. En mér virðast þessi bréf frá félögunum ákaflega greinagóð og glöggir útreikningar. Ég tel líka, að flugmálastjóri og formaður flugráðs og slíkir menn muni alls ekki ráðleggja þingnefnd né ríkisstj. í þessum efnum annað en það, sem þeir telji til hins bezta fyrir ríkið sjálft eða fyrir fólkið í landinu, og þess vegna sé óhætt að taka til greina meðmæli frá slíkum mönnum í þessu máli. Flugferðir eru svo að segja á byrjunarstigi hér á landi. Flugfélögin hafa hvort um sig orðið fyrir óhöppum. Hins vegar eru þessi farartæki dýr og þurfa að afskrifast á fjarska stuttum tíma. Er þar aðstaða öll önnur en um flest farartæki.

Ég vildi svo vænta þess, að þetta mál fengi að ganga til 3. umr. Og eftir því sem formaður fjhn. hefur sagt, verður það tekið til rannsóknar og ályktunar á ný. Ég verð að segja, að eftir því sem ég hef kynnt mér þetta nánar, hef ég fallizt á, að eiginlega væri sjálfsagt að minnka þetta gjald eða fella það niður hjá flugvélum, jafnvel þó að ríkissjóður missi við það nokkurra tekna. En honum var ekki ætlað að fá höfuðtekjur benzíntollsins af flugvélabenzíni. Flugvélar borga líka lendingargjöld, sem ekki eru neitt smáræði, eins og lýst er í bréfunum. 27 kr. kostar t. d. í hvert skipti, sem vélin, sem gengur til Vestmannaeyja, tekur sig upp, og 27 kr., þegar hún lendir. Og Grumman-flugvélin borgar 30 kr., bæði fyrir flugtak og lendingu, o. s. frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það kann að mega til sanns vegar færa, sem hv. þm. Barð. sagði, að endanleg afstaða n. í þessu máli væri óljós, enda er till. n. sú, að *málið fái að ganga til 3. umr., og mun n. þá* reyna að afla sér þeirrar þekkingar á málinu, sem kostur er á. Hlýtur afstaða n. til einstakra atriða málsins að fara eftir því, hvaða upplýsingar liggja síðar fyrir. Annars komu fram nýjar upplýsingar í ræðu hæstv. fjmrh. nú. Á hinn bóginn held ég, að ég verði að segja nú þegar, að sá hluti n., sem hefur fjallað um þetta mál, sé því þó velviljaður, enda þótt n. bindi sig ekki enn sem komið er við einstök atriði. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál á þessu stigi, enda fundartími á þrotum. En ég tek undir með hæstv. ráðh., að það er alls ekki víst, að nokkur sanngirni sé, að sami tollur gildi á flugvélabenzíni og bifreiðabenzíni, því að þar er um ólík not að ræða. Einnig er á það að líta, að flug hér á landi er í byrjun, og er án efa miklu meiri þörf, að ríkisvaldið styðji að því, að flugið geti eflzt í landinu og milli landa, heldur en að styðja beinlínis að auknum bifreiðaflutningum, a. m. k. fólksflutningum, sem sýnast vera orðnir allmiklir.

N. mun sem sagt reyna að afla sér allra þeirra upplýsinga um þetta mál, sem hún á kost á. En í því efni mun koma vandi fyrir n., ef hún ætlar að gera svo að hv. þm. Barð. líki, því að eftir því sem á honum var að heyra í ræðu, er ekki víst, að hann taki gildar upplýsingar frá íslenzkum embættismönnum, sem um þessi mál eiga að fjalla samkv. embættisskyldu sinni, en það mundi n. sennilega telja fullgildar upplýsingar.

Ég geri tæplega ráð fyrir, að n. hafi tækifæri til að leita mikilla upplýsinga beint frá útlöndum. Þennan varnagla vildi ég slá. Og ég vona, að engu sé teflt í neina hættu, hvorki hagsmunum þjóðarinnar né öðru, þó að málið fái að ganga þannig til 3. umr. og frekari athugunar í n. Ég skal aðeins geta þess í sambandi við þetta, að þegar n. hélt fund um þetta, mjög stuttan, náðist ekki í nema þrjá nm. Var það kannske meðfram þess vegna, að n. athugaði ekki málið eins gaumgæfilega og ef fullskipuð hefði verið og hún haft nægan tíma. En það gengur oft erfiðlega hér á þingi að koma saman nefndarfundum, ýmislegt, sem að kallar fyrir nm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 29, 74).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og lofað hafði verið við 2. umr. þessa máls hér í deildinni, þá hefur fjhn. haft málið til meðferðar aftur og athugað það með flugmálastjóra. Niðurstaðan af þessari athugun varð sú, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með brtt., sem nefndin flytur. En ætlun brtt. n. er að koma í veg fyrir misrétti vegna þeirra birgða, sem til eru hjá hinum ýmsu benzínsölufyrirtækjum.

Þegar ákvörðun var tekin um þetta mál í nefndinni, var 7. landsk. ekki viðstaddur, en ætla má, að hann sé sammála afstöðu nefndarinnar. Hins vegar tók 4. landsk. ekki afstöðu til málsins, vegna þess að hann taldi sig vanta upplýsingar.

Út af aths. þm. Barð. og fyrirspurnum, sem hann lagði fyrir nefndina, í fyrsta lagi um það, hvort alþjóðareglur séu um að leggja ekki hærri gjöld á flugvélabenzín en hér er ráð fyrir gert, skal ég geta þess, að n. hafði því miður ekki aðstöðu til að fá fullar upplýsingar um þetta atriði, en flugvallastjóri gaf þær upplýsingar, að þar, sem hann þekkti til, væru þessi gjöld ekki hærri.

Þá spurði hv. þm. Barð. um það, hvernig hagur íslenzkra flugfélaga mundi vera nú, og taldi sig hafa ástæðu til að ætla, að hann væri sæmilega góður. Flugvallastjóri skýrði frá því, að síðastliðið sumar hafi verið ákaflega erfitt fyrir starfrækslu flugfélaganna, sérstaklega innanlands, sökum veðurfarsins, og að hagur þeirra sé því langt frá því að vera góður, heldur þvert á móti að hann sé slæmur. Og hann taldi það sem dæmi, að félögin hefðu alls ekki getað greitt áskilda leigu fyrir flugskýli hér á Reykjavíkurflugvellinum. Ég held, að það hafi verið ég, sem benti honum á, að flugfélögin hefðu greitt ofurlítinn arð af hlutabréfum, og játaði hann það rétt að vera, en að það hefðu þau gert eiginlega án þess að geta það, til þess að spilla ekki fyrir því, að hlutabréf í þessum félögum væru keypt. *En veigamikið atriði í þessu máli, sem hér liggur* fyrir, — þó að ég vilji ekki segja, að það sé aðalatriðið, — er það, hvernig þetta horfir við frá sjónarmiði ríkissjóðs. Og þegar um það er að ræða, þá færði flugvallastjóri, Agnar Kofoed-Hansen, mikil rök fyrir því, að miklar líkur væru til þess, að ríkissjóður missti einskis í, en jafnvel bætti við sig tekjum með því, að samþ. yrði þetta frv. Og ástæðan er sú, eftir því sem hann sagði og ég hef ekki ástæðu til að rengja, að vegna hins háa benzíntolls hér forðist útlendar flugvélar að koma við hér svo sem þær frekast geta. Og hann sagði, að viðkomur erlendra flugvéla hér — að þeim flugvélum slepptum, sem tilheyra Bandaríkjunum og viðkomur hafa eftir sérstökum samningum — væru ein til fjórar á dag og yfirleitt, að farþegaflugvélar, sem flygju yfir Atlantshaf norðanvert, tækju miklu frekar þann kost að fylla sig það af benzíni, að þeim entist það alla vegarlengdina, heldur en að koma hér við, meðan benzín er hér svo dýrt. — Lendingargjöld eru víst eitthvað mismunandi, eftir því hve flugvélarnar eru stórar. En mér skildist, að lendingargjald af hverri flugvél væri um 200 kr. Níu aura gjaldið gamla, sem allar flugvélar greiða og hér er ekki farið fram á að hagga við, — það mun náttúrlega haldast. Flugvallastjóri sagði, að flugvélarnar tækju þetta frá sex til tíu þúsund lítra. Ef maður miðar við 7 þús. lítra, þá yrði það 630 kr. En 15 aura viðaukinn yrði 1050 kr., miðað við 7 þús. lítra. Sennilega yrði hér um meira benzín að ræða að vísu, en ég hef miðað við 7 þús. lítra. Eru þá, eins og nú er, tekjurnar af hverri flugvél um 1880 kr. Og ef gert er ráð fyrir fjórum lendingum á dag, sem er víst hámark þess, sem verið hefur nú, þá er það um 7520 kr. á dag. En nú álítur flugvallastjóri — og byggir það á reynslu um rekstur annarra flugvalla við norðanvert Atlantshaf —, að við það, að þessi aukaskattur á benzíninu yrði afnuminn, mundi lendingum flugvéla fjölga svo, að vænta mætti, að þær gætu orðið 20 á dag eða fleiri. Og ef miðað er við 20 lendingar á dag og miðað við, að hver flugvél tæki 7 þús. lítra af benzíni, mundu tekjurnar á dag verða 16600 kr. eða um helmingi hærri en hámark þeirra er nú. Segjum, að þær yrðu *helmingur af þessu*, að lendingunum fjölgaði upp í 10. Þá yrðu tekjurnar á 9. þús. kr., og er það nokkru hærri upphæð en hámarkstekjurnar nú eru á dag. — Það hefur komið fram í ræðu minni fyrr, að þetta er engin vizka, sem fjhn. hafi af eigin hyggjuviti fundið út, *heldur er þetta álit flugvallastjórans.* En hvað sem þessu líður, þá er það hans örugga sannfæring, sem mér virðist hann hafa fært mjög sterk rök fyrir, að lendingum muni a. m. k. fjölga verulega, ef frv. þetta verður samþ., og þar af leiðandi ætti ekki að vera um *neinn skaða — sízt mikinn skaða* — að ræða fyrir ríkissjóð vegna samþykktar frv. — Á hinn bóginn er aftur á það að líta, að þetta mundi mjög styrkja innlent flug. Og hvað sem um það er að ræða, hvort æskilegt sé út af fyrir sig, að út-

lendar flugvélar lendi hér eða ekki, hygg ég, að menn muni vera sammála um það, að það beri frekar en hitt að styrkja innlent flug og tryggja, að það geti haldið áfram. Því að hér í okkar landi, þar sem vegir eru oft ófærir, t. d. að vetrinum og oftar, þá mun það verða svo, að innanlandsflug er nauðsynlegra hér á Íslandi en í flestum öðrum byggðum löndum.

Það eru sem sagt tvær ástæður til þess alveg sérstaklega, að meiri hl. fjhn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef greint. Í fyrsta lagi að létta þessum útgjöldum af innlendum flugfélögum, til þess að styrkja innlent flug og þar með gera almenningi betur fært að nota sér flugferðir, þar sem slíkar ferðir mundu annars verða dýrari. Og í öðru lagi að haga okkur í þessu efni svipað og aðrar þjóðir gera, að vera ekki að hafa hér í þessu efni gjöld — og sízt há —, sem ekki eru hjá öðrum þjóðum. — Þykist ég þá hafa gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að n. gerir þá till., að frv. verði samþ. með greindri breyt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar ég hreyfði hér umr. um þetta mál, tók ég fram, að það væri ekki af því, að ég vildi sýna málinu andúð, heldur af því, að ég óskaði ýmissa upplýsinga, sem ekki lágu þá fyrir. Nú hefur málið að ýmsu leyti skýrzt, því bæði hefur hæstv. ráðh. og hv. frsm. fjhn. skýrt það mikið við umr. Ég mun fylgja frv. eins og það liggur fyrir, með þeirri breyt., sem fyrir liggur, sem mér finnst í alla staði sanngjörn.

En ég vil leyfa mér að taka fram, að upplýsingar frá flugvallastjóranum eru sumar ekki eins ábyggilegar og æskilegt hefði verið. Ég segi það aðeins til þess að leggja áherzlu á, að það þurfa að koma frá slíkum embættismanni upplýsingar, sem treysta megi á. Hann segir hér t. d., að það sé ekki venja í öðrum löndum að láta flugvélar borga sömu gjöld og sömu tolla og aðra af benzíni. Þetta er ekkert svar. Þungatollur á benzíni er ekki í öðrum löndum, ekki heldur því benzíni, sem bifreiðar nota. Ég er ekki að tala um þetta til þess að tefja málið, heldur til þess að benda á, að þetta er ekkert svar.

Í öðru lagi segir flugvallastjóri, að hagur flugfélaganna sé slæmur. Það er hægt að fá að vita um það, þegar rekstrarreikningarnir koma, hvort þessi embættismaður fer þarna rétt með. Í fyrra var hagur þeirra góður. Að vísu hefur Flugfélag Íslands fengið mikinn skell. Hins vegar hefur flugfélagið Loftleiðir fengið miklar tekjur og aflað landinu ekki aðeins tekna, heldur og mikils gjaldeyris. Hef ég það frá aðilum, sem vita ekki síður vel um það en flugvallastjóri. — En hvort sem hagur flugfélaganna er slæmur eða góður, mun ég, sem sagt, greiða atkv. með þessu máli ásamt brtt. n., því að mér þykir gott, að hagur flugfélaganna verði betri en hann er, hvað sem öðru líður.

Þá þóttu mér undarlegar síðustu upplýsingarnar, og ég skil þær ekki. Hv. frsm. sagði, að með þessari breyt. ætti að létta útgjöldum af flugvélunum, en fullyrðir, að ríkissjóður græði á þessu. (**BSt:** Vegna fleiri lendinga). Nú velur hver útlend flugvél um það, hvort hún vill lenda hér og kaupa benzín eða hins vegar taka benzínforða til allrar ferðarinnar yfir Atlantshafið með sér í byrjun ferðarinnar. En það breytir litið málinu, þó að benzínið sé lækkað í verði, ef önnur gjöld í sambandi við lendingar flugvélanna eru hækkuð. Og nú skilst mér, að flugmálastjóri ætli sér að láta hækka lendingar- og stæðisgjöld á Keflavíkurflugvellinum, til þess að ríkissjóður græði eins mikið eða meira á viðkomu flugvélanna, eftir að aukatollurinn af benzíninu er afnuminn. Þetta rekur sig hvað á annars horn. Þessar upplýsingar eru ekki sæmandi frá manni í slíkri stöðu sem flugmálastjóra, sem ætlast verður til, að sé tekinn alvarlega. Segi ég þetta ekki til þess að mæla á móti frv. — Ég ætla ekki að ræða þetta mál meira. Ég fylgi málinu með tilliti til þess, að okkur er lífsnauðsyn að auka flugferðir hjá okkur innanlands og á milli landa. Það er framtíðin. Og það er sú minnsta samúð, sem skylt er að sýna þeim mönnum, sem berjast fyrir því að halda uppi flugsamgöngum hjá okkur, að samþykkja þetta frumvarp.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Út af ummælum hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að það kom skýrt fram hjá flugvallastjóra, að gjöldin, sem lögð eru á bifreiðabenzín í öðrum löndum, væru ekki lögð í sama mæli á flugvélabenzín, og hefur það bara verið af vangá minni, hafi það ekki komið fram í minni ræðu. — Hv. þm. talaði um það, — og þar fannst mér gæta misskilnings hjá honum, — að í þessu máli ræki sig eitt á annars horn. Það er ekki meiningin með þessu frv. að hækka á móti því, sem það lækkar, nein gjöld hjá hverri einstakri flugvél. (**GJ:** Það stendur í grg.) Það stendur ekki í frv., og í grg. er ekki heldur átt við það. Það, sem hér er um að ræða, er að lækka gjöld á hverjum einstökum gjaldanda, en þar með jafnframt tilraun til þess að fjölga gjaldendunum, og við það er einungis átt, þegar talað er í þessu sambandi um að auka heildartekjur ríkissjóðs, þannig að þær verði eins miklar eða meiri vegna þess, að gjaldendur verði fleiri, hvað sem grg. frv. líður. Það er satt hins vegar, að grg. mætti skilja svo eftir orðalaginu, að hægt mundi vera að hækka lendingargjöld hjá einstökum flugvélum til þess að auka tekjur ríkissjóðs. En það er alls ekki meiningin. Vonin um jafnmiklar tekjur a. m. k. eftir þessa breyt., sem í frv. felst, er byggð eingöngu á von um lendingu fleiri flugvéla.

Gísli Jónsson: Það stendur hér skýrt í grg., að í bréfi flugmálastjóra sé tekið fram, að með lækkun á flugvélabenzíni sé hægt að hækka lendingar- og stæðisgjöld á Keflavíkurflugvellinum. Mér virðist þetta benda til þess, að hann hafi þá ekki sett sig nógu vel inn í þetta mál, eftir því, sem hv. síðasti ræðumaður talaði hér. Og vil ég gjarnan óska þess, ef hv. form. fjhn. á samtal við flugmálastjóra, að hann taki til athugunar, að þetta, sem drepið er á í grg., að lendingar- og stæðisgjöld hækki, verði þá ekki til þess að fella þann árangur, sem á að ná með þessu frv., þannig að þá verði hækkuð gjöld

flugvélanna meira en nemur því, sem á að gefa eftir með þessu frv.

ATKVGR.
Brtt. 74 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 80).
Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 80, n. 111).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það hefur komið í ljós, að þessi hækkun á benzíngjaldi er of há fyrir íslenzkar flugvélar. Það er einnig greinilegt, að þetta háa gjald hefur hindrað hér viðkomu erlendra flugvéla. Það er venja að leggja ekki hátt gjald á benzín, sem ekki er notað í landinu sjálfu, en mest það benzín, sem erlendu flugvélarnar nota, er notað utan við íslenzka landhelgi. Í Ed. gekk þetta frv. fram svo að segja mótmælalaust, og n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 120).

---

34. Ullarmat.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat** (þmfrv., A. 63).

Á 11. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Steingrímur Steinþórsson: Frsm. landbn., hv. þm. A-Húnv., er fjarstaddur sökum veikinda. Vil ég því fylgja frv. úr hlaði með örfáum orðum. Eins og sjá má í grg., er þetta frv. flutt samkvæmt beiðni landbrh. vegna ágreinings, sem varð á seinasta ári um það, hvernig skilja bæri ákvæði um laun yfirullarmatsmanna. Þegar rætt var um þetta mál seinast, fór það til landbn. og fjvn., en þar fékkst ekkert ákveðið um, hvernig skilja bæri ákvæðin frá 1945. Landbn. var sammála um að mæla með, að frv. yrði samþ. eins og það nú er, og hef ég svo ekki meira um þetta að segja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 126).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í Nd. af hv. landbn. samkvæmt ósk ráðuneytisins og er að nokkru leyti flutt til þess að leiðrétta misskilning, sem virðist gæta nokkuð, um það, hver laun ullarmatsmanna skuli raunverulega vera. Fyrir stríð fengu þeir upprunalega 800 kr. og 400 kr., en við það bættist síðar 25% hækkun og þar á eftir 33% hækkun. Laun ullarmatsformanna voru þá komin upp í 1400 kr., en laun ullarmatsmanns í 600—700 kr. Svo komu launalögin nýju og breyttu þessu, svo að laun allra þessara manna lækkuðu, því að þá gleymdist að taka tillit til 25% og 33% launahækkananna. Vitanlega hefur þetta ekki verið meiningin, og til þess að leiðrétta þetta er frv. nú flutt eftir beiðni ráðh.

Nú leggur landbn. til, að laun ullarmatsformanns skuli vera 1600 kr. yfir árið, en laun annarra ullarmatsmanna 900 kr. Mér finnst rétt, að þau verði þetta há, en í raun og veru er það nokkur hækkun, eins og menn sjá af því, er ég áður sagði. Þá vildi ég fá að vita hjá hv. stjórn um dagpeninga þessara manna og hve háir þeir eiga að vera, áður en ég tek afstöðu með frv. Ullarmatsmenn eru oft alllangan tíma fjarri heimilum sínum og þurfa að ferðast um, og eins og menn vita, þá kostar það ærið fé. Allir opinberir starfsmenn, sem ferðast um í embættiserindum, fá greiddan ferðakostnað úr ríkissjóði og dagpeninga að auki fyrir fæði. Nú er það svo, að dagpeningar eru geysimismunandi, allt frá 15 kr. upp 125 kr. á dag, og áður en ég tek endanlega afstöðu til frv. þessa, vildi ég fá að vita, hversu háir dagpeningar eru ætlaðir þeim mönnum, sem hér um ræðir. Ég hef fengið að vita það, að í fyrstu voru þeim greiddar 7 kr. á dag, síðan 18 kr. og að lokum hafi dagpeningarnir verið komnir upp í 33 kr., og með tilliti til þess verðlags, sem nú gildir í landinu, þá er það tæplega til að borga fæðiskostnaðinn yfir daginn. Mér fannst rétt að vera með frv., þó að ég skrifaði ekki skilyrðislaust undir það, og n. var sammála um að samþykkja það, en ég vildi aðeins skjóta því til hv. formanns fjvn., að hv. n. tæki til athugunar og samræmingar dagpeninga opinberra starfsmanna, og mundi rétt að gera um það samþykkt á þingi. Allir hljóta að sjá, hversu óviðunandi er það misræmi, sem gildir um dagpeninga, því að það er jafndýrt fyrir ullarmatsmann að borga mat og kaffi á veitingahúsum eins og fyrir flugmálastjóra, vegamálastjóra eða hvern sem er, og þess vegna ætti að sjálfsögðu að vera samræmi í dagpeningagreiðslu til allra þessara manna. Ég vil sem sagt skjóta því til hv. formanns fjvn., að hann taki þetta til athugunar, en ég tek það fram, að skoðun mín varðandi dagpeningana stendur ekkert í vegi fyrir frv. sjálfu og n. var sammála um að samþykkja það óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af fyrirspurnum hv. frsm. landbn. verð ég að standa upp og segja nokkur orð. Mér virðist hann algerlega fara villur vegar, hvað mál þetta snertir fjvn. Ég veit ekki til, að það liggi fyrir henni að ákveða neitt um dagpeninga, hvorki ullarmatsmanna né annarra opinberra starfsmanna. Ríkið veitir dagpeninga, en það er hvergi ákveðið, hvað mikið ullarmatsmenn fái af þeim, og það er ekki á valdi fjvn. að ákveða það. Ég vildi beina þeirri spurningu til hv. frsm. landbn., hvort ekki væri ástæða til að búa til sérstaka grein um dagpeninga þessara manna og bæta því inn í frv. A. m. k. er það nær sanni en að fjvn. ákveði nokkuð um þetta. Það er auðvitað rétt og skylt, að ullarmatsmönnum sé borgað í samræmi við aðra, en fjvn. hefur bara ekkert með það að gera.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég heyri, að hv. þm. Barð. hefur algerlega misskilið mig. Ég var að skora á hv. fjvn. að gera tillögur um samræmingu dagpeninga opinberra starfsmanna. Það hefur verið samþykkt hér áður að samræma greiðslu dagpeninga og skorað á ríkisstj. að láta til sín taka um þetta mál, en hún hefur svikizt um það. En þetta þarf að endurtaka, enda er nú önnur stjórn, og má vera, að hún taki frekar tillit til vilja Alþingis en sú, er sat, er málið var rætt síðast. Óánægja mín út af misjöfnum dagpeningum breytir í engu fylgi mínu við frv. það, sem hér liggur fyrir, og það er engin ástæða til að setja nein ákvæði um dagpeninga þar inn í. Fjvn. á að sjá um þetta og koma á samræmi hér. Vilji hún ekki gera það, getur verið, að aðrir geri það, enda þótt ég verði að telja það verk hennar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér datt það í hug, að það hefði ekki verið í tíð minni sem formanns fjvn., að þessu máli hefði verið hreyft. Það, sem hv. frsm. gat um áðan, gerðist 1941—'42 eða áður en ég kom í fjvn. Hv. frsm. ætti að mínu áliti að koma með fyrirspurnir í fyrirspurnatímanum í Sþ. varðandi þessa dagpeninga, en ekki rísa upp og heimta, að fjvn. geri það, sem ekki kemur henni við, og tala svo um svik af ríkisstj. hálfu, eins og hv. frsm. komst svo þinglega að orði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 139).

---

35. Skemmtanir og samkomur.

Á 19. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lokunartíma á skemmtunum og samkomum (þmfrv., A. 95).

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Herra forseti. Meiri hl. allshn. þessarar d. flytur hér frv. á þskj. 95 um lokunartíma á skemmtunum og samkomum. Frv. þetta er flutt að ósk hæstv. dómsmrh., og fylgdi því grg., en í henni er bent á, að skemmtanir og ýmiss konar samkvæmi hér á landi dragist oft óhæfilega fram á nótt, og er það álit meiri hl. n., að hægt væri að stemma stigu við því með því að veita hæstv. dómsmrh. heimild til þess að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum skuli ljúka. Með því að ljúka skemmtunum fyrr en tíðkazt hefur mundi vera hægt að koma í veg fyrir ýmsa þá óreglu,

sem af þessum næturskemmtunum leiðir. Meiri hl. allshn. var samþykkur því, að frv. næði fram að ganga, en einn nm. (ÁkJ) var ekki viðstaddur, þegar málið var til umr. í n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þetta litla frv. var borið fram af allshn. Nd. samkv. beiðni minni, og hefur það hlotið afgreiðslu í Nd., og vil ég leyfa mér að vænta þess, að það eigi von á jafngóðri afgreiðslu í þessari d.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er sú, að mér hefur þótt bera á því, að skemmtanir hér í Reykjavík hafa staðið oft úr hófi fram. Það má segja, að þegar um lokaðar skemmtanir er að ræða, skipti það ekki yfirvöldin svo miklu máli, hvort skemmtanir standa lengur eða skemur, en þegar ástæða er til sparnaðaraðgerða, m. a. benzínskömmtunar, sýndist sérstök ástæða til að hlutast til um, að skemmtanir standi ekki úr hófi fram. Einnig er það vitað, að ef skemmtanatíminn er mjög langur, dregur það úr vinnuþoli manna á daginn. Það er vitað, að mörg félög hafa hug á að láta skemmtanir sínar byrja fyrr að kvöldinu og hætta fyrr. Þetta frv., ef að l. verður, væri þá hjálp í því efni, sem ýmsir góðir forystumenn hafa tekið upp.

Ef framkvæmd þessa máls heyrði undir mig, mundi ég geta hugsað mér að gefa út fyrirskipun um, að skemmtanir stæðu ekki nema til kl. 1 að nóttu og yrðu engar undanþágur leyfðar.

Ástæðan til þess, að það þótti rétt að fá lagafyrirmæli um þetta, er sú, að þótt mögulegt væri að gera þetta með lögreglusamþykktum, yrði það þyngra í vöfum, vegna þess að fyrirmælin yrði að setja á hverjum einstökum stað og þess vegna líka líkur fyrir ósamræmi.

Ég vonast til þess, að menn verði sammála um þetta litla frv., og legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til allshn. d.

Ég vil benda á, að það kann að vera, að ekki sé gott mál á fyrirsögn frv. Mér finnst ekki gott mál að tala um lokunartíma á skemmtunum og samkomum. Það væri líklega réttara að tala um slit á skemmtunum og samkomum. Ég vil beina því til n., hvort hún teldi ástæðu til að breyta fyrirsögninni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 147).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem komið er frá Nd., var samþ. þar án breytinga. Það var sent allshn. og var tekið fyrir á fundi í n. og athugað. N. sá ekki ástæðu til að gera breyt. á sjálfum frvgr., en samkv. bendingu frá hæstv. dómsmrh. breytti hún fyrirsögn frv., þar sem það kynni að hneyksla einhverja að tala um lokunartíma á útisamkomum. N. leggur því til, að fyrirsögn frv. verði þannig: Frv. til l. um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. — Ég held, að ekkert sé við þessa breytingu að athuga. Ég er á þeirri skoðun, að hún bæti mikið úr þeim annmarka, sem áður var á fyrirsögn frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 147 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 150).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 29. fundi í Nd., 9. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 167).

36. Dýralæknar.

Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um dýralækna (þmfrv., A. 89).

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins fara örfáum orðum um frv. þetta, vildi taka það fram, að það var sent landbn. af atvmrn., en frv. er samið af mþn. eða n., sem ráðuneytið skipaði til þess að athuga skipun dýralækna og skiptingu landsins í dýralæknishéruð.

Frv. þetta gengur að ýmsu leyti lengra en l., sem hingað til hafa gilt í þessu efni. T. d. er gert ráð fyrir, að dýralæknum sé fjölgað og einnig tekin upp ný læknishéruð, og er þar um algert nýmæli að ræða. Ég hygg, að menn geti verið sammála um, að breyt. þessar séu nauðsynlegar, og á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi litið yfir frv. og þá grg., sem fylgir, en hún er allýtarleg.

Ég vildi sérstaklega geta þess, að nm. hafa óbundnar hendur til að koma með brtt. við frv. eða fylgja þeim brtt., sem fram kynnu að koma. Ég vil að síðustu leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr., en ég sé ekki ástæðu til að vísa því til n., þar sem það kemur frá n.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Mér þykir hlýða að láta fylgja þessu frv. nokkur orð. Ég hygg, að frv. sé mikið til bóta og getur gefið tilefni til þess að fella saman í eina heild öll þau l., sem nú gilda í þessum efnum.

1. gr. fjallar um það að fjölga dýralæknum úr 5 upp í 9. Flestir hafa séð nauðsynina á þessu, en margir verið tregir til, en ég hygg, að það stafi að mestu leyti af misskilningi og vanþekkingu á málum þessum. En þeim, sem sáu lengra, skildist, að hér var ekki um neina bruðlun að ræða, þó að embættum þessum væri fjölgað. Og þótt ekki væru nú þegar menn fyrir hendi í öll umdæmin, þá gæti það orðið ungum mönnum hvatning til að leggja út í hið erfiða og langa nám, ef þeir hafa tryggingu fyrir að fá embætti strax að því loknu.

Hvort skipting sú, sem gert er ráð fyrir í frv., er rétt eða ekki, skal ég ekkert um segja, en gert er ráð fyrir að bæta við einu nýju umdæmi, Rangárvallaumdæmi, og nær það yfir Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og er það vafalaust til mikilla bóta, því að þar er um að ræða eitt dýraríkasta hérað landsins og því mikil nauðsyn á dýralækni. Yfirleitt virðist mér skiptingin vera nærri lagi, þó að ég hafi enn ekki athugað það nákvæmlega.

Eins og getið er í frv., er gert ráð fyrir því, að auk þessara 9 dýralækna skuli vera einn yfirdýralæknir og sé embætti hans sérstakt embætti. Það hefur verið draumur okkar dýralæknanna að hafa þetta þannig, enda hjá flestum eða öllum nágrannaþjóðum okkar. Sá maður, sem þessu starfi gegndi, væri nokkurs konar ráðunautur ríkisstj. um heilbrigðismál dýra og nokkurs konar „fysikus". Hann hefði engan praksis, enda hefði hann nóg annað að starfa. Ég tel mikla þörf á yfirdýralækni, en hins vegar nokkuð hart að skipa sérstakan mann til þess að gegna þessum störfum, meðan dýralæknislaust væri í sumum skepnuríkustu héruðum landsins. Gert er ráð fyrir, að yfirdýralæknir hafi með höndumum kjötskoðun í Reykjavík og Hafnarfirði og ýmislegt fleira eftirlit, sem um getur í frv., og er honum með því séð fyrir nokkrum aukatekjum.

Hvað snertir 8. gr. frv. vil ég sérstaklega benda hv. landbn. á ákvæðin um skýrslugerðina. Þegar um er að ræða næma búfjársjúkdóma, þá er það alls ekki nægilegt, að dýralæknar sendi yfirdýralækni skýrslu um sjúkdómana einu sinni á ári, eða fyrir 1. febr. ár hvert, eins og ráð er gert fyrir í frv. Skýrsla um næma sjúkdóma þyrfti að koma út mánaðarlega, svo að hægt sé að fylgjast með þeim, og væru þessar skýrslur einnig sendar úr landi. Við höfum í höndum áskoranir frá Norðmönnum þetta varðandi, og mér er nær að halda, að Danmörk sé einnig á leiðinni með slíkar áskoranir, svo að þessar þjóðir geti fylgzt með þeim sjúkdómum, sem hér herja búpeninginn. Við fáum skýrslur um þessi efni frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, svo að það ætti að vera okkur hvatning til þess að koma viðunanlegri og sjálfsagðri skipun á þetta mál.

Ég lýsi mig sem sagt fylgjandi þessu frv. Ýmislegt smávegis þarf kannske að laga, en ég treysti mér engu að síður til að mæla með því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 89, 116).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. N. hefur leyft sér að flytja hér 3 brtt. við frv. Þessar brtt., eða tvær þær fyrri, miða að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda, sem þarna eru ætlaðar. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að eftirleiðis beri að vera 9 dýralæknisembætti. Nú hagar svo til hjá okkur, að það hafa ekki verið fleiri en 5 fullærðir dýralæknar og því engin tök á að skipa í þessi embætti. N. sýndist því meira um framtíð vera að ræða og viðurkenndi fyrir sitt leyti að svo væri. Hins vegar getur n. ekki fallizt á, að gengið verði frá þessu á þann veg, sem gert er af þeirri n., sem undirbjó þetta frv., að þeir læknar, sem nú eru, geti tekið dýralæknislaun til viðbótar við sín. Það telur n. óeðlilegt og því rétt að fyrirbyggja slíkt. Þessar tvær till. eru þess vegna miðaðar við, að því sé slegið föstu, að meðan dýralæknisembætti, sem þarna fjölgar, séu ekki veitt, þá sé starfandi læknum,

sem nú eru, skylt að sinna þeim nauðsynlegu störfum, eins og þeir hafa gert hingað til, þar til lærðir dýralæknar fást í umdæmin. Önnur breyt. er af sama toga spunnin. Það er gert ráð fyrir, að yfirdýralæknir sé í Reykjavík, en ekki héraðsdýralæknir. N. taldi, að meðan svo væri ástatt sem nú, að það vantaði lækna, þá væri ástæðulaust að skipta þessum embættum, og leggur því til, að yfirdýralæknirinn gegni þessu embætti fyrst um sinn, þar til læknar fengjust í önnur embætti. M. ö. o., ástandið verði óbreytt eins og verið hefur, þar til völ er á lærðum dýralæknum í öll eða flest embætti.

3. breyt. er í raun og veru ekki efnisbreyt., en meira orðabreyt. Þar er gerð nokkuð ræki leg tilraun til þess að rétta hlut þeirra héraða, sem nú eru dýralæknislaus, þó að það teljist, að þau tilheyri ákveðnu dýralæknisumdæmi, með því að heimila þeim að nota nokkuð styrk frá því opinbera til þess að kosta menn, sem hafa sýnt sig sérstaklega hæfa á þessu sviði og verið almenningi að miklu liði í þeim vandræðum, sem víða eru vegna skorts á dýralæknum.

Ég vil að endingu geta þess, að hér er á einum stað prentvilla, þar sem stendur búfjáreigendum í staðinn fyrir búfé. — Það er ekki ástæða að fjölyrða um þetta frekar, því að það er svo augljóst mál, að ekki þarf frekari skýringa. Ég vona, að málið gangi greiðlega til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 116,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 116,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 116,3 (ný 13. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 121).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 146).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Eins og kunnugt er, hefur því verið hreyft á síðasta þingi og síðustu þingum, að nauðsyn bæri til að auka og efla dýralæknastarfsemina hér á landi. Sú hvatning og sá vilji, sem þar er fyrir hendi, hefur orðið tilefni til þess, að landbrh. skipaði n. manna til að athuga þessi málefni og síðan að undirbúa frv., og er þannig komið, að slíkt frv. hefur nú komið fram í Nd., hefur náð þar samþykki og er svo hingað komið til 2. umr. Breytingin og aukningin er náttúrlega nokkuð víðtæk og þá sérstaklega það, sem er aðalatriðið, að dýralæknum, eins og frv. ber með sér, er töluvert fjölgað, þar sem læknisumdæmin skulu nú vera 9 og þannig lögmælt, að dýralæknar í landinu skuli í rauninni vera 11 samkvæmt frv., því að auk hinna 9 læknishéraða er um að ræða yfirdýralækni og svo einn dýralækni, sem skal vera sérfræðingur við tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum í Mosfellssveit. Það getur náttúrlega orkað tvímælis um takmörk þau, sem læknishéruðunum eru sett í frv., en því máli er þannig háttað, að það er í lengstu lög ágreiningsmál, en sker sig ekkert út úr, þannig að n. þætti ástæða til að hrófla við því, þó að alltaf kunni að vera álitamál um slík takmörk. Auk þess eru í frv. sett ákvæði, sem lúta að aukinni starfsemi, svo sem kjötskoðun, gleggra eftirliti héraðsdýralækna um mjólkurmeðferð, athugun á fjósum og hreinlætisháttum og heilnæmi vörunnar og þar fram eftir götunum, sem er þannig háttað, að ef það á ekki að verða handahóf eitt, þá er það svo mikið starf, að vissulega er ofætlun, að dýralæknar, með svo stór héruð sem enn eru, komist yfir það. Þá er og ákvæði um það, sem horfir til breyt., að ef það vantar lækni til skipunar í ný umdæmi, þá er sú skyldukvöð lögð á herðar nágrannalækni að anna því í bili eftir reglum, sem nánar eru settar. Enn fremur er sú skylda lögð á yfirdýralækni að þjóna hér í næstu sveitum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þá er sú nýlunda í 13. gr., að ef hörgull er á hinum lærðu og prófuðu dýralæknum, þá má láta hæfa menn og vana því að hjálpa sjúkum dýrum gegna þeim störfum, og hlutaðeigandi yfirvöld geta kvatt þá til þess og fengið til þess styrk, eins og ákveðið er í frvgr. Frv. ber það með sér, að það er reynt á töluvert víðtækan hátt að styrkja þessa merkilegu starfsemi í landinu og haga því að öllu leyti þannig, að heildarstarfið verði aukið og á ýmsan veg nánar ákveðið starfssvið og reglur en áður var um að ræða, og þar sem það sætir svo litlum mótmælum sem raun er á hér á Alþ. og litlar breyt. hafa komið fram í landbn. Nd., þá sýnir það, að einingin er nokkuð almenn og rík hér á Alþ. um þetta mál. Eins og ég gat lauslega um, þá varð sama niðurstaðan hjá landbn. þessarar d., og ber hið fáorða nál. það með sér, þar sem í því stendur það eitt, að n. geri það að till. sinni, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, og vil ég þar með fyrir hönd n. lýsa þeirri till. og óska, að svo megi verða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég fagna þessu frv. og tel það mikla réttarbót frá því, sem nú er. Það er í öllum aðalatriðum svipað og koma fram í því sömu sjónarmið og í þeim till., er ég lagði hér fram í fyrra, en þá voru felldar.

Þó er það ekki þetta, sem gaf mér tilefni til að standa upp, heldur hitt, að ég vil benda á það og beina því til sessunautar míns, sem er form. fjvn., að samhliða því, sem þetta frv. verður að l., þarf að taka til rækilegrar endurskoðunar þann lið í fjárl., sem nú er ætlaður sem styrkur til ólærðra manna til að stunda dýralækningar. Það hefur orðið tilviljun, hverjir hafa fengið þessa styrki. Eins og menn vita, hefur fjvn. ekki fengizt til þess undanfarið að láta þm. vita, hvaða menn það væru, sem fengju þessa styrki, heldur sent yfir þá lista í stjórnarráðið. Ég sá seint í sumar, þegar ég fór upp í stjórnarráð til að athuga, hvort einn maður, sem ég hef tekið móti styrk fyrir, hefði fengið styrk, að sumum var ætlaður styrkur, sem ekki eru lengur í tölu lifenda, og aðrir, sem ætlaður var styrkur, höfðu ekki tekið hann í fleiri ár, af því þeir hafa ekki hugmynd um, að þeim hafi verið ætlaður hann. Nú, þegar þetta frv. kemur til framkvæmda, þá fellur það í hlut viðkomandi sýslunefnda að ákveða, þar sem ekki eru dýralæknar, hverjir eigi að fá þennan styrk, og þá liggur það í hlutarins eðli, að Alþ. getur ekki annað en ákveðið ákveðna upphæð á fjárl. til úthlutunar til þeirra manna, sem viðkomandi héraðsyfirvöld ráða sem aðstoðardýralækna, að fengnu leyfi yfirdýralæknis. Það er bara þetta, sem ég vildi benda hv. fjvn. á að athuga, þegar hún fer að ákveða fjárl. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ., því að það er enginn ágreiningur um það nú, sem betur fer.

Gísli Jónsson: Út af ummælum, sem komu fram hjá hv. 1. þm. N-M., vil ég segja það, að þetta skal verða tekið til athugunar, þegar þessi liður er afgr. frá fjvn., og gert í samráði við landbrh., sem ég geri ráð fyrir, að hafi með þessi mál að gera. Um hitt atriðið, að þessi styrkur hafi verið veittur þannig, að sumir dánir hafi styrk, en aðrir ekki tekið styrkinn í lengri tíma, þá er þetta ekkert einsdæmi um styrki, sem ákveðnir eru í l. Það eru menn á 18. gr. fjárl., sem hafa verið þar, frá því að fjárl. voru afgr., en ekki tekið styrkinn, og þar af leiðandi fellur styrkurinn niður. Það hefur verið veittur styrkur af menntamálaráði til listamanna og rithöfunda, sem aldrei hafa hirt hann, og það er ekki hægt að ásaka neinn í þeirri stofnun fyrir það, það er einkamál þessara manna, hvort þeir hirða sinn styrk eða ekki. En hins vegar hefur sá háttur verið hafður á um þetta mál, síðan ég kom í fjvn., að í samráði við yfirdýralækni hefur verið ákveðið, hvernig þessum styrk skyldi skipt milli viðkomandi aðila og slík skipting verið send ráðuneytinu til þess að fara eftir um úthlutunina. Að öðru leyti hefur fjvn. ekki afskipti af þessu máli, nema aðeins að fara eftir till. yfirdýralæknis um skiptinguna og ákveða síðan upphæðina í heild í fjárl. til þess að forðast að vera að setja inn mörg nöfn í fjárl.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi aðeins benda hæstv. forseta þessarar d. á það, að einn af hans kjósendum. Halldór Jónsson á Brekku, hefur alltaf verið á lista sem einn, er styrkur var ætlaður, en aldrei hirt sinn styrk, af því að hann veit ekkert um þetta. Alþ. hefur ekki látið neinn vita um þetta, og þessi hefur orðið afleiðingin af því. Þess vegna vænti ég, að hv. fjvn. taki þetta allt til athugunar, og í trausti þess, að hún geri það, ætla ég ekki meira um þetta að segja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hæstv. fjmrh. var nú í þessu að hringja til mín. Hann gat ekki verið viðstaddur, en óskaði eftir því, að mál þetta yrði tekið af dagskrá nú og umr. frestað, svo að það færi ekki út úr þessari d. nú þegar. Hann óskaði eftir að fá að athuga mál þetta betur, og ég sem form. landbn. veit, að n. verður með því, þar sem lítið er eftir á vegarenda hjá frv. Vil ég því óska eftir því við hæstv. forseta, að hann fresti umr. og taki málið út af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Ed., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég bað um fyrir nokkrum dögum, þegar þetta frv. var hér til umr., að það yrði tekið af dagskrá. Ástæðan til þess var sú, að mér hafði borizt bréf frá Búnaðarfélagi Vestmannaeyja, þar sem skorað er á mig að hlutast til um, að sú aðstaða, sem Vestmannaeyjar nú njóta í þessum málum, verði ekki skert. Ég man nú ekki betur en að Vestmannaeyjar heyri undir sama umdæmi nú eins og gert er ráð fyrir, að þær geri með þessum lögum, en hitt er vitað, að þær geta ekki notið daglegrar aðstoðar dýralæknis á Selfossi. Þess vegna hefur þessu verið þannig fyrir komið, að Vestmannaeyjar hafa haft sérstakan dýralækni, sem hefur notið styrks bæði af ríki og bæjarfélaginu. Ég held, að þetta fyrirkomulag sé eins og við á og þurfi því ekki að breytast. Þá hef ég líka rætt við flm. þessa frv., og hafa þeir fallizt á, að þetta fyrirkomulag verði látið haldast, hvað Eyjar áhrærir. Í trausti þess, að það verði gert, flyt ég ekki brtt. um þetta atriði og mun ljá frv. óbreyttu atkv. mitt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 203).

37. Bráðabirgðafjárgreiðslur 1948.

Á 30. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948 (þmfrv., A. 172).

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Frv. þetta er flutt að beiðni fjmrh., og þarf sennilega ekki frekari framsögu af hendi nefndarinnar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og segir í þessari grg., er fyrirsjáanlegt, að fjárl. verða ekki afgreidd frá þinginu áður en þetta ár er liðið, en til þess að geta haldið nauðsynlegum fjárgreiðslum áfram þarf þess vegna bráðabirgðaheimild til handa ríkisstj. Á síðasta þingi var slík heimild ávallt tímabundin, og varð því að framlengja hana nokkrum sinnum, og hef ég því að þessu sinni leyft mér að gera ráð fyrir, að Alþ. gæti fallizt á, að heimildin yrði ótímabundin og næði til þess tíma, er fjárl. verða afgreidd, og miðar orðalag 1. gr. að því.

Ég hef svo í rauninni ekkert meira um þetta mál að segja. Ég veit, að öllum þdm. er ljóst, að slíkrar heimildar er þörf í einni eða annarri mynd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef sem einn fjárhagsnefndarmanna orðið við þeirri beiðni ráðh. — af kurteisi við hann — að flytja þetta mál. En ég verð að segja það, að mér finnst það sannarlega þess vert, að Alþ. athugi nokkuð, hvernig komið er þessu máli með stjórn núv. ríkisstj., þegar hún fer fram á þessa heimild, án þess að fjárl. hafi verið afgreidd. Það hefur gengið hjá okkur s. l. ár, en meðan stjórnir hafa setið að völdum, sem haft hafa stuðning meiri hluta þingsins, hefur ekki þurft að fara fram á svona heimild. Þegar nýsköpunarstjórnin tók við, þó að seint væri, 21. okt. 1944, þá voru samt fjárl. afgreidd 19. des. fyrir árið 1945. Og þegar fjárl. voru afgreidd fyrir árið 1946, þá munu þau líka hafa verið afgreidd 19. des. 1945. Hitt hefur skeð, þegar ríkisstj. hafa setið, sem ekki hafa haft stuðning þingsins, að farið hefur verið fram á heimild svipaða þessari. En hinu man ég ekki eftir, að slíkt hafi komið fyrir, þegar að völdum hefur setið ríkisstj., sem haft hefur stuðning þingsins. Ég álít þess vegna, að þessi afgreiðsla málsins sé óhæfileg og sýni, að ríkisstj., sem nú hefur setið að völdum í 10 mánuði, sé ekki fær um að gegna sínum einföldustu embættisskyldum, þannig að fjárl. séu afgreidd í tæka tíð. Það verður ekki annað sagt en ríkisstj. hefði haft nægan tíma til að undirbúa þessi fjárl. og ganga frá þeim að öllu leyti, og mér finnst, að þm. eigi nokkra kröfu á að fá að vita, hvernig á slíku stendur, hvernig á því stendur, að afgreiðsla fjárl., sem er eitt hið sjálfsagðasta embættisverk sérhverrar ríkisstj., skuli ganga með þessum endemum. Fyrst kemur fjárlagafrv. miklu seinna en það átti að koma, þannig að það hefur dregizt úr hófi fram, sem er brot á öllum þingreglum og lögum, þar sem svo er fyrirskipað, að fjárlagfrv. skuli liggja fyrir í byrjun hvers þings. Svo, eftir að frv. kemur allt of seint fram og þingið búið að standa í 2½ mánuð, er farið fram á það, að framlengd séu fjárl. yfirstandandi árs fyrir næsta ár, ótímabundið. Þegar mestu vandræðin voru með stjórnarmyndunina í fyrra, var fyrst framlengt fyrir janúar og síðan næstu mánuði þar á eftir. Þarna er eins og ríkisstj. treysti sér ekki til þess að segja, hvenær hún treysti sér til að vera búin að afgreiða fjárl. fyrir næsta ár, og vildi ég mjög gjarnan, að fjmrh. gæti gefið d. nokkrar upplýsingar um það, hvernig á þessu stendur. Ef maður með velvilja til ríkisstj. leitar orsakanna til slíkra hluta, held ég, að ekki sé hægt að finna nema eina ástæðu, sem ríkisstj. máske gæti fært fram sem afsökun fyrir slíku, en hún er sú, að það hafi verið ákveðið í l., sem samþ. voru á síðasta þingi, l. um fjárhagsráð, að þar skyldi gerð áætlun bæði fyrir yfirstandandi ár og sérstaklega næsta ár og í þeirri áætlun skyldi nákvæmlega vera útreiknað allt, sem þjóðarbúið sem slíkt ætlaði að gera á næsta ári. Ef ég man rétt, átti að reikna út kostnað við hverja framkvæmd og hvernig fjár skyldi aflað til hverrar framkvæmdar. Og þegar slíka nákvæma skipulagningu ætti að taka upp, gæti maður auðvitað ætlað, að við samningu fjárl. fyrir árið 1948 yrði tekið nákvæmt tillit til þess, slíkrar áætlunar, því að tilgangurinn með samþykkt slíkrar áætlunar er sá í öllum löndum, sem þann hátt hafa á sínum þjóðarbúskap, að tryggja, að allir hafi atvinnu.

Það eina, sem ég gæti hugsað mér sem afsökun fyrir ríkisstj., væri það, að dregizt hefði úr hömlu að gera slíka áætlun, að engin slík áætlun væri enn til hjá fjárhagsráði. Ég veit ekki um það, og það væri mjög æskilegt að fá hér upplýsingar um það, að hve miklu leyti búið er að undirbúa grunninn, sem fjárl. fyrir næsta ár hljóta að byggjast á. En ef ennþá skyldi standa á þessari áætlun, er engin afsökun fyrir ríkisstj. í heild. Það var skylda þessarar ríkisstj. að sjá um, að fjárl. og fjármálaáætlun þjóðarbúskaparins væri lögð fram, áður en árið 1948 byrjaði, en hefði helzt átt að leggjast fyrir þingið ekki seinna en 1. nóv. Þess vegna álít ég, að það að fara fram á, að fjárl. fyrir 1947 gildi áfram fram á árið 1948, sé dæmi um það, að ríkisstj. hafi alls ekki verið fær um að framkvæma þau störf, sem hún hafði tekið að sér og beðið um vald til að fá að framkvæma. Ríkisstj. lagði mikið upp úr því að fá þetta samþykki í vor, að setja upp sitt mikla ráð, sem síðan virðist hafa unnið kröftuglega að því að stöðva framkvæmdir hér á landi í stað þess að skipuleggja framkvæmdir. Og nú virðist þetta allt komið í slíkt öngþveiti, að þrátt fyrir stærsta skrifstofubákn, sem stofnað hefur verið í okkar landi, virðist ríkisstj. ekki geta framkvæmt þau embættisverk, sem hún tók að sér, þegar þessi stjórn var mynduð.

Ég skil ekki annað en ríkisstj. sé það ljóst, að það er óvenjulegur hlutur, sem hún fer fram

á, að óska eftir svona framlengingu á fjárl. Það er óvenjulegt, að stjórn, sem nýtur stuðnings meiri hluta þings, verði að fara fram á slíkt, og hlýtur að stafa af því, að það, sem ríkisstj. hefur tekið að sér, hefur lent í handaskolum. Hún hefur brugðizt þeirri skyldu sinni að framkvæma þessa áætlun, þannig að hægt væri að undirbúa fjárl. og marka heildarstefnu, hvað þjóðarbúskapinn snertir, leggja þá stefnu fyrir þingið til samþykktar. Þess vegna þótti mér rétt að óska þess við þessa umr., að fjmrh. skýrði frá, hvernig á því stendur, að svona hefur farið með fjárl. En þetta er sem sagt eina skýringin, sem ég hef getað fengið frá mínu sjónarmiði, og réttlætir það þó ekki ríkisstj. að þessu leyti.

Hins vegar verð ég að segja það, að það er mjög erfitt að hafa á móti því út af fyrir sig, þegar svona er komið, að framlengja til einhvers ákveðins tíma svona heimild. Það er mjög erfitt fyrir þm. að halda því fram, að það eigi engin fjárl. að vera til. Það er hver þm. settur í klípu af ríkisstj. með því að leggja svona frv. fyrir Alþ. Það er ekki hægt að skorast undan því að samþykkja það með einhverjum breyt., ef menn vilja ekki láta hjól ríkisbúskaparins stöðvast 1. janúar. Hins vegar kemur ríkisstj. Alþ. í klípu með því að hafa ekki reynzt fær um að inna þetta af hendi. Og það, sem sérstaklega væri gaman að heyra nú, væri álit þess flokks, sem mest hefur óskapazt yfir fjármálaástandinu á undanförnum árum og talað um, að allt væri að fara í vitleysu og allt vegna þess, að Framsfl. væri ekki í ríkisstj., allt væri að enda í vitleysu í þjóðarbúinu vegna dýrtíðarinnar og fjárlagaafgreiðslunnar. Nú hefur Framsfl. farið inn í ríkisstj. og hefur setið þar í 10 mánuði og sýnt dugnað sinn, enda undirstrikað af menntmrh., sem sjálfur segist vera mesti sérfræðingurinn í fjármálum, að það sé sameiginlegt álit ríkisstj. að sjá nú um stjórn á öllum fjármálum landsins og hún sé nú ekki aldeilis í slæmum höndum! Það væri gaman að heyra frá ráðh. Framsfl., hvernig þessi fjárlagaafgreiðsla hæstv. ríkisstj. nú lítur út í þeirra augum. Þeir ósköpuðust yfir því, hvernig nýsköpunarstjórnin hefði verið viðvíkjandi fjárl. Hún sá þó um það, og það tveim mánuðum eftir að hún tók við völdum, að fjárl. fyrir næsta ár væru tilbúin. Nú hefur Framsfl. setið að völdum í 10 mánuði, haft yfirstjórn allra fjármála landsins og 2 menn í fjárhagsráði, og þetta eru nú afleiðingarnar, þetta eru stórvirkin. Ég hef þann tíma, sem ég hef verið á Alþ., sjaldan séð aðra eins gjaldþrotayfirlýsingu frá embættismönnum eins lands eins og þessa, þegar nú er farið fram á við Alþ. að framlengja fjárl. fyrir næsta ár.

Ég taldi rétt að vekja máls á þessu einmitt við þessa umr., því að hv. deild á heimtingu á að fá skýringu á þessu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þar sem þess er getið af hv. fjhn., að einstakir nm. megi koma með aths. við frv. þetta, þá kemur það engan veginn á óvart, þó að menn komi með aths. sínar. Hins vegar virðist mér, að hv. 2. þm. Reykv. velji hér of lítið efni sem tilefni til sinna stórpólitísku bollalegginga. Það er hægurinn á hjá hv. deild að breyta þessu, en það að ég setti þetta í greinina var með hliðsjón af reynslu frá fyrri árum og þar með s. l. ári, en hún hefur verið á þá leið, að alltaf hefur þurft að framlengja þessar heimildir um fjárgreiðslur, og hefur það orðið allkvabbsamt fyrir fjmrh. Það var átalið mjög s. l. ár af hv. 2. þm. Reykv. og flokksmönnum hans, að fjárlagafrv. hefði verið of seint lagt fram og að seint gengi að afgreiða það. Það hefur að vísu dregizt eitthvað um 3 vikur, og ég verð að játa, að á því voru ýmsir gallar, enda var það ekki að furða, þar sem varð að leggja það fram svo að segja í blindni. Vísitalan fór þá hækkandi og illt að ákveða margt í frv., meðan ekkert fast var til að ganga út frá í því efni. Þegar hv. 2. þm. Reykv. þykist nú alveg koma af fjöllum út af því, að ekki skuli enn vera búið að afgreiða fjárlög, þá lokar hann algerlega augunum fyrir augljósum staðreyndum, sem honum er vel kunnugt um eins og öðrum þm. Hann veit, að sleitulaust hafa farið fram samtöl og fundarhöld og að samningar og áætlanir hafa verið gerð í sambandi við verðlagsmál þjóðarinnar, og hann veit, að áður en á sæmilegan grundvöll er komið í þeim málum, er ekki hægt að taka fjárlagafrv. til endanlegrar athugunar og ákvörðunar.

Ég vil segja það við hv. 2. þm. Reykv. og aðra þá, sem trúa á fyrirframgerðar áætlanir um þjóðarbúskapinn, að hætt er við, að hinar stórfelldu sveiflur, sem sífellt verða í atvinnulífi og þjóðarbúskap, hljóti að gera þessar áætlanir loftkenndar mjög, og koma þær því að litlu eða engu gagni. Eitt tímabilið getur verið ótryggt og útlit hið versta, en svo getur það skyndilega breytzt til batnaðar, og sem betur fer, hefur svo orðið í þetta sinn. Margt af því, sem menn töldu með öllu glatað, hefur nú óvænt fundizt, og grundvöllurinn undir atvinnulífinu hefur óvænt breytzt til muna. Ég tek þetta til dæmis um þær sveiflur, sem alltaf geta orðið í atvinnulífi þjóðarinnar. Ég er, eins og ég hef áður sagt, sannfærður um, að notagildi þeirrar „planökónómí“, sem hv. 2. þm. Reykv. og flokksmenn hans eru fylgjandi og gera svo mikið úr, kemur ekki alltaf að gagni, þótt svo kunni stundum að vera. Þær áætlanir frá fjárhagsráði, sem hv. 2. þm. Reykv. var að inna mig eftir, hef ég ekki. Ég hef eina mikilvæga skýringu á drætti fjárlaganna, en hún er sú, að viðleitni allra flokkanna hefur miðað að því að finna fastan grundvöll fyrir atvinnulífið, en það hlaut og hlýtur að taka langan tíma, þar sem svo margs er að gæta og margt að athuga og framkvæma í verðlagsmálum þjóðarinnar. Þetta hljóta allir þm. að skilja. Þegar litið er á þetta og margt annað, þá er það byggt á öllum forsendum, að ekki gat talizt hyggilegt að flýta afgreiðslu né samningu fjárlagafrv.

Það er þess vegna ekki eins ámælisvert og hv. 2. þm. Reykv. og flokksmenn hans hafa viljað halda fram, að farið er fram á þessa heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna. Hv. 2. þm. Reykv. veit það vel, að ríkissjóður hefur oft áður innt slíkar greiðslur af hendi, og hann veit einnig, að nú er nauðsyn á þessu, þótt hann

hins vegar viðurkenni það ekki, af því að flokkur hans er nú ekki í stjórn.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja nú, en vænti þess, að frv. komist til 2. umr. og að það geti orðið samkomulag um viðunandi afgreiðslu á máli þessu, eins og oft áður, þegar um slík mál hefur verið að ræða.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. *Ég vil aðeins segja nokkur orð vegna ummæla þeirra,* sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til Framsfl.

Augljóst er, að það er mikið neyðarrúrræði að fara fram á greiðslur úr ríkissjóði, áður en fjárlagafrv. er afgreitt, en mönnum er kunnugt um það vandræðaástand, sem ríkir nú í fjármálum landsins, og ég undirstrika, að það er arfurinn frá fyrrv. ríkisstj., sem hv. 2. þm. Reykv. tók sjálfur þátt í. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að síðan Framsfl. tók sæti í stjórn landsins, hefur hann miðað að því, að stefnt yrði í rétta átt í þessum málum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umr., en vil aðeins gera aths. við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um það, að enn væru ekki tilbúnar hjá fjárhagsráði áætlanir um framkvæmdir í landinu. Það má vera, að þessu sé eitthvað ábótavant og það þurfi að bæta úr því, en ég vil þrátt fyrir það fullyrða, að fjárhagsráð hefur þegar unnið allmerkilegt starf til að koma þessum framkvæmdum áfram. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er vel kunnugt um það, að engar hagskýrslur liggja fyrir, sem hægt er að byggja slíkar skýrslur og áætlanir á, og allir, sem vinna í fjárhagsráði, hljóta að finna tilfinnanlega, hversu ábótavant er allri hagskýrslugerð hér hjá okkur Íslendingum. Með þessu er ég þó ekki að kasta steini á hagstofustjóra, því að með engri sanngirni er hægt að kenna honum um þetta.

Hv. 2. þm. Reykv. hlýtur að vera kunnugur þessum vandkvæðum, frá því er hann sat í nýbyggingarráði, og ég vil finna fjárhagsráði það til afsökunar að minna á þetta ráð, sem hv. 2. þm. Reykv. sat sjálfur í — og hann hefur eflaust unnið mikið gagn þar. Það var sett árið 1944 og sat til júníloka 1947. Því var ætlað að semja áætlun um atvinnulíf þjóðarinnar næstu árin, svo að skipuleggja mætti vinnuna og allir gætu haft atvinnu. Ég vil ekki gagnrýna störf nýbyggingarráðs, en vil benda á það, um leið og hv. 2. þm. Reykv. bendir á það, að fjárhagsráð hefur ekki á þessum 6 mánuðum, sem það hefur verið til, gert umræddar áætlanir, að ekki tókst nýbyggingarráði á rúmum þrem árum — frá 1944—'47 — að semja áætlanir, sem fyrir löngu áttu að vera til. Að vísu gerði það áætlun um togaraflotann, en það var aðeins lítill hluti af því, sem gera átti.

Ég verð því að biðja hv. 2. þm. Reykv. að taka til greina, áður en hann ræðst á fjárhagsráð, þá erfiðleika, sem honum eru vel kunnir, á áætlunarsamningu, meðan hagskýrslur eru jafnófullnægjandi og þær eru. Ég veit, að öllum er það ljóst, að grundvöllurinn fyrir áætlunarbúskap er í meira lagi veikur, meðan hagskýrslukerfið er jafnófullkomið og raun ber vitni um.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú gefið nokkrar skýringar frá hans sjónarmiði á þeim drætti, sem orðið hefur á fjárlögunum, og hæstv. ráðh. virðist ekki taka þetta mjög nærri sér. Hann talaði um, að til *væru ótal fordæmi* fyrir þessari beiðni um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði. Jú, til eru nokkur fordæmi, en engin undir slíkum kringumstæðum sem nú ríkja, svo að þetta frv. hér er í raun og veru einsdæmi. Nýsköpunarstjórnin hafði stuttan tíma til þess að setja fjárlög fyrir næsta ár, og hún gerði það á 2 mánuðum, þó að þau fjárlög væru umfangsmikil í mesta máta. Þá sagði hæstv. fjmrh., að það væri mikil afsökun á drætti fjárl., að gengið hefði langur tími í að athuga dýrtíðarmálin, mikið hefði verið unnið að þessu og fundarhöld löng og ströng. Jú, jú, enginn efast víst um það, að nóg hefur verið um fundarhöldin. Kölluð var saman stéttaráðstefna, og átti hún að koma saman í vor. Framsfl. lagði sérstaka áherzlu á, að hún kæmi saman í vor. En hún var bara ekki kölluð saman fyrr en í haust. Ríkisstj. hefur þá líklega loksins orðið ljóst, að stéttaráðstefna hefði átt að hjálpa til við að leysa dýrtíðarmálin. Hvernig hefur nú ríkisstj. undirbúið í hendur stéttaráðstefnunnar? Þegar hún kemur saman í haust, upplýsir Tíminn, að ekkert er til hjá ríkisstj., sem til átti að vera, til þess að stéttaráðstefnan gæti starfað að gagni. Þarna sést verklagið. Hæstv. fjmrh. upplýsir, að ekki sé hægt að koma fjárlögum neitt á veg, fyrr en tekizt hafi að vinna bug á verðbólgunni í landinu. Hvers konar skollaleikur er þetta? Hefði ekki verið eðlilegt, að stjórnin hefði nú haft til einhver úrræði til að leysa þennan vanda, eftir að hún er búin að sitja 10 mánuði? Hæstv. fjmrh. segir, að mikill tími hafi farið til fundarhalda og ráðagerða. Hvar er árangurinn? Ekkert er tilbúið frá hendi stj., sem til þyrfti að vera.

Það er nú augljóst, að ráðherrarnir voru ekki, þegar þeir settust í ráðherrastólana, færir um að vinna það, sem þeim var ætlað. Svo segir hæstv. fjmrh., að *áætlunarbúskapur sé bara hálfgerð* vitleysa og þýði ekkert að vera að eiga við þessar áætlanir og þær komi ekkert við afgreiðslu fjárlaga. Mér heyrist meira að segja á hæstv. fjmrh., að hann hafi ekkert samband haft við fjárhagsráð varðandi þetta. Má ég spyrja: Er ríkisstj. í mörgum pörtum? Róa ráðherrarnir til skiptis í stafninum og skutnum? Og hæstv. fjmrh. ætlast til, að þingið samþykki fyrir hann fjárlög, sem geta hvergi staðizt fjárhagsáætlunina. Hvaða vit er í slíku? Ríkisstj. sker niður fjárframlög til allra verklegra framkvæmda í landinu annars vegar, en ætlar svo fjárhagsráði sama verkefni hins vegar. Fjárhagsráð hefur skorið svo niður allar framkvæmdir í landinu, að það hefur þegar skapað atvinnuleysi á Íslandi, og niðurskurðurinn til verklegra framkvæmda á fjárlögum þýðir stórkostlega hættu fyrir þjóðarbúskap Íslendinga og skapar atvinnuleysi. *Ef þetta er afgreitt sitt í hvoru lagi,*

þá skapar það aðeins öngþveiti. Í þriðja lagi, ef Alþingi ákveður fjárlög án þess að vita, hvað það vill gera, og án þess að hafa skapað sér neina ákveðna stefnu að fara eftir, þá verkar slíkt þannig, að fjárhagsráð, sem er langvoldugasta stofnun í landinu, rífur niður samþykktir Alþingis, með öðrum orðum, Alþ. er þá orðið eins konar undirnefnd, sem gerir ekki bindandi samþykktir, en stórráðið tekur völdin af alþm. Yfirlýsingar hæstv. fjmrh. bera þess glöggan vott, að hæstv. ríkisstj. gerir sér ekki ljóst, hvaða stefnu hún fylgir. Þetta kom einnig berlega fram í yfirlýsingum þeim, er gefnar voru hér á Alþ., er l. um fjárhagsráð voru rædd, sællar minningar. Þau l. voru nú runnin undan rifjum hæstv. ríkisstj., og ráðh. Sjálfstfl. gerðu ekki ráð fyrir því, að farið yrði út í áætlunarbúskap, en hæstv. forsrh. fullyrti, að hafinn yrði áætlunarbúskapur. Þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. stríddi á móti yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem sagðist vera á móti planökónómí. En vegna þess, að hæstv. forsrh. er höfuð ríkisstj., þá hélt ég, að hann hefði meiri völd, og trúði því yfirlýsingu hans, hélt, að hún mundi gilda. Þetta var nú þegar hæstv. ríkisstj. var ung, en málið ekki „settlað“. Og nú virðist hæstv. fjmrh. ekkert tillit ætla að taka til samþykkta Alþingis. Hvers konar stjórn er hér, og hvers konar forysta er þetta? Hvaða ráðh. í ríkisstj. er að marka? Hvaða yfirlýsingar gilda? Eða á togstreita að gilda um allar framkvæmdir næstu mánuðina? Þetta ástand getur ekki staðizt. Ef það er rétt, sem hæstv. fjmrh. meinar, eru lögin um fjárhagsráð til einskis nýt og úr gildi fallin. Ég vil leyfa mér að drepa hér á eitt ákvæði, sem stendur í þeim l., ég hef l. að vísu ekki hér við höndina, en ég held, að ég muni það rétt. Þar stendur, að það sé hlutverk fjárhagsráðs að gera áætlun um allar atvinnuframkvæmdir í íslenzku þjóðlífi. Í þessu liggur hlutverk fjárhagsráðs. En ef stöðva á atvinnuframkvæmdir landsmanna, þá er ekki lengur þörf fyrir stofnun sem fjárhagsráð. Fjárhagsráði hefur verið ætlað annað hlutverk en byggja upp, því hefur verið ætlað að skera niður, og sú krafa mun hafa verið borin sérstaklega fram af sjálfstæðismönnum. En ef áætlunarbúskapur er eintóm vitleysa, eins og hæstv. fjmrh. sagði, og ekkert tillit er tekið til hans, þá ætti samkvæmt þessu að leggja fjárhagsráð niður. Það væri gott að fá yfirlýsingu um þetta frá hæstv. ráðh.

Hæstv. fjmrh. sagði, að verðbólgan í landinu hefði orsakað það, að fjárl. væru ekki enn komin. Hvers var þá að marka stefnuna? Hver tók að sér landsstjórnina í fyrra? Er það ekki hlutverk núverandi hæstv. ríkisstj. að afgreiða fjárlög og marka stefnuna í atvinnulífi Íslendinga? Manni virðist sem svo, að ríkisstj. hafi notað allan þann tíma, frá því að hún tók við völdum, til að reyna að finna stefnu, sem hún hefur þó ekki enn, eftir 10 mánaða völd, komið sér niður á. Nei, afsökun hæstv. fjmrh. bitnar á ríkisstj. sjálfri og sýnir glöggt, hve ófær hún er til að sinna sínu hlutverki.

Hæstv. menntmrh. talaði hér nokkur orð og sagði, að hér á landi ríkti vandræðaástand. Þetta er ekki nýr söngur. Þessi maður talar alltaf svo. Hann sér og hefur aldrei séð annað en vandræði. En ef það væri nú vandræðaástand á Íslandi, — hver hefur þá skapað það ástand? Er þá komið svo eftir 10 mánaða veru Framsfl. í ríkisstj. með gömlum vinum? Og á hverju hefur núverandi ríkisstj. fleytt sér? Hún hefur fleytt sér á arfinum frá nýsköpunarstjórninni, á þeim arfi, sem hæstv. menntmrh. bölsótaðist sem mest yfir. En sá mikli arfur eru hinir nýju togarar, sem streyma inn í landið, og arðurinn af hinum mörgu stórvirku tækjum, sem fráfarandi ríkisstj. lét festa kaup á, og þeim nytsömu fyrirtækjum, sem hún styrkti til að koma upp. Á þessum arfi hefur hæstv. ríkisstj. flotið. Hún hefur flotið einmitt vegna hinna stórkostlegu framkvæmda fyrrv. ríkisstj., vegna baráttu hennar til að innleiða nýtízku tækni við framleiðsluna og útveganir á stórvirkari og betri tækjum en nokkru sinni höfðu áður þekkzt. Vegna þessa hefur verið framleitt eins geysimikið á þessu ári af verðmætum og raun ber vitni. Ef hæstv. menntmrh. hefði ráðið stefnunni 1944, hefðu 30 nýtízku togarar ekki verið keyptir til landsins. Hæstv. ríkisstj. hefur skrimt á arfinum frá fyrrv. ríkisstj. og mun gera það svo lengi sem hún tollir í ráðherrastólunum. Meiri hl. af þeim skipum og tækjum, sem nýsköpunarstjórnin festi kaup á, er enn ókominn til landsins, svo sem togarar og flutningaskip. Árin 1947 og 1948 er þjóðin að uppskera arf frá nýbyggingarárum Íslendinga. Hæstv. menntmrh. ætti því að gæta sín að tala sem allra minnst um arf. En hann ætti heldur að hugsa til þeirrar baráttu, er bæta þurfti laun kennara, og baráttunnar fyrir fjáröflun til nýrra skólabygginga, sem fyrrv. ríkisstj. kom í gegn. Hann ætti heldur að reyna að halda í það, sem áunnizt hefur, og ekki stöðva skólabyggingarnar, heldur halda því umbótastarfi áfram. Hæstv. menntmrh. sagði, að ríkisstj. hefði unnið eftir beztu getu og vitund. Já, hún hefur unnið eftir fremsta megni að því að stöðva framkvæmdir í landinu, og hún hefur bannað mönnum að vinna. Byggingarverkamenn ganga atvinnulausir, og þeim er bannað að byggja yfir sig hús, bannað að koma þaki yfir höfuð sér. Það er aumleg iðja að eyðileggja innlenda atvinnuvegi, en iðnaðurinn er nú nær stöðvaður vegna þess, að honum er neitað um nauðsynleg hráefni. Eftir því sem ég bezt veit, þá er nú að skapast stórkostlegt atvinnuleysi í iðnaðinum sökum þessa. Hæstv. menntmrh. ætti því að tala varlega. Hann er með sinni þátttöku í ríkisstj. þeirri, sem nú situr, að vinna sinn þátt í því, að atvinnuleysi skelli yfir þjóðina. Ég veit, að hæstv. menntmrh. kærir sig ekki um miklar umr. um þetta nú, því að það voru ekki lítið stór orð, sem hann lét falla hér á Alþ., áður en hann fór í ríkisstj.

Hv. þm. Ísaf. talaði hér nokkur orð um fjárhagsráð og starfsemi þess og viðurkenndi, að margt væri áfátt í starfsemi þess. Það er nú víst ekki margt að segja um það út af fyrir sig, því að svo er um flest mannanna verk. Lakara er hitt, að fjárhagsráð virðist gegna annarri iðju en ætlazt er til af þeirri stofnun. Í fyrsta lagi er sú stofnun notuð til að blekkja þjóðina og telja úr henni kjarkinn, en kjark-

urinn er það bezta, sem íslenzka þjóðin hefur átt um allar þær aldir, sem hún hefur barizt fyrir tilveru sinni. Í öðru lagi er þessi stofnun notuð til þess að gera ráðstafanir til að svipta Íslendinga atvinnu og gera þá fátækari. Þetta er hart, og þetta er skörulega gert af stofnun, sem hefur ekki starfað nema í hálft ár. Það er fyrir þetta, sem ég álasa fjárhagsráði. Að þessu hefur fjárhagsráð unnið vel. Nei, það var hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að segja þjóðinni sannleikann og ráðstafa fé því, sem til er, og lofa þjóðinni að halda áfram að vinna og lofa byggingarverkamönnum að koma upp þaki yfir höfuð sér. Það er hart að sjá forðabúrin full, t. d. af timbri, en banna mönnum svo að byggja. Hv. þm. Ísaf. afsakaði drátt fjárhagsráðs á að gera heildaráætlun um framkvæmdir í landinu. Hann afsakaði fjárhagsráð með því, að það hefði ekki getað látið vinna að þessu sökum þess, að nauðsynlegar hagskýrslur hefðu ekki borizt stofnuninni. Þetta er rétt hjá hv. þm., að það er erfitt að ákveða áætlunarbúskap án slíkra gagna. Það er nokkur vandi að vinna að framkvæmdum án þeirra. En með þeim upplýsingum, sem þegar eru fáanlegar, og þeim, sem berast mundu svo eftir hendinni, hefði lítill annmarki verið á því að bæta úr vöntun hagskýrslna, ef vald fjárhagsráðs hefði ekki verið notað til þess eins að neita og neita. Ég veit, að þær breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsráði frá þeim tíma, er þessi stofnun hét nýbyggingarráð, að í stað þess er t. d. útvegsmaður kom í nýbyggingarráð til að biðja um aðstoð, þá var honum oft tekið svo, að maður var sendur með honum út í Landsbanka til að koma honum þar í gegnum nálarauga og útvega honum nauðsynleg leyfi. Núna í fjárhagsráði eru erindisbréfin látin bíða, og fyrst er leitað álits Landsbankans. Fjárhagsráð skoðar sig sem eins konar undirnefnd landsbankavaldsins og Jóns Árnasonar. Við í nýbyggingarráði vissum, hverja baráttu það kostaði að fá lækkaða útlánsvexti til útvegsins. Það varð ekki gert nema með miklu harðfylgi. En fjárhagsráð er nú alveg máttlaust verkfæri Landsbankans og er eins og litli fingur á hinni dauðu hönd, sem vill leggja allt athafnalíf Íslendinga í rústir. Þess vegna er ekkert gert þjóðinni til geðs. Og alleinkennileg er sú afsökun hv. þm. Ísaf., að fjárhagsráð hafi ekki haft nægan tíma til að vinna. Sú afsökun er mér kunn, síðan l. um fjárhagsráð voru til umr. í þinginu í vor, sem leið. Við það tækifæri sagði ég, að ef öllum undirbúningi undir áætlunarbúskap yrði lokið fyrir 1948, þá væri það vel gert. En að hægt hefði verið að gera slíka heildaráætlun á þessu ári, var og er eintóm vitleysa. Þrátt fyrir það að við sósíalistar aðvöruðum ríkisstj. um þetta, að það væri ógerlegt að ljúka slíkri áætlun á svo skömmum tíma, þá var því ekki sinnt, og l. voru samþ. eins og þau eru nú. Og svo átti að reikna fyrir fram út allan þann kostnað, sem yrði við hvert fyrirtæki í landinu, — en hefur það verið gert? Ónei, en nú kemur upp úr kafinu, að tíminn hafi verið helzt til skammur til þess arna. Nei, menn skyldu ekki ætla, að það væri hægt að þjóta í gegnum þingið með l., sem eru með slíkri bölvaðri vitleysu.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að nýbyggingarráð hefði verið lengi að útbúa allar áætlanir sínar. Það má til sanns vegar færa. En er þau l. voru framkvæmd, þá voru felld inn í reglugerðina þau ákvæði, jafnóðum og þau voru ákveðin, sem nauðsynlegust voru. Þótt þannig væri unnið, var unnið eftir ákveðinni áætlun, sem skapaðist smám saman. Yfirleitt vissu menn, að ekki var hægt að fullgera neina fyrirframáætlun, nema á mörgum árum. Það var öllum ljóst, að það væri margra ára verk að fara í gegnum hagskýrslurnar, svo að gagni kæmi, og þess vegna var gengið út frá þeirri aðferð í reglugerð, að áætlunin yrði til, eftir því sem vinnast mundi úr hagskýrslunum. Þetta var gert vegna þess, að nýbyggingarráð vildi ekki láta tefja framkvæmdir í landinu sökum erfiðs og seinvirks verks við samningu áætlunar um atvinnuframkvæmdir á Íslandi. En hvað gerist í fjárhagsráði? Þeir eru ekki lengi þar að gera áætlanir sínar. — Ónei, þeir ætla sér að reikna kostnaðinn við bókstaflega allt og athuga nákvæmlega allar fjár- og eignahreyfingar og vita glöggt, hvaðan fé er tekið til hvers og eins. Það er sannarlega margt óraunhæft, sem þessi stofnun hefst að, og því hefst hún slíkt að, að henni hefur aldrei verið ætlað að gera neitt til gagns. Hins vegar er það mjög ánægjulegt að bera framkvæmdir nýbyggingarráðs saman við störf fjárhagsráðs. Er 10 mánuðir voru liðnir frá því að nýsköpunarstjórnin tók við völdum, þá hafði hún keypt 30 nýja togara, keypt stórvirk nýtízku vinnutæki til landsins og stuðlað að stofnun fjölda stórra, þjóðnýtra fyrirtækja. Tíu mánuðum eftir að núverandi ríkisstj. tekur við völdum hefur henni tekizt að skapa atvinnuleysi á Íslandi. Ekkert dæmi er betra til að kynnast samanburðinum á verkum og athöfnum nýbyggingarráðs og fjárhagsráðs. Nýbyggingarráð efldi allt atvinnu- og athafnalíf landsmanna og byggði sterkan atvinnugrundvöll fyrir alla landsmenn í framtíðinni. Fjárhagsráð virðist til þess eins að reyna að stöðva þessa þróun.

Ég mundi hafa ánægju af því að ræða við hv. þm. Ísaf. frekar um þetta mál. Það gefst kannske tækifæri til þess seinna, ef hæstv. ríkisstj. leggur fram áætlun fjárhagsráðs. En það virðist ekki horfa vænlega um það, þegar partur af ríkisstj. segir, að þessar áætlanir þurfi ekki að vera til, og annar partur af ríkisstj. segir, að það sé óhjákvæmilega grundvöllurinn fyrir því, að hún geti stjórnað landinu. Slík ríkisstj. hlýtur að vera á hraðri ferð með að skapa glundroða í landinu, þegar svo þar við bætist, að það kemur í ljós, að það, sem hún getur sameinazt um, er alþýðunni ekki sem heppilegast.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. og aðrir, sem hafa viljað fá þetta mál fram, muni ekki treysta sér til mikilla andsvara eða varna fyrir því atferli að gefast upp við að gefa út fjárl. í tæka tíð og haga sér eins og ríkisstj., sem nýtur ekki stuðnings Alþ., og slík aðferð á sér ekkert fordæmi í sögu lýðveldisins.

Ég mun athuga við 2. umr., hvort bornar verða fram brtt. við frv. En að hinu vil ég spyrja, hvers vegna hér er ekki sett neitt tímatakmark. Er það kannske tákn þess, hve vonlaus hæstv.

ríkisstj. er um það að sjá nokkuð fram úr þessum vandamálum eða hvernig henni muni takast að rækja þau einföldustu embættisverk, sem stjórn ríkisins eru lögð á herðar?

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og ég sagði við 1. umr. þessa máls, finnst mér rétt að takmarka þessa heimild. Ég vil vekja athygli á því, hvernig 1. gr. frv. er orðuð, en hún kveður svo á, að ríkisstj. skuli heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárl. fyrir 1947 öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, sem talizt geta til venjulegra fastra greiðslna, þótt þau séu aðeins ákveðin eða heimiluð til eins árs í senn. Þetta þýðir, að fjárl. eru framlengd í heild. Þessi ótakmarkaða heimild getur því þýtt, að verið sé að afgreiða fjárl. fyrir allt næsta ár. Mér finnst óviðfelldið að afgreiða þetta mál á þann hátt og tel þess ekki þörf. Ég hef því flutt skrifl. brtt. þess efnis, að aftan við 1. gr. bætist: „Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. marz 1948.“ Ég vil mælast til þess, að d. fallist á þessa till. mína, og bið hæstv. forseta að leita afbrigða.

Forseti (BG): Eins og d. hefur heyrt, hefur hv. 2. þm. Reykv. lagt fram skrifl. brtt., sem hann gerði nú grein fyrir. Ég vil leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 202) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég skal ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort brtt. sú, sem hv. 2. þm. Reykv. lýsti hér, verður samþ. eða ekki. Stjórnin hefur ekki hugsað sér að taka alræðisvald í fjármálunum þennan tíma. Greinin er stíluð þannig af þeirri ástæðu, að sérstaklega síðast þegar fjárl. töfðust, þótti hvimleitt að leita hvað eftir annað til Alþ. Það verður aldrei séð fyrir, hve fljótt það gengur að koma saman fjárl., enda kemur þar margt til greina. Þetta þótti geta endurtekið sig nú, og yrði því um sama kvabb að ræða, ef sami tími yrði til tekinn. Að öðru leyti læt ég ekki meira um þetta sagt, það er á valdi d. og Alþ., og atkvgr. getur úr því skorið. Hér er ekki um höfuðatriði að ræða, síður en svo.

ATKVGR.
Brtt. 202 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SigfS, SG, ÁkJ, EOl, HÁ, HermG, KTh.
nei: SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, GÞG, HB, IngJ, JG, JPálm, JörB, BG.
EystJ, HelgJ greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÓTh, PO, SB, SK, FJ, GTh, JóhH, JS, JJ, LJós) fjarstaddir.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 223).

---

38. Skemmtanaskattur.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948 (þmfrv., A. 182).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fjhn. samkv. beiðni hæstv. menntmrh. og er samhljóða l., sem hafa gilt

fyrir árið 1947. — Einstakir nm. hafa óbundið atkv. um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 221).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Frv. þetta er shlj. l., sem gilda fyrir árið 1947, og hafa sams konar ákvæði verið í l. mörg undanfarin ár. Samkv. frv. skal stj. heimilað að innheimta skemmtanaskatt árið 1948 af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. — Frv. um þetta var flutt af fjhn. Nd., og fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Það eru vitanlega allar sömu ástæður og áður til þess að ná sem mestu inn af skemmtanaskatti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 227).

---

39. Almannatryggingar (frv. heilbr.- og félmn. Nd.).

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A. 155).

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. á þskj. 155, sem er um almannatryggingar og breytingar á l. um þær. Eins og kunnugt er, þá er þetta frv. flutt af n. samkvæmt ósk félmrh. Eins og kunnugt er, átti III. kafli l., um heilsugæzlu, að koma til framkvæmda 1948. En eins og getið er um í grg. frv., þá hefur ekki enn náðst samkomulag við ýmsa aðila, sem nauðsynlegt þótti, svo að hægt yrði að framkvæma III. kafla þessara l. Í þeim kafla er gert ráð fyrir, að ríkisstj. ráði lækna, sem verði fastlaunaðir starfsmenn við stofnunina. Enn þá hefur ekkert samkomulag náðst milli læknanna og tryggingastofnunarinnar um laun og kjör, og ekki fyrirsjáanlegt, að samkomulag um þau efni náist fyrir n. k. áramót. Af þessum o. fl. orsökum er lagt til að fresta þessum þætti almannatrygginganna.

Breytingar þær, er hér er farið fram á, eru í 11 liðum í sömu gr. Aðalbreyt. felst í 1. gr. 1. tölul., þar sem það er lagt til að heimila ríkisstj. að ákveða, að frestað verði um eitt ár framkvæmd III. kafla l., þ. e. um heilsugæzlu og sjúkrahjálp. Breyt. frá því, sem nú er, eru ekki miklar. Gert er ráð fyrir, að sjúkrasamlög starfi áfram eins og undanfarin ár með þeim breytingum, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða hækki úr 12 kr. í 18 kr. fyrir hvern meðlim. Þegar l. voru sett, árið 1943, þá voru öll gjöld lægri en nú, því að nú á síðari árum hafa þau hækkað sökum almennrar dýrtíðar og vegna þess, að sjúkrakostnaður hefur hækkað mikið. Eins og kunnugt er, er samkvæmt þeim l. ríkissjóði og sveitarsjóðum skylt að greiða ⅓ á móti samlagsmeðlimunum. Nú er svo komið, að iðgjöld ýmissa samlaga eru komin upp í 10—15 kr. á mánuði. Þetta hámark á eingöngu að gilda um Reykjavík og kaupstaði, því að í sveitum úti um land eru mörg samlög með 5 kr. gjöld á mánuði, og er þá ekki ætlazt til, að hámarkið

verki hjá þeim, heldur eingöngu hjá þeim, sem eru komnir upp í 10 kr. og þar yfir.

Í öðrum tölul. er ríkisstj. heimilað að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir gamalmenni og þá öryrkja, sem fá meira en helming tekna sinna úr tryggingasjóði. Það þykir rétt, að tryggingastofnunin greiði iðgjöld fyrir öryrkja og gamalmenni, og er þess vegna hér farið fram á að greiða iðgjöld, sem nema um einni millj. kr. á ári. Enn fremur er gert ráð fyrir í 3. tölul. að veita fé úr tryggingasjóði til læknisvitjanasjóða samkv. l. frá 1942, sem talið er, að nemi 300 þús. kr., og þykir ekki fært sökum mikils kostnaðar við sjúkraflutninga að fresta framkvæmdum í þessu efni.

Það er eins og kunnugt er mikil óánægja með ýmis atriði tryggingal. Eins og vitað er, eru margar raddir, sem komið hafa víða að, um að breyta þurfi l. mikið, sérstaklega 12. gr., sem er mikill þyrnir í augum ýmsum félagssamtökum í landinu, því að það gjald, sem þar er krafizt, hið svo kallaða atvinnurekendagjald, þ. e. a. s. gjald, sem allir atvinnuveitendur inna af hendi af öllum þeim aðilum, er hjá þeim vinna fyrir kaupi, hefur þótt nokkuð hátt og óréttlátt. Eins og kunnugt er, eru allar greiðslur mun lægri á 2. verðlagssvæði en fyrsta. Því er lagt til að lækka iðgjöldin um 25% á öðru verðlagssvæði. Enn fremur, að heimilað sé að endurgreiða á árinu 1948 25% af þeim gjöldum, sem innheimt voru 1947, og endurgreiðist þau, þegar þinggjöld verða innheimt á árinu 1948. Nemur sú lækkun um 50% fyrir þetta ár. Ég skal geta þess, að það er ekki eins mikið og margur mundi óska, því að það er almennur vilji fyrir því, að þetta gjald verði afnumið til fulls. Ég skal ekki segja, hvað Alþ. gerir í því, því að það er töluverð lækkun, sem þarna er farið fram á á næsta ári fyrir þá, sem þetta gjald inna af höndum.

Þá er það 5. tölul. Þar er gert ráð fyrir, að miðað verði við 315 vísitölustig, og er þá miðað við það, sem ætla má, að meðalvísitalan fyrir árið 1947 verði. Er þá áætlað að innheimta með því öll gjöld, eins og gert hefur verið undanfarið. Þá er lagt til, að heildarframlag sveitarfélaganna verði lækkað um 900 þús. kr. í grunnupphæð, vegna þess að heilsugæzlan kemur ekki til framkvæmda á árinu.

Um aðrar breyt. þarf ég ekki mikið að segja. Þó vil ég aðeins minnast á tölul. 11. Þar er gert ráð fyrir, að á síðari hluta næsta árs liggi fyrir skýrslur og reikningar fyrir árið 1947, og þá ætti einnig að vera hægt að fá sæmilegt yfirlit yfir a. m. k. fyrra missiri ársins 1948. Því er haldið fram, og það mun vera rétt, að ekki sé gott að endurskoða l. fyrr en búið sé að fá reynslu á framkvæmd þeirra. Enn þá er engin reynsla fengin fyrir árið 1947. En á árinu 1948 verður búið að fá gert upp fyrir 1947, og þá sést, hvernig framkvæmdin hefur orðið, og þá er hægt að átta sig á því og gera breyt., þegar það uppgjör liggur fyrir.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt og að allir séu því fylgjandi, að endurskoðun sé lokið fyrir árslok 1948.

Það munu vera mjög háar raddir um að fá l. breytt, og liggur hér þegar fyrir Alþ. frv. um að breyta þeim. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara út í það. Fundartíminn er nú rétt búinn, og þessu frv. liggur á og nauðsynlegt, að það verði afgr. á þessu þingi fyrir miðjan þennan mánuð, því að það þarf miklar breyt., ef sjúkrasamlögunum er ætlað að hætta störfum um áramót. En ef þetta verður að l., þá er því öllu breytt og því nauðsynlegt, að þessu verði komið í kring fyrir áramót.

Ég skal ekki að svo komnu máli hafa þetta lengra nú, en óska, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni. Þar sem frv. er flutt af n., sé ég ekki ástæðu að vísa því til nefndar. N. mun athuga það milli umr.

Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. og þdm. sjái sér fært að afgreiða það sem fyrst, því að það þolir enga bið, úr því sem komið er.

Skúli Guðmundsson: Ég hef nú lesið yfir þetta frv., sem flutt er á þskj. 155, og sýnist mér það miða að mjög litlu leyti í þá átt að afnema eða draga úr því misrétti, sem nú er í l. um almannatryggingar í mörgum atriðum.

Ég vil í sambandi við þetta frv. minna á, að áður er fram komið frv. um breytingar á l. um almannatryggingar, sem er 78. mál þingsins, og var því fyrir nokkru vísað til heilbr.- og félmn.

Nú hefði mér fundizt, að n. hefði átt að taka þetta frv. til athugunar og segja álit sitt, áður en hún flytur nýtt frv. um sömu lög. Það hefði mátt athuga frv. og gera á því þær breyt., sem nauðsynlegar hefðu þótt til þess að fá það lögfest.

Ég vildi leyfa mér í sambandi við þetta mál að beina þeirri fyrirspurn til n., hvort vænta mætti innan skamms álits hennar um hið fyrra frv., sem ég gat um, og hvort hún hefði nú þegar tekið það að einhverju leyti til athugunar og hvort gera megi ráð fyrir, að hún geti fallizt á þær breyt. á l., sem þar er farið fram á. Þetta tel ég nauðsynlegt, að liggi fyrir, áður en þetta frv., sem nú er á dagskrá, verður látið ganga gegnum d., því að vel getur komið til mála, að flutt verði við það brtt. Það fer í sjálfu sér eftir því, hvers er að vænta frá n. um fyrra frv. og afgreiðslu þess.

Frsm. (Helgi Jónasson): Ég er ekki formaður heilbr.- og félmn. Viðvíkjandi frv., sem fyrir liggur, skal ég geta þess, að það hefur verið lítið rætt í n. Það vildi svo til, að form. n. var veikur, þegar frv. kom. Sama er um þetta frv. N. hefur ekki rætt það, en það er flutt samkvæmt ósk ráðh. og því flýtt svo mjög eins og þörf er á. N. mun, eins og ég gat um, athuga það milli umr. og taka þá jafnframt til athugunar hitt frv. Ég segi frá mínum dyrum séð, að ég get fallizt á ýmsar breyt., sem fyrir liggja í því frv., t. d. um fæðingarstyrki og önnur atriði, sem ég hef þó ekki athugað til hlítar. Ég býst við, að n. muni milli umr. taka til athugunar það frv., sem fyrir liggur, og eins þær till., sem fram kunna að koma um

breyt. á þessum l. Ég endurtek ósk mína um það, að því verði vísað nú þegar til 2. umr.

Páll Þorsteinsson: Ég skal ekki tefja afgreiðslu þessa máls með langri ræðu að þessu sinni.

Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi drepa á til athugunar fyrir þá n., sem málið flytur og væntanlega athugar það milli umr. Ég held, að þegar l. um almannatryggingar voru sett, þá hafi ekki með þeirri lagasetningu verið aukin ákvæði um slysabætur. Þau voru orðin það fullkomin samkv. eldri lögum, nr. 104 frá 1943, sem vitnað er til í því frv., sem hér liggur fyrir. Það er að vísu öðruvísi raðað niður í þeim l. um almannatryggingar, sem nú eru, en í eldri l. Í hinum eldri l. eru þessi ákvæði í einum kafla, II. kafla l. nr. 104 frá 1943, sem hér er vitnað til í fyrsta tölulið þessa frv. En með l. um almannatryggingar er þessum ákvæðum dreift milli tveggja kafla, þ. e. a. s., að í kafla, sem ber fyrirsögnina: Slysabætur — eru ákvæði um dagpeninga og örorkubætur. Ákvæðin um sjúkrahjálp, kostnað á umbúðum og lyfjum er að finna í kaflanum um heilsugæzlu, þeim kafla, sem nú er gert ráð fyrir að fresta framkvæmd á á næsta ári. Ég geri ráð fyrir því, að fyrir þeim, sem að þessu frv. standa, vaki það að skerða á engan hátt þær bætur vegna slysa, sem greiddar hafa verið. Ég kem ekki auga á, eftir hvaða lagagr. ætti að greiða sjúkrahjálp til þeirra, ef II. kafli l. frá 1943 gildir ekki lengur og heilsugæzlukaflanum í almannatryggingal. er frestað. Út af þessu, sem fram kemur hjá frsm. n., vil ég benda á það, að 1. tölul. 1. gr. þessa frv. fjallar aðeins um að framlengja III. kafla l. nr. 104 frá 1943. Í III. kafla þeirra l. eru ákvæði um sjúkrasamlög og sjúkrabætur. Í II. kafla eru ákvæði um aðrar slysabætur og sjúkrahjálp. Hér er ekki orð um, eða ég kem ekki auga á það, að þann kafla eigi að framlengja eða ákvæði hans. Þess vegna vildi ég aðeins benda á það n. til athugunar, hvort ekki væri nauðsynlegt að koma inn í frv. ákvæði, sem lúti að þessu atriði, að II. kafli l. frá 1943 og þau ákvæði, sem í honum eru, gildi áfram samhliða því, sem hér er gert ráð fyrir um allan III. kafla þeirra laga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. N. hefur haft þetta mál til athugunar milli umræðna, en litlar breyt. gert enn þá. Eina breyt. hefur n. í hyggju að gera, en vegna þess að ég hef ekki náð til allra meðnm. minna, hefur hún ekki getað komið fram enn og mun því koma fram við 3. umr. Þessi brtt. er við 112. gr. Eins og kunnugt er, ríkir mikil óánægja út af þessari grein, einkum meðal bænda og þeirra, sem svipaðar ástæðar hafa. En með þeirri breytingu eða viðauka, sem hér er gert ráð fyrir, á að lækka iðgjöld á II. verðlagssvæði um 25%, en auk þess leggur n. til, að vinnutími sá, sem reiknað er með í sambandi við atvinnurekendagjöld til tryggginganna, verði lækkaður úr 52 vikum í 13 vikur fyrir börn, sem vinna hjá foreldrum sínum, einnig þó að þau séu komin yfir 20 ára aldur. Þetta ætti að geta orðið nokkur réttarbót. — Eins og ég hef þegar getið um, mun þessi brtt. verða lögð fram við 3. umr. málsins.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það má segja, að þetta frv. sé nokkur bót frá því, sem fyrir er. Þó eru mér það mikil vonbrigði, að þær breytingar, sem gera á, skuli ekki ná lengra. Einkum á ég þar við 112. gr., því að sannleikurinn er sá, að hún hefur hvílt svo þungt á mörgum, að þeir hafa vart undir risið. Ég tel því ekki aðeins þörf á, að þessari grein sé breytt, heldur eigi hún raunverulega að falla burt, og um þetta atriði verður að sverfa til stáls. N., sem hefur þetta mál til meðferðar, er að vísu ekki enn þá búin að skila sínum brtt., en eftir því sem frsm. n. skýrði hér frá, þá sér hún sér ekki fært að flytja till. um meiri lækkun en 25% á 112. gr., en það álít ég ekki fullnægjandi. En vegna þess, að ég geri ráð fyrir, að erfitt verði að fá 112. gr. alveg fellda niður, sem ég teldi þó æskilegast, þá leyfi ég mér að flytja skriflega brtt., að í stað 25% komi 90%, en með því verða aðeins 10% eftir, og ætti það að verða viðráðanlegt. Mér er ljóst, að enda þótt þessi brtt. verði samþ., þá er margt fleira í þessari löggjöf, sem þörf er að lagfæra, þó að þetta sé eitt veigamesta atriðið.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka heilbr.- og félmn. fyrir þá athugun, sem hún hefur gert á þessu máli, en um leið og ég þakka, verð ég að skýra frá því, að það kom ekkert fram í ræðu frsm., sem færir mér sanninn um það, að orð þau, er ég sagði við 1. umr., hafi verið að ófyrirsynju. Það er enn stefnt að því að fresta I. kafla l. og láta þar gilda eldri lög. Ég ámæli ekki þeim, sem vilja þessa breytingu, því að hún er ekki óhyggileg, en ég vil vekja athygli á því, að ég tel þetta frv. ekki geta komið í stað þess frv. um breyt. á tryggingalögunum, sem flutt hefur verið og ég er meðflm. að. Ég mun fylgja þessu frv., sem hér liggur fyrir, í trausti þess, að n. athugi það frv., sem áður er fram komið.

Þá vil ég endurtaka það, sem ég drap á hér við 1. umr., en það var, að ég tel ekki glögg ákvæði um það, hvernig greiða skuli sjúkrahjálp til þeirra, sem hafa orðið fyrir slysum. Sömuleiðis tel ég þörf á að athuga nánar kaflann um heilsugæzlu, sem ráðgert er að fresta. Í sambandi við slysabætur eða þann kafla, sem um þær fjallar, þá vil ég vekja athygli á því, að fresti Alþ. III. kafla, þá er ekki heimilt að greiða sjúkrahjálp samkvæmt honum. Þá er að athuga það, hvort ekki eru annars staðar ákvæði, sem fela í sér sama efni. Og þá er að

leita til eldri laganna, sem eiga að halda gildi sínu að nokkru leyti. Ef flett er upp í kaflanum um slysatryggingar í III. kafla l. nr. 104 frá 1943, sem nú á að ákveða, að haldi gildi sínu, þá er svo fyrir mælt í 41. gr. í þeim kafla, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta. Greinin hefst svo:

„Nú er samlagsmaður einnig slysatryggður samkv. lögum þessum, og greiðir samlagið þá læknishjálp og aðra sjúkrahjálp hans vegna samkv. 16. gr. 1. tölulið laganna, að undanteknum dagpeningum.“ Ef þetta er nú lengra rakið og athugað, hvað segir í þessari 16. gr. eldri laganna, sem þetta á að greiðast samkvæmt, og hvernig ástatt er um hana, þá verður ljóst, að sú gr. stendur mitt í þeim kafla eldri laganna, sem úr gildi fellur. En um leið og sá kafli allur er úr gildi felldur, þá hlýtur 16. gr., sem er inni í honum miðjum, þar með að vera úr gildi fallin. Þannig sýnist mér þá ekki lengur stoð fyrir því að greiða þetta samkv. 16. greininni. — En hér er enn fremur meira sagt, sem ég vildi vekja athygli á. 41. gr. eldri l., sem er í III. kaflanum, sem á að framlengja, hefst svona: „Nú er samlagsmaður einnig slysatryggður....“ M. ö. o., þessi ákvæði, sem tilgreind eru í þessari 41. gr. eldri l., eru einskorðuð við menn, sem eru meðlimir í einhverju sjúkrasamlagi, enda er sá kafli allur um sjúkrasamlögin. Ég vil út af þessu minna á, að til eru nokkur sveitarfélög úti um land, þar sem aldrei hafa verið stofnuð sjúkrasamlög og engin sjúkrasamlög starfa. Ég skal ekki fullyrða, hve margir þessir hreppar eru í sveitum landsins samtals, en mér er kunnugt um nokkra. T. d. er svo ástatt um helming hreppanna í kjördæmi því, sem ég er fulltrúi fyrir, eða m. ö. o. annan hvern hrepp í þeirri sýslu. Þá fæ ég ekki séð, hvaða lagaákvæði eru eða verða eftir, sem fjalla um aðstöðu þessara manna, sem í engu sjúkrasamlagi eru, um þetta atriði gagnvart tryggingastofnunni, þegar búið er að fella úr gildi slysatryggingakafla gömlu l. og fresta framkvæmd III. kafla nýju l. Það er ekki hægt að segja, að sjúkrasamlögin greiði slysahjálp eða sjúkrahjálp til þeirra, og ekki hægt að gera ráð fyrir, að neinar sjúkrasamlagsstjórnir séu aðilar fyrir þeirra hönd gagnvart tryggingastofnuninni, heldur verður þetta sjálfsagt svo í framkvæmd, eins og verið hefur, að einstaklingarnir sjálfir skipti að þessu leyti við tryggingastofnunina, eða ef til vill með tilstyrk umboðsmanna tryggingastofnunarinnar í þeirri sýslu, þar sem þeir eru búsettir. En ég fæ ekki séð við athugun, hvar verða skrásett þau lagafyrirmæli, sem þessar greiðslur eiga að byggjast á. Til þess að gera það ljóst og skýrt, finnst mér, að þyrfti að bæta inn ákvæði í þetta frv., sem hér liggur fyrir. Mér skilst, að það, sem n. hefur yfirleitt viljað segja um þetta mál, sé — eða hún hafi sett það þannig upp fyrir sér —, að vegna þess að þessi venja hefur skapazt, sem byggzt hefur á ákvæðum l., sem hafa verið í gildi að undanförnu, þá er það fyrirætlun þeirra, sem um framkvæmd málanna fjalla, að halda þessari reglu, og þess vegna er hér ekkert í hættu. — Ég get tekið undir þetta að vissu leyti, enda er þetta ekki mjög stórt atriði út af fyrir sig. Ég vil láta það koma skýrt fram, að ég dreg alls ekki í efa, hver fyrirætlun þeirra, sem um tryggingamálin fjalla, er um framkvæmd á þessu. Því fer alls fjarri. En það, sem ég vil segja í stuttu máli, er þetta: Þar sem nú er verið að setja sérstök l. til þess að fá lagagrundvöll undir þær framkvæmdir, sem gera á á þessu sviði á næsta ári, þá finnst mér eðlilegt, að þetta atriði komi einnig fram í þessu frv. og þessum l. Það er aðeins til þess að skýra málið, en ekki til þess að spilla því. Og í samræmi við þetta sjónarmið, sem ég hef dregið fram, vil ég leyfa mér að lýsa hér skrifl. brtt., sem ég ætla mér að leggja fram og kemur undir atkv. hv. þdm. Hún er á þá lund, að inn í frv. bætist nýr tölul. í 1. gr. á eftir 1. tölul., svo hljóðandi (og breytist röð tölul. á eftir samkv. því): „að Tryggingastofnun ríkisins skuli greiða nauðsynlega sjúkrahjálp vegna slysa við tryggingarskylda vinnu, hvort sem aðili er samlagsmaður í sjúkrasamlagi eða ekki, og eigi lægri upphæð en sams konar greiðslur sjúkrasamlaga til samlagsmanna nema samkvæmt III. kafla laga nr. 104 1943.“ Með þessu hef ég það tvennt fyrir augum, að endurgreiðsla slysatryggingardeildarinnar til sjúkrasamlaga þurfi ekki að hvíla eingöngu á ákvæðum 16. gr. gömlu l., sem úr gildi eru felld, og þó sérstaklega hitt, að það komi fram í þessu frv., hvernig aðstaða þeirra manna eigi að vera, sem í engu sjúkrasamlagi eru og falla því ekki undir ákvæði sjúkrasamlagslaganna.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 155, 187, 188, 208).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Það er nokkuð langt síðan 2. umr. fór fram um þetta mál, sem þá varð ekki lokið. Þá var lýst hér 2 brtt., sem nú eru komnar á prent og útbýtt hefur verið fyrir nokkru.

Um brtt. á þskj. 188, frá hv. þm. A-Sk., er það að segja, að ég tel hana óþarfa, því að eins og l. eru nú framkvæmd á þessu ári, þá er í þessari gr. skýrt tekið fram, að sjúkrabætur samkvæmt III. kafla hinna almennu tryggingal. skuli svo vera. Og um þetta atriði hefur verið leitað álits þriggja lögfræðinga, sem ber saman um það, að enda þótt framkvæmd þessa kafla sé frestað, þá sé þetta ákvæði í gildi, enda hafa l. verið framkvæmd eftir þeim skilningi. Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að engin hætta sé á því, að þeir, sem njóta eiga þessa styrks, verði fyrir neinu tjóni, þó að þessi brtt. verði ekki samþ. Hún er alveg þýðingarlaus og algerlega óþörf, og vildi ég mælast til þess, að hv. þm. vildi taka hana aftur.

Þá er brtt. á þskj. 187, frá hv. 2. þm. Rang., við 1. gr. frv. og gengur út á það, að í stað 25% í 4. lið komi 90%. Mér þykir einkennilegt, að þessi brtt. skuli koma fram. Þegar l. um almannatryggingar voru til umr. 1946, var því mjög haldið fram, bæði af framsóknarmönnum og n., sem fjallaði um málið, og fleiri hér á Alþ., að þessi lagasetning um almannatrygging-

ar væri mjög hæpin og mundi reynast ákaflega erfið í framkvæmdinni, það mundi verða erfitt að standa undir öllum þeim skuldbindingum fyrir skattþegna landsins. En málið var sótt af kappi, og þrátt fyrir öflug mótmæli var frv. um almannatryggingar samþ. sem lög frá Alþingi.

Það mun vera óhætt að segja, að þótt þessi löggjöf sé ekki búin að vera í gildi nema eitt ár, þá geri ég ekki ráð fyrir, að hv. Alþ. sjái sér fært að afnema þá löggjöf aftur, því að l. fela í sér svo miklar réttarbætur fyrir ýmsa menn, eins og gamalmenni og öryrkja og slíkt fólk, að ég tel, að ekki megi gera l. óstarfhæf. En það fullyrði ég, að ef þessi brtt. verður samþ., þá verða l. óstarfhæf næsta ár. Hér er farið fram á að nema úr gildi háan tekjustofn, sem ég viðurkenni, að er ranglátur að ýmsu leyti og þarf að breyta, eins og alltaf er verið að, en að nema hann úr gildi án þess að nein tekjuöflun komi í staðinn tel ég ekki vera fært, því að það er vitað, að vegna þessarar gr. rennur til trygginganna um 12 millj. kr., og er það þá augljóst mál, hvernig hægt væri að standa í skilum með greiðslur samkvæmt tryggingal., ef þessi liður væri felldur niður. Eins og ég lýsti, þá liggur fyrir till. um, að þetta lækki um 25% á II. verðlagssvæði og að auk þess fái þeir, sem á því svæði eru, endurgreidd þessi 25% af því, sem þeir borguðu á yfirstandandi ári. Þetta er mikil réttarbót og ekki nema sjálfsögð. Og auk þess hefur verið ákveðið með reglugerð, eins og ég lýsti hér um daginn, að störf unglinga, sem vinna hjá foreldrum sínum og lítið kaup taka, skuli gagnvart iðgjaldagreiðslum þessum metin til vinnuvikna þannig, að ársdvölin jafngildi 13 vikum og skemmri vinna á sama hátt ¼ dvalartímans. Auk þess liggur nú hér fyrir brtt., sem ég lýsti við 2. umr., um það, að öll börn, þó að þau séu 20 ára og hvaða kaup sem þau fá, skuli koma undir sömu ákvæði og unglingar 16 til 20 ára að því er þessi l. snertir. Og þetta er stórmikil réttarbót frá því, sem er. En ég tel, að þetta gjald eigi með öllu að falla niður. Og það verður gaumgæfilega athugað við endurskoðun l., sem fram fer á næsta ári. En fyrir þá, sem ekki vilja gera almannatryggingal. óhæf til að framkvæmast á næsta ári, tel ég varasamt að samþykkja þessa brtt. svona án þess að gera ráð fyrir neinum tekjustofni á móti. — Í frv., sem ekki er komið verulega til umr., frá hv. þm. V-Húnv. o. fl., er gert ráð fyrir að fella þessa gr. alveg niður, en flm. þess frv. benda þó í frv. á tekjustofn, sem á að gefa tekjur a. m. k. að einhverju leyti til uppbótar á þeirri niðurfellingu. Hvað um þetta frv. verður, skal ég ekki um segja. Það hefur verið sent til umsagnar nokkurra aðila og liggur hjá heilbr.- og félmn., en n. er ekki búin að taka afstöðu til þess máls. Hver sú afstaða verður, skal ég ekki fullyrða um að svo stöddu. Ég er fylgjandi ýmsum ákvæðum, sem þar er farið fram á að lögfesta, og eins, að 112. gr. verði felld niður. En þá verður líka að koma með einhverja tekjustofna á móti. — En ef á að samþykkja svona till. eins og þá, sem ég gat um, við frv., sem hér liggur fyrir, og ekkert kemur á móti, þá væri það nákvæmlega sama og ef við 3. umr. fjárl. kæmi fram og væri samþ. till. um að nema úr gildi t. d. tekju- og eignarskatt eða verðtoll eða eitthvað þess háttar, sem yrði mjög vinsælt hjá almenningi í landinu. En það er bara ekki fært. Alveg sama er um tryggingalöggjöfina. Það er búið í sambandi við hana að gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, þar sem reiknað var með þessum tekjustofni. Og það verðum við að gera okkur ljóst, að ef á að samþykkja svona breyt. alveg út í bláinn án þess að benda á nokkurn tekjustofn á móti, þá er það sama og að gera almannatryggingal. óstarfhæf, með öðru móti en því að draga stórlega úr greiðslum til bótaþega, sem með þeim l. eru ákveðnar. Ég mælist því til þess, að hv. flm. þessarar brtt. taki hana aftur til 3. umr., svo að hægt verði að ná samkomulagi um það, hvernig eigi að ná tekjustofnum á móti þessari skerðingu á tekjum trygginganna og hvernig þessu verði bezt fyrir komið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það þarf ekki að þykja neitt undarlegt, þó að frá mér hafi komið þessi brtt., því að m. a. hv. 1. þm. Rang. ætti að vera kunnugt um, hver mín afstaða til þessara l. hefur verið frá upphafi. Og er ekki undarlegt, þó að fram komi brtt. um að fá leiðréttingu á þeim órétti, sem með þessum l. er hafður í frammi í sambandi við 112. gr. l. — Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að ef þessi brtt. væri samþ., þá verði l. gerð óstarfhæf, og það sé sama og að afnema l., vegna þess að breyt. hafi það í för með sér, að tekjur til tryggingastofnunarinnar rýrni mjög mikið. Það er náttúrlega ekki annað en það, sem ég vissi, þegar ég bar brtt. fram, að ef hún yrði samþ., þá mundu tekjur tryggingastofnunarinnar rýrna, ef ekki væru annars staðar fengnar tekjur í staðinn. En þessi hv. þm. hefur nú áður sagt það og sagði það reyndar nú, að það þyrfti með öllu að afnema þessa 112. gr. Og ekki hefur hann, þegar hann kom með þá fullyrðingu, bent á neitt annað, sem ætti að koma í staðinn til þess að mæta þeim tekjumissi, sem kæmi fram hjá tryggingunum við það, að þessi gr. væri felld niður. Annars verð ég að segja það, að ef það er svo, að þessi 112. gr. hafi gefið á síðasta ári hátt á 12. millj. kr., eins og hv. frsm. sagði, þá ætti mönnum að vera það ljóst, að þetta er tilfinnanlegur skattur á framleiðsluna í landinu. Það er ljóst, að á hverju einasta þingi og jafnvel oft á hverju þingi er verið að íþyngja framleiðslunni með ýmiss konar sköttum og álögum. Athafnalífið í landinu byggist þó á því, að einhverjir vilji við framleiðslu fást. Og þetta atvinnurekendagjald er þess vegna það óréttlátasta gjald, sem lagt hefur verið á, því að það er eins og það sé verið að hegna þeim, sem vilja skaffa öðrum atvinnu.

Í sambandi við uppkomin börn og unglinga, sem eru hjá foreldrum sínum, skal bent á, að það hefur verið reynt að leiðrétta þetta ákvæði með því að láta viðkomandi aðila ekki greiða nema ¼ hluta þessa gjalds, miða það við 13 vikur á ári. Samt sem áður er þetta gjald mjög

tilfinnanlegt á þeim mönnum, þar sem unglingar á aldrinum 16 til 20 ára eru margir, en vinna sér ekki inn neinn eyri, heldur eru á skólum og eru til stórkostlegs kostnaðar fyrir foreldra sína af þeim ástæðum. — Ég held satt að segja, að þótt þessi brtt. verði ekki samþ., þá verði l. alls ekki starfhæfari, síður en svo. En verði brtt. samþ., þá minnka að vísu tekjur tryggingastofnunarinnar, það er rétt, nema annar tekjustofn sé fundinn í staðinn. En vilji tryggingaráð endilega leggja það til, að hlunnindin, sem tryggingarnar veita mönnum, haldist þau sömu og áður hafa verið, þá er ekki um annað að ræða en að leggja fyrir Alþ. frv. eða till. um, hvernig eigi að ná því fé inn, sem atvinnurekendum áður var ætlað að greiða. Hins vegar held ég það, að a. m. k. þeir menn, sem hafa talað á móti tryggingalöggjöfinni og öllum þeim útgjöldum, sem þau l. hafa í för með sér, þeir ættu ekki að barma sér yfir því, þó að útgjöldin til tryggingannna lækkuðu eitthvað og eitthvað yrði þá líka dregið úr þeim hlunnindum, sem þau veita. Hv. frsm. sagði hér áðan, að tæplega væri komin enn sú reynsla á þessi l., að hægt væri að gera stórkostlegar breyt. á þeim eins og sakir stæðu. En þetta eru sömu rökin, sem hann tilfærði hér á síðasta þingi, þegar hann varð til þess að hafa framsögu fyrir rökstuddri dagskrá um að vísa frá frv., sem hv. þm. V-Húnv. flutti á því þingi og var í flestum atriðum samhljóða því frv., sem sá hv. þm. hefur nú flutt ásamt fleirum. Þá var því frv. vikið frá afgreiðslu á þeim forsendum, að ekki væri nægileg reynsla fengin á tryggingal. og ekki tímabært að gera breyt. á þeim fyrr en á næsta þingi. Og nú er þetta næsta þing komið, og þess vegna er ekki hægt að taka það gott og gilt, þó að sagt sé: Það er ekki nægileg reynsla fengin, við verðum enn að bíða til næsta þings, því að ef við segjum þetta nú aftur, þá erum við að leika þann skollaleik, sem a. m. k. þm. geta ekki látið bjóða sér. — Og sannleikurinn er sá, að nægileg reynsla er fengin nú þegar á þessi l., á það, að sá baggi, sem þessi l. binda atvinnurekendum, er þannig, að þeir fá ekki undir honum risið. Og það er ekki að ástæðulausu, að áskoranir hafa borizt hvaðanæva af landinu um það að afnema þessa gr. úr l. Og það er vegna þess, að menn stynja undir þeim byrðum, sem á eru lagðar í sambandi við þessa gr. Og ég er hissa á því, að þessi hv. þm., sem talaði hér áðan og ég veit, að vill létta þessar byrðar, skuli láta sér nægja þessa 25% lækkun, sem á þskj. 155 er farið fram á. Það er svo lítið, að það er nokkuð, sem menn sætta sig ekki við, þótt kannske megi segja, að það sé betra en alls ekki neitt, ef ekkert væri annað fáanlegt. Ég tel, að tryggingaráð geti endurskoðað sína fjárhagsáætlun. Og það er fjarstæða að halda því fram, að tryggingal. öll séu óstarfhæf á næsta ári, þó að þessi brtt. mín væri samþ. Hitt er ekki nema sjálfsagt og velkomið, að taka brtt. aftur til 3. umr. og gefa heilbr.- og félmn. og tryggingaráði tækifæri til þess að athuga málið á milli umr., ef það þykir eitthvað betra. Skal ég því verða við þeirri ósk að taka brtt. aftur til 3. umr.

Pétur Ottesen: Mér þykir þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. og flutt er af hv. heilbr.- og félmn., bera dálítið einkennilega að í vissum atriðum. Löngu áður en hv. n. bar fram þetta frv. hafði verið vísað til hennar frv., sem 6 þm. í þessari d. standa að, um breyt. á almannatryggingal. En afgreiðsla á því frv. af hálfu n. hefur engin fengizt enn sem komið er. Hins vegar hefur þessi hv. n. tekið að sér flutning þessa frv., eins og tryggingaráð hefur búið það í hendur n. Að vísu stendur um þetta í grg. frv., að einstakir nm. áskilji sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Þannig hafa hv. nm. um það fyrirvara, að þeir séu ekki bundnir við ákvæði þessa frv. frekar en verkast vill. Það er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að mér skilst, aðeins í einu atriði komið inn á þau ákvæði, sem felast í frv. sexmenninganna í þessari hv. d., sem áður hafði verið vísað til hv. n., eins og ég minntist á. Og það er um ákvæðin í 112. gr. tryggingal. Í þessu frv. sexmenninganna er gert ráð fyrir, að þessi gr. falli niður, þ. e. a. s., að þau atvinnurekendaiðgjöld, sem þar er um að ræða, verði látin niður falla. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er því svarað með þeim hætti að fella niður eða heimila ríkisstj. að fella niður að einum fjórða hluta þessi gjöld á II. verðlagssvæði fyrir árið 1948. Lengra nær það ekki. Eftir þennan tíma verður þetta gjald innheimt að fullu eftir þessu frv., sem fyrir liggur, því að það breytir ekki l. sjálfum. Enn fremur er talað um í þessari sömu gr. frv., að þessi 25% lækkun megi einnig ná til ársins 1947. Það er ekki fyrirskipun, að þetta skuli gera, heldur er þetta lagt á vald tryggingaráðs, og ef því sýnist svo, þá má það gera þetta. Og ég skal ekki segja um það, hver framkvæmd mundi á því verða. Frá mínu sjónarmiði er sú lækkun, sem felst í þessu til handa atvinnurekendum, allsendis ófullnægjandi. Ég skal ekki ræða um þetta sérstaklega. Það hefur verið gert mjög rækilega af 1. flm. frv., sem flutt hefur verið um að fella algerlega niður þessa gr., og það var enda viðurkennt af hv. 1. þm. Rang., að hann sé fylgjandi því, að 112. gr. tryggingal. verði felld niður. En honum þykir viðurhlutamikið að gera þetta, án þess að séð sé fyrir því fé, sem þarf að vera fyrir hendi, þannig að þetta valdi ekki verulegri skerðingu á þeim hlunnindum, sem tryggingalöggjöfin hefur upp á að bjóða. Þó virðist tryggingaráðið vera á því, að fært sé, án skerðingar á hlunnindum, að fella niður 25% af þessu gjaldi á næsta ári og einnig yfirstandandi ári. Þetta sýnir þó það, að það eru nokkuð rúm fjárráð þarna, þar sem tryggingaráð lítur svo á, að hægt sé að gera þetta án þess að nokkrar nýjar tekjur komi til. — Nú hafði okkur, sem stöndum að þessu sex manna frv. til breyt. á tryggingal., alls ekki komið til hugar að leggja til, að þessi gr. væri felld niður, án þess að nýir tekjustofnar væru fundnir í staðinn fyrir tryggingarnar. Það er þess vegna einn liðurinn í okkar frv. að leggja til, að nýr tekjustofn verði upp tekinn, sem er, að skattur, sem miðaður sé við tekjuskatt, 2% af tekjum

umfram 5000 kr., sem hver maður verður að greiða, renni til trygginganna.

Þar sem þetta frv. frá sex hv. þdm., sem felur í sér breyt. á tryggingal., sem frá sjónarmiði okkar flm. er eðlilegt, að gerðar séu, liggur enn þá hjá n., þá vildi ég nú gera þá fyrirspurn til heilbr.- og félmn., hvort hún sæi sér ekki fært að taka þennan 4. lið út úr þessu frv., sem hér liggur fyrir, og láta hann bíða aðgerða n. á sex manna frv., sem ég nefndi, og taka hann þar með. Og þá skilst mér, eftir því sem hv. frsm. hafa farizt orð, þar sem hann er því fylgjandi, að 112. gr. verði felld niður, ef tryggingunum sé séð sæmilega fyrir tekjum í staðinn, þá skilst mér, að hann gæti fallizt á að fella niður iðgjöld atvinnurekenda, sem ákvæði eru um í 112. gr. Ég vildi þess vegna skjóta því til hv. n., hvort hún vildi ekki taka þennan 4. lið út úr frv. þessu, sem fyrir liggur til umr.

Mér skilst, að þar sem í þessu frv., sem fyrir liggur til umr., séu ýmis ákvæði, sem bundin eru við áramót, þá sé nauðsynlegt, að þetta frv. að því leyti til verði afgr. nú fyrir áramótin. Og skal ég ekkert fara út í að ræða um þá breyt. á tilhögun trygginganna, sem að því leyti til felst í þessu frv. Það eru sjálfsagt mikilsverðar ástæður, sem liggja til þess, að þessi skipulagsbreyt. sé gerð, og ég ætla ekki að mæla gegn. Ég vil nú heyra ummæli hv. frsm. um þessi tilmæli frá minni hendi. Ég sé ekki, að það þurfi að koma í neinn verulegan bága við þá skipulagsbreyt., sem í þessu frv. að öðru leyti felst, þó að beðið væri með þetta ákvæði, sem í 4. lið frv. felst, þangað til afgr. væri frv. frá okkur sexmenningunum hér í hv. d.

Annað atriði vildi ég minnast á. Það er í 5. lið, þar sem gert er ráð fyrir að lækka nokkuð gjöld til trygginganna fyrir ógift fólk, eldra en 20 ára, sem dvelur á heimilum foreldra sinna. Þetta, að svona er heimilað að fara að, bendir til þess, að reynslan hefur sýnt, að tryggingasjóðurinn hafi nokkuð rúm fjárráð.

Enn annað vildi ég benda á. Það er það, að gert er ráð fyrir því, að miðað sé við vísitöluna 315 við innheimtu framlaga til trygginganna. Nú eru líkur til þess, að gengið verði frá löggjöf, þar sem vísitalan verði bundin í 300 stigum. Þess vegna skilst mér, að þessu ákvæði hljóti að verða breytt í samræmi við það. — Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta. En mér finnst, að eðlilegasta tilhögunin á afgreiðslu þessa máls væri sú, að afgreiðsla þess ákvæðis, sem felst í 4. lið þessa frv., sem fyrir liggur, væri látin bíða eftir afgreiðslu frv. á þskj. nr. 99, því að ég efast ekki um það satt að segja, að þetta þing muni taka til greina að meira eða minna leyti þær breyt., sem farið er fram á í því frv. að gera á tryggingal. Í þeim efnum virðist vera um svo augljósa annmarka að ræða á tryggingunum, að sjálfsagt sé að mæta þeim óskum, sem fram koma í því frv., um, að breyt. séu þar á gerðar. Ég viðurkenni það fullkomlega, sem fram kom hjá hv. frsm., að það sé viðurhlutamikið að gera svo stórstíga breyt., sem felst í því að fella niður iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. l., án þess að séð sé fyrir nýjum tekjum í staðinn. En það er gert í því sama frv., þessar tekjur eru þar tryggðar, svo að þó frv. okkar sex þdm. yrði samþ., þá mundi það ekki draga úr gildi eða þýðingu tryggginganna að því er þá tryggðu snertir.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. þm. Borgf. hefur fundið tölu vert að. Ég skal skýra, hvernig á því stendur, að þetta frv. er borið fram nú og afgreiðslu þess mjög hraðað. Ákvæði III. kafla koma samkvæmt l. til framkvæmda í ársbyrjun 1948. En af því að ýmis ákvæði í þessum kafla, sem átti að uppfylla, hafa ekki verið uppfyllt, þarf að fresta þessum kafla. Aðallega hefur staðið á því, að samningum við lækna hér í Reykjavík hefur ekki tekizt að ljúka, og ekki eru líkur til, að þeim verði lokið fyrir áramót. Þess vegna þarf að fresta framkvæmd þessa kafla, og sjúkrasamlögin starfa því áfram á næsta ári eins og verið hefur. Nú er ákveðið að fresta þinginu næstu daga, svo að þetta mál þolir enga bið.

Hvað því viðvíkur að láta 4. lið þessa frv. bíða, þá er það rétt, að sá liður stendur ekki í svo beinu sambandi við 1. tölul. frv., að það sé ekki hægt að fresta 4. lið þess vegna. En tryggingastofnunin óskaði ekki eftir að taka inn fleiri ákvæði en þau allra nauðsynlegustu til breyt. á l.

Um frv. frá þeim sex hv. þdm., sem hv. þm. Borgf. minntist á, er það að segja, að lítillega hefur verið minnzt á það í heilbr.- og félmn., og ég hygg, að óhætt sé að segja, að meiri hl. n. sé breyt. þeim, sem frv. felur í sér, andvígur. Einn nm., sem sé ég, hef lýst yfir í n., að ég vildi fylgja því frv. að mestu óbreyttu. Form. n. er hér ekki viðstaddur. Ég fullyrði ekki, hvaða afgreiðslu það mál fær, en ég býst við, að enn þá sé ekki nógu mikill þingvilji fyrir því að fá ýmsar þær breyt. fram á l., sem það frv. gerir ráð fyrir. Ég býst við, að þeir, sem stóðu að samþykkt þessara l. og knúðu þau í gegn á Alþ. 1946 — þrátt fyrir aðvaranir frá hálfu stjórnarandstöðunnar —, hafi ekki komið með neitt nýtt fram fram yfir það, sem þá var sagt. En aðvörunum var þá ekki sinnt af þeim, sem fylgdu frv. Það var bent á það þá, að mjög væri vafasamt, að fjárhagsgrundvöllur fyrir þessum l. væri nógu traustur. Það var bent á það þá, að þeir skattar, sem væru lagðir á menn í landinu vegna þessara l., mundu reynast of þungir, og það komu fram óánægjuraddir um ýmis ákvæði þessara l. Þessi l. hafa ekki enn starfað í eitt ár og því ekki komið uppgjör fyrir meira en fyrri helming þessa árs og ekki ljóst, hver útkoman verður á árinu 1947. Ég held, að það sé hyggilegra að afnema hina ýmsu ágalla, sem kunna að vera á l., með samkomulagi hér á Alþ. heldur en að bera fram ýmis ákvæði, sem verða felld.

Í 4. kafla er tekið fram, að iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skuli á árinu 1948 lækka um 25% á II. verðlagssvæði og að þessi lækkun megi einnig ná til ársins 1947, enda eigi aðilar ekki rétt til endurgreiðslu greiddra

iðgjalda fyrr en í sambandi við iðgjaldagreiðslur á árinu 1948. Ég hygg, eins og nú er háttað málum á Alþ., að þá sé erfitt að fá meira fram en samkomulag er um, og þess vegna verði að ná því, sem hægt væri að koma á með samkomulagi við aðila hér á Alþ., og bíða svo eftir því, að á næsta ári verði l. tekin til nákvæmrar endurskoðunar.

Mér þykir undarlegt, að í þeim till., sem hafa komið, virðist lítill gaumur vera gefinn því misrétti, sem er milli launþega og atvinnurekenda í öðrum greinum þessa frv., sem er miklu meira prinsipmál. Ég held, að það sé hyggilegra fyrir þá, sem vilja fá úr bætt í þessum efnum, að ganga að því, sem hægt er að ná með samkomulagi, en að bera það fram, sem ekki fæst samþykkt.

Við hv. þm. Borgf. vil ég segja það, að ég mun ekki liggja á liði mínu til þess að frv. verði tekið fyrir. Við hv. 2. þm. Rang. vil ég segja það, að ég man, að fyrir rúmu ári vorum við mættir á 11 eða 12 fundum, og þá var mér brigzlað um, að ég væri íhaldssamur og afturhaldssamur, af því að ég benti á ýmsa ágalla á tryggingalöggjöfinni, en allir aðrir ræðumenn, og þar á meðal hv. 2. þm. Rang., drógu meir fram þau hlunnindi, sem tryggingalöggjöfin óneitanlega veitir fjölmörgu fólki, en vildu gera lítið úr þeim kvöðum, sem lagðar voru á landslýðinn á móti. Ég efast um það, hvort við Íslendingar erum færir um, eins og nú er, að láta öll gamalmenni, rík og fátæk, fá svona styrki. Ég hygg, að það sé þetta ákvæði, sem sker mest í augun hjá almenningi þessa lands. Ég skil það, að fátækum finnist það ranglátt, að sterkefnaður maður 67 ára fái svo stóra fúlgu út úr sjóðnum, og efast um, hvort hægt verður að halda því áfram í framtíðinni, eins og nú er. Það allt saman verður að taka til nákvæmrar athugunar, þegar l. verða endurskoðuð. Þau eru ekki enn búin að starfa í eitt ár og ekki hægt að segja, á meðan svo er, að nokkur reynsla sé fengin fyrr en á miðju næsta ári, þegar búið er að gera upp fyrir árið 1947. Og þá er komin á l. eins árs reynsla.

Ég skal ekki lengja þessar umr. að svo komnu máli, en óska, að málið geti fengið afgreiðslu til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Þar sem frsm. n., hv. 1. þm. Rang., hefur lýst því yfir, að atriði það, sem um er að ræða í brtt. á þskj. 188, skuli verða framkvæmt á næsta ári, þá skal ég til samkomulags og til að greiða fyrir framgangi málsins í heild taka þessa till. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 187 tekin aftur til 3. umr.
— 188 tekin aftur.
— 208 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 216, 187).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að það er prentvilla á dagskránni, því að brtt. sú, sem ég flutti og tók aftur til 3. umr., er ekki hér með. Það er aðeins talað um þskj. 216, en ég hafði ekki tekið brtt. aftur nema til 3. umr.

Ég verð að viðurkenna, að ég varð fyrir vonbrigðum um það, hvernig þeirri brtt. var tekið. Mér skilst, að sú brtt. hafi ekki nægilegt fylgi á þessu stigi málsins. Ég tek að vísu ekki gild þau rök, sem færð hafa verið fram gegn brtt., en ég verð hins vegar að taka þær staðreyndir til greina. Brtt. hefur ekki á þessu stigi málsins fylgi, og hafa ýmsir hv. þm. vísað til frv., sem hv. þm. V-Húnv. hefur flutt og liggur nú fyrir heilbr.- og félmn. Ég ætla þess vegna að taka þessa brtt. aftur í þeirri von, að í sambandi við það frv. fáist full leiðrétting á þessu máli, og bezt verður náð því marki með því annaðhvort að fella niður 112. gr. tryggingal. eða fella hana niður að mestu leyti, eins og ég hef lagt til.

Ég tek þess vegna brtt. aftur í þetta sinn, af því að hún hefur fengið þær viðtökur, að litlar líkur eru til þess, að hún verði samþ. nú.

ATKVGR.
Brtt. 187 tekin aftur.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 216, n. 228).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hafði nú lítinn tíma til þess að athuga þetta mikla og vandasama mál og gat því ekki haldið um það nema einn fund. N. þótti þó rétt að kveðja á fund forstjóra tryggingastofnunarinnar, Harald Guðmundsson, og ræddi hún við hann um málið.

Nú er ljóst, ekki einungis n., heldur og þm., að til Alþingis hafa borizt margar umkvartanir um þennan lagabálk og sumar sannarlega á svo miklum rökum reistar, að brýna nauðsyn ber til þess, að þessi l. verði tekin til endurskoðunar hið allra bráðasta. En með því að ákveðið hefur verið af ríkisstj. í samráði við forstjóra tryggingastofnunarinnar að fresta framkvæmd á III. kafla l., um heilsugæzlu,

er nauðsynlegt að hafa ákvæði um það í l. og að þau l. nái staðfestingu fyrir áramót n. k., áður en þinghlé er tekið. — Eingöngu af þessum ástæðum hefur því heilbr.- og félmn. viljað mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga eins og það er, því að henni er vel ljóst, að það er ekki hægt til langframa að hafa löggjöfina án þess að fara fram á mjög nákvæma endurskoðun á henni. Nú stendur hér í þskj. 216, að rannsókn sú, er um ræðir í 7. tölulið bráðabirgðaákvæða, skuli hafin eigi síðar en í byrjun ársins 1948 og að heildarendurskoðun laganna skuli hafin á síðari hluta ársins 1948. Með öðrum orðum, hér eru ekki gefin nein fyrirheit um það, að endurskoðuninni skuli lokið það snemma, að næsta Alþ. geti tekið málið til meðferðar, en á það leggur heilbr.- og félmn. sérstaka áherzlu, að endurskoðuninni verði lokið á næsta ári, áður en þing kemur saman, og í fullu trausti þess hleypir hún þessu máli í gegn. Forstjóranum var gert þetta fyllilega ljóst, og taldi hann á því ýmis vandkvæði, en n. óskar mjög eftir því, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að þessari endurskoðun verði lokið áður en Alþ. kemur saman næst, svo að það fái málið til endanlegrar afgreiðslu.

Ég vil benda á, að í 6. tölul. frv. er ákveðið, að vísitöluálagið skuli miðast við 315 stig, en nú er ákveðið í stjfrv., sem hér liggur fyrir, að vísitöluálag í landinu skuli á þann hátt greitt með 300 stigum, þó með þeirri undantekningu, að ellilífeyrir og örorkubætur skuli greidd með 315 vísitölustigum. Okkur í n. þótti hér vera um misræmi að ræða. Fengum við þær upplýsingar hjá forstjóranum, að um 30 millj. kr. af gjöldum stofnunarinnar færu í elli- og örorkubætur, en um 26 millj. í aðrar bætur, þannig að því sem næst ⅝ yrðu greiddir út með 315 vísitölustigum. N. taldi því nægilegt að setja hér inn í, að þetta vísitöluálag skyldi vera 308. Til þess að forðast, að málið hrekist á milli deilda, hefur orðið samkomulag um það í n., að ef ríkisstj. vill lýsa yfir því, að álagið verði ekki meira en 308 stig og hæst 310, þá vill n. leggja til, að málið verði afgr. héðan óbreytt. Komi hins vegar ekki slík yfirlýsing, mun n. athuga málið aftur fyrir 3. umr. og þá ef til vill gera till. til breyt., að þetta verði sett inn í löggjöfina, en mundi ekki telja þess þörf, ef ríkisstj. vill lýsa yfir, að þessi háttur verði á hafður.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil leyfa mér fyrst og fremst að þakka heilbr.- og félmn. fyrir það, hve rösklega hún hefur afgr. þetta mál, eftir að það kom til d. Í annan stað vil ég að gefnu tilefni í ræðu hv. frsm. lýsa yfir því, að því er snertir endurskoðun heildarlöggjafarinnar, að ég mun fyrir mitt leyti greiða fyrir því, eftir því sem kostur verður á, að sú endurskoðun verði framkvæmd sem allra fyrst. Annað og meira er ekki hægt að segja um það, því að ég veit ekki, hve tímafrek sú endurskoðun yrði, þegar þar að kæmi.

Varðandi fyrirspurn sama hv. þm. út af 6. lið frv. skal ég lýsa yfir því, að iðgjöld þau, sem þar um ræðir, verða ekki innheimt með hærra vísitöluálagi en nauðsyn ber til og ekki yfir 310.

Vil ég svo vænta þess, að þessu máli geti orðið lokið hér sem allra fyrst.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil þakka ráðh. fyrir svör hans í sambandi við málið, og eins og ég sagði, legg ég til fyrir hönd n., að málið verði afgr. hér óbreytt. Ef við hefðum haft lengri tíma, hefðum við reynt að finna einhverja leið í þessu máli, en ekki reyndist unnt að gera það eins og sakir stóðu, og munum við því verða að sætta okkur við að leggja til, að málið verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 243).

---

40. Nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. viðvíkjandi nafnbreytingu Vinnuveitendafélags Íslands (þmfrv., A. 91).

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Um frv. það, sem ég flyt hér á þskj. 91, varðandi nafnbreytingu á Vinnuveitendafélagi Íslands, get ég verið mjög fáorður, því að hér er um að ræða formsatriði, en eigi efnisatriði. Get ég að mestu leyti vísað til grg. þeirrar, er frv. fylgir, en vildi þó aðeins taka það fram, að Vinnuveitendafélagi Íslands hafa verið veitt ýmis réttindi, og vildi ég þar sérstaklega benda á vinnulöggjöf þá, sem um ræðir í l. nr. 80 11. júní 1938, en í 39. gr. þeirra laga er Vinnuveitendafélagi Íslands veittur réttur til þess að skipa einn dómanda félagsdóms. Félagið hefur ástæðu til að ætla, að það mundi glata þeim rétti sínum, ef það breytti nafni, án þess að sett yrðu l. á þann hátt, sem um ræðir í frv. Ég vil minna á það, að nafnbreyting þessi er að ins formsatriði, en ekki um að ræða neina

efnislega breyt. Nafnbreytingin er aðallega fram komin fyrir tilmæli sérgreinafélaga innan félagsins, sérstaklega fyrir tilmæli Félags íslenzkra iðnrekenda, og þær smábreyt., sem gera þyrfti á l. í sambandi við þetta, yrðu, eins og ég hef áður tekið fram, ekki nema formsatriði. Ég vildi því mælast til, að frv. nái fram að ganga, og leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta og hv. þm., hvort senda beri málið til n. Að öðru leyti vísa ég til grg. og vænti góðrar fyrirgreiðslu frv. varðandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Forseti (BG): Engin till. hefur komið um að vísa málinu til n.

Flm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Ég hef sízt á móti því, að málinu sé vísað til n. Og ætli það væri ekki rétt að vísa því til hv. allshn.?

Frv. vísað til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 137).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef raunverulega ekkert um þetta mál að segja, en vísa til nál. N. mælir með því, að hv. d. samþ. þetta frv. Hér er um ofur einfalt atriði að ræða, og fannst meiri hl. n. sjálfsagt að verða við ósk Vinnuveitendafélagsins um nýtt nafn, er hefði sama gildi og núverandi nafn þess gagnvart lögum og öðrum aðilum. Einn nm. tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. — Ég hef svo ekkert frekar um þetta að segja, en vona, að mál þetta gangi áfram að umr. lokinni.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 9. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 303).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem á að koma undir atkv. d. í dag, hefur verið lagt fram í hv. Nd. og verið samþ. þar óbreytt. Þetta er ekki fyrirferðarmikið mál, og má því fara fljótt yfir sögu, en það byggist aðallega á því, að félagsskapur vinnuveitenda hefur verið kallaður Vinnuveitendafélag Íslands og verið nefndur það í lögum og fengið réttindi sem Vinnuveitendafélag Íslands til að tilnefna fulltrúa, t. d. í félagsdóm. Félagið hefur nú tekið upp nýtt nafn og kallast nú Vinnuveitendasamband Íslands, og óttast nú félagið, ef það heitir öðru nafni en stendur í lögum, þá muni það missa réttindi þau, sem það á samkvæmt þeim. Þótti því rétt að bera þetta frv. fram eins og það liggur fyrir, svo að tryggt sé, að þar sem talað er um Vinnuveitendafélag Íslands í lögum, þá sé þar með átt við Vinnuveitendasamband Íslands. Allshn. telur rétt og sjálfsagt að mæla með frv. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 334).

---

41. Stýrimannsskírteini og vélstjóraskírteini.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 181).

Á sama fundi og 32. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. flytur þetta frv. að beiðni hæstv. samgmrh., og er það um að veita tilteknum manni stýrimannsréttindi á íslenzkum skipum. Þessi maður hefur tekið sjóliðsforingjapróf í Danmörku og hefur því hlotið þá menntun, sem íslenzk l. krefjast. Við umr. um þetta mál í n. kom fram, að ýmsir menn hefðu álitið heppilegra, að inn í l. um atvinnu við siglingar væri sett heimild handa ríkisstj.

til að veita íslenzkum ríkisborgurum, sem líkt stendur á um, slíkan rétt, án þess að um það þurfi að setja sérstök l. En þar sem upplýst var frá kennslumrh., að hann hefði þegar skipað menn til að endurskoða l. um atvinnu við siglingar, taldi n. eftir atvikum rétt að láta það bíða, þangað til sú endurskoðun lægi fyrir, í trausti þess, að þetta mál yrði þá tekið til athugunar. Ég hef leitað umsagnar skólastjóra stýrimannaskólans um málið, og mælir hann eindregið með, að þessum manni verði veitt þessi réttindi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, því að það liggur ljóst fyrir, að sú menntun, sem þessi íslenzki ríkisborgari hefur hlotið, er langtum meiri en sú, sem krafizt er í stýrimannaskólanum fyrir sams konar réttindi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka sjútvn. fyrir, að hún hefur tekið að sér að flytja þetta mál.

Ég er sammála hv. frsm., að þetta form er óviðkunnanlegt, en þannig stendur á, að viðkomandi maður getur ekki öðlazt stýrimannsrétt nema með lagasetningu, eins og nú standa sakir. Hann talaði um það í fyrra, að hann vildi bíða eftir því, að l. um atvinnu við siglingar yrði breytt, og frestaði þá að halda máli sínu til streitu, en taldi sig þó eiga erfitt með að bíða eftir endurskoðuninni. Og þar sem enn liggur ekkert fyrir um þessa endurskoðun, sá hann sér ekki fært að bíða lengur með að reyna að fá sér atvinnuréttindi, þar sem upplýst er, að hann hefur öll skilyrði, sem þarf til þess að geta fengið þessi réttindi, og meira en það. Það eru fordæmi fyrir því, að þannig hafi verið farið að áður, þegar eins hefur staðið á. Ég vona því, þó að þetta sé óvenjulegt og kannske óheppilegt að afgreiða málið svona, þá verði frv. látið ná fram að ganga, en l. um atvinnu við siglingar lagfærð svo, að ekki þurfi oftar að grípa til þessa ráðs.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 22. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 181, 237).

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hafa borizt gögn, sem sýna, að Páll Ragnarsson og Jóhann Rist hafa hvor í sínu lagi þá þekkingu og vel það, sem krafizt er af íslenzkum skipstjórnarmönnum til þess að stunda atvinnu á íslenzkum skipum. Báðir hafa sannað, að þeir eru fullkomlega færir um að annast þau störf, sem hér er farið fram á að veita þeim. Báðir eru þeir íslenzkir ríkisborgarar. Sjútvn. kaus að hafa þann hátt á í staðinn fyrir að flytja tvö frv. að bera fram brtt. um, að báðir þessir menn skuli öðlast réttindi þau, sem ég gat um. Um Jóhann Rist er það tilskilið, að hann ljúki rafmagnsprófi við vélskólann í Reykjavík.

ATKVGR.
Brtt. 237,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 237,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita stýrimannsskírteini og vélstjóraskírteini.

Á 46. fundi í Ed., 23. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 268).

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 268, n. 308).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í Nd. og samþ. þar ágreiningslaust. Efni frv. er það að veita samgmrh. heimild til að veita tveim mönnum réttindi, öðrum stýrimannsréttindi og hinum vélstjóraréttindi. Þeir hafa báðir lokið prófum við danska skóla, en samkv. íslenzkum lögum verða þeir að hafa lokið prófi við íslenzkan skóla til þess að fá full réttindi. Annar þessara manna, Páll Ragnarsson, sem farið er fram á að veita skipstjóraréttindi, fór til Danmerkur og tók þar stýrimannspróf með góðri einkunn og hlaut þar skipstjórnarréttindi. Árið 1942 útskrifaðist hann frá sjóliðsforingjaskólanum og starfaði eftir það fyrir sjómælingastofnunina dönsku og enn fremur sem skipstjóri. Hann kom heim árið 1945 og vann að sjómælingum og kennslu. Hann hefur ágæt próf og góða menntun, og er n. einhuga um, að hann fái réttindin.

Hinn maðurinn, Jóhann Rist, útskrifaðist úr vélstjóraskólanum í Kaupmannahöfn 1939 og hefur síðan siglt mikið sem vélstjóri. N. leitaði álits skólastjóra vélstjóraskólans hér, og leggur hann til, að honum séu veitt vélstjóraréttindi hér. Hann telur hann hafa lokið sams konar prófi og krafizt er hér, nema hvað hann hafi ekki tekið próf í rafmagnsfræði, en það telur hann, að hann geti tekið, hvenær sem er, og að því loknu sé sjálfsagt að veita honum full

réttindi. Að fengnum þessum upplýsingum leggur n. til, að maður þessi fái þau réttindi, sem um getur í frv., og leggur því til að frv. verði í heild samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 335).

---

42. Togarasmíði í tilraunaskyni.

Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni (þmfrv., A. 56).

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram frv. á þskj. 56 um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni. Samkv. 1. gr. frv. er ætlazt til þess, að ríkissjóður láti smíða í tilraunaskyni einn tveggja þilfara dieseltogara með öllum nýtízku vélum og útbúnaði til fullkominnar hagnýtingar á fiski og vinnuafli, þannig að hirða megi allan afla, hverju nafni sem nefnist, og breyta honum í sem verðmætasta vöru á skipsfjöl, og að undirbúningur undir þetta verk sé hafinn nú þegar og smíði skipsins lokið fyrir árslok 1949. Einnig, að til þessara framkvæmda verði ríkisstj. heimilað að taka til láns 4 millj. kr. fyrir hönd ríkissjóðs. En það mun, eftir því verðlagi, sem nú er á skipum, nægilegt til þess að standa undir þessum kostnaði.

Það þykir kannske einkennilegt að bera fram frv. sem þetta, þegar ríkisstj. stendur fyrir því að láta smíða yfir 30 nýtízku togara, sem sumir eru komnir til landsins og sumir koma í lok þessa árs eða á næsta ári, sérstaklega þegar komið hefur á daginn, að þessi skip eru ekki aðeins langtum betur útbúin en nokkur önnur skip, sem við höfum átt, heldur eru þau betur útbúin en nokkurrar annarrar þjóðar togarar. Vil ég fara hér nokkrum orðum um ástæðurnar fyrir þessu, að þetta frv. er þrátt fyrir þetta allt borið hér fram.

Þegar ensku tilboðin komu 1945 um smíði 30 togara fyrir okkur Íslendinga, voru þessi tilboð byggð á því allra bezta, sem þekktist um smíði togara í Englandi. Það var tekið þar upp í þeim tilboðum allt, sem þá hafði bezt þekkzt á þessu sviði meðal brezkra útgerðarmanna. Og þeir menn, sem önnuðust þessi tilboð í Bretlandi, höfðu enga þekkingu, sem ekki var heldur von, til þess að geta dæmt um, hvort það gæti fallið inn í kröfur og þarfir okkar Íslendinga að smíða togara fyrir okkur á þann veg. Þeim var ekki falið annað en að fá tilboð um það bezta, sem fáanlegt væri í því landi, og tryggja stöðvar til þess að framkvæma smíði togaranna. Strax og þessi tilboð komu til Íslands, lét ríkisstj. tilnefna ákveðna menn, sem færir væru til þess að dæma um þessi tilboð með tilliti til útbúnaðar skipanna og þar með íbúða skipverja og þægindi. Þessi nefnd varð sammála um það, að eins og tilboðin lægju fyrir, væri ekki hyggilegt að taka þeim, ekki vegna verðsins á skipunum, heldur vegna útbúnaðar og aðbúnaðar á skipunum. Það var því ákveðið af þessari sömu ríkisstj. að senda sérstaka menn til þess að fá þessu breytt, ekki til þess að afla tilboða, heldur til þess að fá skipunum breytt á þann veg, sem við gætum við unað og hægt væri að bjóða íslenzkum sjómönnum og samræma skipin við íslenzka staðhætti. Það var miklum erfiðleikum bundið yfirleitt á því stigi málsins að fá komið fram þeim breyt., sem viðkomandi nefnd hafði gert till. um og varð sammála um. Þessar till. til breyt. voru komnar fram sumpart fyrir reynslu þeirra manna, sem bezt þekktu til þessara mála á síðustu árum, en sumpart teknar upp úr þeim till., sem komu fram í samkeppninni, sem Samtrygging íslenzkra botnvörpunga efndi til um teikningu á framtíðar togurum fyrir landsmenn. Allar umbætur, sem fram koma á þessum nýju togurum frá eldri gerðum, eru teknar upp úr till., sem komu fram í þessari samkeppni. Erfiðleikarnir á að fá þessum breyt. framgengt voru tvenns konar. Annars vegar vegna þess, að fyrir utan dyrnar hjá þessum mönnum, sem tóku að sér smíði togaranna, voru aðilar, sem kepptust um að fá byggð eins mörg eða fleiri skip eftir aðferðum Englendinga. Og það út af fyrir sig var miklu auðveldara að fullnægja óskum þeirra aðila en að fara inn á nýjar leiðir. Hins vegar lágu erfiðleikarnir í því, að verksmiðjurnar töldu, að hér væri af Íslendingum farið fram á svo mikla byltingu í smíði skipanna, að þeir, sem verksmiðjunum stýrðu, þorðu ekki að taka ábyrgð á því, að slíkar breyt. gætu orðið með fullum árangri fyrir kaupendur eða þá, sem stóðu að smíðinni. Þeim var að vísu kunnugt um það, að þetta átti að gera á ábyrgð kaupenda. En samt sem áður var þeim ljóst, að ef smíðaðir væru 30 togarar, sem mistækjust, — ekki einn, heldur allir, — þannig að ekki væri hægt að fá þann árangur, sem ætlazt var til, þá mundi ekki vera hægt að selja þessa togara til annarra þjóða og vafi væri á því, hvort íslenzka þjóðin gæti þolað það áfall, að togararnir mistækjust. Og þeir vildu ekki vera með í þeim leik, ef svo skyldi fara. Samt sem áður tókst að fá samkomulag um þessar breyt. við byggjendur skipanna. Og niðurstaðan af því er sú, að til landsins hafa komið þessi skip með þeim árangri, að togararnir eru fyrir þessar breytingar langglæsilegustu togarar, sem til eru í veröldinni og með hvorki meira né minna en tveggja tonna minni

olíueyðslu á dag en sams konar togarar að öðru leyti en því, að byggðir eru eftir enska kerfinu. Og með tilliti til sjóhæfni eru þessir togarar okkar þannig gerðir, að þeir eru öruggari en gömlu fleyturnar, af því að þeir hafa miklu meira borð fyrir báru og því hæfir til þess að vera ekki með fulla hleðslu, þótt þeir séu hlaðnir jafndjúpt niður í sjó og gömlu togararnir fullhlaðnir, og hafa því meira burðarmagn en gömlu togararnir í veðri og vindi.

Þó að þetta sé nú þannig í dag um okkar nýjustu togara, er ekki þar með sagt, að hér eigi að stanza og fara ekki lengra í að gera umbætur á gerð togara okkar. Þegar litið er til baka og athuguð sjóhæfni íslenzkra togara, þá er óhætt að fullyrða, að strax árið 1907, þegar Íslendingar byggðu sitt fyrsta skip, þá fóru þeir svo langt fram úr því, sem annars staðar var bezt gert í því efni, að útgerðarmenn erlendis hópuðust til hafnar til þess að skoða „Jón forseta", til þess að læra af því, sem Íslendingar höfðu farið fram á og fengið framgengt um umbætur á smíði togara. Og þegar Íslendingar fengu svo byggð slík skip síðar, bæði 1914, 1915, 1920, 1925 og 1930, fóru þeir einnig þannig fram úr því, sem áður þekktist um smíði togara, að aðrir togaraeigendur tóku sér til fyrirmyndar. Má í þessu sambandi nefna ýmsa okkar togara, sem á þessum árum voru byggðir, svo sem Þórólf, Skallagrím, Venus og Garðar og fleiri okkar beztu togara. Íslendingar hafa haft vel opin augu fyrir þessari þróun. Og þeim var ekki sársaukalaust, þegar árið 1945 var farið inn á það að kaupa yfir 30 skip, að þurfa um lengri tíma að loka augunum fyrir þróun í endurbótum á smíði togara. Því að það var ekki hægt að fá samkomulag um annað en að byggja yfirleitt alla togarana af sömu gerð. Þó voru tveir þessara togara byggðir með dieselvélum, sem á þeim tíma voru miklir erfiðleikar á að gera, í stað gufuvéla. — Ég tel ekki rétt og ekki ástæðu til nú að slá því föstu, að stöðvazt sé á þeirri braut að fá fram endurbætur á smíði íslenzkra togara, þó að svo sé komið, að við höfum náð þeim árangri með breytingum á smíði togara, sem ég hef lýst. Ég tel, að sérstök ástæða sé til að halda áfram á þeirri þróunarbraut, til þess að nota þá þekkingu, sem fram hefur komið og fengizt hefur af reynslunni. Og ég tel, að það sé sérstök skylda ríkissjóðs að standa undir þeim tilraunum, sem gerðar eru til þess að ná enn meiri árangri í að byggja sem bezta togara, sem henta íslenzkum staðháttum.

Ég gat um það áðan, að um mjög mikið af þeim endurbótum, sem fengizt hafa frá því sem áður gerðist á þessum skipum, sem komin eru til landsins, hafi komið fram tillögur í þeirri samkeppni um teikningu nýtízku togara, sem Samtrygging íslenzkra botnvörpunga efndi til árið 1943. M. a. komu þá einnig fram till. um tveggja þilfara togara. Sú till. þótti 1943 svo mikil fjarstæða, að dómnefndin — þó að hún fordæmdi ekki till. — treysti sér ekki til þess að samþykkja þá stórfelldu byltingu í smíði togara, þannig að hún yrði látin gilda um smíði hinna 30 togara, sem við erum að fá nýja. Í þessari till. um tvö þilför á togurum var farið fram á, að efra þilfarið væri frá hvalbak og næði alveg aftur úr og gerði þannig skýli yfir alla menn, sem á skipinu starfa. Þetta hefði þann kost í för með sér í fyrsta lagi, að það væri miklu meira öryggi fyrir skipið sjálft. Ef svona væri til hagað, væri útilokað, að skipið gæti sokkið vegna sjóa, sem yfir það kæmu. Og með öllum þeim hólfum, sem þá væru í skipinu, mætti það heita undur, ef skip þannig útbúið sykki, hvort sem það yrði fyrir sjóum eða öðrum áföllum. Það mætti heita mjög furðulegt, ef samtímis yrðu svo mörg hólf í slíku skipi fyrir þeim áföllum, að skipið gæti sokkið. Eins og nú er, eru togarar þannig, að þegar vont er veður og skipið fær yfir sig sjói, svo að fyllir milli stafns og skuts, þá eru milli 300 og 400 tonn af sjó á skipinu. En þetta veldur því, að vafi er á því mikill, að skip, sem veltur fyrir slíkri báru, reisi sig við aftur. Ég hef í slíkum kringumstæðum verið á togara, þegar öll skipshöfnin var innilokuð klukkustundum saman og ekki stóð annað upp úr sjó af skipinu en stýrishúsið, og menn gátu ekki vitað, hvort endirinn yrði, að skipið færi upp eða það færi niður. Mörg dæmi eru um það, að menn hafi skolazt út í slíkum kringumstæðum. — Allt þetta hefur leitt okkur, sem starfað höfum að þessum málum, til að fara inn á þá braut að reyna að finna leiðir til þess að fyrirbyggja slíka hættu. Og þá hefur komið fram till. um að auka öryggið á skipunum með því að gera skipin tvíþilja. sem mundi fyrirbyggja þá hættu, að skipin færust af því að þau fylltu á þann hátt, sem ég hef lýst. Því að með því að hafa skipin tvíþilja þá er friborð skipsins orðið sex fetum meira en það er nú á togurum, þannig að sjóar gætu ekki gengið yfir skipið og fyllt það eins og nú er, en mundu þá aðeins ganga yfir efra þilfarið og fara út samstundis, þar sem engin væri fyrirstaðan. Og þegar sú hætta er fyrirbyggð, þá er hitt einnig fyrirbyggt, að menn geti skolazt út af neðra þilfari.

Í öðru lagi hefur komið fram í þessum till. till. um þá breyt., að í staðinn fyrir að draga upp veiðarfæri í mastri, eins og nú er gert, þar sem mikinn fjölda manna þarf til þess, oft móti vindi og veðri, þá verði breytt til og hafður sérstakur krani, sem geti tekið veiðarfærin og fært þau vélrænt, án þess að mannshönd snerti á öðru en að stjórna honum. (HV: Eru þeir ekki í nýju togurunum?). Þeim hefur ekki verið komið í nema tvo. Þessir kranar yrðu, eftir till., sem ég gat um, á efra þilfari. Þetta mundi spara mannafl á skipunum við vinnu og gera verkin hægari fyrir þá, sem þar ynnu.

Einn mikill kostur er enn í sambandi við að hafa togara með tveimur þilförum, — sá, að menn ynnu þá alltaf í skjóli á skipinu. Þeir þyrftu aldrei að vinna undir veðri og vindi, þannig að þeir þyrftu þá ekki heldur að vinna í þungum sjóhlífum og þungum stigvélum og gætu unnið eins og í húsi, ef þeir hefðu efra þilfar yfir sér og væru fullkomlega innilokaðir. Afköst við vinnuna yrðu þá meiri hjá hverjum manni og þá annaðhvort hægt að fá meiri afköst almennt hjá jafnmörgum mönnum og nú eru á togurunum eða það þyrfti færri menn til

vinnunnar með sömu afköstum og almennt gerist. Auk þess væri mikið rúm á efra þilfari, sem nota mætti til þess t. d. að salta þar afla eða flaka eða annað að gera við hann, og hefði tveggja þilfara fyrirkomulag alveg sérstaka kosti í sambandi við að hagnýta allan aflann þannig, að unnið væri fiskimjöl úr úrganginum.

Hvað snertir aðra vinnu á skipunum, þá vil ég sérstaklega minnast á fyrirkomulag á togvindum. Það er ákaflega eftirtektarvert, að í öllum þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á hinum nýju togurum, hafa minnstar umbætur verið gerðar á togvindunum. Stafaði það af því, að talið var, að enskar verksmiðjur væru ekki færar um að gera þær breyt. á þessum tíma, en þá hefði orðið að bíða lengur eftir skipunum, ef breyt. hefðu verið gerðar í þessu efni. Vanalega er togið dregið upp með togvindu, sem stendur fyrir framan stýrishús. Hún dregur það í flækju fram og aftur eftir þilfarinu og er það látið leika á rúllum, og fólkið er innan um alla þessa víra. Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að fólk hefur meira og minna slasazt undir þessum kringumstæðum. Hafi rúlla eða vírar bilað, hefur ekki legið annað fyrir en að þeir, sem staðið hafa í bugðunni, hafi misst líf eða limi, og menn, sem þar hafa verið, hafa stundum misst fætur eða skorizt jafnvel í sundur þvert yfir. Þetta hefur ekki verið hægt að fyrirbyggja, að kæmi fyrir í slíkum tilfellum. Hvað sem reynt hefur verið til að gera bæði rúllur og annað í þessu sambandi traust, líður varla svo nokkurt ár, að ekki verði slys af bilunum á þessum hlutum. Úr þessu töldu menn, að mætti bæta með því að setja í skipin tvo krana, einn að framan og annan að aftan, sem gætu unnið án þess að hafa nokkuð af vírum, sem fólkið þyrfti að vinna við á þann hátt, sem nú er gert. Og væri þá útilokað, að slys gætu orðið af þessu.

Ég tel, að þetta sé nægilegt til þess að benda á, hversu sjálfsagt sé að veita þessu máli mikla athygli.

Ríkisstj. hefur verið ásökuð fyrir það, að ekki hafi verið settar fiskvinnsluvélar í nýju togarana, sérstaklega þá, sem lengdir voru frá þeirri upphaflegu stærð, sem ákveðin var. En ég vil í þessu sambandi benda á, hvers vegna þetta var ekki gert. Í fyrsta lagi var aðalástæðan sú, að það var ekki hægt að fá enskar verksmiðjur til að afhenda þær vélar á sama tíma og skipin sjálf. Það þarf samt í dag tveggja ára afhendingartíma fyrir fyrsta settið og vafasamt, hvort fá má meira en 5—6 sett á ári. Í öðru lagi hljóta þessar vélar alltaf að taka rúm og burðarmagn frá skipinu. Meðan þungar vélar, um 20 smálesta, eru í skipinu, verður það rúm ekki til neinna annarra nota. Það hefur verið undanfarið þannig, að menn hafa talið sér meiri hag í því að hafa þetta rúm til þess að setja í það sérstakan fisk til útflutnings en að hafa í því vélar, sem e. t. v. væri ekki eins hagkvæmt fyrir þá að nota í dag eins og þegar tímarnir breytast. Nú er fullkomin reynsla fengin fyrir því, að á erfiðum tímum eru þessar vélar nægilegar til þess að bera uppi mismuninn á kostnaðinum til þess að reksturinn beri sig, og því hlýtur það að verða svo í framtíðinni, að skip okkar verða að vera útbúin með fiskimjölsvélum. Mér hefur reiknazt svo til, að skip af þessari stærð gætu aflað um 3000 punda í hverri ferð. Og þegar búast má við því annars vegar, að fiskurinn falli, og hins vegar, að takmarkað sé það magn, sem við fáum að selja, og í þriðja lagi, að ekki sé hægt að fylla skipin af góðfiski, verða að vera skip, sem geta tryggt það, að allt, sem kemur inn, sé gert verðmætt og að engu sé fleygt, og er því nauðsynlegt að fá settar fiskimjölsvélar í hvert einasta skip.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að ég sá núna grein í tímaritinu Ægi, þar sem Þjóðverjar eru að fara inn á þessa stefnu. Þeir eru að hugsa um að gera alla sína togara tveggja þilfara, meðfram vegna þess, að Bretar og Bandaríkjamenn vilja ekki leyfa þeim nema ákveðna lengd, og því ætla þeir að nota sér þetta, sem sýnir, að hugmyndin sjálf er að festa rætur meðal þessara manna, sem starfa að þessu. Þjóðverjar voru fyrir stríðið hinir leiðandi menn í öllum framförum í togarabyggingum, og þar lærðum við mest af því, sem við þurftum að vita í þessum efnum.

Það mætti kannske segja, að útgerðarmenn gætu sjálfir lagt út í slíkar tilraunir einir sér, en ég geri ráð fyrir, að þess sé kannske ekki að vænta, meðan málin standa á þessu stigi, að neinn útgerðarmaður vildi einn taka á sig þá áhættu, og auðvitað hafa menn mismunandi skoðanir á því, hvað er áhætta og hvað ekki. Ég fyrir mitt leyti hef þá föstu sannfæringu, að hér sé ekki um neina hættu að ræða. En þótt svo hér væri um áhættu að ræða, er ekki hægt að neita því með rökum, að ríkið ætti ekkert á hættu í málinu, því að slíkt skip sem þetta mætti nota sem fiskirannsóknaskip og eins hafa þess fullkomin not sem strandvarnaskips. Hvort tveggja þetta er fyrir hendi, þótt ekki mætti nota það sem togara, sem ég er viss um, að mætti, og því hef ég borið þetta fram, því að ég tel, að þetta sé hlutverk ríkissjóðs, því að til stendur að byggja bæði fiskirannsóknaskip og strandvarnaskip, og væri þá hér ekki verið að gera annað en byggja annaðhvort þessara skipa og gera tilraunina um leið.

Ég held, að í fjárlfrv., 20. gr., séu 850 þús. kr. ætlaðar til byggingar varðskipa. Ég mundi telja misráðið, ef þessari upphæð yrði varið til annars en að gera þessa tilraun. Og ég er viss um það, að þegar menn fara að athuga þetta mál og fyrsta skipið væri komið, mundi það leiða til þess, að í framtíðinni yrði ekki einasta engum íslenzkum sjómanni bjóðandi upp á aðrar tegundir fiskiskipa, heldur mundi enginn íslenzkur sjómaður fást til þess að vinna á annarri tegund skipa en hér um ræðir. (**Fjmrh.**: Hvernig færi með 30 skipin?). Það mundu nógu margar þjóðir kaupa þau skip fyrir meira verð en fæst fyrir þau nú, því að þau eru svo miklu betur útbúin en annarra þjóða skip. Ég hygg, að í framtíðinni verði það svo, þrátt fyrir það að þessir togarar eru stórvirk atvinnutæki, að hagnýta verði aflann að fullu og gefa fólkinu þá mestu og beztu vinnuvernd, sem hægt er. Reynslan hefur sýnt, frá því að fyrst var byrjað að gera hér út togara, að því betur sem skipin voru útbúin og vinnu-

skilyrðin fyrir fólkið betri, því meira báru þau í þjóðarbúið og þeim mun meiri arð gáfu þau eigendunum, bæði í vondum árum og góðum. Hvaða útgerðarmaður sem væri spurður mundi telja það aukaatriði, hvort skipin hefðu kostað 100 þús. meira eða minna, heldur hitt aðalatriðið, að þau væru sem bezt útbúin. Ég vil benda á, að ein sú tækni, sem hér hefur verið farið inn á í togurunum, er vélrænn flutningur á lifrinni. Menn höfðu ekki trú á, að þetta væri hægt. Nú er víst erfitt að fá háseta á togara, þar sem ekki er vélrænn flutningur. Í hvaða höfn sem þeir koma í Englandi, eru komnir menn með teiknibækur til að teikna þetta og aðrar framfarir. Þetta er stórt spor í áttina, og næsta sporið er að gera þá tilraun, sem ég hef minnzt á.

Ég vænti því, að deildin taki undir þetta mál með velvilja og samþykki frv., annaðhvort eins og það liggur fyrir eða með þeim breyt., sem mættu verða til bóta fyrir málið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þetta mál er sjálfsagt eftirtektarvert og merkilegt að mörgu leyti, og hugmyndin, sem hér er nú færð í frumvarpsform, mun hafa verið uppi hér á landi allt frá því að efnt var til þessarar samkeppni af hálfu Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga um tillögur um „Botnvörpuskip framtíðarinnar". Ég hef nú enga aðstöðu til þess að dæma um það, hvort hér er um þær framfarir að ræða, sem séu jafnnauðsynlegar og hv. flm. hefur lýst. Það er líklegt, að reynslan ein muni geta úr því skorið á sínum tíma, hvort þeim tilgangi yrði náð, ef út í það yrði farið, sem stefnt er að. Ég veit, að flm. hefur mikið um þetta hugsað og mikla vinnu í það lagt, og enginn efast um það, að hann ber þetta mál fram af heilum hug og að hann hefur borið það mjög fyrir brjósti í mörg ár. Hitt er annað mál, að svona tilraun hefur náttúrlega mikinn kostnað í för með sér, og færi nú svo, að svona tilraun mistækist, yrði það ákaflega dýrt.

Ég skal taka undir það, sem hv. flm. sagði, eða ég vildi nú orða það þannig, að sennilega væri áhættuminnst að sameina þessa hugmynd við einhverja aðra, þannig, eins og hann komst að orði, að ef út af bæri með nothæfni skipsins sem togara, væri stutt í land til þess, að þess yrðu not á öðrum vettvangi. Ég býst við, að sjútvn. taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, og vil vænta þess, að hún afli sér eins góðra upplýsinga um málið og í hennar valdi stendur, og að höfð séu ráð hinna beztu manna hérlendis varðandi þessa hugmynd, sem hér er á ferð, og framkvæmd hennar.

Að lokum vildi ég benda n. á það, að eins og nú er komið með fjáröflun til allra hluta, líka þeirra fyrirtækja, sem ríkið á að standa straum af, þá teldi ég eðlilegt, að lögin væru heimildarlög, ef þetta á annað borð yrði að lögum, þannig að það væru heimildarlög fyrir ríkisstj. að gera þetta, því að það er óviðkunnanlegt, ef samþykkt eru bein lagafyrirmæli um, að þetta skuli gert, ef svo einhverra hluta vegna ekki yrði hægt að framkvæma það. Nú sem stendur er einmitt talsverð hætta á, að erfitt sé að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir af ríkisins hálfu til viðbótar öllu því, sem búið er að stofna til á undanförnum árum, nema sérstaklega úr greiðist um útvegun lánsfjár. Ég bendi á þetta bara svona til athugunar fyrir hv. n., en síðar en svo af því, að ég sé með því að leggja neinn stein í götu málsins við þessa umr. eða á þessu stigi. Því að ef það er yfirlýst og af öllum aðilum viðtekið, líka þeim, sem sjútvn. Alþ. kynnu að fá sér til ráðuneytis um væntanlega nothæfni slíkra skipa, og það yrði þannig samþ. á Alþ., að ríkisstj. væri heimilað að gera þetta, þá tel ég ekki, að það út af fyrir sig þyrfti að vera neinn hemill á málið né framgang þess, ef unnt væri að fá fé til þessara hluta. En á hinn bóginn gæti lánsfjárleysi orðið hemill á málið, jafnvel þó að 1. gr. yrði samþ. óbreytt. Væri leiðinlegt, a. m. k. fyrir Alþ., að leggja skyldur á herðar framkvæmdastjórnar til þess að framkvæma hluti, sem mjög er óvíst um, hvort hún getur náð í fé til. Af þessum ástæðum teldi ég heppilegra, að það væru heimildarlög, sem afgreidd yrðu frá þinginu, ef málið nær samþykki þingsins.

Flm. (Gísli Jónsson): Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil þakka ráðh. fyrir undirtektir hans í málinu. Sjútvn. mun að sjálfsögðu senda þetta mál til umsagnar öllum þeim aðilum, sem hún telur, að geti gefið upplýsingar um það.

Ég fyrir mitt leyti vil fallast á það, sem ráðh. stingur upp á, að í staðinn fyrir fyrirmæli komi heimild, og skal þess utan sem form. n. hafa fulla samvinnu við hann um afgreiðslu málsins, áður en það kemur frá n. aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 174).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Sjútvn. þessarar hv. d. hefur athugað þetta mál og rætt það ýtarlega á fjórum fundum. N. þótti rétt að senda frv. til umsagnar allra aðila, er málið snerti, og var svo gert, og hafa svör borizt frá þeim öllum, eins og segir á þskj. 174 í áliti sjútvn. N. þótti ekki ástæða til að birta í nál. allar umsagnirnar, því að það hefði orðið allt of langt mál, og vil ég því víkja nokkru nánar að umsögnum hinna einstöku aðila.

N. þótti rétt að senda frv. til umsagnar Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, og var spurt um í fyrsta lagi, hvort félagið teldi slíka tegund togara hentuga til fiskveiða við Ísland. Í öðru lagi, hvort slík skip mundu skapa enn meira öryggi en þau togveiðiskip, er nýjust hafa verið keypt til landsins. Í þriðja lagi, hvort slík skip hefðu meiri möguleika til hagnýtingar aflans en þau skip, er keypt voru til landsins fyrir milligöngu ríkisstj., og í fjórða lagi, hvort slík skip væru að dómi félagsins hentug til fiskirannsókna. Þessu var svarað þannig varðandi fyrstu

spurningu, með leyfi hæstv. forseta: „Oss dylst ekki, að hér er um að ræða tilraun, sem gæti leitt til algerrar byltingar á sviði togveiðanna að því er snertir allan útbúnað og frágang botnvörpuskips.“ Um þetta er svo farið fleiri orðum, sem ég sé ekki ástæðu til að tilfæra. En um annað atriðið segja þeir, með leyfi forseta: „Um annað atriðið, sem sagt það, hvort slík skip, er hér um ræðir, skapi meira öryggi en þau botnvörpuskip, er reynsla er fyrir um, teljum vér ekki vafa.“ Og þriðja atriði svara þeir hiklaust játandi og telja miklu meiri möguleika til hagnýtingar aflans á svona skipi en á þeim, sem nú eru gerð út frá Íslandi. Í fjórða lagi telja þeir skipið hentugt til hafrannsókna og leggja sérstaka áherzlu á, að slíkt skip væri hentugt sem leitarskip að nýjum fiskimiðum, og vænta þeir þess, að frv. verði samþ. og þess, að skipið verði notað til slíkrar starfsemi. Það er mikils virði fyrir flotann, þegar hann er orðinn svo stór sem hann verður á næsta ári, að til sé eitt skip, sem vinnur að því að leita að nýjum fiskimiðum, því að undanfarið hefur það verið svo, að veiðiskipin hafa flykkzt á þá staði, þar sem afla verður vart, en hafa vanrækt að leita nýrra miða, þótt allt of þröngt væri um þau. Einstaklingar hafa varla efni eða ástæður til að fara í leit að fjarlægum miðum, þótt slíkt hafi að vísu verið gert. En það er mjög mikilvægt, að miða sé leitað, og þess er vænzt, að ef frv. verður samþ., þá verði það skip, sem með frv. er ætlazt til, að smíðað verði, notað til slíkrar leitar.

N. þótti og rétt að senda frv. til skipaverkfræðinga, þeirra hr. Ólafs Sigurðssonar, forstjóra landssmiðjunnar, og hr. Viggós Maack, sem er nýlega útskrifaður frá einum bezta verkfræðingaskóla í Ameríku. Þeir telja, að öryggi skipsins verði meira, vegna þess að auðveldara sé að koma fyrir vatnsþéttum þiljum og þilförum og vegna þess, að á slíku skipi verði meira fríborð. Þeir telja og, að öryggi skipshafnar verði meira, vegna þess að vinna fari fram aðallega undir þiljum, togútbúnaður með vírum og rúllum sé ekki á aðalvinnslustað, sú vinna, sem fari fram ofan þilfars, sé framkvæmd undir mun öruggari aðstæðum en ofan þilfars á eins þilfars skipi, og innangengt sé milli íbúða og vinnustaða. Þá telja þeir, að í tveggja þilfara togara verði meira og betra rúm fyrir íbúðir skipverja, aukið rúm fyrir nýtízku fiskvinnsluvélar, aukið burðarmagn, sem þýðir aukið fiskimagn eða eldsneyti eða hvort tveggja, og að auðveldara sé að koma fyrir hagkvæmari lyftitækjum við innbyrðingu á afla og veiðarfærum.

Þeir færa einnig fram galla á tveggja þilfara togara samanborið við eins þilfars togara, og taldi n. rétt að láta það einnig koma fram. Í fyrsta lagi telja þeir sem galla, að erfiðara verði að innbyrða fisk og botnvörpu vegna hærra fríborðs. Þetta munar þó ekki miklu frá því, sem nú er, því að á togurum af nýrri gerð er fríborð 22 tommur og 48 tommu skjólborð, eða samtals 70 tommu fríborð, sem á tveggja þilfara togara yrði aðeins 4 tommum hærra, eða 74 tommur. Þetta ætti því ekki að valda neinum teljandi erfiðleikum frá því, sem nú er. Þá telja þeir, að gjöld miðuð við rúmmál verði meiri, og er það rétt, en smávægilegt atriði. Og loks telja þeir þann galla, að byggingarkostnaður verði mun meiri, og er það einnig rétt. Til rökstuðnings álits síns varðandi kosti skipsins geta þeir þess, að 15 manna þýzk sérfræðinganefnd, sem athuga skyldi, hvernig framtíðartogarinn væri bezt byggður, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt byggðum tveggja þilfara togara muni varla geta hvolft og að um 42 m langt skip tveggja þilfara geti haft 20% meira lestarúm og 26% meiri eldsneytisforða en eins þilfars af sömu tegund. Almennt álíta þeir smíði þessa skips spor í rétta átt og leggja til, að frv. verði samþ.

N. þótti enn fremur rétt að senda frv. til umsagnar skipaskoðunarstjóra, og segir hann, að hann telji örugglega séð fyrir því, að sjóhæfni (stabilitet) tveggja þilfara togarans verði í engu minni en hinna nýju togara, sem nú eru að koma til landsins, og telur hann stórt spor stigið í áttina til meira öryggis fyrir skipverja, til aukinna vinnuafkasta og fullkomnari vinnuverndar. Hann segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Ég tel það vel farið, að frv. þetta er fram komið, og að það verðskuldi að ná fram að ganga.“ Hans umsögn er því sú, að hann mælir eindregið með því, að frv. verði samþ.

Þá var frv. og sent til umsagnar Skipaútgerðar ríkisins, eða forstjóra hennar, og m. a. spurt um, hvort hann teldi, að nota mætti skipið til björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu. Svar hans er yfirleitt mjög jákvætt, og segir hann m. a.: „Á slíkum togara getur mestöll vinna við fisk og veiðarfæri farið fram undir þilfari, og skapar það auðvitað margfalt betri vinnuskilyrði og öryggi fyrir sjómennina en nú á sér stað á togurum. Auk þess er þá hægt að koma fyrir ýmsum vinnuvélum, svo sem flatningarvél, flökunarvél og ýmsum færiböndum. Ætti allt þetta að gera alla vinnu auðveldari og auka afköst.“ Hann segir enn fremur: „Þá má benda á, að skip þetta er til margra hluta nytsamlegt, t. d. flutninga á hraðfrystum og ísuðum fiski, hafrannsókna, björgunarstarfsemi og sem venjulegt flutningaskip.“ Hann mælir hins vegar á móti því, að skipið sé notað til landhelgisgæzlu, með því að það sé auðþekkjanlegt í mikilli fjarlægð.

Þá þótti n. hlýða að senda frv. til umsagnar Slysavarnafélagsins, sem telur, að hér sé farið inn á nýjar brautir til aukins öryggis, og leggur því til, að frv. verði samþ.

Þá var frv. og sent til Alþýðusambands Íslands og Sjómannafélagsins, og segir í bréfi Alþýðusambandsins, að það mæli eindregið með því, að sú tilraun, sem frv. ætlast til, verði gerð. Skriflegt svar hefur ekki borizt frá Sjómannafélaginu, en formaður þess, hv. 1. landsk. þm., á sæti í sjútvn. þessarar hv. d., og hefur hann lýst vilja félags síns um, að frv. verði samþ.

Þá hafa komið frá öðrum aðilum umsagnir, sem eru nokkru minna „pósitívar“. Fyrst frá Fiskifélagi Íslands, en það hefur skipað n. í málið til að athuga það, og segist stjórnin

gera álit n. að sínum orðum og samþykkt og sendir það athugasemdalaust til n. Þessi skýrsla ber þó með sér, að n. álítur, að hér sé um mikilsvert mál að ræða, en leggur hins vegar til, að gerðar verði frekari rannsóknir í málinu og fengnar verði frekari upplýsingar og álit sérfræðinga erlendis. Sérstaklega leggja þeir þó áherzlu á, að aðrar þjóðir láti gera þessa tilraun og Íslendingar hafi ekki forgöngu í málinu. Þess vegna vilja þeir fresta málinu þar til tillögur frá öðrum þjóðum liggja fyrir.

Athugun Fiskimannasambandsins er nokkuð á sömu leið. Þeir telja rétt að halda áfram rannsóknum og smíða líkan af skipi og sjá, hvort það reynist vel, og þá taka málið á ný til athugunar. Í sambandi við þessi ummæli vil ég mega benda á, að ég tel ekki ástæðu til, að n. verði sammála um, að það sé þörf á að bíða eftir slíkum rannsóknum frá öðrum þjóðum. Hinir nýju togarar, sem fluttir hafa verið til landsins, hafa sýnt, að við Íslendingar erum færir um að segja til um nýbreytni í útgerðinni. Það verður ekki borið á móti því, að hinir nýju togarar eru með glæsilegustu togurum, sem flotið hafa, og er álitið, að Englendingar muni taka upp þá tegund togara, með þeim útbúnaði, sem settur er í þau skip, þegar þeir almennt fara að byggja upp flota sinn á ný. Bendir þetta allt til þess, að við Íslendingar getum lagt þar til málanna ekki síður en aðrar þjóðir og ekki einungis leitað til annarra þjóða. Hins vegar hafa komið fram ýmsar nýjungar nú á síðari árum. T. d. hafa Englendingar verið að gera tilraun með tveggja þilfara togara, sem tekur vörpuna inn að aftan. Þetta er einnig til rannsóknar í Þýzkalandi. Í sjálfu sér er það hlutverk þeirra manna, sem fá þetta til meðferðar, að kynna sér allt á þessu sviði, áður en gengið er að samningum um, hvernig smíða skuli skipin, og nota þá reynslu, sem fyrir er. N. leggur síðan málið fyrir sjávarútvegsmálaráðh. Hann telur, að leita þurfi umsagnar sérfræðinga hér á landi. Hins vegar telur hann það nokkuð eðlilegt, að leitað sé til sérfræðinga annarra landa í skipasmíðum, áður en samið er um smíði skipanna, en leggur til, að frv. verði gert að l. á þessu þingi með þeim breyt., sem hann óskar eftir að gera á frv., þ. e. að ríkisstj. hafi heimild til að gera það, því að ýmislegt gæti komið upp í málinu, sem ekki væri hægt að uppfylla. N. hefur fallizt á þetta sjónarmið og leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari breyt., þ. e., að upphaf 1. gr. orðist þannig: „Ríkissjóði er heimilt að láta smíða“, í staðinn fyrir að ætlazt er til, að það sé fyrirskipun, sömuleiðis að tæknilegum undirbúningi skuli vera lokið 1948. Þar er átt við, að gerðar verði allar teikningar, vinnulýsingar og leitað verði tilboða á því sviði og því verði öllu lokið síðast á næsta ári. Þá má sjá, hvort hægt yrði að veita fé og hvaða leið væri farin, ef það þykir rétt að halda þessu verki áfram, sem ég efa ekki, að sé talið heppilegt og nauðsynlegt. Ég veit ekki, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar um framkvæmd í málinu. Líklega felur hún þetta ákveðnum sérfræðingi hér heima.

Það er ósk n., að undirbúningi verði hraðað svo, að honum verði lokið á næsta ári. Ég vil þó leyfa mér að taka það fram, að einn nm., 6. landsk., hafði sérstöðu í n. Hann vildi láta samþykkja frv. óbreytt, en gerði þó ekki annan ágreining, heldur lagði áherzlu á, að því yrði hraðað eins og hægt væri.

Að síðustu vil ég segja það, að þessi hugmynd er komin fram af tveimur ástæðum. Aðallega til að vernda líf og limi þeirra, sem á sjónum eru og starfa við þetta. Margra ára reynsla mín hefur sýnt það, að það er hægt að bæta úr þessu, og ég tel, að þessi breyting mundi verða stórkostleg í þá átt að vernda og skapa meira öryggi og betri aðbúnað fyrir skipverja. Hin ástæðan er sú, að nauðsynlegt er að hagnýta aflann meir en hingað til. Það er ekki vafi á því, að það er hægt með þeim skipum, sem hér er ætlazt til, að smíðuð verði. Ég met því mjög skoðanir meðnm. minna og að sjútvn. fallist á þetta sjónarmið og geti lagt til, að frv. verði samþ. Ég met mjög vel það sjónarmið, sem þar er farið fram á í þessu máli, og vænti þess, að d. samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Forseti (BSt): Komið hefur fram ósk um það, að tími gæfist nú til flokksfunda, og er ekki hægt að ljúka málinu, nema samkomulag náist um, að ekki verði frekari umr. (SÁÓ: Er nokkur á mælendaskrá?) Þá er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig hefði mjög langað til þess, að hæstv. sjútvmrh. hefði verið hér viðstaddur, því að ég þarf að beina til hans ýmsum spurningum í sambandi við þetta mál, en kannske vill hæstv. utanrrh. svara þeim fyrir hans hönd eða flytja þær til hans, þannig að hann geti svarað þeim síðar.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að ríkið láti byggja togara af sérstakri gerð sem eins konar tilraunaskip. Vil ég biðja hæstv. forseta velvirðingar á því, þótt ég tali nokkuð vítt um málið, því að ég talaði ekkert við 1. umr. þess. — Það eru nú liðin 20 ár síðan ég hélt því fram í nokkrum blaðagreinum, sem ég skrifaði í Dag, að ekki gæti hjá því farið, ef skipin héldu áfram að safnast saman á hrygningarstöðvar nytjafisksins, að þá hlyti veiðin að ganga til þurrðar smám saman, og ég hélt því einnig fram, að ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir til þess að friða ákveðin hrygningarsvæði og helztu uppeldissvæðin, hlyti það að stuðla að eyðingu fiskistofnsins. Út af þessu átti þá mig lifandi að drepa, og þótti slíkt gersamlega vanhugsað, þar sem viðkoma hvers fisks næmi mörgum hundruðum þúsunda. Nú hefur mér heyrzt hin síðari ár, að allt annað hljóð sé komið í þá menn, sem mest réðust á mig fyrir þessa skoðun, og nú skilst mér, að stefnt sé meir og meir að því að nytja þann fisk, sem aflast, sem allra bezt, og að það byggist m. a. á minnkandi veiði, og mér skilst, að smíði þessa

togara eigi að vera ein tilraun í þessa átt. Hins vegar er það nú svo, að í fyrra var verið að tala um stækkun landhelginnar og því máli þá vísað til hv. utanrmn., en nú hefur ekki verið haft svo mikið við allan þann tíma síðan þ. kom saman í haust að kalla þá n. saman til að kjósa form., og því síður hefur hún athugað þetta mál, enda þótt mér sé kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hafi rannsakað það og undirbúið að nokkru. Ég verð því að segja það, að mig grunar, að um þetta mál, sem hér liggur fyrir, fari á sömu leið. Ég er að sjálfsögðu ekki á móti þessu máli, því að ég tel, að við þurfum að stefna að því að nytja aflann sem allra bezt, en láta ekki mikinn hluta hans verða verðlausan eins og nú er gert. Hins vegar mælir þetta frv. svo fyrir, að þetta skuli framkvæmt með því, að ríkið kaupi togarann og taki til þess lán, og mitt viðhorf til málsins mótast í fyrsta lagi af þeirri spurningu, hvort ríkið hafi nóg fé til þess arna eða nokkra möguleika til lántöku. Nú er það svo, að á ríkinu hvíla ógreiddar kvaðir, sem nema mörgum tugum milljóna. Það er t. d. ljóst, að þegar ríkisstj. lét búnaðarráð kaupa upp kjötbirgðir í landinu vorið 1946, þá átti ríkisstj. þar með kjötið, því að hún kostar búnaðarráð. Kjötið seldist fyrst núna í haust, en kostnaðurinn, sem á þetta féll, hefur enn ekki verið greiddur af ríkissjóði, og þó var þarna ekki um neina stórupphæð að ræða. Í lögum um nýbýli o. fl. er svo ákveðið, að 1. júlí 1947 eigi ríkissjóður að greiða Búnaðarbankanum 5 millj. kr. í byggingarsjóð. Það er ekki enn farið að greiða þetta fé, en bankinn hins vegar hættur að lána mönnum, af því að hann hefur ekkert handbært fé til byggingarlána. Það er mælt svo fyrir í ræktunarsjóðsl., að árlega skuli leggja sjóðnum hálfa milljón króna í 10 ár, en auk þess 10 millj. í stofnfé. Það er ekki enn búið að greiða þetta og búið að loka sjóðnum, eða hætt að lána úr honum, af því að ekkert fé er til. — Það var samþ. hér á Alþ. að byggja svo kallaðan Austurveg og ákveðið að taka til þess 20 millj. kr. lán, sem greiðast átti á 7 árum. Nú eru liðin 2 ár síðan þetta var ákveðið og ekkert meir á þetta minnzt. — Þá var ákveðið á Alþ. að byggja hótel, er ríkið legði 5 millj. til. Höfðu 2 hlutafélög verið stofnuð til að reisa hér hótel, sem átti að verða miklu stærra en Hótel Borg, en þá lá ríkinu svo á að hlaupa í þennan rekstur, að ákveðið var, að það legði fram 5 millj. kr. í þessu skyni og byggði hótelið í samfélagi við bæinn og Eimskip. Það er ekki enn farið að framkvæma þau l. Ég held ég geti talið þannig upp yfir 100 millj. kr. til ýmissa framkvæmda, sem ríkið á annaðhvort ógreiddar eða hafa verið greiddar með því að taka bráðabirgðalán hjá bönkunum til að bjarga málunum. Nú geri ég ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi haft fullkominn vilja á að hlýða landsl., t. d. l. um landnám og nýbyggðir, og hafi viljað greiða þessar 5 millj., er greiða átti 1. júlí 1947, og sömuleiðis að borga þessa ½ millj. í Ræktunarsjóð, en ímynda mér, að hún hafi ekki haft kringumstæður til þess, þannig að fé sé fast í öðru eða að hún hafi ekki getað fengið lán. — Það er því mín fyrsta spurning í sambandi við þetta mál, hvort rétt sé að bæta ofan á þá fúlgu, sem fyrir er, með því að ætla ríkisstj. að taka lán til að byggja þennan togara, áður en farið er að fullnægja þeim skuldbindingum, sem löngu áður er búið að leggja á hana og hún hefur ekki séð sér fært að framkvæma. Ég er sjálfur ekki viss um, að slíkt væri rétt, og ég er a. m. k. þannig gerður sem privatmaður, að ég vil láta eldri skuldbindingar, sem ég hef tekið að mér, ganga fyrir, áður en ég tek að mér nýjar, og finnst mér, að sú regla ætti að gilda yfirleitt.

Þá kem ég að hinni spurningunni: Hver á að reka þennan togara? Muni ég rétt, þá hefur sá flokkur, sem hv. flm. frv. stendur að, ávallt verið mjög mótfallinn ríkisrekstri í öllum hans myndum og jafnvel, að ríkið hefði með höndum sölu á tóbaki og víni, þótt flm. hafi að vísu ekki verið á þeirri skoðun. Nú á ríkið að láta byggja þennan togara samkvæmt frv., en hins vegar er þar ekkert sagt um það, hverjir eigi að hafa rekstur hans með höndum, en maður gæti búizt við því, að það lægi næst, að ríkið ætti að reka hann. Nú veit ég að vísu, að það hefur orðið nokkur stefnubreyting í þessum efnum hjá flokki hv. flm., sérstaklega hvað snertir bæjarútgerð. Kemur þetta t. d. fram í því, þegar slegið er upp veizlu til að fagna bæjarrekstri Ingólfs Arnarsonar. Svona mikil sinnaskipti hafa átt sér stað í þessum efnum, því að ekki eru ýkja mörg ár síðan þessi flokkur talaði um bæjarútgerð Hafnarfjarðar sem eitthvert dæmalaust glapræði, og minnist maður hinna gulu seðla í því sambandi. Og nú er þetta frv. kannske hugsað svo, að eitthvert bæjarfélagið eigi að fá þennan togara til þess að reka hann eða eitthvert hlutafélagið, því að hér er ekki um stóra upphæð að ræða frá sjónarmiði útgerðarmanna, og hefur verið talað um, að togarinn muni kosta um 4 millj. kr. Og ef það liggur svo mikið á að láta smíða svona togara í tilraunaskyni, sem ég tel, að stefni í rétta átt, væri ákaflega auðvelt fyrir hin stærri útgerðarfélög að mynda hlutafélag til þess að kaupa hann og reka. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja: Hvernig stendur á því, að þeir menn, sem fremstir standa í útgerð hér á landi og alltaf eru að mynda ný og ný hlutafélög, taka ekki þetta þarfa mál á sínar herðar og reka þennan togara sem nokkurs konar tilraunaskip fyrir sig? Ég tel, að það vanti algerlega í frv. ákvæði um það, hvernig eigi að reka togarann. Það er ekkert gagn að því fyrir ríkið að láta byggja og eiga skip, sem svo situr í þurrkví. Það verður einnig að hugsa fyrir því, hvernig á að afla þeirrar reynslu, sem af togaranum fæst, og það verður að mínum dómi að koma skýrt fram í frv. Það, sem mig því langar til að heyra frá hæstv. fjmrh. eða hæstv. utanrrh., ef hann vill svara fyrir hans hönd, er í fyrsta lagi þetta: Er fjárhag ríkisins svo komið, að öruggt sé, að ríkissjóður geti fengið lán í þessu skyni, og ef ríkið er fært um þetta, hvers vegna hefur það ekki lagt fram fé til annarra framkvæmda, sem ríkissjóður er búinn að lofa að greiða?

Í öðru lagi: Hvers vegna er ekki hugsað um það í frv., hvernig og hverjir eigi að reka togarann? Tel ég það alveg sjálfsagt skilyrði, að ákvörðun sé tekin um þetta strax. Ég vil því beina því til viðkomandi ráðh., að hann upplýsi, hvernig hann hugsi sér þetta, því að ég geri ráð fyrir því, að hann hafi aðstöðu til að líta lengra fram í tímann en þm., eins og flm. og ég, og hafi þess vegna nú þegar, ef hann er frv. meðmæltur, gert sér grein fyrir því, hvernig eigi að hafa rekstur þessa togara. Þá langar mig til að spyrja, hvernig stendur á því, að útgerðarmenn, sem alltaf eru að mynda hlutafélög, geta ekki myndað hlutafélag til að koma þessu máli í framkvæmd, ef þeir hafa trú á því. Er það bara af því, að þeir vilja ekki ríða á vaðið, heldur vilja bíða eftir, hver árangurinn af þessu verður, án þess að þeir beri af því neina áhættu?

Að lokum vil ég svo minnast á það, að fyrir nokkrum dögum las ég það, að hinir nýju togarar, sem nú eru að koma til landsins og ríkisstj. samdi um smíði á í Bretlandi, væru beztu togarar í heimi og mundu á næstu áratugum skara fram úr öllum öðrum togurum. Ef þetta er rétt, höfum við þá ekki beztu togara heimsins, og þarf þá nokkru þar við að bæta? Og af því að ég hef ekki séð þessu mótmælt, þætti mér gaman að heyra álit hæstv. ráðh. og flm. á þessu.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. utanrrh. flytji hæstv. sjútvmrh. þessar fyrirspurnir til þess að hann geti svarað þeim fyrir 3. umr. Annars skal ég einnig koma þessu áleiðis til hans sem frsm. þessa máls og flm. Ég skal hins vegar svara nú nokkrum atriðum, sem ég veit um þetta mál. Í fyrsta lagi tel ég ekki þessa ræðu hv. 1. þm. N-M. (PZ) sem andúð gegn sjálfu málinu, þótt niðurlag hennar benti til, að ræðumaður væri ekki hlynntur útgerðarmönnum yfirleitt.

Mér finnst ekki nema eðlilegt, að fram komi spurningar um það, hvort ríkið hafi fjárhagslega getu til þess að ráðast í þessar framkvæmdir og aðrar, þegar svo mörg verkefni eru óleyst, eins og hv. þm. benti á. En ég vil benda honum á í þessu sambandi, að það kunna að vera ýmis verkefni, sem meira ríður á að leysa en önnur og meiri rétt hafa til að ganga fyrir um fjárhagslega lausn en hin, þótt eldri séu, og er ég því í þessum efnum á allt annarri skoðun en hv. þm. T. d. getur verkefni eins og það, sem hér er um að ræða, orðið beinlínis til þess að skapa fé til þess að ljúka öðrum verkefnum, eins og Austurvegi o. fl., og er því sjálfsagt að láta slík verkefni ganga fyrir. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera á mati ríkisstj. og Alþ. á hverjum tíma, hvaða verkefni eru mest aðkallandi og til hvers því fé sé varið, sem ríkissjóður hefur yfir að ráða á hverjum tíma, og hygg ég það ekki óviturlegt að láta þau verkefni, sem mest eru aðkallandi á hverjum tíma, sitja fyrir öðrum, þótt þau hafi áður verið ákveðin. Tel ég þetta mál mjög aðkallandi og að það eigi því að ganga fyrir öðrum um afgreiðslu og framkvæmd. Það kemur ekki aðeins til greina í sambandi við þetta mál varðandi útveginn, að reynslan hefur sýnt okkur, eins og hv. 1. þm. N-M. reyndist svo forspár um, að fiskurinn getur gengið til þurrðar og að við verðum að leggja áherzlu á að hagnýta aflann eins og hægt er, heldur hefur aðstaðan breytzt mjög síðan þetta mál var hér til umr. fyrir 20 árum. Menn hafa komizt að raun um, að hægt er að hagnýta meira af aflanum en nokkur gerði sér í hugarlund fyrir 20 árum, og það er hægt að hafa miklu meira verðmæti upp úr honum en þá var hægt. Auk þess hafa menn komizt að raun um, að það sé ekki hagkvæmt fyrir fiskimiðin, að niður sé kastað miklu af fiskúrgangi, þar sem mörg veiðiskip eru á sömu slóðum, og svo margt fleira hefur reynsla síðustu 20 ára kennt okkur.

Þá spurði hv. þm. um, hver ætti að reka þennan togara. Það er sjálfsagður hlutur, að svo lengi sem skipið er í eigu ríkisins, á ríkið það og enginn annar, enda eru skipinu ætluð svo margvísleg verkefni, sem ekki væri unnt að inna af hendi, ef skipið væri rekið af einstaklingum. T. d. er því ætlað að hafa með höndum hafrannsóknir, og hélt ég, að skylda væri ekki lögð á herðar öðrum en ríkinu að halda uppi slíkum vísindastörfum. Hitt veit ég, að hv. þm. er ljóst, að það eru lögð þung útgjöld á útvegsmenn til þess að standa undir alls konar opinberum kostnaði í sambandi við sjávarútvegsmál. T. d. eru lögð ákveðin gjöld á allar útfluttar sjávarafurðir. Það getur vel verið, að fiskimálasjóður reyndi að reka slíka útgerð. Það hefur verið farið inn á slíka braut áður, að fiskimálan. hefði á hendi leit að fiski. Þetta er bara þróun á þessum málum, sem á að kosta af því opinbera. Ef þessi togari reyndist eins og vonir standa til sem fiskiskip, þá er ekkert í veginum fyrir því, að ríkinu verði fengin heimild til að framselja hann einhverjum til rekstrar. En það er ríkissjóður, sem á að kosta tilraunirnar á því, hvort slíkt skip sem þetta er betra en önnur til fiskveiða eða annars. Það er miklu eðlilegra og sjálfsagðara en útvegurinn geri það, sem stendur undir miklum rekstrarbúskap og hefur tekið stærri blóðtökur en t. d. Búnaðarbankinn á sínum tíma, því að hann sá meiri nauðsyn á að byggja höll yfir sig, fyrr en hann lánaði bændum, sem þurftu á fé að halda.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri ekki langt síðan hann hefði heyrt, að útvegsmenn hefðu skotið saman einni milljón til að bjarga félaga sínum. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur það, en held, að hér sé eitthvað málum blandað. Mér er kunnugt um einn útgerðarmann, sem einmitt vegna skattpeninganna komst í þá aðstöðu, að ekki var um annað að ræða en að bankarnir gerðu hann upp miskunnarlaust eða að hann fengi hjálp. Útvegsmenn hjálpuðu, og það án þess að fórna nokkru, hvorki einni milljón né öðru. Annars kemur þetta ekkert því máli við, sem hér er til umræðu.

Ég skal ekki ræða um það atriði í ræðu hv. 1. þm. N-M., hve miklu fé sé varið í veizlur við móttöku nýju togaranna. Það er algerlega

einkamál milli hans og þeirra, sem standa fyrir þeim veizlum. Annars held ég, að þær séu ekki kostaðar af ríkinu og kemur því þessu ekkert við.

Hv. þm. spyr, hvernig standi á því, að útvegsmenn taki ekki þetta togaramál upp á sína arma. Ég vil í því sambandi endurtaka það, sem ég sagði áður, að ég er á þeirri skoðun, að ríkið eigi að standa straum af slíkum rannsóknum sem þessum, alveg eins og gert hefur verið í rannsóknum varðandi jarðræktarmál, og hefur hv. þm. ekki haft neitt á móti því. Ég skal ekki segja um það, hvort slíkar tilraunir gefa ríkinu meiri arð. En sú tilraun, sem hér um ræðir, er hliðstæð öðrum tilraunum, sem gerðar hafa verið einmitt í því augnamiði að rannsaka möguleika á, að ríkið fái meiri arð. Ég veit ekki betur en hv. 1. þm. N-M. sé á launum frá ríkinu til að gera vísindalegar tilraunir á sviði landbúnaðarins. Mér finnst því sem hér hafi orðið stefnubreyting hjá honum, því að ekkert hefur hann við það að athuga, og mér sýnist, að tilraunir sem þessar megi miða við fleira en kýr og hesta og gras.

Þá gat hv. þm. þess, að hann hefði heyrt fyrir fáum dögum því haldið fram, að nýsköpunartogararnir væru þeir beztu í heimi. Það er alveg rétt, og ég fullyrði, að svo sé, en ég er ekki svo steingerður, að ég haldi því fram, að hér eigi að nema staðar. Ég vil bara segja, að það er ekki rétt að fela slíkum manni rannsóknastörf í þágu landbúnaðarins, sem hættir öllum frekari aðgerðum, ef nytin úr einni kú verður meiri en nokkru sinni hefur áður þekkzt. Annars trúi ég ekki, að hv. 1. þm. N-M. sé þessarar skoðunar, að hann vilji hætta öllum frekari tilraunum til bóta, þótt hann nái góðum árangri. Í orðum hv. þm. fannst mér leggja kala til þessa máls, en hann fær engan í lið með sér, hann fær engan til að trúa því, að þótt íslenzku togararnir séu þeir beztu í heimi, þá sé nauðsynlegt að hætta öllum frekari tilraunum til bóta. Á sínum tíma vildi ég, að einn af nýsköpunartogurunum yrði úr garði gerður eins og hér er fjallað um, en það þótti þá ekki tímabært, en síðan hefur ýmislegt gerzt, sem réttlætir þetta frv. Þjóðverjar hafa farið inn á sömu braut og hér er gert ráð fyrir í frv. og Englendingar nokkuð. Þótt það sé á nokkuð annan veg, þá er það mjög skylt. En það, sem hér er þyngst á vogarskálinni, eru einkum tvö atriði: meira öryggi og vinnuvernd fyrir mennina. Ég trúi því ekki, að hv. 1. þm. N-M. meti það lítið öryggi sjómannanna, að hann vilji leggja stein í götu, svo að þeir verði ekki þessa öryggis aðnjótandi. — Hin ástæðan er sú, að öll rök renna undir, að það sé hægt að reka slíkt skip sem þetta með meira fjárhagslegu öryggi en önnur. Þar er hægt að koma fyrir fleiri vinnuvélum og hagnýta betur aflann. Það eru þessi sjónarmið ein, sem eiga að ráða. Vitanlega verður þetta að vera vel undirbúið, og það er á valdi ríkisins, hvenær undirbúningur hefst, hvort það verður strax eða síðar. Það er og sjálfsagður hlutur, að þarna verði kvaddir til færustu menn til athugunar og undirbúnings, sem ég geri ráð fyrir, að muni ekki standa skemur en eitt ár. Það væri þá hægt að flytja málið á ný fyrir þingið, ef eitthvað nýtt kæmi upp í sambandi við lántökur og fjárveitingar.

Ég tel það illa farið, ef hv. alþm. fara að sjá eftir því fé, sem á að auka öryggi íslenzkra sjómanna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Barð. fyrir upplýsingarnar, sem hann hefur gefið. Ég skil nú, hvað fyrir honum vakir, að þessi togari á að vera ríkisfyrirtæki, en hann á enn eftir að gera það upp við sig, hvort ríkið hafi fé til þess arna.

Hv. þm. fór að tala um Búnaðarbankann og landbúnað, málefni, sem koma þessu, sem hér er verið að ræða um, ekkert við. Hann talaði um vísindastarfsemi mína. Hún hefur aldrei verið til, og það hefur aldrei verið ætlazt til þess af mér í starfi mínu hjá Búnaðarfélagi Íslands. Atvikin hafa þó nokkrum sinnum borið upp í hendurnar á mér lausn atriða, sem áður voru ókunn, og hef ég þá ritað um þau t. d. í erlend sérfræðingarit, eins og um arfgengi ýmissa kvilla, og getur hv. þm. lesið um það þar.

Ég fæ ekki betur séð en nauðsynlegt sé að leggja ákveðinn grundvöll um rekstur þessa togara. Um það er ekkert í frv. Ég vil því skora á sjútvn. að athuga það gaumgæfilega. Ef ætlazt er til, að ríkið reki skipið, verður það að koma skýrt fram í frv. Ef hins vegar þetta á að vera styrkur til einstaks manns, sem reka á skipið, verður það einnig að koma skýrt fram. Þegar maður ætlar að gera eitthvað, verður maður alltaf að hugsa til enda það, sem gera á, en ekki bara um byrjunina. Það verður þess vegna að ákveðast, hver á að reka slíkan togara, sem á að kosta fjórar millj. króna. Ég hef aldrei verið hræddur við ríkisrekstur, eins og sumir aðrir, og get því vel fallizt á, að ríkið reki þetta skip, en það verður bara að koma skýrt fram, að svo eigi að vera.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þessar umr., en ræða hv. 1. þm. N-M. gefur mér tilefni til að segja nokkur orð. Ef á að skilja tal hans hér sem andstöðu við frv., þá er sú andstaða eitthvað dulbúin. En mér skilst nú samt, að þetta sé líkara tilraun til gagnrýni á frv. en beinni andstöðu. Eins og komið hefur fram hjá hv. flm. í þessum umr., þá er hér aðeins um tilraun að ræða. Það er alveg ástæðulaust að vera að krefjast þess, að inn í frv. verði sett skýr ákvæði um það, hverjir eigi að reka togarann, því að það er óbeinlínis sagt í frv. Í grg. er ætlazt til þess, að skipið verði notað til fiskirannsókna, en slík starfsemi fer ekki fram nema á vegum ríkisins. Þar er og gert ráð fyrir þjörgunarstarfsemi, en hún er einnig á vegum ríkisins. Þetta tvennt bendir til þess, að ætlunin í frv. sé sú, að ríkið hafi allan veg og vanda af rekstrinum. Ég tek undir það með hv. flm., að ef skipið á að rannsaka og leita að fiskimiðum, þá er

ekkert eðlilegra en að ríkið standi straum af þeim rannsóknum, sem eru til hagsmuna fyrir þjóðarheildina. Þegar ég tók afstöðu til þessa máls, réð miklu um sú skoðun mín, að brýn nauðsyn væri öflunar nýrra fiskimiða. Við þöfnumst nauðsynlega fiskirannsóknaskips, og þetta skip gæti hæglega haft slíkt starf með höndum.

Hv. þm. var að tala um, að ríkið hefði svo margt á sinni könnu, að hæpið væri, að það gæti staðið undir þeim fjárútlátum, sem hér er krafizt. Það væri svo margt ógert, sem ríkissjóður yrði að standa straum af. Það má alltaf segja sem svo, en ég hef ekki orðið var við annað en að hv. þm. — og þá hv. 1. þm. N-M. ekki síður en aðrir — hafi gert kröfur um fjárframlög úr ríkissjóði, þótt aðrar kröfur væru fyrir. Ég held, að við Íslendingar verðum alltaf hvað atvinnuveg snertir dæmdir sem fiskveiðaþjóð. Því meiri framkvæmdir og framfarir sem verða í þessum atvinnuvegi okkar, því meiri nýjungar sem við tökum upp, verður það til þess að vekja eftirtekt og aðdáun hjá öðrum þjóðum á þessari litlu þjóð. Mér þykir hryggileg afstaða hv. 1. þm. N-M., ef skilja á mál hans hér áðan sem andstöðu við frv. Það er eins og þegar talað var um smíði hinna 30 nýju togara, að þá andaði köldu til þessa úr sömu átt. Ég sagði þá þessum hv. þm., sem kunningi, að honum væri hollara að vara sig. Nú er komið á daginn, að það, sem þá var gert, var gert á réttum tíma, því að nú hefur skipaverð hækkað gífurlega frá því, sem þá var, svo mikið, að við megum prísa okkur sæla. Ég er þeirrar skoðunar, að ekkert beri að spara til þess að við fáum sem fullkomnasta togara, því að þeir munu verða okkar lífakkeri í framtíðinni. Reynslan mun sýna það. Það væri kaldhæðni, ef maður úr flokki bænda mundi nú setja sig upp á móti lagafrv., sem miðaði að bættum togaraflota, bættu öryggi fyrir sjómenn og meiri vinnuafköstum, þegar bændur sjálfir skilja það mætavel, að þessi atvinnuvegur lyftir undir þeirra eigin atvinnuveg, og eru því hlynntir því, að hagur útvegsins verði sem beztur.

Ég vona að lokum, að þetta frv. fari umræðulítið gegnum þessa hv. d. Ég er sannfærður um, að við munum hafa sóma af þessari tilraun. Við lifum á tímum tækni og framfara, og þótt eitthvað sé fullkomið í dag, getur annað orðið fullkomnara á morgun. Það er alltaf eitthvað nýtt að koma fram, og lífið sjálft heimtar, að tekið sé fullt tillit til allra nýjunga.

Ég vil loks segja það, að ég hef tekið persónulega afstöðu til þessa máls, en allur þorri umbjóðenda minna er því sammála. Það er af sérstökum ástæðum, að ekki hefur verið hægt að halda fund um málið. Menn geta ekki verið á móti því að skapa eins fullkomið öryggi og unnt er. — Ég vænti þess, að þm. skilji, að þetta er ekki mál til að pexa um, og vona, að málið gangi fram.

Páll Zóphóníasson: Ég skil ekki, þegar ég bendi á, að þegar hvíla 100 millj. kr. á ríkissjóði vegna útvegsins og spyr, hvort rétt sé að setja á 4 millj. kr. til, þá rísa upp tveir hv. þm. og segja, að ég sé að fjandskapast við sjávarútveginn. Ég benti þó á, að þetta væri til bóta. Enn fremur, er ég vil fá að vita, hver eigi að annast reksturinn, þá segir annar ríkið, en hinn fer hjá sér. Ég bið þá að athuga, hvað þeir segja. Þetta er ekki annað en hysteria.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skil ekki hv. 1. þm. N-M. í þessu máli. Það er engu líkara en að hann hafi ekki lesið þingskjalið. **(PZ:** Það hef ég ekki heldur gert.) Það má fyrirgefa honum, þegar hann viðurkennir, að hann hafi ekki lesið þskj. En þegar hann man ekki, hvað sagt er við hlið hans, þá er það orðið lakara. Ég sagði, að ég skoðaði ummæli hans ekki sem kala til málsins. Nú segir hann það. Ég sagði, að það bæri svip af ofurlitlum kala, en svo snýr hann þessu við. Þá segir hann, að ég fari hjá mér viðvíkjandi því, hver eigi að reka skipið, en ég hef sagt, að eigandinn ætti að gera það. En eins og sjá má á þskj. 174, leggur Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda til, og leggur sérstaka áherzlu á það, að skipið verði byggt með það fyrir augum, að það verði notað sem leitarskip fyrir fiskiflotann og jafnframt sem hafrannsóknaskip á djúpmiðum. Síðan benti ég á fordæmi, að fiskimálasjóður hefði staðið að slíkum rannsóknum. Ég hef aldrei talað um styrk til útgerðarinnar, en hins vegar sagði ég, að eðlilegast væri, að ríkið héldi uppi tilraununum.

Viðvíkjandi því, hvort uppfylla ætti ný loforð fyrr en eldri, sagði ég, að það gæti verið sjálfsagt að gera það — og þá það fyrr, sem gæfi meiri arð.

Þá vil ég loks benda hv. þm. á það, að ráðh. óskaði þeirrar breyt. á 1. gr. frv., að ríkissjóði væri þetta heimilt, en það ekki ákveðið. Þetta var varfærni, sem n. samþykkti að taka tillit til. Bara einn nm. vildi láta samþykkja frv. óbreytt, en n. féllst annars á þá breyt., að það yrði á valdi ráðh., hve langt yrði gengið, í trausti þess, að á næsta ári yrði tæknilegum undirbúningi lokið. Ef til vill leiðir sá tæknilegi undirbúningur í ljós, að þetta sé ekki fært, en ég geri ráð fyrir, að ráðh. velji beztu sérfræðinga til þessarar rannsóknar, innlenda og erlenda, og þá sést, hvort rétt er að fara inn á þetta.

Þá vil ég loks benda á það í sambandi við nýsköpunartogarana, að n., sem fyrst fór, átti að óska tilboða í beztu tegund, sem Bretar þekktu þá. N. fékk þessi tilboð, en það var ekki nóg, því að Íslendingar vissu betur. Það þurfti þá átök til þess að fá Breta til þess að skilja þetta, en nú skilja þeir það og hafa sagt, að þeir færu inn á sömu braut, þegar þeir hefðu ráð á að byggja líka. Það er vert að taka hverri góðri hugmynd, hvaðan sem hún kemur.

ATKVGR.

Brtt. 174,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 174,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 195).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja brtt. við þetta frv., og er hún eðlilega skrifleg, þar sem málið er tekið fyrir áður en tími hefur unnizt til að fá till. prentaða. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo: Skal tæknilegur undirbúningur hafinn svo fljótt sem verða má, en að honum loknum skal málið að nýju lagt fyrir Alþingi, er þá tekur nánari ákvarðanir um byggingu togarans og framtíðarrekstur.“

Þetta byggist á tvennu. Í fyrsta lagi liggur ekkert fyrir um það, hvort ríkissjóður hafi fé í þetta nú, og ekki heldur, hvort hægt sé að fá lán. En þegar hins vegar að því kemur, að tæknilegum undirbúningi er lokið, sem hv. þm. Barð. hefur sagt, að taka mundi 2 ár eða nálægt því, og málið þar með liggur ljóst fyrir, þá mun sjást betur, hvaða ástæður verða fyrir hendi til að framkvæma þetta.

Hin ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að nú er verið að byggja líka togara og hér er gert ráð fyrir í Englandi og hugsað til smíði á sams konar togurum í Þýzkalandi. Þegar tæknilegum undirbúningi þessa máls er lokið, eru miklar líkur fyrir, að nokkur reynsla verði fengin á þeim togurum, sem Englendingar eru að byggja og Þjóðverjar undirbúa að byggja, en sú reynsla gæti orðið okkur mikils virði.

Ég álít málinu ekki spillt, þó að það sé látið bíða, þar til tæknilegur undirbúningur hefur farið fram, og auk þess liggja þá þessi tvö atriði fyrir, sem málið byggist í raun og veru mikið á. Af þessum ástæðum leyfi ég mér að flytja þessa brtt. og vænti, að hún verði samþ.

Forseti (BSt): Það hefur borizt skrifleg brtt. frá 1. þm. N-M., en fyrir henni þarf tvöföld afbrigði vegna þess að hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 199) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki fallizt á brtt. þm. N-M., og liggja til þess tvær ástæður. Í fyrsta lagi hefur orðið samkomulag um þetta mál í sjútvn. á þeim forsendum, að því yrði hraðað, og einn nm. beinlínis sett það sem skilyrði fyrir sínu samþykki. En auk þess er ljóst af brtt., að þm. N-M. hefur alls ekki sett sig inn í þetta mál, og ég leyfi mér að efast um, að hann hafi lesið þskj., eða hafi hann gert það, hefur hann algerlega misskilið innihald þess. Hins vegar er ljóst, að brtt. er fram komin ákaflega mikið vegna þess, að þessi hv. þm. hefur ekki sett sig inn í þessi mál, hvorki lesið málsskjölin né tekið eftir því, sem sagt hefur verið um málið hér í hv. d. Hann heldur því fram, að ég hafi sagt, að tæknilegur undirbúningur undir þetta mál muni taka tvö ár. En ég sagði, að tæknilegum undirbúningi í þessu máli ætti að ljúka á árinu 1948. Og öll framkoma þessa hv. þm. í málinu mótast af því, að hann hvorki les þau gögn, sem liggja fyrir um málið, ná hlustar á umr. um það, svo að hann afvegafærir alla vega atriði málsins og kemur ekki nærri sannleikanum um það. — Ég vil í sambandi við tæknilegan undirbúning þessa máls taka fram: Í fyrsta lagi er það einn liður í tæknilegum undirbúningi að leita tilboða um smíði skipsins. Nú skulum við athuga það, að ef till. eins og sú, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., gæti það tafið málið mjög mikið, því að frá því að tilboð er gert, sem er einn þáttur í tæknilegum undirbúningi málsins, af fá tilboð, og þangað til þing kemur saman og samþykkir frv. um málið, getur liðið alllangur tími. Þetta er því fjarstæða, sem hv. 1. þm. N-M. heldur fram. En ef hins vegar tilboð, sem fengist í byggingu slíks skips, sýndi, að ráðh. og þeir, sem hann ræddi um þetta mál við, álitu ekki heppilegt, annaðhvort vegna fjárskorts eða af öðrum ástæðum, að láta smíða skipið samkvæmt því tilboði, mundi ráðh. sjálfsagt aldrei nota heimildina. Og það er einkum með þessum skilningi hjá sjútvn. og mér sem flm. frv., að lagt er til, að frv. verði samþ. þannig, að ráðh. láti framkvæma þetta svo fljótt sem ástæður leyfa.

Um það, sem hv. þm. sagði, að í öðrum löndum væri verið að byggja sams konar skip, vil ég taka fram, að ég hef fylgzt vel með því, sem gert hefur verið í þessu efni í Englandi. En þær tilraunir fóru nokkuð inn á aðrar brautir. Hins vegar er mér ekki kunnugt um, hvað gerzt hefur í þessu efni í Þýzkalandi. En ég sé ekki ástæðu til að bíða eftir því að sjá, hvað þar gerist í þessu máli, m. a. af því, að sú þjóð er hneppt í fjötra og á þess vegna kannske ekki eins frjálsar hendur um þessi efni.

Ég legg til, að brtt. á þskj. 199 verði felld, en frv. eins og það er á þskj. 195 verði samþykkt.

Eiríkur Einarsson: Það er fjarri því, að ég ætli að blanda mér í þessar umr. að því er snertir málefnið sjálft. En það, sem olli því, að ég kvaddi mér hljóðs, var einungis orðalagsatriði. Ég kann ómögulega við að láta 1. gr. frv. byrja eins og hún nú er: „Ríkissjóði er heimilt að láta smíða í tilraunaskyni“ o. s. frv. Sá, sem heimila á þarna, er ekki ríkissjóður, heldur ríkisstj. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram brtt. í þá átt, að þessu verði breytt, þannig að í staðinn fyrir „ríkissjóði“ komi: ríkisstjórninni. Því að ríkisstj. mundi láta smíða þennan togara á kostnað ríkissjóðs.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Árn. (EE), um að upphaf 1. gr.

frv. verði: „Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða“ o. s. frv. — Fyrir þessari brtt. þarf tvöföld afbrigði. Hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 200) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér leizt strax þannig á þetta mál í upphafi, að það ætti hinn fyllsta rétt á sér. Af umr. hafa mér svo orðið ljósari ýmis atriði málsins, og tel ég, að margt, sem fram hefur komið í umr. um málið, bendi til þess, að þetta mál sé fyllilega tilrauna vert. Þó að það sé staðreynd, að við Íslendingar eigum kannske fullkomnustu togara heimsins, þá er ástæða til þess, að við reynum þrátt fyrir það að umbæta flota okkar enn þá betur. Og þetta er vissulega hugmynd, sem gengur í þá átt. Ástæðan til þess, að ég tel ástæðu til þess, að slík tilraun sé gerð, er fyrst og fremst sú, eins og hv. flm. komst að orði í umr., að gera tilraun til þess að auka íslenzkum sjómönnum meira öryggi. Ég álít ákaflega vafasamt, hvort þessi tilraun, þótt vel heppnaðist, yrði til þess, að við eignuðumst sjóhæfari skip en þá togara, sem við nú eigum. Það er ekki fyrst og fremst undir stærð skipanna komið, hvernig þau reynast sem sjóskip. En þrátt fyrir það, að togarar okkar séu fullkomnustu og glæsilegustu skip, þá er vert að gera tilraun um smíði á skipum, sem geti gert verðmætt nálega allt, sem á skipið kemur af afla, en nú verður að fleygja verulegum hluta af. Ég skal svo aðeins taka fram, að ég felli mig vel við brtt. hv. 2. þm. Árn. og tel hana til bóta. Um brtt. hv. 1. þm. N-M. vil ég segja það, að ef hún yrði samþ., hefði ég talið langeðlilegast, að 2. gr. frv. hefði verið felld niður, því að ef sú brtt. yrði samþ., ætti málið að koma fyrir Alþ. aftur, áður en tilraunin væri gerð. Og þá væri ekki ástæða til að heimila ríkisstj. að taka allt að 4 millj. kr. lán fyrir hönd ríkissjóðs til framkvæmda á þessu. Ég get ekki séð, að frv. þetta yrði fugl eða fiskur, ef brtt. hv. 1. þm. N-M. yrði felld inn í þetta frv. Mun ég því ekki sjá ástæðu til að ljá henni atkv. mitt, þrátt fyrir það að mér þyki málsgr., sem brtt. er við, nokkuð einstrengingsleg, þar sem ákveðið er með orðalagi hennar, að tæknilegum undirbúningi skuli vera lokið á árinu 1948. Þætti mér rétt að hafa rýmra orðalag á þeirri gr., í því trausti, að þetta verði framkvæmt svo fljótt sem unnt er. Að binda þetta við vissan tíma, finnst mér óheppilegt, þegar ekki er vitað, hve umfangsmikill þessi undirbúningur verður. Ég hefði í raun og veru talið, að málið biði ekkert tjón, þó að málsgr. hefði verið breytt að því leyti að hafa þetta tímatakmark eitthvað rýmra. Það ætti alls ekki að þurfa að verða til þess, að dráttur yrði á framkvæmd málsins, þó að þetta væri rýmra, þó að ekki væri eins djúpt tekið í árinni og eftir brtt. hv. 1. þm. N-M.

Ég mun fylgja þessu frv. nú, sérstaklega af því, að það er í aðgengilegra formi en það var í, þegar það var lagt fram. Nú er það í heimildarformi, en áður var það ekki í því formi.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það kom til orða í n. að gera þessa brtt., sem hv. 2. þm. Árn. hefur borið fram, og að það þætti kannske eðlilegra að hafa það orðalag. En við samanburð á þessu við eldri l., t. d. um Síldarverksmiðjur ríkisins, þá sást, að þar var þetta orðalag: „Ríkissjóði er heimilt að láta smíða“. Það kom líka til orða að hafa það þannig: Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs o. s. frv. Ég er ekki á móti því að samþykkja þessa brtt. hv. 2. þm. Árn., ef hv. þd. þykir ástæða til.

Um aths. frá hv. 3. landsk. þm. (HV) vildi ég mega segja, að ég persónulega legg enn þá meira upp úr öryggi skipanna en þó hinu atriðinu, sem hann minntist á. Það er að vísu ljóst, að það kemur ekki undir stærð skipanna, hvert öryggi þeirra er fyrir sjómennina, en það er hins vegar mjög mikið komið undir borði fyrir báru, sem skipin hafa, hvort þau eru góð sjóskip eða ekki. Og það er ljóst, að þetta skip fengi a. m. k. þrefalt borð fyrir báru á við önnur skip af sömu stærð. Auk þess er ljóst, að slysahætta á slíku skipi, sem hér er gert ráð fyrir, mundi verða margfalt minni en á öðrum, þó að ekki sé til tekið nema af vírum. Og í þriðja lagi er það, sem ég legg ákaflega mikið upp úr, að mögulegt er með þessu móti, sem hér er gert ráð fyrir, að skapa aðstöðu til að vinna undir þaki, svo að sjómenn þurfi ekki að vera ofan þilja við vinnu, berskjaldaðir fyrir veðri og vindi. Þetta atriði og hitt líka, að geta unnið sem bezt úr aflanum, er fyrir mér mikið atriði. En meginatriðið fyrir mér er þó öryggið fyrir sjómennina.

ATKVGR.
Brtt. 200 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 199 felld með 9:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 201).
Á 39. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera fram komið. Það er enginn efi á því, að það er mjög þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga, að tilraunir séu gerðar á þessu sviði, og þar sem stjórnarfarsástandið er því miður þannig, að ekki er haldið áfram innkaupum á togurum, er þó mikill munur, að tilraun skuli verða gerð með þessu móti, ef frv. verður samþ., til þess að útbúa nýtízku togara fyrir okkur. — Ég vil því vænta þess, að frv. gangi gegnum þ. og að hæstv. ríkisstj. mætti sem fyrst hagnýta sér þessa heimild. Það hefði verið æskilegt, að hæstv. fjmrh., sem um leið er sjútvmrh., hefði verið hér viðstaddur, þannig að yfirlýsing hans hefði fengizt um, að þessi heim-

ild yrði notuð og að ekki mundi standa á þessum 4 millj. kr., sem ráðgert er, að þurfi í þessu skyni, en ég er hræddur um, að sé það minnsta, sem hægt sé að komast af með.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 368).

Frsm. (Pétur Ottesen): Í nál. á þskj. 368 er gerð grein fyrir þeirri athugun, sem mál þetta hefur fengið, bæði í hv. Ed. og líka í meðferð sjútvn. þessarar hv. d. Og sömuleiðis er þar gerð grein fyrir þeim breyt., sem orðið hafa á frv. við meðferð málsins í hv. Ed., sem aðallega eru fólgnar í því, að þessu frv. hefur verið breytt í heimildarform, þannig að framkvæmd málsins er eftir frv., eins og það nú er orðið, algerlega í höndum ríkisstj. og samkvæmt því, sem hún ákveður.

Sjútvn. blandaðist ekki hugur um það, að hér væri um mjög athyglisverða og gæti verið um mjög merkilega nýjung að ræða með smíði togara af þessari gerð. Og sama álit hafa látið í ljós fulltrúar félagssamtaka, sem náðst hefur til og miða starfsemi sína við sjávarútgerð og önnur mál, sem þar að lúta. Og þar á meðal hafa þeir, sem standa fyrir björgunarstarfsemi í landinu, einnig látið álit sitt í ljós um þessa skipagerð.

Eftir því, sem upplýst er, er nú í Þýzkalandi verið að vinna að byggingu togara einmitt af þessari gerð. Og með sérstöku tilliti til þess, að hér er um alldýra framkvæmd að ræða, sem er á tilraunastigi, þá bendir sjútvn. í nál. á ummæli, sem felast í álitsgerð Fiskifélags Íslands og lúta að því, að áður en ráðstafanir séu gerðar um byggingu slíks skips af hálfu Íslendinga, þá væri rétt fyrst og fremst að kynna sér þetta mál nokkru nánar og auk þess að fá nokkra reynslu af skipum af slíkri gerð, áður en ráðizt yrði í byggingu slíks skips af Íslendinga hálfu. Sjútvn. tekur undir þetta, um leið og hún leggur áherzlu á það, að athugun á máli þessu verði haldið áfram og fylgzt gaumgæfilega með þeim framkvæmdum, sem um er að ræða af annarra hálfu í þessu efni. Jafnframt því sem n. bendir á þetta, leggur hún eindregið til, að þetta frv. verði samþ., svo að fyrir liggi slík heimild, sem í frv. felst. Íslendingum er það að sjálfsögðu mesta nauðsynjamál að fylgjast með á þessu sviði sem öðrum í þeim efnum, sem gætu leitt til hagkvæmari rekstrar í sjávarútvegsmálum, eins og menn gera sér vonir um í sambandi við slíka togara, sem hér er um að ræða. Sem sagt, sjútvn. leggur til, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 384).

---

43. Innflutningur búfjár.

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um innflutning búfjár** (þmfrv., A. 156).

Á 29. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð um þetta mál. Það lá fyrir þessari d. í fyrra og var afgr. frá henni, en dagaði uppi í Nd. Nú er það flutt aftur eins og það fór frá henni. Er það borið fram að ósk hæstv. landbrh., sem sendi n. það til flutnings. Ég skal bara minna á það, að þau ákvæði, sem eru í þessu frv. um innflutning búfjár, eru öll til að skerpa verulega það öryggi og eftirlit, sem á að vera með innflutningi búfjár, og jafnframt að skapa grundvöll fyrir, að það sé hægt að framkvæma það, en í því efni er mjög áfátt nú. Eftir að frv. var á ferðinni í fyrra, hefur það gerzt, að ríkið hefur keypt Engey og vafalaust hugsað sér hana sem framtíðareinangrunarstað fyrir innflutta gripi, hverjir sem þeir kunna að verða á ýmsum tímum.

Ég geri ráð fyrir, að þar sem málið var rætt svo mikið í fyrra, einkum þó í sambandi við annað frv., að ekki þurfi að ræða það mikið nú. Þar sem það er flutt af n., sé ég enga ástæðu til að vísa því til n. aftur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þegar við þessa umr. lýsa yfir, að ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með þessu frv. Það er alltaf að koma skýrar og skýrar í ljós, hvílík fásinna það var, sem átti sér stað, þegar farið var að flytja erlendan fénað til landsins, því að það hefur bakað ríkissjóði milljónaútgjöld, t. d. hátt á 5. millj. kr. á þessu ári, og því verður ekki á móti mælt, að þessi ófarnaður stafar af innflutningi erlends fjár, sem ekki var gætt nægilega mikillar varúðar við. Meðan Magnúsar Einarssonar dýralæknis naut við, var það eitt af hans mestu áhugamálum og baráttumálum að standa á móti því, að erlent fé yrði flutt til landsins. Honum tókst líka að forða landinu frá því stórkostlega tjóni, sem varð á síðari árum, eftir að gefið var eftir um þessar reglur, mest í tíð Hannesar Jónssonar dýralæknis. Nú segir í þessu frv., að það skuli gæta sterkrar varúðar, féð verði einangrað o. s. frv., en það er sjáanlegt, að ef það bregzt, þá er

voði fyrir höndum. Reynslan hefur sýnt, að engin plága, sem komið hefur yfir Ísland, hefur orðið því eins dýr og þessar sauðfjárdrepsóttir, sem kosta landið árlega 5—10 millj. kr., og er þar að auki búin að eyðileggja helming þeirrar atvinnu, sem íslenzkur landbúnaður byggist á. Og þegar þannig er komið, þá kalla ég, að það sé mikill kjarkur, að menn skuli leyfa sér, og það heil n., að flytja inn dýr, til þess að ríkið þurfi að setja upp stofnun og standa undir, kannske til að viðhalda þessu ástandi í áratugi.

Ég vil aðeins benda á í sambandi við 6. gr., að þar er gert ráð fyrir að flytja inn hunda og refi og rækta ránd*ýr*. Ég veit ekki betur en bannað sé að hafa hér hunda. Ég skil ekki, hvaða ástæða er til, að ríkið fari að leggja í kostnað við að einangra hunda og eyða gjaldeyri í að flytja þá inn, meðan okkur vantar nauðþurftir vegna gjaldeyrisskorts. Sama er að segja um refina. Að vísu er hér loðdýrarækt, en árangurinn hefur ekki orðið sá, að æskilegt virðist að flytja áfram refi inn í landið. Um *minkana* þarf ekki að tala. Þeir eru komnir um allt land, og nú er talað um að greiða mikil verðlaun fyrir hvern villtan mink, sem drepinn er, vegna þess tjóns, sem hann gerir á fugli og fiski, og á sama tíma er ríkið að tala um að standa undir því að flytja slík dýr inn.

Ég skal ekki fjölyrða um málið frekar, en vil lýsa yfir, að ég er eindregið á móti frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það þarf talsvert mikinn kjark til þess að tala eins og sessunautur minn, hv. þm. Barð., gerði nú. Hann segir, að það þurfi kjark til að flytja þetta frv. Það er svo. Veit hann, hvað er nú að gerast í landinu í þessum málum? Veit hann, að á s. l. ári voru fluttir inn 25 minkar? Hvað gat yfirdýralæknir gert til að ganga úr skugga um, að þeir væru ekki hættulegir? Jú, hann sagði við eigendurna: Reynið þið að einangra þá og gá, hvort þeir eru veikir. — Veit hann, að á s. l. ári voru flutt inn á annað hundrað hænsni? Veit hann, hvað yfirdýralæknir sagði þá: Reynið þið, góðarnir mínir, að einangra þau sjálfir. Veit hann, að á s. l. ári voru flutt inn 5 þús. egg til útungunar? Hvaða kontrol hefur verið með því, að ekki bærist veiki með þessum innflutningi? Veit hann, að yfirdýralæknir, sem á að hafa eftirlit með þessum innflutningi, hefur enga aðstöðu til þess? Það er ekki langt síðan hundar komu hingað til lands með erlendum sendimönnum. Hann gat beðið þá að passa þá í stofunni sinni. Hann gat ekki einangrað þá. Öll löggjöf, sem til er um þetta efni, er svo götótt, sérstaklega að því leyti, að ekki er lögð upp í hendurnar á yfirdýralækni nein aðstaða til að geta framkvæmt einangrun dýra. Þetta frv. er því til að skerpa þetta eftirlit, og það er ekki nema byrjun. Ég álít, að álitamál geti verið, hvort ekki ætti að fyrirskipa einangrun þeirra á Keldum, en það er látið óákveðið í frv., en bent á eyjar, sem vel getur verið réttara, þegar um mörg dýr er að ræða, en Keldur vafalaust heppilegri, ef og þegar um einstakar skepnur er að ræða. En þetta er staðreynd, að það eru til þrenn l., sem gilda um innflutning búfjár, og til þess að flytja inn þarf leyfi ráðh., og þó eru skepnur fluttar inn án þess að spurt sé um leyfi. Hingað koma hundar svo að segja með hverjum einasta sendiherra. Það er vegna þessa, sem gera þarf ráðstafanir til, að ekki stafi hætta af hundum. Það var lagt til á sínum tíma að hafa stranga einangrun, m. a. af mér. Ég lagði til, að fé, sem flutt var inn, væri haft í einangrun í eyju í tvö ár, áður en það kæmi í land. Það var ekki gert, og af því súpa menn svo seyðið, þar sem fjárpestirnar eru. Nú er verið að ganga svo frá, að ekki komi að sök, þótt fluttar séu inn skepnur. Þó segir hv. þm., að það þurfi kjark til að bera fram svona frv. Ég segi, að það þurfi kjark til að halda áfram því ófremdarástandi, sem nú gildir um innflutning búfjár. Yfirdýralæknir á að sjá um eftirlitið, en hann er ekki látinn hafa neina aðstöðu til þess. Úr því er verið að bæta með frv. Það þarf kjark til að standa á móti því, að Sigurður Hlíðar geti séð um, að sjúkdómar berist ekki inn í landið með dýrum, og segja, að hann skuli bara gera það heima í stofunni hjá sér, þar skuli hann einangra hina innfluttu gripi. Þú færð þúsund krónur í skrifstofufé, og notaðu þær til að einangra, svo að skepnurnar smiti ekki. — Það þarf kjark til að búa þannig að mönnum. Til hins þarf ekki kjark, *að reyna að koma hér á því öryggi, sem* er til staðar í öllum sæmilegum menningarríkjum, og skapa þá aðstöðu, að yfirdýralæknir geti framkvæmt það, sem honum er sagt að gera, með löggjöf. Hvers vegna kom svínapest til landsins? Hvers vegna kom hundapest til landsins, svo að þurfti að drepa hunda í mörgum sveitum og heilli sýslu? Af því að ómögulegt var að hafa eftirlit með því, að nauðsynleg einangrun ætti sér stað, þar sem engin aðstaða var til þess. Það er engin aðstaða til, að yfirdýralæknir geti haft þetta eftirlit, en það er það, sem fyrst og fremst er reynt að bæta úr með þessu frv., að yfirdýralæknir geti framkvæmt sína embættisskyldu, sem honum er ómögulegt nú. Á þessu er misskilningurinn byggður hjá hv. þm., og ég veit, að þegar hann athugar, hvernig frv. er til komið, þá sér hann, að frv. er ekki um að flytja inn skepnur, heldur til að skapa harðara aðhald og betra eftirlit með þeim innflutningi, sem á sér stað, hvort sem við viljum eða ekki, oft í óleyfi allra.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Ed., 10. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) taldi, að andmæli mín gegn þessu frv. byggðust á misskilningi. Hann benti á, að gildandi l. um þessi ákvæði væru þannig, að ekki væri við þau unandi, og að þetta frv., ef að l. yrði, væri til mikilla bóta á ríkjandi ástandi í þessum efnum. Um þetta get ég verið sam-

mála, en mér finnst, að þegar þetta frv. er hér á ferðinni, eigi hv. dm. að gera sér ljóst, hvort þeir vilji, að haldið sé áfram að leyfa innflutning búfjár, og mín afstaða til þessa máls hefur takmarkazt af því, að ég tel, að hann eigi ekki að leyfast og alls ekki á þann hátt, sem lagt er til í frv., jafnvel þótt í því felist meiri trygging en með því fyrirkomulagi, sem ríkir í þessum efnum. Ég tel enga nauðsyn á því, að leyft sé að flytja inn 500 þúsund egg til útungunar á Íslandi eða 200 þúsund hænsni. Ég tel, að hægt sé að ala hér upp búfé af innlendum stofni, en ekki hlaupa neina áhættu af því tjóni, sem innflutningur erlends búfjár hefur valdið í landinu. Vil ég því fyrir mína parta eindregið óska þess, að hv. landbn. taki til athugunar, hvort ekki sé hægt að breyta frv. í það horf að banna m. a. innflutning á öllu búfé fyrst um sinn, nema það sé gert í tilraunaskyni. Að vísu er landbrn. gefin heimild í frv. til að flytja til landsins búfé, en hins vegar er ekki þar með sagt, að aðrir megi ekki einnig gera það. Ég hygg því, að þjóstur hv. þm. í minn garð stafi af því, að hann hafi ekki skilið afstöðu mína til málsins. Ég hef í dag rætt um þetta atriði við mjög háttsettan búfræðiráðunaut, og fullyrti hann, að langeðlilegast væri að rækta kynið hér á landi. Hann sagði, að ekki væri hægt að flytja inn kýr í því skyni að auka mjólkurmagnið, svo að það kæmi bændum að nokkru gagni, hins vegar væri hægt að flytja inn fé til að bæta kjötið, en meðan við getum ekki haft nægilegan innlendan markað fyrir okkar ágæta sauðfé, jafnvel á þeim tímum, sem mikill hluti þess fellur fyrir sjúkdómum, sé ég ekki ástæðu til að taka áhættuna af innflutningi nautpenings til þess að ala hann upp til neyzlu í landinu. Ókostirnir eru svo margir, sem mæla á móti þessum innflutningi, að ég tel ekki rétt fyrir ríkið að fara inn á þessa braut. Þannig er það talinn ógerningur að flytja inn sum beztu erlend mjólkurkyn, sem ef til vill mundu auka mjólkurframleiðsluna, en það mundi kosta svo miklu meira fóður, að það mundi engan veginn borga sig. Sannleikurinn er sá, að eðlilegast er fyrir okkur að ala hér upp þá stofna, sem landsmenn þurfa að nota, og bæta þá eftir því, sem hægt er, en forðast að öðru leyti innflutning á búfé. Hins vegar kæmi til mála að leyfa að einhverju leyti innflutning á mjög takmörkuðu magni, eins og t. d. til sæðisflutninga og annað slíkt, en það er allt annað en ætlazt er til með frv. Þar er að vísu ætlazt til, að innflutningur búfjár sé undir eftirliti, en hins vegar ekki takmarkaður á þann hátt, sem ég tel nauðsynlegt, enda segir í grg., að hann megi þá telja öruggan, ef ákvæðum l. væri trúlega fylgt. En hver yrði afleiðingin, ef það væri ekki gert? Þá færi á sömu leið eins og þegar karakúlféð var flutt inn, af því að nægileg varúð var ekki viðhöfð, sem hefur nú kostað ríkið hundruð milljóna króna. Ég spurði landbúnaðarráðunautinn, sem er annar höfundur þessa frv., að því, hvað meint væri með síðustu mgr. 6. gr. frv., sem fjallar um, að heimilt sé að flytja til landsins hunda. Upplýsti hann, að þetta ákvæði hefði verið sett í frv. til þess að láta undan ítrekuðum óskum þeirra erlendu kvenna, sem hér eru sendiherrafrúr, og sagði hann, að enginn utanrrh. mundi hafa frið, fyrr en slík undanþága hefði verið gerð. Það er sjálfsagt að gera margt fyrir þessar ágætu konur, en að stofna búfjárstofni landsmanna í hættu til þess að uppfylla þessar óskir þeirra sé ég enga nauðsyn á. Og kannske verður þá líka farið að flytja inn refi, að maður nú ekki tali um ránd ýr eins og minkana, og væri málið þá komið í það horf, að ríkissjóður veitti fé til þess að flytja inn dýr, en þyrfti svo kannske að eyða helmingi meira fé til þess að útrýma þessum dýrum á eftir.

Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. landbn. taki málið enn til ýtarlegrar yfirvegunar og breyti frv. í það horf að banna einstaklingum að fullu og öllu að flytja inn búfé, — sem hins vegar er ekki gert samkv. 1. gr. þess, því að þar er aðeins um heimild fyrir landbrh. að ræða, en öðrum aðilum ekki bannað að flytja inn búfé, — og takmarki þessa heimild fyrir landbrh. svo mjög, að aðeins sé að ræða um einstakar tilraunir. Ef frv. verður fært í það horf, hygg ég, að ég geti á það fallizt, en sé mér hins vegar ekki fært að greiða því atkv., ef það verður áfram borið fram í því formi, sem það er nú í. Ég mun því að þessu upplýstu fylgja málinu til 2. umr. í fullu trausti þess, að á því verði gerðar þær breytingar, sem ég hef nú minnzt á.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Mér finnst sessunautur minn, hv. þm. Barð. (GJ), og ég vera í öllum aðalatriðum sammála um þetta mál og að hann viðurkenni, að frv. miði að því að skapa meira öryggi við að flytja inn búfé heldur en nú er. Hann talaði um, að mikill skaði hefði hlotizt af þessum innflutningi áður og að ekki hefði verið farið eftir þeim reglum, sem gilt hefðu. Ég held því fram, að farið hafi verið eftir gildandi reglum, en þær hafi ekki reynzt nægilegar. Hins vegar var ekki farið eftir þeim till., sem ég lagði til, og nú upp undir 20 ára skeið hefur ekki það ár liðið, að ekki hafi verið fluttar einhverjar skepnur til landsins. Þá verður hv. þm. Barð. að viðurkenna, að nauðsynlegt er að hafa reglur um þetta, sem hægt er að láta gilda og hægt er að framkvæma. Það er t. d. stutt síðan, að fluttir voru til landsins nokkuð margir minkar, og taldi dýralæknir ómögulegt að fara eftir reglum samkv. l. til að tryggja öryggi í þessum efnum, og hefði það ekki verið hægt, ef ekki hefði notið við privatmanna til þess að einangra dýrin og yfirdýralæknirinn fengið þá til þess. Og það er nú svo, að þessi innflutningur hefur ekki verið einskorðaður við landbrh., eins og hér er lagt til í frv., en samkv. því er landbrh. einum heimilt að flytja búfé til landsins, og væri þá allt miklu tryggilegar búið heldur en nú er. Hins vegar skal ég gjarnan stuðla að því, að landbn. athugi það, hvort ástæða sé til að hafa ákvæði 1. gr. frv. skýlausar orðað, sem er hugsað þannig, að einstaklingar geti ekki flutt inn búfé, heldur

aðeins landbrh. — Hv. þm. minntist á innflutning hunda fyrir sendiherrafrúr hér á landi, en sá innflutningur mundi aldrei verða hindraður, því að venjulega eru þessir hundar komnir inn í höfnina, þegar tilkynnt er um komu þeirra, og heldur en að láta það verða að utanríkisdeilumáli, er þeim hleypt í land.

Ég veit, að hv. þm. Barð. getur ekki annað en viðurkennt, hve ástandið er slæmt í þessum málum hér á landi. Við höfum hér alls konar sjúkdóma í búfé, svo sem fjárpestir, fleiri tegundir, svínapest og hænsnapest, sem borizt hafa til landsins á síðustu árum, og ekki allar með búfé, heldur mönnum og hlutum, og allt stafar þetta af því, að ekki er nógu örugglega um þetta búið og að búfé það, sem smitið hefur flutzt inn með, hefur verið flutt inn til einstakra manna án sérstaks eftirlits, en það, sem fyrir mér og okkur vakir með þessu frv., er ekki annað en það að ganga svo örugglega frá þessum málum, að komið verði í veg fyrir, að slíkt tjón hljótist af innflutningi búfjár í framtíðinni. Ég ítreka það, að ég skal milli umr. athuga það í n., hvort ástæða sé til að taka fram í 1. gr. frv., að öllum öðrum en landbrh. skuli bannað að flytja inn búfé. Hitt er svo annað mál, hvort rétt sé að standa á móti öllum innflutningi búfjár, hverju nafni sem nefnist, og liggur utan við þetta frv. Sjálfur lít ég þannig á hvað okkar búfé snertir, að við ættum hvorki að flytja inn hesta né kýr. Ég er á gagnstæðri skoðun við bæjarstjórn Reykjavíkur, sem nú er farin að sækja fast að flytja inn kýr, sem hafi hærri ársnyt en okkar kýr hafa, og mun ég ekki fara að rökstyðja það hér, hvers vegna ég er á gagnstæðri skoðun við hana, en það hafa tvisvar komið til mín menn til þess að ræða þetta mál við mig, og lét ég það í ljós við þá, að sem ráðunautur Búnaðarfélagsins mundi ég leggja á móti slíkum innflutningi. Aftur á móti tel ég rétt og sjálfsagt að flytja til landsins sauðfé. Ég hef aldrei hvikað frá þeirri skoðun minni, síðan ég fyrst tók opinberlega til máls um þetta mál, en það var árið 1912, og kom fyrst fram á prenti árið 1917, að við ættum að flytja inn búfé (sauðfé) og einangra það úti í eyju og hafa það þar einangrað saman við íslenzkt fé, en þegar búið væri að rannsaka, hvaða gagn slík blöndun gerði og að um enga sjúkdóma væri að ræða, mætti flytja hið erlenda fé í land. Kom þessi skoðun mín fram í frv. um innflutning búfjár, sem ég og Metúsalem Stefánsson sömdum fyrir ríkisstj. og var lagt fyrir búnaðarþing til umsagnar árið 1931, en þetta ákvæði var fellt úr því, af því að búnaðarþingsmenn og alþingismenn vildu hafa þetta öðruvísi en ég. — Þá vil ég taka það fram um svínin, að sá stofn, sem hér er á Suðurlandi, er allur út frá nokkrum skepnum og mjög skyldleikaræktaður og nú allur smitaður af svínapest, og þarf að bólusetja hann árlega til þess að halda honum frá smitun. Ég tel því nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram að reka svínarækt hér á landi að hreinsa þann stofn, sem til er, og fá nýtt blóð. Eigi svínarækt að vera hér í framtíðinni, þarf innflutning á svínum. Hitt er svo annað mál, hvort svínarækt á hér rétt á sér eða ekki. — Loðdýraræktin er sem stendur á því stigi, að frá mínu sjónarmiði tel ég ekki miklar líkur til, að nauðsyn sé á innflutningi í hennar þágu. Hins vegar lítur loðdýraræktarráðunauturinn öðrum augum á þetta. Hann flutti inn loðdýr á s. l. ári, þótt ekki væri hægt að fara með þann innflutning að landslögum, og vill flytja inn enn fleiri loðdýr til þess að bæta stofninn.

Það verður sjálfsagt um það deilt milli mín og annarra, hvort yfirleitt á að banna allan innflutning á búfé eða ekki eða fara þá leið, sem frv. gerir, að heimila ríkisstj. sjálfri og ekki öðrum slíkan innflutning, sem framkvæmdur sé á þann hátt, að sem öruggast sé, að með búfénu berist engir sjúkdómar. Þá verðum við að gera okkur ljóst, að ástandið í þessum efnum er nú allt annað heldur en var áður. Það var svo, að hingað komu skip endrum og eins, kannske með nokkurra daga fresti fram til síðustu ára, en áður með vikna- og mánaðafresti, og voru þessi skip oft lengi á leiðinni milli landa, þannig að möguleikinn til, að smitandi sjúkdómar bærust hingað með öðru en búfé, var tiltölulega lítill. Nú er það hins vegar svo, að hingað eru daglega ferðir og stundum oft á dag frá hinum ýmsu löndum, bæði sjóleiðis og flugleiðis, og má taka það sem dæmi um það, hve smithættan í þessum efnum hefur aukizt, að maður, sem stígur ofan á lambasparð í Skotlandi og sezt síðan upp í flugvél, sem eftir nokkrar klukkustundir hefur skilað honum á flugvöllinn í Reykjavík, getur hæglega borið það neðan í skónum sínum, sem þarf til að bera garnaveikina milli landa.

Þó að menn vilji einangra skepnurnar, þá kemur það ekki að fullum notum, því að smithættan er orðin svo mikil vegna aukinna samgangna. T. d. getur garnaveikibakterían lifað lengi, eða allt að 18 mánuðum undir hentugum skilyrðum. Þeir, sem áður voru á móti öllum innflutningi, verða nú að breyta um stefnu vegna breyttra og aukinna samgangna. Ég skal viðurkenna, að í þessu frv. hefði ef til vill verið ástæða til að taka þetta atriði fastari tökum og setja strangari ákvæði til að fyrirbyggja hættuna á, að sjúkdómurinn berist með öðru en lifandi skepnum. En það er þó gert að nokkru leyti hér, en að mjög óverulegu leyti eða ekki í núgildandi löggjöf. Þó er tæplega nógu örugglega um það búið. Ég talaði um þetta við þá menn, sem voru í sumar að undirbúa þetta frv., en þeir sáu sér ekki fært að gera það, og ástæðan, sem þeir færðu fram, fannst mér heldur léleg, og þó, hún var nefnilega sú, að meðan dýralæknarnir í landinu væru svo fáir sem þeir væru nú og viðkomustaðir flutningatækjanna orðnir svo margir, gætu dýralæknarnir ekki komið því við að hafa svo víðtækt eftirlit sem skyldi með alls konar innflutningi, þar á meðal fólki. Ég skal svo ekki orðlengja mikið meira um þetta, en vil aðeins benda mönnum á, að aðstaðan er orðin mjög breytt. Ég skal svo taka það til athugunar, hvort rétt sé að setja inn í frv. ákvæði um, að

enginn nema landbrh. hafi rétt til að flytja inn dýrin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég lofaði hv. sessunaut mínum því í gær, að frv. þetta skyldi verða athugað í nefnd milli umr., og þá sérstaklega það atriði, hvort nauðsyn bæri til að kveða skýrar á um það, að ráðuneytið væri sá eini aðili, sem samkv. frv. mætti flytja inn búfé, en einstaklingum væri það óheimilt. Nefndin var að vísu ekki kölluð saman til fundar, en ég talaði við þá nm., sem ég náði til, m. a. við tvo lögfræðingana, sem sæti eiga þar, og voru þeir sammála um, að í frv. fælist engin heimild fyrir aðra en ráðuneytið til að flytja inn búfé, og töldu það koma alveg greinilega fram í 1. og 3. gr. frv. og einkum af því, að með samþykkt frv. falla úr gildi öll ákvæði, sem leyfa öðrum en ráðuneytinu að flytja inn. Að þessari athugun lokinni, sáum við því ekki ástæðu til að breyta frv., og hef ég því enga brtt. fram að færa, en ég vildi aðeins skýra frá þessu út af því, sem ég lofaði hv. þm. Barð., að málið skyldi athugað milli umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 156, 189).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við yfirlestur á þessu frv. kom í ljós, að misprentazt hafði númer og tilvitnun í 1. í 12. gr. Þess vegna flytur n. brtt., sem er ekki nema leiðrétting. Skrifstofustjóra þótti réttara, að það kæmi sem brtt. en sem leiðrétting, og þess vegna hefur brtt. verið flutt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ræddi nokkuð þetta mál við fyrri umr., og var þá viðurkennt af hv. frsm., að við hefðum fengið til landsins með innflutningi búfjár hundapest, hænsnapest, nautapest, svínapest fyrir utan hinar alræmdu sauðfjárveikitegundir, mæðiveiki og garnaveiki, sem ekki þarf að lýsa, hversu feiknarlegan kostnað og tjón hafa haft í för með sér, þar sem þær hafa svo að segja lagt að velli hálfan búpening landsmanna. Ég vil því leyfa mér að bera fram till. til rökst. dagskrár, svo hljóðandi:

„Með því að vitað er, að með innflutningi búfjár hefur borizt til landsins margvísleg búfjárveiki, er valdið hefur bændum og ríkissjóði þegar tugmilljóna króna skaða og engan veginn er enn séð fyrir, hve mikill muni verða um það er lýkur, lítur deildin svo á, að stöðva beri nú þegar og framvegis allan innflutning dýra, hverju nafni sem nefnast, og í trausti þess, að ríkisstjórnin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að svo verði gert, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Hv. þdm. er kunnugt um þetta mál, hvernig það stendur meðal þjóðarinnar. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða málið frekar, nema tilefni gefist.

Ég vil svo afhenda hæstv. forseta þessa rökst. dagskrá og óska þess, að hún verði borin upp.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt till. til rökst. dagskrár frá hv. þm. Barð., og hafa hv. dm. þegar heyrt hana.

Þessi till. til rökst. dagskrár liggur fyrir til umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við höfum áður rætt þetta mál, og mér skildist, að síðast, þegar við ræddumst við hér, hefði hv. þm. Barð. verið búinn að sætta sig við það, að þetta frv. yrði samþ., og skilið það, að hér er verið að herða á þeim ákvæðum, sem nú gilda, og að engum sé leyfður innflutningur dýra nema stjórnarráðinu. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. með rökst. dagskrá ætlar að ná því, sem hann vill, að banna allan innflutning, því að þá yrði að nema l. úr gildi. Það kemur að vísu fram, ef hún yrði samþ., vilji Alþingis, og mætti segja, að stjórnin væri að einhverju leyti bundin við hann, siðferðislega a. m. k., en eins og hv. þm. veit, þá hefur rökst. dagskrá ekkert gildi, komi hún í bága við lög. Ég er hv. þm. sammála, að innflutningur á dýrum eigi ekki að eiga sér stað nema til sæðisflutninga frá eyjum og vera að öllu leyti í höndum ríkisstj., hennar sé vandinn eingöngu, og þess vegna er það, að ég tel, að frv., eins og það er nú, skapi öryggi hvað skepnur snertir, sem til landsins eru fluttar, öryggi, sem er öruggt, ef ekki er út af brugðið, og miklu meira öryggi en er um annan þann flutning, sem hugsanlegt er, að veiki geti borizt með, því að veiki getur borizt með mönnum og ýmiss konar dóti. Ég tel sjálfsagt, þó að búið sé að setja vísi að því að skerpa öryggið með þessu frv. og eigi að setja varnir gegn því, að veiki geti borizt með mönnum og flutningi, með því frv. um dýralækna, sem nú liggur fyrir, þá sé fjarri því, að því öryggi sé náð, sem ná þarf, þó að mikið sé til bóta, þar sem nú er á báðum stöðunum galopið, en með þessu frv. er reynt að byrgja þó fyrir á öðrum staðnum.

Gísli Jónsson: Ég sé ekki ástæðu til að halda uppi löngu málþófi, en vil aðeins mótmæla því, að ég hafi sætt mig við afgreiðslu málsins, eins og frv. er. Ég tel, að með því sé ekki þeim árangri náð, sem þarf að keppa að, sem er algert innflutningsbann. Það þarf ekki heldur að lýsa því, hvernig þessi mál eru hjá þjóðinni, þar sem kostnaður vegna fjárpestanna

bakar ríkissjóði árlega milljónaútgjöld og þær eru þar að auki búnar að leggja að velli hálfan bústofn landsmanna og ekkert útlit fyrir, að á því verði endir fyrst um sinn. Form. þeirrar n., sem um þessi mál sér, hefur verið hjá fjvn. og telur, að jafnvel niðurskurðurinn sé fálm, þar sé verið að leggja í milljónaútgjöld, án þess að vitað sé nokkuð um árangurinn, það sé enn verið að þreifa sig áfram út í kolsvarta myrkur. Þetta ætti að vera nægilegt til að sýna mönnum fram á, hversu ráðlegt það er að halda enn slíku ástandi við með áframhaldandi innflutningi. En ef dagskráin er samþykkt, þá er hún fyrirskipun til ríkisstj., að hún geri þær ráðstafanir, sem þarf, til að allur innflutningur dýra stöðvist, þar á meðal nauðsynlegar lagabreyt., til þess að því verði náð. Ég vil fá úrskurð um það í d., hvað margir eru því fylgjandi að halda við því ástandi, sem nú er, sem er viðurkennt af hv. þm., að er við haldið, ef út af er brugðið. Slíka áhættu vil ég ekki hlaupa í þessu máli. Ég óska því, að dagskrá mín verði borin upp, og óska nafnakalls um hana.

Ég þarf svo ekki frekar að ræða um þetta mál.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Barð. (sjá þskj. 192) felld með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ.

nei: ÞÞ, ÁS, BBen, BK, EE, HV, HermJ, LJóh, PZ, SÁÓ, BSt.

StgrA greiddi ekki atkv.

4 þm. (BrB, GÍG, JJós, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Þar sem þetta frv. hvetur engan veginn til aukins innflutnings, heldur þvert á móti setur frekari hömlur við innflutningi búfjár en verið hefur, þá sé ég ekki ástæðu til að vísa þessu frv. frá út af fyrir sig, þó að ég sé efni till. að öðru leyti samþykkur, og segi því nei.

Brtt. 189 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 194).

Á 39. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 345).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Landbn. hefur orðið ásátt um, eins og nál á þskj. 345 ber með sér, að frv. þetta, sem komið er frá hv. Ed., verði samþ. með nokkrum breytingum, sem greinir á því þskj. Þau lög, sem gilt hafa um innflutning búfjár, eru frá 1931, með nokkrum viðaukum. Sú meginbreyt., sem gerð er nú, er sú, að nú er ekki heimilt að flytja inn búfé, nema það verði í ævilangri einangrun í eyju, þannig að það verði aldrei saman við innlent búfé, og er hugmyndin að viðhafa sæðisflutning til frjóvgunar. Hér er um að ræða stóraukna tryggingu gegn því, að sjúkdómar breiðist út frá hinu erlenda fé, og er ekki vafi á því, að hér er stefnt að mun öruggari einangrun en að undanförnu. En þótt frv. sé þannig öruggara en gildandi lög, þótti landbn. rétt að herða enn á öryggisákvæðunum. N. leitaði álits yfirdýralæknis og innti hann eftir, hvað til frekara öryggis mætti gera, og hygg ég, að frv. sé nú mjög í samræmi við skoðanir hans.

Ég skal svo með örfáum orðum skýra brtt. n. á þskj. 345, en þær stefna allar í þá átt að gera ákvæði frv. öruggari um hindrun gegn útbreiðslu búfjársjúkdóma, og leggur því n. til, að fram komi skýrt í 1. gr., að bannað sé að flytja inn öll dýr nema með undanþágu, er landbrh. veitir. 2. brtt. n. er við 3. gr., og er þar lagt til, að aftan við gr. bætist, að framlög ríkissjóðs séu ákveðin í fjárl. hverju sinni. Þá er brtt. við 5. gr. um það, hversu lengi gripir, sem flytja á til landsins, skuli vera einangraðir í heimalandi sínu. Í frv. er gert ráð fyrir, að sá tími verði 4 vikur, en n. taldi tryggara að hafa heldur 6 vikur, og vildu sumir nm. ganga enn lengra, en þetta varð að samkomulagi. Þá er hér brtt. við 7. gr., að gr. orðist um, en það er ekki efnisbreyt. Hún er aðeins til að taka skýrar fram, hvernig reglugerð skuli sett að fengnum till. yfirdýralæknis. Hún er ákveðnar orðuð hér en í frv., án þess að þar sé um verulega efnisbreyt. að ræða. Loks er gerð smávægileg brtt. við 11. gr., sem ræðir um sektir við brotum gegn l. Í frv. er gert ráð fyrir sektum allt að 20 þús. kr. N. leggur til, að því ákvæði verði breytt í 1000—20000 kr. N. virtist, að svo gæti farið, að mönnum virtist, að það gæti borgað sig að brjóta l., ef þeir ættu aðeins von á smávægilegri sekt fyrir það, og leggur því til, að sekt verði aldrei minni en 1000 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Ég vænti þess, að hv. þdm. hafi áttað sig á þessum brtt. Þær stefna að því einu að auka það öryggi, sem er í frv., svo að mjög litlar líkur geti verið fyrir því, að tjón geti hlotizt af. Það mun einnig vera álit sumra í n., að heimildirnar, sem ráðuneytinu eru gefnar, skuli notaðar með mestu varasemi, og ég býst við, að menn vilji ekki, að þær séu notaðar, nema brýn nauðsyn sé til þess. Hins vegar eru skoðanir nm. skiptar um, hversu langt skuli ganga í að nota slíkar heimildir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Við höfum nú í nokkuð langan tíma búið við nokkurs konar bannlög um innflutning dýra, en haft heimild til að veita undanþágur. Reynslan er

sú, að heimildin hefur oft verið notuð til að flytja inn dýr, svo sem ketti, og hefur það ekki beinlínis komið að sök. Þá hefur markvisst verið unnið að því að flytja inn alidýr til kynbóta, og mætti margt um það segja. Það er prinsipmál, sem er ofarlega á baugi. En allir þm. eru sammála um, að þar beri að gæta fyllstu varúðar, og með þessu frv. virðist vera á ferðinni öflug hreyfing í þá átt.

Í þessu frv. er eitt nýmæli, sem ég vil gera að umræðuefni, en það er sóttvarnarstöðin, sem á að koma upp í sambandi við innflutning á búpeningi. Það hefur verið svo hingað til, þegar undanþágur hafa verið veittar, að menn hafa orðið að trúa þeim, sem leyfin hafa fengið, til að hafa hunda, ketti og fugla í einangrun tilskilinn tíma, og eftirlitið með því hefur verið upp og ofan. Svona ástand er ekki til fyrirmyndar. Við getum sagt, að það sé óhæfilegt að búa við slíkt.

Nú er hér sett það merkilega ákvæði, að hér skuli sett á stofn sóttvarnarstöð í nánd við Reykjavík, sennilega í eyju, þar sem væri örugg vörn frá náttúrunnar hendi, t. d. í Engey eða Viðey. Það er þetta ákvæði, sem er sérstaklega mikilsvert, þó að ég viti, að það leggur mikla ábyrgð á herðar mér, meðan ég gegni því starfi, sem ég hef með höndum nú. Þess vegna áleit ég nauðsynlegt, að mér væri tryggð góð aðstaða til að leysa þetta ábyrgðarmikla starf af hendi, en 7. gr., eins og hún er, er svo væg, að ég mundi tæplega treysta mér til að sjá um þetta starf, ef ekki væri veitt sterkari aðstaða. Þó að dýr séu einangruð í eyju, þá hlýtur samgangur fólks milli lands og eyjar alltaf að vera nokkur. Við skulum hugsa okkur, að bústjórinn þar eigi konu og börn, sem séu á skólaskyldualdri, og enn fremur þarf daglega að flytja þangað lífsnauðsynjar o. s. frv., og að sjálfsögðu koma kunningjar heimafólks út í eyjuna. Hvaða tryggingu hef þá ég sem yfirdýralæknir fyrir því, þegar ég á að hafa ábyrgð á sóttvörnunum, að alls nauðsynlegs öryggis sé gætt? Nú hefur n. athugað þetta og kallað mig til viðtals og sérstaklega tekið til athugunar 7. gr. Tel ég, að brtt. á þskj. 345 við hana séu mjög í þá átt að lagfæra það, sem mér fannst áfátt við 7. gr., og hygg ég, að varla sé hægt að orða hana skýrar, og styrkir hún alla aðstöðu til öruggari sóttvarna.

Sama er að segja um brtt., sem n. hefur gert við 5. gr., sem lengir sóttvarnartímann í útflutningslandinu. Álitið var nægilegt, að það væru 4 vikur, en hefur þó verið breytt í 6 vikur. Álít ég það mjög heppilegt. Til orða kom að hafa tímann 6 mánuði, en það hefði orðið nokkuð vafstursmikið, og ég ætla líka, að það sé nægilega tryggt að hafa tímann 6 vikur. Í gamla daga voru 3 vikur taldar nægja. Fyrir öryggis sakir þótti réttara, að dýrin væru einangruð 6 vikur í heimalandinu, því að í flestum tilfellum ættu sjúkdómar að vera komnir í ljós eftir þann tíma, auk þess sem við tekur hér heima langvarandi einangrun undir eftirliti dýralæknis.

Það, sem verður að leggja aðaláherzluna á, er aðstaða og eftirlit við sóttvarnirnar hér heima, og þá er ég hræddur við samgöngurnar, því að fólk, sem þarf að hafa þessa umsjón með höndum, verður að fá aðflutninga til sín, og alltaf verða meiri og minni samgöngur við heimilið, þó að það þyrfti ekki að koma að sök, ef samvizkusemi er mikil. Gestir þyrftu ekki að fara að sjá gripina, en maður þekkir mannlegan veikleika, forvitnin vill verða sterk að sjá þessa nýju gripi. Ég hef reynslu fyrir því með hrútana úti í Gróttu í fyrra.

Ég sem sé get fellt mig við frv., þar sem ég fæ að hafa hönd í bagga um þessa reglugerð, sem talað er um í 7. gr., og með þeirri áréttingu, sem gerð er með brtt. landbn. við þá gr.

Um sektarákvæðin er ekki mikið að segja. Sú brtt. er aðeins til að herða á viðurlögunum við brotum gegn l. Í 11. gr. er svo fyrir mælt, að það varði stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila. Það er álitamál, hvort nokkur maður með heilbrigðri skynsemi vill taka á sig svona ábyrgð, nema hann fái að hafa hönd í bagga með öllu, sem við kemur örygginu og eftirlitinu. Ég mæli því með frv. með þeim breyt., sem n. hefur lagt fram.

ATKVGR.
Brtt. 345,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 345,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 345,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 345,4 (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 345,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 359).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið dálitlum breytingum í Nd., og eru þær flestar til bóta. Landbn. þessarar deildar hefur ekki haldið fund um málið, eftir að það kom frá Nd., en ég sé ekki ástæðu til þess, að málinu verði frestað vegna þess.

Áður var ætlazt til, að enginn gæti flutt inn búfé nema landbrh., en nú getur hann samkvæmt 1. gr. vikið frá þessu banni og veitt öðrum heimild til þess, sbr. 2. gr. Þó er

þetta dálitið tvírætt, því að síðar er þess getið í 3. gr., að kostnaðinn við kaup búfjárins skuli greiða úr ríkissjóði.

Önnur breyt., sem gerð hefur verið, er sú, að sóttvarnartíminn hefur verið lengdur úr fjórum vikum upp í sex.

Þriðja breyt. er sú, að lágmarksákvæði hefur verið sett um sektirnar, og skulu þær vera 1000—20000 kr., en áður var bara miðað við 20000 kr.

Þetta eru aðalbreyt. Þótt nokkurs tvískinnungs gæti, þar sem landbrh. er heimilt að leyfa öðrum að flytja inn búfé, en jafnframt gert ráð fyrir því, að ríkið greiði kostnaðinn, sé ég ekki ástæðu til að landbn. skili áliti um málið. Ég legg til, að frv. verði samþ., en það geri ég privat og ekki vegna þess, að n. hafi tekið afstöðu til þessara breyt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er nú komið aftur til d., og verður ekki annað sagt en að það hafi tekið nokkrum breyt. í Nd. Mér sem form. landbn. þætti því gott, að málinu væri frestað, svo að hægt væri að bera það undir n. í heild í stað þess, að nm. segi álit sitt hver í sínu lagi. Ég vildi því óska þess, að hæstv. forseti frestaði málinu, svo að ég geti lagt það fyrir n. og hún fái kost á að ræða það, og það því fremur, sem ekki eru allir nm. mættir hér. Ég skal ekki tefja málið. N. getur tekið það til athugunar á morgun, og síðan má taka það fyrir á miðvikudag.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið einni umr. um frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Við umr. þessa, þegar henni var frestað, þá fór ég fram á, að landbn. gæfist kostur á að athuga þetta mál í heild sinni. Landbn. hefur nú athugað málið, og varð hún sammála um, að í raun og veru hefði málið fengið þá afgreiðslu hjá hv. Nd., sem hefði verið til lítils gagns fyrir frv. sjálft, en fremur til hins lakara. En að öllu samanlögðu taldi þó n., að það mundu ekki vera þeir megingallar á frv., eins og það er nú, þegar því hefur verið breytt í hv. Nd., að ástæða væri til þess að hrekja það til hv. Nd. aftur. Í hv. Nd. hafa þær breyt. orðið á frv. að taka það fram fyrir landsmönnum, að fuglar tilheyrðu dýrum. Þetta álitum við í hv. Ed., að væri ákveðið í þeim dýrafræðum, sem við höfum lesið. — Annað, sem breytt hefur verið, sem við teljum vera til hins lakara, er það, að í staðinn fyrir, að ráðh. var heimilað einum að flytja inn fénað, þá getur hann eftir frv., eins og það er nú orðið, gefið öðrum leyfi til þess. En þar sem ríkið á eftir þessum l., ef frv. verður samþ., að annast þetta þannig, að það hefur sína móttökustöð fyrir allan fénað og lítur eftir innflutningi búfjárins, þá sáum við ekki, að þessi breyt. á frv. gerði sérstakan skaða. — Af þessum ástæðum töldum við rétt að láta málið afskiptalaust og greiða atkv. með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 400).

44. Skráning skipa.

Á 29. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um skráning skipa** (þmfrv., A. 161).

Á 32. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Sjútvn. flytur þetta frv. samkvæmt beiðni sjútvmrh. Það er um að ræða breyt. á orðalagi gildandi laga. Efnislegu breyt. eru aðallega í 5. gr., eins og sjá má í grg., og eru þær ef til vill aðaltilefni þess, að frv. er flutt. Breyt. fela í sér skarpari línur milli skráningar fiskiskipa og kaupskipa, en um þetta hefur verið ágreiningur. Ýmsar fleiri breyt. er um að ræða, sem ég sé ekki ástæðu til að fara inn á, og niðurröðun er nokkuð breytt. Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða frv. frekar nú, en vil benda hæstv. sjútvmrh. á, að það verði ekki tekið á dagskrá, fyrr en sjútvn. hefur athugað það vandlega. Það hefur aðeins verið athugað af tveimur nm., en það þarf ekki að líða langur tími, áður en n. getur tekið það fyrir. Það er nú ætlunin að slá því föstu, að öll skipaskráning heyri undir skipaskoðunarstjóra, eins og verið hefur í framkvæmd í Reykjavík, og það er eðlilegt, því að þetta er nátengt hans starfi. Þetta er meginbreyt., þótt um ýmsar minni sé að ræða, sem tala má fyrir við 2. umr. Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki málið á dagskrá í samráði við n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Út af tilmælum hv. 1. landsk. þm. vil ég geta þess, að ég mun ekki taka málið á dagskrá, nema ég fái um það bendingu frá form. n. eða einhverjum nm.

Á 46. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Gísli Jónsson: Þessu máli var vísað til sjútvn. 15. des. eða rétt fyrir þingfrestun, en eins og kunnugt er, kom þing ekki saman aftur fyrr en 20. þ. m. Síðan hefur sjútvn. haldið 2 fundi, og á þeim síðari var þetta mál tekið fyrir, en vegna vissra ákvæða í frv. þarf það sérstakrar athugunar við, sem ekki er hægt að gera, fyrr en fengnar hafa verið ýmsar upplýsingar. Af þessum ástæðum óska ég sem form. n., að málið verði nú tekið út af dagskrá og ekki tekið á dagskrá, fyrr en nefndin lætur frá sér heyra.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 161, 301).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Eins og lofað var, bæði af mér og form. n., hefur n. gert ýmsar brtt. við frv. og farið nákvæmlega í gegnum það. N. er sammála um brtt., eins og þær liggja fyrir á þskj. 301. En áður en atkvgr. hefst, vil ég fara um þær örfáum orðum.

Fyrsta brtt., að í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í upphafi 1. mgr. komi: Ráðuneytið, — var gerð í samráði við fjmrh. Sumir töldu rétt, að þetta heyrði undir siglingamálaráðh., en með brtt. er gert ráð fyrir því, að það sé óbundið, og þótti það réttara. Öll venja, sem skapazt hefur um þetta, er á þá lund, að það heyri undir skipaeftirlitið og skipaskoðunarstjóra að miklu leyti.

Um aðra brtt. er það að segja, að það er mesta efnisbreytingin, sem lögð er til. Í frv. er gert ráð fyrir, að 150 smál. skip breyti skráningu, ef það er tekið til annarra afnota. En n. telur, að þetta mundi valda ruglingi. Það gæti farið svo, að sífellt þyrfti að vera að breyta skráningu á sama skipi, þ. e. skipta um fiskveiðiskipsskírteini og flutningsskipsskírteini, og því fylgir, að breyta þyrfti réttindum manna á þessum skipum. Það yrði að setja meiraprófsmann — mann með fullum réttindum — í stað þess, er áður hafði rétt til þess að fara með skipið. Þetta álitum við illframkvæmanlegt og töldum, að það mundi valda óánægju. Þetta hefur verið rætt við skipaskoðunarstjóra, sem hefur samið þetta frv. með aðstoð félmrn., og mér skildist, að hann hafi fallizt á þá breytingu, sem við í n. höfum komið okkur saman um, að miða þetta við 350 rúmlesta skip, sem smíðað er sem fiskiskip eða hefur stundað fiskveiðar, þó að það taki upp starf, sem er utan við aðalverksvið slíkra skipa, en það er að flytja ísvarinn fisk milli landa. Ef slík skip eru tekin í aðra flutninga en hér er gert ráð fyrir, verður að sjálfsögðu að breyta um skráningarskírteini þeirra.

Aðalbreyt. n. er því sú, að öll okkar fiskiskip að meðtöldum minni togurum, sem við eigum nú, þurfi ekki, ef þau flytja ísvarinn fisk milli landa án þess að hafa veitt hann, að skipta um skráningarskírteini. Það hafa verið nokkur brögð að því, að skip, sem keypt hafa verið til landsins og hafa ekki verið flutningaskip, hafa verið notuð hér heima í flutninga og hafa alls ekki farið á fiskveiðar, en hafa verið sett undir skráningarmerkið fiskiskip. Allir þeir menn, sem hafa rétt til þess að sigla farskipum, telja, að þar sé gengið á rétt þeirra og það sé þeirra að vera á slíkum skipum sem yfirmenn og fiskveiðiréttindi komi ekki þar til greina. Þetta mun vera í samræmi við það, sem tíðkast á Norðurlöndum, að á slíkum skipum séu menn með sérréttindi, en ekki fiskveiðiréttindi. Krafan um að breyta þessu fyrirkomulagi er komin frá stétt farmanna, sem þurfa að hafa skip til þess að öðlast réttindi á. En á undanförnum árum hefur sá skipastóll verið lítill, og hafa færri komizt þar að en æskilegt væri til þess að ala upp farmenn.

Frv. hefur, eins og sést á brtt., verið breytt af eðlilegum ástæðum með tilliti til þeirrar þróunar, sem orðið hefur á okkar siglingamálum, og samkvæmt þeim venjum, sem skapazt hafa í nærliggjandi löndum. Einmitt um þetta ákvæði, um skráningu skipa, er samvinna meðal vestrænna þjóða.

Þriðja brtt. er leiðrétting. Fjórðu brtt. má einnig telja leiðréttingu, því að ákvæðið, sem breytt er, þótti ekki nógu skýrt í frv.

Svo koma hér brtt., sem skýra sig flestar sjálfar, t. d. að í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ komi: ráðuneytisins. Og eru margar fleiri brtt. þess eðlis, að um enga efnisbreytingu er að ræða, heldur aðeins um skýrari ákvæði að ræða heldur en í frv.

Þá vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti ekki fara fram atkvgr. um 10. brtt., því að það eru tilmæli okkar nm., að hún verði tekin til baka og athuguð fyrir 3. umr.

Með 11. brtt. er aðeins fært til betra máls efni þeirrar gr.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. hér í hv. d. með þeim breyt., sem hún leggur til, að gerðar verði á frv. og ég hef nú skýrt nokkuð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 301,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,9 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,10 tekin aftur.
20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301,13 samþ. með 11 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

28.—29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 312).

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. sjútvn.:

„Við 5. gr. Á eftir orðunum „Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip" í 5. málsgr. komi: og stundað hefur fiskveiðar."

Þessi brtt. þarf tvöföld afbrigði, þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin, og vil ég því leita afbrigða hjá hv. d., til þess að brtt. megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 317) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Þessi brtt. skýrir sig sjálf, og var það aðeins athugunarleysi, að hún var ekki sett inn í brtt. n. á þskj. 301. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um till., og var n. öll sammála um hana.

ATKVGR.
Brtt. 317 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 318).

Á 55. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 24. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 318, n. 369, 375).

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv., sem er komið hingað frá hv. Ed., og leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem fyrir liggja á þskj. 369.

1. breyt. er við 7. gr., 2. málsgr., að fyrir orðin „13. júní 1937" komi: gildistöku þessara laga. Eins og frv. kom frá hv. Ed., gátu þeir, sem vildu, keypt sér einkarétt á skipsnöfnum, og urðu þá allir þeir, sem höfðu sams konar nöfn á skipum, að leggja þau niður og taka upp ný nöfn, ef þeir höfðu ekki sett nafn á skipið fyrir 13. júní 1937. Þetta taldi sjútvn. óréttmætt og flytur því brtt. á þá lund, að ekki komi þessi eyða inn í rétt manna til að velja skipsnöfn, eins og var í frv., þegar það kom frá hv. Ed.

Að öðru leyti eru brtt. n. eingöngu orðabreytingar. — Það hefur verið tekið upp í frv. úr gömlum l. orðið viðskiptafulltrúi, en það var frá þeim tímum, þegar landið átti enga sendimenn erlendis aðra en viðskiptafulltrúa, og þótti n. því óviðeigandi að nota þetta orð nú og gerir því að till. sinni, að alls staðar þar, sem orðið viðskiptafulltrúi kemur fyrir í frv., verði tekið upp orðalag, sem geti náð yfir alla fulltrúa landsins erlendis á þeim stöðum, sem um er að ræða í frv.

Varðandi síðustu brtt. n. er þar líka raunar um leiðréttingu að ræða, þar sem búið er að breyta málafærslunni þannig, að almenn löggreglumál eru ekki sérstök, og leggur n. því til, að með mál út af brotum á l. og reglum settum samkvæmt þeim skuli farið að hætti opinberra mála.

Fyrir n. hefur komið brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. (HB) um það, að menn gætu jafnframt því að helga sér einstök skipanöfn fengið einkaréttindi á endingum skipsnafna. Þetta taldi n. sér ekki fært að taka upp, þótt einstakir nm. hafi að sjálfsögðu óbundnar hendur við atkvgr. um brtt. Mér er kunnugt um, að þessi brtt. hefur áður legið fyrir Alþ. í sérstöku lagafrv., en þá taldi n. sér heldur ekki fært að flytja þessa brtt. og þótti of langt gengið, ef menn gætu helgað sér sameiginlegar endingar á nöfnum fyrir skip sín.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. sjútvn. minntist á, flyt ég hér á þskj. 375 brtt. við frv. til l. um skráning skipa, um það, að 1. málsl. 2. málsgr. 7. gr. frv. orðist þannig: Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, eða taka upp samnefni skipa sinna, t. d. sameiginlegar endingar í nöfnum, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarskrifstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna.

Út af þessu vil ég segja það, að 2. málsl. 7. gr. ofangreinds lagafrv. er að mestu tekinn orðréttur upp úr l. frá 13. janúar 1937 viðvíkjandi skráningu skipa. En þau l. urðu þannig til, að með bréfi, dags. 8. marz 1937, sendi Eimskipafélag Íslands h/f sjútvn. hv. Nd. Alþ. frv. til téðra l. með þeim tilmælum, að n. flytti frv. þá á þ. 1937. N. varð við þessum tilmælum, en gerði þó eina breyt. á frv. Eimskipafélagsins, þannig að felld voru úr því orðin: „eða taka upp samnefni skipa sinna, t. d. sameiginlegar endingar í nöfnum". En með þessu ákvæði hafði félagið ætlazt til að fá vernd fyrir fossanöfn skipa sinna, en afleiðingin af því, að þetta fékkst ekki, hefur orðið sú, að ýmiss konar glundroði og misskilningur hefur oft orðið í sambandi við upplýsingar um skip, sem heita nöfnum, er enda á foss, þótt þau skip eða bátar hafi ekki verið í eigu Eimskipafélagsins.

Eins og mönnum mun kunnugt, er það algeng venja í flestum öðrum löndum, að skipafélög láti skip sín heita nöfnum, er öll hafi sömu endingar, til að aðgreina þau frá skipanöfnum annarra félaga, og njóta þau fullrar verndar varðandi skipanöfn sín. — Í þessari brtt. er engin önnur breyting fólgin en sú að bæta inn í frv. þeim orðum, sem upphaflega stóðu í frv. Eimskipafélagsins, og að sjálfsögðu

er ekki ætlazt til þess, að krafizt verði breytinga á þeim skipanöfnum, sem þegar hafa verið löglega skráð. Ég býst við, að á sínum tíma hafi þarna ráðið nokkru um, að þessi vernd fékkst ekki fyrir fossanöfn Eimskipafélagsins, að það hafi verið mótorbátar og önnur skip, sem hafi heitið nöfnum, er enduðu á foss, eða hafi heitið algerlega sömu nöfnum og Eimskipafélagsskipin. Vil ég þessu til frekari áréttingar t. d. minna á það, að á stríðsárunum, þegar einhverju skipi hlekktist eitthvað á eða var saknað, er hét fossanafni, — jafnvel mótorbát — hefur slíkt oft valdið ástæðulausum ótta, því að þeim var þá ruglað saman við skip Eimskipafélagsins.

Þetta eru aðalröksemdirnar, sem ég flyt fyrir þessari brtt., og vil ég endurtaka, að það er alls ekki ætlazt til þess, að nokkur sá, sem á skip eða bát með fossanafni í dag, breyti því, en hins vegar er þetta aðeins miðað við framtíðina.

Ég læt svo útrætt um þetta atriði, þar eð ég býst við, að hv. d. skilji, hver tilgangurinn er með þessari brtt., en hann er aðeins sá að tryggja stærsta eimskipafélagi okkar, sem hefur tekið upp þá sömu reglu og flest skipafélög erlendis að hafa sömu endingar á skipsnöfnum sínum, vernd fyrir nöfnin, og ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 375 samþ. með 16:4 atkv.
— 369,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 369,2—6 samþ. án atkvgr.
14.—18. gr., svo breyttar, samþ. með 23 shlj. atkv.
19.—27. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 369,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 380).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., 27. febr., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál hefur tekið smábreytingum í Nd. Það hefur verið rætt við nm. í sjútvn., og eru þeir sammála um að fallast á breytingar Nd. Aðalbreyt. eru þær, að í stað orðanna „viðskiptafulltrúum Íslands“ komi: fulltrúum Íslands. — Enn fremur er breyt. á 7. gr. frv. frá hv. 3. þm. Reykv. (HB), sem einnig hefur verið samþ. í Nd. og við höfum ekki heldur neitt við að athuga. Efnislega hnígur hún að því að tryggja félögum, að aðrir taki ekki upp samnefni skipa þeirra. Önnur félög en Eimskipafélag Íslands mættu þannig ekki taka upp fossanöfn á skip sín t. d., og er hér um að ræða nokkurs konar lögverndun á heitum skipa.

Við leggjum því til, að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 418).

---

45. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum (þmfrv., A. 352).

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. flytur þetta frv. fyrir fjmrh., og eins og það ber með sér, er það þess efnis, að framlengd verði breyt. sú, sem gerð var á gjaldi af innlendum tollvörutegundum, eða sú hækkun, sem gerð var, látin haldast. Ástæðurnar fyrir þessu þarf ekki að skýra, því að þm. er kunnugt um þörf ríkissjóðs fyrir þær tekjur, sem af þessu fást. Ég sé því ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SK, SkG, StJSt, StSt, BÁ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, PÞ, PO, BG.
nei: HermG.
SG, EOl, LJós, SigfS greiddu ekki atkv.
16 þm. (SB, SEH, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HB, JóhH, JS, JJ, JörB, KTh, ÓTh) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 414).

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi, og þarf ekki að kynna það fyrir þessari hv. d. — Fjhn. var sammála um, eins og nál. ber með sér, að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó ber þess að geta, að einn hv. nm., eins og nál. ber með sér, hefur óbundnar hendur um afstöðu til frv. Ég leyfi mér samkvæmt þessu í umboði meiri hluta fjhn. að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HV, PZ, ÞÞ, BK, EE, BSt.
ÁS, BrB greiddu ekki atkv.
8 þm. (GÍG, HermJ, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, StgrA, BBen) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

---

46. Búfjárrækt.

Á 15. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um búfjárrækt (þmfrv., A. 53).

Á 9. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var flutt hér á síðasta þ. af landbn. Nd. Var því þá vísað til landbn., en henni vannst ekki tími til að vinna að málinu, enda var þá komið að þinglokum. Nú er frv. enn flutt af landbn., og treystir hún því, að hæstv. Alþ. vilji greiða götu þess máls, sem frv. fjallar um.

Þegar frv. var lagt fyrir hv. þd. s. l. vor, gerði þáv. frsm. n. grein fyrir höfuðatriðum frv. í mjög ýtarlegri ræðu. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þá ræðu, en vil aðeins minna hv. þd. á það, að 4 kaflar frv. af 9 eru nýmæli í búfjárrækt, þ. e. kaflinn um svínarækt og alifuglarækt, kaflinn um sæðingu búfjár, kaflinn um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé og að lokum kaflinn um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt. Í öðrum köflum frv. eru einnig æði mörg nýmæli. Þetta, sem hér hefur verið drepið á, tel ég nokkra bendingu um, að tímabært sé að taka búfjárræktarlöggjöfina til meðferðar og endurskoðunar, og eins og eðlilegt er, hljóta alltaf að vera skiptar skoðanir um einstök atriði, sérstaklega þegar um nýmæli er að ræða. Ég vil ekki draga neina dul á það, að svo er einnig í n., og hafa nm. áskilið sér rétt til þess að bera fram og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Það er og rétt í þessu sambandi að geta þess, að þessari löggjöf, ef frv. verður að l., fylgir nokkur aukinn kostnaður frá því, sem verið hefur, og ber einnig að taka til athugunar, hvernig bezt yrði ráðið fram úr slíku.

Ég vænti þess, að hv. d. og Alþ. í heild telji þetta mál svo mikils virði, þar sem það snertir meginþátt annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, að það sjái sér fært að veita málinu þann stuðning, að það nái fram að ganga, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. Til n. þarf ekki að vísa því, þar sem það kom frá nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 11. og 16. fundi í Nd., 31. okt. og 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 53, 154).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það liggja hér fyrir miklar brtt. á þskj. 154 frá landbn. við þetta frv. Ég ætla ekki að taka hér fyrir einstakar brtt. eða gera grein fyrir

hverri einstakri þeirra, enn í þess stað hef ég hugsað mér, til þess að þreyta ekki hv. þd. um of, að gera grein fyrir meginbreyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á þessu frv. Það má vel segja, að það mætti skipta þessum brtt. í svona fimm til sex liði, og út frá því mun ég gera grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi liggja þessar brtt. n. í því, að n. leggur til, að efninu sé öðruvísi raðað en gert var í frv., og tekur þetta alveg sérstaklega til fyrstu þriggja kafla frv. Þeir kaflar byrja hver um sig á því að tiltaka, að þetta eða hitt skuli ekki gert. Í stað þess telur n. eðlilegast, að byrjað sé á því að tiltaka það skipulag, sem er meginuppistaða hvers kafla, en á eftir komi svo ákvæði um ráðstafanir, sem þeim aðilum er ætlað að gera, sem hafa með höndum framkvæmd þessara mála samkv. frv. eða öðrum l. Þetta telur n. nú, að fari að öllu leyti betur.

Þá er annað atriði, sem hefur líka haft í för með sér miklar brtt. N. leggur til, að hreppabúnaðarfélögum og búnaðarsamböndum sé heimilað að taka búfjárræktina beinlínis á sína arma. Samkvæmt núgildandi l. er gert ráð fyrir, að til þess að verða þess stuðnings aðnjótandi, sem lög ákveða til búfjárræktarinnar, þurfi að stofna til þess sérstakan félagsskap í hverri sveit, nautgriparæktarfélög, hrossaræktarfélög, sauðfjárræktarfélög o. s. frv. N. telur, að þetta sé óeðlilegt og í raun og veru megi segja, að þetta hafi að ýmsu leyti fremur valdið kyrrstöðu í þessum greinum. Búnaðarfélögin, sem eru í hverri einustu sveit, hafa með þessum hætti orðið fyrst og fremst eða nær eingöngu jarðræktarfélög. Nú er það svo, að þar sem í búnaðarfélögunum er nær því hver einasti bóndi, þá væri eðlilegast, að búnaðarfélögin sem slík hefðu allar greinar búnaðarins með höndum, þar á meðal búfjárrækt. N. sá sér þó ekki fært og vildi ekki leggja til, að slík gagngerð breyt. væri gerð á frv., vegna þess að það mundi koma í bága við það skipulag, sem verið hefur, og valda glundroða. En n. leggur til, að þar, sem ekki eru til þau félög, sem ég nefndi áðan, þar sé búnaðarfélögunum heimilt að setja á hjá sér slíkt samstarf um ræktun bæði nautgripa, hrossa og kúa, eftir því sem ástæður eru til. Við lítum svo á, að þessi skipun sé að því leyti líklegri til góðs árangurs, sérstaklega í smærri hreppum og hreppabúnaðarfélögum, að í einum hreppi geti verið einn eða tveir áhugamenn, og það er oft svo, að þar eru einn eða tveir áhugasamir menn um þessa hluti, en það sé kannske ekki heill hópur af mönnum, sem séu reiðubúnir til að taka að sér forgöngu í þessum efnum. En allt þetta byggist fyrst og fremst á áhuga manna. Í minni félögum eru því miklu meiri líkur til þess með þessari skipun, sem við í n. leggjum til, að hægt væri að njóta krafta áhugamanna en að öðrum kosti. Og meiri möguleikar eru á því, ef þessi skipun kemst á, fyrir búnaðarfélög fleiri saman en fyrir hvert einstakt félag að hafa mann og launa honum eitthvað fyrir starf sitt. Þetta eru höfuðástæðurnar fyrir því, að við leggjum til, að búnaðarfélögunum verði veitt heimild til að taka upp slíka starfsemi, þar sem sérstök búfjárræktarfélög eru ekki fyrir. En búfjárræktarfélögin, nautgripa-, hrossa- og sauðfjárræktarfélögin, eru í sínum fulla rétti eftir sem áður. — En af þessu leiðir þá líka talsverðar breyt., vegna þess að það er gert ráð fyrir því, að búnaðarsamböndin geti á sama hátt og var í frv. ráðið sér búfjárræktarráðunaut, sem sé leiðbeinandi. Í búnaðarfélagsskap okkar er í raun og veru komið á talsvert fast kerfi, þar sem eru fyrst búnaðarfélögin, svo búnaðarsamböndin, sem búnaðarfélögin eru í, og svo er Búnaðarfélag Íslands, sem sameinar alla þessa aðila. En viðkomandi þessu kerfi, þá standa búfjárræktarfélögin í raun og veru utan við og falla í raun og veru hvergi inn í þetta kerfi. Og reyndin hefur orðið sú, að eftirlit með þeim hefur orðið að koma frá Búnaðarfélagi Íslands. Þau falla ekki öðruvísi inn í þetta kerfi.

Þá er það þriðja, sem veldur því, að við gerum till. til breyt. á frv., — það, að með þessu frv. er gert ráð fyrir — sem ég býst við, að sé að sumu leyti óviljandi —, að niður falli ákvæði, sem n. telur, að ekki geti komið til mála, að falli niður og að megi ekki falla niður. Ég get t. d. bent á kaflann um fordagæzlu, þar sem eru felld niður alveg þau ákvæði, sem eru í gildandi l. um viðurlög og ráðstafanir gagnvart þeim mönnum, sem þrátt fyrir það, að fordagæzlumenn eða stjórnir fóðurbirgðafélags þýður fóðurbæti og yfirleitt býður fram allt, sem þeir þurfa til þess að vera tryggir með að hafa nægilegt fóður fyrir skepnur sínar, samt sem áður af einhverjum ástæðum vilja ekki notfæra sér þetta og hirða ekki um, þótt skepnur þeirra jafnvel líði fyrir þær sakir. Eins og frá frv. var gengið, þá voru í því engin ákvæði til, sem heimiluðu, að gerðar væru sérstakar ráðstafanir gagnvart þessum mönnum, sem voru þó í eldri lögum. Og þess vegna hefur n. lagt til, að slík ákvæði verði tekin upp í frv. Svo er það og með nokkur fleiri ákvæði.

Þá er í fjórða lagi samkv. brtt. n. hert á nokkrum ákvæðum, sem hafa verið sett inn fyrir varúðar sakir og af öryggis ástæðum, og á ég þar sérstaklega við kaflann um blöndun útlendra kynja við íslenzk búfjárkyn. Þar þótti n. allt of lauslega á tekið, þannig að eins og frá frv. var gengið, þá hefðu í raun og veru þau ákvæði, sem þar voru um þetta sett, orðið ákaflega gagnslítil. Taldi n. því nauðsynlegt að herða á þessum ákvæðum og gera þau að öllu leyti ákveðnari. Svo var það og á fleiri stöðum.

Þá hefur n. fært niður allmargar upphæðir, sérstaklega upphæðir, sem nálega eingöngu snerta verðlaun á sýningum, og þetta stafar af því, að í frv., sem lagt var fyrir, höfðu verðlaunaupphæðirnar verið hækkaðar nokkuð, en þess ekki gætt, að jafnhliða var svo ákveðið, að vísitala skyldi greidd á þessar upphæðir. Nú var það svo, að eftir núgildandi l. hafa verið greiddar vísitöluuppbætur á allar greiðslur nema þessar verðlaunaveitingar. Og þessar

upphæðir hafa yfirleitt verið látnar halda sér í frv. En n. taldi þess vegna óeðlilegt að gera hvort tveggja í senn, að hækka verðlaunin og leggja svo vísitöluuppbót þar ofan á. Hún skoðaði það hlutverk sitt að færa þetta til samræmis, eftir því sem auðið væri, og ganga þá út frá því, að greidd væri vísitöluuppbót á allar greiðslur, þannig að miða ætti grunngreiðslurnar við það. Jafnframt hefur n. reynt að samræma upphæðirnar innbyrðis þannig, að hlutföllin á milli þessara verðlaunagreiðslna, sem þarna eru áætlaðar, væru þannig, að þær væru í samræmi hver við aðra og í samræmi við verðgildi búpeningsins og annað þess háttar.

Loks hefur n. gert till. um orðabreyt., fært til betra máls, og á a. m. k. einum stað valið annað orð, sem henni þótti fallegra. Ætla ég ekki að ræða um það frekar.

Loks felldi n. niður ákvæði, sem hún taldi ekki alls kostar tímabært a. m. k. Hún felldi niður, að lagður væri sérstakur skattur á öll hross í landinu, en tók í þess stað upp framlög frá héruðum til hrossasýninga, eins og verið hefur undanfarið. Jafnframt felldi n. niður ákvæðið um tamningastöð á Hvanneyri, sem hefði samkvæmt frv. kostað eitthvað nálægt 36 þús. kr. N. varð sammála um, að eins og nú standa sakir væri ekki ástæða til þess að taka þetta upp, og leggur því til, að það ákvæði falli niður. Hún taldi, að þessi stöð mundi ekki verða að því gagni, sem þyrfti að vera.

Að endingu skal ég taka það fram, að allar þessar breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., hefur n. gert með samstarfi við þá starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem hafa aðallega með framkvæmd þessara mála að gera. Og ég veit ekki annað en að þeir séu þessum breyt. samþykkir. — Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta. Ég hef gert grein fyrir því í aðalatriðum, í hverju brtt. n. eru fólgnar, en sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir hverri einstakri brtt. n., enda fáir viðstaddir til að hlýða á það, og væri það í raun og veru ekki til annars en að þreyta mig og skrifara að fara að gera slíka grg.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Þetta er nú allstór lagabálkur, og brtt. þessar við frv. eru mjög víðtækar. Og það er ekki hægt að átta sig vel á þessu öllu á mjög stuttum tíma. Ég hef reynt, á meðan á umr. stóð um annað mál, að hlaupa yfir þetta frv., og má vera, að í því séu ekki mjög miklar till. um breyt. frá því, sem nú er í gildandi l., heldur teknir saman og athugaðir lagabálkar og færðir í eina heild. Þó eru í þessu frv. nýmæli, eins og t. d. að því er snertir svína- og hænsnarækt, sem er mjög merkileg.

Hv. landbn. hefur auðsjáanlega lagt mikið starf í að endurskoða þetta lagafrv., og ég vil á engan hátt draga úr því verki, sem í þetta hefur verið lagt. En ég vildi aðeins benda á nokkur atriði, sérstaklega í fyrsta kafla frv. um nautgriparækt, sem mér hefði fundizt ekki alveg óviðeigandi, að breytt væri eitthvað orðalagi á. Það er t. d. í 7. gr. frv. talað um, að heimilt sé „að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum". Mér finnst þarna dálítið óviðkunnanlega að orði komizt í lagasetningu, og mætti sjálfsagt orða þetta þannig, að meir væri í samræmi við íslenzkar málvenjur. — Í 10. gr. er sagt, að bæta skuli kúakynið og að þau félög, sem þar eru greind, geti fengið styrk til þeirrar starfsemi sinnar, eins og þar greinir, en þar er aftur á móti ekkert sagt um það, hvaðan þessi styrkur eigi að vera. En þetta hefur kannske staðið svona í l. áður og ekki komið að sök. En þar sem talað er um styrk í frv. frá nokkrum öðrum stöðum en úr ríkissjóði, þá virðist mér rétt, að það komi fram, hvaðan þessi styrkur, sem um er talað í 10. gr. frv., eigi að koma. — Það má vera, að það sé siður í sveitinni að segja, að naut eigi dætur. Það er talað um það í 14. gr. frv., að „fyrstu verðlaun geti þau naut ein hlotið, sem eiga dætur á sýningunni," og að heimilt sé að „veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef þær hafa sýnt með afkvæmum sínum, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn." Af því að n. hefur lagt svo mikla vinnu í þetta frv., þá hefði mér ekki fundizt óviðeigandi, að hún hefði tekið þetta orðalag svolítið til athugunar, því að það mundi ekki muna um eina brtt. til. — Í 19. gr. er sagt, að það eigi að greiða 50 kr. styrk fyrir hvern I. verðlauna hrút og allt að einni kr. „á hverja kynbótaá, sem í félaginu er og skýrslur eru haldnar yfir", o. s. frv. Ég veit ekki, hvort þarna er vel heppilega að orði komizt. Þó að það kunni að vera nokkuð annar siður með félagsskapinn í sveitinni en annars staðar, hef ég aldrei heyrt getið um, að ærnar séu meðlimir í félögum þar. Ég vildi aðeins benda á þetta, ef hv. n. fyndist það þess virði að færa þetta til betra máls, og væri æskilegt, að hún tæki þetta til athugunar á milli umr.

Annars mætti e. t. v. segja um þá grundvallarreglu viðkomandi greiðslum, sem kemur fram í þessu frv., að þetta gæti verið dálítið einfaldara á þann hátt, að ríkissjóður legði fram árlega vissar upphæðir til búfjársýninga og til þeirra félaga, sem rætt er um í frv., að stofnuð séu í sveitum í þeim tilgangi að bæta bústofn landsmanna, og að þær upphæðir væru árlega ákveðnar í fjárl., án þess að beinlínis væri til tekið svona, eins og hér er gert, að styrkurinn eigi að nema frá tveimur aurum upp í 10 aura á hverja skepnu. Það mætti kannske hafa þetta dálítið einfaldara en gert er ráð fyrir í frv. og fella niður verulegan hluta frv. á þann hátt, jafnvel þótt ekki væri á neinn veg dregið úr því, að ríkissjóður styrkti þessa mjög merkilegu og nauðsynlegu framkvæmd. — Þetta eru aðeins lauslegar aths.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Ég þakka fyrir þessar aths. hv. þm. Ísaf. (FJ). Þær komu mér hreint ekkert á óvart, en allt þetta er í gömlu l., sem hann talaði um. Og ég held, að við séum búnir að leiðrétta töluvert mikið til réttara máls það, sem í þeim stóð. En sannast að segja var ég orðinn svo þreyttur á að gera þær breyt., að ég var farinn að kveinka mér við

því, nema það, sem nauðsynlega þyrfti að gera, svona smávegis, af því að það hefur staðið svona í l. í mörg ár. Ég tek það fúslega fram, og ég býst við, að ég geri það fyrir hönd n., að ég skal athuga þetta. (SigfS: Hvaða skepna er það, sem heitir „ársky'r"?) Það er kýr, sem er mjólkandi allt árið. Þetta er orð, sem notað er hjá félögunum, og við höfum ekki viljað breyta þessu orði, af því að það hefur verið notað í svo langan tíma. Það mundi rugla að fara að breyta því, þó að ég játi fúslega, að nafnið sé ekki sérstaklega heppilegt. En viðvíkjandi þessu auragjaldi, sem mér virtist hv. þm. Ísaf. hálfhneykslast á, eða a. m. k. taldi, að mætti koma öðruvísi fyrir, vildi ég benda á, að þetta er gjald, sem notað er til viðmiðunar, af því að þeir, sem í búnaðarfélögunum eru, leggja jafna upphæð á móti, sem er miðuð við þetta. Það má vel segja, að það mætti koma þessu á annan veg fyrir. En þetta hefur gilt svona mikið á annan áratug, og við sáum ekki ástæðu til að breyta þeim ákvæðum, af því að engar óskir hafa komið fram um það.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefur unnið mjög mikið starf viðkomandi endurskoðun og lagfæringu þessa frv., og þess var ekki vanþörf. Enda er bezt frá því að skýra, að það var gengið frá málinu á síðasta búnaðarþingi með nokkrum hraða, til þess að geta komið því að í tækan tíma á Alþ., en þá vantaði að sama skapi tíma til að fá umorðun á því eins og þurft hefði að vera, því að það er sýnilegt, að þess hefði verið þörf. Það hefði þurft að umorða þetta frv. að ýmsu leyti, ef vel hefði átt að vera. En eftir því, sem ég hef haft tíma til að hlaupa í gegnum þetta, þá virðist mér þetta allt vera fært til hins betra með frv. og brtt. Þó að vitanlega geti verið skiptar skoðanir um, hvort rétt sé að færa niður útgjöld frv. frá því, sem þau voru, þegar frv. var lagt fyrir þingið, þá verð ég samt að viðurkenna það, að nauðsynlegt sé að gæta hófs í þessu sem öðru. Og þó að hér sé um styrk til málefnis að ræða, sem miklu varðar, ekki aðeins fyrir bændastéttina, heldur alla þjóðina, þá verður maður að sníða sér stakk eftir vexti og gera sér grein fyrir því, hve mikil útgjöld búizt er við, að Alþ. og ríki ráði við á hverjum tíma, þannig að ég fellst fyllilega á þær breyt., sem n. hefur lagt til í þessu efni.

Annars skal ég ekki fara neitt út í málið að öðru leyti, því að það hefur verið gert hér af öðrum, heldur aðeins endurtaka þakklæti mitt til n. fyrir það, að hún hefur lagt mikla alúð við þetta mál og mikið starfað að því.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál mikið. Ég sé, að hv. n. hefur lagt í þetta mál allmikla vinnu, og þá sjálfsagt fyrst og fremst hv. 2. þm. Skagf. (JS). En ég vil segja, að þar sem það er heiður okkar íslenzku bænda að hafa viðhaldið okkar móðurmáli, þá ætti Alþ. að endurskoða þetta frv. með tilliti til þess að hafa það á góðu máli. En það er nú síður en að svo sé. Ég veit, að oft brestur á það í lagasmíðum frá hæstv. Alþ., að íslenzku máli sé eins mikill sómi sýndur og skyldi. En hér í þessu frv. virðist mér svo mikið bresta á, að málfærið sé gott, að ég held, að hér ætti að hverfa að því ráði um þetta frv. að fá málfróðan mann til þess að fara í gegnum frv. í heild og lagfæra það. Vil ég skjóta þessu til hv. landbn.

En ég get ekki látið hjá líða að gera að umtalsefni eina orðalagsbreyt., sem n. vill koma fram í frv. Henni virðist vera illa við gamla orðið graðhestur og hefur lagt til, að alls staðar komi í staðinn fyrir það orð orðið stóðhestur. Ég hygg, að miðað við fornaldarmál þýði þetta hvort tveggja hið sama. En í daglegu máli þýðir það ekki nú það sama. Hér er talað um, að ótækt sé að láta stóðhesta ganga lausa. A. m. k. hygg ég, að í flestum sveitum landsins sé með orðinu stóðhestur átt við einstakan hest, sem gengur laus í fjalli eða á afréttum, og gildi þá einu, hvort kynið er, og ef um karlkynið er að ræða, hvort það er graðhestur eða vanaður hestur. Ég held, að þessi breyt., sem n. leggur til á frv., sé hæpin. Og úr því að ég legg til, að gagngerð endurskoðun verði látin fram fara á þessu frv. að því er málið snertir, þá hygg ég, að það ætti að athuga þetta líka. Því að hér hygg ég, að orðið stóðhestur sé notað í annarri merkingu en almennast er í nútímamáli.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af þessari aths. hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) vil ég segja það, að ég þekki ekki þessa merkingu í orðinu stóðhestur, sem hann talaði um. En ég veit, að það er oft talað um, að t. d. tamdir hestar gangi í stóði og að ótamdir, geltir hestar gangi í stóði. En ég hef aldrei heyrt talað um þá sem stóðhesta. En orðið graðhestur og stóðhestur hygg ég, að séu notuð í sveitum um óvanaða hesta jöfnum höndum. En fyrir okkur vakti það, að okkur þótti þetta orð fallegra. Ég fletti þessu upp í orðabók, og þar var sú merking lögð í orðið stóðhestur, að það þýddi graðhestur. Til þess samt að taka af öll tvímæli, settum við inn í, hvað orðið merkti, ef einhver skyldi hafa aðra skoðun á þessu. Og ef sú forna merking þessa orðs er eitthvað að slævast hjá mönnum, sem ég þekki ekki svo til, þá sé ég ekkert á móti því, að þingið geri þá sitt til þess að halda þessu gamla og góða orði í máli okkar með þessari merkingu. Annars er mér þetta ekkert kappsmál. En okkur þótti þetta orð fara betur, og við héldum, að það þyrfti ekki að valda neinum ruglingi. (SigfS: Hvar eru „Einarssynir í Reykjadal", sem talað er um í 37. gr. frv.?) Það er leiðrétt í brtt. okkar, eins og ýmislegt annað, því að eins og hæstv. atvmrh. (BÁ) tók fram, þá var frv. frá búnaðarþingi dálitið snöggsoðið, því að það var afgr. þar á allra síðustu stundu, þannig að ekki vannst tími til þess um þennan stóra lagabálk að ganga frá málinu á frv. eins og þurft hefði að vera og æskilegast hefði verið, en meira hugsað um, að efnislega mætti málið ganga fram nokkurn veginn eins og vera þyrfti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 12. og 15. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 154,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 154,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,3 samþ. án atkvgr.

3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 154,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 154,6 samþ. án atkvgr.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,7 samþ. án atkvgr.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,8 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 154,9 samþ. með 18 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 154,10 samþ. með 19 shlj. atkv.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,11 samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,12 samþ. án atkvgr.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 154,13 samþ. með 20 shlj. atkv.

14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,14 samþ. með 21 shlj. atkv.

15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,15 samþ. án atkvgr.

16. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

17. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,16 samþ. með 19 shlj. atkv.

18. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 154,17 samþ. án atkvgr.

19. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 154,18 samþ. án atkvgr.

20. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

21. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 154,19 samþ. án atkvgr.

22. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,20 samþ. með 19 shlj. atkv.

23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 154,21 samþ. með 21 shlj. atkv.

24. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,22 samþ. með 20 shlj. atkv.

25. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,23 samþ. án atkvgr.

26. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,24 samþ. án atkvgr.

27. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,25 samþ. án atkvgr.

28. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,26 samþ. án atkvgr.

29. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,27 (ný 30. gr., verður 32. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 154,28 (3 nýjar gr., verða 33.—35. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 154,29 (ný 31. gr., verður 23. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 154,30 samþ. með 21 shlj. atkv.

32. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,31 (ný 33. gr., verður 25. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 154,32 samþ. án atkvgr.

34.—35. gr. (verða 36.—37. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,33 samþ. án atkvgr.

36. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,34 samþ. án atkvgr.

37. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,35 (ný 38. gr., verður 40. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 154,36 (ný 39. gr., verður 41. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 154,37 (ný 40. gr., verður 42. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 154,38 samþ. með 19 shlj. atkv.

41. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 154,39 (ný 42. gr., verður 44. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 154,40 (43.—46. gr. falli niður) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 154,41 samþ. með 18 shlj. atkv.

47. gr. (verður 45. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

48.—51. gr. (verða 46.—49. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,42 samþ. með 20 shlj. atkv.

52. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 154,43 samþ. með 20 shlj. atkv.

53. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

54. gr. (verður 52. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 154,44 samþ. með 20 shlj. atkv.

55. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 154,45 samþ. með 20 shlj. atkv.

56. gr. (verður 54. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 154,46 samþ. með 21 shlj. atkv.
57. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 154,47 (ný 58. gr., verður 56. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 154,48 (ný 59. gr., verður 57. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 154,49 (ný 60. gr., verður 58. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 154,50 samþ. með 21 shlj. atkv.
61. gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 154,51 samþ. með 20 shlj. atkv.
62. gr. (verður 60. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
63. gr. (verður 61. gr.), samþ. með 20 shlj. atkv.
64.—65. gr. (verða 62.—63. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 154,52 samþ. með 20 shlj. atkv.
66. gr. (verður 64. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
67. gr. (verður 65. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 154,53 samþ. án atkvgr.
68. gr. (verður 66. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
69. gr. (verður 67. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 154,54 samþ. án atkvgr.
70. gr. (verður 68. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
71. gr. (verður 69. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 154,55 (3 nýjar gr., verða 70.—72. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 154,56 samþ. með 19 shlj. atkv.
72. gr. (verður 73. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
73. gr. (verður 74. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 154,57 samþ. án atkvgr.
74. gr. (verður 75. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 154,58 samþ. með 19 shlj. atkv.
75. gr. (verður 76. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
76.—77. gr. (verða 77.—78. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 154,59 samþ. með 18 shlj. atkv.
78. gr. (verður 79. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
79. gr. (verður 80. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 154,60 (ný 80. gr., verður 81. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
81. gr. (verður 82. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 154,61 samþ. með 18 shlj. atkv.
82. gr. (verður 83. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
83. gr. (verður 84. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42., 46. og 47. fundi í Nd., 22., 26. og 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 258, 280).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. flytur hér nokkrar breyt. við frv. það, sem afgr. var til 3. umr. nokkru fyrir hátíðar. Þessar brtt. eru á þskj. 280, og er þar ekki um efnisbreyt. að ræða. Það komu fram nokkrar aths. við málið, sérstaklega á nokkrum gr. frv., og taldi n. þess vegna sjálfsagt að taka frv. til nýrrar athugunar eftir 2. umr. Þær brtt., sem hér liggja fyrir, eru niðurstaðan af þeim athugunum. Hér er um að ræða tvær breyt. á greinum, vegna þess að gr. voru ekki í fullkomnu samræmi við efni frv. eins og það var orðið eftir 2. umr. Hitt allt eru leiðréttingar, þar sem fært er til betra máls og þess háttar.
Ég geri ráð fyrir, að allir séu sammála um, að þetta fari betur, og vænti þess því, að þessar brtt. verði samþ. og frv. verði samþ. til Ed. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Brtt. 280,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 280,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 280,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 280,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 280,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 280,6 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 280,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 280,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 280,9 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 280,10 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., 30. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 295).
Á 52. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 295, n. 353, 354).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Hér er nú rætt um að breyta l., er sett voru árið 1931 og eru því orðin 17 ára gömul. Þeim hefur lítið verið breytt frá upphafi, og sú breyt., sem nú er lagt til, að gerð verði, er eiginlega fyrsta breyt., sem máli skiptir.
Ég geri ráð fyrir, að þm. séu þessum lögum svo kunnugir, að ekki þurfi að fara langt út í þau. En þess vil ég þó geta, að það var búnaðarþing, sem gerði till. til breyt. á þessum l. Þær breyt. gengu út á það fyrst og fremst að hækka ýmis framlög, sem greidd eru úr ríkissjóði samkvæmt þessum l., og á hinn bóginn var gert ráð fyrir framlögum til nýrra framkvæmda. Nd. hefur breytt frv. mikið, hækkað ýmis framlög ríkissjóðs, og nú tala ég um frv. eins og það kemur frá Nd.
Ég bendi þá fyrst á þær breyt., sem verða

til þess að létta á ríkissjóði. Í fyrsta lagi var felldur niður styrkur til hrossaræktarfélaga, kr. 1.50 á hryssu, og í öðru lagi var felld úr l. heimild til að veita fé (5000 kr. á ári) til að efna til samkeppni milli búa um það, hvert þeirra væri arðvænlegast rekið, en styrkur þessi hefur aldrei verið notaður. Í þriðja lagi var kaupastyrkur á graðhesta lækkaður verulega, og loks var ákveðið, að hrossasýningar skyldu ekki vera nema fjórða hvert ár, í staðinn fyrir þriðja hvert ár áður. — Þetta eru nú þau atriðin, sem draga úr útgjöldum ríkissjóðs í sambandi við framkvæmd þessara laga.

Hin atriðin, sem hækka hins vegar útgjöldin, eru þau, að gert er ráð fyrir styrk til sæðingar- og nautauppeldisstöðva, en það eru hvort tveggja nýir liðir, sem ekki hafa komið til framkvæmda hér á landi áður. Enn fremur framlög til héraðsráðunauta. Hvort vegur nú meira í framkvæmd, lækkanir eða hækkanir þær, sem verða á framlögum ríkisins vegna fyrrnefndra breyt. á þessum l., er ekki svo gott að segja að svo stöddu, og ég vil því ekki leggja neinn dóm á það. Það fer eftir því, hver þróunin verður. Ef sæðingarstöðvum fjölgaði t. d. mjög ört, gæti það orðið mikill útgjaldaliður. En eins og stendur, held ég, að útgjöld og sparnaður ríkissjóðs vegna breytinganna, sem nefndar hafa verið, vegi nokkuð jafnt.

Landbn. þessarar hv. d. hefur nú gert 16 brtt. við þetta frv. eins og það kom frá hv. Nd., og eru þær prentaðar á þskj. 354. Þessar brtt. eru minni en ætla mætti fljótt á litið og miða að því í heild að lækka útgjöld ríkisins vegna framkvæmdar laganna.

1. brtt., sem er við 1. gr., er efnislega nokkuð mikilvæg og er í því fólgin, að þegar búnaðarfélag setur sér nautgriparæktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, þá fellur starf n. niður. Nú syndist ýmsum á búnaðarþingi, að það væri mikið þarfamál að láta slík félög fá vald yfir nautgriparæktinni og örva stofnun þeirra, og þó að við nm. metum þetta, þá getum við ekki verið með því að fá minni hluta kýreigenda valdið í hendur. Þess vegna bættum við inn orðunum: „sem í er meiri hluti kýreigenda.“ Það er meiri hlutinn, sem jafnan á réttinn í hverju lýðræðislandi, og metum við engu að síður hinn góða vilja búnaðarþings.

2. brtt. okkar er við 6. gr. og í tveimur liðum, a og b. Með a-lið er aðeins lagt til, að breytt verði í sama horf og áður var, að láta menn greiða hálfan nautstoll fyrir kýr, sem ekki halda, og jafna þessu þannig niður, en þannig var ákveðið í gömlu l., en í frv. er lagt til, að enginn nautstollur skuli greiddur, ef kýr halda ekki. — Síðari breyt. á þessari gr., b-liður, er í því fólgin, að kynbótanefnd ráði því ekki ein, hvernig nautstollurinn er greiddur. Henni er gefin heimild áfram til að láta menn greiða hann í fóðri eða heyi að nokkru eða öllu leyti, en það skal þó því aðeins gert, að það sé samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda.

3. breyt. er óveruleg orðabreyt., sem engu máli skiptir.

4. brtt., sem er í fjórum stafl., er við 13. gr. Þá er fyrst a-liður. Þar er einungis um leiðréttingu að ræða, sem stafar af því, að samkvæmt upphaflega frv. átti að halda nautgripasýningar fimmta hvert ár í hverju búnaðarfélagi og sýningarsvæðin vera fimm, en svo var þessu breytt í fjórða hvert ár, og liggur þá beint við að leiðrétta tölu svæðanna og ákveða einnig fjögur svæði í stað fimm, og er þá sýnt þetta árið á þessu svæði og annað árið á hinu, eða fjórða hvert ár á hverju svæði fyrir sig. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið fært fram með því að halda sýningar fjórða hvert ár, að kvartað hafi verið undan því, að sýningarnar væru of strjálar. En nú er gengið á móts við það sjónarmið. Ég tel fullt í lagt að halda sýningu í hverju búnaðarfélagi fjórða hvert ár, jafnvel þó að ferðazt sé á milli í bíl, en ég tel það þó hægt, og því er ég ekki á móti þessari breyt., enda er hún gerð samkvæmt mjög almennum óskum. B-liður er um það, að veitt séu 3. verðlaun á naut. Ég viðurkenni, að þetta er ósköp lítils virði þar, sem nautgriparæktarfélög eru búin að starfa lengi. — [Ræðunni frestað um stund].

Ég var kominn að því að tala um b-lið 4. brtt. Ég sagði, að það væri eftir frv., eins og það kom frá Nd., ekki ætlazt til, að veitt væru 3. verðlaun á naut. En á þeim svæðum, þar sem eru ný félög, er oft óhjákvæmilegt að veita nautum 3. verðlaun, og þótti okkur því rétt að halda því, og þess vegna er það tekið upp aftur með b-lið eins og þetta hefur alltaf verið frá því l. voru búin til.

C-liðurinn er ekki önnur breyt. en sú, að 1. verðlaun á naut eru lækkuð úr 180 kr. í 150 kr., og er það gert til að lækka kostnað ríkissjóðs af framkvæmd l.

D-liðurinn er ekki annað en að það er tekið upp, sem alltaf hefur verið, en hefur fallið niður í frv., að kúm eru veitt 1., 2. og 3. verðlaun.

Þá er 5. brtt., við 16. gr., að 2. málsgr. falli niður. Hún er að vísu um ákvæði, sem alltaf hefur verið í l., þ. e., að einstökum mönnum sé heimilt, ef þeir halda skýrslur, að fá sams konar styrk og sauðfjárræktarfélög. Þessi heimild hefur ekki verið notuð þann tíma, sem l. hafa staðið, og við sáum því ekki ástæðu til þess að halda þessari heimild og leggjum því til, að hún falli niður.

6. brtt. er orðalagsbreyt., sem ekki raskar á neinn hátt efni gr., og þarf ekki annað um hana að segja.

7. brtt. er í tveimur liðum, a og b. B-liðurinn er orðalagsbreyt., en a-liðurinn er töluverð efnisbreyt. Eins og frv. kom til n. er gert ráð fyrir því, að meiri hluti hrossaeigenda í þeim hreppi, sem um er að ræða, ráði því, hvort þeir stofna hrossakynbótafélag eða ekki. Brtt. okkar felur það í sér að láta þetta ekki vera svo, heldur láta það vera „meiri hluta hrossaeigenda, sem hafa jörð til ábúðar“. Þetta er byggt á því, að í mörgum sveitum landsins á hvert mannsbarn hross. Að gefa þeim öllum

atkvæðisrétt um það að mega stofna hrossakynbótafélag, fannst okkur ekki rétt, og þess vegna settum við það inn, að eingöngu þeir hrossaeigendur, sem hafa jörð til ábúðar, skuli hafa þennan atkvæðisrétt.

8. brtt. við 27. gr. er viðvíkjandi því ákvæði l., ef kynbótahestur er í óskilum. Eins og frv. kom frá Nd., þá er þetta ákvæði þannig, að heimilt er að taka stóðhest, sem er í óskilum og merktur er með bókstöfunum K eða LK, en það þarf ekki að gera annað við hann en auglýsa hann í útvarpinu, og ef eigandi gefur sig ekki fram innan hálfs mánaðar, má fara með hann sem óskilafé. Okkur þótti dálítið viðurhlutamikið að láta útvarpið vera þarna eina aðilann. Við vildum þó ekki skylda til að auglýsa í Lögbirtingablaðinu, eins og áður, því að það er seinvirk leið og ekki allir, sem lesa það, og fórum þess vegna inn á þá leið að skylda manninn, sem tók hestinn, til þess að tilkynna nærliggjandi sýslumönnum hestinn og hvaða mark sé á honum, og er þá sýslumönnum skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi og eigandi gefa sig fram innan hálfs mánaðar, eins og áður var.

10. brtt. við 39. gr. er mikil breyt. frá því, sem var í frv. Í gömlu l. var svo ákveðið, eftir að breyt. var gerð 1942, að halda skyldi hrossasýningar í hverjum hreppi. Hins vegar komu svo héraðssýningar í sýslum, og á þær kom það bezta af hreppasýningunum. Eins og frv. kom frá Nd., var gert ráð fyrir, að sýningarstaðirnir yrðu 8 í landinu og aðrir sýningarstaðir yfirleitt ekki. Þó var sett inn heimild um það, að annars staðar mætti halda sýningar, ef Búnaðarfélagið vildi. Þetta þótti okkur misráðið. Í fyrsta lagi misráðið að ákveða sýningarstaðina ekki fleiri en þetta, en ætla sveitarstjórnunum að óska sýninga. Hins vegar þótti okkur ekki rétt að fella niður fyrstu sýningarstaðina, þar sem eru ótal hrossaræktarfélög, og látum þess vegna 5 sýningarstaði halda sér óbreytta og skuli sýningar vera haldnar þar fjórða hvert ár, en jafnframt skylduðum við Búnaðarfélagið til að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað.

11. brtt. er um það að lækka verðlaun, sem veitt eru á sýningum til hrossa, þ. e. að lækka 1., 2. og 3. verðlaun og 3. verðlaun á stóðhestana. 1. verðlaun á hryssu lækka úr 30 kr. í 25 kr., 2. verðlaun á hryssu lækka úr 20 kr. í 15 kr., 3. verðlaun á hryssu, lækka úr 10 kr. í 7 kr., 3. verðlaun á stóðhest lækka úr 40 kr. í 30 kr.

12. brtt. við 44. gr. gengur út á það að marka skýrar en gert er í gr., hvernig þau afkvæmi eiga að vera, sem fylgja hestinum, sem fær heiðursverðlaun.

13. brtt. lækkar verðlaun á afkvæmasýningum, og þarf ekki frekar um það að tala. — B-liður 13. brtt. er bara breyt. á einu orði, sem þótti betur fara. Í stað orðsins „niðjanna“ komi: þeirra.

14. brtt. er um sæðingarstöðvastyrkinn, og af því að hann er alveg nýr, getur verið ástæða til að fara um hann nokkrum orðum.

Þegar búfjárræktarl. voru sett, var að vísu vitað, að á einstaka stað í heiminum var farið að gera tilraunir til þess að ná sæði úr karldýrum og frjóvga með því kvendýr, en praktiskt séð var þetta ekki komið neitt út í lífið. Síðan hafa þær breyt. orðið, að þetta hefur breytzt óðfluga, og á s. l. ári voru ¾ hlutar af kúm í Danmörku sæddir og enn þá stærri hluti í Rússlandi, og sama var með fleiri tegundir búfjár. Hér á landi byrjaði þetta í Eyjafirðinum. Á s. l. ári voru sæddar þar 1900—2000 kýr. Það er nú álitið, eftir reynslunni í Eyjafirði og eftir því, sem menn geta gert sér hugmynd um, hvað slíkar stöðvar kosti, að það kosti um 170—180 þús. kr. að koma þeim upp, og að reka þær kosti mikið fé. Það kostar a. m. k. laun þriggja manna og rekstur þriggja bíla o. fl., svo að reksturinn kæmi til með að kosta 150—190 þús. kr. Ef það er gert ráð fyrir, að slík stöð sæddi 2000 kýr, þá sést, að það er dýrt á hverja kú, — 60—80 kr. Eins og frv. kom frá Nd., var lagt til, að rekstrarstyrkurinn yrði 2 kr. á hverja sædda kú, en við hækkuðum það upp í 3 kr., en látum halda sér 4000 kr. hámarkið, sem stöðin getur fengið í rekstrarstyrk, svo að þessi styrkur getur aðeins komið til greina meðan stöðin er að koma undir sig fótum, en þegar hún er komin af stað og farin að sæða, getur styrkurinn komizt niður í tveggja kr. hámark á kú miðað við 4000 kr.

Ég geri ráð fyrir því, að enginn hlutur, sem enn hefur verið gerður hér á landi til kynbóta á búfé, muni verka eins fljótt og sæðingin, og ég geri mér vonir um, að þetta ákvæði í þessum l., sem er alveg nýtt, sé kannske það ákvæði, sem mest og fljótast muni verka til umbóta í búfjárrækt okkar. Þetta gildir ekki aðeins um kýr, heldur allar skepnur, sem fá sæðingu.

15. brtt., við 68. gr., er eiginlega leiðrétting. Og síðasta brtt., 16. brtt. við 73. gr., er leiðrétting á einu orði í þeirri gr.

Það má vel vera, að ég hafi ekki skýrt nægilega fyrir mönnum þær breyt., sem Nd. gerði á frv., en eins og ég sagði í byrjun ræðu minnar, voru þær fólgnar í því að hækka yfirleitt þau framlög, sem eftir l. átti að greiða úr ríkissjóði. Við höfum lækkað þetta aftur og fært það í líkt horf og áður var, og er það ekki fyrir það, að við teljum ekki nauðsynlegt að hafa framlögin hærri, heldur fyrst og fremst fyrir það, að við sjáum erfiðleika ríkissjóðs á því að láta búfjárræktarl. kosta meira en þau hafa kostað.

Ég sé svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta. Ég get getið þess út af sæðingarstöðvastyrknum, sem er stærsti nýi útgjaldaliðurinn í l., að það er áhugi fyrir að koma upp sæðingarstöðvum á 2 eða 3 stöðum í landinu. Eins og ég sagði, er slík stöð komin í Eyjafirði og gengur vel að öðru leyti en því, að hún er dýr, en hún hefur engan starfsstyrk fengið. Það er talað um að koma upp sæðingarstöð í Borgarfirði, annarri í nánd við Rvík og einni á Suðurlandsundirlendinu. Þó að þetta sé ákaflega þarft málefni, þá hef ég ekki neina trú á því, að sæðingarstöðvar komist upp í náinni

framtíð, þær þurfa undirbúning. Ég þori að fullvissa menn um, að það mun líða 1—2 ár þangað til næsta sæðingarstöð verður reist hér í Rvík eða Borgarfirði, og þó líklega fyrr í Borgarfirði. Og þangað til stöð kemur upp í Árnessýslu hlýtur að líða langur tími, af hvað mikilli góðvild sem málinu yrði tekið af fjárhagsráði og öðrum, sem ráða yfir gjaldeyrinum. Svo að menn þurfa ekkert að óttast, að kostnaðurinn við l. fljóti upp úr öllu valdi á næstu árum.

Gísli Jónsson: Þetta er töluvert umfangsmikið mál, eins og sést af ræðu hv. frsm., sem hefur drepið á margt í sambandi við málið. Þetta mál er búið út af Búnaðarfélagi Íslands í samráði við búnaðarþing, og ég geri ráð fyrir, að það sé eitt af meginatriðunum fyrir því, að ætlazt er til, að þm. ekki einasta fylgi málinu, heldur kannske verji ekki svo litlu af tíma sínum til þess að gagnlesa og gagnrýna ýmis ákvæði frv., bera þau saman við gildandi l. o. s. frv., enda er það ekki óeðlilegt, þegar mál kemur frá slíkri stofnun. Í sambandi við þetta vil ég benda á það, að undirbúningurinn er ekki betri en það, að eftir að málið kemur frá búnaðarþingi, hefur það gengið í gegnum þann hreinsunareld, að á því hafa verið gerðar stórkostlegar breyt. í Nd., og eftir að það kemur frá Nd., verður að gera á því miklar breyt. í Ed. eftir till. hv. landbn. Svo að það virðist sem hér hafi ekki verið gengið frá þessu máli eins og vera skyldi af búnaðarþingi á sínum tíma. Vaknar þá sú spurning, hvort ekki sé rétt að láta málið ganga á ný til búnaðarþings, eftir að allar þessar breyt. eru gerðar, því að það er sannarlega ekki tekið tillit til allra tillagna búnaðarþings í þessu máli. Eigi það að vera aðalsjónarmiðið í þessu máli, að það sé undirbúið af búnaðarþingi í hendur þingsins, þá skilst mér, að hér skjóti mjög skökku við um undirbúning málsins frá því, sem hefði mátt búast við. Þess er hins vegar ekki að vænta, að þm. almennt geti sett sig inn í svo umfangsmikið mál sem hér er á ferðinni á þeim tíma, sem gefst til starfa á þingfundum við umr. Ég hefði því gjarnan viljað heyra frá hv. frsm., hvort stjórn Búnaðarfélagsins er sammála þessu og hvort það var ekki eindreginn vilji búnaðarþings, að málið næði fram að ganga eins og það var þar sett fram. Ég sé á þskj. 353, að hv. landbn. hefur rætt málið við ráðunauta í búfjárrækt, en mér finnst, að stj. Búnaðarfélagsins og búnaðarmálastjóri hefðu átt að láta fylgja þessu hér einhverja grg., þegar vitað er, að farið er töluvert frá þeim óskum, sem gerðar voru á búnaðarþingi.

Ég vil þá benda á nokkur atriði í sambandi við grg. við frv., og vegna þess að ég sé ekki á nál. frá landbn., að það sé tekið skýrt fram, hvað af þessu hefur breytzt, þá verð ég að óska eftir upplýsingum frá hv. frsm. um það, hvort ég hef skilið þessi atriði rétt. — Á blaðsíðu 16 er það nýmæli, að gefin er heimild til að styrkja nautgripauppeldisstöðvar og nautahald í sambandi við sæðingarstöðvar. Þá hafa 1. verðlaun á naut verið hækkuð úr 100 kr. í 300 kr. Vegna þess að ég hef ekki tíma til að bera saman öll þskj., vildi ég gjarnan heyra, hvort þessum óskum hefur verið mætt. Annars vegar segir í kaflanum um sauðfjárrækt, að styrkur á ær í sauðfjárræktarfélögum sé hækkaður úr 50 aurum upp í 1 kr. Hér skilst mér, að sé hækkað um 100%. Mér er sagt af landbn.-manni, að hér sé verulega breytt verðlagsákvæðum á alla styrki, sem ekki voru áður í l., og vildi ég gjarnan fá að vita, hvort það er rétt og hve miklu sú upphæð nemur. — Þá segir hér einnig: „Enn fremur er tekið upp ákvæði um styrk til að greiða fyrir því, að úrvals hryssur verði leiddar til úrvals graðhesta.“

Hv. frsm. lýsti yfir því, að það lækkaði mikið styrkurinn til hrossaræktar, enda tekið fram á bls. 17, að þessi kostnaður sé ákveðinn 4 aurar á hvert hross, en að því tilskildu, að ríkissjóður greiði þar á móti 20 aura á hvert hross. Í sambandi við þetta mál vildi ég spyrja um það, hve mikil upphæð yfirleitt er greidd til þessara mála í landinu nú. Það er vitað, að í landinu munu vera um 40000 hross, og það er einnig vitað, að þessi hrossaeign er að verða plága í landinu. Fyrst og fremst er þetta að verða plága á beitilönd bændanna. Í öðru lagi hefur viðhorfið í þessum efnum breytzt stórkostlega. Áður var notað mjög mikið af hrossum til flutninga í langferðum, dráttarhestar o. s. frv. Nú nota menn „jeppa“ og dráttarvélar í stað hrossa, og kunnugir segja, að það mundi mega fækka hrossum að skaðlausu niður í 10000. Auk þess er vitað, að þessi hluti bústofnsins íþyngir óskaplega þeim bændum, sem lifa eingöngu á sauðfjárrækt, og lamar stórkostlega markaðinn fyrir sauðakjöt innan lands. Ég vildi mjög biðja hv. frsm. að upplýsa þetta atriði og hins vegar að taka til athugunar, hvort ekki er rétt að gera nú þegar veruleg átök til þess að takmarka aukningu hrossa í landinu, þó fyrst og fremst á þann veg að takmarka styrki til uppeldis hrossa eða hrossaræktar. Ég skal viðurkenna, að það gæti verið hagkvæmt að rækta sérstaka tegund hrossa fyrir skemmtiferðafólk, þ. e. a. s. reiðhesta. Einnig getur verið nauðsynlegt að hafa eitthvað af dráttarhestum, en miklu minna en gert er ráð fyrir.

Nú segir hér í grg.: „Þrátt fyrir breyt. á þessum kafla munu útgjöld ríkissjóðs lítið sem ekkert hækka og verða fastbundin ákveðnu hámarki miðað við hrossafjölda í landinu.“

Hv. frsm. hefur lýst, að frá hans sjónarmiði muni þetta ekki verða, og væri þá fróðlegt að vita, hvað það gæti lækkað, ef farið væri inn á að kippa þessu í liðinn á hverjum tíma, eftir því sem nauðsynlegt þætti.

Þá er hér nýr kafli um svína- og alifuglarækt, og væri fróðlegt að fá að vita, hvað sá kafli kemur til með að kosta í framkvæmd. Það segir hér, „að útgjöld samkvæmt þessum kafla verði engin fyrr en ráðinn hefur verið ráðunautur á þessu sviði, en þá er hægt fyrir Búnaðarfélag Íslands og landbrh. að stilla í hóf öllum útgjöldum vegna starfseminnar eftir á-

stæðum.“ — Ég veit ekki, hvað er meint með þessu, hvort það á að leggjast alveg á vald landbrh. og Búnaðarfélagsins, og þá verð ég að segja, að ef ekki er haldið betur þar utan um en við landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, eru það ekki lítil útgjöld fyrir ríkissjóð. Það má ekki taka þessi orð mín þannig, að ég sé á móti því að setja upp þessa nýju atvinnugrein í landinu. Ég álít, að verja eigi fé til hverrar þeirrar starfsemi í landinu, þar sem 1 kr. gefur 2. Hins vegar á ekki að gera það þar, sem 1 kr. gefur ekki nema 50 aura. Ég hef heyrt hv. frsm. ræða þetta mál í sambandi við annað mál, þar sem hann hefur lagt megináherzlu á, að hægt væri að upplýsa, hver kostnaðurinn yrði. Ég vænti þess því, að hann taki því ekki með neinni andúð, þó að ég geri þá kröfu til hans sem þm. og sem sérstaklega kunnugur þessum málum, að hann gefi upplýsingar um þetta atriði.

Svo er kaflinn um sæðingu búfjár. Hann þarf ekki mikið að ræða, því að hv. frsm. hefur skýrt það mál nákvæmlega. Ég er honum sammála um, að þetta er ákaflega merkilegt mál, og það ber að sjálfsögðu að stefna að því, að þessu verði komið á, og skal ég ekki ræða um það atriði.

Svo kemur eitt atriði, sem mér skilst, að sé enn þá í l. Það eru hin nýju embætti, sem verið er að stofna í héruðunum. Ég sé, að það er ætlazt til, að búfjárræktarráðunautar séu að hálfu leyti launaðir úr ríkissjóði. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þetta sé ekki nauðsynlegt mál. Hins vegar vildi ég gjarnan heyra um það, hvað þessir ráðunautar eiga að vera margir og hvað þetta muni kosta ríkissjóð. Hér stendur að vísu: „að það sé bændum nauðsynlegt, að starfandi séu búfjárræktarráðunautar innan búnaðarsambandanna til hjálpar, leiðbeininga og eftirlits á þessu sviði, því að búfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands komist ekki yfir allt það starf.“ Það er vitað, að búfjárræktarráðunautar Búnaðarfélagsins hafa verið árum saman í allt öðrum störfum en þeir eru ráðnir til, og það hefur gengið svo langt, að fjvn. hefur orðið að þvinga Búnaðarfélagið til að láta þessa menn hætta þessum aukastörfum eða láta þá fara í einfaldari störf. Það má t. d. benda á, að hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) sat heilt ár í nýbyggingarráði, og ég hygg, að hv. frsm. hafi varið miklu af starfstíma sínum til að vinna allt önnur störf en í þágu Búnaðarfélagsins. Og það er síður en svo, að hann sé einn um það af búfjárræktarráðunautunum. Það má benda á landnámsstjóra og Halldór Pálsson.

Ég vil því gjarnan heyra nokkru nánar um þetta atriði, hvað þetta muni kosta, hvað ætlazt er til, að ráðunautar verði margir á launum o. s. frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Hv. þm. Barð. (GJ) þótti málið heldur illa undirbúið, af því að Nd. gerði við það brtt., og var hann að tala um, að búnaðarfélagsstjórnin þyrfti að koma til skjalanna og athuga þessar breyt., sem gerðar voru. En ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að í stjórn Búnaðarfélagsins eru Pétur Ottesen og Bjarni Ásgeirsson, sem báðir sitja í þingsæti í Nd. Og búnaðarmálastjórinn, Steingrímur Steinþórsson, situr í Nd. og er form. landbn. Nd., svo að ég verð að ætla, að þessum mönnum hafi bæði sem þm. og búnaðarfélagsstjórnarmeðlimum og búnaðarmálastjóra verið kunnugt um, hvað gerðist í n. Þess vegna getur hv. þm. Barð. verið alveg rólegur hvað þetta snertir. Það, sem hér hefur hins vegar gerzt, er það, að meðan búnaðarþing með frv. jók framlög ríkissjóðs verulega, þá er dregið úr þeim á alla kanta í Nd., með fullu samþykki búnaðarmálastjóra og stjórnarnefndarmanna Búnaðarfélags Íslands, vegna hins breytta viðhorfs til útgjalda fyrir ríkissjóð, sem hefur skapazt síðan búnaðarþing hafði með málið að gera fyrir tveimur árum. Það er fyrst slegið af þessum kröfum af n. í Nd. og síðan enn meir af okkur í Ed. Hefði hv. þm. áttað sig á þessu, hefði hann séð, hvers vegna styrkur á naut er fallinn úr 300 kr. í 150 og hvers vegna styrkur á hverja kynbótaá er fallinn úr 1 kr. niður í 50 aura. Verðlagsuppbót hefur alltaf verið greidd á búfjárræktarl., nema á sýningarfé, fyrr en á s. l. hausti. Þá var einnig greidd verðlagsvísitala á verðlaun, er þá voru veitt á hrútasýningum, og þá er breyt. engin hvað þetta snertir. Hvað verðlaun eru mikil, sem greidd eru, er ekki gott að segja um. Þegar ég sýni á Suðurlandi, þarf 4—5 þús. kr., en á Austurlandi þarf 700—800 kr. Með því að taka skýrslur frá fleiri árum mætti fá meðaltal fyrir hv. þm., en þetta breytist þó líka, því að góðum gripum fer vonandi fjölgandi, en meðalupphæðin, sem greidd hefur verið í verðlaun undanfarin ár, er 7—8 þús. kr. í hæsta lagi.

Ég er sammála mörgu, sem hv. þm. Barð. sagði um hrossarækt, og í samræmi við þá skoðun er nú ekki gert ráð fyrir í l. neinum styrk á hryssur, eins og áður var. Í frv. er stigið í þá átt að minnka styrkinn til hrossaræktarinnar, því að viðurkennt er, að hrossarækt hefur nú mun minni þýðingu fyrir landsmenn en áður var. Enda er ekkert eftir í frv. um hrossarækt nema það, að hafa eigi hrossakynbótanefndir í héruðunum, og er þó ekki skýrar kveðið á en svo, að samkvæmt 29. gr. er hægt að undanfella heilar sýslur hrossakynbótastarfseminni, og munu sum héruð vafalaust nota sér heimild 29. gr., og verður þar þá ekkert eftir nema hrossasýningar fjórða hvert ár. Ég lít því svo á, að eftir frv. verði mjög lítil hrossakynbótastarfsemi og þá helzt á Suðurlandsundirlendinu, þar sem beztu hrossakynin, sem eru frá Hornafirði, eru nú ræktuð. Það eina, sem gert verður, er því það að halda sýningar fjórða hvert ár og veita fóðurstyrk út á þá kynbótahesta, sem sannað hafa ágæti sitt með afkvæmum sínum. Einnig verður greiddur styrkur til hrossaræktarfélaga, en uppeldisstyrkur hefur hvorki verið greiddur fyrr né síðar, og er ekki ætlazt til þess samkvæmt frv.

Hvað snertir héraðsráðunautana, þá hefur því verið bætt inn í frv., að hægt verði að fá styrk til héraðsráðunautastarfsemi á svæðum,

sem eru svo stór, að svari til meðalsýslu, en vafalaust verður langt þangað til hægt verður að fá þessa ráðunauta. Nú sem stendur eru 3 slíkir héraðsráðunautar starfandi í landinu. Einn þeirra er í Eyjafirði, og veitir hann jafnframt forstöðu sæðiskynbótastöðinni á Akureyri. Annar hefur starfað í Borgarfirði í vetur, kom þangað 1. okt., og var ætlunin, að hann ynni þar að eflingu nautgriparæktar. Hann er búinn að fara þar á alla bæi og safna skýrslum um kýr og gera fitumælingar, og nú vinnur hann að því að koma upp fjárræktarfélögum, þótt vafasamt sé, hversu mikið verður úr því. Þriðji maðurinn er á Suðurlandsundirlendi, að hálfu starfsmaður hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Það er Hjalti Gestsson. Ráðunauturinn í Borgarfirði heitir Ólafur Stefánsson, en í Eyjafirði Hjörtur Eldjárn, og veit ég ekki til þess, að fleiri menn séu til í landinu, sem geti tekið að sér þessi störf sem stendur. Búnaðarsamband Kjalarnesþings hefur og verið að leita að slíkum manni, en ekki fengið hann. Áður voru nautgriparæktarfélög yfirleitt starfandi í hverjum hreppi, og gátu þau þá fengið mann fyrir lítið kaup til að koma heim á bæina með tilteknu millibili og gera skýrslur og fitumælingar og hafa reikningshald með höndum. Þessir menn áttu þá og öðru hverju kost á námskeiðum hér syðra til að læra. Nú fást ekki slíkir menn víða, og hafa af þeim sökum um 20 nautgriparæktarfélög lagzt niður. Nú er þróunin þannig, að þeir, sem voru í þessum félögum, eru að reyna að sameina sig í stærri félög, þannig að nóg starf verði fyrir einn mann að vera ráðunautur þeirra, að hann fari alltaf á milli þeirra allra til þess að mæla fitumagn úr öllum kúm, gera reikninga og skýrslur og leiðbeina jafnframt um nautgriparækt, meðferð mjólkur og annað slíkt. Þeir í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru nú að reyna að fá slíkan ráðunaut fyrir sýsluna alla, og þeir hafa enga von um að koma á félagsskap hjá sér án slíks manns, en hvergi finnst maður, sem sé nógu menntaður á því sviði til þess að geta tekið þetta að sér. Heimildin um héraðsráðunautana er þá það, að þau búnaðarsambönd, sem vilja, geti fengið lærðan mann til ráðunautsstarfa og verði helmingur launa hans greiddur úr ríkissjóði. Ef þetta frv. verður samþ., koma því hálf laun þessara þriggja ráðunauta, er nú starfa, á ríkissjóð. Þeir fá 9 þús. kr. í laun, eða 27 þús. kr. alls í grunn. Helminginn af því á ríkið að greiða, og þó tæplega, því að Hjalti Gestsson er aðeins ráðinn að hálfu hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, og yrði því upphæðin, sem ríkissjóður þyrfti að borga þessum mönnum, kringum 10 þús. kr.

Í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum hafa menn áhuga á að fá slíka menn, en það hefur ekki reynzt hægt, og því er starfið þar í molum. Annars staðar á landinu er mér ekki kunnugt um áhuga í þessa átt.

Hvað snertir hnýfilyrði hv. þm. Barð. til mín og starfs míns, þá sé ég ekki mikla ástæðu til að svara þeim. Hv. þm. veit vel, að ég vinn sem ráðunautur eins mikið og meira en krafizt er. Ég er við það starf fram á nótt og snemma á morgnana og geri miklu meira en fylgja vinnutímareglum Péturs Magnússonar, fyrrv. landbrh. Hv. þm. getur nærri tvöfaldað þann tíma. Það er misskilningur, að ég, sem vinn hér að skýrslugerð og leiðbeiningastarfsemi, hafi aðstöðu til þess að fara upp á Mýrar og upp í Borgarfjörð til að gera þar fitumælingar og annað slíkt. Slíkt kemur ekki til mála, að starf mitt og starf héraðsráðunauta geti farið saman. Hann verður því, hv. þm., að leita höggstaðar einhvers staðar annars staðar. Ég ræddi áðan meðferð málsins hér í Alþ. og gerði þá grein fyrir brtt. okkar — og enn fremur þær breyt. á núgildandi l., sem frv. felur í sér. Ég held, að hv. þm. Barð. þurfi ekki að óttast, að breyt. séu gerðar í neinni óþökk búnaðarþings, þótt einhverjum fulltrúum þyki ef til vill of mikið til slakað á kröfum þeim, sem þingið gerði, því að eins og ég hef sagt, þá hafa viðhorfin í fjármálalífi okkar mjög breytzt frá þeim tíma, er búnaðarþing vann að frv. Þetta gerir það að verkum, að búnaðarþingsmenn, meðlimir stjórnar Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóri gera í Nd. vægari kröfur en búnaðarþing á sínum tíma, og við hér í landbn. Ed. stígum enn lengra í sömu átt. Það má kannske vera, að við höfum gengið svo langt, að búnaðarþingsfulltrúi hv. þm. Dal. (ÞÞ) fái fyrir þetta óþökk þingbræðra sinna og ég þá sömuleiðis fyrir að slaka á kröfunum fyrir nautgripaeigendur. En það er ábyrgð, sem við tökum á okkar bak, og ætlum við, að við getum forsvarað gerðir okkar gagnvart búnaðarþingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir skynsamleg ummæli um meðferð málsins, þar sem hann talaði um, að slík stór lagafrv. þyrftu náinnar athugunar við. Enn fremur þakka ég hv. 1. þm. N-M. fyrir upplýsingarnar, og hefði hann gjarnan mátt spara sér þau hnýfilyrði í minn garð, að ég hefði átt að lesa frv. betur, því að ég tók það fram, að ég hefði viljað spara mér tíma með því að spyrja hv. þm. að þessu og tók fram, að mér hefði ekki gefizt tími til að lesa allt frv. og breyt. við það vandlega í gegn. Það er nú komið greinilega í ljós, að stefna búnaðarþings er önnur en felst nú í frv. Og þegar því er slegið föstu, að það eigi þannig að verða að l., þá verður þetta ekki skilið öðruvísi en svo, að þeir þm., sem sitja hér og eru sérstakir fulltrúar búnaðarsamtakanna, ráði meiru en fulltrúar bænda á búnaðarþingi og geti tekið á sig meiri ábyrgð. Ég ætlaði mér ekki að tefja málið, en bendi aðeins á, hvílíkur reginmunur er á afstöðu búnaðarþings annars vegar og landbn. Nd. og Ed. hins vegar. Hv. 1. þm. N-M. segir, að búnaðarþing hafi spennt kröfurnar í alla enda og kanta, og ef þetta er hæstaréttardómur í þessu máli, þá er þetta þungur dómur um búnaðarþing. Hv. þm. ætti þá ekki að láta fylgja næsta frv., sem komið er frá búnaðarþingi, að menn ættu að gleypa við því athugunarlaust, og ætti hann að minnast þessa, þegar hann mælir með söluskattinum.

Í þessu frv. hefur verið dregið úr öllu, svo

að hv. þm. segir, að ef til vill geti búnaðarþingsfulltrúinn hv. þm. Dal. ekki sætt sig við það. Ég vildi í sambandi við málið leyfa mér að spyrja enn hv. 1. þm. N-M., eftir að hann hefur gefið upplýsingar um styrkinn til hrossaræktarinnar, hvort hann sér ekki fært að gera sterk átök til að laga ástandið í þessum málum, og segi ég þetta ekki til að tefja þetta mál.

Hvað viðvíkur héraðsráðunautunum, þá verður því ekki neitað, að eftir að málið hefur gengið í gegnum Nd., er hér ekkert eftir nema það að setja á um 20—30 nýja embættismenn, og hefði mátt gera það á einfaldari hátt en svo að umsteypa heilum lagabálki, því að fráteknum héraðsráðunautunum eru engin nýmæli í frv. nema ákvæðin um svína- og alifuglarækt og svo sæðingarstöðvarnar. En megináherzlan er lögð á héraðsráðunautana, og bendi ég á þetta af því, hve flokksbræður hv. þm. N-M. hafa undanfarið fjölyrt um, hve óverjandi væri, hve mörg lög hefðu verið sett að undanförnu, sem fjölguðu mjög embættismönnum og yrðu til þess að stórauka útgjöld ríkissjóðs. Ef þetta er rétt athugað hjá framsóknarmönnum, á að breyta þessari gr. um héraðsráðunautana. Það hefur einnig verið heimilað með l. um húsagerð í sveitum að taka um 20 húsameistara út í sveitirnar. Ef þessir embættismenn eru svo nauðsynlegir, að það fé, sem ríkið greiðir þeim fyrir starf þeirra, kæmi aftur með vöxtum og vaxtavöxtum, þá er þetta náttúrlega rétt, hvort heldur um er að ræða húsameistara eða héraðsráðunaut. En þá er eðlilegast, að þessum embættismönnum sé borgað af þeim atvinnuvegum, sem þeir þjóna. Búnaðarfélag Íslands hefur nú einnar milljón króna ársstyrk, og er þetta mjög þungur baggi á ríkissjóð, og segi ég þetta ekki af því, að ég sé á móti því, að félagið njóti styrksins, en þetta er mjög erfitt fyrir ríkissjóð. Ég geri ráð fyrir, að það sé álit þings og þjóðar, að þetta fé komi aftur með vöxtum og vaxtavöxtum, en þetta er sannarlega ekki lítill peningur, og þingið verður að gera það upp við sig, hvort það vill uppfylla gömul loforð eða setja ný ákvæði, sem koma til með að kosta ríkissjóð stórfé. Ég er ekki á móti því, að ríkið greiði héraðsráðunautunum, en þegar lögð er áherzla á að skera niður öll önnur framlög, er ekki eðlilegt að setja ný embætti, sem engar líkur eru til, að nokkrir menn fáist í.

Ég hef ekki verið með nein hnýfilyrði í garð hv. 1. þm. N-M. Það stendur ótvírætt í grg. frv., að aðalástæðan fyrir því, að krafizt er fjölgunar búfjárræktarráðunautanna sé sú, að þeir, sem ráðnir eru nú, komist ekki yfir starf sitt. Ef ráðunautarnir komast ekki yfir það starf, sem þeir eru ráðnir til að gegna, þá er það skylda Búnaðarfélags Íslands að binda þá við störf sín, en láta þá ekki sinna ýmsu öðru, og eru þetta engin hnýfilyrði. Það er engin einasta stofnun í landinu, sem á eins marga menn í aukastörfum og Búnaðarfélag Íslands, og getur hv. 1. þm. N-M. kynnt sér þetta með því að lesa launaskýrsluna frá Búnaðarfélaginu árin 1944 og '45. Meira en helmingur starfsmannanna er í allt öðrum störfum, og á sama tíma er svo lýst yfir því, að þessir starfsmenn komist ekki yfir þau störf, sem þeir eru ráðnir til að gegna. Ég hugsa, að þetta sé frekar sett inn sem pólitískur bitlingur. Þetta voru því ekki hnýfilyrði til hv. frsm., síður en svo.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta meira nú, og mín vegna óska ég ekki eftir, að umr. verði frestað. Ég get borið fram brtt. við 3. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að ég gleymdi að minnast á kaflann um svínarækt og alifuglarækt. Þarna er settur inn nýr kafli, sem kom frá búnaðarþingi. Þegar Búnaðarfélagið hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, þá er samkvæmt þessum kafla heimilt að setja á stofn kynbótabú, sem rækti þessar tvær greinar. Það er nú búin að standa í l. í sex ár heimild til að ráða slíkan ráðunaut, en meðan svínin eru eins fá og er — þau eru ekki 1200 — hefur ekki þótt ástæða til að gera það. Öðru þarf ég ekki að svara hv. þm. Barð., en vildi geta þessa, af því að mér láðist að gera það áður.

Ég veit ekki, hvort mér auðnast að gera honum skiljanlegan þann mismun, sem er á starfi ráðunauts fyrir takmarkað svæði og hins, sem settur er fyrir allt landið. Það er kannske ekki von, að hann skilji þetta, en svona er þetta alls staðar í heiminum. Það er sitt hvað að marka stefnuna og samræma hana fyrir allt landið og að framkvæma hana í einstökum héruðum. Ég hélt, að ég hefði áðan minnzt á þetta hvað nautgriparæktina snertir. Héraðsráðunaut í sauðfjárrækt ber að aðstoða sauðfjárræktarfélögin, gefa leiðbeiningar um val kynbótaskepna og fóðrun. Hann á að koma á bæina þrisvar, fjórum eða jafnvel sex sinnum á ári. Enginn, sem settur er fyrir allt landið, getur gert þetta. Ég hef farið sjö hringferðir kringum landið, en þó ekki haft tök á þessu, þar sem viðdvöl er svo stutt á hverjum stað — venjulega hluti úr degi.

Hitt er rétt, að hér er um störf að ræða í búfjárrækt, sem geta orðið 25. Sýslurnar eru 22, og starfssvæðin geta orðið fleiri. En sé starfssvæðið minna en meðalsýsla, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það. Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði áðan, að ekki er áhugi fyrir því að fá þessa ráðunauta á sumum svæðum, og í öðru lagi eru mennirnir ekki til. En að takmarka l. við þá menn, sem nú eru til, og breyta þeim svo síðar, er hægt er að fá fleiri til starfsins, tel ég óráð. Það er sjálfsagt að hafa heimildina í l., ef áhugi skyldi verða fyrir því að fá þessa ráðunauta. Í kjördæmi hv. þm. Barð. er nú t. d. aðeins áhugi fyrir þessu í einum eða tveimur hreppum. Fyrst þegar hv. þm. Barð. hefur skapað áhuga á búfé í kjördæmi sínu, vilja þeir fá mann. Ef hann er svo duglegur að skapa þennan áhuga í allri sýslunni, og kominn er maður, sem starfinu er vaxinn, þá eru möguleikarnir fyrir hendi, ef þessi heimild er í l. Ég vil, að þessi möguleiki sé til staðar, þótt af því leiði, að héraðsráðunautarnir verði fleiri og fleiri. Það líður

langur tími áður en þeir verða 10, og enn lengri tími áður en þeir verða 20.

Það, sem hv. þm. var að tala um, að hv. þm. Dal. teldi sig koma aftan að búnaðarþingi, er misskilningur. Við teljum þó með lægri tölum; atvikin í landinu hafa gert það rétt. Ég held ég geti sagt, líka fyrir hönd hv. þm. Dal., að við þorum báðir að gera grein fyrir því.

Forseti (BSt): Áður en atkvgr. hefst, vil ég vekja athygli á því, að eins og í dagskrá greinir, liggur frv. fyrir á þskj. 258, með þeim breyt. á þskj. 295, er samþ. voru í Nd.

ATKVGR.

Brtt. 354,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 354,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 354,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 354,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 354,6 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
28.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,9 (ný 33. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
34.—38. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,10 (ný 39. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 354,11 samþ. með 9 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,12 samþ. með 10 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,13 samþ. með 10 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
43.—49. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 354,14 samþ. með 9 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
51.—67. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 354,15 samþ. með 9 shlj. atkv.
68. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
69.—72. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 354,16 samþ. án atkvgr.
73. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
74.—84. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 370, 421).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er nú lengi búið að hvíla sig milli umr., og hefur n. fyrir beiðni tekið það til athugunar, þar sem menn óttuðust, að það mundi verða ríkissjóði of kostnaðarsamt, en til þess að draga úr því, eru gerðar hér á frv. tvær lítils háttar breyt., en þær eru við 73. og 74. gr. — Fyrri brtt. er sú, að starfssvæði það, sem hverjum ráðunaut er ætlað, skuli vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbrh. það, og hefur þar með ríkisstj. till. um það og ræður því, hve margir þessir menn verða, enda þótt ég fyrir mitt leyti sé ekki hræddur um, að þeir verði margir fyrst um sinn, þó að ég mundi óska eftir, að þeir væru sem flestir.

Hin brtt. er við 74. gr. og er í tvennu lagi. Fyrri liðurinn er á þá leið, að í stað „hálf laun“ í 1. mgr. komi: ⅔ launa. — Og hin síðari er afleiðing af þeim fyrri, þar sem næsta mgr. þar á eftir breytist í samræmi við það. — Ég skal endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að það eru til 3 héraðsráðunautar í búfjárrækt, þ. e. í Eyjafirði, hjá búnaðarsambandi Suðurlands og búnaðarsambandi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Menn í þessar stöður eru ekki heldur til sem stendur, en tvö sambönd önnur hafa áhuga á því að fá sérfróða menn, þegar hægt er, en það eru búnaðarsambönd Gullbringu- og Kjósarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Svo er byrjað aðeins að tala um, að það sé ekki nóg að hafa einn mann á Suðurlandsundirlendinu, heldur þurfi þeir að vera tveir. En þetta er fyrsta hljóðið, sem maður heyrir í þá átt, að mönnum detti í hug að fjölga þessum ráðunautum og auka þetta starf. — Ég er því sannfærður um það, að hætta á miklum útgjöldum fyrir ríkissjóð vegna þessa er ekki til staðar, eins og nú standa sakir, og þar sem hér er komið á móti til að minnka þá hættu með því að minnka framlög ríkisins til launa þessara manna og láta héruðin bera meira af því og hins vegar að láta ríkisstj. hafa beina íhlutun um það, hve stórt starfssvið mönnunum er ætlað og þar með hve margir þeir geta orðið, þá vona ég, að ríkisstj. sé ánægð með þessa lausn málsins, og geti nú fallizt á að lofa málinu að ganga fram.

Eiríkur Einarsson: Ég vil aðeins láta örfá orð falla um þær brtt., sem hér eru til umr. — Hvað fyrri brtt. snertir, um þær skorður, sem reistar eru starfssviðinu, þá hef ég ekkert nema gott um hana að segja. Þetta ætti að skapa eins konar öryggi og bendingu um það, að ráðunautarnir hafi hæfilega stórt verksvið, svo að ég get fyllilega verið þeirri brtt. samþykkur, eins og ég hef getið um.

Um hina síðari brtt., nr. 2, skal ég ekki vera margorður, en ég get ekki fengið af mér að vera með henni, þar sem hér er ekki um stórvægilegt mál að ræða. Má kannske segja, að ef ógætilega sé stefnt þarna, að sýna því alúð, en mér finnst ekki vera ógætilega stefnt þarna, og mér finnst, þegar á sama tíma svo margar aðrar greiðslur fara upp úr öllum veðrum, að þá sé það eiginlega smásálarskapur að vera að óska eftir þessu lítilræði. Mér finnst ekki taka því. Þetta á að vera starfsemi til öryggis og

umbóta í þágu landbúnaðarins, til þess að tryggja þá merkilegu starfsemi og á þeim sama tíma þegar málin standa glöggar en nokkru sinni áður, hvort landbúnaðinum sé fært að færast í aukana og flóttinn verði stöðvaður úr sveitunum.

Gísli Jónsson: Það hefur verið reynt nokkuð hér í hv. d. að fá samkomulag um þær brtt., sem hér eru á ferðinni, og eftir því, sem mér heyrðist frá hv. flm., mun vera samkomulag við ríkisstj. um þessar brtt., eins og þær eru settar fram á þskj. 421. Ég er þess vegna dálítið hissa á hv. 2. þm. Árn., að hann vildi ekki leggja þessu máli lið, því að það gæti farið svo, að þetta ylti hér á hans atkv. Og færi svo, að þessi till. yrði felld, en hin samþ., yrði frv. að fara aftur til Nd. og svo hingað til Ed. aftur, og teldi ég það ekki heppilegt, úr því að búið er að koma á um þetta samkomulagi. Ég vildi því mælast til, að hv. 2. þm. Árn. sæi sig um hönd og greiddi einnig þessari brtt. atkv. sitt, enda vitað mál, að hann er fús að taka nýja afstöðu til mála eftir nýjar upplýsingar.

Ég mun fylgja brtt. eins og þær liggja fyrir á þskj., en vil bera fram brtt. við 74. gr. Við 1. mgr. bætist: Eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. — Það er upplýst, að hér gæti verið um 20—30 embættismenn að ræða, og ef ráð hv. 2. þm. Árn. verða látin ráða hér, gæti helmingur þeirra komizt á ríkissjóðinn, og gæti það gefið tilefni til þess, að ýmsar stéttir í landinu gerðu slíkar kröfur. Það hefur þegar komið fram í sambandi við skipaeftirlitið, og er hættulegt að hafa ekki hemil á, enda viðurkennt með þeim brtt., sem hér hafa komið fram. Ég tel, að þessi brtt. mundi ekki spilla frv. neitt, þó að hún yrði samþ., og vænti ég þess, að hv. d. fylgi henni hér.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. þm. Barð. (GJ): „Við 74. gr. Við 1. mgr. bætist: Eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.“ — Tvöföld afbrigði þarf til þess, að brtt. megi koma fyrir, þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 441) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Út af þessari brtt. vil ég benda á það, án þess að leggja á móti henni sérstaklega, að þegar um l. er að ræða eins og jarðræktarlög, búfjárræktarlög og fleiri lög, sem hafa í sér fólgin útgjöld fyrir ríkissjóð, sem ekki liggur ljóst fyrir fyrir fram, hve mikil verða á hverju ári, þá mun ekki vera heppilegt að hafa þennan hátt á, að miða þessar fjárhæðir við það, hve mikið fé er veitt til þess í fjárl. Ég skal nefna sem dæmi, að ég á í sumar að vera á nautgripasýningum á Norðurlandi. Það veit enginn núna, hvað víða verður sótt eftir þeim sýningum. Ríkissjóður á að láta 50 kr. á fram talið naut móti jöfnu framlagi úr hreppnum. Búnaðarfélagið á að borga ferðakostnað minn, og hrepparnir eiga að sjá um kostnaðinn heima fyrir, en auk þess er svo þessu samfara ýmis annar kostnaður, sem enginn maður veit heldur, hvað mikill verður. Ætti því að miða við fyrir fram ákveðna fjárveitingu, væri lítt framkvæmanlegt að halda nokkrar sýningar né framkvæma lögin á annan hátt. Ég vona því, að tillaga hv. þm. Barð. verði ekki samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 421,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 421,2.a samþ. með 9:1 atkv.

— 441 felld með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, GJ, JJós, BSt.

nei: PZ, ÁS, BK, BrB, GÍG.

EE, HV greiddu ekki atkv.

5 þm. (PM, SÁÓ, StgrA, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 421,2.b samþ. með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, GÍG, HV, PZ, ÞÞ, ÁS, BK, BrB, BSt.

JJós, BBen greiddu ekki atkv.

5 þm. (HermJ, LJóh, PM, SÁÓ, StgrA) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið.

Eiríkur Einarsson: Þótt ég sé ekki samþykkur öllum hinum einstöku atriðum frv., finnst mér það þó í heild vera svo mikið til bóta og svo mikil viðleitni til eflingar á sviði margvíslegrar menningar, að ég segi já.

Gísli Jónsson: Skrifl. brtt. mín fór í þá átt, að Alþ. hafi á hverjum tíma nokkuð um það að segja, hvað margir menn séu settir til starfa sem ráðunautar, og í trausti þess, að hafður verði hemill á stofnun nýrra embætta samkv. l., segi ég já.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér kom mjög á óvart, að felld yrði brtt., sem miðaði að því, að fjárveitingarvaldið hefði í hendi sér, hversu miklu fé væri varið til þessara ráðunauta. Ég hélt satt að segja, að menn hefðu þegar áttað sig á því, að allt of mikið á sér stað af fjárveitingum, sem Alþ. ræður ekkert við, nema með gagngerri breyt. á löggjöfinni, og þessar fjárveitingar eru eitt af því marga, sem veldur því, hvað kostnaður af ríkisútgjöldum er orðinn mikill. Þrátt fyrir það, að þessi hugarfarsbreyting virðist enn ekki hafa fest rætur í þessari hv. d., vil ég ekki leggja stein í götu frv., sem mér virðist á ýmsan hátt vera til bóta, og greiði því ekki atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Enda þótt segja megi, að hv. þingdeildir hafi farið þannig með þetta frv., að í raun og veru eru ekki nema tveir kaflar í því, sem að fullum notum koma, vegna smásálarlegs hugsunarháttar hv. þm., er þeir breyttu hinum köflunum, eins og t. d. kaflanum um hrossarækt, sem nú er þannig breytt-

ur, að hann er svo að segja gagnslaus, — þá virðist mér þó það mikið gagn af þessum tveimur köflum, að ég tel sjálfsagt að samþykkja frv. og segi því já.

Bernharð Stefánsson): Ég geri þann fyrirvara, að með tilvísun til grg. hv. þm. Barð. segi ég já.

Frv. endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 8. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 442).

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið í Ed. og tekið þar nokkrum breyt., en allar eru þær frekar smávægilegar og ekki teljandi efnisbreyt. Landbn. þessarar d. hefur ekki haft tækifæri til þess að taka þetta sérstaklega fyrir, en af þeim viðræðum, sem ég hef átt við einstaka nm., hygg ég, að ég megi segja, að n. geti eins og stendur eftir atvikum fallizt á þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv. í Ed., og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 462).

---

47. Fasteignasala.

Á 64. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 1938, um fasteignasölu (þmfrv., A. 387).

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. flytur þetta mál. Í l. nr. 47 1938 er svo kveðið á, að ekki megi aðrir en þeir stunda fasteignasölu, sem fullnægja þar settum skilyrðum, og er þar m. a. skilyrði að hafa staðizt próf samkv. fyrirmælum atvmrn. Síðan l. þessi voru samþ., hefur verið tekin upp kennsla í viðskiptafræðum við háskólann. Er lögfræði, og þar á meðal kröfuréttur, meðal kennslu- og prófgreina. Vegna þessa virðist réttmætt vera að undanþiggja kandidata í viðskiptafræðum prófinu eins og lögfræðinga. Háskólaráð hefur og lýst sig samþykkt því, að breyt. þessi nái fram að ganga, og eru meðmæli þess prentuð á þskj. sem fylgiskjal.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið nú. Málið liggur ljóst fyrir og er afar einfalt, og ég leyfi mér að vona, að það nái fljótt fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 387, n. 444).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í l. um fasteignasölu er gert ráð fyrir því, að ekki megi aðrir annast kaup og sölu fasteigna en þeir, sem lokið hafa sérstöku prófi, að undanskildum lögfræðingum, sem ekki þurfa að taka þetta próf. Þetta er gert til þess að tryggja það, að menn, sem þurfa að láta selja eða kaupa fasteign, megi treysta því, að fasteignasalarnir séu færir um að sjá til þess, að öllum réttum formum sé fullnægt í þessum viðskiptum og ekki hljótist vandræði af slíkri vanrækslu síðar meir. Síðan þessi lög voru sett, hefur verið tekin upp kennsla í viðskiptafræðum við háskólann, og hefur verið vakin athygli á því og bent á það, að þar sé allt kennt, sem menn þurfa að kunna til að fá fasteignasalapróf. En þar sem það er engan veginn eðlilegt, að menn taki aftur próf í þeim fögum, sem þeir eru búnir að ljúka prófum í, er lagt til í frv. þessu, að kandidatar í viðskiptafræðum þurfi ekki að taka fasteignasalapróf til þess að hafa fullan rétt til að annast fasteignasölu. Allshn. hefur fallizt á þetta sjónarmið, enda væri ekki gott að ætlast til annars, þar sem vitað er, að þeir

menn, sem hér um ræðir, eru fullfærir um að annast nefnd viðskipti. Háskólaráð hefur lýst sig samþykkt frv., sbr. fylgiskjal, sem prentað er á þskj. 387, og n. mælir einróma með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

48. Ljósmæðralög.

Á 20. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23/1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (þmfrv., A. 102).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Rang. að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 102, þar sem farið er fram á lítils háttar breyt. á ljósmæðral. Þessum l. var breytt nokkuð í fyrra og til þess ætlazt, að grunnlaun ljósmæðra yrðu hækkuð um 200 kr. Það fór svo klaufalega, — sem ætla má, að sé n. að kenna, sem um málið fjallaði, — að framkvæmdin hefur ekki orðið á þann veg, sem til var ætlazt, því að um leið og breyt. var gerð, voru felldar niður þær prósentur, sem í gildi voru áður, svo að hækkunin varð ekki nema kr. 12.50. Nú er það svo, að í þeim kauphækkunum, sem fram hafa farið, hefur þessi stétt orðið út undan, sem hefur orðið orsök þess, að ljósmæður hættu störfum, og horfir víða til vandræða að fá sinnt því starfi. Enda er það ekki óeðlilegt, þó að þessi stétt hafi orðið óánægð með kjör sín, því þótt þetta hafi verið samþ., þá er það ekki fullt vinnukonukaup, sem þeim er ætlað.
Það er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Ég vænti, að það fái greiðan gang í gegnum Alþ., og óska, að að þessari umr. lokinni verði því vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 162).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur farið yfir frv. það, sem hér liggur fyrir, og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt eins og það er á þskj. 102. Einn nm. var ekki viðstaddur, þegar n. afgr. málið, en eins og ég hef áður sagt, þá leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 482).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er búið að vera ákaflega lengi hjá n., en það er af gleymsku einni, en ekki neinni andúð n. á málinu. Það liggur alveg ljóst fyrir. Í fyrra voru hækkuð laun ljósmæðra, og var sú hækkun túlkuð á þá leið, að grunnlaun þeirra hækkuðu um 200 kr. Bent var á það í báðum deildum þingsins, að sú 25% og 30% hækkun, sem í gildi var áður, ætti að gilda áfram með hinni nýju launahækkun, en þegar til framkvæmdanna kom, var 25% og 30% uppbótin látin falla niður, og útkoman varð sú, að árslaun ljósmæðra hækkuðu um 12 kr. og 50 aura með breytingunni á síðasta Alþingi, og er hér því raunverulega aðeins um leiðrétting að ræða.
Þetta mál var í fyrra flutt af heilbr.- og félmn. Nd. og er nú flutt af tveimur þm. úr þeirri n., og í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur enginn ágreiningur verið um þetta mál, þó að það hafi verið svo lengi hjá n. Það verður að kenna mér einum, sem formanni hennar, það er gleymsku minni að kenna. — Ég vænti svo, að þessi sjálfsagða réttarbót verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 530).

49. Hvalveiðar.

Á 40. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar** (þmfrv., A. 297).

Á 51. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti (BG): Ég vil geta þess, að þess hefur verið óskað, að fundur þessi yrði sem stytztur.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég þarf ekki að hafa aðra framsögu í máli þessu en að vísa til grg. þeirrar, sem frv. fylgir. En ég vil leggja til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 17. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 297, n. 342).

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur athugað þetta mál og hefur orðið sammála um að mæla með framgangi þess. Tvisvar áður hafa verið veittar sams konar undanþágur til handa hvalveiðifélögum, og þykir rétt að veita þær einnig þessu félagi, sem stofnað var í janúar 1947 og komið hefur upp myndarlegri hvalveiðistöð uppi í Hvalfirði, sem mjög hefur verið vandað til. — Það varð einnig að samkomulagi að stytta sérleyfistímann úr 5 niður í 3 ár, og leggur því n. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem greinir á þskj. 342.

ATKVGR.
Brtt. 342 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 357).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 357, n. 469).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta mál allrækilega. Henni þótti rétt að leita um það umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, af því að hér er um atvinnuréttindi til handa útlendum sjómönnum að ræða. N. hafði þó ekki borizt svar frá þessum aðila, er hún gaf út álit sitt 10. þ. m., en rétt í þessu var að berast svar frá þessari stofnun, en samkvæmt því svari virðist gengið fram hjá því atriði, sem um var spurt sérstaklega, hvort veita skuli undanþáguna til hinna erlendu skipa, og hefur sambandið snúið sér að öðru. Það er sú hætta, sem það telur, að síldveiðunum í Hvalfirði stafi af hvalveiðum þar, og vill ekki að það leyfi, sem um ræðir í frv., sé veitt, nema öruggt sé, að síldveiðarnar skaðist ekki af hvalveiðunum.
Út af þessu atriði, hvort nokkur líkindi væru til, að úrgangsvatn, límvatn og blóðvatn og feiti kæmu til með að hafa nokkur spillandi áhrif á síldargöngurnar í Hvalfirði, sem hafa verið mikil tekjulind undanfarin tvö ár, þá þótti n. rétt að senda þetta mál til umsagnar atvinnudeildar háskólans og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, til að fá umsögn þeirra aðila um þetta atriði sérstaklega. Að vísu fer frv. ekki inn á það, hvort hvalvinnsla skuli leyfð, heldur aðeins inn á réttindi þriggja erlendra skipa til veiðanna, en þó er það svo, að ef frv. þetta væri fellt, þá mundi það koma í veg fyrir alla hvalvinnslu, og er þetta því í beinu sambandi hvað við annað. Svör bárust frá báðum þessum aðilum, og eru öll svörin prentuð hér sem fylgiskjöl á þskj. 469. Þessi svör hníga öll að því, að á því muni engin hætta vera, að blóðvatn og límvatn hafi alvarlegar afleiðingar fyrir síldargöngur í fjörðinn, enda er hægt að hreinsa það í rotþróm, áður en það rennur í sjóinn. Hins vegar bendir atvinnudeildin svo á, að þó að límvatnið fæli síldina ekki frá beinlínis, þá geti það stuðlað að því óbeinlínis með því að auka e. t. v. plöntugróður í sjónum, og sá gróður hafi skaðleg áhrif á síldargöngur. Þó muni hér engin hætta á ferðum, þar sem um vetrarsíldarvertíð sé að ræða, en þá er svo lítill plöntugróður í hafinu, að engin hætta stafar af honum.
Eftir að n. hefur athugað þetta mál og leitað

um það álits áðurgreindra stofnana, þá er hún því samþykk, að frv. verði samþ., um leið og hún leggur megináherzlu á, að gengið verði svo frá verksmiðjunni, að allt límvatn verði látið fara gegnum rotþrær eða síast í gegnum jarðveg, áður en það rennur í sjóinn, svo að engin hætta sé á, að nokkur lífræn efni séu í því, er það kemur til sjávar. Á því eru engin tæknileg vandkvæði, sbr. það, að oft er óheilbrigt vatn síað þannig, að það verður hæft til drykkjar. Og í trausti þess, að þannig verði um hnútana búið, sem ég hef lýst, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, og er enginn ágreiningur um þetta í n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

50. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 40. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (þmfrv., A. 296).

Á 51. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg., þá hefur mér verið falið fyrir hönd Samábyrgðar ríkisins að flytja þetta frv. Þessari þingdeild mun vera það kunnugt, að Samábyrgð ríkisins er stjórnað af þremur mönnum undir yfirstjórn viðkomandi ráðuneytis. Framkvæmdastjóri er flm. þessa frv. og mun vera talinn form. Hinir stjórnendurnir eru Vigfús Einarsson, skrifstofustjóri í atvmrn., en í forföllum hans nú Gunnlaugur Briem, og skólastjóri Sjómannaskólans, Friðrik Ólafsson, en hann tók við af Páli Halldórssyni. Þessi stjórn Samábyrgðarinnar hefur ásamt sérfræðilegum ráðunautum samhljóða falið flm. að bera fram þetta frv.

Hv. deild mun líka vera það kunnugt, að öllum skipaeigendum er skylt að endurtryggja skip sín hjá þessu félagi. Sömuleiðis tryggði ríkið sín skip hjá Samábyrgðinni, en nú hefur því verið breytt og ríkið tryggir sín skip beint hjá erlendu tryggingarfélagi. Þetta virðist vera dálítið undarlegt, að allir skipaeigendur eru skyldir að tryggja hjá Samábyrgðinni, en ríkið sjálft, sem er raunverulega eigandi Samábyrgðarinnar, tryggir þar ekki sín eigin skip. Hvað hagkvæmar tryggingar ríkið fær á sín skip, veit ég ekki, en hitt þykir mér sennilegt, að félag eins og Samábyrgðin, sem endurtryggir fyrir 100 millj., njóti ekki lakari kjara og ætti að geta náð allmiklu hagkvæmari kjörum en einstaklingar. Auk þess taldi stjórnin, að sjálfsagt væri, að tryggingarnar væru að eins miklu leyti innanlands og fjárhagsgeta leyfði. Nú hefur Samábyrgðin 25% af áhættu fiskiskipa, en hámarkstryggingaruppheð hvers skips hefur verið 100 þús. kr. Grunntryggingin er 15%, en Samábyrgðin lætur svo stríðsslysatryggingarnar hafa vissan hluta. Að öðru leyti eru tryggingarnar í London.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta við þessa umr., enda mun gefast tækifæri til þess, þegar málið hefur verið athugað í n., og þá um leið hægt að ræða niðurstöður n. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 395).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., er getur á þskj. 395. Breyt. er í því fólgin, að tilskilið er, að Samábyrgðin veiti ekki lakari tryggingarkjör en önnur tryggingarfélög að dómi ríkisstj. Þetta er svo einfalt, að ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umr., en vil fyrir hönd n. leggja það til, að frv. verði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.
Brtt. 395 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 416).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 416, 468, n. 474).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem borið var fram í hv. Nd. og er upphaflega á þskj. nr. 296, gerir ráð fyrir því, að það skuli fastbundið með l., að tryggja skuli hjá Samábyrgð ríkisins öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma. Þetta frv. hefur tekið nokkrum breyt. í Nd., eins og séð verður á þskj. 416, þannig að ákveðið er, að tryggingarnar skuli ekki vera lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstj. Ef frv. verður samþ. nú, er í raun og veru lítið annað gert með þessu lagaákvæði en það að skylda þær ríkisstofnanir, sem fara með þessi mál, sem eru hér Skipaútgerð ríkisins, til þess að leggja þau tilboð, sem fyrir liggja um vátryggingar í þessum efnum, fyrir Samábyrgðina og leyfa henni að ganga inn í beztu kjör. Það kann að vísu að vera nokkur hætta í sambandi við þetta þannig, að ef menn vita fyrir fram, að lögboðið er, að ríkisstofnun skuli eiga heimtingu á því að fá jafnan að ganga inn í lægsta tilboð um tryggingar í þessum efnum, þá kann sá möguleiki að vera fyrir hendi, að það dragi úr áhuga vátryggingarfélaganna um að gera tilboð um vátryggingarkjör á hverjum tíma, vitandi, að það er ekki trygging fyrir því, að lægsta tilboð yrði samþ. og gengið að samningum um tryggingu. Sjútvn. hyggur þó, að þetta muni ekki raunverulega verða neitt til tjóns. En þetta lagaákvæði mundi verða til þess að beina þessum tryggingamálum inn á þá braut, að beinir samningar yrðu gerðir á milli Samábyrgðarinnar og Skipaútgerðar ríkisins. Enda mun þetta hafa verið rætt við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins við meðferð málsins í hv. Nd., sem þó kemur ekki fram í þskj., og mun hann geta fellt sig við þá breyt., sem orðin er á þessu á þskj. 416. Sjútvn. sá því ekki ástæðu til að gera till. um breyt. á frv. eins og það er á því þskj. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt, að undanteknum hv. þm. N-Þ., sem hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir fyrirvara sínum við þessa umr. Hann hefur borið fram brtt. við frv., sem hann mun gera grein fyrir. En allir aðrir nm. standa að því að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er á þskj. nr. 416 og eins og það kom frá hv. Nd.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og líka var getið um í ræðu hv. frsm. sjútvn., skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Þessi fyrirvari minn var um það, að ég vildi gjarnan koma inn í frv. örlítilli breyt., sem ég vona, að allir hv. þdm. geti orðið sammála um. Og þessi brtt. er ekki önnur en sú, að bætt verði inn í frv. ákvæði um það, að Samábyrgðin skuli birta ársreikninga sína í B-deild stjórnartíðindanna. En það eru engin ákvæði um þetta í l., sem nú gilda um Samábyrgðina. En þar sem þetta er orðin svo stór stofnun og nú er verið að gera ráðstafanir til þess að færa út starfssvið hennar og gera það stærra, þá finnst mér sjálfsagt, að þessi stofnun birti sína reikninga í stjórnartíðindunum. Aðrar stofnanir ýmsar, sem eru opinberar og hafa mikil viðskipti og fjárráð, gera það flestar eða allar, held ég, að birta sérstaklega prentaðar ársskýrslur sínar og ársreikninga, eða þá, að skýrslurnar eru birtar í stjórnartíðindunum. Og mér finnst rétt, að þessi stofnun geri það einnig. — Þessi breyt. getur vel fallið inn í 12. gr. miðja í þessum lögum, þar sem eru ákvæði um það, að Samábyrgðin skuli birta ráðh. hag hennar allan og starfsemi og leggja það undir endurskoðun. Þar eiga þessi orð, samkv. minni brtt., að falla inn í: „og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.“ — Ég vona, að allir hv. þm. geti orðið sammála um að samþ. þessa brtt.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Mín er að nokkru getið í nál. En til þess að taka af allan vafa, þá er átt aðeins, í þeim orðum sem þar eru, við þá brtt., sem nú hefur verið lýst og fyrir liggur. Ég taldi ekki ástæðu til að skrifa undir nál. með fyrirvara, þó að ég lýsti mig fylgjandi þessari brtt. En allir nm. voru sammála um frv. Ég hygg þó, að einn hv. nm. til hafi látið það uppi, að hann geti vel samþ. þessa brtt., sem var boðuð í n.

Ég tel, að þau rök fyrir þessari brtt., sem fram hafa komið, séu góð og fullkomlega réttmæt, því að það eru jafnvel minni stofnanir en þessi, sem skyldar eru að lögum til þess að birta ársreikninga sína í B-deild stjórnartíðinda.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að taka fram, að það er aðeins af vangá, að ég gat þess ekki, að hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) hafði einnig gert þann fyrirvara í n., sem hann hefur lýst. Enda kemur þetta fram í nál. — En í sambandi við þessa brtt. vildi ég aðeins segja það, að það var aðallega vegna þess, að ekki þótti æskilegt eða ástæða til að senda málið á milli deilda, að nm. féllust ekki á, að þessi breyt. væri sett inn í frv. Að öðru leyti höfðu nm. ekki á móti brtt. — En það er ekki svo sem þetta sé eina opinbera stofnunin, sem ekki birtir ársreikninga sína í B-deild Stjtíð. Ég veit ekki til þess, að Skipaútgerð ríkisins birti ársreikninga sína í stjórnartíðindunum, og þeir reikningar eru enn fremur mjög takmarkað til athugunar fyrir fjvn. Ég veit ekki til þess, að reikningar Síldarverksmiðja ríkisins séu prentaðir í stjórnartíðindunum. Þeir reikningar eru birtir, þegar stjórn þeirrar stofnunar þóknast. Ekki hef ég heldur séð í stjórnartíðindunum reikninga frá Gutenberg, Landssmiðjunni, Grænmetissölunni, Áfengisverzluninni, Tóbakseinkasölunni og ýmsum öðrum stofnunum, sem reknar eru alveg á kostnað og ábyrgð ríkisins. — Ég hef ekkert á móti þessari brtt. annað en það, að hún mundi

tefja málið, af því að það mundi, ef hún yrði samþ., þurfa að fara á milli deilda.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég held nú, að þessi ótti hv. þm. Barð. við það, að þessi brtt., ef samþ. yrði, gæti orðið til þess, að frv. falli, sé alveg ástæðulaus, því að brtt. er svo lítil og að því er mér finnst sjálfsögð, að ég hygg, að ekki sé hætta á, að neitað verði um að samþ. þetta frv., þó að hún verði samþ.

Varðandi hitt, að ýmsar aðrar opinberar stofnanir séu ekki skyldaðar til þess að birta sína reikninga á þennan hátt, sem vel má vera, að rétt sé, þá held ég, að það sé sízt til fyrirmyndar, heldur ætti að birta reikninga allra slíkra stofnana í stjórnartíðindum. Ég veit ekki betur en að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins birti alltaf skýrslur þeirrar stofnunar, líkt og bankarnir, svo að það er ekki ástæða til að gera þá kröfu til þeirrar stofnunar, að hún birti í stjórnartíðindum ársreikninga sína, úr því að þetta er gert.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Viðkomandi því, sem hv. þm. Barð. sagði um að senda mál á milli deilda, þá vil ég mjög mótmæla þeirri skoðun, sem þar kom fram hjá honum hvað þetta snertir. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir, að drepin hafa verið mál vegna þess, að ekki hafa fengizt samþ. við þau brtt. af ótta við að senda þau á milli deilda. En þetta er fáránleg og alveg röng stefna. Við eigum að gera það, sem við álítum rétt og satt í hverju máli, og gera þær brtt., sem við álítum réttastar, án nokkurs tillits til þess, hvað Nd. gerir. Ég álít, að sá andi eigi að ríkja hér í hv. Ed., að hv. þdm. eigi að gera sínar till. eftir sannfæringu sinni, án nokkurs tillits til þess, hvort málin fara á milli deilda eða ekki. Það hafa stundum verið samþ. mál með óánægju allra hv. þdm. eða flestra til þess að senda þau ekki á milli deilda. Svo hafa aðrir hv. þm. notað þá viðbáru, að þeir vildu ekki senda mál á milli deilda vegna ótta við, að þau mundu falla vegna þess, en aðeins sem skálkaskjól til þess að breiða yfir þá afstöðu til mála, að þeir hafa verið á móti breyt. á málum. En þeim hefur þótt finna að segja, að þeir gerðu þetta af því, að þeir óttuðust, að hætta væri í því fólgin að senda málin milli d., heldur en að segja sannleikann umbúðalaust um afstöðu sína.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 468 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 514).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

---

51. Fiskveiðar í landhelgi.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi** (þmfrv., A. 119).

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Eins og grg. þessa frv. ber með sér, þá hefur það verið flutt á tveim síðustu þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Það var samþykkt hér í Nd., en í Ed. var því vísað til ríkisstj. með rökstuddri dagskrá til undirbúnings, og var gert svo ráð fyrir, að athugun hjá ríkisstj. yrði lokið fyrir þetta þing. Eftir að ég kom til þings í haust, fór ég að kynna mér, hvað ríkisstj. hefði gert, og komst þá að því, að undirbúningur var ekki hafinn og ekkert hafði verið gert í málinu. Þess vegna höfum við flm. lagt málið fram á ný, því að við lítum svo á, að þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, séu mjög nauðsynlegar, en þær eru fólgnar í því að hækka sektarákvæði laganna og færa þau til samræmis við samsvarandi ákvæði í l. um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi. Auk þess höfum við tekið það upp um skip, sem fá afla án þess að veiða hann sjálf, að sektarákvæðin nái einnig til slíkra skipa, en það er ógreinilegt, eins og lögin nú eru, að sektarákvæðin nái til annarra skipa en þeirra, sem beinan þátt eiga í veiðunum. Sé ég svo ekki ástæðu fyrir hönd okkar flm. að fara um þetta fleiri orðum, en vildi mælast til þess, að sjútvn. fengi þetta mál til athugunar að lokinni þessari umr. Ég geri ráð fyrir, að meðlimir sjútvn. ræði málið við viðkomandi ráðuneyti, og hafi þá orðið einhver undirbúningur af hálfu ríkisstj., þá takist samstarf milli n. og þess ráðh., sem mál þetta heyrir undir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, n. 344).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Frv. þetta fjallar eingöngu um þann þátt laganna um fiskveiðar í

landhelgi, sem snertir sektarákvæðin. Frv. fór í gegnum þessa d. í fyrra, en í Ed. var því vísað til ríkisstj. til athugunar. Sjútvn. sendi frv. til dómsmrn. til umsagnar, og fékk n. bréf frá dómsmrh., þar sem látið er í ljós það álit, að sektarákvæðin séu allt of lág. Hins vegar getur dómsmrh. þess, að hann teldi æskilegt að afgreiða þetta mál í sambandi við landhelgismálin í heild, en telur þó ekki nauðsyn bera til að fresta afgreiðslu þessa máls þangað til. Sjútvn. var sammála um að hækka sektarákvæðin og færa þau til samræmingar við ákvæðin um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. En með tilliti til þess, að í l. eru sektirnar miðaðar við gullkrónur, taldi n. rétt að lækka sektirnar frá því, sem var í frv. upphaflega. Er þó um mikla hækkun að ræða frá því, sem er í gildandi l. Hef ég svo ekki meira um þetta að segja, en vænti þess, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi í sambandi við afgreiðslu þessa máls geta þess, að í samningaumleitunum við erlent ríki í fyrra kom fram það álit erlends fræðimanns, að fiskveiðalöggjöf okkar væri ófullkomin, l. væru ekki nógu skýr og sektarákvæðin langt á eftir tímanum, og voru ýmis atriði, sem þessi fræðimaður taldi þurfa að breyta. Ég vildi, um leið og ég mæli með framgangi þessa frv., eins og það kemur frá sjútvn., beina því til hæstv. dómsmrh., ef þessi mál heyra undir hann, að hann láti endurskoða l. hið bráðasta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má deila um, hvort þessi mál heyri undir mig, þar sem landhelgisgæzlan heyrir undir hæstv. menntmrh. Engu að síður höfum við látið þetta mál til okkar taka, og það, að dregizt hefur að endurskoða l., byggist á því, að lögfræðingur, sem dómsmrn. hefur helzt kosið, að ynni að þeirri endurskoðun, hefur verið önnum kafinn við undirbúning landhelgismálalöggjafar, en ráðuneytið hefur fullan hug á að láta málið til sín taka.

ATKVGR.
Brtt. 344 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 358).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 358, n. 502).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. frá 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi gengur út á það eitt að hækka refsingar fyrir brot á fiskveiðilöggjöfinni. Hækkanir þessar eru mismiklar eftir tegund brota, en eigi að síður er þarna um verulegar hækkanir að ræða. Þær refsingar, sem mestu máli skipta af þeim, sem í frv. þessu eru ákvæði um, þ. e. a. s. fyrir ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum, eru fimmtugfaldaðar að lágmarki, eins og frv. var afgr. frá hv. Nd. Þær hafa verið frá 100 til 5 þús. kr. En hér er gert ráð fyrir, að þær verði að lágmarki 5 þús. kr., en hámarki 20 þús. kr. — Víðast annars staðar er um heldur minni hækkanir að ræða heldur en í þessu meginatriði löggjafarinnar.

Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar, og hún getur vel fallizt á, að ástæða sé til að hækka til muna refsingarákvæði fyrir brot á fiskveiðilöggjöfinni. Ég vil nú ekki segja, að a. m. k. allir nm. hafi þá tröllatrú á því, að hægt sé að fyrirbyggja brot á löggjöfinni með því að hækka refsingar fyrir þau upp úr öllu valdi, sem allur þorri manna virðist hafa nú. Þess er jafnan að gæta, að það er jafnan tvíeggjað að setja refsiákvæði hærra en góðu hófi gegnir, einmitt af því, að torvelt reynist að framfylgja refsingunni, ef refsingin stendur ekki í einhverju sennilegu hlutfalli við brotið, sem um er að ræða. Þetta hefur komið í ljós mjög greinilega m. a. í sambandi við fiskveiðilöggjöfina hjá okkur. Eins og kunnugt er, þá liggja mjög þungar refsingar við því að veiða með botnvörpu í landhelgi, hvort sem það gera innlendir menn eða útlendir. Þar er lágmarkið 10 þús. gullkrónur. Það gekk sæmilega að innheimta þessar sektir, meðan það voru aðeins stór veiðiskip, sem stunduðu þessa veiðiaðferð og gerðu sig brotleg við þessi ákvæði fiskveiðilöggjafarinnar. Það var um það mikið fjármagn að ræða hjá þeim fyrirtækjum, að það þótti fært að innheimta slíkar sektir hjá togurum. Þegar svo aftur á móti mótorbátarnir komu með sínar litlu vörpur og áttu að borga sömu sektir fyrir þessi brot eins og togararnir, þá hefur það farið svo í framkvæmdinni, að þær sektir hafa annaðhvort alls ekki verið eða þá að mjög litlu leyti innheimtar. Ef nú sú skoðun verður almenn, að slíkar sektir verði alls ekki innheimtar, þá er í raun og veru nokkuð sama, hvort höfð eru þessi gífurlega háu sektarákvæði gagnvart brotinu eða þá að það er engin sekt höfð við því, því að sannleikurinn er, að þegar menn ganga út frá því sem vísu, að sekt

verði ekki innheimt, þá hættir sektarákvæði að verka sem hindrandi lögbrot. Menn setja það ekki fyrir sig, þó að þeir séu dæmdir, ef þeir vita fyrir fram nokkurn veginn með vissu, að þeir þurfi ekki að taka út refsingu. — Þessi sjónarmið hafa orðið til þess, að sjútvn. hefur þótt ákaflega hæpið að setja lágmarksrefsingu svo háa sem í frv. er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. 5 þús. gullkrónur, sem mun vera milli 15 og 20 þús. pappírskrónur, eins og gildi þeirra er nú á móti gulli. Það geta líka verið þannig aðstæður, að brot sem þetta sé mjög afsakanlegt. Segjum t. d., að skip reki inn fyrir takmarkalínu landhelginnar í þoku og menn á því geri sér alls ekki ljóst, að skipið sé í landhelgi, og unnið sé þess vegna að fiskverkun inni í landhelginni. Ég býst við, að það muni þykja mjög erfitt fyrir jafnafsakanlegt brot eins og þetta að innheimta jafnháa sekt og hér er gert ráð fyrir, auk þess sem afli og veiðarfæri á að vera upptækt. — Sjútvn. hefur því orðið sammála um að leggja til, að lágmark sekta fyrir þessi brot verði fært úr 5 þús. kr. niður í eitt þús. kr., þannig að þetta sé tífaldað, en ekki fimmtugfaldað frá því, sem nú er ákveðið í gildandi l. Sjútvn. gerir því till. um, að í stað „5 þús.“ í 1. og 4. efnismálsgr. komi: 1 þús. Með þessari breyt. einni er sjútvn. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 502 samþ. með 9:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 534, 535).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Brtt. frá sjútvn. er aðeins leiðrétting á málvillu, og verður væntanlega enginn ágreiningur um hana.

ATKVGR.
Brtt. 535 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Sþ., 17. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 544).

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

---

52. Byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp.

Á 67. fundi í Ed., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir (þmfrv., A. 367).

Á 68. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, er flutt til þess að hindra, að ákvæði l. geti valdið byggingarsjóði óhæfilegum útgjöldum vegna kostnaðar við byggingarfulltrúa. Vil ég gera grein fyrir frv. með nokkrum orðum.

1. gr. er um það, að í stað ákvæðisins um, að sýslun. sé heimilt að hafa byggingarsamþykkt fyrir sýsluna, þá sé það skylt. Það þykir ekki minni nauðsyn, að byggingarsamþykkt verði gerð fyrir þessa aðila heldur en fyrir bæi og stór kauptún.

2. gr. er um breyt. á 4. gr., og er þar gert ráð fyrir, að síðari hluti 4. gr. falli niður. Í þeim ákvæðum, sem lagt er til, að falli niður, er svo ákveðið, að sýslun. ráði byggingarfulltrúa í samráði við stjórn teiknistofu landbúnaðarins og stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands, og sé hann formaður allra byggingarnefnda hreppanna, og heimilt sé tveimur eða fleiri sýslufélögum að hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa. Hér er aðeins gert ráð fyrir, að sýslufélögum sé heimilt að hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa, en frekar gert ráð fyrir, að hver sýsla hafi hann út af fyrir sig. Enn fremur er ákveðið, að launin séu greidd af þessum aðilum: sýslusjóði, nýbýlasjóði og byggingarsjóði, að ⅓ frá hverjum. Þessir sjóðir voru settir saman í eina stofnun, byggingarsjóð, en það láðist að taka það inn í þau l. að yfirfæra á sjóðinn þá skyldu að greiða byggingarfulltrúum laun. Þess vegna er nú allt í lausu lofti, hvernig launin verði greidd, en vitanlega er óhjákvæmilegt að hafa einhver ákvæði um launagreiðslurnar. Í frv., sem lagt var fyrir Nd. og hefur verið afgr. frá henni til þessarar d., er gert ráð fyrir, að þessar skyldur skuli fara yfir á byggingarsjóð. Nú óttast þeir, sem mest hafa um þetta mál fjallað, að hér sé heldur hátt stefnt, að heimila hverju sýslufélagi að hafa byggingarfulltrúa og síðan sé gert ráð fyrir, að byggingarsjóður sé skyldur til að greiða ⅔ af launum þessara fulltrúa. Þess vegna er í þessu frv. í 3. gr. lagt til, að inn í l. komi tvær nýjar gr., sem verði 5. og 6. gr., og er þar svo ákveðið, að sýslun. skuli heimilt að ráða byggingarfulltrúa og launin skuli greidd að hálfu af viðkomandi sýslufélagi og að hálfu af öðrum aðilum innan héraðs, en sýslun. sé heimilt að jafna því niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í

hundraðshlutum af fasteignamati jarða og húsa með lóðum, þó megi þetta gjald aldrei fara yfir 2,5% af fasteignamatinu.

Það gæti virzt, að þegar sýslan á nú að greiða helming af launum, en ⅓ áður, þá séu það aukin útgjöld fyrir sýslufélögin, en svo er ekki, því að hér er ákveðið, að landinu sé skipt í 7 svæði, svo að tala byggingarfulltrúanna verður ekki nema 7 í staðinn fyrir, að áður var ákveðið, að heimilt væri að hafa þá 20. Þetta fyrirkomulag mundi spara sýslunum fé og einnig byggingarsjóði mikið fé, og er þess full þörf, því að öllum kemur saman um, að eins og fyrirkomulagið er nú, þá mundi það skapa byggingarsjóði óhæfilega þungar kvaðir. Þetta er aðalbreyt., sem gerð er á l.

Í gr. þeirri, sem á að verða 6. gr. l., er gert ráð fyrir, að þegar sýslun. óskar, að komið verði á samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa fyrir hlutaðeigandi byggingarumdæmi, þá geri sýslun. frv. að samþykkt þar að lútandi og sendi öllum sýslun. innan byggingarumdæmisins, og hljóti hún samþykki ⅔ atkvæða allra sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu, sé hún bindandi fyrir öll sýslufélög innan þess byggingarumdæmis. Um skiptinguna sjálfa þarf ég ekki að ræða, ég veit, að allir hv. þdm. hafa kynnt sér það atriði í frv.

Breyt. við 9. og 11. gr. eru aðeins orðabreyt. í samræmi við þær breyt., sem gert er ráð fyrir, að komi á undan, og ég hef nú lýst.

Það varð að samkomulagi milli beggja d. að afgreiða ekki að svo stöddu frv. um breyt. á l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, heldur flytja þetta frv., þar sem það mun ná betur því takmarki, sem að er stefnt. Ég vil þó enn fremur geta þess, að í því frv., sem er samkomulag um að láta ekki ganga fram að svo komnu, er líka ákvæði um breyt. á jarðræktar- og húsagerðarsamþ. í sveitum. Þessi ákvæði eru líka yfirfærsla á byggingarsjóð af nýbýlasjóði, en gert er ráð fyrir, að líka verði flutt frv. um það í þessari d., áður en langt líður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið. Frv. hefur fengið athugun í landbn., og sé ég ekki ástæðu til að vísa því til hennar aftur.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal fyllilega viðurkenna með landbn., að það var ástæða til að taka þetta mál til meiri og róttækari meðferðar en gert var í því frv., sem komið hefur fram um þetta mál og er nú hingað komið frá Nd., þó að þar væri gerð tilraun til að bæta fyrir þá yfirsjón, sem gerð var í sambandi við breyt. á þeim l., sem hv. frsm. minntist á. Ég tel sjálfsagt, að reynt sé að finna úrlausn á þessum grundvelli, sem hér er lagður. En ég vil óska þess, að n. gefi mér tækifæri til að ræða nánar við hana um málið, áður en frv. fer lengra. Það er sérstaklega eitt atriði, sem mér er ekki alveg fullkomlega ljóst, hvernig kemur til með að verka, en það er 3. liður í þeirri gr., sem á að verða 5. gr. l. Þar er slegið föstu, að byggingarfulltrúum skuli greidd laun eftir VIII. flokki launalaga. Er gert ráð fyrir, að viðkomandi sýslur greiði kostnaðinn að hálfu leyti. Nú getur verið, að 1—3 sýslur samþykki að koma á slíkri starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir. Þá er mér ekki alveg ljóst, hvort hinum sýslunum á því starfssvæði sé skylt að greiða hálfan kostnað úr sínum sjóði á móti þessari einu sýslu. Þessu hef ég ekki fullkomlega gert mér grein fyrir, hvernig þetta verkar, ef ekki nema brot af sýslunum samþykkir þessa starfsemi. Vildi ég fá að ræða um þetta við landbn., áður en málið kemur til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þetta, sem ég vildi segja, er að nokkru leyti í framhaldi af því, sem hæstv. ráðh. minntist á. Ég vil nefnilega biðja n., sem telur sér skylt að athuga málið nánar, að taka þá um leið til athugunar stöðu þeirra sýslufélaga — það er kannske ekki nema eitt —, sem þegar hafa ráðið sér byggingarfulltrúa. N. er kannske ekki kunnugt um, að Byggingarfélag Eyfirðinga, sem tekur yfir alla Eyjafjarðarsýslu og flestir bændur þar eru í, hefur fyrir alllöngu síðan ráðið sér byggingarfulltrúa, Snorra Guðmundsson byggingarmeistara á Akureyri. Ég skal ekki segja, hvort hann gæti bætt á sig því verkefni að taka líka að sér Þingeyjarsýslur báðar. En dálítið virðist það í fljótu bragði undarlegt, ef sýslufélag, sem af sjálfsdáðum, hjálparlaust af ríkinu hefur komið á hjá sér því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, á að vera sett saman við önnur sýslufélög að því forspurðu. Þetta vil ég biðja n. að taka til athugunar og vil gjarnan fá að ræða þetta atriði við hana.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það eru örfá orð út af því, sem hæstv. ráðh. sagði og hv. 1. þm. Eyf.

Út af aths. hæstv. ráðh. vil ég taka fram, að í frv. er svo ráð fyrir gert, að ⅔ sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu skuli vera samþ. fylgjandi og þá sé hún bindandi fyrir svæðið allt, líka þá, sem ekki vildu vera með. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að þetta mundi í öllum tilfellum nægja til þess, að tvö sýslufélög yrðu á móti einu, ef um skiptar skoðanir væri að ræða.

Það er ekki nema sjálfsagt, og ég lofa því f. h. n., að ræða við hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Eyf. um þessi atriði, sem þeir minntust á. Ég skal geta þess út af aths. hv. þm., að það er meiningin hjá n. að steypa sýslum saman til þess að koma í veg fyrir, að ein sýsla geti krafizt ⅔ af launum byggingarfulltrúa, ef hún er ein sér, en ég skal játa, að n. hefur ekki rætt sérstaklega, hvort ein sýsla getur haft byggingarfulltrúa, ef hún vill leggja á sig að greiða þeim mun meira af launum hans, en það er það, sem mér skilst, að hv. 1. þm. Eyf. hafi jafnvel meint. (BSt: Þetta hefur verið gert.) Það mun vera búinn að vera fulltrúi þar í nokkuð mörg ár, og ég ætla, að kaupfélagið hafi greitt nokkurn hluta af þessum kostnaði. Í 3. gr. er talað um, að sýslun. hafi leyfi til að jafna kostnaðinum niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af heildarfasteignamati jarða og húsa með lóðum, og er þar gert ráð fyrir, að aðrir aðilar innan héraðs geti komið til greina.

Sem sagt, ég lofa því f. h. n., að hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Eyf. skuli fá tækifæri til að ræða við hana og segja sitt álit á þessu nánar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar menn ræða þetta frv., verða menn að minnast þess, að nú er svo ákveðið í l., að byggingarsjóður er skyldur til að bera ⅔ kostnaðar við byggingarfulltrúana, og svo var til ætlazt, að þessir fulltrúar gætu komið í hverri sýslu. Þetta verða menn að muna. Þegar l. um nýbýli og samvinnubyggðir voru sett á næstsíðasta þingi, þá var þetta eldra ákvæði í l. látið falla niður. Nú mun mega um það deila, hvort skylda hvílir á sjóðnum að greiða til byggingarfulltrúanna eða ekki. Sumir halda, að þar sem hin gömlu ákvæði þar að lútandi voru ekki tekin inn í lögin um landnám og nýbyggingar, séu þau þar með fallin, en aðrir álíta, að þar sem sjóðnum bar samkvæmt eldri lögum að greiða ⅔, þá hvíli enn á honum **sú skylda.**

Áður en hin eldri lög voru sett, hafði K.E.A. fengið sér byggingarfulltrúa og komið á sambandi fyrir alla Eyjafjarðarsýslu og part af S.-Þingeyjarsýslu. Þessum byggingarfulltrúa hefur K.E.A. eða Byggingarfélag Eyjafjarðarsýslu borgað. Síðan lögin voru sett, hefur verið myndað byggingarfélag í A.-Húnavatnssýslu, sem hefur ráðið sér fulltrúa og heimtar ⅔ greidda af sjóðnum eftir eldri lögum. Nú er vafi á því, hvort skylda hvíli á sjóðnum um slíkar greiðslur. Og enn fremur er augljóst, að ef gerðar væru nú kröfur um greiðslur til 20—30 byggingarfulltrúa, gæti étizt svo upp af sjóðnum, að lítið yrði eftir til lána. Því vildu ýmsir, og þeirra á meðal ég, koma í veg fyrir þann möguleika, að allur sjóðurinn færi til að launa byggingarfulltrúa. Hins vegar teljum við nauðsynlegt, að eftirlit sé haft með byggingarframkvæmdum, og viljum því ekki sleppa byggingarfulltrúunum. Við höfum því farið þá miðlunarleið að gera ráð fyrir 7 byggingarfulltrúum, sem greidd yrðu laun að hálfu úr sjóðnum. Nú finnst ráðh. óljóst, hvort þá þurfi t. d. samkv. frv. að borga byggingarfulltrúa Eyfirðinga. Svo er þó alls ekki. Í 5. gr. eru dregin skýr mörk um það, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að greiða megi byggingarfulltrúa laun að hálfu úr sjóðnum, og eitt af því er það, að umdæmin séu 7 og þau, sem ákveðin eru í 3. gr. Ef þeim skilyrðum verður ekki fullnægt, þá ber heldur ekki að greiða úr sjóðnum. Í 6. gr. er enn fremur tekið skýrt fram, hve mikinn meiri hluta sýslunefndarmanna á ákveðnum samþykktarsvæðum þurfi til þess að gera bindandi samþykktir um slík byggingarumdæmi. Ef t. d. ⅝ sýslunefndarmanna í Eyjafjarðar-, S.-Þingeyjar- og N.-Þingeyjarsýslum gera slíka samþykkt, yrði byggingarfulltrúa þeirra greitt úr sjóðnum. Þetta er þannig mjög einfalt mál. **(BSt:** Það er þá hægt að þvinga Eyfirðinga til að vera með?) — Það er alveg rétt, ef hinar sýslurnar báðar vilja gera samþykktina. Ég tel rétt, að n. ræði um þetta við ráðh. og 1. þm. Eyf., en finnst annars, að eftirlitsskyldunum sé svo í hóf stillt með frv., að það **eigi að** vera vel yfirkomanlegt fyrir þá, sem rækja þær, en eftirlitið hins vegar kostnaðarminna en ætlað var áður og því viðráðanlegt fyrir alla. Ég hef því ekki mikla trú á, að frv. verði breytt verulega héðan af, þótt rætt verði, enda þótt það sé sjálfsagt að gera.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Frv. er flutt af nefnd, og hún hefur lofazt til að taka það til nýrrar athugunar, og er því ekki ástæða til að vísa því til annarrar nefndar, enda hefur engin till. komið fram um það.

Á 69. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað mál þetta á ný, eins og lofað var við 1. umr., og orðið sammála um að flytja við það tvær brtt., og þar sem ekki hefur unnizt tími til að prenta þær, flyt ég þær hér skrifl. Ég leyfi mér að lesa þær, með leyfi hæstv. forseta. Sú fyrri er við 3. gr. og er á þessa leið: „Í stað orðanna „5. gr. tölulið 1—7" (í nýrri 6. gr. laganna) komi: 5. gr., 2. tölul., undirtöluliði 1—7." Þetta er aðeins leiðrétting, því að hér er ekki um að ræða neina efnisbreyt., heldur er þessu breytt til þess að það verði ljósara og skýrara.

Í samræmi við það, sem fram kom hjá hæstv. landbrh. og hv. 1. þm. Eyf. um það, hvort komið gæti til mála, að ein sýsla í byggingarumdæminu fengi greidd laun úr byggingarsjóði, án þess að samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa kæmi til, hefur n. flutt aðra brtt. við nýja 6. gr. laganna, og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nái samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki löglegu samþykki, samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið hlutfallsleg laun hans úr byggingarsjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu."

Með þessu álítur n., að minni hlutinn geti ekki sett stólinn fyrir dyrnar og byggingarfélög meiri hlutans geti þá fengið greidd laun byggingarfulltrúa samkv. matsverði viðkomandi héraðs. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum og læt því máli mínu lokið.

ATKVGR.
Skrifl. brtt. (sjá þskj. 397) teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það gerist ekki þörf langrar ræðu um þetta nú. Brtt. á þskj. 397 voru teknar aftur til 3. umr. við 2. umr. Þær liggja hér fyrir með þeim smábreytingum, sem sjá má hér á þskj., og sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það.

ATKVGR.
Brtt. 397,1—2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 417).
Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 525).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Í 4. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945 er svo ákveðið, að þar sem byggingarsamþykktir séu gerðar í sveitum og kauptúnum, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sé ráðinn byggingarfulltrúi og sé honum greitt að ⅓ úr sýslusjóði, ⅓ úr byggingarsjóði og ⅓ úr nýbýlasjóði. Nokkur ótti varð um það, ef byggingarfulltrúi væri ráðinn í hverri sýslu, að það yrði svo mikill baggi á þessum sjóðum, að þeir fengju vart staðið undir slíku. Og þegar nýbýlasjóður var sameinaður með lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum 1946, var ætlunin, að þessi skylda nýbýlasjóðs færðist yfir á byggingarsjóð. En í sambandi við frv., sem gekk í gegnum þessa d. í vetur og þræta varð um í Ed., kom fram till. um að draga allmjög úr þessum skyldum í framtíðinni. Árangurinn af því er þetta frv. á þskj. 417, um breytingar, sem allir, er hlut eiga að máli, Búnaðarbankinn, nýbýlastj. og landbn. Ed., eru sammála um. Þar er ákveðið, að byggingarfulltrúar með fullum launum utan Reykjavíkur séu mest 7. Þá er sú breyting gerð, að byggingarsjóði er gert að greiða helming kostnaðarins, en sýslusjóði hinn helminginn. Samkv. 3. gr. er sýslufélagi heimilað að ráða sérstakan byggingarfulltrúa, ef teiknistofa landbúnaðarins samþykkir manninn. Ég verð að játa, að hér er nokkuð dregið úr rétti þeim, sem héruðin hafa eftir núgildandi lögum, og nauðsynlegt er, að eftirlit með þessum framkvæmdum sé sem allra bezt. En ef færir menn fást, ættu þeir að geta annað þessu starfi, ef þeir sinna því vel og hafa ekki annað með höndum. Í 3. gr. er enn fremur ákveðið, að ef ekki næst samkomulag milli sýslufélaga eða engin byggingarsamþykkt er til, er sýslufélagi heimilað að ráða sérstakan byggingarfulltrúa, og væri þá möguleiki fyrir sýslufélagið að hafa meira upp úr vinnu fulltrúans við stjórn á byggingum innan héraðsins. Landbn. hefur samþ. að fallast á, að frv. nái fram að ganga óbreytt. Og fjölyrði ég nú ekki um þetta að öðru leyti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 586).

---

53. Sóknargjöld.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um sóknargjöld (þmfrv., A. 108).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Menntmn. hefur borizt þetta frv. frá hæstv. menntmrh. með ósk um það, að n. flytti það fyrir stj. hér á þingi. N. taldi sjálfsagt að verða við þeirri ósk að flytja frv., en einstakir nm. hafa alls kostar óbundnar hendur um afstöðu til málsins að öllu leyti.

Frv. þetta er samið af biskupinum yfir Íslandi, eða a. m. k. á skrifstofu hans, og fjallar um það að breyta mjög l., sem nú gilda um innheimtu sóknargjalda til kirkna í landinu. Frv. þessu fylgir rækileg og glögg grg., sem samin mun vera af biskupinum, og tekur hún fram um þau nýmæli, sem í frv. felast, og skal ég ekki fara langt út í að skýra þetta mál, þar sem grg. liggur fyrir prentuð og allir þm. hafa aðgang að því að kynna sér málið eins og því er þar lýst. Ég vil þó drepa á það, að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sóknargjöld hækki nokkuð frá því, sem nú er. Þannig er ákveðið í gildandi lögum nú, að innheimta skuli sérstakt gjald, kr. 1,25 af hverjum manni, sem kominn er yfir 15 ára aldur og telst til þjóðkirkjunnar. Á þetta lága gjald hefur ekki verið reiknuð verðlagsuppbót undanfarið, en heimild í gildandi lögum til þess að sóknarnefndir heima í hverju héraði, með samþykki safnaðarnefndar og héraðsfundar, megi leggja á sérstakan skatt eða hækka sóknargjöld eftir því, sem þörf er fyrir á hverjum stað. Biskup skýrir svo frá, að ýmsar sóknir hafi notfært sér þessa heimild og af því leiði,

að sóknargjöld séu nú í miklu ósamræmi, þegar litið er á landið í heild. Í sumum sóknum hefur gjaldið ekki verið hækkað, og af því leiðir, að tekjur þær, sem kirkjan hefur úr að spila, eru mjög af skornum skammti, þar sem kirkjugjöld sumra kirkna eru eingöngu 50—125 kr. árlega. Er bent á það, að slík aðstaða sé alveg ófullnægjandi til þess að halda kirkjunum í því horfi, sem nauðsyn ber til, því að af því leiði mikla vanrækslu um kirkjuhald og kirkjulega muni. Í öðrum sóknum hafi verið gripið til þeirra ráða að hækka sóknargjöld verulega. Segir svo, að í 70 sóknum séu þau 1.50—3.00 kr. á mann, í rúmlega 80 sóknum 3—5 kr. á mann, en í 60 frá 5 upp í 25 kr. á mann. Þetta nægir til þess að benda á, að hér er um mjög mikið ósamræmi að ræða. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þetta verði samræmt á þann hátt, að ákveðið verði, að alls staðar utan Rvíkur skuli fólk á aldrinum 16—67 ára greiða 3 kr. í sóknargjald, að viðbættri visitöluuppbót, en hér í Rvík skuli gjaldið nema 6 kr. á mann, á þeim aldri, sem ég sagði, að viðbættri verðlagsuppbót.

Ég tel ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta frv. við þessa umr., en vil taka fram að lokum, að menntmn. mun að sjálfsögðu athuga þetta frv. rækilega milli 1. og 2. umr. og taka afstöðu til málsins að þeirri athugun lokinni.

Þar sem málið er flutt af n. óskiptri, tel ég ekki ástæðu til að vísa því til n. aftur og þá með tilliti til þess, sem ég hef þegar sagt, að n. muni að sjálfsögðu ræða málið rækilega milli umræðna.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vil aðeins, þar sem ég á sæti í n., sem flytur frv., undirstrika öllu greinilegar en fram kom í ræðu hv. frsm., að einstakir nm. hafa, þrátt fyrir flutning n. á frv., engar ákvarðanir tekið um það, hvort þeir endilega fylgja þessu frv. eða ekki. Það er svo til komið eins og hv. frsm. lýsti og var sent til n. af kirkjumálaráðh. með óskum um, að n. flytti málið. Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að það sé rétt af nefndum að gera það að beiðni ráðh. að sýna mál í þinginu, hvað sem liði skoðunum einstakra nm. á málinu.

Hv. frsm. hefur þegar greinilega tekið fram, að n. muni taka málið til nýrrar athugunar og gefa út um það nál., enda var það skilyrði fyrir því, að málið yrði flutt. Ég vil þess vegna gera grein fyrir því, að ég tel enga von um, að ég fylgi þessu máli, þó að ég hafi ekki viljað hindra, að þingið sæi frv.

Ég held sem sagt, að heildarstefna frv. sé í veigamiklum atriðum mjög varasöm. Það er alkunn staðreynd, að hin evangeliska, lútherska kirkja er þjóðkirkja á Íslandi og að í sambandi við þetta nýtur hún þeirra hlunninda, að ríkið launar starfsmannahald hennar, nýtur þeirra hlunninda, að ríkið heldur uppi skóla til að mennta prestana og loks þeirra hlunninda að hafa sérstakan rétt til að skattleggja þjóðfélagsþegnana og það í rauninni svo, að þann skatt skuli menn í einni eða annarri mynd greiða. Jafnvel þótt þeir óski ekki að vera í neinu trúfélagi, geta þeir ekki losnað við það, því að þá verða þeir að greiða þennan skatt til háskólans. Þetta er svo samkvæmt íslenzkum lögum. Nú er farið fram á það að endurnýja þessi lög og með þeim hætti, að þetta álag verði verulega hækkað. Og ef það nægir ekki, — fari svo, að ekki sé sæmilega séð fyrir fjáröflun til kirkjunnar með þessum gjöldum, — eiga sóknarnefndir að hafa til þess rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar að vísu, að leggja á alla sóknarmenn sérstakt gjald, sem sé miðað við útsvar eins og það er á hverjum tíma. Ég verð að segja það, að ég álít, að við eigum í heiðri að halda því ákvæði í stjskr. okkar, að hér ríki algert trúfrelsi, og ég verð að segja, að þá finnst mér gengið of langt, þegar gefa á kirkjunni vald til slíkrar skattlagningar sem hér er farið fram á. Ég álít, að það sé trúaráhugi mannsins, sem eigi að ákvarða það, hve mikið lagt er af mörkum til trúarlegrar starfsemi í hverjum söfnuði. Og ég held, að það sé vafalaust, að þá sé betur séð fyrir hinu trúarlega lífi í landinu, ef söfnuðirnir sýndu sinn vakandi og starfandi áhuga til þess að afla nauðsynlegra tekna fyrir kirkjuna. Ég held því, að skynsamlegra væri fyrir löggjafann að gefa söfnuðunum meira frjálsræði og meiri ábyrgð og láta þá sjálfa afla fjár til kirkjubygginga og kirkjurekstrar en snúa á hina brautina, að hækka hina lögþvinguðu álagningu.

Ég sé ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir afstöðu minni til málsins á þessu stigi, en vildi aðeins, að þetta kæmi betur fram. Þó að ég hafi greitt því atkvæði í n., að hún yrði við þeirri beiðni kirkjumálaráðh. að flytja frv., býst ég við, að undir meðferð málsins verði ég því fyllilega andvígur, enda hafa nm. óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 20. og 64. fundi í Nd., 20. nóv. og 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 108, n. 378).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta mál til athugunar, og eins og segir í nál. á þskj. 378, hafa nm. orðið ásáttir um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga með þeim breyt., sem prentaðar eru á á þskj. 378, og mun ég nú gera nokkra grein fyrir þessu.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sóknargjaldið sé ákveðið kr. 3.00 utan Rvíkur, en sé kr. 6.00 í Rvík. Nú leggjum við í n. til, að sóknargjöld, grunngjaldið, skuli vera 3—6 kr., eftir nánari ákvörðunum safnaðarfunda á hverjum stað. Ofan á þessa upphæð bætist svo verðlagsuppbót samkv. 1. gr. frv., en það er sem tíðkast um aðrar greiðslur, og er það því í samræmi við þær.

Önnur brtt. n. er við 2. gr. frv. og er orðalagsbreyt. á 2. mgr. Í því felst það, að ótvíræðara er, að ráðh. sá, er gefur út reglugerð hér að lútandi, ber ábyrgð á því, er í reglugerðinni segir, en gert er ráð fyrir, að hann setji reglugerðina að fengnum tillögum biskups.

Þriðja brtt. n. er við 4. gr. frv. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að ef tekjur kirkju hrökkvi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, sé sóknarnefndum heimilt að leggja hundraðsgjald á útsvör allra útsvarsgjaldenda. Við gátum eigi fallizt á þessa gr. óbreytta, en lögðum til, að þetta næði til þeirra sóknarmanna, sem hlut eiga að máli.

Síðasta brtt. n. er orðalagsbreyt. á síðustu gr. frv., og er sú breyt. sjálfsögð. Það getur ekki komið til greina að innheimta sóknargjöldin fyrir árið 1947 eftir þessu frv., ef að l. verður. Við leggjum því til, að gr. þessi orðist svo sem er venja: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Einn nm. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara. Hv. þm., 6. þm. Reykv., mundi auðvitað gera grein fyrir fyrirvara sínum, ef hann væri viðstaddur, en ég held ekki, að fyrirvarinn sé það veigamikill, að þörf sé að tefja málið þess vegna. Þetta er einnig 2. umr. málsins, svo að hv. 6. þm. Reykv. á hægt með að skýra frá fyrirvara sínum við 3. umr. málsins, ef honum sýnist svo.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og þykir rétt að gera grein fyrir atkvæði mínu. Í menntmn. var töluverður ágreiningur um þetta mál. Náðist samkomulag um flest það, sem ágreiningur var um, og svo kom, að ágreiningurinn var ekki meiri en það, að mér þótti rétt að skrifa undir nál. með fyrirvara.

Ég get ekki til hlítar gert grein fyrir þessum fyrirvara, nema taka frv. í heild og ræða það grein fyrir grein.

Samkv. 1. gr. er gert ráð fyrir, að lögmæt sóknargjöld úti um sveitir verði kr. 3.00, en í Rvík 6.00, og bætist þar við verðlagsvísitala. Í þessu er ekki fólgin nein stórfelld breyt. frá því, sem nú gildir í l., því að samkvæmt gildandi l. er sóknarn. heimilt að hækka sóknargjöldin eins mikið og verkast vill, takmörkunin fólgin í samþykktum vissra aðila. N. varð sammála um að setja lágmark 3 kr. og hámark 6 kr., og skyldi mega hafa gjaldið einhvers staðar þar á milli. Ég get fallizt á þessa breyt., tel hana meinlausa og gagnslitla. Ég geri ráð fyrir því, að fjárhagurinn muni víðast hvar vera slíkur, að ekki veiti af þessu, og held, að flestar sóknir mundu færa gjöld sín eitthvað í þessa átt, hvort sem þetta ákvæði væri eða ekki.

Ég get ekki komizt hjá að ræða um þau ákvæði, sem snerta þá, sem eru utan þjóðkirkjunnar. Það gæti virzt ástæða til að ræða þetta ekki, því að þessi ákvæði eru öll í stjskr., ákvæðin um það, að menn skuli greiða til Háskóla Íslands og að þeir skuli ekki vera skyldir til að greiða persónuleg gjöld til annarra safnaða en þeirra, sem þeir eru meðlimir í. Það mætti segja, að þessi ákvæði væru óþörf, þar sem þau er að finna í stjskr. Hins vegar er þetta ekki breyt. frá núgildandi l. Ákvæðið er í l. um sóknargjöld nú. Ég get ekki látið hjá líða að drepa á það, að ég lít svo á, að þetta ákvæði 1. gr., sbr. ákvæði stjskr., samrýmist ákaflega illa því trúfrelsi, sem stjskr. lofar okkur. Mér finnst einkennilegt, að í landi, þar sem menn mega dýrka þann guð, sem þeir vilja, skuli menn vera skyldaðir til að greiða gjöld til ákveðinnar stofnunar, jafnhá þeim gjöldum, sem menn greiða annars staðar. Ég vil drepa á þetta í sambandi við þetta mál, en sérstaklega þarf að athuga þetta í sambandi við stjskr., og væri eðlilegt, að þetta yrði ekki tekið inn í önnur l., en að beðið yrði við og séð, hvernig færi um hana.

Ég kem þá að 2. gr., en það er varðandi þá gr., sem ágreiningurinn er. Þar er um nýmæli að ræða. Það er gert ráð fyrir, að af sóknargjaldi hvers þjóðkirkjumanns skuli renna kr. 0.50 að viðbættri verðlagsuppbót í sameiginlegan kirkjusjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs. Þessu á að verja til þjóðkirkjunnar í landinu til sameiginlegra þarfa. Í frvgr. segir ekki meira um þennan sjóð. Það er hér tekið fram, að honum skuli verja til eflingar og styrktar kirkju og kristindómi landsins samkvæmt reglugerð. Þessu hefur n. viljað breyta í það form, að kirkjumálaráðh. sé ekki bundinn af till. biskups, og er það sjálfsagt. En ég vil segja það, að öll ákvæði um þennan sjóð eru mjög óljós, og einnig, að hér er um verulega skattlagningu að ræða. Ég vil einnig benda á það, að ekki hefur verið gerð tilraun til þess að gera grein fyrir, hversu miklar tekjur þessa sjóðs verða á ári. Það er þó auðvelt reikningsdæmi, því að það er vitað, hve meðlimir kirkjunnar eru margir, og þá er ekki annað en að margfalda með kr. 1.50. Það kann að vera, að frsm. n. hafi gert grein fyrir þessu, en ég gat ekki hlustað á mál hans, því að ég var á fundi í bæjarráði Rvíkur.

Það má segja, að það sé engin ofrausn í því, hverju er varið til kristindóms í landinu, og skal ég ekki vera í hópi þeirra manna, sem vilja telja eftir það, sem fer til sannlegs kristindóms í landinu. En ég vil segja það, að sú blessun, sem frá kirkjunni hefur stafað, hefur ekki ætíð verið í réttu hlutfalli við það fjármagn, sem kirkjan hefur haft, og get ég ekki hjá því komizt að benda á það, að innan kirkjunnar eru nú straumar, sem mér þykja uggvænlegir. En ég skal taka það fram, að biskup landsins viðurkenni ég sem frjálsan vörð um kirkjunnar mál, en að sjálfsögðu getum við ekki miðað við ákveðna persónu um það, hvort kirkjan sem stofnun er látin fá þetta fé í hendur. Og ég efa það fyllilega, að það sé til nokkurrar blessunar fyrir kirkjuna og þjóðina, að kirkjan sem slík verði fjárhagslega óháð stofnun og sem minnst háð þjóðfélaginu. — Ég er ekki meðmæltur þessari gr. og mun greiða atkv. gegn henni, og afstaða mín til frv. fer eftir því, hvernig fer um þessa gr.

Þá kem ég að 4. gr. og get ekki látið hjá líða að segja það, að eins og 4. gr. er lögð fram, tel ég það með meiri ágengni, sem hér hefur verið sýnt í frv.-formi. Í þessari gr. var gert ráð fyrir, að kirkjan fengi að leggja hundraðsgjald á alla útsvarsgjaldendur í landinu. Gilti þetta jafnt um kaþólska menn og lútherstrúar, um aðventista og heiðingja, útgerðarmenn og verzlunarmenn. Safnaðarfundur gat ákveðið að leggja þetta gjald á alla í sókninni, bara ef þeir voru útsvarsgjald-

endur. Ég verð að segja, að mér finnst þetta sú mesta frekja, sem ég hef séð í frumvarpsformi á Alþ. Um þetta var mikið rætt, og var fallizt á það að lokum að hafa þetta heimild, sem eingöngu væri miðuð við safnaðarmenn. Ég leit svo á, að ekkert annað gæti samrýmzt stjskr. og að engan mætti neyða til að greiða til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist. Nú er farið inn á það form að miða þetta við safnaðarmenn. Nú er það að athuga, að það eru l. í landinu um sóknarnefndir, og er svo ákveðið, að safnaðarfundir geti ákveðið að jafna niður á safnaðarmenn eftir efnum og ástæðum, sem þýðir það sama og að leggja hundraðsgjöld á útsvör, sem lögð eru á eftir efnum og ástæðum. Nú finnst mér miklir annmarkar á þessu eins og nú er og eins og það yrði, þótt brtt. okkar yrði samþ., og finnst mér það koma sérstaklega í ljós, þegar athugað er hér í Rvík, sem skipt er niður í 4 sóknir. Ég fór þess á leit, að málið yrði sent til skattstjóra og tollstjóra, svo að þeir gætu sagt til um framkvæmdaratriði. Á þetta var ekki fallizt. En þegar ég segi, að á þessu séu annmarkar, þá meina ég það, að sóknirnar í Rvík eru 4. Ein getur ákveðið álag, önnur ekkert álag og hin þriðja annað álag en sú fyrsta og sú fjórða enn annað álag en sú fyrsta og þriðja. Eg tel efalítið, að skattstjórinn í Rvík mundi telja sér verulegan bagga bundinn, ef skattstofan ætti að sjá um að leggja á samkvæmt þessu, og að tollstjórinn í Rvík mundi telja sér bagga bundinn að eiga að innheimta samkvæmt þessu. Ég held líka, að kirkjan sjálf mundi komast að þeirri niðurstöðu, að um erfitt starf væri að ræða. Meðnm. mínir vildu ekki athuga þetta, en ég hygg, að erfiðleikarnir á þessu séu svo miklir, að þótt þetta væri ákveðið, mundi þessi heimild ekki verða notuð hér í Rvík.

Ég get nú stytt mál mitt. Það er annars vegar nýmælið í 4. gr. og hins vegar nýmælið í 2. gr., sem ég er mótfallinn. Ég er algerlega mótfallinn nýmælinu í 2. gr., en að öðru leyti álít ég, að það, sem í frv. er, finnist í gildandi l. og að það, sem á að framkvæma samkvæmt því, megi framkvæma með gildandi l. Mér finnst frv. án 2. gr. meinlaust og gagnslaust, en með 2. gr. samþykki ég ekki frv. Ég samþykki það ekki nema 2. gr. verði úr því felld.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki fallizt á þá breyt., sem með þessu frv. er ætlazt til, að gerð verði á greiðslum til kirkjuþarfa. Það má vel vera, að oft hafi verið skortur á fé til þessara framkvæmda, en samt sem áður tel ég, að ekki sé rétt að stíga þetta spor eins og nú standa sakir. Mér finnst ekki fært að leggja í þetta á þeim tíma, þegar verið er að sporna móti aukinni dýrtíð, að samtímis því sé verið að afgreiða nýjar álögur hér á Alþ., og því síður finnst mér það sanngjarnt, þegar nokkur hluti gjaldsins á að renna í þennan sérstaka sjóð.

Ég get tekið undir ummæli hv. 6. þm. Reykv. hvað áhrærir 2. gr. þessa frv. og alveg eins, þótt brtt. n. yrði samþ., þar eð það er engin röskun á höfuðtilgangi till., en eins og hann benti réttilega á, er það annað aðalatriði þessa frv., og vildi ég, að ef á að fara að skattleggja fólkið, þá yrði betur um það búið og betur fyrir því séð, að þetta kæmi að notum. Ég mæli þetta ekki af neinu vantrausti til herra biskupsins, sem nú skipar þetta embætti, heldur vegna þess, hvernig málið er í eðli sínu. Menn koma og fara, og löggjafarákvæði á ekki að miða við það hverju sinni, hvernig embættið kann að vera skipað, heldur á það að fara eftir föstum reglum, hvernig sem embættaskipunin er.

Þá finnst mér meira en hæpið ákvæði 4. gr. frv., að ef tekjurnar hrökkva ekki, þá megi auk annarra breyt., til þess að ná meira fé, leggja á útsvarsgreiðslur hlutfallslega. Sem sagt, ég tel það meira en hæpið að ganga inn á þessa braut og er því alveg gersamlega mótfallinn. Ég tel það satt að segja einkennilegt, að hv. menntmn. skuli hafa séð sér fært að leggja þetta til, eins og högum er nú háttað hjá okkur hér á Íslandi. Ég get hvað þessi atriði áhrærir ekki almennilega skilið, að svo mikil nauðsyn sé á þessu, þar sem ég býst við, að það séu til fjármunir í sjóði til þessara málefna. Samkvæmt l. frá 1933, nr. 98, sem öðlazt hafa gildi 1. jan. 1934, er með 5. gr. þeirra l. stofnað til sérstaks sjóðs. Það er gert í sambandi við löggjöf um læknishéraða- og prestakallasjóði. 5. gr. þessara l. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæðin, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir. — Sjóðurinn heitir prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands. Kirkjuráð ráðstafar sjóði þessum til verkefna þeirra, sem því eru ætluð samkvæmt l. 21 9. júní 1931."

En ákvæði þeirra l., er að þessu lúta fyrst og fremst, hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. 2. gr.:

„Verkefni kirkjuráðs er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a) íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjókirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.

b) stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi."

Þetta er m. a. verkefni kirkjuráðs, og samkvæmt þessu ættu þá þessir fjármunir, þessar nýju álögur, sem hér eru ráðgerðar, að ganga til þessarar starfsemi. Nú er ekki nema gott um það að segja, en ég býst við, að nokkrir fjármunir hafi fallið til samkvæmt þessum l., sem ég las upp áðan, svo að a. m. k. til bráðabirgða, meðan málið yrði á ný athugað, mætti það nægja og betur frá þeirri löggjöf ganga hvað áhrærir þennan nýja sjóð, sem hér er verið að stofna.

Nú tek ég eftir því, að ekki mun vera ætlazt til að nema þetta ákvæði úr l. frá 1931. A. m. k. er þess ekki getið í þeirri gr., þar sem felld eru úr gildi eldri ákvæði, enda er eðlilegt hvað áhrærir prestslaun að taka þau inn í þessi nýju l. Það fer miklu betur á því en að hafa í fleiri l. sambærileg ákvæði og fjármuni, sem ganga eiga til sams konar starfsemi.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta meira. Ég er á móti þessu, tel þessa löggjöf eiga að bíða, þar til þetta er betur grundað og íhugað. En mig langar til að forvitnast um það hjá hv. frsm., hvað þessari sjóðsstjórn samkvæmt hinni eldri löggjöf líður, hvað sjóðurinn er mikill nú og hvernig honum hefur verið varið á síðustu árum, því að það kynni að vera nokkuð fróðlegt fyrir menn að sjá, hvernig þessum fjármunum, sem verja hefði átt í þessu sérstaka augnamiði, hefur verið varið. Þetta vil ég vona, að hv. frsm. gefi upplýsingar um við tækifæri.

Steingrímur Steinþórsson: Ég get að mestu leyti fallið frá orðinu, vegna þess að það hafa komið fram til umr. nokkur þau atriði, sem ég ætlaði að minnast á, þegar ég kvaddi mér hljóðs um daginn. Ég ætlaði að beina sömu fyrirspurn til hv. n. eins og hv. 1. þm. Árn. gerði viðvíkjandi þeim sjóði, sem hv. þm. var að rifja upp 1. fyrir. Ég get ekki fallizt á, að farið verði að skattleggja almenning með nefskatti, eins og hér er gert ráð fyrir, til þess að leggja í sjóð samkvæmt 2. gr., þegar engin grg. er fyrir því, hver nauðsyn er til slíkra hluta. Ég sé ekki betur en að prestakallasjóði sé ætlað sama verkefni og hér er ætlazt til, að þessi svonefndi kirkjumálasjóður eigi að hafa með höndum. Hér er því í rauninni verið að stofna nýjan sjóð til þess að inna af höndum svipað verkefni og prestakallasjóði er ætlað að starfa að. Og ef ég fæ ekki einhverjar ákveðnar skýrslur um það atriði, hvað stjórn þessa sjóðs líður, hvernig honum hefur verið varið að undanförnu og hvaða möguleikar eru fyrir hann að sinna þeim verkefnum, sem hér er ætlazt til, að hann vinni að, þá mun ég greiða atkv. gegn 2. gr. þessa frv. Ég tel, að það þurfi að vera mjög ríkar ástæður til þess, að farið sé að skattleggja almenning með nefskatti til þess að stofna sjóð eins og þennan. Og það er að mínum dómi nokkuð mikil bíræfni, að jafnframt því, að sóknargjöldin eru hækkuð, eins og hér er gert, þá skuli vera farið fram á það að hækka þau til þess að leggja þau í allsherjar sjóð, eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég get tekið undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) sagði hér um 4. gr. frv., að eins og hún var, hefði ég alls ekki getað fylgt henni. Og brtt. er náttúrlega miklu betri en frvgr. var í upphafi og er því miklu nær því, að maður geti fylgt henni eins og hún liggur fyrir nú en eins og hún var.

Halldór Ásgrímsson: Ég get tekið undir það, sem sumir hv. þm. hafa sagt, að þetta frv. er meinlaust, — að ég tel, þó að undantekinni 2. gr. Ég tel það til hagræðis, að fastagjaldið er hækkað upp í 3 kr., þótt segja megi, að heimild sé í l. til þess að leggja meira á.

Um 2. gr. vil ég segja það, að ég tel hana ótæka og mun greiða atkv. á móti henni og á móti frv., ef sú gr. verður samþ. Ég skal ekkert segja um það, hvort slík sjóðsstofnun á rétt á sér einhvern tíma. En ég vil halda því fram, að meðan svo er ástatt, að kirkjur landsins eru meira og minna í niðurníðslu, illa við haldið og umhverfi þeirra í vanhirðu, þá eigi ekki við að fara að draga fé frá söfnuðunum utan af landi í einhvern sjóð, sem verja á hér til guðsþakka eða kristni til styrktar, eins og það er orðað. Ég held, að okkur væri nær að líta okkur nær í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, og hugsa fyrst um þessa hluti heima í söknunum, áður en við játumst undir þennan skatt án þess að vita í rauninni, til hvers þetta fé á að nota.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það, sem fram hefur komið í ræðum þeim, sem haldnar hafa verið um þetta mál, gefur mér tilefni til að segja nokkur orð um málið í viðbót við það, sem ég hef áður tekið fram.

L. um sóknargjöld, sem nú gilda, eru að meginefni frá 1909. Þeim var breytt nokkuð með l. frá 1941, sem gengu í gildi 1. júní 1942. Í l. frá 1909 var ákveðið, að sóknargjald til kirkjunnar skyldi vera kr. 2.75 á mann, en sóknargjaldið skiptist í tvennt: kr. 1.50 lagðist í prestslaunasjóð, en kr. 1.25 fór til sóknarkirkjunnar, sem starfaði í sókninni. Sú breyt., sem gerð var 1941, var að fella niður prestslaunasjóðinn, og kr. 1.50 gjaldið, sem átti að renna til hans, féll einnig niður. Það ákvæði l. kom til framkvæmda 1. júní 1942, svo að eftir var skilið af hálfu Alþ. sem tekjustofn til handa kirkjunum kr. 1.25 á safnaðarmann, og Alþ. bjó svo um hnútana, að kirkjunum var ekki heimilað að leggja verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu ofan á þetta gjald. En á árunum 1941—1942 var vísitölukerfið komið í gildi við greiðslur hér á landi, og einmitt á árinu 1942, þegar þessi breyt. kom til framkvæmda, fór vísitalan ört hækkandi og öll gjöld, sem krafin voru af mönnum í samræmi við það. En Alþ. skildi að vísu eftir 1941 tvenns konar heimild, sem áður hafði verið í l. og helzt enn, til þess að hækka gjaldið nokkuð frá þessu, sem ég hef tilgreint, kr. 1.25. Annars vegar er heimild til þess að hækka þetta persónugjald á hvern safnaðarmeðlim. En til þess að sú heimild geti komið til framkvæmda, þarf samþykki safnaðarfunda heima fyrir og síðan endursamþykki héraðsfunda í prófastsdæminu. Hin heimildin er sú, að nægi þetta ekki, er söknunum heimilt að leggja viðbótargjald á safnaðarmeðlimi eftir efnum og ástæðum, eða m. ö. o. eftir sama grundvelli og útsvörin eru lögð á menn í hreppunum. Nú segir biskupinn yfir Íslandi og forráðamenn kirkjunnar, að reynslan hafi sýnt, að þessi heimild til að hækka sóknargjöld með samþykki safnaðarfunda og endursamþykki héraðsfunda hafi reynzt ákaflega erfið og svifasein, þar sem enn fremur sé gert ráð fyrir, að sú heimild sé veitt til stutts tíma í senn, en ekki um ákveðinn tíma í eitt skipti. Þeir forráðamenn kirkjunnar, sem sýna mestan áhuga á þessu máli, telja því, að reynslan hafi sýnt það, sérstaklega síðustu 5 árin síðan gengið var frá breyt. á sóknargjaldinu 1941, að þetta fyrirkomulag, sem nú gildir, hafi ekki gefizt vel og að tími sé til þess kominn að fara fram á það við Alþ., að það endurskoði nú þessa löggjöf.

Til þess að gera sér grein fyrir því, hvað hér er í rauninni um að ræða, tel ég rétt að rifja nokkuð upp, hvað er nýtt í þessu frv. Það er

alveg rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að ákvæði 1. gr. um gjöld utanþjóðkirkjusafnaða eru í öllu hliðstæð því, sem stjskr. sjálf tiltekur. 4. gr. þessa frv., um álag á útsvörum, er í rauninni ekki ný efnislega, og það fannst mér hv. 1. þm. Árn. ekki gera sér réttilega grein fyrir, því að eins og ég hef þegar tekið fram, hafa sóknarn. nú þegar í l. heimild til að jafna niður eftir efnum og ástæðum manna viðbótargjaldi til kirknanna. Og þótt till. menntmn. og frv. þetta í heild yrði felld, þá felli það ekki niður þetta, sem er efnislega í gildandi l. frá 1909. Það, sem mest hefur verið rætt, eru því í rauninni ekki nýmælin í þessu frv. Og varðandi það, sem hv. 6. þm. Reykv. dró fram sem vandkvæði á framkvæmd þessa atriðis, þá skapast í sjálfu sér ekki nein ný vandkvæði, þó að þetta frv. sé samþ. með brtt. menntmn., því að það eru þá þegar til staðar þau vandkvæði, sem kunna að vera á því hér í Rvík að framkvæma þau ákvæði. Mér finnst því ekki ástæða fyrir því að mikla sér það svo mjög fyrir augum.

Þá kem ég að því, sem nýtt er í þessu frv. Það eru fjögur nýmæli í þessu frv., þó að 4. gr. sé sleppt. — Í fyrsta lagi samræming og nokkur hækkun á sóknargjöldum, þ. e. a. s. á grunngjaldi því, sem hver aðili greiðir til kirkjunnar. Í öðru lagi er lagt til, að kirkjunni sé heimilt að innheimta sóknargjöld með verðlagsuppbót samkvæmt gildandi vísitölu, eins og aðrar stofnanir gera og gjöld almennt eru greidd eftir nú. Í þriðja lagi er ákveðinn í 2. gr. sérstakur kirkjumálasjóður. Og í fjórða lagi er nokkur breyt. gerð á aldurstakmarki gjaldskyldra manna til kirkjunnar.

Ég ætla fyrst að víkja að þessari breyt. á aldurstakmarki gjaldskyldra manna. Eins og l. eru nú, þá er gjaldskylda til kirkjunnar orðin frá 15 ára aldri og allan tímann meðan menn lifa, nema aðeins er undanþága með rúmfast fólk, ef það er komið yfir 67 ára aldur. Hér er lagt til að fella niður gjaldskyldu af 15 ára mönnum og hækka það upp í 16 ára, og þykir það ekki ósanngjarnt með tilliti til skólaskyldu, sem nú er lögboðin, og með tilliti til þess, sem gildir í tryggingalöggjöfinni og víða á sviði löggjafar.

Þá er enn fremur lagt til, að allir, sem eru 67 ára og eldri, hvernig sem högum þeirra er háttað, skuli undanþegnir þessu kirkjugjaldi. Mér þætti sennilegt, að þeir, sem telja alllangt gengið fyrir hönd kirkjunnar í álögum á safnaðarfólk í þessu frv., líti á þetta sem nokkra bragarbót, ef svo mætti segja.

Um ákvæðið að innheimta sóknargjöld með verðlagsuppbót þarf ekki að fjölyrða. Það finnst mér í alla staði eðlilegt og sanngjarnt ákvæði miðað við þau ákvæði, sem nú gilda um kaup og kjör og allar greiðslur í þessu landi. Á það verður einnig að minna í þessu sambandi, að þau gjöld, sem kirkjurnar verða að greiða, fara að verulegu leyti eftir vísitölu eða því verðlagi, sem nú gildir, enda hygg ég, að starfsmenn kirkjunnar, hljóðfæraleikarar og iðnaðarmenn, sem kynnu að verða fengnir til þess að gera við kirkjurnar framvegis, vilji fá kaup sitt greitt með verðlagsuppbót. Ég hygg líka, að kirkjurnar séu ekki undanþegnar t. d. ljósagjaldi og öðrum sköttum, sem oft eru miðaðir við það verðlag, sem almennt gildir.

Þá kem ég að þriðja nýmælinu, sem er hækkun grunngjaldsins og samræming þess. Með verðlagsuppbót verður grunngjaldið, eins og það er nú í l., kr. 1.25, kr. 3.74, eða m. ö. o. lítið eitt hærra en sóknargjaldið nam áður en lagabreyt. 1941 var gerð. Það þykir nú hafa komið í ljós að fenginni reynslu, að þetta sé ekki nægilegur tekjustofn kirkjunni til handa. Það hefur líka verið viðurkennt af langsamlega flestum sóknum í landinu. Og í grg. frv., sem samin er af biskupi, er frá því skýrt, að 210 sóknir í landinu hafi notað sér heimild þá, sem ég gat um áðan, til að hækka kirkjugjöldin með samþykki safnaðarfunda og héraðsfunda, að meira og minna leyti, og sumar sóknirnar hafa komizt allt upp í 25 kr. á mann, en 60 sóknir hafa ekki hækkað sóknargjöldin neitt, ⅔ af öllum sóknum í landinu hafa dregizt aftur úr, en ⅓ hafa gripið til þess að notfæra sér þá heimild, sem til er. Nú segja forráðamenn kirkjunnar, að þær sóknir, sem ekki innheimta hærra gjald en kr. 1.25 á mann, hafi svo lítil fjárráð, að starfsemi hjá þeim, viðhald kirkjunnar og annað slíkt, hljóti að lenda í mestu niðurníðslu. Þetta horfa þeir upp á, en geta ekki að gert nema séð sé fyrir því, að nokkurra tekna sé aflað til þess að bæta úr þessum þörfum. Þá kemur tvennt til greina til að afla þessa fjár. Annars vegar að knýja safnaðarmenn heima fyrir, sem hafa sýnt, að þeir hafa ekki áhuga til þess að fara þá leið, sem heimil er, til þess að leggja nokkru meira fé fram til kirkjulegrar starfsemi en þeir hafa gert, eða á hinn bóginn: að krefjast þess, að ríkissjóður leggi kirkjunni til nokkurt fé til nauðsynlegs rekstrar. Nú hefur því verið hreyft á undanförnum þingum að fá ríkissjóð til þess að stuðla að kirkjulegri starfsemi á einn eða annan hátt. T. d. má minna á það, að á tveimur undanförnum þingum hafa legið fyrir frv. um kirkjubyggingar, þar sem farið var fram á, að ríkissjóður tæki að sér að greiða verulegan hluta af byggingarkostnaði kirknanna, allt að ½ eða jafnvel ¾. Það þykir sýnt, að þessi leið hafi ekki hlotið byr hjá Alþ., því að þetta frv. um kirkjubyggingar hefur ekki náð fram að ganga, þótt það hafi verið lagt fyrir þingið tvisvar sinnum. Þá er komið að því, að forráðamenn kirkjunnar vilja leita eftir því við Alþ., að það fallist á og lögskipi þessa hækkun sóknargjalda, sem ég hef nú tilgreint, og knýi þar með þær sóknir, sem lengst hafa orðið aftur úr í viðhaldi og rekstri kirkjunnar, til þess að draga saman nokkru meira fé. Og að flestra dómi, að ég hygg, er hér í hóf stillt um þau gjöld og þær kröfur, sem hér eru fram settar. En það er svo, að sóknirnar heima fyrir verða að sjá fyrir, eins og l. eru nú, kirkjubyggingum og viðhaldi kirknanna á sinn kostnað. Ekki leggur ríkið fram fé til þess, nema þá að mjög litlu leyti, sem hefur komið fram við samþykkt fjárl. En það hafa oftast verið felldar allar till., sem gengu í þá átt, á síðustu tímum. Jafnframt því, að sóknargjöld eru hækkuð, er felld niður heimild sóknarnefnda og safnaðarfunda til þess að hækka eða lækka þau fyrir eitt ár í senn, að fengnu leyfi

héraðsfundar, því að þá leið telur biskup erfiða í framkvæmd, og því var horfið að því, sem hér er lagt til. Í frv. er gert ráð fyrir, að gjöldin að meðtalinni verðlagsuppbót verði 9—18 kr. á mann. Menn ættu nú að bera það saman, hvort það yrði þyngri byrði á herðum manna nú að greiða þetta gjald eða þær kr. 2.75, sem voru hið ákveðna persónugjald frá 1909 til 1940, þegar fjárhagur manna var svo miklum mun örðugri.

Ég kem þá að 2. gr., sem fjallar um algert nýmæli, sérstakan sjóð, er myndaður verði af nokkrum hluta sóknargjaldanna.

Biskup telur reynslu síðustu 5 ára sýna það, að Alþ. hafi yfirsézt, er það felldi niður prestslaunasjóðsgjaldið. Hér er farið fram á, að þetta gjald verði tekið upp að nýju, og skal það renna í sérstakan sjóð undir umsjá biskups og kirkjuráðs. Sumir hafa á móti þessu vegna þess, að allt þetta fé muni renna til Rvíkur og sé það ranglátt og óeðlilegt. En það er nú svo um mörg félagasamtök, að þau eiga miðstöð sína þar. Ég leyfi mér t. d. að benda á Ungmennafélag Íslands, sem að sumu leyti er byggt upp með svipuðum hætti og kirkjan. Það hefur deildir í öllum sveitum og miðstöð sína í Rvík, og þau félagasamtök innheimta nefskatt, sem rennur til sambandsins í Rvík, og er hann nú 1 kr. á hvern ungmennafélaga. Það fé fer alls ekki einvörðungu til starfseminnar í bænum, heldur er það notað til þess að styðja að allsherjar samtökum félagsdeildanna, kosta fulltrúa, sem ferðast á milli þeirra, og láta þeim t. d. í té leikrit til sýninga o. s. frv. Ýmsir fleiri aðilar fara einnig þannig að eða svipað, og stundum er svo um hnútana búið með löggjöf, sbr. t. d. ýmis ákvæði í tryggingal.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði aðallega um þetta atriði. Hann hefur reynslu í þessu efni umfram aðra þm., þar sem hann hefur forstöðu félagsskapar, sem hliðstætt er upp byggður og hefur miðstöð sína í Rvík — og hygg ég, að hann sjái, að það mundi reynast erfitt að halda þar uppi nauðsynlegu starfi án þess að draga saman til þess nokkurt fé.

Ég hef orðið þess var hér á Alþ., að ýmsir menn, sem ekki hafa nægilegt víðsýni, telja það ekki sæmandi að draga saman fé hingað til Rvíkur, sem þeir leyfa sér að segja, að notað sé til snakkfunda og pólitiskra spekúlanta — frá almenningi utan af landsbyggðinni. Ég tel slíkan málflutning ósæmandi og bera vott um skammsýni og skort á félagsþroska. Ég held, að t. d. hv. 1. þm. Skagf. og aðrir, sem svipað líta á málið, ættu að geta gert sér ljóst, að kirkjan er einmitt með svipuðum hætti samband félaga víðs vegar um landið undir umsjá biskups og hefur miðstöð hér.

Hitt er eðlilegt, að spurt sé, til hvers eigi að nota það fé, er rennur í þennan sjóð. Það er satt, að um það eru ekki sett skýr ákvæði, heldur sagt, að reglugerð skuli sett um sjóðinn af kirkjumrh. samkvæmt tillögum biskups. En mér er tjáð, að svo mörg verkefni kalli að hjá kirkjunni, sem fé skortir til, að óhjákvæmlegt sé að bæta þar úr. *Til dæmis má taka*, að kirkjunni er nauðsyn að gefa út sérstakt málgagn, svo sem nú er gert. En öllum er kunnugt, að útgáfukostnaður er nú svo mikill, að erfitt er að standa undir útgáfu slíks blaðs nema sérstök framlög komi til. Mér hefur verið bent á, að kirkjan vildi einnig gjarnan hafa meira beint samband við hina ýmsu söfnuði úti um sveitir landsins með því að senda þangað fulltrúa margvíslegra erinda. En fjármagn skortir tilfinnanlega til slíkrar starfsemi. — Mér hefur verið bent á það *til dæmis*, að kirkjan beitir sér fyrir því að halda uppi söngkennslu fyrir organleikara utan af landi og vill a. m. k. styðja þá starfsemi. Nú er það svo að vísu, að söngmálastjóri fær laun sín greidd af ríkinu, en hins vegar hefur ekki verið betur að honum búið í starfi hans en svo, að hann hefur orðið að annast slíka kennslu á sinu eigin heimili, og annar stuðningur hins opinbera hefur verið eftir því.

Þá má líta á það, hvernig búið er um hnútana varðandi ráðstöfun þessa sjóðs að öðru leyti. Eins og áður er sagt, má ekki veita fé úr sjóðnum nema samkvæmt reglugerð kirkjumrh., og er í því fólgin trygging fyrir því, að honum verði ekki varið til neinnar óhófseyðslu eða óskyldra verkefna kirkjumálum. Í annan stað á sjóðurinn að vera undir umsjá biskups og kirkjuráðs, og er vert að athuga, hvernig háttað er um skipan þeirra aðila til starfa. Biskupinn er í öndverðu kjörinn af prestum þjóðkirkjunnar og situr í embætti allan sinn starfsaldur. Kirkjuráð er aftur þannig skipað, að prestar landsins kjósa í það tvo menn og héraðsfundir aðra tvo, en biskupinn er formaður ráðsins. Í kirkjuráði eiga þannig sæti fulltrúar kirkjunnar og fulltrúar safnaðanna, kosnir af fólkinu úti á landsbyggðinni. Þessir fulltrúar eiga svo að hafa yfirumsjón um fjárveitingar úr sjóðnum, og hygg ég því, að ekki sé þarna neitt losaralega um hnútana búið.

Hér hefur verið beint til mín fyrirspurn um prestakallasjóð og reikningsskil hans. Ég hafði ekki búið mig undir að gefa svör um það og hef ekki í höndum gögn þau, er til þarf, en sjálfsagt er að afla þeirra áður en málið fer út úr d., og mér er ljúft að gefa um það skýrslu fyrir 3. umr. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Árn., að þessi sjóður á að vera undir umsjá kirkjuráðs, og er honum varið til menningar- og líknarstarfs. En þar er ekki fastur tekjustofn, og fer það eftir því, hve mörg prestaköll eru setin, hvað sjóðnum áskotnast.

Ég hef þá með þessum orðum gefið nokkurt yfirlit um þetta mál, sem ekki er ýkja stórt, miðað við margar aðrar nýjungar, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það, nema sérstakt tilefni gefist.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Menn hafa nú heyrt hv. frsm. reifa þetta mál allýtarlega og sérstaklega þau fjögur atriði í frv., sem nýmæli eru og einkum hefur verið hnotið um, sum talin óþörf og önnur ganga of langt.

Ég er þeirrar skoðunar, að ástæða sé fyrir Alþ. að athuga vandlega þetta lagasmíði áður en það er afgreitt.

Fyrsta *nýmælið er þessi hækkun* á sóknargjöldunum, sem lögð er til í frv. Ég get fallizt á, að nauðsynlegt sé að hækka þau nokkuð.

Skýrslur benda til þess, að í sumum litlum sóknum sé ekki mikið hægt að gera fyrir það gjald, sem nú er ákveðið. Aftur á móti eru nokkrar sóknir, sem ekkert hafa með það að gera, þar sem prestaköllin eru ósetin. Og mér finnst það fullhátt stokkið að tvöfalda sóknargjöldin og leggja svo dýrtíðaruppbót þar ofan á. Öll sanngirni hefði verið í því að bæta við þau dýrtíðaruppbót, en hitt er nokkuð langt gengið.

Nýmælinu í 2. gr. er ég alveg á móti, því að eins og hér hefur verið tekið fram, er annar slíkur sjóður til, og hvers vegna á þá að vera að stofna nýjan sjóð? Er nokkur þörf á því að stofna til þess sérstakan sjóð, þótt nauðsynlegt sé talið að reisa hér samkomuhús fyrir kirkjuna? Hv. frsm. sagði, að söngmálastjóri þyrfti að kenna í sínum eigin húsum. Það er ákaflega sorglegt(!) Og ég veit ekki betur en Páll Ísólfsson sé á fullum launum til að kenna organleikaraefnum utan af landi. Það er óþarfi að stofna þennan sérstaka sjóð, og ég er á móti því, þótt það sé undir fallegu yfirskini.

Fjórða nýmælið, heimild til að jafna aukagjaldi niður á útsvarsgreiðendur, get ég heldur alls ekki fellt mig við. Ég verð að segja rétt eins og er, að það situr ekki á okkur að stofna til nýrra nefskatta í svo stórum stíl nú, þegar verið er að brýna það fyrir öllum að spara.

Ég er ekki ánægður með þetta frv. og hefði kosið, að þetta mál hefði verið afgreitt síðar, en ekki hespað af nú með svo stórum agnúum.

ATKVGR.

Brtt. 378,1 samþ. með 20:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SK, SkG, StSt, StgrSt, EOl, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermG, IngJ, JóhH, JG, JJ, KTh, PÞ, SigfS, BG.

nei: SEH, JörB.

PO greiddi ekki atkv.

12 þm. (SB, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, JPálm, JS, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður E. Hlíðar: Eins og ég hef tekið fram, er ég ekki á móti hækkun í sjálfu sér, en þykir hér fulllangt farið og segi því nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, ÁkJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JóhH, JG, JJ, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StSt, BG.

nei: EOl, HB, IngJ, JörB, KTh, SEH.

SK greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, JPálm, JS, LJós, ÓTh, SB, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 378,2 samþ. með 14:5 atkv.

2. gr., svo breytt, felld með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, JPálm, JJ, PÞ, BG.

nei: SG, SEH, SK, StgrSt, ÁkJ, EOl, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermG, IngJ, JG, JörB, KTh, LJós, PO, SigfS.

JóhH greiddi ekki atkv.

9 þm. (SB, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, JS, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Pétur Ottesen: Þótt sóknargjöld hækki samkvæmt 1. gr., sé ég ekki fært að taka nokkuð af þessum gjöldum og leggja í sérstakan sjóð með tilliti til þess, að söfnuðirnir verða að sjá um byggingu kirkna, sem kosta mikið fé, og sjálfsagt er að hafa kirkjurnar í sem beztu ástandi. Ég vil ekki skerða þá möguleika með því að taka undan umráðum safnaðanna hluta af kirkjugjöldunum.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 378,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 14:5 atkv.

5.—7. gr. (verða 4.—6. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 378,4 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 415).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Síðan frv. þetta var afgr. við 2. umr., hefur mér verið bent á, að orðalag á tveim stöðum í frv. gæti farið betur. Hér er um tvö atriði að ræða. Í fyrsta lagi er á það bent, þar sem svo hagar til, að sókn nái yfir tvo hreppa. Nú geta útgjöld hreppa verið æði misjöfn og útsvörin orðið þeim misþung, þó að þau séu af sömu tegund. Ef 2 hreppar eiga hlut að máli að greiða hundraðsgjald af útsvörum í kirkjugjald, þá kunna viðbótargjöldin að leggjast þyngra á hluta sóknarmannanna.

Annað atriðið snertir bændakirkjurnar. Þær munu nú vera 37 talsins. Þar af eru tvær ekki nothæfar, svo að þær eru raunverulega 35 talsins. Mér hefur verið bent á af einum hv. þm., að með orðalagi 4. gr. frv. sé ekki nóg séð fyrir bændakirkjunum. Ef söfnuðurinn á kost á að taka kirkjurnar til umsjónar, en vill það ekki, þá eiga bændakirkjurnar að hafa sama rétt og safnaðarkirkjurnar. Vegna þessara ábendinga leyfi ég mér hér með að leggja fram 2 skriflegar brtt., sem víkja við orðalagi 3. gr. frv. þannig:

„a. Fyrir orðin „sem hundraðsgjaldi af útsvörum“ komi: eftir sömu reglum og útsvör eru á lögð.

b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi átt þess kost að taka að sér með sanngjörnum skilmálum að dómi kirkjustjórnar umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil.“

Ég vil taka það fram, að það er ekki langt um liðið síðan 2. umr. málsins fór fram, og hef ég því ekki getað lagt þetta fyrir fund í menntmn. En ég hef rætt þetta við einstaka aðila,

sem sæti eiga í n. og voru samdóma frv. í byrjun, og hafa þeir ekki reynzt mótfallnir þessari breyt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið nú, en leyfi mér að afhenda forseta brtt. þær, sem ég hef lýst.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 435) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Eins og frv. þetta kom fyrst fram, var svo ákveðið í 1. mgr. 1. gr., að hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skuli árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að. Í 3. mgr. sömu gr. er gerð grein fyrir, hverjar undanþágur séu veittar frá þessu. Orðalag 3. og 4. mgr. er allvafasamt, og hef ég því umorðað þessar gr. og leyfi mér að leggja fram skriflega brtt. varðandi þetta, svo hljóðandi:

„Við 1. gr. 3. og 4. málsgr. orðist svo:

Hver sá, er telst til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, greiði gjald til trúfélags síns, hverju sinni eigi lægri upphæð en honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og greiðir ekki safnaðargjald samkvæmt því, er að framan segir, og ber honum þá að greiða árlega í prófgjaldasjóð Háskóla Íslands upphæð, er nemur eigi minna en hinu lögboðna sóknargjaldi.“

Eins og hv. þm. heyra, er hér ekki um neina breyt. á l. eða frv. að ræða. Þetta er aðeins orðamismunur, sem ég mundi telja, að betur færi en það, sem nú er í frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 436) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Við að heyra fljótlega skriflegu brtt., sem hv. þm. ber fram við 3. gr., skilst mér, að hún mundi ekki ná þeim tilgangi, sem hann lýsti. Vil ég þess vegna bera fram þá ósk, að þessari umr. verði frestað, svo að menntmn. eigi kost á að skoða þessar brtt., sem fram eru komnar.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 8. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 415, 435, 436, 445).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Menntmn. hefur athugað þær brtt., sem fram komu, þegar þetta mál var síðast á dagskrá.

Um brtt. 435 er það að segja, að n. telur réttmætt að taka tillit til þeirra atriða, sem þar koma fram, og meðnm. mínir töldu, að betur yrði fyrir því séð í framkvæmd, sem segir í a-lið till., á þann hátt að orða það svo, að niðurjöfnun gjaldsins fari eftir efnum og ástæðum, en að segja, að það fari eftir sömu reglum og útsvör eru á lögð. Af þessum ástæðum er fram borin brtt. 445.

Um brtt. 436, frá hv. þm. Ísaf. (FJ), er það að segja, að n. lítur svo á, að orðalag hennar sé fremur til þess að bæta frv. en spilla því og mælir með, að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 436 samþ. með 19:3 atkv.

— 445 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, ÁkJ, BÁ, EystJ, GTh, HÁ, JS, JJ, PÞ.

nei: SEH, StJSt, StgrSt, ÁÁ, HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JörB, KTh, LJós, PO.

SB, EOl, HermJ, JóhH greiddu ekki atkv.

7 þm. (SkG, StSt, EmJ, FJ, GÞG, ÓTh, BG) fjarstaddir.

Brtt. 435,a felld með 12:9 atkv.

— 435,b samþ. með 17:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 453).

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 526).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv., og eins og nál. greinir, hafa þrír nm. fallizt á að mæla með frv. óbreyttu. Einn nm. var fjarstaddur, og einn tók ekki afstöðu til málsins.

Eins og menn sjá við mjög fljótan yfirlestur frv., þá er aðalefni þess það að hækka sóknargjöld úr kr. 1.25 í 3—6 kr. eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar, sem ég skil þannig, að gjaldið skuli vera 3 kr., ef safnaðarfundur samþykkir ekki annað, og að þetta sé greitt með fullu vísitöluálagi.

Eins og allir vita, þá á ríkið enn sem komið er að vernda og styðja þjóðkirkjuna og kosta hana. Um það má deila, hvort það sé rétt og hvort ekki ætti að hafa algerlega frjáls kirkjufélög. En um hitt verður ekki deilt, að meðan ríkið hefur þessa skyldu, verður það að rækja hana. Nú er svo ástatt, að tekjur kirkjunnar eru allt of lágar, a. m. k. þær fastákveðnu, kr. 1.25 á hvern sóknarmann. Það er ekki hægt að halda við nokkurri kirkju með því gjaldi og því síður að safna í sjóð til þess að byggja nýja kirkju. Að vísu er í l. heimild til að jafna niður hærra gjaldi á sóknarmenn, en það eru allt of fáar kirkjur, sem nota sér þá heimild að afla sér nauðsynlegra tekna með sérstakri niðurjöfnun.

Ég þykist vita, að það, sem haft verði á móti þessu frv., verði það, að þetta er nefskattur. Ég get að sjálfsögðu kannazt við, að ég er yfirleitt

á móti nefskatti. En ég álít þó ekkert óeðlilegt að hafa nefskatt einmitt í þessu augnamiði. Þó að kirkjan sé þjóðfélagsstofnun, þannig að sjálf stjskr. ákveði, að ríkið skuli styrkja hana og vernda, þá er hún í eðli sínu félagsskapur þeirra manna, sem í þjóðkirkjunni vilja vera. Og hvar er það í félögum, að félagsgjöldum sé jafnað niður eftir efnum og ástæðum? Ég hygg, að það sé hvergi, heldur séu félagsgjöldin lögð jafnt á alla. Auk þess er á það að líta, að þetta gjald er svo lágt, þó að frv. verði samþ., að fáa menn munar nokkuð um það. Ef það er 3 kr., þá eru það 9 kr. á mann, og það verður ekki hærra, *nema meiri hl. safnaðarn. samþykki það.* Og jafnvel þó að um fjölskyldu sé að ræða, verður þetta lág upphæð, sem einstaklingana munar ekki mikið um, en kirkjurnar munar það miklu.

Svo er önnur ástæða, sem gerir það nauðsynlegt að hafa fastákveðið gjald til kirkna. Sumir landsmenn eru utan þjóðkirkjunnar, og þeir eiga að greiða þessi gjöld til annarra staða. Þeir, sem eru fyrir utan trúarfélögin, greiða til háskólans. Til þess að það megi verða, finnst mér, að það verði að miða við eitthvað fast, sem *menn eiga að greiða.*

Þá er önnur ástæða, og hún er sú, að þótt undarlegt sé, þá er enn til í landinu eitthvað af bændakirkjum. Og þar, sem þær eru, held ég, að það mundi mæta mikilli mótspyrnu að jafna niður gjöldunum eftir efnum og ástæðum. En bændakirkjunum þarf að halda við eins og öðrum kirkjum. Það er engin meining, að fátækur bóndi þurfi, þó að kirkja sé á jörð hans, að bera af því stór gjöld. Hitt er annað mál, að það ætti að breyta þessu þannig, að engar bændakirkjur *væru til, en það er ekki búið að gera það enn.*

Annars skal ég játa, að þótt ég mæli með frv. óbreyttu, tel ég, að það hafi tvo galla, í fyrsta lagi þann, að í 3. gr. er gert ráð fyrir, að hækka megi tekjur kirkju með hundraðsgjaldi af útsvörum. Það getur staðið svo á, að sóknin sé hluti af tveimur hreppum og þar af leiðandi sé um ólík gjöld að ræða, því að útsvör geta verið tiltölulega hærri í öðrum hreppnum en hinum. Það hefði verið heppilegra að hafa það þannig, að sóknarn. hefði getað jafnað niður sérstaklega aukagjöldum eftir efnum og ástæðum, en ekki hundraðshluta af útsvörum, en ég tel þetta ekki það stórvægilegan galla, að ástæða sé til að tefla framgangi málsins í tvísýnu. Oftast mun vera um tiltölulega jafnhá gjöld að ræða, og þó að það sé til, að ein og sama sókn sé í tveimur hreppum, þá er varla mjög mikill munur á útsvörum í þeim hreppum.

Annar galli álít ég, að sé á frv. nú, og hefur það að því leyti versnað í Nd. Eins og frv. var lagt fram, þá var í 2. gr. ákvæði um það, að 50 aurar af þessu gjaldi skyldu renna í sameiginlegan sjóð til nota þjóðkirkjunnar í heild sinni, til hennar heildarstarfsemi. En þessi upprunalega 2. gr. frv. var felld í Nd. En ég *sé samt ekki fært að fara að bera fram brtt.* um þetta, þar sem engar líkur eru til, að slík till. komist í gegnum Nd., því að þar var meirihlutavilji fyrir því að fella þetta niður.

Ég hef svo ekki fleira um þetta mál að segja. Það er sem sagt till. þeirra nm., sem þátt tóku í afgreiðslu málsins, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Eiríkur Einarsson: Það er rétt, að ég tók ekki afstöðu til málsins og skrifaði ekki undir nál., og er það ekki af því, að mér sé ekki ljóst, að kirkjur og söfnuðir eru fjárþurfa. En það, sem olli því, að ég var ekki fylgjandi frv. eins og það horfir við, er í rauninni sú stefna, sem kemur fram í flutningi og meðferð þessa máls á Alþ. og á sér nú orðið stað á svo mörgum sviðum, þar sem löggjafinn gerist eins konar fjárreiðumaður safnaðanna án þess að *söfnuðirnir séu að því spurðir,* hvort þeir telji þessa aðferð heppilega eða ekki. Ég hefði því álitið réttara, að kirkjustjórnin hefði sent til safnaða landsins fyrirspurn um það, hvernig þeir álitu, að réttmætt væri að bæta úr þessu, og leggja svo niðurstöðuna fyrir þingið. Þá finnst mér, að lagafrv. ætti rétt á sér.

Þegar hv. frsm. nefndi 2. gr. frv. og sagði, að það hefði verið fellt úr henni ákvæði, sem væri nauðsynlegt, þ. e. að einhverju af þessu gjaldi væri varið til almennrar kirkjustarf*semi í landinu, þá datt mér í hug allt argið og* þvargið um búnaðarmálasjóð, þótt ólíku sé saman að jafna. Ég álít, að það þurfi nákvæma könnun um það heima fyrir hjá fólkinu sjálfu, hvaða aðferð henti, áður en lagasetning er gerð, og setja síðan l.

Þessa vildi ég láta getið sem meginatriðis. Ég hef ekki hugsað mér að verða meinsmaður frv., en vildi láta í ljós eins konar vanþóknun mína á aðferðinni í þessu máli, en málefnið sjálft er gott.

Páll Zóphóníasson: Það eru viss atriði í þessu frv., sem mig langar til að fá útskýringar á. — 1. gr. mælir svo fyrir, að hver karl og kona á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur á landi hér eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skuli greiða sóknargjald. Þetta atriði finnst mér hreinn hortittur. Eða eru nokkrir, sem lögskráðir eru á íslenzkt skip, en eru hér ekki heimilisfastir, en þó í þjóðkirkjusöfnuði, og í hvaða kirkjusókn eru þeir þá? Eða er nokkur, sem ekki er hér heimilisfastur, en er þó í ákveðinni kirkjusókn? Ég held, að þetta komi ekki til mála og vænti þess, að n. skýri þetta orðalag 1. gr.

Þá vildi ég og fá útskýringu á því, þegar talað er um, að sóknargjaldagreiðslurnar miðist við almanaksár, hvort þar er átt við áramótin fyrir eða eftir gjaldárið, því að eins og þetta stendur nú, er þetta vafaatriði varðandi bæði 16 og 67 ára mennina og þarf nánari útskýringar, að mér finnst.

Þá tel ég fráleitt í 3. gr., að sóknargjöldin séu lögð á sem hundraðsgjöld af útsvörum, og kem ég fram með brtt. varðandi þetta. Það eru að minnsta kosti þrjú dæmi þess, að sókn nái yfir parta úr þremur hreppum, þar sem útsvör eru mjög mishá, og kemur þetta því ákaflega ójafnt niður, ef frv. verður samþ. óbreytt. Legg ég því fram svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta: „Við 3. gr. Í stað orðanna „sem hundraðsgjaldi af útsvörum“

komi: eftir efnum þeirra og ástæðum og með hliðsjón af álögðum útsvörum.“ — Þegar búið er að sjá, hvað útsvörin í einum hluta söknarinnar eru hærri en í öðrum, treysti ég söknarn. til þess að jafna þessu réttlátlega niður. Það er önnur hver kirkja, þar sem söknin er ekki sama og hreppurinn og meira að segja er í 3 tilfellum hluti úr þremur hreppum. Það er því eðlilegt, eins og brtt. mín gerir ráð fyrir, að treysta söknarn. til að jafna niður aukagjaldinu, þegar hún fær þennan grundvöll: eftir efnum og ástæðum og með hliðsjón af útsvörum.

Þá finnst mér vanta í 4. gr. 2. málsgr., þar sem innheimtumönnum er lagt í sjálfsvald, hvort þeir innheimti gjaldið af húsbændum gjaldenda eða af gjaldendum beint. Það er nauðsynlegt, að sá, sem innheimtuna annast, láti vita fyrirfram, hvora aðferðina hann ætli að hafa, því að annars getur svo farið, að komið verði aftan að mönnum og heimtað gjald fyrir persónur, sem löngu eru fluttar burtu. N. hefur tekið losaralega og illa á þessu máli, og er nauðsynlegt, að því verði breytt, en réttast væri náttúrlega að fella það og aðskilja ríki og kirkju.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt., sem þm. hafa heyrt, frá hv. 1. þm. N-M., sem hann hefur þegar lýst. Það þarf tvöfaldra afbrigða við til þess að till. megi koma fyrir, og ber ég það undir hæstv. ríkisstj. og hv. þd.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 579) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja það, að mér finnst næsta einkennilegt, að þetta frv. skuli nú vera hér til umr. í öllum þingönnunum, því að maður þarf ekki lengi að lesa í frv. til þess að sjá, að það er alveg óframbærilegt. Hér er ákveðinni stofnun í landinu gefin heimild til að leggja skatta á alla landsmenn eftir handahófi. Sums staðar á skatturinn að vera 3 kr., en annars staðar 6 og á valdi söknarn. á hverjum stað, hver upphæðin skuli vera, og er þetta náttúrlega óþolandi fyrirkomulag. Þó kastar nú fyrst tólfunum, þegar lögfesta á hundraðsgjald af útsvörum. Hvaða vit er t. d. í því, að togari eigi að borga kirkjugjald, eins og þeir eru nú látnir borga kirkjugarðsgjald? Það er þó afsakanlegt, því að ef maður deyr í skipi, ber útgerðinni að láta grafa hann, svo að það er þó glóra í því, en að togari þurfi tíðasöng og altarissakramenti er alveg fráleitt. Ég skil ekki, að n. skuli láta annað eins og þetta ganga gegnum þingið. — Ég get ekki verið með 3. og 4. gr. og ekki með 1. gr. nema gjaldið verði jafnt á alla.

Ég vil svo að lokum óska þess, að n. athugi frv. betur og láti það ekki koma fram fyrr en á næsta þingi.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að mótmæla þessu frv. í heild sinni. Hv. frsm. menntmn. sagði, að hér væri að vísu um nefskatt að ræða, en honum fannst það eðlilegt, því að hér væri um félagsgjöld að ræða. Það eru einkennileg félagsgjöld, þar sem meðlimirnir fá engu að ráða um það, hver gjöldin séu, heldur eru þau ákveðin af löggjafarvaldinu. Þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að einnig þeir, sem ekki eru í félagsskapnum, eru skyldaðir til að borga líka. Skýring hv. frsm. er því fráleit. Ástandið í þessum málum er þannig, að vissri áróðursstofnun í landinu eru gefin hlunnindi til þess að geta lagt skatta á alla landsmenn til að halda uppi starfsemi sinni, hvort sem menn eru fylgjendur hennar, hlutlausir eða henni andvígir. Hér er því um þvingunarlög að ræða, en breyt., sem frv. þetta felur í sér, er sú að hækka gjöldin, og verða þvingunarlögin því enn tilfinnanlegri. Og ég mundi vera þessu frv. enn meir andvígur, ef ég væri kirkjunnar maður, því að ég tel þetta fyrirkomulag ósæmilegt hverri stofnun, ekki síst kristinni kirkju.

Ég get svo látið þetta nægja, og ég mun greiða atkv. á móti frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langa ræðu, því að nauðsynlegt er að flýta málinu, enda hef ég ekki vitað til þess, að þingræður sannfærðu menn, en ég verð að svara hv. 1. þm. N-M. því, sem hann spurði mig að. — Hann, hv. 1. þm. N-M., vildi draga í efa, að til væri sá maður, sem væri lögskráður á íslenzkt skip og væri í þjóðkirkjunni, en væri hér ekki heimilisfastur. Ég get vel hugsað mér slíka menn, t. d. útlendinga, sem hafa dvalarleyfi, en eru ekki íslenzkir ríkisborgarar. Þeir geta viljað vera í kirkju.

Þá spurði hv. þm., hvort þetta ákvæði um gjaldið varðandi þá, sem eru 16 eða 67 ára, ætti að gilda fyrir fram fyrir mann, sem verður 16 ára á því ári, er kirkjugjald fellur til greiðslu. Ég álít þetta ljóst um þá, sem eru orðnir 16 ára á áramótum á því ári, sem kirkjugjaldið fellur, og þetta hættir náttúrlega að gilda á næstu áramótum eftir að maðurinn er orðinn 67 ára.

Nú, það, sem hv. þm. sagði um 3. gr., þá getur það verið álitamál, hvernig skuli fara, þegar föstu gjöldin hrökkva ekki, og sé ég raunar ekki, að mikill munur sé á 3. gr. og því, sem hv. þm. leggur til.

Að n. hafi unnið illa, — ja, menn verða að leggja þann dóm, sem þeim sýnist, á störf n., en ég vil benda á, að þótt langt sé síðan málið kom fram, þá er stutt síðan því var vísað til menntmn. þessarar d., og n. hefur haft mjög litinn tíma, og gerði ég áður grein fyrir þeim atriðum, sem ég er óánægður með, og hvers vegna ég sæi mér ekki fært að bera fram brtt. — Hv. þm. Barð. rangfærði 3. gr. viljandi eða óviljandi. Hv. þm. sagði, að það væri á valdi söknarn., hvort aukagjald væri lagt til kirkjunnar. Þetta er ekki rétt, því að til þess þarf leyfi safnaðarfundar. Það getur verið, að safnaðarfundir séu illa sóttir, en það er þá þeim sjálfum að kenna, ef þeir nenna ekki að mæta á fundinum, að gjöldin verða á þá lögð.

Hv. 4. landsk. er á móti frv., sem eðlilegt er, því að hann mun ekki vera í þjóðkirkjunni eða neinu trúarfélagi, og er ekkert við þessari afstöðu að segja. Hann vék að þeim ummælum mínum, að ég teldi nefskatt afsakanlegan til kirkjunnar, af því að hún væri félag, en hann taldi rangt að líkja kirkjunni við félagsskap. Ég sé nú ekki rök hans fyrir því. Hann sagði, að kirkjan væri áróðursstofnun, og það er rétt. Ég hygg nú, að árstillög séu greidd í félögum, sem reka áróður, t. d. pólitískum flokkum og pólitískum félögum. En aðalatriðið er, hvort greiða á kirkjugjald eða ekki. Þeir menn, sem eru í þjóðkirkjunni, greiði gjöld sín til hennar. En þeir, sem tilheyra öðrum trúarflokkum, greiði gjöld sín til þeirra, en hinir, þeir, sem eru utan safnaðar, greiði gjöld, sem renna til háskólans. Þau tillög fara í góðan stað, sem renna til háskólans, en þeir, sem telja kirkju sína nauðsynlega, greiða auðvitað gjald til sinnar kirkju. Hins vegar er ekki óeðlilegt, að þeir, sem kjósa að standa utan safnaðar, greiði eitthvað líka.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Í umr. hefur nokkur misskilningur komið fram um það, að sóknarnefndir fengju óþarflega mikið vald með þessum l., en þar er um safnaðarfundina að ræða, sem er allt annað. Í l. frá 1909 segir, að ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefur ákveðið og safnaðarfundur og héraðsfundur samþ., nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, þá sé sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum. Sóknarnefndirnar hafa því meira vald samkvæmt núgildandi l. en þær fá með þessum. Nú geta þær ákveðið þetta upp á eigin spýtur, en samkvæmt frv. geta sóknarnefndir ekki ákveðið gjöldin nema með leyfi safnaðarfunda. Mótmælin er því úr lausu lofti gripin og frv. endurbót miðað við núgildandi löggjöf.

Páll Zóphóníasson: Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann hefði ekki heyrt athugasemdir mínar við 3. gr., og mun hann fallast á þær, þegar hann hefur heyrt þær. Sumar sóknirnar ná yfir tvo eða þrjá hreppa, og útsvörin eru mismunandi. Það verður þá að leggja á með hliðsjón af því, að gjöldin komi hlutfallslega rétt á. Hæstv. ráðh. var ekki við áðan, og ég vildi því lofa honum að heyra þetta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég hygg, að brtt. hv. þm. sé óþörf. Ég sé ekkert, sem hindri það, að þessu hundraðsgjaldi verði komið á. Það er eðlilegt, að hundraðsgjaldið verði mismunandi í hinum ýmsu hreppum. Ég skil ekki, hvað hv. 1. þm. N-M. á við.

Ásmundur Sigurðsson: Hv. frsm. vill halda því fram, að þessi gjöld séu sambærileg við frjáls gjöld. En menn ráða því ekki, hvað gjöldin eru há, og þeir geta ekki losnað við þau með því að ganga úr þjóðkirkjunni. Þetta er því nefskattur, sem allir verða að greiða, hvort sem þeir eru með honum eða móti eða hlutlausir. Það er sagt, að hægt sé að greiða þetta til háskólans, en ríkið verður að halda uppi háskólanum, og því kemur þetta þannig út, að menn verða að greiða þetta vegna kirkjunnar. Þetta eru ekkert annað en þvingunarlög.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 579 felld með 8:5 atkv.
3. gr. samþ. með 10:4 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:5 atkv.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

---

54. Búnaðarmálasjóður.

Á 13. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (þmfrv., A. 49).

Á 9. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er öllum hv. þdm. kunnugt. Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi hér í d. og var afgr. hér með meginþorra atkv. og síðan vísað til Nd., og þar var því vísað til n., en þá var áliðið þings, og náði frv. ekki fram að ganga, og kom það aldrei frá landbn. í Nd.
Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er frv. óbreytt frá því, sem það var í fyrra. Hins vegar má geta þess, að á stéttarþingi bænda í sumar var samþ. með shlj. atkv. — mér er sagt af fundarstjóra, að það hafi verið með öllum shlj. atkv. — áskorun til Alþ. að samþykkja þetta frv. eins og það lá fyrir í fyrra. Það hafa komið upp einstaka raddir um það, — ég hef heyrt það utan að mér, — að breyt. væri gerð á frv., kannske að hafa hlutfallið öðruvísi, kannske ekki nema ⅓ til bændasamtakanna, en ég geri ráð fyrir, að það verði athugað í n., þegar frv. kemur til hennar.
Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta, en legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. um. (A. 49, n. 82).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vildi óska eftir því við hæstv. forseta, að málinu yrði frestað í dag, en yrði tekið á morgun til umr.

Forseti (BSt): Ég vil geta þess, að mér hefur borizt tilkynning frá hv. 1. landsk., að hann sé staddur við jarðarför, og hv. 3. landsk. hefur óskað að fá að fara af fundi í sömu erindum, og hygg ég, að fleiri hv. þdm. séu í þann veginn að fara að þessari jarðarför. Af þessum ástæðum er málinu frestað og það tekið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þótt ég sjái, að hér séu ekki fjölskipaðri bekkir nú en í gær, mun ég ekki láta hjá líða að fara nokkrum orðum um frv. þetta. — Landbn. tók mál þetta til athugunar og umr., og varð niðurstaðan sú, að 3 nm. tjáðu sig samþykka frv. óbreyttu, en 2 nm., hv. 2. þm. Árn. (EE) og hv. 8. landsk. þm. (ÁS), lýstu yfir því, að þeir hefðu óbundnar hendur um frv. En að því er virtist af orðum þeirra, býst ég frekar við, að þeir séu ekki andstæðir málinu.

Frv. er nákvæmlega eins og það frv., sem flutt var hér í hv. d. á síðasta þingi. Þá var málið rækilega rætt hér, og væri það því aðeins upptugga á því, sem þar var talað, ef nú væri aftur farið að flytja langt mál um frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. var nokkurs konar sáttatilraun eða meðalvegur, sem farinn var milli tveggja andstæðra flokka í þessu máli. Frv. var samþ. hér í hv. d., og lýsti hún með því skoðun sinni á málinu og vilja sínum um, að þarna drægi til sátta. Þegar frv. kom til hv. Nd., var svo áliðið þingsetu, að ekki var hægt að koma því fram, og dagaði það uppi. Þess vegna er það nú hingað komið. Ég skýrði frá því, að hér lægi fyrir skýr yfirlýsing frá hv. d. um að gera þetta samkomulag. Og þegar frv. var borið undir aðalfund stéttarsambands bænda í sumar, þar sem komnir voru saman menn úr ýmsum áttum og hinum ýmsu pólitísku flokkum, var það samþykkt samhljóða að óska eftir því, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt á þessu þ. og gengið frá því með l. Dettur mér ekki í hug, að hv. d. gangi nú frá því, sem hún hefur áður samþykkt, og mundi slíkt verða til þess að skapa óþarfa urg og illindi meðal manna og flokka.

Með þessu frv., ef að l. verður, er gerð sú breyt. frá gildandi l., að stéttarsambandi bændanna sjálfra eru falin umráð sjóðsins að hálfu, þ. e. helmingur árlegra tekna hans, en búnaðarsamböndin fá hinn helminginn. Og ef við lítum þarna á, þá styrkja búnaðarsamböndin einmitt stéttarsamböndin og launa fulltrúa á fund stéttarsambandanna, svo að í raun og veru njóta samböndin því nær eins góðs af þessu og áður. Tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Þegar stofnað var til búnaðarmálasjóðs, var ég því heldur mótfallinn og fannst varla gerlegt fyrir hæstv. Alþ. að fara að narta þannig utan af landbúnaðinum til hluta, sem ollu þá í upphafi ágreiningi og hafa lengst af gert. Ég vil ekki verða til þess að ýfa þetta mál á ný, og mun í lengstu lög þegja það fram af mér, sem áður var gert að óvildarmáli og valdið hefur langvinnu þrátti bæði innan þings og utan. Mun ég þá eftir atvikum með þögninni samþykkja frv. eins og það liggur fyrir í meginatriðum. Samt eru nokkur atriði, sem að þessu lúta, sem frá mínu sjónarmiði eru þó ekki meginatriðin, en ég tel, að mættu betur og sanngjarnlegar fara. Það er ekki skiptingin, sem hefur verið deilt um, þ. e. helmingur sjóðsins til búnaðarsambandanna og hinn helmingurinn til stéttarsambandsins. Ég þegi það fram af mér, eins og ég áður gat um. En það, sem ég vildi gera að álitamáli og vildi, að brugðið yrði út af í frv. eins og það liggur fyrir, er, á hvaða skiptigrundvelli þetta skuli vera gert og þá jöfnum höndum um hlutaskiptin, sem gætu komið til greina í því sambandi. Ég á þar við það ákvæði frv., að helmingshluta búnaðarsambandanna skuli verða skipt milli þeirra af búnaðarþingi. Ég get ekki fallizt á, að búnaðarþing sé hinn rétti vettvangur til þessara skipta, þótt ég viti, að það mundi vitanlega gera það frá sínu sjónarmiði með sérstakri sanngirni og beztu vitund. Ég tel, að skiptihlutföllin á þessum helming séu í rauninni sjálfgefin að mestu leyti, og það eru þau skiptihlutföll, sem eftir núgildandi l. eiga sér stað, sem sé, að þessi helmingur, sem fellur í hlut búnaðarsambandanna, renni til þeirra í þeim hlutföllum, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum. Mér finnst þetta svo sanngjarnt eins og það er ákveðið í núgildandi l., að ekki sé ástæða til að breyta því. Og að fara að rökræða það nánar, af hverju þetta er mín skoðun og af hverju aðrir menn hafa aðra skoðun um þetta, er mér heldur til leiðinda, svo að ég læt það ógert. Búnaðarsamböndin ættu að verða aðnjótandi þess, sem þeim ber. Hitt opnar dyrnar. Ef þessi skipti væru falin öðrum, þá getur það frá þeirra sjónarmiði séð verið vinningur að fá allsherjar sætt í þessu máli. Það sé í rauninni að leysa búnaðarþing frá vanda að losa það við þessa skiptingu. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram brtt. um þetta. Þá hefur hver sitt. Hitt tel ég ekki sanngjarnt, og gæti það vakið nýjar ýfingar með þeim mönnum, sem alltaf eru reiðubúnir til að vekja deilur.

Þá er það jöfnum höndum, að ég legg til, að reikningsfærslan sé ekki í höndum neins banka, því að mér finnst banki ekki vera rétti aðilinn, og þá finnst mér ekki heldur rétt, að reikningsfærslan sé í höndum búnaðarþings. Búnaðarþing kemur að jafnaði ekki saman nema annað hvert ár, en það torveldar strax allar aðstæður, þar sem búnaðarþing á enga ákveðna setu. Mér finnst, að sá rétti aðili til að hafa með höndum

reikningsfærsluna sé Búnaðarfélag Íslands. Þar er unnið daglega að störfum, og mér finnst starfssvið þess vera þannig, að rétt sé, að það hafi þessa umsjá með höndum. Ég tel, að þessi bending frá mér, hvort sem hún nú verður samþ. eða felld, bendi í þá átt, að ég vilji vera friðarins maður um friðsamlega lausn þessara mála.

Ég legg nú fram brtt. frá minni hálfu, og verður kylfa að ráða kasti, hvað um hana verður. Ég vil nú með leyfi hæstv. forseta lesa upp þessa brtt.:

„Niðurlag 1. gr. („Búnaðarþing skiptir“ o. s. frv.) fellur niður, en í stað þess komi: Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi stjórn hans og reikningshald. — Sá helmingshluti sjóðsteknanna, er rennur til búnaðarsambanda landsins, skiptist á milli sambandanna í réttum hlutföllum við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum.“

Þetta er nú ekki stórvægilegt, aðeins um breytt fyrirkomulag að ræða, sem ég tel betur fara svona, en meginatriðin þegi ég fram af mér. Ég vil nú leyfa mér að afhenda forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Árn., sem hv. dm. hafa þegar heyrt. Þessi brtt. er skrifleg og þar að auki of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði, svo að hún geti komið til umr. og atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 101) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég ætla að reyna að standa við það, sem ég sagði áðan, að ég mundi ekki lengja umr. um þetta mál.

Mér kom satt að segja mjög á óvart, er þessi ágæti þm. Árn. kom með þessa brtt. í lok ræðu sinnar. Hann var að tala um, að hann væri friðarins maður, en hann hefði getað haft það orð milli gæsafóta. Það ber ekki vott um gott hjartalag, að þegar tveir aðilar hafa komið sér saman, þá komi hann með brtt., sem gengur í þveröfuga átt. Ef féð á að ganga aftur til búnaðarsambandanna, þá er engin ástæða til að hafa neinn búnaðarmálasjóð. Þá má alveg eins leggja hann niður. Mér sýnist þessi brtt. hv. þm. heldur til skemmda á frv., og eiginlega það eina, sem kemur fram við hana, er að fá sundrung og spilla málum. Ég vonast nú til, að hann taki þessa brtt. aftur. Ég sé, að hann er farinn að berja með pennastönginni í borðið og biðja forseta um orðið, og vona nú, að hann standi hér upp á eftir sem nýr og betri maður.

Eiríkur Einarsson: Mér heyrðist eftir ræðu hv. þm. Dal., að um nokkurn misskilning sé að ræða, er hann segir, að brtt. mín sé til þess að ala á úlfúð, og að ég vilji stofna til ófriðar. Ef hann hefur skilið till. rétt, held ég, að þetta séu óþörf orð. Þótt brtt. mín væri samþ., stendur samt óbreyttur sá skiptigrundvöllur, sem frv. gerir ráð fyrir. Satt að segja kom það flatt upp á mig, að hann skyldi líta þessum augum á þetta, að ég væri samkomulagsbrjótur. Ég vil endurtaka það í áheyrn hæstv. landbrh., að ég vil í engu hagga hér aðalatriðum. Búnaðarþing er óeðlilegur aðili að annast þetta, en skiptigrundvöllurinn stendur óbreyttur, þótt varzlan sé í höndum Búnaðarfélags Íslands. Málflutningur hv. þm. Dal. sýnir vel, hve smáskítlegir menn geta verið í hugsunarhætti. En svona smáskítlegheitum eigum við þm. að reyna að venja okkur af. Ég sagði áðan, að ég vildi ekki gera þetta að neinu herkjumáli, enda játa ég mig samþykkan öllu því, sem mestu máli skiptir.

Páll Zóphóníasson: Ég hafði ekki ætlað mér að tala í þessu máli, en þessi brtt. gefur mér tilefni til að segja nokkur orð. Ég skal viðurkenna, að ég er samþykkur brtt. hvað viðkemur vörzlunni. En ég vil benda á, að hv. flm. tekur hér upp það sama, sem áður var í lögum, að helmingi skuli skipt í samræmi við framlög úr viðkomandi félögum. Ég sagði það í fyrra, að þá yrði að gera hverjum manni skylt að gera skýrslu um það, hvar hann seldi vöru sína, eða þeim, sem hana kaupir, að taka með henni upprunaskírteini. En þetta gerðu menn ekki. Við skulum taka dæmi um nokkur búnaðarfélög hér sunnanlands, sem selja afurðir sínar fyrir utan félagssvæðið. Bændur á svæði Búnaðarfélags Suðurlands selja töluvert mikinn hluta af vörum sínum til Rvíkur. Bændur, sem búa á Kjalarnessvæðinu, selja eingöngu á sínu búnaðarsvæði, en bændur í Borgarfirði gera það ekki. Þeir selja utan svæðis síns mjólk, æðardún o. fl., mest til Rvíkur, og það eru engar skrár gerðar yfir það. Bændur á svæði Búnaðarsambands Snæfellsness selja aftur mikið í Borgarnesi, en bændur á svæði Búnaðarsambands Dala selja í Stykkishólmi, af því að þeir verzla margir í Stykkishólmi. Vörur framleiddar í Vestfirðingafjórðungi eru seldar þó dálítið á svæði Búnaðarsambands Strandamanna. Úr Húnavatnssýslum eru nokkrar landbúnaðarvörur seldar til Rvíkur og til sjávarþorpa í Eyjafirði, og fengi því búnaðarsamband sýslunnar ekki afgjald af þeim, heldur þau búnaðarsambönd, sem sölustaður varanna liggur í. Skeggjastaðahreppur, sem liggur á svæði Búnaðarsambands Austfjarða, verzlar að mestu leyti á Þórshöfn, og rynni því gjald af vörum þeirra til Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga. Það yrði sami glundroðinn, nema því aðeins, að tekið yrði fram með reglugerð, að gerður yrði sérstakur reikningur um, úr hvaða sambandi vörurnar eru. Þá er hægt að framkvæma þetta, annars ekki.

Þá talaði hv. þm. um það, að búnaðarþing gæti ekki skipt þessu. En hvernig fer búnaðarþingið að því nú að skipta ríkissjóðsframlaginu til félagsins milli sambandanna? Alþ. veitir engu búnaðarsambandi fé, heldur skiptir búnaðarþingið því, og það hefur aldrei orðið ágreiningur um skiptinguna. Búnaðarþingið hefur skipt þessu eftir ákveðnum hlutföllum, og það gildir nákvæmlega sama um það, hvort það skiptir hálfum eða öllum búnaðarmálasjóði. Nú get ég upplýst það, að búnaðarþingið hefur ákveðinn skala fyrir skiptinguna, sem það fer eftir. Það fer eftir býlafjölda og því, hve mikið sambandið fær af starfsfé af sínu eigin svæði. Það eru framlög

félaganna og býlafjöldinn, sem farið er eftir. Hafi samböndin eitthvað sérstakt með höndum, sem krefur aukaútgjöld, njóta þau þess í hærri styrk vegna þess það árið. Um þetta má spyrja hvern þann, sem verið hefur á búnaðarþingi, og síðan 1921 hefur aldrei verið ágreiningur um þetta. Á búnaðarþingi eru líka fulltrúar frá öllum búnaðarsamböndunum, og þeir eru ekki þangað komnir til þess að ota sínum tota, heldur til þess að vinna að framkvæmd búnaðarmálanna í heild. Búnaðarfélagið getur gert þetta, en eigi að breyta þar um, verður að búa til nýjan grundvöll. Grænmetisverzlunin hefur engar skýrslur um það, hvaðan hún tekur kartöflurnar, og henni ber engin skylda til að hafa skýrslur um það. Hv. þm. verður því að breyta l. meira en brtt. hans gerir ráð fyrir, ef þetta á að komast í framkvæmd. Það má bæta við nýrri grein um það, að þeir, sem selja landbúnaðarvörur, haldi skýrslu um hvað og hvert þeir selja. Án þess yrði skiptingin ranglát og ekki hægt að framkvæma hana með neinu réttlæti.

Þegar ég lagði til, að búnaðarþingið skipti þessu, gerði ég það til þess að forðast skriffinnsku og vegna þess að ég áleit, að það gæti alveg eins skipt þessu eins og ríkissjóðsframlaginu. Það hefur líka farið svo, að allir hafa ætíð verið ánægðir.

Eiríkur Einarsson: Hv. 1. þm. N-M. lætur nú aftur til sín heyra í þessu máli. Mig rekur minni til þess, að þegar þessi skipti voru gerð, hafi hann einnig andmælt þeim, svo að þetta er skoðun, sem hann býr yfir. En mér finnst hann gera of mikið úr torfærunum hvað það snertir, að ekki sé hægt að skipta þessu milli búnaðarsambandanna. Hans meginröksemd var það, að það væri ekki hægt nema með nýrri skriffinnsku um það, af hvaða búnaðarsvæði varan sé. Þessi málflutningur hv. þm. er líklegastur til þess að vera ísmeygilegur gagnvart þeim dómstóli, sem um þetta mál á að dæma, það er að segja hæstv. Alþ. Ég játa það, að sölumagnið, sem kemur í búðirnar, er annað en það, sem kemur frá hverju sambandssvæði eða sýslufélagi. En það er ákvörðunin heima fyrir, skýrslurnar að heiman, sem segja til um það, hvað selt er, alveg eins og er um þá mjólk, sem flutt er til Mjólkurbús Flóamanna. Hv. þm. talaði eins og hann kæmi frá annarri stjörnu um það, hvað selt er frá hverju svæði. En vettvangur þess er heima fyrir og ekki við söluborðið. Ég játa það, að þetta er kannske erfitt, en það má finna það nokkurn veginn. Ég treysti stjórn Búnaðarfélagsins og hv. 1. þm. N-M. til þess að gera það á réttan hátt. Málfærsla hans er ísmeygileg, en annað ekki. Sölumagnið er finnanlegt, þótt ekki sé hægt að finna það hjá „Silla og Valda". Það verður ekki hrakið með réttu, þótt hv. þm. reyni að gera þetta að grýluatriði gagnvart till.

Hv. 1. þm. N-M. sagði einnig, að búnaðarþing væri vel til þess fallið að hafa reikningsfærsluna með höndum. Þá er stjórn Búnaðarfélagsins ekki síður til þess fallin, sem alltaf er til staðar, svo að ekki er langt á bjargarbæinn, ef leita þarf leiðréttinga.

Hv. þm. hefur andmælt núverandi lagaákvæðum, og er ekkert um það að segja. Hann er líka á móti minni till., en ég tel þá ágalla hennar, sem hann bendir á, ekki eins mikla og hann vill vera láta. Það verður að finna þetta heima fyrir, en ekki við söluborðið.

Gísli Jónsson: Þetta mál er Ed. kunnugt. Það hefur verið hér áður til umræðu og búið að segja um það margt orðið. Það gladdi mig að heyra, að hv. 2. þm. Árn. lýsti yfir fylgi sínu við málið. Ef athuguð er afstaða hans á undanförnum þingum, hefur hann verið gegn málinu og ekki með. Það gleður okkur, sem jafnan höfum fylgt þessu máli, að hann skuli nú einnig vera sammála. En það varð ekki annað séð, er lesið var nál. 82, en að hann væri snúinn frá fyrri skoðunum, en það hefur verið hans háttur að koma ávallt með brtt., til þess að flækja málið og spilla fyrir því, tefja það og þvæla. Með tilliti til nál. varð ég því undrandi yfir þeirri brtt., sem hann hefur lagt hér fram. Hv. þm. undirskrifaði nál. fyrirvaralaust, þótt hann hafi áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um málið. Hafi n. ekki vitað um, hvað hann ætlaði sér, er það skrýtið, að hv. 2. þm. Árn. skuli á þennan hátt koma með hnífinn í bakið á nm. (**EE:** Er þetta siðferðisprédikun?). Það er heldur lágt siðferðisstig, ef hv. þm. tekur málið alvarlega.

Þetta mál hefði átt að ræðast betur í n. sjálfri, og ég vil því gera það að till. minni, að það verði tekið af dagskrá. Ef nokkuð má marka hv. 2. þm. Árn., hlýtur að vera hægt að koma fram við hann rökum. Ef hann vill, að málið verði leyst á skynsamlegan hátt, verður að halda honum að því á friðsamlegan hátt og án undirferlis frá hans hálfu. Áður hefur hann verið með alls konar fleyga til þess að fella málið. Ef þetta mál á að sæta slíkri meðferð áfram, fer það að verða spursmál, hvort ekki eigi alveg að afnema búnaðarmálasjóð. Féð er tekið af bændum, og svo er deilt um það hér endalaust, hvernig því eigi að verja, sem þeir hafa sjálfir lagt fram. Að það sé einhver goðgá, að búnaðarþing skipti þessu, er mér ömögulegt að skilja. Og þetta kemur frá manni, sem þykist vera umboðsmaður bænda á Alþ.!

Ég legg til, að umr. verði frestað um málið og form. n., sem á mikið magn af lipurð og sniðugheitum, reyni að leysa það. Svo vænti ég þess, að hv. 2. þm. Árn. betrumbæti sig og fylgi málinu af heilum hug.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að ég mun bíða með að taka ákvörðun um þetta, þar til ég heyri, hvort ósk kemur frá n. sjálfri í þessa átt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Árn. viðurkenndi, að ekki væri hægt að vita fyrir þann, sem selur, frá hvaða bónda varan kæmi, né á hvaða sambandssvæði hann ætti heima, en hann vill, að með þessu sé fylgzt heima fyrir. Lögin segja: Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku. Og hver á að innheimta þetta gjald? Það eiga lögreglustjórarnir að gera samkvæmt skýrslum, er þeir fá frá

þeim, er selja vörurnar. Það er ekki ætlazt til þess í l., að skýrslur komi heiman að. Það gjald, sem sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu innheimtir, fær Búnaðarsamband Eyjafjarðar, enda þótt það sé að helmingi greitt af vörum, sem framleiddar eru í Skagafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Og svo er víðar og víðast, að sölutakmörk varanna eru ekki bundin við takmörk búnaðarsambandanna. Þetta er svo ljóst. En hv. 2. þm. Árn. vill, að bændurnir gefi skýrslur og að gjaldið verði innheimt samkvæmt þeim. En eigi skýrslurnar að koma heiman að, verður að breyta l. og grundvallarreglunum fyrir innheimtunni. Hv. 2. þm. Árn. verður því að breyta l. meira en till. hans gerir ráð fyrir. Það verður að gera skrá um það, úr hvaða búnaðarsambandi varan sé, svo að sýslumaður sjái, hvert gjaldið aftur á að renna.

Þá vil ég benda á það, sem mér láðist í framsöguræðu minni, að við höfum samþykkt svipað gjald og þetta á sjávarútvegsvörur til Landssambands útvegsmanna. Meiningin með þessu er að útvega samtökunum rekstrarfé og létta þeim innheimtuna. Það leiðir af sjálfu sér, að bændurnir fái þetta á sama hátt og útvegurinn.

Ég skal svo ekki segja meira um þetta. Ég geri ráð fyrir því, að umr. verði frestað, og trúi ekki öðru en að hægt sé að fá samkomulag um þetta, þó að mönnum verði náttúrlega ekki alltaf að trú sinni.

Eiríkur Einarsson: Ég skal hafa þetta stutt. Eins og brtt. mín ber með sér, hef ég ekki látið hana lúta að öðru en smábreyt. á frv., sem hér liggur fyrir. En það er mál fyrir sig, hvort breyt. í frv. eða mín brtt. sé vænlegri til árangurs, og vil ég ekki mæla móti því, að n., sem hefur þetta til athuguar, fái þetta til meðferðar.

Hv. þm. Barð. (GJ) kom hér fram sem engill friðarins og mæltist til, að ég athugaði þetta betur. Það er gott út af fyrir sig, að málin séu vel athuguð, og get ég, til þess að málið sé athugað í heild í landbn., tekið till. mína aftur til 3. umr. Hitt vildi ég segja um leið og ég sezt niður, að ég er á öðru máli en hv. þm. Barð. (GJ) um það, hvort ekki sé leyfilegt fyrir mig að koma fram með till. sem þessa. Ég álít mig hafa alveg óbundnar hendur, og þarf það ekki frekari skýringa við. Ég vil þá taka hina skriflegu till. mína aftur til 3. umr.

Gísli Jónsson: Mér þykir rétt að láta í ljós þakklæti mitt til hv. 2. þm. Árn. (EE) fyrir það, að hann hefur tekið aftur till. sína til 3. umr., sem ég tel mjög eðlilegt, og sætti ég mig við það sem tákn þess friðaranda, sem hann vill, að ríki í þessu máli.

Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. (PZ) um, að lagðir hafi verið á nýir skattar, vil ég upplýsa, að ekki hafa verið lagðir á nýir skattar. Skattinum hefur aðeins verið skipt. Þótti mér rétt að láta þetta koma fram.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég sé ekki ástæðu til að tala meira um þetta. Það getur orðið við 3. umr. citthvað. En eins og málið liggur nú fyrir, þar sem flm. till. hefur tekið hana aftur til 3. umr., álít ég liggja næst að ljúka umr. Það er búið að tala svo mikið um þetta, en atkvgr. er ekki hægt að hafa núna, eins og forseti sér.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) skýrði svo nákvæmlega frá því með dæmum, hvernig færi, ef brtt. yrði samþ., til hverra vandræða það horfði, að ég get hugsað, að hv. 2. þm. Árn. sjái það, að hann verður að ganga af þessu fóstri sínu dauðu og reyna að betrumbæta till. sína.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 101 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 49, 101).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þó að ég standi hér upp, er það ekki til þess að ræða efnislega um þetta mál. Ég held, að umr. við 2. umr. hafi verið það ýtarlegar, að ekki sé ástæða til að draga málið á langinn með frekara þófi. En ég vildi geta þess, að landbn. tók málið fyrir á ný eftir 2. umr. samkvæmt ósk eða áminningu þm. Barð., þar sem hún vildi ekki bera þær óskir fyrir borð. Á þeim fundi n. voru allir flm. mættir auk nm. Fyrir fundinum lá brtt. frá 2. þm. Árn., sem nú er hér fram komin. Niðurstaðan í n. varð sú, að 3 nm. vildu ekki fallast á þá brtt., en einn nm. vildi ekki taka afstöðu til hennar. Þau sjónarmið, sem till. fjallar um, voru rædd hér við 2. umr., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, sem þá var sagt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja þessar umr. frekar.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli þm. Dal., að það sé ástæðulaust að karpa meir um þetta mál, en vil aðeins taka það fram um leið og ég óska þess, að hv. dm. sjái sér fært að greiða brtt. minni atkv., að þar sem stendur, að sá hluti, sem búnaðarsamböndin fá, skiptist í réttu hlutfalli, þá er átt við, að skiptin verði eins réttlát og næst verður komizt, þannig að það verði sem næst því, sem lagt hefur verið fram. Þessu bauðst ég til að bæta í brtt. til mýkingar, en það kærðu meðnm. mínir sig ekki um, því að þeir virðast ætla henni önnur örlög en þjálfun á orðalagi.

Ég lofaði að lengja ekki þessar umr. og vil því aðeins að lokum endurtaka þá ósk mína, að hv. dm. ljái þessari meinlausu og sanngjörnu till. atkvæði sitt.

ATKVGR.
Brtt. 101 felld með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, EE.
nei: ÞÞ, BSt, BK, GJ, HV, HermJ, PZ.
SÁÓ, StgrA, ÁS, LJóh greiddu ekki atkv.
4 þm. (BrB, GÍG, JJós, PM) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 49, n. 439 og 505).

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Ég ætla ekki að flytja langa ræðu um þetta mál. Það er þm. kunnugt, því að það er í einni eða annarri mynd búið að liggja fyrir allmörgum undanförnum þingum. Í þeirri mynd, sem það er nú, var það lagt fyrir hv. Ed. á síðasta þingi, var samþ. þar og sent hingað til Nd., vísað til 2. umr. og landbn., en dagaði uppi, vegna þess hvað áliðið var orðið þings og komið fast að þinglokum. Og nú í haust var málið tekið upp aftur á ný, að mestu af sömu mönnum og áður höfðu beitt sér fyrir þessari breyt. Það var samþ. í Ed. og sent því næst hingað til Nd., sem vísaði málinu til 2. umr. og landbn. 2. des. Það má því segja, að málið sé búið að dvelja lengi hjá okkur í landbn., en ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að samþ. var í n. að senda málið til umsagnar stjórnum allra búnaðarsambanda landsins, en það eru þau, sem ákvæði þessara breyt. gilda alveg sérstaklega. Eins og öllum er ljóst, tók þetta mikinn tíma, og n. beið með að skila áliti sínu og gat það ekki fyrr en svör höfðu borizt. Þau eru nú komin frá öllum búnaðarsamböndunum, sem lýsa öll yfir því, að þau séu samþykk þessari breyt. Þó eru tveir stjórnarnefndarmenn, hvor í sínu búnaðarsambandi, — þau eru 14 alls, — sem telja sig ekki geta aðhyllzt þessa breyt. — Þegar þetta lá fyrir, kom n. saman á fund, og eins og nál. ber með sér, klofnaði n. Meiri hl. n. taldi rétt og skylt, að fengnum þessum upplýsingum, að hlíta þessu og leggja til, að frv. yrði samþ., þar sem búnaðarsamböndin öll hafa tjáð sig því fylgjandi, að þessi breyt. verði gerð. Minni hl. hefur hins vegar skilað séráliti og leggur til, eins og nál. hans ber með sér, að málinu verði vísað frá.

Ég vil nú vekja athygli á því, að þessar brtt. eru fram bornar sem miðlunartill., tilraun til þess að miðla málum í þeim deilum, sem staðið hafa um þetta mál um nokkurt skeið, og þannig er líka á þetta litið af hálfu þeirra manna, sem með þetta hafa að gera, búnaðarsambandanna og annarra, sem telja, að þetta sé eðlileg miðlun. Auk þess hafa um þetta mál fjallað ekki aðeins búnaðarsamböndin, fundir þeirra, heldur einnig búnaðarþing og aðalfundur stéttarsambands bænda. Báðir þessir fundir hafa lýst yfir því, að þeir geti fyrir sitt leyti fallizt á þessa breyt. Fundur stéttarsambands bænda veitti þessu samþykki með öllum samhljóða atkvæðum.

Ég held þess vegna, að það sé ekki lengur hægt að segja, að vilji manna í þessum efnum sé ekki orðinn nokkurn veginn fullskýr. Og þá er að meta það, hvort menn vilja taka tillit til þeirra óska, sem þarna koma fram, þeirra jákvæðu svara, sem þarna birtast. Ég tel nú, að það geti ekki orkað tvímælis, að slíkt beri að gera, og styðst ég þá m. a. við það, að þótt menn kynnu eitthvað að hafa að athuga við greiðslur til þessa stéttarsambands, eitthvað að athuga við þetta form á því, má benda á það, að Alþ. veitti í fyrra stéttarfélagi útvegsmanna alveg sams konar rétt með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það er þess vegna ekki verið að skapa hér neitt fordæmi. Þvert á móti. Hér er fetað af hálfu okkar bænda í þá slóð, sem þegar hefur verið farin og Alþ. samþykkti fyrir sitt leyti, og mér finnst það undarlegt, ef alþm. telja sjálfsagt að veita einu stéttarfélagi slík réttindi, en synja okkur bændum um það sama. Ég á ekki von á því, að alþm. sýni slíka hlutdrægni í okkar garð. Ég vænti þess vegna, að þetta, sem er, eins og ég sagði áðan, tilraun til þess að miðla málum, verði til þess að báðir aðilar geti vel við unað og slái báðir nokkuð af kröfum sínum. Ég vænti þess vegna, að menn geti fallizt á þetta og þetta geti gengið nokkurn veginn viðstöðulaust, það sem eftir er.

Um nál. minni hl. ætla ég ekki að ræða. Hann gerir að sjálfsögðu grein fyrir sinni afstöðu, sem ég ætla, að ég þurfi litlu að svara. Virðist þar vera fetað í svipuðum anda og fram kemur í þeim greinum, sem birzt hafa um þetta á undanförnum árum og hefur verið svarað áður, og ætla ég mér því ekki að eyða miklum tíma í að gagnrýna það nú, þótt síðar yrði.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 49, er nú ekki neitt nýtt mál hér á Alþ., því að eins og kunnugt er og frsm. meiri hl. veik að, þá er þetta mál búið að vera til umr. á allmörgum undanförnum þingum í ýmsum myndum. Það hefur af einstökum mönnum og einum flokki sérstaklega verið gert að stórpólitísku deilumáli á undanförnum árum, og kann að vera, að það þyki mjög í samræmi við ýmislegt annað, sem gerzt hefur á síðustu árum.

Saga þessa máls hefst á Alþ. 1943. Þá er hér til umr. frv. um orlofsl., sem gert var að lögum á því þingi. Samkvæmt þeim lögum er, eins og kunnugt er, ákveðið, að borga skuli 4% viðbót á allt kaupgjald og öll laun í landinu. Um þetta frv. urðu nokkrar deilur, sem ekki var mjög óeðlilegt, en í sambandi við það flutti formaður Framsfl., hv. þm. Str., og fleiri menn frv. um nokkurt framlag til kynnisferða bænda og fóru fram á, að ríkissjóður greiddi sem svaraði 10 kr. á hvern bónda í landinu, sem leggja

skyldi í ferðasjóð og Búnaðarfélag Íslands ætti að skipta milli þeirra bænda, sem kynnu að vilja fara í skemmtiferðir. Þetta frv. var samþ. í hv. Ed. og kom hingað til Nd. í þessari mynd. Við, sem þá vorum í landbn. þessarar hv. d., tókum það til athugunar og þótti heldur lítilfjörlegar till., sem þarna var komið með, samanborið við þau stórkostlegu framlög, sem jafnframt voru lögfest fyrir allar launastéttir landsins. Upp úr þessu varð svo samkomulag um það í landbn. að leggja til, að lagt væri ½% gjald á heildsöluverð landbúnaðarafurða og af því stofnaður ferðasjóður fyrir sveitafólk og borgað úr honum til þeirra bænda, sem færu hópferðir til skemmtunar í önnur héruð, og jafnframt gefin heimild til að borga nokkurt fé úr þessum sjóði til þess að veita vinnuaðstoð fátækum einyrkjum, sem ekki gætu komizt heiman að. Í þessari mynd var þetta frv. samþ. hér í Nd. En þegar til Ed. kom, urðu um það harðar deilur og talað um, að þarna væri um nýtt mál að ræða og óhæfilegt að fara að skattleggja vörur bænda til þess að stofna handa þeim ferðasjóð í eins stórum stíl og þarna væri lagt til, enda varð sú raunin á, að í hv. Ed. var þessu frv. vísað frá með rökst. dagskrá, og síðan hafa ekki komið till. um að stofna neinn slíkan ferðasjóð fyrir sveitafólkið. Það var talið sjálfsagt af þeim, sem komu þessu fyrir kattarnef, að hafa einkarétt fyrir þá, sem taka laun hjá öðrum og hafa fjármagn til slíkra ferðalaga, sem almennt eru kallaðar skemmtiferðir. Búnaðarþing, sem kom saman næst á eftir, tók upp þessa hugmynd að leggja ½% gjald á afurðir landbúnaðarins, en það mátti ekki fara í ferðasjóð, eins og Nd. hafði lagt til, heldur urðu um það margvíslegar þráttanir á búnaðarþingi, hvort þetta skyldi heldur fara í það að styðja að félagslegum framkvæmdum búnaðarsambanda landsins eða það ætti að fara til þess að stofna nýtt landssamband bænda, því að það gamla var þá annaðhvort alveg dautt eða í andarslitrunum. Eftir langar þráttanir varð ofan á í búnaðarþingi, að hin síðari leið yrði tekin og fellt með öllu að láta ½% af þessu fé renna til framkvæmda í búnaðarsamböndum landsins. Þannig var það svo flutt hér á Alþ. 1944 og varð að lögum, en í sambandi við þau urðu allharðar deilur um það, að sett hafði verið inn í þessi l. ákvæði um það, að á hverjum tíma skyldi landbrh. samþykkja úthlutun úr þessum sjóði. Í tilefni af þessu voru, eins og margir alþm. muna, hafnar stórdeilur á þáv. hæstv. landbrh. og alla þáv. ríkisstj., að hér væri verið að setja bændastéttina undir óeðlileg yfirráð, með því að það skyldi vera háð samþykki landbrh., hvernig skyldi úthluta þessu fé. Að þessum árásum, sem hafnar voru um allt land, stóðu allir þáverandi stjórnarandstæðingar, sem voru fyrst og fremst Framsfl. og þeir menn í Sjálfstfl., sem voru andstæðingar þeirrar ríkisstj., og átti þetta að vera ein af hennar helztu syndum að hafa samþykkt þetta tiltölulega litla og, að því er manni virtist, meinlausa ákvæði í sambandi við þessi l. Auðséð var, að þetta átti að vera eitt af helztu kosningamálum þessara manna, sem hlut áttu að máli.

Á Alþ. um haustið 1945 var svo af sömu mönnum borið fram frv. um að fella úr l. þetta ákvæði, sem deilur höfðu staðið harðastar um, en þá var komið í ljós, að mjög mikill ágreiningur var meðal bændastéttarinnar um það, hvort heppilegra væri að verja þessu fé heima í búnaðarsamböndum landsins, til nauðsynlegra framkvæmda þar, eða hitt, að nota það til sambands, sem þá var óstofnað, og að öðru leyti til hótelbyggingar hér í Rvík, sem raunar sveif í lausu lofti, vegna þess hvað þar var um stóra hugmynd og áætlun að ræða, því að vitanlega hefði slíkt hótel kostað margar milljónir króna. Út af þessu skeði svo það, að við, sem nú erum í minni hl. landbn., fluttum till. um það, að þessum l. skyldi breytt, til þess að losa þá, sem deilurnar höfðu hafið, undan því, sem þeir töldu fargan og yfirgang af hálfu stjórnarvaldanna, að landbrh. mætti hafa með höndum úthlutun á þessu fé, og lögðum til, að því yrði skipt upp til búnaðarsambandanna í þeim sömu hlutföllum og tekjur kæmu inn á hverju búnaðarsambandssvæði. Þessi breyt. náði samþykki, eins og kunnugt er, og í þeirri mynd eru lögin enn. En það hefur verið haldið uppi þrálátum árásum — í sambandi við kosningarnar 1946 og í rauninni alltaf síðan — út af því, að þarna hafi verið farið inn á einhverja óeðlilega og óhæfilega leið að skipta þessu fé, sem er nú ekki mikil upphæð, milli búnaðarsambandanna og gefa þeim tækifæri til þess að hafa fleiri framkvæmdir með höndum en áður hefur verið. Í þessu sambandi er ástæða til að minnast á það, að alla þá götu síðan búnaðarsamböndin hafa verið til í þessu landi, hafa þau verið í mjög mikilli fjárþröng. Þau hafa ekki haft neinn styrk, nema lítilfjörlegan styrk frá Búnaðarfélagi Íslands. M. a. þeirra hluta vegna eru íslenzkar sveitir aftur úr með framkvæmdir, ekki aðeins félagslegar framkvæmdir, heldur einnig heimilislegar.

Við, sem lengi höfum verið starfandi í búnaðarfélögum landsins, höfum oft fundið sárt til þess, hve illt er að hafa ekki yfir neinu fé að ráða, og við fundum allir, hversu brýn nauðsyn var á að bæta úr þessu, og þess vegna var farið inn á þá braut að taka prósentugjald af landbúnaðarafurðum. Nú er það vitað, að andstæðingar frv. vildu, að fé það, sem búnaðarmálasjóði áskotnaðist, yrði aldrei greitt til búnaðarsambandanna, og óskuðu þeir, að það yrði ekki gert, nema til Búnaðarsambands Suðurlands, og herjaði það út 60 þús. kr., sem það þó að vísu hafði lagalegan rétt til.

Sumum þótti heppilegra, að komið væri í veg fyrir, að l. um búnaðarmálasjóð væru framkvæmd eins og þau voru sett 1946, og 1947 var reynt að breyta þeim og frv. flutt í því skyni, en það mistókst og var frv. vísað frá með rökst. dagskrá. Í vetur kom svo fram í Ed. frv. það, sem hér liggur fyrir, og fór það í gegnum Ed.

Hv. frsm. landbn. gat þess, að n. hefði leitað álits og umsagnar allra búnaðarsambanda landsins um málið, svo að ljóst væri, hver væri vilji þeirra um afgreiðslu þess, áður en n. gengi frá till. sínum. Nú hafa n. borizt svör frá öllum búnaðarsamböndunum, 14 að tölu, og hafa þau öll

lýst sig fylgjandi frv. 3 stjórnarnefndarmenn, hver í sínu sambandi, hafa þó lýst andstöðu sinni við frv. — Það er ekki svo undarlegt, þó að búnaðarsamböndin hafi snúizt þannig við þessu, þar sem þau hafa hingað til verið svikin um greiðslu á fé til sjóðsins, svo sem þeim ber samkvæmt lögum, og halda þau sýnilega, að það eigi nú að halda áfram, ef samkomulag næst ekki, og þess vegna sé þó betra að fá helming fjárins með skilum en eiga von á framhaldandi óskilum frá hálfu þess opinbera í þessum efnum.

Annars er innheimta fjárins öll í vafasömu horfi. Ég hef að vísu fengið skýrslu um hana hjá Búnaðarbankanum, og liggur hún fyrir á þskj. 505 og sýnir, hversu mikið er búið að innheimta fyrir árið 1946, en síðar munum við reyna að fá vitneskju um, hve mikið búið er að innheimta fyrir árið 1947.

Þegar litið er á skýrsluna á þskj. 505, er það auðsætt, að ekki er innheimtan eins í öllum fjórðungunum, og tekur sig sérstaklega út, hvað lítið hefur komið inn hjá sumum samböndunum. Mér er kunnugt um, að sumir hafa farið með gjald þetta eins og gjaldið í fjárpestarmálunum. Gerðar hafa verið athugasemdir við innheimtuna á sumum stöðunum, en engin leiðrétting hefur fengizt á henni.

Nú er það svo, að stéttarsamband bænda er í rauninni þannig byggt, að búnaðarsamböndin eru deildir í því, og það að ætla að láta Alþ. skipta fénu með lögum milli deildanna og heildarinnar, finnst mér allsendis óþörf ráðstöfun, því að eftir þeim undirtektum, sem mál þetta hefur fengið, þá er það vitað mál, að búnaðarsamböndin eru fús til að taka að sér innheimtu og greiðslu á því fé, sem þau telja nauðsynlegt fyrir starfsemi stéttarsambands bænda. Það er því eðlilegast, að tekjur búnaðarmálasjóðs gangi óskiptar til búnaðarsambandanna, en síðar verði svo ákveðið, hvað mikið fé skuli lagt til stéttarsambandsins.

Samkvæmt lögunum, eins og þau eru nú, er það lagt undir stjórn Búnaðarfélags Íslands að skipta fénu á milli sambandanna, eftir þeim ákveðnu og föstu reglum, að hvert samband fái það fé, sem innheimt er á svæði þess. Þetta eðlilega og rétta form ætti að vera hvatning til forráðamanna hvers sambands að koma betri skipan á innheimtuna en hingað til hefur verið. En það, sem farið er fram á með frv. og er megintilgangur þess, er, að þau búnaðarsambönd, sem meiri framleiðslu hafa, t. d. Búnaðarsamband Suðurlands og Búnaðarsamband Eyjafjarðar, borgi nokkurs konar skatt til hinna sambandanna, sem verr eru sett að þessu leyti. Þó að nokkur þörf sé á þessu fyrir smærri búnaðarsamböndin, þá finnst mér ekki sanngjarnt, að eitt eða tvö búnaðarsambönd séu skattlögð á þennan hátt til þess að styrkja hin smærri, því að sá styrkur á að koma í gegnum Búnaðarfélag Íslands eða ríkissjóð, en ekki á þennan hátt.

Það eru ýmsir, og þar á meðal margir í mínu héraði, sem vildu, að þessi l. yrðu algerlega úr gildi numin, því að það er ekki sanngjarnt að leggja slíkt gjald á afurðir bænda, því að það fer eftir því, hversu mikil framleiðslan er, en að öðru leyti ekki eftir efnahagnum. Menn ættu að vera þess minnugir, að ekki er langt síðan halli var á öllum rekstri, bæði landbúnaði og sjávarútvegi, og við getum búizt við, að þeir tímar komi enn, og þá verður þess meiri halli, sem framleiðslan verður meiri, og gjarnan hafa það verið skuldugustu mennirnir, sem í mest hafa ráðizt.

Ég skal svo ekki að sinni fara fleiri orðum um þetta, en vil ítreka það, að við í minni hl. n. leggjum áherzlu á, að dagskrá okkar verði samþ., því að okkur er það ljóst, að engin trygging er fyrir því, að nokkru réttlátari skipting fáist milli þessara félagssamtaka, sem hlut eiga að máli, með því að fara að lögbjóða það, því að eðlilegt er, að þegar um er að ræða samtök slík sem samtök bænda, þá séu þau frjáls með að ákveða tillögin, og engin ástæða er til að ætla annað en að bændur muni fúsir að leggja stéttarsamtökum bænda fé, ef þeir finna, að gagn er að þeim félagsskap. — Ég skal svo ekki fara inn á, hvernig sá félagskapur hefur verið rekinn, en legg áherzlu á, að málið verði afgreitt eins og við í minni hl. n. leggjum til, enda er það í samræmi við það, sem áður var. Ég hygg, að það sé hinn mesti óþarfi að vera að hafa þetta mál sem stórdeilumál ár eftir ár.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. þm. A-Húnv., en ég vil minnast á eitt atriði í henni. Hv. þm. sagði, að verið væri að svíkjast um að greiða það fé til búnaðarsambandanna, sem þeim bæri lögum samkvæmt, og innheimtan á fénu væri í mjög slæmu lagi. Ég veit ekki til, að innheimtan 1946 hafi verið neitt öðruvísi en 1947, og því engu verri. Hitt er svo annað, að menn hafa viljað skilja sum ákvæði l. um búnaðarmálasjóð misjafnlega. Ég hef athugað ágreining út af þessu, og ég verð að viðurkenna, að mér finnst vafasamt, á hvern hátt eigi að skýra sum ákvæðin. Hitt, að verið sé að svíkjast um að greiða fé það, sem tilskilið er, er mesti misskilningur. Það, að ekki er enn búið að greiða úr sjóðnum til búnaðarsambandanna, stafar af því, að varla er búið að innheimta allt féð. Og þar sem reikningsskil ganga svo seint, og ekki er vitað með vissu, hvað tekjur sjóðsins verða miklar, þá er ekki hægt að skipta fénu nákvæmlega strax. Hins vegar var farið fram á, að eitt búnaðarsamband fengi nokkra fúlgu af því fé, sem það kemur til með að eiga rétt á, og var það veitt. Og strax eftir að sýnt er, hversu tekjur sjóðsins verða miklar, hefst skiptingin.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi taka fram í sambandi við ræðu hv. þm. A-Húnv.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. n. með fyrirvara.

Ég hef áður verið því andstæður, að Alþingi hefði afskipti af innheimtu gjalda til stéttarfélaga. Fyrir nokkrum árum var flutt frv. þess efnis, að ⅛% af útfluttum sjávarafurðum skyldi renna til Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Ég gat þess þá, að ef þetta yrði samþ., þá kæmu

fleiri á eftir með slíkt. Það reyndist samt svo, að frv. flaug í gegnum þingið, og var mér þá ljóst, að þetta mundi draga dilk á eftir sér. Þegar svo búnaðarmálasjóðsfrv. kom fram nú, ákvað meiri hl. n. að spyrjast fyrir um það hjá samböndunum, hver væri vilji þeirra um afgreiðslu þess. Þegar svo svörin komu, fannst mér skylt að taka þau til athugunar. Ég hef samt ekki fallizt á skoðun þeirra, og þess vegna hef ég skrifað undir álit meiri hl. n. með fyrirvara.

Ég vil benda á það, að afleiðingin af þessum lagasetningum er sú, að ekki er lengur hægt að neita neinu stéttarfélagi um innheimtu gjalda til starfsemi þess, ef það á annað borð eru möguleikar fyrir hendi. Nú er komið út á þá braut, að annaðhvort verður að taka hér í taumana og neita þessu eða þá að verða við óskum allra, sem um það kunna að biðja. Búnaðarsamböndin mæltu öll með frv. því, sem hér liggur fyrir, að undanteknum 3 mönnum, og má segja, að til þess ætti að taka tillit.

Að síðustu vil ég taka það fram, að hvað snertir skiptingu upphæðarinnar, sem til sambandanna rennur, þá finnst mér rétt, að hún sé í samræmi við það, sem innheimt er á hverju svæði.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú nokkrum sinnum verið til umr. hér á Alþ., og þeir menn, sem til þess hafa stofnað, hafa nú rekið sig á, að skoðun þeirra er röng, og hafa þeir því mjög orðið að lækka seglin, og mun ég nú víkja nokkuð að því. Það eru nú liðin tvö ár síðan tveir hv. þm. héðan úr d., þeir hv. 1. þm. S-M. og hv. 1. þm. Skagf., komu til fundarhalda norður í Þingeyjarsýslu til þess að sannfæra bændur um það, að það væru svik við þá, ef nokkru af fé búnaðarmálasjóðs væri varið öðruvísi en Stéttarsamband bænda vildi ráðstafa því. Það hefði þótt einkennilegt norður í Þingeyjarsýslu, að hv. 1. þm. Skagf. ætti að gera helmingaskipti við sannleikann. Þetta var ekki annað en viðurkenning á skoðun okkar, sem höfðum gagnrýnt skipulag þetta. Ég tel það stuðning við málið, að hv. 1. þm. Skagf., sem gerði sér langa ferð til að sannfæra sýslunga okkar beggja, hefur nú vikið af fundi og hefur sennilegast komizt að raun um, að ekki er auðgert að halda fram málstað sínum. Eins og löggjafinn ber fram þessa breyt., er hún fordæmalaus, þar til fiskábyrgðin í fyrra kom til sögunnar. Og þótt ótrúlegt sé, hefur hæstv. landbrh. fengið stuðning í sambandi við hættulegustu og heimskulegustu löggjöf, sem gerð hefur verið á þinginu og er Alþ. til skammar og háðungar. Það er vel, að hæstv. landbrh. fylgir málinu á undanhaldinu, sem lýkur ekki fyrr en þessi sneypa hefur með öllu verið afnumin. Þessi löggjöf er án fordæmis meðal siðaðra þjóða. Þegar verkalýðssinnum tókst að koma á hinum illa undirbúnu orlofsl., til þess að fólk í kaupstöðunum gæti létt sér upp og skemmt sér, sem hvílir að nokkru á atvinnurekendum, vildu fulltrúar bænda úr Framsfl. og Sjálfstfl., að bændur fengju nokkuð á við kaupstaðafólkið. Og er ekkert nema gott um það að segja, að þeir menn, sem stunda framleiðslu í sveitunum, fái tækifæri til að létta sér dálitið upp. En þessu var illa tekið af forsprökkum bæjarmanna og allar till., sem fram komu um réttlæti á þessu sviði, voru umsvifalaust brotnar á bak aftur. Og mátti nú glögglega sjá, að þungamiðja þjóðfélagsins var flutt úr sveitunum til kaupstaðanna. Með þessari afstöðu kaupstaðabúa var framið réttarbrot á sveitafólkinu, þar eð það hafði að sjálfsögðu sama rétt til hvíldar og skemmtana og þeir, sem í bæjunum búa. Þá komu málsvarar bænda, þar á meðal hv. þm. Str., fram með þá till., að greiddar skyldu úr ríkissjóði 10 kr. til hvers sveitaheimilis, er varið skyldi til skemmtiferða. En þetta fékkst heldur ekki. Á þessum tíma er metnaður sveitanna orðinn svo lítill, að farið er fram á 10 kr. styrk úr ríkissjóði til skemmtiferða sveitafólks. Þegar þetta er borið saman við orlofslögin, sést glögglega, hversu lágt er lagzt. Búnaðarfélagsforkólfarnir og hæstv. landbrh. hafa ekki staðið fyrir máli sínu, og lætur nú hæstv. ráðh. auðan stól eftir til að verja miklar sakir og litlar afsakanir. Það er honum sjálfum að kenna, að hann leggur á flótta, og get ég því ekki hlíft honum, þótt hann ætlist ef til vill til þess með fjarveru sinni. — 10 kr. aðgerð hv. þm. Str. er táknræn fyrir alla meðferð málsins. Það er svo mikil þolinmæði og auðmýking og svo mikil þolinmæði í því að taka við neitun meiri hluta þm., að furðu sætir. Og þetta þurfa fulltrúar á búnaðarþingi við að stríða. Bændur, sem áður voru í meiri hluta, en eru nú í minni hluta, biðja meiri hlutann að reyta til sín peninga, sem þeir eiga raunar sjálfir. Bændur geta ekki leitað til þess aðila og beðið um hjálp, sem hefur sýnt sig að því að bera ekki of mikla virðingu fyrir bændum, hinna sömu manna, sem vildu ekki láta þá hafa orlof og ekki einu sinni 10 krónurnar og gætu kippt í strenginn, þegar þeim þætti miður við bændur. Ógæfa bænda liggur í því, að þeir þurfa að fara beiningaleið að þeim mönnum, sem eru þeim ekki of hliðhollir, og fá þá til að innheimta þessi gjöld fyrir sig.

Ég hét Ólafi Jónssyni, formanni Ræktunarfélags Norðurlands, verðlaunum í hittiðfyrra, ef hann gæti nefnt dæmi þess í frjálsu landi, að stéttarfélag léti ríkisstj. innheimta félagsgjöld sín. Hann gat ekkert dæmi fundið, sem varla er von, því að þetta er fordæmislaus vitleysa.

Hv. 1. þm. Skagf. og hæstv. landbrh. og hv. 2. þm. Skagf., sem einnig hefur látið flækja sig í þetta mál, hafa nú séð sinn kost vænstan í því að flýja út úr d., en það bjargar ekkert við máli þeirra, er var og verður ranglátt, en ég vil láta koma fram í Alþt., hversu rökþrota þeir eru og flæktir. Ólafur Jónsson á Akureyri sá, að hann gat ekki bjargað málinu við. Eftir að búið var að neita um réttlátan styrk til skemmtiferða og eftir að búið var að neita um 10 krónurnar, fundu forráðamenn búnaðarmálanna það upp, að við skyldum biðja bæjarmeirihlutann að leggja bönd á okkur sjálfa fyrir okkur sjálfa. Og þeir gerðu það. Þeir lögðu skatt á bændur, til þess að bændur gætu skemmt

sér. Hv. þm. A-Húnv. tók það fram, að bygging gistihúss hér í bæ væri bændum nauðsynleg. Þetta er rétt, en eðlilegast væri þá að leggja á landsskatt. Bændur hafa sýnt, að þeir geta leyst þetta vandamál. T. d. hafa bændur í Eyjafirði reist myndarlegt gistihús á Akureyri fyrir sina eigin peninga og þannig leyst gistihúsvandræðin á Akureyri. Víðar um land hafa kaupfélögin leyst þetta vandamál, þótt í smærri stíl sé. Eins hefðu kaupfélögin getað gert hér í gegnum S. Í. S., fyrst samvinnufélögin gátu leyst þetta vandamál víðs vegar um land. En þeim datt ekki í hug, að þeir gætu gert það sama hér og eyfirzkir bændur gerðu norður á Akureyri. Í Danmörku hafa danskir samvinnumenn byggt gistihús, Grundtvigshúsið í Khöfn, vistlegt og gott gistihús, þar sem bændur, sem til borgarinnar koma, geta fengið kjarngóða og heilsusamlega fæðu eins og þeir voru vanir heima. En hér gáfust bændasamtökin upp við að koma upp gistihúsi, þótt sýnt væri á einum stað og tveimur stöðum í smærri stíl hér á landi, að slíkt væri hægt. Þeir gáfust því upp við það, en hugðust skattleggja bændur til þess að koma þessu í framkvæmd. Búnaðarfélagsforkólfarnir vantreystu þannig bændum, þótt þeir hefðu sýnt, að þeir væru þessum vanda vaxnir, ef þeir fengju sjálfir að ráða, og höfðu á einum stað í stórum stíl og tveimur stöðum að nokkru leyti leyst hið vandasama hótelspursmál.

Búnaðarleiðtogarnir í Sjálfstfl. og Framsfl. höfðu staðið saman á stríðsárunum til að tryggja eðlilegt verð á landbúnaðarvörum. Samtök þessi voru nefnd „tvennir fjórtán“, þ. e. 14 framsóknarmenn og 14 sjálfstæðismenn. Í stríðsbyrjun, þegar Bretar tóku að draga fólk úr sveitunum til sjávarsíðunnar, gengust þessi samtök fyrir því, að nokkuð af því mikla fjármagni, sem aflaðist við sjávarsíðuna, væri látið í sjóð. Þessi samtök „tvennir fjórtán“, sem ég átti nokkurn hlut að með hv. þm. Borgf., tókust vel. En þá kom annað til sögunnar, sem ekki var eins heppilegt fyrir bændur. Það gerðist haustið 1944, að búnaðarþing var kvatt saman skyndilega til að ráða fram úr stjórnarmyndun, og var þetta furðuleg ráðstöfun. Og í Morgunblaðinu, sem er málinu kunnugt, er sagt, að leiðtogar Framsfl. og Sjálfstfl., þar á meðal formenn þeirra, Hermann Jónasson og Ólafur Thors, hafi farið fram á það við sína menn í stjórn Búnaðarfélagsins, að þeir reyndu að leysa vandamálið. Og strax nokkrum vikum fyrir lýðveldisstofnunina var hafizt handa að mynda stjórn. Reynt var að fá kommúnista með í þessa stjórn og var svipað því eins og á dansleik, þegar piltarnir keppast um að ná í fallegustu dömuna. Eins var nú rauða daman eftirsótt af borgaraflokkunum. En rauða daman hélt áfram að vera treg allt sumarið 1944 og neita dansinum. Hinir stóðu þungbúnir, og undir haust andvörpuðu forkólfar Framsfl. og Sjálfstfl. þunglega og sáu, að nú var ekki um annað að gera en hafa dansinn nokkuð öðruvísi en þeir höfðu ætlað í fyrstu. — Svo virðist sem þessi frásögn Morgunblaðsins sé sönn. A. m. k. hefur henni aldrei verið hnekkt. Búnaðarfélagsstjórnin hefur heimtað þetta, og þótt misráðið hafi verið, hefur bæði henni og Búnaðarfélaginu gengið gott til.

Hv. þm. Borgf. var ljúft að mynda stjórn án kommúnista, eins og síðar kom fram. Stjórn Búnaðarfélagsins þótti mikils um vert, að samstarf tækist og framhald yrði á stefnu hinna „tvennu fjórtán“. Búnaðarþingsfulltrúar voru nú kallaðir til Rvíkur, og vitað er, að fulltrúar tveggja flokka, Sjálfstfl. og Framsfl., fullyrtu, að ákveðið væri að mynda stjórn, sem þessir tveir flokkar ættu sæti í. Hvort Alþfl. átti að vera með, er ekki vitað. Markmið hinnar nýju stjórnar var að lækka dýrtíðina, og var því farið fram á það við búnaðarþingsfulltrúana, að þeir gæfu eftir uppbót til bænda, sem það ár átti að vera á 9. millj. samkvæmt áliti 6 manna n. Þessi upphæð var að vísu nokkuð stór, en því var haldið fram, að þessi meiri hluti ætlaði að lækka dýrtíðina, og ef bændur riðu á vaðið í þessum efnum, mundu aðrir koma á eftir. Og hvernig var svo gengið frá þessu máli? Bændur voru þarna gabbaðir af þeim mönnum, sem þeir treystu. Ef bændur hefðu þarna verið að semja við júrista, mundu þeir hafa haft þetta skriflegt. En sveitamenn eru vanir að treysta hver öðrum, og svo var einnig í þetta sinn. Þótt bændur hafi um 1000 ára skeið haldið uppi sjálfstæðri menningu, þá tapa þeir, er þeir koma á leikvöll með kaupstaðarbúum. Það er notað sem nokkurs konar skammaryrði um bændur, hve auðgert sé að leika á þá. Kaupstaðamenn, sem eru á ferð uppi í sveit, eru algerir viðvaningar í því að fara með hesta. Eins er það, þegar sveitamenn koma á leikvang kaupstaðabúa. Þá eru þeir algerir viðvaningar, og svo reyndist í þessu máli, sem eru hinar stórkostlegustu bændaveiðar, sem saga vor getur um.

Og það var meira að segja komið svo langt, að talað var um, hver ætti að verða atvmrh., og það var einn af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands. En þegar svo átti að fá fastan grundvöll í málinu, þá var öllu frestað. En svo kemur rauða daman og var ekki alveg óvinnandi. Hún hafði haldið biðlunum frá sér allt sumarið. En kommúnistar vissu, hvað þeir vildu. Þeir vildu koma á stjórn undir haustið og leika þannig á bændur, og til þess ætluðu þeir að fara að eins og þeir reyndar gerðu. Og þegar búið er að kalla búnaðarþingið saman og búið að lýsa yfir hér, að þeir sætti sig við að falla frá þeim eina rétta grundvelli, sem byggður var á sexmannanefndarálitinu, — þegar þar er komið sögu, fer eins og stormsveipur gegnum hið pólitiska loft, því að þá koma kommúnistar til form. Sjálfstfl. og segja, að það sé síður en svo, að þeir hafi á móti því að vinna með honum, og að hann sé einmitt maðurinn, sem þeir hafi alltaf verið að hugsa um, og einmitt með því að mynda með honum ríkisstj., þá sé hægt að stjórna landinu vel. Eftir að hafa þurft að vera svona lengi á biðilsbuxunum vegna hinna tveggja flokka, þá var nú vandi vel boðnu að neita. Þeir, sem höfðu þarna mest barizt fyrir því að mynda þingræðisstjórn, fengu þarna tækifærið. Og endirinn varð því sá, að þriggja flokka stjórn var mynduð. En sá maður, sem sat nú eftir með

sárt ennið, var form. Framsfl. Og hvernig sem það atvikaðist, þá á það kannske við þarna í þessum pólitíska leik, sem Einar Benediktsson sagði: „Sekur er sá einn, er tapar".

Annar eftirminnilegur þáttur er það, þegar bændur voru fengnir til þess að gefa eftir þessa peninga. Þá skrifuðu þessir tveir menn, form. Framsfl. og Sjálfstfl., tvær greinar. Þær voru svo áþekkar, að þær gætu hafa verið skrifaðar í sama herberginu. Þeir gætu hafa haft sama uppkastið. Þeir þökkuðu bændum landsins fyrir þennan drengskap og þjóðarhollustu, sem þeir hefðu sýnt með því að ganga á undan með góðu eftirdæmi og gera ekki eigingjarnar kröfur. En þrátt fyrir það mikla þakklæti þá risu bændur í einum landshluta upp á móti þessum aðgerðum, og mun þeim hafa tekizt að fá eitthvað lítils háttar af þeim peningum, sem þeir áttu að fá. Ég vil ekki eyðileggja matmálstíma hv. þm., en aðeins þetta, að eftir að sunnlenzkir bændur sáu, að þeir höfðu verið þarna verulega sviknir, vildu þeir gera eitthvað í málinu. Ég tók mig fram um það, af því að ég var ekki við þessa samningsgerð, að boða til fundar á Selfossi og bjóða þessum forkólfum Framsfl. og Sjálfstfl. að mæta þar. En af því að þarna var þá sýnilega um stjórnarmyndun að ræða, og kannske annar þeirra líklegur til þess að verða forsrh., þótti forráðamönnum útvarpsins rétt að láta ekki tilkynninguna um fundinn fara gegnum útvarpið, nema þeir fengju um það að vita. En hv. þm. Str. misnotaði aðstöðu sína þarna, því að þegar hann fékk að vita um þennan umræðufund, sem boðaður hafði verið í samráði við bændur, þá fékk hann útvarpið til þess að skjóta inn í auglýsingu um fundi, sem hann ætlaði að halda. Þarna var ekki aðeins um misnot á ríkisútvarpinu að ræða, heldur líka gerð tilraun til þess að eyðileggja samtök bænda.

Ég ætla nú að enda ræðu mína á þessu stigi, þegar búið er að leika á bændur á þennan hátt. Það er búið að fá þá til þess að gefa eftir stórar fjárhæðir, en hvergi hefur átt sér stað lækkun, heldur hækkun, en það hefur ekki tekizt að þagga niður óánægju meðal þeirra, og bændur á Suðurlandi hafa gert uppreisn. — [Fundarhlé].

Ingólfur Jónsson: Með stofnun búnaðarmálasjóðs er lagt til, að ½% gjald sé tekið af allri innlendri framleiðslu og lagt í sjóð, sem nefnist búnaðarmálasjóður. Eins og l. eru nú, er gert ráð fyrir, að þetta gjald sé innheimt af Búnaðarbanka Íslands og því úthlutað til búnaðarsambandanna í réttu hlutfalli við framleiðslumagn þeirra. Ég er einn af þeim, sem hafa talið, að þetta fyrirkomulag væri það heppilegasta fyrir bændastéttina og með því að búnaðarsamböndin fengju féð til ráðstöfunar, væri bezt trygging fengið fyrir því, að fénu yrði varið til nauðsynlegra framkvæmda í þágu bændasamtakanna. Með því að aðalfundur búnaðarsambandanna hefur ákvörðunarrétt um það, hvernig fénu er varið, þá er það sú bezta lausn, sem hægt er að fá, til þess að fénu verði varið á sem hagnýtastan hátt. Það er kunnugt, að búnaðarsamböndin hafa ekki haft fé til nauðsynlegra framkvæmda og hafa þess vegna mörg þeirra í síðustu fjárhagsáætlun, fyrir árið 1947, byggt á því að fá fé úr búnaðarmálasjóði til ýmiss konar nauðsynlegra framkvæmda innan sambandanna. Þess vegna hefur nú við síðustu áramót eitt búnaðarsambandið komizt í vandræði vegna þess, að því hefur ekki tekizt að fá neitt úr búnaðarmálasjóði, enda þótt það ætti lögum samkvæmt þar inni fleiri tugi þúsunda. Það var ekki fyrr en í febrúarmánuði, að þessu búnaðarsambandi tókst að fá nokkurt fé úr sjóðnum, 60000 kr., með samþykki hæstv. landbrh. Ég skal segja það til lofs hæstv. landbrh., að hann veitti leyfi til þess, að Búnaðarsamband Suðurlands fengi þetta fé, af því að leikar stóðu þannig, að hann hafði vald til þess að stöðva greiðslu úr sjóðnum, og þess vegna mun hann halda, að hann hafi verið að gera eitthvert sérstakt góðverk. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að hæstv. landbrh. hafi ekkert vald til að fyrirskipa Búnaðarbankanum að greiða ekki úr sjóðnum, vegna þess að lögum samkvæmt ættu búnaðarsamböndin kröfu á því að fá þetta fé. Eina búnaðarsambandið á öllu landinu, sem nokkurt fé hefur fengið, mun vera Búnaðarsamband Suðurlands, 60000 kr., sem greiddar voru í febrúarmánuði s. l., og því er ekki að undra, þó að búnaðarsamböndin séu ekki í dag búin að átta sig á því, hvers virði það er fyrir þau, að l. um búnaðarmálasjóð eru eins og þau raunverulega eru. Mér er kunnugt um, að það hefur verið hafinn töluverður áróður víðs vegar um landið og því dreift út meðal bænda, að það sé vafasamt, að þeir fái nokkurn tíma greiðslu úr sjóðnum, a. m. k. ekki fyrr en l. hafi verið breytt. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að þau væru í nokkrum vafa, þegar komið var til þeirra fyrir skömmu og leitað eftir umsögn þeirra um það, hvort þau gætu fallizt á að samþ. yrði frv. til l. um búnaðarmálasjóð eins og það liggur nú fyrir. Það er ekkert undarlegt, eftir að ráðamenn sjóðsins og margir forráðamenn búnaðarsamtakanna hafa reynt að telja bændum og stjórnum búnaðarsamtakanna trú um, að ekki yrði greitt fé úr búnaðarmálasjóði fyrr en búið væri að breyta lögunum.

Hér liggja fyrir tvö nál., frá meiri hl. og minni hl. Ég harma það, að í nál. meiri hl. er ekki farið með rétt mál. Ég harma það vegna þess, að hv. frsm. meiri hl. er frá mínu sjónarmiði það vandaður maður, að ég hélt, að það væri óhætt að trúa honum til að fara rétt með. En í nál. meiri hl. er sagt:

„N. hafa nú borizt svör frá öllum búnaðarsamböndunum, 14 að tölu, þar sem stjórnir allra sambandanna lýsa yfir fylgi sínu við frv. og mæla með því, að það verði samþ. Tveir stjórnarnefndarmenn, sinn í hvoru sambandi, lýsa þó yfir andstöðu við frv."

Hér er ekki farið rétt með. Ég hef ekki séð þessar umsagnir allar, en ég hef séð eina. Ég hef séð afrit af svari stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands, og það er ekki í samræmi við þetta. Svarið er ákveðið og skýrt, og stjórnin er öll sammála. Í þessu afriti, sem ég sá, segir eitthvað á þá leið, að stjórn Búnaðarsambands Suðurlands geti eftir atvikum fallizt á sam-

þykkt frv. um búnaðarmálasjóð eins og það nú er, enda verði þeim helming fjárins, sem ekki gengur til hreppabúnaðarsambandanna, skipt eftir framleiðslumagni búnaðarsambandanna.

M. ö. o., það er sett það skilyrði fyrir samþykkt frv. frá hendi stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands, að skiptingin á þeim helmingi, sem gengi í hreppabúnaðarsamböndin, verði gerð á sama hátt og nú er í l. Það eru þess vegna 5 stjórnarnefndarmenn í stjórn Búnaðarsambands Suðurlands, sem eru á móti frv. eins og það er nú, og ég harma, að meiri hl. skuli hafa gleymt að geta um það, en segja aðeins, að 2 stjórnarnefndarmenn, sinn úr hvoru sambandi, mæli á móti frv. Er það ekki vandlega farið með heimildir, þar sem þetta er stærsta búnaðarsamband á landinu. Og fyrst gleymt er að geta um umsögn stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands, þá er ekki ábyggilegt, að umsagnir hinna 13 búnaðarsambandanna, sem hér er talað um, séu heldur réttar, og væri fróðlegt að fá að sjá þessi svör, og væri rétt að birta þau. (JS: Þau eru til sýnis). Einhvers staðar á lestrarsal eða á skrifstofunni, en það verður þá að fletta þar upp og leita að því, ef á að lesa það.

Það er kunnugt, að þetta mál hefur verið mikið hita- og deilumál frá hendi ýmissa manna, og eins og ég sagði áðan, er þetta frv. komið fram sem bræðings- eða sáttatilraun, eins og reyndar hv. frsm. viðurkenndi áðan, en ekki til þess að bæta l. eða bæta undirstöðuna fyrir bændastéttina.

Því verður ekki neitað, að við, sem höfum barizt fyrir því að hafa l. um búnaðarmálasjóð eins og þau eru í dag, höfum unnið mikið á í því að geta snúið ýmsum þm., sem verst hafa látið, í hálfhring, en okkur hefur ekki tekizt enn að snúa þeim nema í hálfhring. Þess vegna er það sem þeir segja: Búnaðarsamböndin skulu fá helming. — Við segjum: Búnaðarsamböndin eiga að fá allt. — Í fyrra, þegar frv. um búnaðarmálasjóð var til umr., sögðu þessir menn: Búnaðarsamböndin eiga ekkert að fá. Búnaðarþing og stéttarsambandið eigi að hafa það allt til eigin ráðstöfunar. — Og raddir voru uppi á síðasta þingi um að verja þessu fé til hótelbyggingar. Þær voru ekki alveg kafnaðar, en voru farnar að lækka vegna þess, að það var sannað, að bændur úti um byggðir landsins vildu ekki láta skattleggja sig til þess að byggja hótel í Rvík. Bændur — og það munu fáir lá þeim það — vildu fyrst leggja áherzlu á að koma upp hjá sér hentugum og góðum íbúðum og góðum peningshúsum, áður en þeir færu að leggja í slíka byggingu. Þess vegna er það, að sú rödd, sem farin var að lækka á síðasta þingi og tala í hvíslingum um að nota nokkuð af þessu fé í hótelbyggingu, er nú algerlega þögnuð og þorir ekki að láta á sér bæra. Það verður að viðurkenna, að það er framför.

Um það að vilja nú láta búnaðarsamböndin hafa helming af fénu til eigin ráðstöfunar, en taka hinn helminginn handa Stéttarsambandi bænda, er það að segja, að ég tel þetta nokkurn vinning frá því, sem áður var, þegar taka átti allt af búnaðarsamböndunum og láta þau áfram vera félaus og sem sagt óstarfhæf. En ég tel nú, eins og fyrr, algerlega óþarft að lögfesta gjald af framleiðslu bænda til þess að afhenda stéttarsambandinu. Ég er enn þeirrar skoðunar, að Stéttarsamband bænda geti lifað og starfað fyrir bændastéttina með frjálsum framlögum frá bændunum sjálfum. En margir forustumenn bænda, t. d. þeir, sem stjórna Búnaðarfélagi Íslands, og aðrir, a. m. k. framsóknarmenn, hafa ekki svo mikið álit á bændastéttinni, að þeir telji óhætt að ætla bændunum það mikinn félagsþroska og víðsýni í baráttu fyrir sínum eigin hag, að þeir opni budduna til þess að leggja í sameiginlegan sjóð svo að stéttarsambandið verði starfhæft. Ég segi, að þessir menn hafi ekki það mikið traust á bændastéttinni, vegna þess að þeir hafa leitað aðstoðar Alþ. um innheimtu á þessu gjaldi handa stéttarsambandinu. Það hefur verið á það minnzt hér áður, og það með fullum rökum, að framsóknarmenn hafi oft litið bændastéttina mjög smáum augum. Enginn, sem liti á bændastéttina sem stétt þroskaðra manna, hefði látið sér til hugar koma að bera fram frv. til l. á Alþ. um það að fá 10 kr. í ferðasjóð handa hverjum bónda í landinu. Og ég er dálítið hissa á því, hvað bændur hafa lítið tekið þetta óstinnt upp, og ég er hissa á því, að það skuli ár eftir ár vera vegið í sama knérunn í þessum efnum. Það er vegið í sama knérunn, þegar barizt er fyrir því þing eftir þing að fá lögfest stéttargjald, sem byggt er á þeim forsendum, að ekki er hægt að innheimta það með frjálsu móti. Ég er ekki kunnugur bændum um allt land, en þó þekki ég bændur úr öllum landsfjórðungum, og þeir bændur, sem ég þekki, eru ekki með þeim hugsunarhætti, sem ætla mætti, að framsóknarmenn héldu, að þeir hefðu. Þeir bera ekki utan á sér þann smásálarskap og þann mannleysuhátt, sem ætla mætti, að framsóknarmenn teldu þá hafa. Og ég veit, að hér sunnanlands er engin hætta talin á því, að ekki sé hægt að innheimta stéttargjaldið af frjálsum vilja. Form. Búnaðarsambands Suðurlands hefur margsinnis lýst yfir, að hann sé reiðubúinn að innheimta frjáls framlög af öllum meðlimum Búnaðarsambands Suðurlands. Hann hefur margsinnis lýst yfir, að stjórn búnaðarsambandsins, eða meiri hl. hennar, telji engin vandræði að ákveða það á fundi sambandsins, hvað stéttargjaldið ætti að vera hátt, og innheimta það hjá bændunum sjálfum. Maður gæti þess vegna vonað, að allir þm. af Suðurlandi, sem hljóta að þekkja þennan sama hugsunarhátt eins og ég, teldu óþarft að leita til þingsins um aðstoð í þessu efni, en það hefur ekki verið því að heilsa.

Ég minntist á það áðan, að ég teldi rétt að hafa þá skiptingu, að búnaðarsamböndin fái helminginn af þessu fé og innheimtan yrði svipuð og hún er nú í l., enda þótt l. verði að breyta í það horf að láta stéttarsambandið fá helminginn.

Ég skal ekkert segja um það, hver niðurstaðan verður hér á þessu þingi, en ég hef heyrt eftir framsóknarmönnum, að nú væri svo komið, að þeir teldu, að málið væri tryggt og þeir fengju nú loksins sitt fram. Út af fyrir sig er ekki nema gott um það að segja, að stéttarsambandið hafi

fé til umráða. En eins og ég sagði áðan, þá tel ég, að hægt væri að tryggja nóg fé til umráða án þess, að lagasetning sé um það gerð.

Um stéttarsambandið hefur verið töluvert rætt, og framsóknarmenn hafa haldið því fram, að við, sem ekki höfum viljað tryggja því fé með l., værum andvígir þessu stéttarsambandi og vildum ekki, að það þrifist. Ég skal ekki vera að orðlengja um það hér eða reyna að afsanna það, enda þótt ég komist ekki hjá að taka það fram, að ég tel vel farið, að stéttarsambandið hefur verið myndað. Ég tel vel farið, að bændur myndi sinn stéttarfélagsskap, eins og verkamenn mynda verkalýðsfélög og Alþýðusamband Íslands. Hitt má svo deila um, hvernig þessu stéttarsambandi er stjórnað og hvort það gefi eins góða raun og ætla mætti. En það er ungt enn þá, og ég tel ekki sanngjarnt að gera þær kröfur til þess enn, að það geti fullnægt öllu því, sem bændur vildu kjósa. Ég tel, að það sé klaufaskapur fyrir bændur, ef stéttarsambandið getur ekki orðið þeim að gagni, og er það þá vegna þess, að forustan er ekki eins góð og nauðsynlegt er og eins og hún getur verið, ef hún er valin af frjálsum vilja og með það fyrir augum að láta stéttarsambandið gott af sér leiða fyrr hönd bændastéttarinnar. Hitt getur verið háskalegt og staðið starfseminni fyrir þrifum, ef farið væri að velja forustuna eftir pólitískum leiðum og gæta að því, hvaða pólitískt mark væri á þeim manni, sem til þess væri valinn.

Um það að skipta hinum helmingnum, ef búnaðarsamböndin eiga ekki að fá nema helminginn af fénu, eftir sömu leið og nú er gert, tel ég alveg sjálfsagt. En í frv., eins og það liggur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir, að búnaðarþing skipti milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra, þá finnst mér alveg fáránlegt að vera að tala um það, að búnaðarþing skuli skipta þessu fé. Í fyrsta lagi er það, að búnaðarþing kemur ekki saman nema annað hvert ár, og samkvæmt l. um Búnaðarfélag Íslands er það aðeins annað hvert ár, sem á að taka ákvörðun um það, hvernig skipta eigi fé búnaðarmálasjóðs. Þetta út af fyrir sig er nægilegt til þess, að menn hljóta að vera á móti því að búnaðarþing annist skiptinguna. Ég tel alveg óþarft að efna til deilna á búnaðarþingi í sambandi við þetta mál. En eins og l. gr. er, þá eru engar reglur um það, hvernig skipta skuli fénu. Búnaðarþing á eftir að koma sér saman um það, og svo er ætlazt til þess, að þeir 25 menn, sem sitja búnaðarþing, eyði dögum og vikum í það að koma sér saman um einhvern grundvöll til að skipta fénu, því að eftir því, sem einn framsóknarmaður sagði, er það ekki félagslegur þroski að fara eftir því, hvað héruðin leggja til af framleiðslu. Það má ómögulega láta héruðin fá sinn hlut aftur, það heitir skortur á félagslegum þroska á máli framsóknarmanna. Þeir ætlast hins vegar til, og þá væntanlega meiri hl. búnaðarþings líka, því að þar eru framsóknarmenn í meiri hluta, — þeir ætlast t. d. til þess, að hérað, sem leggur sjóðnum til 30 þús. kr., fái jafnmikinn hlut og hérað, sem leggur til 100 þús. kr. Þetta getur út af fyrir sig verið jafnaðarmennska, en getur þó hæglega orðið hreinasti ójöfnuður, ef fólksfjöldi á því svæði, sem leggur fram 100 þús. kr., er stórum meiri en á því svæði, sem leggur aðeins fram 30 þús. kr. Ég tel sjálfsagt, ef ekki verður komizt hjá því að samþykkja þetta frv. að einhverju leyti, að þá verði ákvæðin um skiptingu þess fjár, sem ekki gengur til stéttarsambandsins, látin vera í svipuðu formi og nú er, og flyt því brtt. við 1. gr. þess efnis. Eins og frv. nú er, hljóðar þetta þannig: „Búnaðarþing skiptir á milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra.“ En í brtt. minni er lagt til, að Búnaðarfélag Íslands skipti þessu í réttu hlutfalli við framleiðslumagn héraðanna. Þá eru gefnar ákveðnar línur um það, hvernig fénu skuli skipt, og komið í veg fyrir margs konar ranglæti, sem orðið gæti, ef búnaðarþing eða einhver annar aðili skiptu þessu af handahófi. Og ég tel, að ef 1. gr. verður samþ. að öðru leyti eins og hún er nú, þá verði mörg búnaðarsambönd skattlögð óeðlilega. Það má vera, að einhver tali um eigingirni eða þröngsýni af minni hálfu, þegar ég segi, að Búnaðarsamband Suðurlands leggi fram 120 þús. kr. Ef 1. gr. verður samþ. óbreytt, leggur Búnaðarsamband Suðurlands í fyrsta lagi fram 60 þús. kr. til stéttarsambandsins og í öðru lagi 60 þús. kr., sem búnaðarþing á að skipta, og gæti þá svo farið, að enn yrðu teknar a. m. k. 30 þús. kr. og fluttar í önnur héruð og Búnaðarsamband Suðurlands fengi aðeins um 30 þús. kr. af 120 þús. kr. framlagi. Mér er sama, hvort talað er um þröngsýni og eigingirni. Afstaða mín byggist á því, að ég veit, að bændur á þessu svæði standa ekkert betur fjárhagslega, og það er ekkert nema grobb að segja, að það sé félagslegur þroski að samþykkja þetta frv. Og það er ekkert annað en grobb að segja, að það sé skortur á félagslegum þroska að vilja standa að einhverju leyti með sínum mönnum í þessu máli. Verði 1. gr. samþ. með minni breyt., fær Búnaðarsamband Suðurlands 60 þús. kr. af sínu 120 þús. kr. framlagi endurgreiddar til eigin ráðstöfunar. — Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands segir í svari sínu til Alþingis: „Við getum eftir atvikum fallizt á, að frv. verði samþ., enda verði skiptingin á þeim hluta fjárins, sem ekki rennur til stéttarsambandsins, þannig, að héruðin fái endurgreitt í réttu hlutfalli við framleiðslumagn.“ Hv. frsm. gleymdi að geta þess, en mig undrar ekki, þótt stjórnin segi dræmt: „getum eftir atvikum fallizt á“. Það var ekki að ófyrirsynju, að hv. frsm. sagði, að frv. þetta væri sáttatilraun og málamiðlun. Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands segist geta fallizt á frv., en með því skilyrði, að hún fái helming fjárframlags síns til ráðstöfunar, en ekki ¼ eða ⅙, eins og orðið gæti, ef búnaðarþing ætti að skipta því. Mér er vel kunnugt, hvernig bændur á Suðurlandi líta á lögin um búnaðarmálasjóð. Mér er kunnugt, að þeir og bændur víða annars staðar vilja hafa lögin óbreytt, en það hefur verið haldið uppi látlausum pólitískum áróðri gegn l. og allt gert til að koma breyt. á þeim í gegn, áður en þau fengju að sýna sig í framkvæmd. Það óttuðust andstæðingar þeirra, og þess vegna er dregið að innheimta fé sjóðsins og greiða

samböndunum þeirra hlut. Og það var aðeins með tangarhaldi á hæstv. landbrh., að ég gat togað út úr honum þær 60 þús. kr., sem Búnaðarsamband Suðurlands átti. Hann, hæstv. landbrh., tók sér það vald að skipa svo fyrir, að búnaðarsamböndunum skyldi ekkert fé greitt, því að bændum var sagt af áróðursmönnunum, að þeir fengju engan pening fyrr en l. væri breytt. Með þessari aðferð er hægt að kalla fram samþykktir, sem eru raunverulega gegn vilja bænda. Og varðandi umsagnir búnaðarsambandanna í nál. á þskj. 439 hef ég sannað, að það er að miklu leyti rangt. Þar er Búnaðarsambandi Suðurlands sleppt, og þar sem stærsta búnaðarsambandsins er ekki getið, er hætt við, að rangt sé farið með fleira.

Ég ber brtt. mína fram til vara, ef dagskrártill. minni hl. n. verður felld, því að ég tel, að hún sé til mikilla bóta, þó að frv. verði samþ. að öðru leyti. Þess vegna ber ég hana fram í trausti þess, að a. m. k. sú leiðrétting fáist, ef útilokað er að fella frv. algerlega. Og ég mun greiða atkv. með dagskrártill., því að ég veit, að lögin eru bezt eins og þau eru nú. Og meiri hl. n. hefur raunar viðurkennt það með því að snúast í hálfhring inn á okkar mál með því að segja, að frv. sé flutt sem málamiðlun og sáttatilraun, en það er líka flutt í þeim tilgangi að gera þeim, sem biðu ósigur áður, léttara um vik og láta skömm þeirra ekki verða eins augljósa. Það hefur verið bent á, hvað fyrir ýmsum bændaleiðtogum vakti, þegar fyrst var talað um stofnun búnaðarmálasjóðs, og hvað þeir töldu nauðsynlegast að gera við féð. Það eru ekki mörg ár síðan, ég held það hafi verið árið 1945, að ýmsir forustumenn bænda töluðu hátt um það, að nota ætti féð til að byggja fyrir hótel hér í Rvík. En það hefur farið svo með þann málstað eins og málstað þeirra, sem nú vilja breyta l., að þeir hafa fallið á eigin bragði. Þeir eru nú hættir að tala um hótelbygginguna, og eins og þeir eru nú hættir því og bændur hafa fært þeim heim sanninn um, að það væri rangt að verja fé þeirra til hótelbyggingar, meðan þeir sjálfir bjuggu við ófullkomin húsakynni, þá hafa þeir sömu menn, sem héldu fram hótelbyggingunni, fallið fyrir rökum okkar í búnaðarmálasjóðsmálinu, um leið og þeir snúast nú í hálfhring og stanza á miðri leið, til þess að þeir verði ekki eins berir að því að hafa haldið fram röngum málstað.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta öllu meira að svo stöddu. Vera má, að hv. frsm. eða aðrir talsmenn þessa frv. hafi svo eitthvað frekar fram að bera og gefi tilefni til lengri umr. En talandi vottur um hinn slæma málstað þeirra og kjarkleysi er það, að þeir hafa nú flestir kosið að vera ekki við umr., en hafa farið inn í ráðherraherbergið og lokað að sér. Hv. frsm. sýnir þó þann manndóm að vera við umr., og verð ég að segja, að hann tekur hinum langt fram.

Ég mun greiða dagskrártill. minni hl. atkv., en verði hún felld, ber ég fram brtt. mína, sem ég hef lýst, því að hún lagfærir mjög það ranglæti, sem með þessu frv. á að fremja gegn bændastétt landsins.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég tel rétt, að þetta frv. fari ekki svo í gegnum hv. þd., að ég segi ekki um það nokkur orð, þar sem ég er annar í minni hl. landbn. ásamt hv. þm. A-Húnv. Þetta mál hefur orðið eins konar fylgifé þingsins síðan það kom hér fyrst fram, en það var, eins og tekið var fram af hv. frsm. minni hl., nokkurs konar afleiðing af orlofslögunum. Það er athyglisvert með orlofsl., að áður en þau voru sett, var orlofið orðið að föstum samningi milli verkamanna og atvinnurekenda, en þegar þetta mál kom fram, fannst fulltrúum einnar stéttar, bændanna, að þeir væru eitthvað settir hjá, en hins vegar voru menn alls ekki á einu máli um, til hvers féð ætti að nota. Ég hef áður bent á, að það er hættuleg leið, að gjöld í einhverjum félagsskap skuli vera lögboðin. Ég hafði þá reynslu, að ég vissi, að það var betra að vera búinn að ákveða, hvað gera skyldi með félagsgjöldin áður en þau væru lögfest. En um það hefur verið sífelldur skoðanamunur og ýmist orðið ofan á. Fyrst áttu gjöldin að renna til Búnaðarfélags Íslands, síðan til stéttarsambandsins, og 1946 var svo ákveðið, að þau rynnu til búnaðarsambandanna, en þau skorti fé til ýmiss konar uppbyggingar, og virtist þá málið komið í höfn, þannig að bændur sjálfir ættu að fá féð til sinna nota. En nú er borin fram breyting á þessu, og ég verð að segja, að ég skil ekki þessa félagsuppbyggingu. Ég veit ekki betur en búnaðarsamböndin kjósi stéttarsambandsfulltrúana, þannig að stéttarsambandið virðist sambærilegt við Alþýðusambandið, en samböndin við verkalýðsfélögin. Og úr því að Búnaðarfélagið mátti ekki hafa féð, hvers vegna geta þá samböndin nú ekki fengið að skipta því? Og eru þetta ekki allt sömu mennirnir, í búnaðarsamböndunum, stéttarsambandinu og Búnaðarfélagi Íslands? Ég álít ekki heppilegt, að félagsgjöldin séu lögboðin, enda er sú hugmynd ekki runnin frá bændunum sjálfum, heldur er hugmyndin fram komin meðal alþm., að allt skuli vera lögboðið. En þannig verður enginn virkilegur félagsskapur byggður upp. Vegna þess, að þetta er félagslega röng aðferð og nær ekki tilgangi sínum, þá vona ég, að dagskrártill. okkar í minni hl. n. verði samþ., því að það er betra fyrir bændastéttina en að samþykkja það frv., sem hér er á dagskrá.

Forseti (StgrSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Rang. og hv. 2. þm. Eyf., sem hv. 2. þm. Rang. hefur lýst, þess efnis, að í 1. gr. komi „Búnaðarfélag Íslands“ í stað „búnaðarþing“.

Það þarf tvöföld afbrigði, og vil ég leyfa mér að spyrja hv. þdm., hvort þeir vilja veita þau.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 524) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja, hvort hæstv. landbrh. geti ekki verið viðstaddur umr., sem snerta svo mjög hans starf. Ég vil leyfa mér að óska þess, að fundi verði frestað, ef hann getur það ekki.

Forseti (StgrSt): Ég skal láta athuga, hvort hæstv. landbrh. er við, en umr. verður haldið áfram.

Jónas Jónsson: Ég á erfitt með að skilja, að málið verði rætt, án þess að hæstv. ráðh. sé við. Auk þess óska ég að fá skýringu á því, hvort ekki er litið á ræðu mína áður sem fyrri part ræðu. Ég lít svo á.

Forseti (StgrSt): Eins og ég sagði áður, skal ég láta athuga, hvort hæstv. ráðh. er við. Um hitt atriðið get ég ekki dæmt. Hæstv. aðalforseti verður að skera úr um það.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég hefði að vísu helzt óskað að fá úr því skorið, hvort hér á að víkja frá venju, en það kemur ekki beint við mig, hvort vikið er út frá reglunum, og get ég því byrjað og sagt það, sem ég þarf að segja.

Það hefur verið fátt sagt af hálfu fylgismanna frv., en þó hefur ýmislegt komið fram, sem ástæða er til að víkja að. Hæstv. atvmrh. sagði nokkur orð næst á eftir mér, sem eru eftirtektarverð og snerta aðalkjarna málsins, eins og búið er að reka það af þeim, er valdið hafa. Hæstv. ráðh. sagði að vísu, að gjaldið hefði innheimzt sæmilega, en að enn væri ekki allt komið inn fyrir árið 1946. Innheimtan er því ekki í betra lagi, eins og ég þóttist sjá, er ég fékk skýrslu þessu viðvíkjandi frá Búnaðarbankanum. Þetta kemur manni heldur ekki á óvart, því að það er kunnugt, að sumir sýslumenn hafa ekki fengið fyrirmæli um það enn að innheimta gjaldið 1947. Þetta er því sönnun fyrir því, sem ég sagði, og kemur fram í nál. minni hl., að það hefur verið svikizt um að borga gjöldin til búnaðarsambandanna. Svo eru stjórnir þeirra kúgaðar til þess að ganga inn á breyt., er felst í frv., og þær hafa gert það í þeirri von, að þá muni þær að minnsta kosti fá eitthvað. Þarna er rótin. Meðal þeirra, sem gengizt hafa inn á þetta, eru menn, sem raunverulega eru harðir á því að hafa l. eins og þau eru nú. Það kom líka fram í ræðu hv. 2. þm. Rang., að hann hefði orðið að ganga hart að og toga með töngum 60 þús. kr. út úr Búnaðarbankanum fyrir búnaðarsamband, sem á að fá 100 þús. kr. á ári. Það er þessi eini hv. þm., sem hefur sýnt þann manndóm að herja þetta út, þrátt fyrir tregðu.

Hv. þm. V-Ísf., sem nú er mér til raunar í meiri hl. landbn., sagði hér nokkur orð og færði orsakir fyrir því, hvers vegna hann hefði nú tekið öðruvísi á málinu. Eins og vænta mátti, hafði hann um það hófleg orð, en mér þykja ástæðurnar undarlegar. Ég þykist vita, að hv. þm. hafa ekki grunað, af hverju samböndin svöruðu svona eindregið.

En það var annað, sem mestu máli skipti og hafði mest áhrif. Á síðasta þingi var það samþ. að veita Landssambandi íslenzkra útvegsmanna ákveðið prósentugjald af útfluttum fiski til starfsemi félagsins. Hv. þm. V-Ísf. lýsti því yfir, að hann hefði verið þessu andvígur, og það var ég líka, og að hann hefði séð fram á það, að þetta væri upphafið að því, að önnur stéttarfélög fengju sömu réttindi, Af hverju vill hann þá slá undan nú, þótt hann álíti þetta rangt, því að mér er kunnugt um það, að hv. þm. skilur vel, hvað hér er á ferðinni? Hann er ekki þeirrar skoðunar, að stéttarfélagsgjöld eigi að innheimtast með l. En mér virðist aðferðin sú, að af því að það var gerð vitleysa í fyrra, hvað útvegsmennina snertir, þurfi að endurtaka þessa vitleysu gagnvart bændum, og næst koma sennilega verkalýðsfélögin og öll önnur stéttarfélög og heimta, að ríkið innheimti félagsgjöldin. En þetta er aðferð, sem mér finnst óhafandi. Þetta minnir á hið forna spakmæli, að svo skal böl bæta að bíða annað meira.

Eins og nú er komið, eru völdin ekki lengur hjá Alþ. eða stj., heldur í höndum ýmissa ráða, nefnda og stéttarfélaga, sem geta eyðilagt löglegar ákvarðanir. Ég á ekki við það, að stéttarsamband bænda sé hættulegt í þessu sambandi, en ég álít, að þessar innheimtuaðferðir séu rangar, og því hef ég verið á móti því, að gjöldin séu innheimt á þennan hátt. Það er rétt, sem hv. þm. Rang. sagði, að grundvöllurinn fyrir þessu er sá, að þeir, sem að málinu standa, bera svo lítið traust til stéttarbræðra sinna, að þeir álíta, að þessi gjöld verði ekki innheimt nema með l. Bændur eiga þetta vantraust ekki skilið, og það er auðvelt að skipa þessu á annan veg. Stjórnir búnaðarsambandanna hafa að vísu látið undan síga, en Framsfl. hefur lengi legið á því lúalagi að sýna bændum yfirgang. Það er engin tilviljun, að menn leggjast á hnén, þegar þeir eiga í baráttu við Framsfl.

Það er kannske utan við verkefni þessarar umr., hver afrek liggja eftir svokallað stéttarsamband bænda, er stofnað var á leynilegan hátt, svo að ekki sé meira sagt. Það er eðlilegt, að bændur hafi stéttarsamband, og það hafa þeir líka haft í búnaðarfélögum hreppanna, búnaðarsamböndunum og Búnaðarfélagi Íslands. En hér var reynt að koma upp pólitísku stéttarsambandi. En það reyndist erfitt að halda þessu saman, enda þótt ágreiningur væri enginn meðal bændanna.

Varðandi stéttarsamband bænda er tvennt, sem vert er að minnast. Annað er breyt. á l. um verðlagningu landbúnaðarafurða, og það er það, sem ég á við, er ég segi í nál., að það verði að skipta um stjórn og starfshætti. Í stað þess, að áður ákváðu fimm bændur verðlagið, er það nú þriggja manna nefnd. Fyrst átti að reyna samkomulag við launastéttirnar, en ef í harðbakka slægi, átti gerðardómur að koma til. En í þessum gerðardómi var ekki krafizt meiri hl., heldur átti oddamaður að skera úr. Og oddamaðurinn var ekki bændafulltrúi, heldur embættismaður í Reykjavík. Það var góður og gegn maður, en annarrar stéttar maður, sem átti að ákveða tekjur bænda, og fyrsta reynslan var sú, að verðið var ákveðið 12% fyrir neðan það verð, sem ákveðið var í 6 manna nefndinni 1943. Fulltrúar bænda í nefndinni, hv. 1. þm. Skagf., búnaðarmálastjórinn, sem hefur haldið sér bezt af þeim framsóknarmönnum, sem ekki hafa verið strikaðir út af flokkslistanum, Sigurjón í Holti og Sverrir Gíslason í Hvammi, heimtuðu, að haldið væri við það sama og 1943. En raunin

varð önnur, eins og ég hef bent á og skólastjórinn á Hvanneyri hefur sannað enn betur í grein í Morgunblaðinu og Ísafold. Þetta er aðalafrek sambandsins.

Annað afrek sambandsins stendur í sambandi við þá ákvörðun bænda milli Blöndu og Héraðsvatna að fá fjárskipti í tæka tíð. Þessir bændur bundust samtökum um það í Varmahlíð að halda sitt strik, hvað sem stjórnarvöldin segðu, til þess að forða héruðunum frá háska garnaveikinnar. En vitið þið, hvað stéttarsamband bænda gerir á fundi sínum á Akureyri? Það ávítar bændur fyrir það að halda á rétti sínum.

Ég skal ekki rekja þessa sögu lengra, en snúa mér að því, sem virðist aukaatriði, en er það ekki, heldur aðalundirstaðan, og það er að breyta l. þannig, að það verði lagt undir búnaðarþing að skipta fé sjóðsins milli búnaðarsambandanna, en nú er sjóðurinn í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, sem hefur á hendi stjórn hans og reikningshald. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að það getur kostað rifrildi á búnaðarþingi, eftir hvaða reglum eigi að skipta þessu fé. Aðaltilgangur frv. er að fá bændur skattlagða á einu svæði til þess að borga til annarra sambanda. Það er ekki að furða, þótt rödd komi fram frá Búnaðarsambandi Suðurlands, sem fyrst og fremst yrði þarna fyrir barðinu.

Hinn aðaltilgangur frv. og það, sem fyrir stuðningsmönnum þess vakir, er, að búnaðarsamböndin fái þetta fé, í stað þess að það gangi til hótelbyggingar í Reykjavík.

Þetta var á sínum tíma mikið kosningamál. Það kom varla svo út blað af Tímanum, að ekki væru þar óbótaskammir um bændaóvininn Jón Pálmason. Þetta verkaði mér þó allt til gagns í kosningunum, og því vilja þessir menn nú rétta eitthvað sinn hlut.

Varðandi brtt. hv. 2. þm. Rang. og hv. 2. þm. Eyf. vil ég segja það, að mér þykir hún óþarflega snemma fram komin, því að væntanlega gera þeir ekki ráð fyrir því, að dagskráin verði felld. En það er um fleiri breyt. að ræða, ef málið kemur til 3. umr., og ég vil gjarnan hafa samvinnu við þessa hv. þm., ef dagskráin verður felld, um fleiri breyt. og kysi því helzt, að þeir drægju brtt. sína til baka til 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Ég held, að ég hafi gert grein fyrir því, hvaða orsakir liggja til þess, að það er flutt.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst láta ánægju mína í ljós yfir því, að hæstv. aðalforseti hefur gert eitt af þeim fáu góðverkum, sem honum hefur auðnazt að gera, að hverfa af fundi, svo að hæfari maður geti setzt í forsetastól. Það er sérstök ánægja fyrir þá, sem vilja, að málið sé rætt alvarlega, að hér er staddur einn af þeim, er framarlega stóðu að þessu ranglæti, þar sem það er svo með hæstv. landbrh., sem mikið hefur haft með málið að gera, og hv. 2. þm. Skagf., að annar er farinn í rúmið, en hinn er geymdur í herbergi skammt hér frá. Það er ávinningur, að hér er einn greinagóður maður í forsetastóli, sem getur borið þeim óminn af umr.

Hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. A-Húnv. eru að vísu sammála í þessu máli. Báðir hafa, sem von er, ekki mikla aðdáun á meðferð búnaðarfélagsmanna á þessu máli. En það er bezt, að rétt sé rétt. Það er ekki hægt að gera neinn mun á Sjálfstfl. og Framsfl. í þessu máli. Synd þeirra er jafnmikil. Þó að hv. 2. þm. Rang. hafi tilfært dæmi um ábyrgð hv. þm. Str. í sambandi við 10 kr. frv., þá hygg ég, að hv. þm. Str. hafi flutt það upp á eigin ábyrgð og ekki haft flokkssamþykkt bak við sig. Ég met þetta því sem einstaklingssynd og hygg, að það finnist hliðstæðar misfellur hjá Sjálfstfl., ef leitað er. Ef þessi hv. þm. vill athuga upptök þessa máls 1944, þá mun hann sjá, að flokkarnir voru svo hliðsettir, að ekki má upp á milli þeirra gera. Á búnaðarþingi var líka bezta samkomulag. Ef nokkuð hefur hallað á Framsfl., þá var það það, að hann léði tvær stofur til þessara aðgerða, hv. þm. N-M. heima hjá sér, en hæstv. núverandi forseti skaut skjólhúsi yfir leiðtoga Sjálfstfl. í búnaðarfélagshúsinu. Þetta er eina syndin. Ef til eru málsbætur, koma þær væntanlega fram.

Leiðtogar Sjálfstfl. unnu sigur við stjórnarmyndunina árið 1944, en bændur í báðum flokkum gáfu eftir fyrir sitt leyti. Það er rétt að þakka það kommúnistum og sniðugheitum þeirra, að þannig var leikið á bændafulltrúana, því að það, sem þeir vildu, var að komast í stj., án þess að til þess þyrfti að færa fórnir til bænda í sveitum landsins. Því meiri sorg er það fyrir búnaðarmálastjóra, að málið skyldi eyðileggjast síðar á þennan hátt. En við það varð að sitja. Og þegar þetta var fram gengið, þá brá þeim í brún bændunum, sem verið höfðu á búnaðarþingi og vonuðu, að dýrtíðin lækkaði, en hún þvert á móti hækkaði þeim til skapraunar.

Þetta óhapp bændastéttarinnar, að vera þannig blekkt, var byrjun að óheppilegri aðstöðu. Herforingi, sem beðið hefur ósigur, fær ótrú á sjálfum sér. Það var litið svo á, að 6 manna álitið væri sigur fyrir bændastéttina og ekki á neinum svikum eða undirferli byggt. Eins og kunnugt er, sögðu Morgunblaðið og Tíminn, að nú hefðu bændur á föstu að byggja, búið væri að gera löglegan samning og vörurnar mundu hækka af sjálfu sér. Þessi aðstaða glataðist með eftirgjöfinni, og hefur ekki lagazt síðan. Alltaf síðan hefur verið leikið á bændur og þeir beðið hvern ósigurinn af öðrum.

Þegar stj. var mynduð árið 1944 og kommúnistar komnir í stólana, gerði ég ráð fyrir því, að formaður Framsfl. bæri fram vantraust á stj. Það var sérstök ástæða til þess að ætla það, því að hann hafði sagt, að hv. þm. G-K. væri óheppilegur maður, þm. og ráðh. Það er venja að prófa, hvort stj. nýtur trausts, og hér var nauðsyn að gera það, bæði fyrir formann Framsfl. og flokkinn allan. Ég beið til þess að sjá, hver alvara væri bak við hin stóru orð, en þegar engin vantrauststill. kom, þótti mér rétt að prófa sjálfur, hvernig aðstaða stj. væri. Það var sérstök ástæða til þess, þar sem kommúnistar höfðu komizt inn í stj. með klíkustarfsemi og bragðvísi. Þegar ég bar fram

vantraustið, byggði ég það líka á því, að kommúnistar væru ekki á sömu línu og annað fólk, og hvað sem væri um hina ráðh., væri því ekki annað hægt en að lýsa vantrausti á stj. Nú skyldi maður halda það, að hv. þm. Str. fagnaði þessu, þótt hann kannske væri eitthvað feiminn út af fyrri vináttusamböndum sínum við kommúnista, en allur Framsfl. sat hjá við atkvgr. þrátt fyrir óvildina á hv. þm. G-K. og sýndi þannig kommúnistum traust.

Nú fer Framsfl. háðulegum orðum um kommúnista í blaði sínu, en þeir eru ekkert verri nú en þeir voru þá, því að þeir hafa ekkert breytzt. Hitt réð mestu, að leiðtogar Framsfl. höfðu ekki þrek og kjark til þess að beita sér á móti þeim, enda vonuðust þeir eftir því að hafa af þeim fagnað síðar. Fimm þm. úr Sjálfstfl. sátu hjá, og það var meiri dyggð af þeirra hálfu. En þessi hjáseta var eina lífsmarkið, sem kom fram um það, hvernig leikið hafði verið á bændastéttina. Þótt endasleppt yrði um suma af þessum mönnum, var þetta þó spor í áttina.

Í kvöld kemur það fram, að þetta allt er að bera ávöxt. Þeir menn, sem áður deildu harkalegast, eru að verða fóstbræður út af ósigrinum. Þetta er merkileg saga, ekki vegna þessara 8%, eða 8 millj. kr., sem töpuðust í sambandi við gerðardóminn, heldur hvað viðvíkur kommúnistum, sem eiga skilið viðurkenningu fyrir bragðvísi sína, er þeir léku á foringjana báðum megin. Umr. um búnaðarmálasjóð hafa verið sönnun þess, hvernig þeir léku á báða aðila, og það þarf því enginn að verða hissa yfir því, þó að þessir aðilar flýi umr. í kvöld. Þá langar ekki til að rifja upp sameiginlega sekt.

Þegar svona var leikið á búnaðarþingsmenn, reis partur bænda upp og neitaði því, að búnaðarþing hefði rétt til þess að gefa eftir á þennan hátt. Fundir voru haldnir á Suðurlandi, sem náðu til beggja flokka, og þessi Selfosshreyfing er eini ljósi punkturinn í sögu bændastéttarinnar, þótt hún brotnaði. Eins ber hreyfing skagfirzkra og húnvetnskra bænda, sem var tilraun til þess að hrista af sér okið, vott um það, sem koma skal. Það var það sama og þegar sunnlenzkir bændur lýstu yfir því, að þeir vildu hafa sinn eigin félagsskap og sína eigin trúnaðarmenn.

Hv. 8. þm. Reykv., sem bæði er gamall bóndi og verkamaður, lýsti því hér einfaldlega, hvernig þessu er hagað í verkalýðssamtökunum, sem eru frjáls félagsskapur. Engum verkalýðsforingja hefur dottið það í hug, að verkalýðsfélögin séu ríkislaunuð, eins og félag útvegsmanna er og ætlunin er með félagsskap bænda. Stéttarsamband bænda er „humbug“ og skrípamynd af stéttarfélagi. Félag útvegsmanna er þyngsti ómaginn á Íslandi. Fyrir þessa menn, sem lögðu sitt fjárhagslega líf á höggstokkinn í fyrravetur, hafa verið borgaðar 23 millj. kr., enda er það mála sannast, að stéttarsamtök bænda eru ekkert annað en „humbug“ og stéttarsamtök útvegsmanna sömuleiðis; hvort tveggja skrípaleikur af réttri mynd stéttarsamtaka.

Það, sem bændur á Suðurlandi fóru fram á, var að vera frjálsir menn og hafa sín frjálsu stéttarsamtök. Þá gerðist það, að leiðtogar búnaðarsambandanna sendu menn á laun út um land til þess að brjóta þá á bak aftur og segja þeim ósannindi. Mér er kunnugt um það, að bændur fyrir norðan ætluðu að gera það, sem rétt var, en þá komu kommúnistar og hálfkommúnistar og fóru eins og snikjudýr um sveitirnar, og með þessu móti tókst að fá 2 menn kosna, sem voru á móti því, sem fólkið vildi. Þannig var farið að alls staðar á landinu. Það var farið að með ósvinnu og rangindum, og þar af leiðandi þarf engan að undra útkomuna á þessu.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á hinn sögulega fund, sem haldinn var austur á Laugarvatni. Var það eins og í kosningum, að Búnaðarfélagið vissi upp á hár, hvaða menn það hafði þar á sínu bandi, og raðaði mönnum upp á lista, hvernig þessu skyldi hagað. Hafði félagið meira að segja gert lög um það, að bændur skyldu þarna gera dóm hjá sér, sem væri stéttarfélag bænda. Er bezt að segja það eins og er, að bændur á Suðurlandi, sem vildu vera frjálsir og hafa óháð stéttarfélag, biðu ósigur, sem eðlilegt var, því að þeir reyndu ekki að nota nein óleyfileg meðul, og því ekki að furða að hinir, sem það gerðu og höfðu stjórn Búnaðarfélags Íslands, ráðunauta þess og stuðningsmenn úti um land allt í sinni þjónustu, fengju meiri hluta. Og nú vil ég biðja hv. þm., sem eru vanir formum í þessum efnum, að hugleiða, hvað gerist þarna, þegar verið er að stofna þessi félagssamtök bænda. Búnaðarfélagið kemur þangað austur með tilbúna samþykkt handa þessu sambandi og segir: „Hér er dálítill skápur, og setjizt inn í hann, kæru bræður.“ Af þessu sést, að forráðamenn Búnaðarfélagsins líta á bændur sem fé, sem þeir geta farið með eftir geðþótta og boðið upp á hvað sem er, og það hefur aldrei verið reynt af nokkrum félagsskap, síðan hér var afnumin kúgun annarrar þjóðar, að sýna aðra eins lítilsvirðingu og bændum var þarna sýnd, þegar komið er færandi hendi með stjskr., sem þeir eiga að innlima í félagssamtök sín. Hæstv. núv. landbrh., sem ekki óskar að vera viðstaddur þessar umr. af vissum ástæðum, kom og á þennan fund uppdubbaður til þess að vera þar nokkurs konar „stórmúft“. Hann rekur Guðmund Þorbjörnsson úr hásæti, sezt þar sjálfur og segir: „Ég er keisari hér“. Svo var hann keisari þar. En þrátt fyrir allan þann ofsa, sem hann beitti til þess að brjóta vilja bænda á bak aftur, fór þó svo, að þessi minni hluti bænda veitti mótspyrnu. Var þarna gerð ályktun um, að það skyldi borið undir bændastéttina, hvort bændasamtökin ættu að vera frjáls eða ófrjáls, og var það fyrsti ósigur kúgaranna að ganga inn á þetta. En Búnaðarfélagið hélt, að það gæti leikið á bændastéttina eins og áður og ætlaði að beita öllum áhrifaöflum sínum í málinu, þ. e. Frey, hinu pólitíska blaði Búnaðarfélagsins, búnaðarþingi og ráðunautum félagsins. Síðan líður veturinn, og ekkert gerist af hálfu frjálsra bænda, enda höfðu þeir hvorki aðstöðu

né fjármagn til að hafa áhrif á gang málsins á móts við Búnaðarfélagið. Urðu úrslit þau, er atkvgr. fór loks fram, að þó að það væri minni hl. bænda að vísu, sem kaus að vera frjálsir, urðu forkólfar Búnaðarfélagsins að láta undan að vissu leyti. Og nú varð að reyna enn meir til þess að innlima stéttarsamtök bænda í félagið. Var boðað til fundar á Hvanneyri um þessi mál, en þar urðu fulltrúar Búnaðarfélagsins að éta allt ofan í sig, sem gerzt hafði á Laugarvatni, og voru samtök bænda gefin frjáls, a. m. k. formlega. Þetta gaf forsprökkum Búnaðarfélagsins bendingu um, á hverju þeir gætu átt von hjá bændum, og því afréðu þeir að leika á þá í stað þess að beita þá ofbeldi, svo sem þeir höfðu reynt í fyrstu, og í stað þess að innlima stéttarfélög bænda í Búnaðarfélagið er búinn til hrærigrautur úr öllu saman, eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Rang. Stéttarsamtök bænda eru því í raun og veru aðeins deild úr Búnaðarfélaginu, sem sjálfir forkólfar Búnaðarfélagsins ráða lögum og lofum í, þótt þeir séu að reyna að blekkja bændur með, að þetta séu frjáls samtök, því að þau eru ekki frjáls á neinum grundvelli. Þess vegna er það, að þegar verið er að tala um að útvega peninga handa stéttarsamtökum bænda, þá er það ekkert annað en „propaganda“, eins og réttilega var fram tekið af hv. 8. þm. Reykv. Stéttarsamtök bænda eru ekkert annað en fróða, gervifélag, sem hefur sprottið upp úr ósigrum búnaðarfélagsleiðtoganna, og það er ekki hægt að hugsa sér ógiftusamlegri þróun en orðið hefur hjá stéttarsamtökum bænda. Byrjunin er sú, að bændur bera fram kröfu um slík stéttarsamtök, sem þeir eru sviknir um að verða við. Þá kemur Búnaðarfélagið og segist ekki vilja slík samtök bænda, því að það sé ríkið. Síðan vill það innlima þau í félagið, beitir bændur svo ofbeldi, verður undir í bili og ætlar að gera sér leik á borði, og þá er þetta gervifélag myndað, sem hér er nú verið að tala um í kvöld.

Eins og hv. þm. A-Húnv. talaði um, má segja, að þetta gervifélag hafi fengizt við 2 mál og þau bæði hin herfilegustu. Annað er það, að þegar samningar stóðu yfir um stjórnarmyndun fyrir ári síðan, — en þá hefðu stéttarsamtök bænda að sjálfsögðu getað beitt áhrifum sínum sér í hag, ef rétt hefði verið haldið á málum þeirra, — þá tókst bæjarflokkunum auðvitað að snúa á Framsfl., sem aðallega nýtur fylgis bænda, þannig að myndaður var gerðardómur, þar sem tveir bæjarmenn eru á móti einum utanbæjarmanni, og Guðmundur Jónsson á Hvanneyri hefur reiknað út, að með þessum gerðardómi eykst ósigur bændanna frá 1944 um helming. Aftur á móti hefur Dagsbrún og önnur verkalýðsfélög, sem eru rétt mynduð, sigrað í sínum hagsmunamálum, þó að það hafi að vísu verið of oft, af því að atvinnurekendur eru eins miklir viðvaningar í þessum málum og bændur. Og nú er svo komið, að bændur og atvinnurekendur liggja gersigraðir og varnarlausir á þessu sviði, og er nú verið að tryggja enn betur, að bændur geti ekki rétt sig á legg úr þessu varnarleysi.

Og nú kem ég að því, hvers vegna leiðtogar Búnaðarfélagsins hafa dregizt út í þetta og vilja ekki gagnleg samtök bændastéttarinnar. Þeir hafa einu sinni gert rangt, þeir hafa látið leika á sig. Þeir vissu, að þeir höfðu eyðilagt 6 manna samkomulagið, en í stað þess, að þeir hefðu átt að rísa upp á móti þeim, sem höfðu leikið á þá, bæði Framsfl. og Sjálfstfl., hafa þeir tekið það ráð að fela ósigur sinn með því að leika áfram á bændastéttina. Ef bændastéttin hefði hins vegar fengið að vera í friði fyrir forkólfum Búnaðarfélagsins, sem nú hafa eyðilagt þessi hagsmunasamtök þeirra og fengið að skipuleggja sjálfir þessi mál, hefðu þeir bændur, sem vildu taka þátt í þessum samtökum, skipað sér í deildir úti um land allt á takmörkuðum svæðum og gert héraðabandalög. En þetta hefur farið á annan veg, svo sem ég hef hér lýst, og nú er svo komið, að engin félagssamtök í landinu eru eins kúguð og þetta svo kallaða stéttarsamband bænda, sem er ekkert nema fróða og til þess gert að leika á bændur. Og það hefur enginn félagsskapur í landinu nokkurn tíma gert annan eins samning og þann að fá andstæðingum sínum diktatorsvald í hendur. Þegar bæjarfulltrúarnir fjórir semja á móti hinum tveimur, þá liggur málið svo fyrir, að bæjarmennirnir geta sagt við framsóknarmennina: Nú viljum við semja um kjötið og mjólkina. — Og bændur hafa ekkert að bera fyrir sig og standa algerlega máttvana. Þessir umboðslausu valdamenn bænda gátu sagt, að þeir hefðu valdið, því að enginn mótmælti þeim; það var búið að afvopna bændur. Aðstaða bænda var algerlega sambærileg við aðstöð Þjóðverja á hernámssvæði Bandamanna í Vestur-Þýzkalandi. Þeir voru hersetnir af forráðamönnum Búnaðarfélags Íslands. Og eins og herforingjar Vesturveldanna hafa verið mildir og mannúðlegir, þá eru forráðamenn Búnaðarfélags Íslands viðkunnanlegir í umgengni. En hverju ræður þýzka þjóðin nú? Hún er algerlega háð drengskap Engilsaxa. Og þannig eru bændur alveg á valdi þessara svo kölluðu leiðtoga sinna.

Það er dálítið hastarlegt, að bændur skuli nú vera þannig settir, sem haldið hafa uppi menningu þjóðarinnar um þúsund ár, og að það skuli vera fyrir misverknað þeirra manna, sem bændur hafa trúað, að þeir eru komnir í það réttleysi, sem sambærilegt er við þá mestu undirokun, sem nokkur vestræn þjóð hefur orðið að þola síðan í 30 ára stríðinu. Þetta hefur þróazt svona stig af stigi — eins konar „infernal line of evolution“ eða helvízk þróun, eins og dr. Helgi Pétursson orðar það. Þeir hafa verið framseldir í stjórnarsamvinnu, settur á þá gerðardómur og orðið að lokum eins settir og hin hernumda þýzka þjóð.

Það er dálítið athugavert fyrir bændur, er þeir hugsa til þess, hvað þeir láta bjóða sér, að bera það saman við viðbrögð verkalýðsins undir svipuðum kringumstæðum, t. d. þegar ráðherrar Framsfl. og Sjálfstfl. gerðu þær ráðstafanir gegn dýrtíðinni að setja gerðardóm í kaupgjaldsmálum um áramótin 1941—'42. Þá sameinuðust kommúnistar og kratar um eitt

allsherjar óp til mótmæla og töldu þetta þrældómslög og sögðust ekki vilja þrældóm. Sú skoðun er reyndar nokkuð vafasöm, og kann svo að fara, að síðar verði horfið að því, að úr slíkum málum verði einmitt skorið af réttlátum dómstólum, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Verkalýðsforingjarnir neituðu að afhenda verkfallsvaldið og sögðust trúa þeim vopnum betur, sem þeir hefðu reynslu af. Og þeir unnu sigra, sem þeir áttu vopnum sínum að þakka. Og þótt þeir sigrar væru e. t. v. ekki heppilegir fyrir þjóðina, þá voru það samt sigrar.

Eftir að verkamenn höfðu sagt: Við hlítum engum gerðardómi og rjúfum heldur þjóðfélagið, — þá var ekki nema eitt ráð fyrir bændur, aðeins eitt svar: Við viljum engan gerðardóm yfir okkur heldur. — En þetta ráð tóku þeir ekki. Það var búið að afvopna bændastéttina. Þjóðverjar biðu ósigur, og vopn þeirra voru tekin af þeim og þeir supu þannig seyðið af óheppilegri stefnu forustumanna sinna. Og eins var það með bændur, að þeir misstu vopn sín fyrir óheppilega forustu. Þess vegna saka ég forkólfa búnaðarmálanna um það að hafa hvað eftir annað brugðizt bændum. Hvar sem litið er á feril þeirra, er skemmdarstarfið augljóst. Þetta byrjaði með frv. um 10 kr. gjaldið, — leiðinlegu fræi, sem hv. þm. Str. sáði í jörðina og leiddi til þess, að farið var að skattleggja bændur. Og fénu átti svo sem ekki að verja í neinn óþarfa. „Við byggjum hótel í Rvík", sögðu bændaforkólfarnir. „Við verjum skattinum til þess að senda ráðunauta út um landið, byggja yfir búnaðarfélagið o. s. frv." Og þetta var allt vegna þess, að verkamenn fengu orlof. Þess vegna áttu nú bændur að fá að skattleggja sjálfa sig. En það kom nú í ljós, að bæjarflokkarnir vildu nú hafa hönd í bagga með ráðstöfun þessara skattpeninga og kröfðust þess, að það yrði lagt í vald ráðh., hvernig þar yrði varið hverjum eyri. Þetta var það, sem við mátti búast, og kom nú að því, að bændaforkólfarnir vildu ekkert hafa með ráðh., og féllust þá bæjarflokkarnir á að láta bændurna fá féð til gagnlegra framkvæmda. En það lá grunur á, að það ætti að leika sér með féð á viðvaningslegan og bjánalegan hátt, og það kom fram, að núverandi leiðtogum bændanna var ekki trúandi til að fara vel með málið. Þá var sett inn í l., sem gengu í gildi fyrir tveimur árum, að bændur skyldu fá féð til jarðræktarframkvæmda heima í sínum eigin héruðum á vegum búnaðarsambandanna. Og loks endaði þetta fálm á því, að farið var fram á, að Stéttarsamband bænda, sem er froðufélag, fái helming fjárins, en búnaðarsamböndin fái að halda helmingnum.

Mér er kunnugt um, að einmitt um þetta leyti voru t. d. ýmis búnaðarsambönd á Suðurlandi að afla sér nýrra tækja, en voru blá fátæk, og þess vegna glöddust hinir óháðu leiðtogar yfir því að eiga nú von á að fá nokkurt fé í hendurnar. Átakanlegu dæmi kynntist ég um þetta í Suður-Þingeyjarsýslu við seinustu kosningar. Fulltrúar Búnaðarfélagsins voru þar á þönum útblásnir eins og tilberar af snakki um það, sem þyrfti að framkvæma. En þar var búnaðarsamband að halda fund um sama leyti, og það hafði þá enga peninga handa á milli til framkvæmda, og það varð helzt að ráði, að einstakir bændur tækju víxla. Það var því beinlínis ósvífni af búnaðarfélagsleiðtogunum að vera á móti því, að samböndin fengju einhverja peninga til framkvæmda. En þegar þetta var nú samþykkt hér á Alþ., hefði mátt ætla, að bændur hefðu nú fjárins loksins full not. En hvað gerist? Það er upplýst í dag af hv. frsm. landbn., að maðurinn, sem kallar sig hæstv. landbrh. og er hversdagslega mildur við okkur bæjarmenn, hann er ekki alveg eins mildur við bændur. Hann hefur beitt fullkomnu ofbeldi gagnvart þeim, þverbrotið lögin og neitað að greiða fé úr sjóðnum og sagt, að það væri ekki til. Það væri alveg eins hægt fyrir hæstv. dómsmrh. að upphefja lögin um refsingar fyrir þjófnað og manndráp. — Og af hverju gerir hæstv. landbrh. þetta? Af því að hann veit, að bændur eru varnarlausir. Og þannig er níðzt á bændum, af því að það er engin hætta á, að þeir geti borið hönd fyrir höfuð sér. Það notar hæstv. landbrh. sér. Og það er ekki afskaplega skemmtileg hvöt, sem liggur þarna að baki. Það á að hræða bændur til þess að sleppa aftur því, sem þeir hafa á unnið, og taka fé í hótelið og aðra slíka gamanleiki. Peningunum er haldið fyrir bændum, þótt það séu hrein lögbrot, til þess að reyna að svelta þá til undirgefni. Nú er sagt, að stjórnir búnaðarsambandanna hafi gefizt upp. Stundum gefast valdamiklar stjórnir upp, eins og t. d. í Þýzkalandi, og eins hefur farið um bændur og búnaðarsamböndin. En ef einhverjum af þeim hræddu mönnum, sem ekki þora að vera hér í kvöld, kynnu að berast orð mín til eyrna, þá vildi ég segja við þá: Þið skuluð ekki halda, drengir góðir, að þið sleppið alltaf jafnvel og hingað til, því að reynslan hefur sannað það, sem skáldið segir, að

„allt það, sem er illt og rangt,
einhvern tíma hefnir sín",

og það bæri þá eitthvað nýrra við, ef svo færi ekki nú.

Ég hef nú útskýrt, í hverju ranglætið er fólgið. Allar stéttir hafa með sér sterk félagssamtök og ráða þannig sínum málum og vinna sína sigra, og fyrr en bændur hafa fengið slík félagssamtök geta þeir engu af sér hrundið. Það er til einskis, þótt Alþ. verndi bændur með lögum, því að þau hafa verið „sabotéruð" af búnaðarfélagsforkólfunum, samtök þeirra drepin og líkið innlimað í búnaðarfélagsskipulagið.

Hv. þm. Str. fór hörðum orðum hér um vin sinn, hæstv. landbrh., fyrir, að hann hefði ekki útvegað bændum þær 15 millj. kr., sem lög stóðu til. Synd landbrh. í þessu efni er þó lítil í samanburði við það, sem hér hefur verið rætt. Hann skilaði að vísu ekki peningum, sem bændur áttu að fá til ræktunar og húsabóta, en hann hafði þá afsökun, að þeir væru ekki til. Þessi afsökun kemur hér hins vegar ekki til greina, því að það er ekki annað en ofbeldi og ranglæti við bændur, sem kemur til, að brotin hafa verið lög á þeim og þurft að beita heljartökum, slíkum sem hv. þm. Rang. hefur

upplýst hér á þingi, að hann hafi þurft að beita til þess að fá hæstv. landbrh. til að skila 60 þús. kr. úr búnaðarmálasjóði. Og enda þótt ég hafi enga yfirdrifandi trú á hæstv. landbrh., þá hefði ég ekki haldið, að hann bryti svo af sér og héldi peningum fyrir bændum, sem liggja ónotaðir í skúffunni. Hér er slík brennandi sekt yfir hans höfði, að hann mun ekki undan komast, og mun verða því þyngri, sem lengra líður frá.

Nú segja búnaðarfélagsmennirnir: „Við höfum snúizt.“ Og rétt er það. Það byrjaði með 10 króna gjaldinu, sem átti að samsvara orlofslögum launastéttanna. Síðan kom skattlagning á bændur. Hún var sett undir eftirlit, og þeir reyndu þá að fá féð til frjálsrar ráðstöfunar, en því fékkst ekki framgengt fyrr en stungið var upp á því, að búnaðarsambönd bændanna fengju það til framkvæmda sinna. Og nú koma piltar og segja: „Við höfum verið háðulega leiknir, og nú viljum við aðeins fá helminginn af fénu.“ Og þeir eru búnir að breyta búnaðarsamböndin svo, að þau vilja vinna það til að fá eitthvað heldur en ekki neitt, og svo ætla þeir að leika sér með það, sem eftir er. Það, sem þeir gera, mun verða í áframhaldi af því, sem á undan er gengið, og ekki ástæða til að gera sér neinar glæsivonir. En það má minna á það, að verkamannafélagið Dagsbrún t. d. átti líka sína eymdardaga. Og þegar ég var í því félagi fyrir 30 árum, þá þurftum við aðallega að berjast við menn, sem voru innan félagsins til þess að eyðileggja það og voru hjálparkokkar hjá andstæðingunum, og það tók langan tíma að hreinsa þar til. Ég vil ekki spá miklu, en ég geri ráð fyrir, að þegar búnaðarfélagsforkólfarnir hafa misboðið bændum nógu lengi með blekkingum og svikum, þá muni fara eins og í verkamannasamtökunum, að meðal bænda komi fram nýir menn, sem standa ærlega á rétti þeirra og vinna að málum þeirra, en líklega ekki fyrr en það koma erfiðir tímar og neyðin kennir þeim að passa sig sjálfir.

Ég hef oft undrazt það, hve það er hættulegt upp á gáfnafarið, ef menn fara að gera rangt. Hér í Sþ. kom nýlega fyrir mál, sem sýnir þetta. Þeir menn, sem mest hafa staðið að óhöppum bænda, töluðu þar um lítið mál, og þetta litla mál varð eitt mesta hitamál fjárlaganna. Það var um akveginn milli Egilsstaða og Rvíkur um Akureyri, sem nú er mjög að styttast með hinni nýju brú á Jökulsá á Fjöllum. En eins og stendur eru á þeirri leið tvær hindranir, báðar í minu kjördæmi. Það eru tvö fjöll, Fljótsheiði og Vaðlaheiði. Nú hafði ég og fleiri þm. viljað reyna að bæta úr þessu og lagt til, að lítil fjárupphæð, sem veitt hafði verið til minni háttar vegar, sem er ófær mestallan veturinn, væri tekin út og færð yfir á aðalveginn eða aðallínuna, en sá vegur er bæði nauðsynlegur fyrir héraðið í heild og þó sérstaklega Austfirði, vegasamband þeirra við Akureyri. Þegar þessi lína er búin, ætlum við, sem viljum þessum málum vel, að fá lagðan veg utan við Vaðlaheiði, austan við ána. En hvað gerist, þegar við ætlum að fá þessa óverulegu fjárhæð, sem ég nefndi áðan, færða á milli vega, í aðalveginn? Það gerist, að hæstv. varaforseti þessarar d., sem sjálfur er ættaður úr Þingeyjarsýslu, hann er orðinn svo undarlegur, að hann veit ekki um tvö fjöll í sinni eigin sýslu og snýst algerlega á móti þessari litlu tilfærslu. Fimmtán þúsund krónur segja að vísu ekki mikið, en þetta atvik er ágætt dæmi upp á það, sem ég hef sagt og vil segja, og það er, að þegar gert er vísvitandi rangt, hefur það áhrif á vitsmunina og dregur menn niður, og það er þetta, sem verður þeim mönnum til almennrar skammar, þó að greindir séu fyrir, að leggjast á bændastéttina og líta á hana eins og hjörð. Það einkennilega loðir við þá, að svikin hafa áhrif á vitsmuni þeirra.

Ég býst við, að ég geti að svo stöddu látið þetta mál niður falla. Ég hef áður, fyrir tveimur árum, talað um það í hv. Ed., hvílík svívirða það er að ætla sér að fjötra bændur sem rétta og slétta niðursetninga, líta á þá sem aumingja, sem innheimta verði stéttargjöldin af með opinberum sköttum. Upphaflega átti að leggja á bændur fulla fjötra, en nú hafa búnaðarfélagsmenn hörfað úr því vígi og ætla að reyna að koma á hálfum þrælalögum. En kraftur bændastéttarinnar er óbilandi. Hálfir hlekkir eru líka hlekkir og hálf þrælalög líka þrælalög, og bændur munu hrista af sér alla hlekki. Þýzka þjóðin, þessi gamla menningarþjóð, er nú illa komin og verður að þola mikið fyrir foringja sína. En hún mun rísa upp aftur. Bændastéttin hér hefur líka orðið að þola margt og mikið fyrir sína foringja, en ofan á allt lýsa þeir yfir því, að bændastéttin, elzta menningarstétt landsins, sé ekki fær um að hafa með höndum félagsmál sín. Þetta er yfirlýsing búnaðarfélagsmanna, en þeir mega vita, að aldrei lánast þeim slík þrælatök. Þegar þeir Björn Kristjánsson og Tryggvi Gunnarsson stóðu í hvelfingu Landsbankans og Tryggvi hafði talið sjóðinn, sem reyndist réttur, þá sagði Tryggvi: „Njóttu eins og þú hefur aflað“, og fleygði um leið lyklunum að fótum Björns. Hið sama vil ég segja við búnaðarfélagsmenn, ef þeir koma hálfum hlekkjum á bændur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá minni hl. landbn., á þskj. 505, felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÁkJ, EOl, GTh, IngJ, JPálm, JJ, KTh, LJós, SigfS, SG.

nei: SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, BG.

5 þm. (SK, EmJ, HermG, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Brtt. 524 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18:5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 49, 524, 561).

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. hefur komið hér með brtt. Fyrir liggja brtt. frá hv. 2. þm. Rang. (IngJ) og 2. þm. Eyf. (StSt), sem n. gerði ráð fyrir, að mundu koma til atkv. Þær voru að vísu teknar aftur til 3. umr. Nú hefur landbn. orðið ásátt á, eftir atvikum, að fallast á fyrri lið þessarar brtt., en flytur jafnframt við síðari liðinn, b-liðinn, brtt., þannig, að í staðinn fyrir að í brtt. á þskj. 524 stendur: „í réttu hlutfalli við framleiðslumagn héraðanna“ komi: „með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.“ — Þetta er flutt vegna þess, að það hefur sýnt sig við framkvæmd l., að það er ákaflega erfitt eða því nær ógerningur að fá fulla vissu um það, hvaðan hver vara er í þessu efni, þannig að þetta verði ekki meira eða minna handahóf. Þar sem mörg héruð verzla kannske á einum og sama stað, liggur það í hlutarins eðli, að erfitt verður að ákveða um þetta. Þetta er þess vegna fyrst og fremst flutt til þess að létta á verzlunum og fyrirtækjum um að halda mjög ýtarlegar skrár yfir þetta, sem búast má þó við, að hefðu aldrei orðið fulltryggar. Við teljum þetta vera að öllu leyti eðlilegra og heppilegra fyrir málið og að það mundi gera það óbrotnara. Ef ég hef skilið rétt, skilst mér, að hv. 2. þm. Rang. geti eftir atvikum fallizt á þessa breyt.

Ég hefði náttúrlega ýmislegt að segja, ef svara ætti ræðum frá fyrri umr. En þær umr. voru þannig vaxnar og ég skildi þær þannig, að þær hefðu verið meira til þess að egna okkur hina til umr. og draga málið á langinn. En ég ætla ekki að gefa tilefni til þess að vekja umr. nú um málið á nýjan leik, og læt ég því þær umr. liggja.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta er hreinn misskilningur, sem hv. 2. þm. Skagf. segir um umr. þær um þetta mál, sem áður hafa hér farið fram, er við ýmsir gerðum aths. um að breyta þessum l. um búnaðarmálasjóð, að þær hafi verið gerðar til þess að egna menn upp eða draga málið á langinn. Það var nauðsyn á að ræða þetta mál. Og varðandi brtt. á þskj. 561 sýnir það sig, að barátta okkar í þessu máli hefur ekki orðið til einskis. Við vitum vel, hvernig þetta mál bar að, hvernig umr. hafa verið og hve miklar öfgar og kapp kom fram af hendi ýmissa manna í þessu máli. Og það, sem hefur áunnizt við okkar umr., er ekki það, að þetta frv. sé eins og við viljum hafa það, heldur, að það hefur skánað til helminga, þannig að búnaðarfélögin eiga að fá helming af fé búnaðarmálasjóðs til ráðstöfunar. Og loks hafa þessir menn fallizt á að skipta þessum helmingi í réttu hlutfalli við framleiðslumagn héraðanna. Og ég tel, að brtt. á þskj. 561 nái þessum tilgangi í öllum atriðum. Ég tel því, að ekki sé neinn veigamikill munur á b-lið brtt. á þskj. 524 og brtt. frá hv. meiri hl. landbn. Og ég tel, að það væri nú að deila um keisarans skegg að sættast ekki á það, fyrst hv. meiri hl. landbn. vildi leggja þetta til, þvert ofan í það, sem þeir áður voru búnir að segja. Það er svo oft í þessu lífi, að maður verður að sætta sig við, að eitthvað sé af manni tekið og maður sigri ekki að öllu leyti í þeim málum, sem maður hefur barizt fyrir. Og við verðum að sætta okkur við það í þessu máli að hafa unnið hálfan sigur. Meira er það ekki. En það er hálfur sigur, og þess vegna hefur barátta okkar ekki orðið til einskis.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það kom í ljós hér í þessari hv. d. við 2. umr. þessa máls, að það hafði farið fram breyt. á hugarfari allmargra manna í þessari hv. d. frá því á síðasta þingi varðandi þessi mál, sem hér liggja fyrir nú. Og hvaða orsakir til þess séu, að þessi breyt. hefur orðið, skal ég ekki fara mörgum orðum um. En það er mikil ástæða til að ætla, að þetta sé stjórnarsamningur, sem gerður hafi verið svona á bak við tjöldin, að knýja þetta mál í gegn.

Ég skal taka fram varðandi þær brtt., sem hér liggja fyrir, að brtt. frá hv. meiri hl. landbn. hefur ekki verið borin undir mig a. m. k., og sennilega ekki heldur hv. 8. þm. Reykv., enda kemur það í sjálfu sér ekki að mikilli sök. Því að þó að þessi brtt. yrði samþ., þá gerir það ekki það að verkum, að ég mundi verða með frv., enda þótt ég telji, að þessi brtt. sé nokkuð til bóta varðandi skiptinguna á þeim hluta, sem búnaðarsamböndunum er þó ætlað að halda. En þetta mál, sem þarna er brtt. við og flutt var af hv. 2. þm. Rang., og í miklu eðlilegri mynd að mér fannst, þar sem það er greinilega tekið fram, að skiptingin skuli fara fram eftir framleiðslumagni héraðanna, eins og er í núgildandi l., — en varðandi þetta atriði út af fyrir sig er það að segja, að þar mun vera grundvöllurinn fyrir afstöðu ýmissa þeirra hv. þm., sem hafa staðið að því að knýja þetta mál fram, þar sem framlög þeirra héraða, sem þeir eru fulltrúar fyrir, eru svo lítil, að þeir gera sér sýnilega vonir um að verða jafnvel ekki fyrir neinum skaða fyrir búnaðarsambönd sín, þó að tekinn sé helmingur af allri upphæðinni til þess að láta til Stéttarsambands bænda. Þannig get ég hugsað mér, að þetta sé eitt aðalatriðið fyrir hv. 1. flm. þessa máls, og þá sé það tilgangurinn fyrir þessum mönnum, fleirum en einum, að með þeim hætti geti þeir fengið styrk til sambanda sinna og verði ekki fyrir miklum skaða, þó að þessi breyt. sé gerð, að skipta fénu til helminga.

Annars er það náttúrlega augljóst mál, sem ég veik hér að við 2. umr. þessa máls, og var engan veginn til þess að tefja það eða egna á mig aðra menn, eins og hv. frsm. meiri hl. landbn. vildi vera láta, þó að skýrt sé frá, að afstaða búnaðarsambandanna er sú gagnvart þessu máli, að þau hafa verið svikin um þessa greiðslu, sem þau áttu að fá. Það hefur ekki verið borgað til þeirra þetta fé eins og til stóð. Og þess vegna líta þau svo á, að það sé betri hálfur skaði en allur, að fá þó helming af því

fé, sem þarna er um að ræða. Að öðru leyti gerði ég það glögga grein fyrir afstöðu minni og okkar í minni hl. landbn. til þessa máls við 2. umr. þess, að ef ekki gefast sérstök tilefni til, sé ég ekki ástæðu til að fara um málið miklu fleiri orðum. Ég mun gjarnan greiða atkv. með brtt., því að ég tel hana til bóta, en að sjálfsögðu gegn þessu frv. eigi að síður, þó að brtt. meiri hl. landbn. verði samþ.

Ég held, varðandi það að reikna út, hvað sé af þessu eða hinu framleiðslusvæði, þá sé það engum örðugleikum bundið að reikna þetta út. Því að þar sem framleiðslan er flutt á milli svæða sums staðar á landinu vegna verzlunaraðstöðu, eins og á Suðurlandi og í Eyjafirði og víðar, þá er ákaflega auðvelt í þeim viðskiptafélögum, sem þarna eiga hlut að máli, að fá upp, hvað muni vera af þessu svæði og hvað af hinu. — En úr því að hv. 2. þm. Rang. hefur sætt sig við að fylgja þessari brtt. hv. meiri hl. n., kemur brtt. hans ekki undir atkv. **(IngJ:** Ekki b-liðurinn, en a-liður.).

ATKVGR.
Brtt. 524,a samþ. með 24 shlj. atkv.
— 561 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 524,b þar með fallin.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv. og endursent Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 574).

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefur tekið nokkrum breyt. í hv. Nd., en ég hef ekki séð ástæðu til þess að kalla n. saman til fundar um málið. Hins vegar hef ég átt tal við einstaka nm., og hafa þeir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. En ég vil taka fram, áður en gengið er til atkv. um frv., að þær tvær aðalbreyt., sem gerðar eru á frv., eru þær, að í stað þess að búnaðarþing skipti því fé, sem sjóðnum er ætlað, á milli búnaðarsambandanna, skal Búnaðarfélag Íslands skipta því, og Búnaðarfélag Íslands eða forsvari þess er stjórn Búnaðarfélagsins og búnaðarþing. Ég tel ekki óeðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands hafi hér hönd í bagga með skiptingu fjárins ásamt búnaðarþingi, og þess vegna tel ég, að þessi breyting hafi engan skaða í för með sér. Einnig er sú breyt. rétt, að fénu skuli skipt á milli héraða með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni þeirra, og er þessi breyting gerð með tilliti til samþykktar búnaðarþings, eins og áður hefur verið regla, þá er skipt hefur verið styrk milli sambandanna, að þá hefur verið tekið tillit til framleiðslu sambandanna.

Þeir menn úr landbn., sem ég hef átt tal við, leggja eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vildi taka það fram, að þessi er skilningur minn á málinu, og ég tel hann réttan og veit, að aðrir dm., þeir er samþykkja frv., eru sammála því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

55. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip** (þmfrv., A. 287).

Á 51. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi hér í deildinni. Þetta félag hefur fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, aðallega vegna þess hve gamalt það er, og hefur reynslan virzt sýna, að það stæði sig bezt utan þess kerfis, sem sett er um vátryggingarfélög. — Frv. er óbreytt frá því, sem áður var, nema hvað tímatakmarkið um undanþágu félagsins er tekið út úr því. Ég þarf því ekki að fjölyrða um efni frv. og óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 381).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur rætt þetta mál og sent það til umsagnar til stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og er svar stjórnarinnar birt sem fskj. með nál. á þskj. 381. — N. lítur svo á, að lögin um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip eigi að ná til allra skipa, enda mun það hafa verið hugsun löggjafans á sínum tíma, því að bráðabirgðaákvæðin um Vestmannaeyjar eru sett með það fyrir augum, að samræma megi þessi mál innan skamms. Það hefur enn ekki tekizt, og undanþágan fyrir Vestmannaeyjar hefur verið framlengd árlega. En n. lítur svo á, að stefna beri að því að samræma þetta. Eftir því, sem n. hefur fengið upplýst, munu tryggingargjöld í Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja vera lægri en hjá öðrum bátaábyrgðarfélögum, þar með og talin endurtryggingargjöld, en hins vegar mun matið á skipunum og bótaskyldurnar ekki að öllu leyti sambærilegt. Enn fremur er upplýst, að það hefur verið erfiðleikum bundið að fá bátaábyrgðarfélagið til að taka við öllum skipum til ábyrgðar, sem þeim var jafnvel skylt að gera, og munu dæmi til þess, að þau

skip hafi orðið að leita til Samábyrgðarinnar. N. þykir rétt, að samræma beri starfsemi þessara aðila, þannig að fullt tillit verði tekið til hagsmuna heildarinnar annars vegar og sérstöðu Vestmannaeyja hins vegar, og í trausti þess, að það verði gert, þá hefur n. lagt til, að frv. breytist þannig, að 1. gr. orðist svo: „Í stað orðanna „til ársloka 1948“ í bráðabirgðaákvæði komi: til ársloka 1949, — en 2. gr. leggur n. til, að falli niður. Er þá ætlazt til þess, að viðkomandi aðilar hafi 2 ár til að skipuleggja málið og koma á samræmi um allt land. — Ég vil benda á, að lögunum hefur verið breytt *nýlega og vátryggingarsvæðin stækkuð að mun*, og enn fremur hefur verið ákveðið, að ríkissjóður leggi fram 1½ milljón kr. til Samábyrgðarinnar. Bendir þetta allt til þess, að þetta eigi að vera aðalábyrgðarfélagið í landinu, og því er ekki eðlilegt, að starfsemin sé klofin sundur. — N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem um getur á þskj. 381.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Enda þótt ég hefði kosið, að frv. yrði samþ. eins og ég flutti það, hlýt ég að sætta mig við afgreiðslu n., því að ég hef ekki afl við hv. n. og tek því, sem að höndum ber.

ATKVGR.
Brtt. 381,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 381,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 407).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Þessu máli mun hafa verið vísað til sjútvn., en henni ekki unnizt tími til að fjalla um það. Hins vegar er n. kunnugt um það frá Ed., og ég hygg því, að mér sé óhætt að fullyrða, að n. sé því samþykk, að málið nái fram að ganga.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 604).

---

56. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (þmfrv., A. 109).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt hér á þskj. 109, er um það, að Hindisvík á Vatnsnesi verði tekin í tölu þeirra staða, sem lögin frá 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur ná til. Ég get látið nægja að vísa til þess, sem segir um þetta í greinargerð frv., og óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 2. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 109, n. 401).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur sent frv. þetta vitamálastjóra til umsagnar, og hefur vitamálastjóri tjáð góð skilyrði til lendingarbóta, en hins vegar er erfitt að segja um, hverjar framtíðarkröfurnar verða. N. var sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt. Þá hefur verið vísað til n., hvort fært þætti að setja sérstök hafnarlög fyrir Reykjavík, en n. hefur ekki séð sér fært að samþykkja það. Með l. nr. 29 1946, um lendingarbætur, voru felld niður ýmis ákvæði úr fyrri l. um þetta efni og þar á meðal sérákvæði um Reykjavík, og sér n. ekki ástæðu til að setja

það inn aftur. Þó að þetta frv. um Reykjavíkurhöfn, sem er 121. mál, sé borið fram sem sérstakur lagabálkur, þá er meginhluta þess að finna í hafnarlögunum. Það eru einkum tvö atriði, sem Reykjavíkurbær vill fá lögfest, í fyrsta lagi sjóveð fyrir hafnargjöldum, í öðru lagi undanþágu fyrir Reykjavík frá 4. mgr. 9. gr. l. nr. 29 1946. Fyrra atriðið hefur áður verið í l., en var fellt niður og lögtök látin nægja fyrir hafnargjöldum. Það er töluvert vandamál og varhugavert að leggja sjóveð á skip fyrir fleiru en brýn nauðsyn er til. Þegar fjárþörf er mikil fyrir útveginn er venjulega eina leiðin að fá lán út á veð í skipinu, en það verður að sjálfsögðu miklu erfiðara, ef margs konar lögveð eru fyrir. Það er sjálfsagt óhjákvæmilegt, að sjómenn hafi lögveð fyrir kaupi sínu. Sömuleiðis mun vera með tryggingariðgjöld, en þetta sýnist líka vera nægilegt. Eins og nú er, hefur hafnarsjóður lögtaksrétt fyrir hafnargjöldum, og eftir þeirri reynslu, sem ég fékk í þau fjögur ár, sem ég hafði með þessi mál að gera á Siglufirði, en það mun vera næstmest notaða höfn á landinu, þá tel ég lögtaksréttinn nægilegan. Það var hverfandi lítið, sem tapaðist. Öll erlend skip verða að afhenda skilríki, og við afhendingu eða afgreiðslu þeirra er auðvelt að innheimta hafnargjöld. Þetta gerir því hvorki til né frá hvað snertir erlend skip. Það eru því aðallega fiskiskipin, sem um er að ræða, en eins og nú er ástatt með útvegun rekstrarfjár til útvegsins, gæti aukning á föstum lögveðum í fiskiskipunum skapað útvegsmönnum mikla erfiðleika, því að slíkt hefði í för með sér enn meiri erfiðleika við að fá rekstrarfé hjá bönkunum en nú er.

Hins vegar held ég, að það sé ekki ástæða til að ætla, að hafnargjöldin tapist, og tel þar af leiðandi, að þetta væri mjög misheppnuð ráðstöfun, sem einungis hefði í för með sér aukna erfiðleika fyrir útveginn. Vegna þess, að þetta mál er svo fast sótt, væri fróðlegt að vita, hvað hafnarsjóður Reykjavíkur hefur tapað miklu á því að hafa ekki lögveð fyrir hafnargjöldum. En sé þetta tap svo mikið, að það sé nauðsynlegt að fá þessa breytingu fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, þá sjá allir, að það er ekki síður nauðsynlegt fyrir aðrar hafnir á landinu, sem allar hafa miklu erfiðari aðstöðu. Sem sagt, n. vill ekki mæla með þessari breytingu, því að hún telur, að það hafi óhagræði og truflun í för með sér fyrir útveginn, og sér heldur ekki ástæðu til að veita hafnarsjóði Reykjavíkur sérréttindi í þessu efni.

Um hitt atriðið er það að segja, að nokkur vafi hefur leikið á því í framkvæmdinni, hvað væru sambærileg mannvirki. Þeir, sem fylgdust með setningu l. nr. 29 1946, minnast þess líka, að nokkur ágreiningur var um þetta atriði. Sumir vildu láta hreppsfélögin njóta góðs af bryggjum einstaklinga, sem notaðar væru, og fá með því fé í hafnarsjóð, en niðurstaðan varð sú, að ekki má taka bryggjugjöld né gjöld af vörum, sem um einstaklingsbryggjur fara, í hafnarsjóð, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegum mannvirkjum til afgreiðslu skipa. Nú mun í þessu sambandi hér vera átt við olíubryggjurnar í Skerjafirði, og þó að þær séu í sjálfu sér góðar, þá virðist það langt sótt, að hin fullkomnu hafnarmannvirki Reykjavíkurhafnar séu ekki sambærileg. Hins vegar má vel vera, að rétt væri að taka af öll tvímæli um þetta atriði og setja í staðinn fyrir „sambærilegu mannvirki“ í greininni: hafnarmannvirkjum, — þannig að þetta hljóðar svo: „Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjöld né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirkjum til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstj. komi til.“ Og þar með er tekinn af allur vafi um það, að hver höfn, sem kemur upp hjá sér hafnarmannvirkjum, getur tekið gjöld af bryggjum einstaklinga, ef skip eru afgreidd þar. Þannig er öðru atriðinu í frv. um Reykjavíkurhöfn fullnægt.

Ég fyrir mitt leyti hefði helzt kosið, að 4. mgr. hefði verið felld niður, af því að ég tel hana óeðlilega. Hins vegar gat ekki orðið samkomulag um það í n., en það varð samkomulag um þessa lausn málsins. En þessi 4. mgr. 9. gr. tekur ekki, að mig minnir, nema til eins hreppsfélags á landinu, og ég veit ekki til, að frá því hafi komið beiðni um að breyta þessu ákvæði. Það sýnist því ekki vera ástæða til þess að gera till. um breyt. á því, fyrr en slíkt lægi fyrir.

Það er samkomulag innan n. að fullnægja óskum Reykjavíkurbæjar, að ekki leiki neinn vafi á því, að bærinn geti tekið vörugjald af vörum, sem fara um bryggjur einstaklinga.

Frá hendi sjútvn. ber að skoða þetta nál., sem hér liggur fyrir, sem afgreiðslu frá n. á frv. um Reykjavíkurhöfn. Og hefur n. að svo komnu máli ekki tekið aðrar ákvarðanir um það frv. Hins vegar, ef koma eindregnar óskir um það, að málið verði afgr. frá n. sérstaklega, þá mun n. taka það til athugunar og gera sínar ályktanir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Nokkru fyrir jól fluttu sex þm. Reykv. ásamt mér frv. til l. um Reykjavíkurhöfn. Þessu frv. var síðari hluta janúarmánaðar vísað til hv. sjútvn., en hún hefur ekki komið því í verk að skila áliti um frv. Hins vegar hefur hún skilað áliti um frv., sem hv. þm. V-Húnv. flytur um lendingarbætur í Hindisvík á Vatnsnesi. Og má skilja það á nál., að það eigi jafnframt að vera nál. um frv. um Reykjavíkurhöfn.

Ég vildi nú út af þessu beina þeirri beiðni til hæstv. forseta, að hann taki sem fyrst frv. til l. um Reykjavíkurhöfn á þskj. 214 á dagskrá, því að vitanlega er ekki til þess ætlazt, að ein n. leggist þannig á mál, að hún geri það að verkum, að það sé alls ekki tekið á dagskrá framar. Vitaskuld er það skylda n. að skila sérstöku nál. um þetta mál. Og afsökun hv. frsm., sem n. hefur borið við, hefur ekki við rök að styðjast.

Ég mun að sjálfsögðu geyma að ræða um

frv., þar til það verður tekið til 2. umr., og fer ég því ekki út í það að svara hinni löngu ræðu hv. frsm. n., sem gerði frv. um Reykjavíkurhöfn að aðalefni ræðu sinnar, sem raunar átti að vera um frv. um lendingarbætur í Hindisvík á Vatnsnesi.

Ég tel þó rétt í þessu sambandi að geta þess, að þetta frv. um Reykjavíkurhöfn er flutt að einróma beiðni hafnarstjórnar Reykjavíkur, vegna þess að með hinum almennu hafnarl. var Reykjavíkurhöfn svipt vissum réttindum, sem hún hafði haft áður, en það er lögveðsréttur, og auk þess rétti til þess að innheimta gjöld af bryggjum eða öðrum mannvirkjum, sem eru í eigu félaga eða einstaklinga. Frv. er því flutt til þess að fá leiðréttingu á þessu.

Reykjavíkurhöfn hefur þegar beðið nokkurt tjón vegna þess, að lögveðsrétturinn var af henni tekinn, og ummæli hv. frsm. um það, að það skipti engu máli, hvort sá réttur sé í l. eða ekki, hefur ekki við rök að styðjast. Það má vera, að gagnvart Siglufirði skipti það ekki miklu máli, en gagnvart Reykjavík hefur lögveðsrétturinn verulega þýðingu.

Ég vil fyrst og fremst undirstrika þetta, að hér er ekki með frv. um Reykjavíkurhöfn verið að fara fram á neitt fríðindi eða sérréttindaaðstöðu fyrir Reykjavíkurhöfn, heldur er beðið um að leiðrétta það, sem var af henni tekið með hinum almennu hafnarl., og að því er ýmsir telja, meira af vangá heldur en af ásettu ráði. Hitt er svo annað mál, hvort réttara er að samþykkja sérstök hafnarl. fyrir Reykjavík eða gera breyt. á hinum almennu hafnarl. Það gæti verið ástæða til þess, en hafnarstjórn taldi réttara að flytja um þetta sérstakt frv.

Reykjavíkurhöfn hefur nokkra sérstöðu vegna þess, að ríkissjóður hefur ekki greitt til Reykjavíkurhafnar nema sáralítið fé og ekki neitt í hlutfalli við það, sem greitt hefur verið til annarra staða á landinu. Þar er um mjög verulega sérstöðu að ræða.

Í öðru lagi var það svo í hinum eldri hafnarl., að þau voru mjög mismunandi, þannig að það var ekki óskað eftir því frá sumum stöðum að hafa lögveð, en hafnarstj. Reykjavíkur óskar eftir því eindregið að fá þennan rétt, sem hún hafði áður. Auk þess hefur það komið í ljós við framkvæmd hinna almennu hafnarl., að þau eru óskýr og ekki vel samin. Það gæti verið ástæða til þess, í staðinn fyrir að ganga til lagfæringar og leiðréttingar á mörgum ákvæðum þeirra, að semja ný l. En fyrir hafnarstj. Reykjavíkur er það ekkert aðalatriði. Ef þær brottfellingar á sérréttindum fyrir Reykjavík, sem gerðar voru með hinum almennu hafnarl., fást leiðréttar og ákvæðin, sem þar voru niður felld gagnvart Reykjavík, fást tekin í l. aftur, þá verður það ekki gert að ágreiningsefni, á hvern hátt það er leiðrétt.

Sem sagt, ég vil taka fram, að mér finnst þessi afgreiðsla hv. n. ákaflega undarleg og þær hugmyndir hennar, að hún þurfi ekki að skila nál. um frv. um Reykjavíkurhöfn, sem vísað var til hennar.

Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki frv. til l. um Reykjavíkurhöfn sem fyrst á dagskrá.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram, þá mun n. taka til athugunar frv. til l. um Reykjavíkurhöfn og taka afstöðu til málsins.

Ég heyrði ekki í ræðu hv. þm. Snæf., sem er borgarstjórinn í Reykjavík, nein rök fyrir því, að Reykjavík þyrfti að fá sérstök hafnarl., þegar búið er að setja ákvæði um hafnir á Íslandi í eina allsherjar löggjöf.

En eins og ég sagði í minni ræðu, ber að skoða þetta nál., sem hér liggur fyrir, sem afgreiðslu þessa Reykjavíkurhafnarmáls. Og n. mun ekki gera frekari grein fyrir því, nema sérstakar óskir komi þar um. Auðvitað verður hæstv. forseti að ákveða, hvernig hann snýst við þeim tilmælum, sem hv. þm. Snæf. beindi til hans.

Hv. þm. Snæf. sagði, að hér væri um leiðréttingu að ræða, þar sem þessi ákvæði hefðu verið felld niður í þinginu af vangá og nú væri aðeins farið fram á, að þau væru tekin upp aftur. Ég held, að þetta sé mesti misskilningur, þetta hafi verið gert alveg viljandi. Þá voru margar hafnir eða flestar hafnir, sem ekki höfðu lögveð. Og þegar gerð voru um þetta ein l., þá voru menn á eitt sáttir um það, að ekki væri hægt eða rétt að láta sumar hafnir, en ekki aðrar, hafa lögveð. Og þm. aðhylltust það þá, að réttara væri að fella þennan rétt alveg niður, sérstaklega með tilliti til þess, að það hafði ekki borizt kvörtun sérstaklega frá þeim höfnum, sem ekki höfðu lögveðsrétt.

Hv. þm. Snæf. sagði, að Reykjavíkurbær hefði þegar skaðazt á þessu. Ég óska fyrir mitt leyti eindregið eftir því, að hv. þm. Snæf. leggi fyrir n. sannanir fyrir því, hver sá skaði sé og hvað hann sé mikill vegna þess, að Reykjavíkurbær hefur ekki lögveðsrétt. Og það er vitanlega hægt að færa fram sönnur um það, alveg upp á eyri, hvað það nemi miklu, ef Reykjavíkurbær hefur skaðazt á þessu.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Snæf., að Reykjavíkurbær hefur byggt sína höfn með miklu minna framlagi frá ríkinu en aðrar hafnir hafa notið. En það þýðir hins vegar ekki að neita því, að Reykjavíkurhöfn hefur ýmsa aðstöðu og hlunnindi fram yfir aðrar hafnir á landinu og hefur lengi haft. Og nú er svo að segja öll vara, sem til landsins er flutt, fyrst flutt til Reykjavíkur og Reykjavíkurhöfn því borgað tvöfalt gjald af þeirri vöru, þegar hún kemur í höfn og fer úr henni. Þetta er aðstaða, sem Reykjavíkurhöfn hefur fram yfir aðrar hafnir, og það er styrkur, sem er ámóta og greitt væri til hafnarinnar úr ríkissjóði, því að fólkið, sem býr úti um land, þarf að borga þetta til hafnarinnar, og er rétt að minna á það.

Það er síður en svo, að ég vilji á nokkurn hátt láta Reykjavíkurhöfn standa verr að vígi til þess að afla sér tekna heldur en aðrar hafnir, enda hefur hún geysiþýðingu fyrir atvinnulíf og verzlun landsins. En það verður þó að færa rök fyrir hlutunum, áður en hægt er að

koma með slíkar kröfur eins og þessar, að Reykjavíkurhöfn hafi rétt, sem aðrar hafnir hafa ekki og hafa ekki farið fram á. Og það verður þingið að gera sér ljóst, að þegar það tekur afstöðu til lögveðs, þá er slíkt ekki bara bundið við Reykjavík, heldur lögveðsréttur fyrir hafnarsjóði almennt úti um land.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Snæf., að með þessu frv. um Reykjavíkurhöfn sé aðeins um leiðréttingu að ræða á því, sem gert hafi verið af vangá. Þetta ákvæði var ekki fellt niður af vangá. Það var mjög vel athugað, og niðurstaðan varð sú að fella niður lögveð þetta alltaf og alls staðar.

Þá sagði hv. þm. Snæf. orð, sem ég tel ógætilegt af honum að láta sér um munn fara. Hann sagði, að Reykjavíkurhöfn hefði verið svipt rétti til þess að taka gjöld af bryggjum einstaklinga. Reykjavíkurhöfn neitar því, að það beri að skilja þetta ákvæði svona, eins og hv. þm. Snæf. sagði, og það ber heldur ekki að skilja ákvæðið þannig, að hún megi ekki taka gjöld af bryggjum einstaklinga. En slík yfirlýsing sem þessi mundi veikja málstað Reykjavíkurhafnar, ef málaferli risu út af þessu. Það er því ekki rétt, að Reykjavíkurhöfn hafi verið svipt þessum rétti, það var heldur aldrei meiningin.

Ég hef tekið það fram, að ef það kynni að verða svo seinna meir, að einhver dómstóll, sem ekki teldi sig bundinn við orðalag þeirra, sem settu l., kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta væri ekki löglegt, þá vildi ég til þess að taka af öll tvímæli fella niður 4. mgr. 9. gr., en um það varð ekki samkomulag. En hins vegar taldi n. rétt, að það kæmi skýrt fram, að hafnarsjóðir hefðu vafalausan rétt til þess að taka bryggjugjöld af skipum og vörugjöld af vörum, sem fara um hafnarmannvirki einstaklinga, þar sem hafnarsjóðir hafa komið upp hafnarmannvirkjum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég tók það fram áðan, að ég mundi að sjálfsögðu ræða þetta mál, frv. til l. um Reykjavíkurhöfn, þegar málið lægi fyrir við 2. umr. þess. Ég taldi ekki ástæðu til þess að fara út í umr. um einstök atriði þess frv., þegar allt annað frv. er til umr.

En það var eitt athyglisvert í ræðu hv. frsm. n., en það var, að hann taldi, að það hefði ekki verið af vangá, að þetta ákvæði var fellt niður varðandi Reykjavíkurhöfn, þegar l. voru samin. En ég sagði, að ástæðan fyrir flutningi frv. um Reykjavíkurhöfn væri sú, að hún hefði verið svipt lögveðsréttindum. Og ég sagði enn fremur, að ýmsir litu svo á, að þetta hefði verið gert af vangá. Nú upplýsir hv. þm., að í það minnsta hvað hann snertir hafi þetta ekki verið af vangá gert, heldur af ásettu ráði. Ég vildi nú vera svo varkár að telja, að hv. þm. hafi aðeins sézt þarna yfir, en því er nú alveg neitað, og ég tel það mjög athyglisvert að fá þær upplýsingar, en ekki bætir það fyrir málstað hv. þm.

Ég mun geyma frekari umr. um þetta, þar til frv. til l. um Reykjavíkurhöfn verður tekið fyrir til umr.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, hvað hv. þm. Snæf. fylgist litið með störfum Alþingis, ef hann vill afsaka sig og telur sóma að því að afsaka sig með því, að svona ákvæðum hafi verið sleppt fram hjá aðeins af vangá. Hv. þm. veit líka, að þegar þessi l. voru afgr. á þinginu 1946, þá áttu sæti á þingi 8 þm. fyrir Reykjavík og þar á meðal borgarstjórinn í Reykjavík, sem þá var, Bjarni Benediktsson. Og ég verð að segja það, að það þyrfti að endurskoða þm. Reykv., ef þetta ákvæði hefur alveg farið fram hjá þeim. (**SigfS:** En borgarstjórinn í Reykjavík er þm. Snæf.) Já, þm. Snæf. er einnig borgarstjórinn í Reykjavík, en hann sat þá á þingi, þegar þessi l. voru afgr., en það er kannske ekki rétt að ætlast til þess, að hv. þm. Snæf. væri svo framsýnn, að hann vissi það, að hann ætti eftir að verða borgarstjóri í Reykjavík, og hafi þess vegna haft augun hjá sér eins vel og hefði þurft. En það er heldur lítill sómi fyrir borgarstjórann í Reykjavík og þm. hennar, ef þeir ætla að bera það sem rök fyrir málinu, að þetta ákvæði hafi farið fram hjá þeim af vangá. Ég mundi heldur þegja en bera fram svona rök.

Ég hef haft sérstakan kunnugleika af innheimtu slíkra gjalda, sem hér er um að ræða, — það var á Siglufirði —, af því að ég var þar bæjarstjóri í fjögur ár. Þar er ekki um lögveðsrétt að ræða, og kom það ekki að sök, þó að geysifjöldi skipa kæmi þar á höfnina.

Þegar l. voru sett, hafði ég mitt kjördæmi sérstaklega í huga og taldi mér sérstaklega bera skyldu til þess að líta eftir, hvernig málið kæmi fyrir mitt kjördæmi, og taldi ég ekki sérstaka ástæðu til þess að gera ágreining um þetta atriði. En ég taldi mér ekki skylt að fara að gera sérstakar till. og gæta sérstaklega hagsmuna Reykjavíkur, og það hvarflaði aldrei að mér, að þetta hefði þotið fram hjá hv. þm. Reykv. af vangá. En nú er það upplýst af hv. þm. Snæf., að þeir séu nú fyrst að sjá þetta, og er náttúrlega út af fyrir sig fróðleikur.

En ég mælist eindregið til þess, að lögð séu fram skýr rök fyrir því, hvað Reykjavíkurhöfn hefur orðið fyrir miklu tjóni vegna þess, að lögveðsrétturinn var af henni tekinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 401 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 419).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 419, n. 498).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.*

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur rætt þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að mæla með því, að frv. verði samþ. Þetta frv. var flutt í hv. Nd. af hv. þm. V-Húnv. og var þá aðeins um það að bæta Hindisvík á Vatnsnesi inn í hafnarl., og um það varð enginn ágreiningur þar. En við meðferð málsins í hv. Nd. varð það ofan á að bæta við annarri breyt. þess efnis að fella niður í 4. málsgr. 9. gr. l. orðin „sambærilegu mannvirki" og setja í staðinn: hafnarmannvirkjum. — Þetta mun vera gert eftir ósk hafnarstjórnar Reykjavíkur til þess að tryggja það, að viss fyrirtæki, eða líklega aðeins eitt fyrirtæki, sem á bryggju og skipar þar sjálft upp vörum, greiði hafnargjöld til Reykjavíkur. Þetta fyrirtæki hefur alltaf á undanförnum árum borgað hafnargjöld, eins og þau eru borguð samkv. reglugerð, sem gildir um Reykjavíkurhöfn. Nú mun Reykjavíkurhöfn ekki eiga sambærileg hafnarmannvirki þeim, sem hér eru höfð í huga, og yrði því ekki heimilt að taka hafnargjöld af þessum sérstöku vörum og frá því sérstaka félagi, sem þarna á hlut að máli, að óbreyttum l. En til þess að gera Reykjavíkurbæ eða höfninni mögulegt að halda áfram að innheimta þessi hafnargjöld með góðu samkomulagi við það félag, sem þarna á hlut að máli, þá hefur þessi breyt. verið samþ. við l. í hv. Nd., sem ég lýsti. — Sjútvn. sá ekki ástæðu til að gera till. til breyt. við þetta frá því, sem í hv. Nd. var gert, og leggur því til, að báðar gr. frv. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að það er dálítill misskilningur, að þetta sé gert eftir ósk hafnarstjórnar Reykjavíkur. Hafnarstjórn Reykjavíkur hefur út af fyrir sig ekki óskað eftir þessari breyt. En hafnarstjórn Reykjavíkur hefur óskað eftir að fá samþ. á Alþ. sérstök hafnarlög fyrir Reykjavíkurbæ, þar sem m. a. væri gefin heimild til þess að hafa lögveð í skipum fyrir bryggjugjöldum og einnig, að þessari gr. væri breytt nokkuð öðruvísi en hér er gert ráð fyrir. Nú vil ég benda á, að í hinum almennu hafnarl. er þessi gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:
„Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til."
Nú er hugsað, að þessu verði breytt þannig, að þetta hljóði svo: „Nú eiga einstaklingar ..." o. s. frv. „... fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirkjum til afgreiðslu skipa ..." o. s. frv.
Ég benti á það í sjútvn., að ég sæi ekki mikinn eðlismun á því, þó að þetta væri samþ. eins og hér er lagt til. Ég sé ekki, að það form, sem hér er lagt til að hafa á þessu, gefi minni rétt til viðkomandi aðila né heldur meiri rétt til Reykjavíkurhafnar til að innkalla hafnargjöld af einstaklingsmannvirkjum í Skerjafirði. Og ég get ekki séð, að þetta geti gert nokkuð til þeim aðilum, sem eiga hafskipabryggjur úti á landi, né heldur gefi þetta Reykjavík nokkurn sérstakan rétt til þess að innkalla þetta fé, ef því verður mótmælt, enda hefur hafnargjaldkerinn í Reykjavík lýst því yfir við mig, að hann óskaði ekki eftir þessu, heldur hinu, að hafnarlög verði samþ. fyrir Reykjavík. — Með þeirri skýringu, sem ég hef greint, að þetta breytir engu raunverulega, þá get ég ekki verið að greiða atkv. á móti þessari till. til breyt. og mun greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Ég vil aðeins segja, að þegar málið var til afgreiðslu í sjútvn. Ed., þá lá ekkert skrifl. fyrir um það, og enginn maður kom til þess að tala um málið við n. Hins vegar var mér tjáð af einum sjútvnm. í Nd., að till. um þessa breyt. væri gerð samkvæmt ósk Reykjavíkurbæjar eða einhvers aðila, og tók ég það svo, að það væri hafnarnefnd, sem óskaði eftir þessari breyt. á l. En áreiðanlega var þessi breyt. komin inn fyrir einhverjar óskir hlutaðeigandi yfirvalda hér í Reykjavík. — Ég skal ekki dóm á það leggja, hvort þetta breytir kannske engu, þótt það verði samþ., en aðeins að halda mér við þá niðurstöðu, að þetta var svona í n., og fullt samkomulag var um það í sjútvn. að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.*

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Dal. lýsti því yfir í dag, að hann ætlaði að bera fram brtt. fyrir 3. umr. við þetta frv. Nú er málið tekið fyrir, án þess að hann viti af. — Nú, hann kemur þá hér, svo að ég þarf ekki lengur að lesa.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er hvort tveggja, að ég er seinn til leiks til umræðu og enn fremur seinn á mér með þá brtt., sem ég ætlaði að koma fram með við þetta frv. En ég gerði ekki ráð fyrir, að þetta bæri svo brátt að.

Svo er mál með vexti, að það gengur bátur milli Hnúksness í Dalasýslu og Stykkishólms — svokallaður Langeyjarnesbátur, því að hann lenti fyrst við Langeyjarnes, en síðar við Hnúksnes, en þar er sláturhús og rétt við smjörsamlag, og eru vikulegar ferðir þaðan til Stykkishólms. Einnig er nú fyrirhugað að koma þar upp símastöð að vori, svo að þessi staður hefur mörg og mikil skilyrði til að verða lendingarstaður fyrir minni báta. Einnig er það nauðsynlegt fyrir Klofningshrepp, að þar verði komið upp höfn. Þetta verða aldrei mikil fjárútlát, enda þótt heimilað sé í frv. framlag til hafnarbóta þarna. Ég geri ráð fyrir, að þótt málið verði sent til Nd., verði nægur tími til að afgreiða það. Það var yfirsjón að koma svo seint fram með þessa brtt. Ég ætla ekki að hafa miklar umbúðir um málið. Þetta er mikið nauðsynjamál, og margt hefur verið sett inn í hafnarlög, sem minni þýðingu hefur. Ég legg því til, að samþ. verði, að aftan við 1. gr bætist: Hnúksnes í Dalasýslu. — Þessar tvær víkur geta þá fylgzt að eins og tvíburasystur, og vona ég, að ekki verði skilið á milli systra þessara, þótt önnur sé seinna fædd. Og legg ég hér fram skrifl. brtt., að aftan við 1. gr. bætist: Hnúksnes í Dalasýslu.

Forseti (BSt): Þar sem tillaga þessi er of seint fram komin og skrifleg, þarf afbrigða við.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 542) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég tók þau mál ein á dagskrá þessa fundar, sem ég áleit, að mundu ganga breytingalaust áfram, ýmist samþ. eða send aftur til Nd.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég minnist þess ekki, að nokkru sinni hafi verið neitað að taka höfn inn í liðinn um lendingarbætur, og held, að það verði ekki heldur gert nú.

ATKVGR.
Brtt. 542 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 543).

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Með tilvísun til umr., sem urðu í fyrradag um þetta mál, vil ég leyfa mér að bera hér fram brtt. við frv., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: Við 9. gr. laganna bætist ný málsgr., svo látandi: „Heimilt er að ákveða í hafnarreglugerð, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í 2 ár fyrir samningsveðskuldum.“ Þetta er eitt aðalatriðið í frv. um hafnarlög Reykjavíkur, en m. a. hafa komið fram þau mótmæli, að þetta væri bara fyrir Reykjavík, og vildi ég heimila með brtt., að þetta ákvæði komi inn í allar hafnarreglugerðir.

Ég sé ekki ástæðu til að reifa þetta frekar eða rökstyðja, en leyfi mér að vænta þess, að brtt. verði samþ.

Pétur Ottesen: Ég sé, að hv. formaður sjútvn. er ekki mættur, og ég vildi því í sambandi við brtt. frá hv. þm. Snæf. benda á það, að hv. sjútvn. hefur ekki getað fallizt á að taka þetta ákvæði upp í l., og mér er ekki kunnugt um, að afstaða n. hafi breytzt neitt í þessu máli.

Það hefur réttilega verið varað við að hlaða miklu af lögveðum á þessi mannvirki, og það leiðir af sjálfu sér, að með því eru rýrð stórlega veð fyrir öðrum lánum, bæði fasteignalánum og öðrum lánum, sem kann að þurfa að taka vegna rekstrar og útgerðar. Það er vegna þess, að varhugavert þótti að hafa þessi ákvæði, þegar lögin um hafnargerðir voru samin. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram vegna þess, að ég hef ekki orðið var við, að álit n. á þessu hafi breytzt, og þeir nm., sem hér eru viðstaddir, munu því greiða atkv. á móti brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 568) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. ræddi nokkuð um það, að lögveð mundu torvelda mjög lánsmöguleika. Það er að vísu rétt hvað snertir lögveð og sjóveð, en hér er aðallega um sjóveð að ræða, svo að óvíst er, að lögveða gæti nokkuð, þar sem þau eru í þessum tilfellum mjög lág. Enn fremur vil ég benda á það, að í brtt. er ekki beinlínis um það að ræða að lögfesta þetta, heldur er um að ræða heimild.

ATKVGR.
Brtt. 568 samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SG, StJSt, StSt, ÁÁ, EOl, GTh, GÞG, HB, HermG, IngJ, JPálm, KTh, SigfS, BG.
nei: SkG, StgrSt, ÁkJ, EystJ, HÁ, HelgJ, JG, JörB, PÞ, PO.
10 þm. (SEH, SK, BÁ, EmJ, FJ, JóhH, JS, JJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv. og endursent Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 569).

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta hefur tekið miklum breyt. í hv. Nd. Hér er heimilað, að skipagjöld verði tryggð með lögveði í skipum. Þetta er svo mikilvæg breyt., að ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá, svo að hægt verði að athuga það í nefndinni.

Forseti (BSt): Ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að það er ekki víst, að d. geti haldið nema einn fund enn á þessu þingi, en ég skal samt verða við þessum óskum, og er málið tekið út af dagskránni.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið þeim breyt. í hv. Nd., að bætt hefur verið nýrri gr. í frv., svo hljóðandi: „Heimilt er að ákveða í hafnarreglugerð, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í 2 ár fyrir samningsveðskuldum.“ — Sjútvn. hefur haft þetta til athugunar og er sammála um að leggja til, að gr. falli niður.

Þannig er mál með vexti, að í hafnarl., eins og þau voru fyrir Reykjavík, var ákveðið að hafnargjöld skyldu tryggð með lögveði í skipum, en ekki til lengri tíma en eins árs. Ef nú ætti hins vegar að heimila að setja þetta ákvæði inn í hverja hafnarreglugerð á landinu og að þetta gildi til 2 ára, gæti slíkt valdið ýmsum erfiðleikum fyrir þá menn, sem hlut eiga að máli. Nm. eru því sammála um að fella þessa gr. niður, og vil ég því leyfa mér að leggja fram svo hljóðandi skrifl. brtt. við 3. gr. frv.: „Greinin falli niður.“

Forseti (BSt): Mér hefur borizt brtt. frá hv. sjútvn. Ed., og þarf fyrir henni tvöföld afbrigði, þar eð hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 625) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, þá var ég ekki á fundi n. þegar þetta var rætt þar.

Ég játa, að það er ekki annmarkalaust að tryggja þessi gjöld með lögveði í skipunum. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að hugsanlegt er að það valdi tapi og óþægindum, ef hafnargjöldin eru látin falla á skip. Hins vegar er þar um atvik að ræða, sem ekki skipta verulegu máli og eru þess eðlis, að eigendur skipanna ættu að geta tryggt sig gegn þeim. Hér er ekki um svo há gjöld að ræða, að þau skipti verulegu máli um veðhæfni skipa. En hitt liggur í augum uppi, að fyrir hafnarsjóðina er þetta allmikilsvert ákvæði, að þessar tekjur séu fulltryggðar, og í ýmsum tilfellum ætti það að vera hagræði fyrir skipin, að þau séu ekki stöðvuð, þótt þau eigi ógreidd gjöld, því að hafnirnar geta hindrað, að skipin fái afgreiðslu, með því að gera lögreglustjóra aðvart um, að þau eigi ógreidd gjöld, og eru þau þá ófrjáls ferða sinna, unz gjöldin eru greidd. Það er því visst hagræði fyrir skipin sjálf, að hafnargjöldin séu tryggð svona, og öryggi fyrir hafnirnar, og þegar þetta er athugað, þá finnst mér sannarlega ekki, að gallarnir séu svo veigamiklir, að ástæða sé til að hrekja frv. milli deilda, og ég mun því greiða atkv. á móti brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil benda á það, að frv. getur haft þau áhrif, að vanrækt verði að innkalla gjöldin fyrr en eftir dúk og disk eða þegar hafnarsjóðunum sýnist að senda inn kröfur til bankanna, og þetta er ekki veigalítið atriði á móti frv.

Varðandi það, að þetta flýti fyrir afgreiðslu skipanna í höfn, vil ég benda á, að skipin hafa venjulega umboðsmann í höfn, sem hægt er að gera kröfu til, ef þau geta ekki greitt gjöldin, svo að það stöðvar skipin varla í höfn.

Ég tel varhugavert að samþykkja þessa heimild og legg til að fella þetta ákvæði niður.

ATKVGR.
Brtt. 625 felld með 9:6 atkv.
Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 628).

57. Kaupréttur á jörðum.

Á 17. fundi í Ed., 11. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um kauprétt á jörðum (þmfrv., A. 100).

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, var sent landbn. Ed. frá ríkisstj., og óskaði hún þess, að n. flytti frv. inn á þingið. Landbn. varð sammála um það, að engin ástæða væri til þess að neita hæstv. ríkisstj. um þá ósk að flytja frv. þetta, og þess vegna er frv. komið inn á þing frá landbn.

Frv. er ekki stórvægilegt, en hér er um að ræða breyt. á eldri l. um forkaupsrétt á jörðum, og aðalbreyt., sem hér er um að ræða, er sú, að í frv. færist kaupréttur sveitarfélaga fram yfir kauprétt leiguliða, ef þeir hafa búið skemur en fjögur ár samfleytt á leigujörð sinni, þegar salan fer fram. Hér getur verið nokkur spurning, hvort árafjöldinn, sem tilgreindur er, skuli vera þetta hár. Ég vildi leggja til, að þetta yrði bundið við þrjú ár, en hef þó skrifað undir álitið, sem samþ. var af landbn., en það var óbreytt eins og mþn., sem fjallaði um mál þetta, gekk frá því. Landbn. þessarar d. setti inn í 2. gr. frv. ákvæði um jarðhita, sem

í raun og veru hlýtur að teljast með öðrum gæðum jarðarinnar.

Ég held, að það verði alls ekki svo lítið gagn að breyt. þeim, sem gerðar hafa verið með þessu frv., því að áður hafa menn sniðgengið hreppsnefndirnar, er um sölu á jörðum var að ræða. Þetta frv. ætti því að draga mjög úr jarðabraskinu, en frv. leiðir það ekki af sér, að fullkomlega sé fyrirbyggt jarðabrask, því að hreppsnefndir geta ekki gert við því, ef t. d. er skipt á húsi í bæ og jörð í sveit. Það er ekki hægt fyrir hreppsnefnd að bjóða slík skipti. Landbn. hefur gert ráð fyrir því, að brtt. kæmu fram við frv. og ef til vill efnisbreytingar. Hér eru t. d. engin ákvæði um uppboðsjarðir, hver hafi forkaupsrétt þar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. nú, en geri ráð fyrir, að landbn. athugi það að nýju, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og grg. frv. ber með sér, þá skipaði búnaðarþing mþn. til þess að gera till. í þessu máli. Hana skipuðu þeir: Jens Hólmgeirsson, Jóhannes Davíðsson og Þorsteinn Þorsteinsson. N. skilaði að loknu starfi frv. því, sem hér liggur fyrir, og búnaðarþing óskaði þess, að það yrði lagt fyrir Alþingi. Landbrn. tók síðan málið í sínar hendur og sendi það hv. landbn. Ed. til flutnings á Alþingi.

Eins og hv. frsm. sagði, þá er það aðalatriðið með þessu frv., að sveitarstjórnum sé með því veitt ríkari heimild með forkaupsrétt á jörðum, en þó ekki, ef búið hefur verið á jörðinni um ákveðið árabil. Skal þá taka kauprétt ábúanda fram yfir kauprétt sveitarfélags. Þetta miðar í þá átt að gera bændum kleift að verða sjálfseignarbændur. En forkaupsrétturinn hindrar, að hver sem er, Pétur eða Páll, braski með jarðir, — kaupi og selji þær.

Í sambandi við þetta frv. er annað frv., sem sama mþn. gekk frá, en er ekki enn fram komið hér, og miða þessi frv. í sömu átt.

Fleira held ég, að þurfi ekki að taka fram á þessu stigi málsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil gjarnan við þessa umr. málsins segja til um skoðun mína varðandi eitt atriði, sem breytt er í frv. þessu frá því, sem áður var. Ég hreyfi þessu nú til að gefa hv. þdm. kost á því að segja álit sitt á þeim breyt., sem felast í frv. frá eldri l., og þeim stefnumun, sem í þeim felst. Í fyrsta lagi, eins og hv. frsm. tók fram, þá vantar í frv. ákvæði um það, hvernig fara skuli með jarðir, sem seldar eru á nauðungaruppboði. Hvaða rétt hefur hreppsnefndin, er svo háttar, og hver er réttur ábúanda jarðarinnar? Ég tel, að hreppsnefnd skuli hafa rétt til þess að ganga inn í hæsta boð á uppboðinu. Í öðru lagi: Hvaða reglur gilda um jarðir, sem falla í erfðir til útarfa? Ég man nú eftir einu tilfelli, þar sem jörð er skipt til útarfa í fimmtán parta. Ef jörð er skipt til útarfa, — á hreppurinn þá ekki rétt til að kaupa jörðina með útlagningarverði? Ég þekki mörg dæmi, þar sem jörðum hefur verið skipt til útarfa og meira að segja þar sem nokkrir af erfingjunum hafa verið búsettir vestur í Ameríku. Og ég vil því spyrja: Á hreppur ekki að hafa rétt til að ganga hér inn í? Ég tel, að hann eigi að fá að kaupa jörð, ef enginn ættingjanna notar hana, og það er spurning, ef ekki er um nána ættingja að ræða, hvort hreppur eigi ekki að hafa rétt til þess að kaupa jörðina á útlagningarverði.

Þessu vildi ég hreyfa núna til þess að heyra, hvernig menn taka þessu, áður en hv. landbn. tekur málið til athugunar að nýju og gerir brtt. við frv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er engin ástæða fyrir n. að vera að karpa nú um þetta, áður en það kemur til hennar kasta, en eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, er dómpraksis um meðferð jarða, sem seldar eru á nauðungaruppboði, að ábúandi hefur rétt til þess að ganga inn í hæsta boð svo og hreppsnefnd. Hins vegar mun ég verða tregur að mæla með, að hreppsnefndir geti gengið inn í arfleifð og skert rétt erfingja eða tekið jörð úr ættum. Erfingjar ættaróðala ættu að halda sínum rétti óskertum til að halda ættarjörð sinni áfram. Að öðru leyti tel ég rétt að taka af öll tvímæli í þessum efnum, en aðalvandamálið er það, hvernig fara skuli að þar, sem makaskiptasala fer fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 100, 184).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið fyrir landbn., og hún hefur athugað það. Hefur hún látið frá sér fara brtt. á þskj. 184, sem hún varð sammála um, en þar hefur orðið ritvilla, og er ekki vel hægt að breyta því nú, og verður sennilega að bera fram brtt. eða fá þskj. prentað upp. Vil ég fyrir n. hönd taka þessa till. aftur til 3. umr. Ég skal geta þess, að það eru fleiri brtt. í uppsiglingu, svo sem um það, hvernig skuli fara, þegar verða makaskipti á jörðum, sem ég býst við, að n. verði sammála um. Þá er einnig brtt. út af því, hvernig skuli fara um jarðir, sem ganga til útarfa, þ. e. a. s. þriðja erfðaflokk eða fjarskyldara. Þar um hefur ekki náðst samkomulag, og mun það verða látið bíða til 3. umr. Vona ég, að þessar till. verði fljótlega tilbúnar, svo að hæstv. forseti mætti taka málið aftur á dagskrá fljótlega til 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur lýst yfir, að von sé á ýmsum brtt. Þætti mér eðlilegt, að það yrði geymt að ljúka þessari umr., þangað til þær kæmu.

Ég vil enn fremur vita, hvort hv. frsm. vildi

ekki taka til athugunar, hvort hægt væri að fá inn í l. ákvæði um það, að ef hlutafélag á jörð, sem vel getur komið fyrir, þá gengju hluthafar fyrir um kauparétt. Virðist það ekki óeðlilegt, og vil ég biðja hv. frsm. að athuga, hvort hægt væri að fá ákvæði um það inn í lögin.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er rétt og sjálfsagt, að n. athugi þetta, áður en málið fer úr d., en þar sem ég hef ekki athugað þetta vel, get ég ekki lofað því liðsinni að svo stöddu, en skal sjá um, að n. athugi það fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 184 tekin aftur til 3. umr.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 100, 184, 196, 197).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. d. hefur orðið sammála um 2 brtt., sem hér liggja fyrir, brtt. á þskj. 184 og 197, en ég vil þó segja það um þá till., sem hér er á þskj. 184, að ég lít svo á, að hún sé ekki nauðsynleg. Ég held, að fyrir þessu verði talinn dómpraksis, að þótt uppboð væri, gilti það sama um forkaupsrétt og um aðra sölu, en n. var sammála um, úr því að gefinn væri út lagabálkur um þetta efni, að hafa svo augljós lagafyrirmæli, að ekki gæti verið vafi á, að forkaupsréttur gilti, þótt jörð væri seld á uppboði.

Um till. á þskj. 197 er einnig vafi á, hvernig dómstólarnir tækju upp þá reglu, þar sem makaskipti væru, en ekki peningasala, þegar fasteign væri seld, en skýr ákvæði eru ekki til um þetta og ekki dómvenja, svo að ég viti til. Því þótti n. rétt einnig að fara í því atriði eins langt og hún taldi fært, en því miður er eftir að komast fyrir það, þegar makaskipti eru, hvort verðið er rétt, og er oft farið kringum lagafyrirmæli í því efni. Eftir þessu lagafyrirmæli tilgreinir seljandi, hversu hátt hann metur hina fram boðnu jörð til peningaverðs, og hafa þá kaupréttareigendur heimild til þess að kaupa hana því verði. En náttúrlega er það, að þegar bæði er skipt jörð og húsum og það metið hærra en eðlilegt er, þá er erfitt að finna ráð til þess að tryggja það, að réttur forkaupsréttarhafa verði ekki fyrir borð borinn. Þetta er þó í áttina að reyna að tryggja rétt hans, og geri ég ekki ráð fyrir andstöðu gegn þessari brtt. Í n. var einnig rætt um að gera fleiri brtt., en n. gat ekki orðið sammála um að fella sig við fleiri en þessar.

Hér liggur fyrir brtt. frá þremur nm., en við tveir, ég og hv. 2. þm. Árn. (EE) gátum ekki fellt okkur við þá aðferð, sem þar er gert ráð fyrir. Við töldum, að það væri orðin gömul erfðavenja, að menn fengju að hafa nokkurn veginn rétt yfir þeim arfi, sem til félli. Við töldum fyrst og fremst rétt, að ætti að fara að breyta þessu atriði, þá yrði það gert með breyt. á erfðal. og að með slíkri breyt. yrði takmarkaður réttur útarfa, yfirleitt að erfðarétturinn næði ekki til eins fjarskyldra og nú er. Þá þyrfti ekki að hafa þetta ákvæði. Hitt töldum við erfitt fyrir menn, að geta ekki boðið forkaupsrétt, en að verða að hlíta því, sem jörðin er boðin þeim til arfs, og vera neyddir til að selja fyrir það verð. Ég held, að þetta sé ekki til bóta, en heldur til erfiðleika og óþæginda fyrir þjóðfélagið, og væri rétt að byrja á þeirri reglu að takmarka rétt útarfa og láta þá hverfa.

Auk þess vona ég, að flm. ráði bót á því, að þetta á aðeins við hreppsn., en ég hygg, að þeir hafi gert það, og sé ekki ástæðu til að tala um það. Ég álít samt, að þessi brtt. sé ekki til bóta, þvert á móti, enda klofnaði n. um hana.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og frsm. þessa máls tók fram, gátum við ekki orðið sammála. Við þrír erum með brtt. á þskj. 196, og skildum við bæði á honum og 2. þm. Árn. (EE), að þeir upphaflega væru með þessu, en þeir vildu ekki láta það koma í þessum l., heldur sem breyt. á tilskipun um erfðir. Breyt. á erfðal. liggur ekki fyrir hér, og þess vegna er ekki hægt að taka þetta upp nema að taka upp breyt. á þeim, en okkur fannst nauðsynlegt að breyta þessu nú þegar, og þess vegna lögðum við fram brtt. á þskj. 196.

Það er rétt hjá hv. þm. (ÞÞ), að eins og þetta er orðað hér, getur það kostað erfiði fyrir bónda að ná sínum rétti, og þess vegna er ég með skrifl. brtt. hér, að í staðinn fyrir orðið hreppsn. komi: forkaupsréttarhafar.

Ástæðurnar til þessa eru tvær. Brtt. byggir fyrst og fremst á því, þegar jörð fellur til skipta og þegar útarfar eiga að fá arfspart. Það er ákaflega nærtækt dæmi hér úr næstu sýslu, þar sem dó gamall, efnaður bóndi og erfingjar hans voru útarfar — ekki aðeins hér á landi, heldur og í Ameríku. Þessi jörð liggur þannig í sveit, að hreppnum er afar mikils virði að fá hana. Skiptaráðandi hefur látið meta hana sérstaklega, og er hún metin á 80 þús. kr. í arf, og vitað er, að hreppurinn mundi glaður kaupa hana því verði og jafnvel hærra. Nú eru mestar líkur til, að einn útarfinn nái samkomulagi um að kaupa af hinum til þess svo að selja jörðina hreppnum og græða á því. Við sjáum ekki ástæðu til, að þetta verði, og sjáum ekkert réttlæti í því, að jörðin falli til útarfa, til þess að þeir geti grætt á henni, þegar þetta eru svona fjarskyldir menn. Þetta dæmi er mjög ljóst og sýnir, hve óheppilegt það er að láta skipta svona til útarfa. Hin dæmin eru líka mörg, að jörð sé skipt í marga parta. Ég þekki jörð, sem er skipt í 24 parta og enginn ábúandi býr á, heldur er hún nýtt af mönnum, sem borga fyrir það leigu. Ég veit líka um jörð, sem skipt er í 15 parta. Enginn erfingi þeirrar jarðar var í sveitinni, þar sem hún lá, og helmingur þeirra er í Ameríku, en hinir á víð og dreif um landið. Það orkar ekki

tvímælis, að bóndinn, sem á jörðinni bjó, hafði fengið leyfi hjá skiptaráðanda til að kaupa hana. Nú eru liðin 3 ár, og hann hefur verið að leitast við að fá partana keypta, en enn þá er hann ekki búinn að ná í þá alla. Það er sjálfsagt fyrir löggjafann að koma hér á móti og reyna að fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir, þegar bændur óska eftir að fá jarðirnar keyptar með sanngjörnu verði. Það er þá skiptaráðanda að láta meta jörðina og sjá til þess, að erfingjarnir fái það matsverð fyrir hana.

Til þess að ráða bót á þessu er þessi tillaga, sem við flytjum hér, og þeir tveir, sem ekki fylgja henni, gera það af einhverri gamalli tryggð við erfðirnar, og þeir kunna ekki við að ganga á móti hinum gömlu venjum erfðatilskipunarinnar. Þetta er ekki nema lítið brot, sem við viljum takmarka og ekki frekar en það, að forkaupsréttur fáist eftir mati og að erfingjarnir fái peninga, sem hér er um að ræða og þeim ber eftir virðingu jarðarinnar. Hvað hafa menn í Ameríku að gera með jörð hér úti á Íslandi? Þetta er breytingin, sem við viljum fá og eigum að fá.

Ég skal þá leyfa mér að leggja fram brtt., hvort sem hún verður skoðuð sem leiðrétting eða ekki. Ég læt hæstv. forseta ráða því.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var ætlunin að tala til frsm., en hann þurfti að fara af fundi. Í rauninni hef ég fátt að segja annað en það, sem fram kom í ræðu hv. þm. Dal. Hann gaf í ræðu sinni skýringu á því, hvers vegna við tveir gátum ekki fylgt þeirri brtt., sem hinir þrír bera fram á þskj. 196.

Nú hefur hv. þm. N-M. skýrt það málefni frá sínu sjónarmiði, og vildi ég því árétta skoðun okkar tveggja nm. með nokkrum orðum. Ég álít nú, að ef ætti að fara út í þá sálma, þá stæði þetta atriði nær erfðal. heldur en ábúðarl., og kemur það skýrast fram í því, sem segir í brtt. hinna þriggja þm. sjálfra, að það, sem þeir vilja, er, að forkaupsréttarhafi fái jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs. Nú vita það allir, að t. d. eftir gangverði og arfsverði skýtur nokkuð skökku við nú á tímum. Ég held, að þar sem um slíkt er að ræða til arfs, þá sé venjulega farið eftir fasteignamatsverði, en raun ber vitni um, að gangverð er allt annað verðlag heldur en fasteignamat, svo að þetta yrði af þessum ástæðum mjög mikil skerðing á eignarréttinum eins og hann liggur fyrir hverju sinni. En látum það vera. Hv. 1. þm. N-M. nefndi sem dæmi, að utanfarir hingað og þangað væru tíðar, t. d. til Ameríku. Það finnst mér ekkert afgerandi. Ef það hefur verið réttmætt á sínum tíma, að Íslendingar, sem höfðu verið hér heima, en voru búsettir í Ameríku og orðnir borgarar þar, mættu ekki eiga slíkan jarðarpart, þá er það einnig mál út af fyrir sig. Ég játa það, að það, sem hv. 1. þm. N-M. hefur fært hér fram, getur haft við nokkur rök að styðjast. Það getur undir vissum kringumstæðum verið óhentugt, að jarðir á þennan hátt, með útarfaskiptum, lendi sín í hverri áttinni, og getur óhagræði af því staðið fyrir ábúanda. Ég játa það, að þetta getur komið fyrir og orðið heldur til óhagræðis við eigendaskipti á jörðinni, að hún kemst í eign ýmissa erfingja. En ég álít, að það sé annað atriði, sem kemur hér til greina, sem frá mínu sjónarmiði veldur meira heldur en þetta hugsanlega óhagræði um ráðstöfun á jörðinni, og hv. 1. þm. N-M. gat alveg réttilega um það, að það væri eiginlega festan við gamlar erfðavenjur, sem héldi manni frá því að vilja fylgjast með svona lagaðri breyt., umfram þær ástæður, sem ég hef til greint, að þetta ætti heima í annarri lagasetningu heldur en kauprétti á jörðum. Það hefur lengi verið, að sá, sem í sveita síns andlitis hefur notað jörðina og bætt hana, að hún hefur orðið honum harla kær og hann hefur viljað vera þar til hins síðasta, og það er venjulega hans síðasti vilji, að þeir, sem honum eru næstir, skuli njóta þessara eignagæða sinna. Sú hugsun liggur þarna á bak við, sem er það geðþekk og kær, að ég játa það blátt áfram, að það veldur því, að ég vil ekki slá striki yfir það og segja: Þetta á engan rétt á sér, af því það veldur öryggisleysi um ábúðina og framtíðarfyrirkomulag um mat eignarinnar. — Það er nú líka svo um þessa útarfaparta, sem hér eru teknir til athugunar, að þótt það geti slegið á dreif eignarréttinum með þessu, þá eru þetta undir þessum kringumstæðum smáhlutir, sem hafa óðalsréttindi, og getur það því tæplega verið hættulegt þjóðfélaginu. Það er óðalseignin, sem liðast í sundur milli náinna skyldmenna, og ef þá langar til að eiga þetta áfram af tryggð við þennan part ættfeðra sinna, þá það, og ef þeir vilja selja það öðrum, þá er forkaupsrétturinn, sem áskilinn er með lagafrv., mjög hentugur. Það er gott, að það skuli vera séð við þeim leka í frv., sem fyrir var, það er einmitt til þess gert.

Ég vil svo enda mál mitt með því að segja, að það er mjög hentugt að einskorða sölu-, umráða- og eignarréttinn við nauðsynina, eins og gert er í frv., og hafa sem traustast um búið að fyrirbyggja brask með þessar eignir, og láta þar réttháfa verða sveitarfélagið og ábúendur.

Frv., eins og það liggur fyrir, með þeim breyt., sem hér liggja fyrir, finnst mér æskileg réttarbót og vona, að það verði samþ., en ég treysti mér ekki til að fylgja brtt. á þskj. 196.

Umr. frestað.

Á 44. og 45. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 100, 184, 196, 197, 215).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er nú orðið langt um liðið, síðan þetta frv. var hér til umr. Það var fyrir þinghléið, og var þá 3. umr. frestað, en nokkrir höfðu þá verið búnir að tala í málinu.

Af því, hvað langur tími er liðinn, vil ég sem frsm. frv. fara nokkrum orðum um það. Ég var áður búinn að lýsa því yfir fyrir hönd landbn., að hún er sammála um þær brtt., sem eru á þskj. 184 og 197, en um brtt. á þskj. 196 er dálítið öðru máli að gegna. Þrír af nm., meiri hl., kom fram með þessa brtt. Við í minni hl. höfum litið þannig á, að þessi brtt. ætti ekki beint heima í þessu frv., því að það atriði, sem hér er um að ræða, er á þá leið, að ef fjarskyldir erfi, geti forkaupsréttarhafar gert kröfu til þess að fá sér jarðeignina útlagða með því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs. Í þessu tilfelli er ekki um að ræða kaup eða sölu, en alls staðar annars staðar í frv. er um það að ræða og forkaupsrétt í því tilliti. Hér á aðeins að verða yfirfærsla á eignarréttinum, án þess að það fari fram nokkur athöfn, sem sé kaup eða sala. Ég tel einnig mjög vafasamt, hvort þetta ákvæði stappi ekki nærri því að rekast á stjskr., því að það á að vera þörf fyrir að taka þetta. Þetta er ekki að ganga inn í kaup, heldur að taka eignarnámi, og þá þarf að vera þörf fyrir það og komi fullt verð fyrir, en í þessu frv. getur verið vafi á því, hvort þörf er fyrir þessar aðgerðir og hvort fullt verð komi fyrir. Ég skal ekki fullyrða, hvort árekstur yrði af þessu, en vil vara hv. d. við slíkum árekstri, ef svo væri.

Aftur er önnur leið, sem liggur opin fyrir. Ég álít, að eins og sakir standa og eins og ættarböndin voru, þar sem fjórmenningar eða — eins og það var eftir eldri l. — fimmmenningar voru skyldir til framfærslu, sé nú orðin sú breyt. á, að það sé ástæða til þess að fara að gera þá breyt. líka að láta erfðaréttinn ekki ná lengra en til afa og ömmu, en nú nær hann til langa-langafa og ömmu og þeirra niðja. Ég tel rétt að breyta erfðatilsk. frá 1850. Ef henni yrði breytt, þyrfti aldrei að koma til þess arna, sem rætt er um í brtt. Þetta vildi ég taka fram. Ég er ekkert hrifinn af því, að útarfar svo fjarri að skyldleika taki við eignum frá arfleifanda, og að því leyti er ég meðmæltur þessari brtt., en hitt er það, að ég tel aðra leið til þess að fá þessa breyt. fram miklu eðlilegri en þá að fara að neyða hana inn í l., sem ekki eiga við um það atriði.

Ég vildi óska þess, að flm. vildu taka aftur þessa till., og ég skyldi ekki hafa á móti því að ganga til móts við þá um að takmarka erfðaréttinn eins og ég drap á og ég tel réttara og heppilegra.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst þá, að þetta mál liggi þannig fyrir, að allir nm. séu sammála um brtt. á þskj. 184, enn fremur að allir nm. séu sammála um brtt. á þskj. 197, en að ágreiningur sé um brtt. á þskj. 196, sem við flytjum þrír.

Eftir því, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Árn. (EE), þegar rætt var um þetta hér í d., en hann talaði síðastur, og svo núna hjá hv. frsm. n., þm. Dal. (ÞÞ), er það tvennt, sem þeim finnst athugavert við þessa till. á þskj. 196, og þó skil ég ekki aðra ástæðuna.

Annars vegar tala þeir um, að ekki sé við-

eigandi að setja hér í þessi l. ákvæði eins og er á þskj. 196 um, að hreppsn. hafi rétt til að ganga inn í kaup á jörðum, sem falla til útarfa, en þeim finnst það eiga við að gera það með því að breyta erfðatilsk. frá 1850 og segja, að hún sé orðin úrelt. Ég er þeim sammála um það, að erfðatilsk. sé miklu meira en úrelt. Hún er á móti þeim hugsunarhætti, sem nú ríkir hér hjá okkur. En úr því að hún er orðin svona úrelt, er það miklu minni riftun að heimila hreppnum að kaupa jörðina heldur en að taka hana af. Það er alveg gefinn hlutur, að í mörum tilfellum yrði ekki hugsað um að kaupa, og jörðin mundi falla til útarfa. Það er þess vegna miklu minni röskun að samþykkja till. okkar og heimila forkaupsréttinn heldur en að afnema ákvæðin alveg. Síðast þegar ég talaði, nefndi ég þrjú dæmi.

Fyrsta dæmið, sem ég nefndi, er tilfelli, sem liggur fyrir hjá skiptaráðanda Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hér á sæti á þ., en er hér ekki staddur nú. Það dó barnlaus bóndi í umdæmi hv. þm., og jörð, sem hann á, fellur til útarfa, sem sumir eru ekki einu sinni hér á landi. Það hagar svo til með þessa jörð, að það er eina jörðin í sveitinni, þar sem hægt er að gera lendingarbætur og höfn, en útræði er úr hreppnum. Nú er það svo, að hreppurinn vill eignast þessa jörð til þess að hafa ráð yfir þessu landi. Skiptin á þessu eru nú búin að standa yfir í þrjú ár, og það mun nú vera svo, eftir að búið er að fara fram mat á jörðinni — ekki fasteignamat, því að sýslumaðurinn hefur fundið ástæðu til að láta fara fram raunverulegt mat á jörðinni —, eftir að búin eru að fara fram bréfaskipti milli erfingjanna, hafa þeir komið sér saman um að láta einn erfingjann austur á landi — í mínu kjördæmi — fá jörðina á 80 þús. kr., en hann ætlar að selja hreppnum hana á 190 þús. kr. Ég sé ekki ástæðu til að láta þennan erfingja græða á þessum frænda sínum, sem hann hefur aldrei séð, og vil láta hreppinn fá jörðina á það, sem hún er metin, en ekki láta einstaka menn mata krókinn á henni.

Ég nefndi jörð, sem er í 15 pörtum, og maðurinn, sem á henni býr, er búinn að ná í 3 parta. Sumir erfingjanna eru ekki á Íslandi. Maðurinn fær jörðina ekki keypta — ekki af því að erfingjarnir vilji ekki selja, heldur af því að það er svo erfitt að ná til þeirra. Í þessu tilfelli hefði átt, eins og hjá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að meta jörðina til verðs og gefa ábúandanum kost á að kaupa fyrir það verð.

Ég skal ekki nefna fleiri dæmi, en þessi dæmi sýna það, að þessa ákvæðis er brýn þörf, og einmitt af því, að það er ekki alltaf, sem þessu er beitt, — einmitt af því er það eðlilegra að setja þetta ákvæði inn í þessi l., en ekki inn í tilsk. um erfðir.

Hin ástæðan, sem þeir telja á móti þessu, er sú, að ekki sé um kaup að ræða, þessi l. séu bara, þegar jörðin sé seld, en þegar eigendaskipti verði fyrir erfðir, sé ekki um kaup að ræða og þess vegna sé óeðlilegt að tala um það í þessum l. Mér skilst, að þetta sé orðaleik-

ur og annað ekki, að segja, að þetta séu ekki kaup. Ég skil þetta ekki og skil ekki, að þeir, sem finnst, að tilskipunin frá 1850 sé orðin úrelt, skuli ekki vilja ganga inn á þá litlu breyt., sem hér er um að ræða og mundi tvímælalaust gera mikið gagn í þeim dæmum, sem ég nefndi. Annað er nú liðið, svo að ekki kemur til með það, en hitt er ekki liðið, svo að þessi till. getur gert sitt gagn þar. Ég vil eindregið mæla með því, að þessi till. verði samþ.

Ég skal benda á brtt., sem ég lagði fram skriflega fyrir þingfrestunina, sem kom fram fyrir bendingu frá hv. þm. Dal. og nú er búið að prenta á þskj. 215. Brtt. þessi er við till. á þskj. 196, en það mætti skoða hana sem leiðréttingu, þó að hún komi fram sem sérstök brtt.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er óþarfi að vera að teygja lopann lengi um þetta mál. Ég held, að hv. þdm. skilji, hvernig það atriði liggur fyrir, sem hér er verið að deila um.

Hv. þm. N-M. (PZ) sagði, að það væri minni röskun að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, heldur en að breyta erfðatilsk. sjálfri. Ég játa, að það er rétt, því að það er engin röskun á erfðum í sjálfu sér. Hitt er það, að það er gengið á rétt þeirra manna, sem löggjafinn hefur veitt þennan erfðarétt. Og meðan þeir hafa hann, er það skylda löggjafans að sjá um, að ekki sé gengið á hann. En hitt er það, að ekki er ástæða til að halda erfðaréttinum óbreyttum. Það horfir allt öðruvísi við, og ef farið yrði að breyta erfðatilskipuninni á annað borð, yrðu afnumdir þeir liðir, sem brtt. á þskj. 196 á við. En ef farið er að koma þessu ákvæði hér inn, verður það meira til málaferla en gagns. Það má vera, að það sé eðlilegt, að forkaupsréttarhafar geti fengið að kaupa undir þessum kringumstæðum, en til þessa árekstrar kemur ekki, ef breytt er erfðatilsk. Ég held því fram, að það sé miklu réttara og eðlilegra að breyta henni, og ég álít, að ef þetta ákvæði verður sett hér inn, verði það gert að nauðsynjalausu, og get ég ekki fellt mig við að greiða því atkvæði, eins og sakir standa. Ég bendi þess í stað á þá leið til að ráða fram úr þessu, sem er eðlileg og sjálfsögð og í fyllsta máta heppileg.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að segja mikið um frv. og brtt. við það. Hv. þm. N-M. hefur prýðilega gert grein fyrir sjónarmiði okkar þremenninganna, sem felst í þessari brtt., en ég vil benda á, að í 8. gr. frv. segir: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.“ Það var búizt við, að þau yrðu tilbúin fyrir þann tíma. Nú er þessi tími liðinn, og þarf því að breyta þessu. Ég leyfi mér því að leggja hér fram skrifl. brtt., þar sem segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 278) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 184 samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 215 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 196, svo breytt, felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, ÁS, BK, BrB, HV.

nei: LJóh, ÞÞ, BBen, EE, GJ, BSt.

5 þm. (HermJ, JJós, PM, StgrA, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 197 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 278 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 279).

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 431, 433).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Ed., og hefur landbn. athugað það nokkuð. Við þessa athugun hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að ástæða sé til að setja skýrari ákvæði en eru í 2. gr. frv., að því er snertir, hvaða jarðir skuli vera undanþegnar þessu ákvæði. Í frv. hefur þess ekki verið gætt, að um óðalsjarðir gilda sérstök l. og sérstakar reglur um ábúð þeirra. N. var sammála um, að ekki kæmi til mála að draga þær inn í þetta frv. Sama gildir um þær jarðir, sem í þeim l. eru nefndar ættarjarðir. Þetta er meira skýringaratriði en breyt.

Í 2. brtt. er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir 4 ár komi 3 ár. Í óðalsréttarl. er einnig miðað við 3 ár, og þetta ákvæði verður því í samræmi við önnur ákvæði í gildandi l.

Tveir hv. nm. hafa flutt brtt. við frv. Um hana ræði ég ekki. Þeir munu gera grein fyrir henni. En n. leggur til, að þessar brtt. verði samþ.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG) flutt hér brtt. á þskj. 433. Brtt. er við 4. gr. frv. og fjallar um það, að falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6., 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850, skuli hreppsnefnd fá forkaupsrétt að jörðinni við því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs.

Þessi tilskipun frá 1850 er sjálfsagt orðin að ýmsu leyti úrelt og þyrfti breyt. við. Ég sé, að hér er komin till. til þál. um það, að farið verði að vinna að endurskoðun á henni. Oft er það með jarðir, að þær geta skipzt á milli mjög margra, og þá verður að koma slíkum jörðum á eina hönd, svo að hægt sé að hafa þær til ábúðar á eðlilegan hátt. Það er þá heppilegt að tryggja hreppsnefndunum forkaupsrétt á jörðum, sem þannig stendur á um. Sams konar

brtt. lá fyrir Ed. og var felld þar. Heyrði ég, að sumir, sem voru á móti henni, töldu hana réttmæta, en töldu að öll erfðatilskipunin þyrfti endurskoðunar við og væri því ástæða til að taka hana til athugunar. En við lítum svo á, að rétt sé að gefa sveitarstj. möguleika til þess að tryggja það, að jarðirnar verði í ábúð á eðlilegan hátt.

Þetta er ekki stórmál, og mun ég ekki ræða það nánar, en atkvæði munu skera úr um úrslit þess.

Hv. frsm. n. hefur mælt með brtt. á þskj. 431. Ég skal geta þess, að þótt ég gengi til samkomulags inn á það að breyta þessu úr fjórum árum í þrjú ár, tel ég það vafasamt, að þessi brtt. sé rétt frá mínu sjónarmiði. Ég viðurkenni, að hún sé ef til vill í samræmi við óðalsréttarl., og vildi því ekki gera þetta að deiluefni. Ég tel nauðsynlegt að tryggja hreppsn. nokkur völd yfir jörðum innan sinna takmarka, eins og ég lít á það, að jarðir, sem eru innan kaupstaðanna, eigi að sem mestu leyti að vera í umsjá bæjaryfirvaldanna þar. Það er vitað, að það er til stórvandræða, hvernig jarðirnar eru keyptar upp af utanhéraðsmönnum og jarðirnar þannig lagðar í eyði. Stundum er maður fenginn til að búa á jörð sem leppur þann tíma, sem tilskilinn er, og svo heimtaður kauparétturinn. Með því að tíminn sé lengdur, er síður hægt að koma þessu við.

Ég skal ekki fara nánar út í þetta. Ég fylgi auðvitað þeirri brtt., sem n. leggur fram, og vil vænta þess, að einnig mín brtt. fái fylgi.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. N. gat ekki orðið samferða í þessu máli, og liggja til þess tvær ástæður. Önnur ástæðan var sú, að brtt. um þetta sama efni var felld í Ed., og gæti því orðið nokkur hætta á, að málið mundi tefjast, þegar nú er vitað, að það líður að þinglokum. Hin ástæðan er sú, að fram er komin till. um að afnema þessi gömlu ákvæði, og virðist því ekki ástæða til að taka málið sérstaklega upp, meðan á undirbúningi nýrra erfðalaga stæði. Þetta voru í stuttu máli þær ástæður, sem fyrir okkur vöktu.

Við nm. erum sammála um, að nauðsynlegt sé, að þetta frv. nái fram að ganga, og eru ástæður þær, sem síðasti ræðumaður nefndi, í alla staði réttmætar. Það er búið að sýna sig, að það er full ástæða til þess, að sveitarfélögin hafi íhlutunarrétt um það, hverjir fara með jarðirnar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vildi rétt segja örfá orð um það mál, sem hér er til umr. og komið er frá Ed.

Ég skal fyrst taka það fram, að frá mínu sjónarmiði er það töluvert mikið vafamál, að rýra rétt leiguliðanna á jörðunum til forkaupsréttar, því að frá mínu sjónarmiði séð er það nauðsynlegt, að sem allra flestar jarðir séu í sjálfsábúð, og ég fyrir mitt leyti er ekki hlynntur því að stuðla að því, að jarðirnar komist í eigu sveitarfélaganna. Mér þykir því þessi frestur, sem til er tekinn í brtt., of langur. Hann hefði gjarnan mátt vera ekki nema 2 ár, því að ég álít, að leiguliðar eigi að ganga fyrir um kaup á jörðunum. En ég hef gengið inn á að leggja til, að fresturinn verði 3 ár, eins og á sér stað í ríkjandi lögum um ættaróðal og óðalsrétt.

Viðvíkjandi brtt., sem lögð er fram af hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) og 8. þm. Reykv. (SG), að gera meiri breyt. viðvíkjandi rétti skyldmenna, er ég henni alveg mótfallinn, ekki einasta af þeim orsökum, sem frsm. tók fram, heldur af því, að ég vil ekki ganga á rétt erfingja umfram það, sem segir í erfðal. Það er komin fram þáltill. um að breyta erfðal. Ef það verður gert, kemur þetta til athugunar, en ég vil mælast til þess, að þm. samþykki ekki brtt. á þskj. 433.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég tel þetta frekar lítið mál, sem ekki sé mjög áríðandi að koma í gegn. Enda þótt þess kunni að vera einhver dæmi, að leiguliðar séu hafðir fyrir leppa, þá held ég, að þau séu mjög fátíð.

Sem sagt, ég mun fylgja frv. með þeim brtt., sem n. hefur lagt til, en mæli móti brtt. á þskj. 433.

Steingrímur Steinþórsson: Ég mun ekki fara að halda uppi málþófi um þessa hluti, en vildi út af því, sem frsm. n. sagði, segja það, að þótt komin sé fram þáltill. um, að endurskoðun skuli fara fram á tilskipuninni frá 1850, er ekki þar með sagt, að þetta verði framkvæmt undireins, og af þeim ástæðum finnst mér ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja rétta og eðlilega brtt. á því, sem þar gildir. Ég þekki svo vel, hvílíkum erfiðleikum það er bundið, þegar jarðir hafa lent í eigu margra útarfa, að sameina jarðarpartana aftur og held, að allt, sem gert er í því skyni að fyrirbyggja það — þar á meðal það að veita sveitarstjórnum forkaupsrétt — sé spor í rétta átt. Ég geri ráð fyrir, að sveitarstjórnirnar líti á þetta frá sama sjónarmiði og mundu nota sér forkaupsréttinn, hvort sem það væri til eigin þarfa eða til þess að bæta úr fyrir þeim mönnum, sem hafa orðið fyrir barðinu á l.

Ég skal ekki karpa um það við hv. þm. A-Húnv., hvort mikil brögð eru að því, að menn hafi verið notaðir sem leppar við jarðakaup. Frá mínu sjónarmiði er nægilegt, að það hafi verið einn maður, en ég get upplýst hv. þm. A-Húnv. um það, að það eru til fleiri dæmi en eitt. Jarðirnar eru teknar úr búrekstrinum og notaðar til skemmtunar. Ég get nefnt hv. þm. A-Húnv. mörg dæmi um þetta. Ég gæti nefnt honum dæmi um hreppa, sem liggur við, að séu að fara í eyði vegna þessa. Það er eitt dæmi um slíkan hrepp hér nálægt. Þeir menn, sem keypt hafa jarðirnar, taka þær ekki til venjulegra nytja, og þótt sumar af framkvæmdum þessara manna megi skoða til nokkurra nytja, eins og það, þegar menn girða landið til þess að koma þar upp skógrækt, er það ekki gott frá sjónarmiði hreppanna. Það er einmitt af þessu, sem ég álít, að sveitarstjórnirnar eigi að hafa atkvæði um þetta allt.

Jón Pálmason: Ég vil taka það fram út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um örðugleika á því að fá jarðir í verulega góða ábúð, ef þeim er skipt til útarfa, að það er alveg rétt, en það þarf ekki útarfa til. Það hefur komið fyrir, að það valdi örðugleikum að koma jarðeign á eina hönd, þótt ekki sé um að ræða nema börn hins fráfallna bónda, og í því efni er ekki nein breyt. hvað það snertir, þó að það geti í vissum tilfellum orðið fleiri menn, ef margir útarfar eru, heldur en ef böndin eru nær. Þetta fer eftir því, hvernig stendur á á hverjum stað. Viðvíkjandi aðalatriðinu í frv. þá verð ég að segja það, að þótt gengið sé inn á þetta, þá er það engin trygging fyrir því, að jarðir geti ekki farið í hendur þeirra, sem ekki er heppilegt að eigi þær, — utanhreppsmanna. Ég býst við, að það sé rétt, að það hafi verið leppaður kaupréttur á jörðum, ekki til þess að koma jörðinni úr höndum sveitarfélagsins, heldur til að varna öðrum einstaklingum að fá jörðina. Ég veit ekki um neitt dæmi, að jörð hafi verið seld þannig, þar sem sveitarstjórnin hefur ekki afsalað sér kaupréttinum, því að sveitarstjórnirnar hafa ekki fjármagn til þess að kaupa mikið af jarðeignum. Þess vegna er það út af fyrir sig ekki nein trygging, þó að það sé í sjálfu sér ekki neitt á móti því, að þetta séu 3 ár, fyrst á að láta þetta frv. ganga fljótt í gegn.

Pétur Ottesen: Ég vildi benda á það út af brtt. á þskj. 433, að mér skilst, að hún sé í ósamræmi við ákvæði þessa frv. að öðru leyti, því að þar er gert ráð fyrir því, að þegar jarðir ganga kaupum og sölum, þá fái ábúandi jarðarinnar rétt til kaupa á jörðinni, ef hann hefur, samkvæmt frv. eins og það er nú, búið 4 ár á henni, en eftir brtt. n., ef hann hefur búið í 3 ár. Nú getur farið svo, að jörð, sem fellur til margra eigenda við erfðir, sé í leiguábúð, og samkvæmt frv. að öðru leyti ætti ábúandi að hafa forkaupsrétt að jörðinni, ef um sölu er að ræða, ef hann hefur búið 3—4 ár á henni, en samkvæmt þessari brtt. er hann útilokaður frá þeim rétti, því að það segir í till., að þá skuli, þegar svo stendur á, að skipti með erfðum eru samkvæmt 6., 7. og 8. kafla erfðal., hreppsnefnd eiga rétt á að fá jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs. Þetta finnst mér full ástæða til að athuga í sambandi við afgreiðslu þessa máls og fara ekki þannig að gera upp á milli, þó að svona standi á. Vil ég þess vegna vekja athygli á þessu.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel mjög vafasamt, að rétt sé að fara nú á þessu stigi málsins að gera slíka breyt. á erfðal. eins og felst í þessari breyt., því að þannig hefur verið litið á, að sú eign, sem fellur einhverjum manni til við erfðir, sé til óskoraðra umráða viðkomandi manns og það án tillits til þess, hvort um fleiri en einn erfingja er að ræða, og líka án tillits til, í hvaða röð erfingjarnir eru. Þess vegna er hér verið að gera grundvallarbreyt. á viðurkenndum eignarrétti með þessari breyt. Það getur vel skeð, að breyt. hafi orðið á hugsunarhætti þjóðarinnar og löggjafans, síðan löggjöf um þetta var sett 1850, svo að ástæða þyki til að gera slíka breyt., en þá ætti sú breyt. að koma fram á löggjöfinni í heild, en ekki að smeygja slíku inn í önnur óskyld frv.

Fyrir þessar sakir, sem ég hef lýst, mun ég ekki greiða þessari breyt. atkv.

Steingrímur Steinþórsson: Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. Borgf., að það er nýtt, sem þarna kemur inn, og það er vafalítið, að það eru önnur ákvæði, sem eiga að gilda um þessar jarðeignir útarfa heldur en hinar. En ég lít á þetta fyrst og fremst frá sjónarmiði sveitarfélagsins. Ég þekki vel, hvernig búið er á jörðum, þar sem eigendur eru margir og jarðirnar eru hlutaðar niður í smábúta, svo að það er lítt mögulegt að sameina þetta í eina heild sem sjálfstæða bújörð, og ég álít alveg réttmætt að gefa sveitarstjórnunum heimild til þess að grípa fram í og geta sameinað, þegar svo stendur á, slíkar jarðeignir. Þegar þetta heyrir til útarfa langt út, þá hef ég ekki svo ríka tilfinningu fyrir því, að það sé verið að fara illa með slíka erfingja, þótt þeir verði að láta af hendi þessa jarðarskika fyrir það verð, sem þeim er lagt þetta út við arfaskipti, og þá virðist mér þeir fá fullt verð fyrir þetta, og stangast það því ekki við þau ákvæði stjskr. að skylt sé, að menn fái fullt verð fyrir eign sína, þar sem þeir einmitt fá það verð fyrir hana, sem hún er lögð erfingjum til arfs.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 431,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 433 samþ. með 13:9 atkv.
— 431,2 samþ. með 17:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 452).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78., 79. og 81. fundi í Ed., 15., 16. og 18. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 452, 521).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er endursent frá hv. Nd. Það var orðið

mjög svo sæmilegt, eins og við í hv. d. vorum búnir að ganga frá því, en kemur nú aftur sýnu verra heldur en það fór héðan. Reyndar voru hér gerðar á því óþarfa breyt. varðandi óðalsjarðir, en þær máttu þó gjarnan vera til skýringar, og hef ég ekkert við þær að athuga. — En svo hefur þarna hálfgerð laundóttir hv. 1. þm. N-M. komizt inn í frv. í hv. Nd. (PZ: Hef ég ekki kannazt við hana?), þ. e. 2. mgr. 4. gr., og þess vegna er nú frv. komið hingað aftur.

Ég get sagt það strax, að í raun og veru skiptir það ekki svo miklu máli efnislega, hvort þessi gr. verður samþ. eða ekki, þar eð ég geri ráð fyrir því, að á næsta Alþ. verði erfðaréttarl. breytt þannig, að það hverfi alveg, sem þetta ákvæði nær til. En eins og ég hef áður sagt hér í hv. d., álít ég, að þessi breyt. stappi mjög nærri því að koma í bága við stjskr., og þar að auki á þetta ekkert skylt við þetta frv. um kauprétt á jörðum. Í frv. er aðeins talað um það, hverjir megi hafa forkaupsrétt á jörðum fyrir það verð, er seljandi þeirra getur fengið hæst fyrir þær á hverjum tíma, en þessi brtt. er þannig, að þeir, sem taka arf eftir fjarskylda arfleifendur, eru skyldugir til þess, ef hlutaðeigandi hreppsn. fer fram á, að láta fasteignina eða jörðina af hendi — ekki fyrir það hæsta verð, sem kann að fást, heldur fyrir það verð, sem fasteignin hefur verið metin á. Slíkt væri svo fráleitt fyrirkomulag, að ég og hv. 2. þm. Árn. gátum ekki stillt okkur um að koma með brtt. um, að 2. mgr. 4. gr. falli niður, og er brtt. að finna á þskj. 521. Óska ég þess við hæstv. forseta, að um hana fari fram nafnakall.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það hefur aldrei verið nein launung á því, hverjir fluttu þessa brtt., svo að hér er ekki um neinn launkrakka að ræða, eins og hv. þm. Dal. komst svo smekklega að orði.

Þessi brtt., sem komst inn í frv. í hv. Nd., en því miður féll með jöfnum atkv. hér í hv. d., fjallar um það, að hreppsn. eigi rétt á að fá keyptar jarðir, sem falla til útarfa við erfðir, á því verði, sem þær eru útlagðar erfingjum til arfs. Og sýslumönnum ber skylda til þess vegna erfðafjárskattsins að sjá um, að bú, sem falla til skipta, séu metin á réttu verði, en ríkissjóður ekki snuðaður með því að meta þær undir sannvirði. Sé þessa gætt, og það vona ég, að bæði sýslumaður Dalasýslu og aðrir sýslumenn geri, getur ekki verið um það að ræða, að erfingjar verði snuðaðir með því að láta hreppinn fá jörðina, ef hann óskar, með því verði, sem hún er lögð erfingjunum.

Einmitt núna liggur fyrir eitt slíkt dæmi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem sýslumaðurinn þar hefur með höndum. Er hér um að ræða jörð, sem metin er á 80 þús. kr. við skiptin, en þó ekki nema milli 10 og 20 þús. að fasteignamati. En þar sem þetta er eina jörðin, sem hægt er að byggja hafnarmannvirki á og hreppsn. vill því kaupa og er brýn nauðsyn á að fá, þá nota erfingjarnir, sem eru útarfar, sér tækifærið og vilja nú selja jörðina á miklu hærra verði heldur en hún er metin á við skiptin. Er þetta greinilegt dæmi um það, hver fjarstæða það er að láta útarfa hafa sjálfsvald í þessum efnum, þegar hreppnum, eins og í þessu tilfelli, er af þjóðfélagsástæðum brýn nauðsyn á að fá keypt landið.

Ég vænti þess vegna, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja frv. eins og það kom frá hv. Nd. og samþykkja ekki brtt. hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Árn. Vænti ég þess, að frv. fáist afgr. á þessu þ. Ég tel, að með því fáist mjög mikil réttarbót, og álít, að sá krógi, sem hv. þm. Dal. hefur hér skapað, því að þetta frv. er hans tilbúnaður, sé yfirleitt góður og því betri sem okkur heppnast að hreinsa fæðingarblettina af frv., og höfum við nú hreinsað tvo af því, svo að ég tel, að það sé nú það lýtalaust, að hægt sé að senda það út til almennings.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Ég kannast ekki við, að þessi hv. þm. hafi verið að þvo bletti af frv., hann var einmitt alltaf að bæta blettum við það, þótt þeir væru að vísu ekki mikið til skemmda, nema þessi eini, sem við neituðum hér í d.

Ég þekki nú ekki hv. 1. þm. N-M. nema að frómheitum einum, en það mætti halda af síðustu ræðu hans, að hann hefði komizt í kast við dómara, svo æstur sem hann var í sinni síðustu ræðu út í dómara, en því er nú hins vegar þannig varið, að hafi nokkur maður fengizt við að virða lágt, þá er það einmitt þessi hv. þm., sem hefur verið í fasteignamatsn. ríkisins.

Með þessu ákvæði hv. þm., ef að l. verður, er tekin upp allt önnur stefna heldur en gilt hefur. Áður mátti seljandinn bjóða út jarðir og sæta hæsta boði, sem hann fékk, en samkv. þessu ákvæði yrði farið eftir því, hvað lagt yrði út til arfs, sem í mörgum tilfellum gæti verið allt og lágt metið. Og eins og hv. þm. veit, framkvæma hreppstjórar þessar virðingar og hafa þar með sér votta og verða síðan að vera reiðubúnir að vinna eið að þessum málum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. þm. Dal. á það, að fasteignamat hefur verið miðað við 65% af kostnaðarverði árið 1939 á mannvirkjum og húsum, og var þetta samþ. af þáverandi fjmrh., Jakob Möller. Það eina, sem Jakob Möller vildi ekki samþykkja, var matið á húsum í Reykjavík, en þar lækkaði hann mat fasteignamatsn. um 10%. Hv. þm. Dal. getur því sakfellt hann fyrir það, hvernig matið var ákveðið, ef honum finnst það of lágt.

ATKVGR.

Brtt. 521 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, JJós, LJóh, PM, ÞÞ, BBen, EE.

nei: HV, HermJ, PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK, BrB, BSt.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

58. Eignarnám byggingarlóða á Sauðárkróki.

Á 13. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár (þmfrv., A. 81).

Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 81, sem við þm. Skagf. flytjum, er flutt hér í hv. d. vegna tilmæla frá bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar. Og eins og fram er tekið í grg., þá er í frv. óskað eftir því, að Alþ. veiti heimild til að taka eignarnámi nokkrar óbyggðar lóðir á verzlunarlóðum bæjarins syðst í kaupstaðnum, sunnan við Sauðána, sem rennur niður sunnarlega í kaupstaðnum. — Í grg., sem frv. fylgir, eru færðar fram þær ástæður, sem bæjarstjórnin sérstaklega færir fram fyrir því að óska eftir þessari eignarnámsheimild, og ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það. Þær eru þar glöggt fram settar, og hv. þdm. geta kynnt sér þær, hver um sig. En ég skal aðeins geta þess, að þar kemur fram, að hér er aðeins að ræða um örfáar byggingarlóðir, en lóðir, sem bæjarstjórnin telur nauðsyn á að fá til notkunar sem allra fyrst til þess að reisa þar byggingar. Eftir því skipulagi, sem búið er að ákveða fyrir Sauðárkrókskaupstað, verður ekki leyft að byggja tvílyft íbúðarhús annars staðar en á þessum umræddu lóðum. Nokkuð af þessum lóðum er tún, og ekki hefur náðst samkomulag um kaup á þeim. Hefur því bæjarstjórnin séð sig til neydda að leita til Alþ. um eignarnámsheimild þessa. — Það mun vera algert samkomulag innan bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar um þetta, og væntum við flm. frv., að hv. þd. sjái, að hér er um sanngirniskröfu að ræða, og muni því samþ. þessa eignarnámsheimild, sem hér er farið fram á að fá.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri, en aðeins vitna í þær ástæður, sem hér eru færðar fram í grg. frv. Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. fjhn., sem er víst vön að hafa þessi mál til meðferðar, og erum við flm. fúsir til að veita þeirri hv. n. frekari upplýsingar, ef hún skyldi óska eftir því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 81, n. 379).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég býst nú við, að hv. flm. þessa frv. finnist ekki, að afgreiðsla þessa máls hjá fjhn. hafi gengið vonum framar, og vil ég biðja þá velvirðingar á því, hversu fjhn. hefur dregið lengi að afgr. þetta mál.

Eftir að fjhn. fékk málið til athugunar, hefur hún orðið sammála um að fallast á eignarnámsheimild þá, sem felst í frv., og leggur til, að málið nái fram að ganga. En innan n. urðu nokkrar umr. um það, að setja skuli inn í frv. ákvæði um það, að þegar bæjarstjórn leigir lóðir, sem teknar hafa verið eignarnámi, verði lóðarleigan endurmetin á tilteknu árabili með tilliti til verðlagsbreytinga og verðhækkunar lóða, einkum er verðhækkunina leiðir af aðgerðum sjálfs bæjarfélagsins eða opinberra aðila. Bezt fer á því, að almenn ákvæði verði sett um þetta í löggjöfinni, en t. d. er því nú svo háttað í Rvík varðandi hafnarlóðir, sem eru í leigu, að leigan er endurmetin á 5 ára fresti. Nú liggur fyrir þinginu frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum. Einn kafli þeirra l. fjallar um byggingarlóðir, not þeirra og leigu, og virðist því eðlilegast, að sjónarmið þau, sem ég nefndi, komi þar til álita. N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt, og ég vænti þess, að málið geti greiðlega gengið gegnum hv. þd. og að sá dráttur, sem orðinn er á afgreiðslu málsins af hálfu fjhn., komi ekki að sök.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, og tel ég hana góða. Ég hef ekkert að athuga við grg. hv. frsm. n., en ég tek undir þau ummæli hv. frsm., að hæstv. forseti sjái um, að þessu máli verði hraðað svo, að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 2. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 611).

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, voru allir nm. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., og þarf ég ekki að orðlengja það. Það lá fyrir frá hv. flm. í Nd. allýtarleg grg. um nauðsyn þess fyrir Sauðárkrók að fá yfirráð yfir lóðum á þeim stað, sem gert er ráð fyrir í frv., en þorpið er nú lóðalaust. — Ég leyfi mér því fyrir hönd n. að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 635).

---

59. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum** (þmfrv., A. 472).

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 472, er flutt af fjhn. Nd. Það er, eins og grg. ber með sér, fram komið eftir tilmælum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, sem benti á það við þær breyt., sem gerðar voru á s. l. þingi á lögum varðandi útflutningsgjald af sjávarafurðum, að undanþáguákvæði um útflutningsgjald af saltfiski væri fellt niður. Er því hér aðeins um leiðréttingu að ræða, því að það var ekki tilgangurinn hjá n. að afnema þessa undanþágu á saltfiski. Hins vegar er það svo, að þessi löggjöf var og er orðin flókin um útflutningsgjöld, og fjhn. rak sig á það í fyrra, þegar gengið var frá l. Af þeim sökum hefur þetta komið hér inn í löggjöfina. — Þá hefur tollstjórinn óskað eftir að hafa samband við fjhn. varðandi eitt eða önnur atriði, sem leiðrétta þurfi. En það hefur ekki unnizt tími til að athuga það fyrir þessa umr.
Fjhn. óskar, að málið nái fram að ganga nú til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 472, n. 615).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað frv. þetta. Hér er aðeins um leiðréttingu að ræða, og n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 615.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 637).

60. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum (frv. landbn. Ed.).

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum (þmfrv., A. 437).

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar l. um byggingarsjóð og l. um jarðræktarsjóð voru sett, varð gamli byggingar- og nýbýlasjóðurinn sama og nýi byggingarsjóðurinn. Með l. frá 12. jan. 1945 var byggingar- og nýbýlasjóðum gert skylt að leggja fram ⅓ hvor til að styrkja samböndin til móta- og vélakaupa til þess að koma upp íbúðarhúsabyggingum. Þar var ákveðið, að sjóðirnir legðu þetta út, en ríkissjóður greiddi það síðan til baka. Þar sem nú er talið vafasamt, að byggingar- og nýbýlasjóðum beri skylda til að greiða þessa styrki, eftir að sjóðirnir voru sameinaðir með l., var frv. um þetta efni flutt og samþ. í Nd. og er nú komið til Ed. Það er talið efasamt, að það sé rétt fyrirkomulag, að sjóðirnir greiði þetta fyrst og rukki ríkissjóð síðan. Landbn. taldi rétt, að greiðslurnar kæmu beint frá ríkissjóði, án milliliða, og bezt að flytja um þetta atriði sérstakt frv.

Þá er það nýmæli í frv., að styrkir til móta- og vélakaupa skuli háðir því, að forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórn telji þörf á þeim.

Þetta er meginatriðið í frv. Ég mundi telja heppilegt, að frv. yrði samþ. og fengi greiða afgreiðslu, því að tíminn er orðinn knappur. Ég held, að nauðsynlegt sé, að frv. verði samþ. á þessu þingi, og vona, að hæstv. forseti veiti því góða fyrirgreiðslu og að ekki verði um það þras að óþörfu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 620).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er komið frá Ed. og er þar fram borið af þeirri ástæðu, að þegar l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum voru sett árið 1946, þá hefur ekki verið gáð að því að taka fram í l., hvort byggingar- og nýbýlasjóði beri skylda til að greiða styrki þá, sem gert er ráð fyrir í 21. gr. l. nr. 7 12. jan. 1945. Það þótti rétt að fá þetta ákveðið í l., og þess vegna er þetta frv. fram borið. Sú eina breyt., sem hér er um að ræða, er sú, að hér er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann styrk, sem ber að greiða til þessara hluta, beint, en ekki í gegnum Búnaðarbankann, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.

Landbn. telur sjálfsagt, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, og mælir með því.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 647).

---

61. Skipun prestakalla.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þmfrv., A. 410).

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Eins og sjá má á grg., hef ég leyft mér að flytja þetta frv. skv. ósk safnaðarfundar Akureyrarsóknar, sem haldinn var 21. sept. s. l., þar sem samþykkt var að vinna að því að fá l. um skipun

prestakalla breytt þannig, að framvegis skuli vera tveir sóknarprestar á Akureyri. Um þetta liggja og fyrir meðmæli frá héraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis. Málinu var svo vísað til kirkjumrn., sem síðan leitaði umsagnar biskups, og mælir hann á þann veg, að full þörf sé á því, að sóknarprestar á Akureyri verði tveir, m. a. vegna stóraukinnar fólksfjölgunar þar á síðustu árum. En íbúum prestakallsins hefur fjölgað um helming á s. l. 21 ári, eða síðan núverandi sóknarprestur tók við embætti þar, og eru þeir nú orðnir milli 7 og 8 þús. auk fjölda aðkomufólks, sem dvelur þar oft í lengri tíma, svo sem skólafólk. Þegar breyt. á l. um prestaköll í Reykjavík voru gerðar árið 1940, þá var gert ráð fyrir því, að ekki megi ætla presti fleiri en 5000 sóknarbörn. Hér væri þá vel í lagt, ef sóknarbörnin væru milli 2 og 3 þús. fleiri en þar er gert ráð fyrir. Akureyrarbær er í örum vexti, og má því enn búast við mikilli fólksfjölgun á næstu árum. Ég get þess ekki í grg., að sóknarpresturinn á Akureyri hefur verið heilsuveill undanfarið, og hefur hann orðið að taka aðstoðarprest, sem nú hefur þjónað í eitt ár, og stendur til að halda því fyrirkomulagi áfram, ef þetta frv. verður ekki samþ.

Þá vil ég aðeins minnast á fjárhagshlið málsins, því að sumum hv. þm. gæti fundizt, að hér væri um aukin útgjöld hins opinbera að ræða með því að stofna þarna nýtt embætti. En ef menn líta á málin eins og þau liggja fyrir, þá sést, að um engin aukin fjárútlát er að ræða. Akureyrarprestakall nær yfir 3 sóknir, en vegna heilsubrests sóknarprestsins hefur einni þeirra, Glæsibæjarsókn, verið þjónað undanfarið af prestinum á Möðruvöllum, en eftir að aðstoðarpresturinn kom, hefur þjónusta þeirrar sóknar aftur fallið undir Akureyri. Meðan Glæsibæjarsókn var þjónað af Möðruvallapresti, var honum greitt það aukastarf að fullu, en ef þetta frv. verður samþ., fellur það starf undir sóknarprestana á Akureyri. Þá hefur verið gerður samningur um aðstoðarprestinn og honum greidd full prestslaun úr ríkissjóði, og er mér kunnugt um, að sá samningur mun verða framlengdur, ef frv. þetta verður ekki að lögum.

Ég vil að lokum undirstrika nauðsyn þessa máls, þar sem prestakallið er orðið svo fjölmennt og umdæmið stórt og erfitt og enn fremur það, að Akureyrarprestar hafa jafnan skipað öndvegissess þar nyrðra, verið t. d. vígslubiskupar eða gegnt öðrum mikilvægum störfum, þannig að sóknarprestsstarfið á Akureyri er ofvaxið einum manni. Ég vona, að hv. þm. sjái, að full sanngirni mælir með þessu frv., og vona, að það fái hraðbyr gegnum þingið, því að það er ósk sóknarnefndarinnar, að það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, komi sem fyrst til framkvæmda. Ég legg til, að frv. verði svo vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Alþt. 1947, B. (67. löggjafarþing).

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 503).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Frv. þetta, sem flutt er af þm. Akureyrarkaupstaðar, fer fram á það, að á Akureyri skuli framvegis vera tveir þjóðkirkjuprestar. Þetta er rökstutt í grg. Kirkjumrn. hefur leitað álits og umsagnar biskups um þetta, og mælir hann með því, að prestum sé fjölgað í Akureyrarprestakalli. Menntmn. hefur haft frv. þetta til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 17:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:2 atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 599).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af hv. þm. Ak. og hefur gengið gegnum hv. Nd. Nú er ráðgert mjög að draga saman rekstur ríkisins og spara á honum, en þó er nú þetta frv. um að fjölga um einn embættismann. En það er nú þannig, að eftir því sem fólkinu fjölgar í landinu og flyzt til, er oft og tíðum ekki hægt að komast hjá því að fjölga embættismönnum á vissum stöðum. Og þannig er það um prestana. Prestaköllin hafa mjög verið færð saman á seinni árum. Ég hygg, að prestar séu orðnir um helmingi færri en þeir voru fyrir nokkrum áratugum. En þó hefur orðið að fjölga þeim þar, sem fólkið hefur þyrpzt mest saman. Nú er það svo um Akureyri, að það er talið af kunnugum, t. d. söfnuðinum sjálfum og héraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis, að það sé ofvaxið einum presti að þjóna þessu prestakalli. Á síðasta manntali voru í prestakallinu 7258 íbúar, þar af 6611 í Akureyrarbæ, auk dvalarfólks, sem jafnan er margt á Akureyri yfir veturinn. Nú ber að játa, að íbúatalan ein gefur ekki til kynna, að Akur-

eyrarprestur hafi meira starf heldur en þjóðkirkjuprestarnir í Reykjavík, því að þetta er ekki hærri tala en kemur á hvern þeirra. En það er ekki öll sagan sögð með íbúatölunni. Fyrir utan Akureyrarkirkju þarf Akureyrarprestur að þjóna Lögmannshlíðarkirkju, sem er uppi undir fjalli nokkuð fyrir utan Akureyri og ekki góður vegur þangað. En þessi gamla kirkja er nú á stað, þar sem hún er ekki sem bezt sett nú orðið. Fáir bæir eru nú kringum Lögmannshlíð, aðallega norðan við, sem eiga verulega hægt um að sækja kirkjuna. En niðri við sjó, töluvert langt frá Lögmannshlíð, er vaxið fjölmennt þorp. Og þar er engin kirkja. Nú er það svo, að íbúar Glerárþorps sækja lítið kirkju í Lögmannshlíð. Þess vegna hefur það verið svo undanfarið, að Glerárþorp heyrir undir Akureyrarprest og hann hefur haldið þar guðsþjónustur. Er það óhjákvæmilegt, ef þeir menn eiga að hafa prestsþjónustu. Þess vegna má líta svo á, að sóknirnar séu raunverulega þrjár, sem Akureyrarprestur hefur að þjóna. Þegar þessa er gætt og einnig hins, hve mannfjöldinn er mikill, held ég flestum verði skiljanlegt, að þetta er ofvaxið einum manni. Sem stendur mundi ekki verða mikill útgjaldaauki að þessari breyt., því að eftir því, sem ég bezt veit, hefur Akureyrarprestur nú styrk til þess af almannafé að halda aðstoðarprest.

Menntmn. hefur athugað frv., og hefur meiri hl. hennar fallizt á að mæla með því af þeim rökum, sem ég hef nú fært fram. Einn nm. áskildi sér óbundnar hendur, og hv. 1. þm. Reykv. var fjarstaddur, og er því ekki vitað um hans afstöðu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er dálítið hissa á þessu frv. Það er almennt talað um að draga saman, eins og hv. frsm. meiri hl. að vísu minntist á. En það á að gera það hér á þann hátt að bæta við nýjum embættismanni. Og rökin eru þessi: Á sóknarprestinn hafa hlaðizt ýmis störf, svo að auðsætt er, að honum einum er ofvaxið að leysa þessi margvíslegu störf af hendi, enda sé svo komið, að s. l. ár hafi hann verið tilneyddur að taka sér aðstoðarprest, þar sem heilsa og starfsþrek hans sé farið að bila. Rökin eru ekki þau, að hann hafi svo mikið að gera sem prestur. Nei, nei. Það hafa hlaðizt á hann „ýmis störf"! Og þessi „ýmsu störf" getur hann ekki unnið, af því að hann er orðinn heilsulítill og starfsþrekið farið að bila. Og þá á að skaffa honum aðstoðarprest! Ég botna sannast að segja ekkert í menntmn. að láta sér detta þetta í hug, að fara fram á slíkt við Alþingi. Það væri svipað, ef einhver embættismaður hér í Reykjavík, t. d. skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, færi jafnframt að reka verzlun hér í bænum og sitja í bæjarstjórn og annast ýmis önnur störf, svo að hann gæti ekki lengur komizt yfir embættisstörf sín. Síðan kæmi till. um að skipa aðstoðarskrifstofustjóra til að hjálpa honum meðan hann væri að vinna sín „ýmsu störf". Ekki veit ég, hvar það ætti að lenda, ef framfylgja ætti þessari stefnu í embættisfærslu á landi hér. Hér er nú að ræða um heilsubilaðan mann. En það er farið fram á að setja nýtt fast embætti, til þess að hann megi hafa aðstoð. Hér er ekki talað um að bæta úr í bili, eins og stj. hefur gert, þar eð þessi embættismaður er orðinn bilaður að starfsþreki, svo að hann getur ekki annað embætti sínu og ýmsum störfum í viðbót. En í grg. frv. liggur beinlínis, að prestur, sem hefur fulla heilsu og starfsþrek, geti leikið sér að því að koma af prestsverkunum, því að rökin eru bara þessi, að mörg önnur störf hafi hlaðizt á þennan prest, sem sé bilaður á heilsu og hafi misst starfsþrek. En ef þessi prestur á að fá fastan mann til aðstoðar, þá eiga allir aðrir prestar rétt til hins sama. Mér finnst þetta svo fjarlægt, að ég skil ekki, hvernig hv. 1. þm. Eyf. getur, þó að honum sé málið skylt, þar sem hann á heima á Akureyri, flutt slíkt fram. Ég er ekki trúaður á það, að hann hafi orðið var við, að sálgæzlan hafi verið svo illa rækt, að hann sé í voða staddur þess vegna. Og ég hygg það séu fáir á Akureyri, sem finnst það. Ef það þykir ákaflega erfitt fyrir Akureyrarprest að þjóna Lögmannshlíð, getur vel komið til mála að leysa hann frá því og fela kirkjuna Möðruvallapresti. Hann hefur haft hana áður. Þetta væri vel hægt, enda þótt hann eigi að taka við Bægisá eða sé kannske þegar búinn að því. Yfirleitt á stefnan að minum dómi, hvað presta snertir, að vera sú, að fækka þeim mikið frá því, sem nú er, í staðinn fyrir að fjölga þeim. Það er svo fjarlægt, að við þurfum að hafa fleiri presta á því svæði, sem við teljum einum lækni fært að komast yfir, því þó að þeir séu til, sem meta blessaða sálgæzluna meir en störf læknisins og telja, að það þurfi að vera fleiri prestar, þá er ég ekki einn í þeirra tölu.

Ég er sannfærður um, að við eigum að fella þetta frv., en kannske með rökst. dagskrá, þar sem tekið er fram, að aðstoða megi þennan prest, sem þarna er nú með bilað starfsþrek, en alls ekki slá neinu föstu um, að í framtíðinni skuli alltaf vera þarna tveir prestar. Síðan þyrftum við að taka til að endurskoða prestaskipunina í heild og stórfækka prestum. Ég mun þess vegna ekki greiða þessu frv. atkv., heldur vera á móti því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er nokkuð undrandi yfir afgreiðslu þessa máls frá menntmn. Eins og hv. frsm. gat um, er nýlega búið að ræða mjög mikið um það á fundum á Alþingi, hvernig skuli dregið úr embættakostnaði. Og fjmrh. hefur við afgreiðslu fjárl. fengið heimild til þess að sjá um, að ekki verði ráðinn neinn nýr starfsmaður í þjónustu ríkisins nema með hans samþykki. Þetta er a. m. k. tákn þess, að ekki er ætlazt til að setja inn óþarfa embættismenn. Álit er komið frá sparnaðarnefnd, sem fer í þá átt að gera ríkisrekstur nokkru einfaldari og ódýrari. Hér í hv. d. hefur verið rætt um það og í Sþ. að draga mjög úr rekstri, eftir því sem unnt væri. Og tafir á afgreiðslu fjárl. stafa mest af því, að það er verið að reyna að gera tilraunir til að draga úr óþarfa kostnaði, frekar en að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum. Af þessum ástæðum

var borið fram frv. um að fresta framkvæmdum ýmissa annarra laga, svokallaður bandormur, svo að hv. þm. er ljóst, að stefnan er sú að reyna að draga úr útgjöldum ríkisins eins og frekast er unnt. Samt sem áður kemur á síðustu stundu frv. um að bæta við einu prestsembætti. Og það er látið ganga með svo miklum hraða gegnum menntmn., að ekki virðist tími til að hafa alla nm. við. (**Rödd:** Fundur var á sama tíma og venjulega.) Auk þess var jafnvel ekki menntmrh. gefið tækifæri til að segja álit sitt um málið. Og nál. ber ekki þess merki, að málið hafi verið nokkuð rannsakað í kjölinn. Aðalrök hv. frsm. eru þau, að safnaðarfundur í þeim söfnuði, sem á að taka á móti þessum presti sér að kostnaðarlausu, mælir með því. Það eru ekki ákaflega sterk rök, því að hvaða söfnuður mundi ekki vilja fá fleiri presta, ef það væri honum að kostnaðarlausu? Menn geta haft gaman af að heyra nýjan kennimann, þó að ekki væri neitt annað.

Ég vil benda á, að það er misskilningur hjá hv. frsm., að þessu fylgi sáralítill kostnaður. Það hefur fyrst og fremst þann kostnað, að embættið er greitt úr ríkissjóði með 26—28 þús. kr. með núverandi dýrtíð. Þetta er nú ekki ákaflega stórkostleg upphæð. En þetta hefur annað í för með sér. Það bindur ríkissjóð þeirri skyldu, sem mér skilst n. hafa gengið fram hjá, að það verður að byggja yfir þennan prest, og það kostar ekki minna en 300 þús. kr. Samkv. l. um hýsingu á prestssetrum, sem menntmn. og hv. frsm. börðust fyrir að fá í núverandi horf, er það skylda að byggja a. m. k. 2—4 bústaði á ári, að ég held. Og till. frá mér um það, að byggingar á prestssetrum ríkissjóðs úti á landi skuli ganga fyrir, var felld. Þess vegna var undirstrikað, að ganga skyldu fyrir byggingar í kaupstöðum. Og á s. l. ári var m. a. öllu slíku fé varið til prestshúsa hér í Reykjavík. Með tilliti til þessa er ljóst, að þessari till. fylgir sá böggull fyrst og fremst, að það verður í mjög náinni framtíð að byggja prestshús yfir þennan nýja prest. Að þess hefur ekki verið krafizt fyrir hinn núverandi prest, stafar af því, að hann er húseigandi sjálfur. En það er áreiðanlegt, að hinn nýi prestur mun ekki vera húseigandi. Og þá þekki ég illa hans herradóm, biskup lands vors, ef sonur hans verður hlutskarpastur þarna, ef ekki verður krafizt þess, að byggður verði bústaður á eftir.

En þetta hlyti einnig að draga annan dilk. Hafnarfjörður og Vestmannaeyjar og hver sá kaupstaður, þar sem fólki hefur fjölgað — og Hafnarfjarðarsókn stendur nálægt stærðarmörkum Akureyrar í dag —, gæti því, áður langt liði, farið fram á að hafa tvo presta. (**Samgmrh.:** Við höfum tvo presta.) Annar er fríkirkjuprestur og getur farið, hvenær sem er. Svo að þetta frv. er ekki eins saklaust og hv. frsm. vill vera láta.

Ég vil benda á, að undanfarið hafa ekki verið færri en upp undir 14 prestaköll laus, sem enginn hefur fengizt í. Sumpart er það vegna þess, að þau hafa ekki viðunandi bústaði. En engu síður er hitt, að fólk er þar svo fátt. Menn una ekki að vera prestar yfir örfáum sveitaheimilum. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að Auðkúluhreppur, sem í eru tvær kirkjur, telur 13 bæi. Af þessari ástæðu hefur ekki fengizt neinn prestur að Hrafnseyri um tíma né í Grunnavík né að Stað í Aðalvík. Hvernig er þá farið að? Næsti prestur er látinn þjóna þessum örfáu bæjum gegn hálfum prestslaunum. Það eru m. ö. o. svo og svo margir prestar settir á hálf önnur laun vegna þess fyrirkomulags, sem er á þessum málum í landinu. Ég sé ekki annað en það sé aðkallandi mál að taka þessa skipun alla upp til gagngerrar athugunar og tel mjög misráðið að samþykkja þetta frv. eitt út af fyrir sig.

Um það atriði, sem mun eiga nokkurn þátt í því, að þetta frv. kom fram, að núverandi sóknarprestur á Akureyri, séra Friðrik Rafnar, hefur verið heilsulítill undanfarið og hefur fengið með leyfi ráðuneytisins að halda embættinu með fullum launum, þá er það ekki neitt fordæmi, því að slíkt er gert um aðra embættismenn. Sé ég ekkert á móti því, að hann héldi þessum fríðindum til næsta þings, þar til búið er að koma þessum málum á fastan grundvöll. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess á þessu þingi að flýta þessu máli svo mjög.

Ég vil einnig benda á, að það geta verið einhverjir aðrir staðir, sem eiga að hafa sinn prest, þótt ekki sé vegna fólksmergðarinnar. A. m. k. er einn staður á Íslandi, þar sem vel getur komið til mála, að prestur verði settur aftur. Ég tel það aldrei hafa verið gerlegt að nema prest af þeim stað, þar sem kristin trú var lögtekin á landi hér árið 1000. Prestsembætti þar þarf ekki að vera útgjaldaliður fyrir ríkissjóð. Presturinn gæti verið umsjónarmaður yfir Þingvöllum, eins og sá bóndi, sem þar er nú, og búið í þeim prestsbústað, sem þar er. Ég veit ekki, hvort þjóðinni er vansalaust, að enginn prestur situr á helgasta stað þjóðarinnar, þar sem kristin trú var fyrst lögtekin. Á þetta vil ég benda í sambandi við prestaskipunina yfirleitt. Einnig má benda á almennt, að störf presta eru óneitanlega nokkuð önnur en fyrir 50 árum, þar sem kennslustörfin eru nú að mestu í höndum kennara og skóla, ekki sízt í kaupstöðum. Þess vegna er engin nauðsyn á að hafa prestaköllin svo lítil svæði eins og áður, auk þess sem samgöngur eru meiri og betri en áður. Er alveg ljóst, að prestar geta nú þjónað miklu fleiri kirkjum, ef bílvegur liggur heim að hverri kirkju. Hins vegar er aðkallandi að athuga nýja skipun þessara mála, m. a. það, að í mörg ár hafa sum prestssetur verið prestslaus, en verið þjónað af nágrannapresti, sem hefur tekið hálf laun í því prestakalli fyrir að koma þar einu sinni eða tvisvar á ári. Ég mun því bera fram rökst. dagskrá, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti fara fram athugun á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og geri að lokinni þeirri athugun tillögur til nauðsynlegra breytinga á skipun prestakalla í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég sé ekki, að stefnt sé í neinn voða með þetta mál, þó að þessi dagskrá sé samþ. Og að

sjálfsögðu mætti gefa menntmrh. og fjmrh. vilyrði fyrir því að viðhafa enn um hríð þá skipun að greiða úr ríkissjóði aðstoðarpresti. Mætti fá álit fjvn. um þetta, jafnvel áður en þessu þingi er slitið. Þetta teldi ég sjálfsagt að gera vegna veillar heilsu viðkomandi prests. En ég sé ekki, að hlaupið sé að því að taka út úr eitt einasta prestakall án þess að athuga þessi mál í heild.

Það má vera, að afstaða mín sé tekin sem andúð gegn kristindómi. En svo er ekki. Og ég veit, að þetta getur á engan hátt spillt fyrir málinu. Ef það þætti að lokinni slíkri athugun alveg sjálfsagt að skipa prest á Akureyri til viðbótar, þá gæti verið jafnsjálfsagt að taka prest úr öðru héraði og sameina þannig fleiri sóknir, svo að ríkissjóður þyrfti ekki að bera kostnað af fleiri embættismönnum í þessari stétt en nú er.

Þá sýndist mér að málið gæti verið leyst með samkomulagi. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta hina rökstuddu dagskrá.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt till. til rökst. dagskrár frá hv. þm. Barð. Hafa hv. dm. þegar heyrt hana og því óþarft að lýsa henni frekar. Liggur till. þessi þá einnig fyrir til umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er frásögn um það í kunnri bók, að einn tiltekinn dag urðu tveir höfðingjar að vinum, og virðist það sama hafa skeð hér um þá sessunautana, hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M., sem ekki eru ævinlega sammála, og þótt það sé náttúrlega mikill stigsmunur á því, hvað gerir þá nú að vinum, þá er það þó að vissu leyti skylt. Hv. 1. þm. N-M. var ákaflega hneykslaður á því, að jafnhliða því, sem talað væri um að draga saman ríkiskostnaðinn, þá væri stungið upp á því að stofna nýtt embætti. Hefur þetta aldrei skeð fyrr? Það var engu síður talað um það að draga saman kostnað við embættisrekstur hér fyrr á árum heldur en nú, t. d. þegar ég var unglingur, þá var það aðalmálið hjá hverjum frambjóðanda næst á eftir stjórnarskrármálinu, og eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, þá hefur tilflutningur fólks í landinu orðið til þess, að víða hefur orðið að fjölga embættum. Þegar ég kom fyrst til Reykjavíkur, þá var hér bæjarfógeti, og hann hafði öll þau störf með höndum, sem eru nú hjá fjöldamörgum embættismönnum, og ég veit tæplega nöfnin á þeim öllum. Það er borgardómari, borgarfógeti, sakadómari og tollstjóri, og hann hafði störf borgarstjórans líka. Hvers vegna hefur þetta skeð? Það er vegna þess, að fólkið dregst hingað og störfin vaxa, og ég held, þegar á það er litið, þá séu embættismennirnir utan Reykjavíkur ekki of margir. Það er í Reykjavík, sem aðalríkisbáknið er, það veit hv. þm. Barð. vel sem form. fjvn. Hv. 1. þm. N-M. svaraði í sinni ræðu grg. frv., en ekki minni ræðu. Náttúrlega má svara grg. frv., en hann sagði beint, að n. byggði sitt álit á grg. frv. Ég get upplýst, að hún gerði það ekki. Menntmn. byggði sitt álit á mínum kunnugleika um málið, og ég tók fram í minni ræðu allt önnur rök heldur en í grg. er tekið fram, og þau voru ekki hrakin og hv. 1. þm. N-M. gerði enga tilraun til þess að hrekja þau rök, sem ég setti fram. Hann gerði mikið veður út af því, að tekið er fram í grg., að það hafi hlaðizt á prestinn á Akureyri mikil störf. Mér er kunnugt um, að sóknarpresturinn á Akureyri hefur mjög lítil störf nema sem tilheyra hans embætti, og það, sem hv. flm. á við, er það, að embættisstörfin hafi vaxið. Hann á við prófast og vígslubiskup, en það er náskylt, og einhver prestur verður að vera það, og finnst mér ekki óviðeigandi, að sóknarpresturinn á Akureyri sé vígslubiskup norðanlands og prófastur í Eyjafjarðarsýslu. Presturinn á Akureyri er ekki gamall maður, en það er satt, að hann hefur haft aðstoðarprest um tíma, sem er launaður úr ríkissjóði.

Hv. 1. þm. N-M. hélt, að ég væri með þessu máli vegna þess, að ég teldi mína sál í voða. Við vitum nú lítið um það, hverra sál er í voða, og ég býst við, að nýr prestur á Akureyri gæti lítið bjargað því við, a. m. k. á meðan ég er alþm. Ég á ekki beinlínis við það, að það sé svo bein leið til hins verri staðar að vera alþm., heldur hitt, að ég get lítið notið prestsþjónustu á Akureyri, meðan ég þarf að vera hér, oft helming af árinu, en satt er það, að það mun ekki bæta sálir manna að vera á Alþingi.

Hv. 1. þm. N-M. talaði um, að það mætti létta af prestinum á Akureyri að þjóna Lögmannshlíð, því að það mætti láta Möðruvallaprestinn gera það, því að hann þjónaði ekki nema þrem prestaköllum. Nú er það svo, að þarna er um nokkuð miklar vegalengdir að ræða. Það er býsna langt utan frá Hillum og inn að Bakkaseli og ekki ævinlega hægt að renna það í bíl, en presturinn getur þurft að vera í prestsþjónustu heima á heimilunum. Mér finnst, að það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði um fjárlagaákvæðið, að ekki mætti bæta við starfsmanni nema með samþykki fjmrh., komi ekki þessu máli við, því að vitanlega tekur það ekki til þess, sem samþ. er með l. Þá sagði hann, að þetta mál væri ekki rannsakað. Ég veit ekki, hvað hann á við með því. Ég er þessu t. d. kunnugur og veit ekki, hver ætti að vera kunnugri þörfinni á nýjum presti á Akureyri hér í d. heldur en ég, og ég tel frv. nauðsynlegt. Út af því, að ég sagði, að ekki mundi leiða af þessu teljandi aukinn kostnað, fór hv. þm. Barð. að tala um, að það mundi þurfa að byggja yfir þennan prest. En auðvitað hefur Alþ. og fjárveitingarvaldið það í hendi sinni, hvað lagt er til þess, og ætli það yrði ekki nokkur bið á því, að ríkissjóður byggði yfir prestinn nú? Hann talaði um, að fleiri kaupstaðir mundu koma á eftir og heimtuðu tvo presta, en hann verður að athuga það, að það er enginn kaupstaður utan Reykjavíkur sambærilegur við Akureyri að fólksfjölda.

Að hinu leytinu er ég hv. þm. Barð. sammála um það, að það væri myndarlegt að hafa prest á Þingvöllum, en mér finnst það ekki koma heim við aðrar skoðanir hv. þm. að vilja stofna prestsembætti á Þingvöllum. Ég mun hins vegar, ef hann flytur frv. um það, fylgja því. Það

er í þeirri dagskrártill., sem hv. þm. Barð. bar fram, ekkert sérstakt sagt, sem ræður því, hvort málinu er vísað frá á þennan hátt eða ekki, og kæmi þá aftur að samþykkja þál. um það, að nauðsynlegt sé að endurskoða l. um skipun prestakalla, þó að þetta sérstaka mál næði fram að ganga, og geri ég ráð fyrir, að það sé nauðsynlegt, því að alltaf er fólkið að flytjast til og aðstæðurnar í landinu að breytast, og þar af leiðandi er það, að það þarf eins um það og annað að taka tillit til kringumstæðnanna. Ég hafði ekki búizt við þessum löngu umr. um þetta mál og sízt, að það kæmu tvær ræður hvor á eftir annarri, sem ekki er hægt að gera neinn greinarmun á. Ég mun ekki tefja umr., en ef þessir hv. þm. vilja koma málinu frá, þá ættu þeir að gera það með því að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá, en ekki með málþófi.

Gísli Jónsson: Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. um það, að í dag hefðum við gerzt vinir, ég og hv. 1. þm. N-M., vil ég benda honum á það, að mín afstaða til mála mótast alls ekki af því, hvaða menn bera fram mál, heldur af því, hvernig málin eru sjálf. Ég hef hins vegar orðið var við, að þessi hv. þm. hefur hvað eftir annað lýst því yfir, að hann sé á móti máli, en vegna þess að búið sé að semja um þetta við hann í flokknum, þá sé hann sammála um, að það gangi fram. Ég hef aldrei látið setja slík höft á mig hér á Alþ., svoleiðis að hann þarf ekkert að undra það, þó að mín skoðun kunni einhvern tíma að falla saman við skoðanir þeirra, sem eru í öðrum flokkum heldur en ég. Ég vil benda hv. þm. á önnur ummæli úr þeirri merku bók, sem hann vitnaði í, þar sem segir: „Það góða, sem ég vil gera, það geri ég ekki, en það illa, sem ég vil ekki gera, það geri ég.“ Ég veit ekki betur en að þessi hv. þm. og allur hans flokkur hafi hvað eftir annað talað um það hér á Alþ., hvað miklu fé hafi verið sóað af fyrrv. ríkisstj. Hverjir koma svo með fjársöun í hverju máli nema fyrst og fremst hv. 1. þm. Eyf.? Hann fylgdi því að verja 4 millj. kr. í landshöfn í Hornafirði og 4 millj. kr. í iðjuver í Hornafirði. Það hefur ekki verið nokkurt mál hér til útgjalda, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur ekki verið alveg ákveðið með að eyða fé í, svoleiðis að ég held, að þessi ummæli í þessari ágætu bók megi heimfæra upp á hans persónu. Hv. þm. kom ekki nálægt því að hrekja þau rök, sem ég minntist á í þessu máli. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn í d. og vildi þá gjarnan fá að heyra, hvort hann er sammála um að stofna nýtt embætti eftir þá gr., sem hann hefur fengið samþ. í 22. gr. fjárl., og ýmislegt annað, sem hann hefur hvatt þm. til að gera í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Hv. frsm. hefur hvað eftir annað lýst því yfir, að hann hafi í öll þessi ár ekki látið sannfærast af neinum rökum, að undanteknu dýrtíðarmálinu, og það er ekki gaman að ræða við slíka menn. Ég sé ekki, hvað það getur skemmt þetta mál, að afgreiðslu þess sé frestað, ekki þar til þetta mál út af fyrir sig er rannsakað, heldur þangað til búið er að rannsaka þessi mál yfirleitt. Það getur komið út úr þeirri rannsókn, að nauðsynlegt sé að setja 1, 2 eða 3 presta á Akureyri, og það er þá engin goðgá að láta afgreiðslu þessa máls bíða, þangað til sú rannsókn hefur farið fram, og á móti því hefur hv. þm. ekki fært nein rök. Það eru engin rök í málinu, að presturinn á Akureyri þurfi að fara til að halda messu í Glerárþorpi, það er engin goðgá, að Glerárþorpsbúar yrðu að fara í hina veglegu kirkju á Akureyri til að hlusta þar á messu. Það er auðveldara fyrir þá að sækja kirkju þangað en að sækja kirkju eftir hinum hrjóstruga vegi, sem hann lýsti, upp að Lögmannshlíð, fyrst hann hefur engan manndóm til að biðja Alþ. um að leggja fé í þann veg, þó að engin sýsla hafi fengið jafnmikið af vegum eins og sýslan, sem hann er fyrir, og segi ég honum það til hróss. Ég teldi það mjög mikla ósanngirni, ef ekki væri hægt að komast að samkomulagi við menntmn. í þessu máli um það, að það væri gefin um það yfirlýsing af ráðh., að sú skipun yrði höfð á málinu þetta ár, að greitt yrði úr ríkissjóði það, sem þarf til þess að halda aðstoðarprest á Akureyri vegna heilsuleysis prófastsins, það væri sómasamleg afgreiðsla. Falli mín rökstudda dagskrá, mun ég bera fram við 3. umr. brtt. um að setja nýjan prest á Þingvöllum, og gæti þá hv. frsm., eftir því sem hann lýsti, fylgt því. Mun ég sætta mig við slíka afgreiðslu málsins, þangað til séð er, hvort hægt er að færa saman sóknirnar með tilliti til fólksfækkunar, en fjölga prestum þar, sem þess er þörf, vegna þess að fólkið hefur sótt á ákveðinn stað. Í sambandi við þetta vil ég benda hv. þm. á, að í Reykjavík, sem hefur 50—60 þús. íbúa, eru ekki nema 5 prestar, og vígslubiskupinn í Reykjavík hefur miklu stærri sókn og fleiri menn að sjá um en vígslubiskupinn á Akureyri, að ég ekki tali um, þegar hann er látinn hafa aðstoðarprest, þar til búið er að koma þessum málum í rétt horf. Ég legg því eindregið til, að mín dagskrártill. verði samþ., og vænti þess, að hv. frsm. fallist á að samþykkja till. og viðurkenni, að þetta mál er sótt hér meira af persónulegum kunningsskap heldur en af þörf, því að það er það, sem ég fékk út af hans ræðu, að af því, að hann er persónulega kunnugur þessu máli, þá sé sjálfsagt að samþykkja það. En það eru fleiri sjónarmið, sem koma til greina, heldur en þetta eina sérstaka heimasjónarmið hjá hv. frsm.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst á hv. frsm., að hann vilji á engan hátt taka undir þau rök, sem hv. flm. frv., þm. Ak., flutti fram, hann vildi þvert á móti halda því fram, að það hvíldu ekki önnur störf á prestinum á Akureyri en prestsstörfin. En hv. þm. Ak. segir í grg., að reynslan hafi orðið sú, bæði um núverandi og fyrri presta á Akureyri, að á þá hafi hlaðizt ýmiss konar önnur störf en prestsembættið, og á því segir hann, að hafi verið byggð þörfin á því að fá aðstoðarprest. Annar þm. upplýsir í grg., að alls konar önnur störf hvíli á sóknarprestinum, en hinn heldur því fram, að á prestinum hvíli ekki önnur störf en

vígslubiskupsstarfið og prófastsstarfið. Ég vil benda á, að bæði Hafnarfjörður og Ísafjörður eiga nokkuð svipaða kröfu á öðrum presti, ef Akureyri fær hann. Ísafjarðarpresturinn hefur samhliða því að vera prestur á Ísafirði Hnífsdal, og þangað er eins langt og frá Akureyri í Glerárþorp, svoleiðis að það er ekki léttara að þjóna Ísafjarðarprestsembættinu heldur en hinu, þó að þar séu eitthvað færri sálir, sem þarf að gæta. Þá vil ég benda á það, að Hafnarfjarðarpresturinn, sem hefur Garða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarkirkju með sínum kaupstað, hefur miklu lengri vegalengd að fara heldur en frá Akureyri og upp að Lögmannshlíð. Ég held þess vegna, að það sé varhugavert að fara inn á þá braut að samþykkja þetta frv., því að það munu fljótt fleiri fara í kjölfarið, og væri ekki hægt að standa á móti því fyrir þá menn, sem hér vilja bæta við presti. Það, sem um er að ræða, er þetta: Er sálgæzlustarf prestanna svo mikið, að það beri að fjölga þeim? Ég held ekki. Ég held hins vegar, að það ætti að fækka þeim, því að við höfum ekki efni á að hafa þá svona marga, fleiri en læknana. Og þótt það sé langt á milli Glæsibæjar og annarra sóknarkirkna Akureyrarprests, þá er enn lengra milli þeirra staða, sem héraðslæknirinn þarf að koma á, og oftar, sem hann þarf að vitja heimilanna. Ég álít, að það eigi að fækka prestunum og helzt að skilja að ríki og kirkju. Og í þessu tilfelli, held ég, að ekki komi til mála að fjölga, þegar bæði Ísafjörður og Hafnarfjörður koma þegar á eftir og sennilega fleiri staðir. Ég mun því styðja hina rökstuddu dagskrá frá hv. þm. Barð., þótt ég hefði kosið að hafa hana öðruvísi orðaða, og var ég raunar búinn að semja aðra dagskrá, en dagskrá hv. þm. Barð. barst fyrr til hæstv. forseta, og dró ég þá mína til baka, þótt ég teldi orðalag hennar heppilegra.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég sé ekki til neins að ræða þetta mál við hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. Þeir segja, að ég hafi engin rök fært fyrir mínu máli, en þau þykist ég hafa rakið í minni fyrstu ræðu, en þeir vilja ekki taka þau til greina, og verð ég að segja, að ekki get ég heldur sannfærzt af þeirra rökum. Ég man ekki eftir því, sem hv. þm. Barð. var að eigna mér, að ég hefði sagt, að ég hefði aldrei sannfærzt af rökum þm. nema í eitt skipti. Ég held ég hafi sagt, að ég hefði í eitt skipti aðeins sannfærzt af rökum þess hv. þm. Annars skal ég ekki rekja hér málið í heild, heldur kvaddi ég mér hljóðs til þess að bera af mér sakir frá hv. form. fjvn. Hann fann einn syndasel, sem styddi að allri eyðslu á ríkisfé, og átti það að vera ég. Nefndi hann sem dæmi, að ég hefði greitt atkv. með fiskiðjuverinu í Höfn í Hornafirði. Nú er það svo, að engin endanleg atkvgr. hefur farið fram um það mál, og þá býst ég við, að hv. þm. Barð. hafi ekki veitt því eftirtekt, að ég greiddi atkv. gegn hverri einustu brtt. einstakra þm. við fjárlögin nema einni upp á 10 þús. kr., og kalli hann mig svo syndasel. Ég sat tvisvar sinnum hjá og greiddi annars aðeins atkv. með brtt. ríkisstj. og fjvn. og svo að sjálfsögðu með þeirri till., sem ég flutti sjálfur og ég tel, að fjvn. hefði tekið upp í sínar brtt., ef henni hefði nógu snemma verið kunnugt um efni hennar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Barð. (sjá þskj. 631) felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÞÞ, BrB, GJ, JJós, PZ.

nei: BBen, BK, EE, GÍG, HV, LJóh, PM, BSt.

ÁS greiddi ekki atkv.

2 þm. (SÁÓ, HermJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Ég er því sammála, að prestar í landinu séu of margir, miðað við þá breytingu, sem orðin er á byggð og fólksfjölda á einstökum stöðum í landinu, og tel nauðsyn á því að endurskipuleggja alla prestalöggjöfina, og vegna þess að mér er ljóst, að sú endurskipulagning leiðir til þess, að prestum verði fjölgað þar, sem fólksfjöldi er yfir 5000, þá tel ég sjálfsagt að samþykkja þetta frv., því að sjáanlegt er, að sóknarbörnin mega ekki vera fleiri en 2—3 þús., ef presturinn á að gera gagn. Segi ég því nei við dagskrártill.

Páll Zóphóníasson: Í trausti þess, að aðstoðarprestur þjóni á Akureyri, meðan sóknarpresturinn er heilsubilaður, segi ég já.

Pétur Magnússon: Með tilvísun til grg. hæstv. utanrrh. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér rætt í dag, var felld rökst. dagskrá, sem byggðist á því að vísa málinu frá á þeim grundvelli, að rannsaka þyrfti og endurskoða l. um prestaköll landsins. Á þessum grundvelli vildu menn ekki vísa málinu frá, og var sú dagskrá felld. Hins vegar virtist mér undir þeim umr. það koma í ljós, að menn teldu, að það þyrfti að endurskoða löggjöfina. Hins vegar töldu menn, að prestsþjónusta á Akureyri gæti ekki farið fram á viðunandi hátt, nema prestar væru þar tveir. Þess vegna hef ég leyft mér að koma hér með aðra rökst. dagskrá, sem bætir úr þessu. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin greiði úr ríkissjóði kostnað við aðstoðarprest við þjóðkirkjusöfnuðinn á Akureyri, meðan núverandi prestur er ekki fær um vegna heilsubrests að full-

nægja prestsþjónustu safnaðarins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Einhverjum kann að þykja hart að orði kveðið, að presturinn sé ekki fær um að fullnægja prestsþjónustu, en ég segi, að það hafi berlega komið fram í flutningi frv. og í umr. Til þess að láta ekki líta svo út, að málinu sé vísað frá, til þess að menn þar fái ekki nægа sálusorgun, þá er gert ráð fyrir í dagskránni, að aðstoðarprestur sé þar kvaddur til hjálpar, svo að prestsþjónusta megi verða þar nægileg, en ekki ákveðið, að það skuli gilda um tíma og eilífð og hver sem er prestur á Akureyri.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt till. til rökst. dagskrár frá hv. 1. þm. N-M., svo hljóðandi: [sjá þskj. 638.]

Það hefur nú þegar verið felld dagskrá um að vísa þessu máli frá. Af þeirri ástæðu veit ég ekki, hvort þessi dagskrártill. er takandi til greina, og tek ég mér rétt til að leita úrskurðar um það.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Mér finnst þessi dagskrártill. dálítið einkennileg. Hér stendur í upphafi hennar: „Í trausti þess, að ríkisstj. kosti prest ....“ Er það meiningin, að ráðh. eigi að kosta þennan aðstoðarprest úr eigin vasa, eða er ætlazt til þess, að ríkissjóður geri það? Auk þess vil ég mótmæla því, sem er meginefni till., að það sé eingöngu vegna heilsubrests aðalprestsins á Akureyri, að bæta þarf við öðrum manni, því að það nægir alls ekki einn prestur á þessum stað til þess að hægt sé að rækja þessi störf eins og vera ber. Til þess þarf 2 menn, þótt þeir séu heilbrigðir, eins og ég færði rök fyrir við 2. umr. hér um daginn og mun ekki endurtaka.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að hann teldi nauðsyn bera til þess, að athuguð yrði skipun prestakalla yfirleitt í landinu, og að hann væri því mjög fylgjandi. Ég hafði enn fremur lýst því yfir við 2. umr., að ef dagskráin, sem ég bar fram, yrði felld, mundi ég bera fram brtt. og setja inn, að Þingvellir yrðu sérstakt prestakall. Skal ég ekki fara frekar út í það atriði nú, en þykir rétt að bera hér fram skriflega brtt. þannig, að á eftir 1. gr. komi ný gr., er orðist svo: „Ríkisstj. skal á þessu ári láta fara fram athugun á því, hvaða breytingar eru nauðsynlegar á skipun prestakalla, og gera till. um það til Alþ., er það næst kemur saman.“ — Það hefur verið rætt um það hér að bæta við nýju prestsembætti fyrir Akureyrarbæ, en hins vegar verður ekki heldur deilt um hitt, að láta þessa athugun fara fram, og vænti ég þess, að till. verði samþ.

Mér þykir rétt að geta þess, að ég ræddi þetta mál við flm., áður en ég flutti till. um rökst. dagskrána, og þótti honum eðlilegt, að hún yrði samþ., af því að það er ekki nema sanngirniskrafa, að þessi mál verði athuguð í heild, og Akureyrarkaupstaður getur ekki liðið neitt við það, þótt hann biði, þar til þessi mál öll væru komin í gott horf.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. Barð. Er hún skrifleg og of seint fram komin, og þarf því fyrir henni tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 639) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N-M. (sjá þskj. 638) felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BrB, GJ, JJós, PZ, SÁÓ, StgrA, ÞÞ.
nei: BBen, BK, EE, GÍG, HV, LJóh, PM, BSt.
1 þm. (HermJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég tel, að með þessari dagskrártill., ef hún verður framkvæmd, verði bætt úr aðkallandi þörf, og segi því já.

Brtt. 639 samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PM, SÁÓ, StgrA, BK, GJ.
nei: GÍG, HV, LJóh, BSt.
JJós, ÞÞ, ÁS, BBen, BrB, EE greiddu ekki atkvæði.
1 þm. (HermJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Ég hef ekkert á móti því, að sú athugun fari fram, sem till. fer fram á, en ég sé, ef hún yrði samþ., að það mundi verða til þess, að málið dagaði uppi með breyt. á því nú, og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÍG, HV, LJóh, PM, BBen, BK, BSt.
nei: PZ, StgrA, ÁS, BrB.
GJ, JJós, SÁÓ, ÞÞ greiddu ekki atkv.
1 þm (HermJ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. hafi skilið það af umr. um þetta mál, að almennur vilji er fyrir því hér í hv. d. — og ég vænti þess, að hann sé einnig fyrir hendi í hv. Nd. —, að sú löggjöf, sem nú gildir um prestaköll og presta, verði endurskoðuð og þess vegna þurfi það ákvæði ekki að standa þarna í l. til þess að gera það, segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Þótt ég telji mjög litlar líkur til þess, að þetta frv. verði að l., þar sem nú hefur verið samþ. breyt. á því, segi ég samt já.

Frv. endursent Nd.

Á 59. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 640).

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, HÁ, HB, HermG, IngJ, JóhH, JG, JS, BG.
nei: PO, SK, StgrSt, ÁkJ, FJ, GÞG, HelgJ, JPálm.
15 þm. (JörB, KTh, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, StSt, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GTh, JJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 649).

62. Hitaaflstöð og hitaveita á Ísafirði.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði (þmfrv., A. 193).

Á 45. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég hef flutt þetta frv. ásamt tveimur öðrum þm. fyrir mjög eindregin tilmæli bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Það fer fram á, að ríkið veiti bæjarstjórninni einkaheimild til að reisa hitaaflstöð á Ísafirði og heimiluð verði ríkisábyrgð vegna þessarar framkvæmdar, allt að 5.5 milljónum króna, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði, enda samþykki ríkisstj. lánskjörin.

Nú er í þessu frv. það nýmæli, að ætlazt er til, að reist verði hitaveita fyrir kaupstaðinn, þannig að hitinn fáist frá olíukyntri miðstöð. Reist yrði eimtúrbínustöð, sem hvort tveggja í senn sæi íbúum kaupstaðarins fyrir rafmagni ásamt þeim vatnsaflsvélum, sem fyrir eru, og heitu vatni til húsahitunar, því að núverandi rafstöð nægir ekki nándar nærri, og er m. a. skýrt frá því í grg. þessa frv., að hvað eftir annað hafi þurft að loka fyrir strauminn um lengri eða skemmri tíma á sólarhringnum að vetrinum til. Þetta er náttúrlega ákaflega bagalegt fyrir þá, sem nota rafmagnið til ljósa og suðu, og þó enn þá bagalegra fyrir sjávarútveginn eða þau iðjuver, sem rekin eru í sambandi við hann, hraðfrystihús og fleira, en eins og kunnugt er, er nauðsynlegt að fá sem mestan gjaldeyri fyrir sjávarafurðir okkar, og því er nauðsynlegt, að fiskiðjuver þurfi hvorki að stöðvast né afurðirnar að skemmast þar sökum raforkuskorts. Jafnan veiðist vel þar vestra, og væri því mikill skaði fyrir kaupstaðinn og útflutning landsins yfirleitt, ef ekki reyndist hægt að halda þar uppi sæmilegri útgerð og fiskvinnslu sökum rafmagnsskorts. Úr rafmagnsþörfinni hefur verið reynt að bæta með því að virkja þrjár smáár, og við þær eru uppistöður, sem eru svo hátt, að þegar ekki rignir, verður skortur á vatni, og þá verður, eins og ég lýsti áðan, að draga úr allri rafmagnsnotkun.

Nú hafa verið gerðar rannsóknir á Dynjandifossunum í Arnarfirði að undanförnu að tilhlutan sveitarfélaga á Vestfjörðum, en niðurstöður þeirra rannsókna hafa leitt í ljós, að sú heildarvirkjun fyrir Vestfirði er ekki eins álitleg og vonir stóðu til, eða allmiklu dýrari en gert var ráð fyrir í fyrstu, og þar fást ekki nærri eins mörg hestöfl virkjuð og haldið var þá, en það voru 30 til 60 þús. hestöfl. En vatnsmælingar á seinni árum benda á 7 til 8 þús. hestöfl. Þegar ekki er hægt að virkja meira og þar við bætist, að virkjun þessi yrði mjög dýr, eða 30 til 40 milljónir, miðað við núverandi verðlag, eru engin líkindi til, að hún muni bæta úr rafmagnsþörf á Ísafirði eða annars staðar vestra á næstunni, bæði vegna þess, að aflið er ekki meira og kostnaðurinn tiltölulega mikill. Menn verða því að snúa sér að því að leysa þörf hvers kauptúns fyrir sig, þó að það sé mjög miður farið og heppilegra hefði verið á allan hátt, ef unnt hefði verið að virkja fyrir alla Vestfirði í einu. Ég vil þó ekki telja útilokað, að það sé kleift, en eins og sakir standa, benda upplýsingar í aðra átt.

Að öðru leyti get ég vísað til grg. þessa frv., og ég skal viðurkenna, að sjálfsagt þarf að gera margvíslegar athuganir, áður en í þessa framkvæmd er ráðizt. Málið hefur verið sent til umsagnar raforkumálastjóra, og telur hann ýmislegt mæla með þeirri leið, sem hér er lagt til, að farin verði, en bendir þó á, að ástæða sé til nokkru nánari athugana ýmissa atriða í þessu sambandi.

Mér er ekki vel ljóst, í hvaða n. þetta mál ætti helzt heima. Ég hugsa mér helzt fjhn., vegna þess að hér er farið fram á ríkisábyrgð á láni, en einnig má vera, að málið ætti að fara til iðnn., og skýt ég því til hæstv. forseta að athuga það. En ég óska eftir því, að málinu verði vísað til n. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 516).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur skilað hér áliti um þetta mál á þskj. 516. Það er sameiginlegt álit okkar nm., að hér sé um mjög athyglisvert mál að ræða og mjög þýðingarmikla tilraun til þess að gera sér grein fyrir nýrri raforkuvinnslu fyrir ýmsa kaupstaði úti um land og aðra staði, sem búa við þá aðstöðu að hafa ekki góð skilyrði til vatnsaflsvirkjana til raforkuframkvæmda.

Hér er um mál að ræða, sem er nýtt hjá okkur og umfangsmikið og þarf þess vegna að sjálfsögðu mjög rækilegrar rannsóknar við til viðbótar þeirri rannsókn, sem þegar hefur farið fram og getið er um í því fskj., sem hér fylgir með nál.

Eins og greinir í nál., erum við 3 fjhnm., sem leggjum til, að frv. verði samþ. En 2 nm. telja hins vegar enga töf að því, þó að laga-

setningin bíði þess, að fullnaðarathugun sé lokið. Það er í rauninni ekki mikið, sem hér ber á milli. Við 3 leggjum til, að málið sé samþ. nú, því að þarna er um heimildarl. að ræða, og þá er sjálfsagt að gera ráð fyrir, að það fari eftir þeim úrslitum, sem rannsóknirnar leiða í ljós, að hve miklu eða litlu leyti þessi heimild yrði síðan notuð af ríkisstj. En það kann annars að vera nokkur töf að því, ef þetta verður ekki samþ. á þessu þingi, og við teljum ástæðulaust að vera á móti, vegna þess að hér er aðeins um heimildarl. að ræða.

Þessi afstaða okkar er í samræmi við álit raforkumálastjórans, Jakobs Gíslasonar, sem fram kemur í bréfi hans til fjhn. og er fskj. nr. 1 í nál. hennar.

Við leggjum þess vegna til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 645).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, sem komið hefur frá Nd., og hefur orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ., þó að undanskildum einum nm., sem ekki var þá tilbúinn til þess að taka afstöðu til málsins, hvorki með né móti.

Hér er um að ræða frv., sem flutt er samkvæmt tilmælum bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar. Málið er tiltölulega einfalt. Það er heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa að koma upp og reka hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði og svo að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. tekur gildar, lán til þessara framkvæmda. Hér er einungis um heimildarlög að ræða, heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast þetta lán, ef hún telur fyrirtækið þannig vaxið, að það sé rétt að veita þetta lán og að hér sé um rétta stefnu að ræða. — Ísafjarðarkaupstaður hefur nú alveg ófullnægjandi raforku. Samkvæmt þeirri athugun, sem verkfræðingar hafa gert, er þetta, sem hér er um að ræða, talin skynsamlegasta leiðin til þess að bæta úr því, þ. e. a. s. að koma upp eimtúrbínustöð, sem hvort tveggja í senn sjái bænum fyrir nægilegu rafmagni og heitu vatni til húsahitunar.

Þar sem þetta verður að teljast mjög aðkallandi og mikið nauðsynjamál fyrir þetta bæjarfélag, þá leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. þetta verði samþ., enda er hér, eins og ég sagði í upphafi, aðeins um heimild að ræða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig undrar ákaflega mikið afgreiðsla þessa máls. Þetta mál kemur hér frá Nd. í gær og er í raun og veru ekki svo einfalt eins og hv. frsm. vill vera láta. Hv. fjhn. tekur það svo til athugunar á næturfundi og samþykkir þar einróma, að það sé mælt með því, ég held svona án þess, að leitað sé fullra upplýsinga um málið, eða a. m. k. verður ekki annað séð af nál. fjhn. Hins vegar kemur það greinilega fram í fskj. með nál., sem fram kom í hv. Nd. um málið, að raforkumálastjóri mælir á móti því, að frv. verði samþ. nú, og telur hann, að meiri athugun þurfi að fara fram um málið. Auk þess hefur þetta ekki verið rætt við hæstv. fjmrh. Ég veit um það af því, að ég ræddi við hann áðan, og taldi hann, að ekki hefði verið rætt við sig um málið.

Hér í þessu frv. er farið inn á nýja braut viðkomandi heimild til ríkisábyrgðar á láni til stofnkostnaðar slíks fyrirtækis, því að hér er gert ráð fyrir, að ábyrgðarheimildin miðist við 90% stofnkostnaðar. Það hefur áður þótt bjartsýni að fara inn á að miða ríkisábyrgðina við 85% stofnkostnaðar, en hér er farið fram á, að miðað verði við 90%. Ef þetta ákvæði frv. væri samþykkt, þá mundi það óhjákvæmilega hafa það í för með sér, að krafizt yrði hækkunar um 5% á ábyrgðum ríkisins fyrir lánum vegna stofnkostnaðar annarra raforkuframkvæmda í landinu.

En svo er hér farið einnig í öðru atriði inn á nýjar brautir í þessu frv. með ákvæðum 2. gr., því að þar er svo til tekið, að undireins og búið er að koma upp þessari hitaaflstöð, þá geti bæjarstjórnin í viðkomandi kaupstað bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá þessari hitaveitu. — Ég veit ekki til þess, að mönnum sé yfirleitt bannað að hafa kertaljós. Ég veit ekki, hvort menn, sem í Ísafjarðarkaupstað eru, eiga heldur að mega nota sólarhitann í sínum húsum, eftir að búið væri að koma upp þessari hitaaflstöð. En hér er lagt til að banna að hita hús þar upp með öðrum hætti en með hita frá þessari hitaaflstöð, eftir að hún er komin upp. — Málið er því ekki svo einfalt eins og hv. frsm. vill vera láta. Enn er hér farið inn á nýja braut hér á landi með því að gera ráð fyrir olíukyntri rafmagnsstöð.

Eitt af aðalatriðum í þessu máli er það, að hér er brotin sú meginregla, sem gilt hefur hér á landi, þegar um raforkuveitur hefur verið að ræða fyrir héruð, að 85% ábyrgð hefur verið

veitt, en hér er gert ráð fyrir heimild til að ábyrgjast 90% stofnkostnaðar. Auk þess á hér að banna mönnum á Ísafirði að hita upp hús sín á nokkurn annan hátt heldur en með hita frá þessari stöð. Ég veit ekki til þess, að Reykjavíkurbúum sé bannað að hita upp hús sín með öðrum hætti heldur en með hitaveituvatni, svo að þótt ekki sé annað en þetta tvennt, þá hygg ég, að þessi ákvæði frv. þyrftu sannarlega athugunar við.

Í þriðja lagi vil ég benda á það, sem kemur hér fram í grg. fjhn. hv. Nd., að þar stendur í bréfi frá raforkumálastjóra, að enda þótt athuganir hafi verið gerðar um þetta mál, þá sé ástæða til að athuga nokkru nánar ýmis atriði í sambandi við málið. Þetta virðist hv. fjhn. alveg hafa sézt yfir. Og það er farið miklu nánar inn á þetta atriði í bréfi raforkumálastjóra frá 26. febr., sem prentað er sem fskj. með nál. á þskj. 516. Þar stendur einnig: „Í umsögn minni og í grg. frv. er þess getið, að ýmis atriði í sambandi við tillögu þessa og áætlanir þurfi að taka til nánari athugunar en gert hefur verið, og hef ég einnig síðar hvatt bæjarstjórn Ísafjarðar til að láta hraða slíkum fullnaðarathugunum.“ Raforkumálastjóri segir einnig hér í öðru bréfi: „Þessa hitaveiturafstöð verður því ekki hægt að líta á sem framtíðarvarastöð“ — ekki einu sinni sem framtíðarvarastöð fyrir Ísafjarðarkaupstað —, „heldur verður að reikna með því, að hún gangi ávallt, meðan upphitunar er þörf.“ Svo segir hann: „Áætlun verkfræðinganna þriggja um hitaveiturafstöð á Ísafirði nær aðeins til þeirra mannvirkja, en ekki til athugana á öðrum leiðum til raforkuöflunar.“ Sannleikurinn er, að málið er enn þá ekki fullkomlega rannsakað, síður en svo. Og þegar svona er, að þessir ágallar eru á, þá þykir mér ákaflega viðurhlutamikið af Alþ. að samþykkja þetta frv. og heimila þannig þá ábyrgð, sem hér er gert ráð fyrir í frv. Ég mun því leyfa mér að bera fram rökst. dagskrártill. um málið, svo hljóðandi:

„Með því að ljóst er, að málið hefur ekki enn fengið nægilegan undirbúning, sbr. umsögn raforkumálastjóra, þykir rétt, að slíkur undirbúningur verði látinn fara fram, áður en frv. verður gert að lögum, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Er þetta alveg í samræmi við umsögn raforkumálastjóra um þetta mál.

Annars vildi ég gjarnan heyra frá hæstv. fjmrh. tvennt. Annars vegar, hvort hann er samþykkur því, að þessi ábyrgðarheimild verði samþ., eins og gert er ráð fyrir hér í þessu frv. Og í öðru lagi, ef þessi heimild yrði samþ., hvort hann þá væri fús til að veita öðrum stöðum, þar sem ríkið ábyrgist lán vegna raforkuframkvæmda fyrir þorp eða kaupstaði, sams konar ábyrgð, þ. e. a. s. sem svarar 90% stofnkostnaðar raforkuframkvæmda þar í staðinn fyrir 85%, eins og nú er í l. Ef ekki á að veita öðrum stöðum sams konar aðstöðu um ábyrgð ríkisins eins og þessum stað, þá vil ég ekki brjóta venjuna, að því er Ísafjarðarkaupstað snertir í þessu efni, og fara þannig með einn stað upp í 90% um slíka ábyrgð ríkisins. — Ég hélt, að hv. þm. væru búnir að fá næga reynslu í þessum efnum viðkomandi Siglufirði. Ég hygg, að þegar byrjað var á því máli hér á Alþ., þá hafi afgreiðslu þess verið hraðað álíka mikið og hér um þetta mál er stefnt að viðkomandi Ísafirði. Og ég veit ekki betur en að fjórum sinnum hafi það raforkumál komið inn í þingið og síðast nú fyrir nokkrum dögum til þess nú athugunarlaust að fá heimild til þess að bæta við 2 millj. kr., sem ríkið ábyrgist lán á, án þess að nokkur gögn lægju fyrir um það, að þetta væri lokagreiðsla. Hér hefur því í sambandi við Siglufjörð verið farið af stað með illa undirbúið fyrirtæki, sem kemur til með að liggja sí og æ á ríkissjóði, af því að athuganir við undirbúning framkvæmdanna hafa reynzt rangar. Og það er sannarlega happdrættisaðferð, ef sú leið, sem stefnt er að með þessu frv., verður valin í þessu máli, sem hér liggur fyrir.

Ef dagskrártill. mín verður ekki samþ., sem ég þó vona, að verði, mun ég bera fram brtt. um, að þessi ábyrgðarheimild, sem í frv. er, verði lækkuð.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt rökst. dagskrártill., sem hv. þm. hafa nú heyrt, frá hv. þm. Barð., og liggur hún þá einnig fyrir til umræðu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. beindi til mín fyrirspurn í sambandi við þetta mál, og er það sannast að segja, að það er nú það fyrsta orð, sem til mín er beint eða fjmrh. varðandi það mál, sem hér er um að ræða. Hvorki flytjendur frv. né hv. n. hafa á neinn hátt borið þetta undir ráðuneytið eða leitað álits þess. (ÞÞ: Einstakur nefndarmaður hefur gert það.) Kann að vera, a. m. k. hefur það þá verið mjög á förnum vegi, ef það hefur verið gert. Ég er ekki með þessu að segja það, að það hefði gert svo sem sérstaklega til. En það er þó a. m. k. eitt atriði, sem hefði þurft skýringar við, sem allir koma auga á, sem er, að hér er gengið út frá því að víkja frá þeirri venju, sem hefur verið nokkuð föst, að ábyrgðir eins og sú, sem hér er gert ráð fyrir, færu ekki fram úr 85% stofnkostnaðar. Nú er hér til þess ætlazt að rjúfa þann vegg með því nýja ákvæði hér, að ábyrgðin megi vera sem svarar 90% stofnkostnaðarins. Og skil ég ekki eiginlega, hvað þar liggur til grundvallar, af því að það er orðinn mikill fjöldi af þessum rafvirkjunum, sem eru nú komnar áleiðis, sem heyra undir þennan svokallaða sjálfsagða taxta. Mér hefur heyrzt það vera talinn eins og eiginlega sjálfsagður taxti, að þessar ábyrgðir færu ekki fram úr 85% stofnkostnaðar þessara framkvæmda.

Nú ber það við, að svona stórt mál eins og þetta kemur hér seint fram á þinginu, og náttúrlega þolir það enga bið. Það er síðurinn og hefur verið fjármálasíðurinn hér undanfarið. Og fyrir það sýpur nú ríkissjóður og þjóðin seyðið af ýmsu, sem gert er, af því að það þolir aldrei neina bið eftir okkar mælikvarða, ef okkur dettur í hug að fá eitthvað í gegn.

Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Barð., að hann hélt því fram, að raforkumálastjóri teldi þetta mál ekki nægilega undirbúið. Ég sé nú ekki, að það komi hér beinlínis út í grg. (GJ: Það er í nál. frá Nd. á þskj. 516.) Hitt veit ég, að það hafa verið mál á ferðinni, sem jafnvel rafmagnseftirlit ríkisins og raforkumálastjóri hafa skoðað nægilega undirbúin, en þó hefur komið í ljós, að undirbúningurinn hefur annaðhvort ekki verið nógu vandaður eða ekki nógu framsýnn. Það hafa komið í ljós stór áföll í sambandi við þessar áætlanir um virkjanir, svo stór áföll, að öllum hefur blöskrað, og er þar skemmst að minnast Skeiðsfossvirkjunarinnar. En þar er reglan þessi orðin, að þótt allir sjái, að búið sé að sökkva í það fyrirtæki ótrúlega miklu fé, þá er það svo, að þegar farið en fram á meira, neyðast menn til að segja já við því. Það verður að segja b, þegar búið er að segja a. Og það verður að halda áfram þessum framkvæmdum, þegar búið er að byrja á þeim. En kannast verður við, að af litilli framsýni hefur verið byrjað oft og tíðum í þessum efnum. Nú kann að mega segja, að eitthvað megi af þessu læra, þannig að hv. þm. færu dálitið hægar í þessum málum heldur en þeir hafa gert. Það er ekki meining mín, að það beri að standa í vegi fyrir sjálfsögðum raforkuframkvæmdum. En það þarf að vanda til áætlana um þær miklu betur heldur en gert hefur verið hingað til. Og það gildir ekki aðeins þetta mál, sem hér liggur fyrir, heldur öll *þessi ábyrgðarmál og stórkostlegu fjárhagsmál*, sem ríkissjóður er við riðinn. Það er blátt áfram skylda hv. þm. að gá að sér í þessum efnum með þeim hæfilega fyrirvara, að ekki hljótist neitt stórtjón af fyrir þessi fyrirtæki, sem í hlut eiga. Og að hverju leyti væri líka Ísafjarðarkaupstaður bættari eða aðrir staðir, sem að raforkuframkvæmdum standa, ef farið er út í stórkostlegar framkvæmdir á grundvelli, sem er ekki nógu vel lagður? Ég spyr. Ég ímynda mér, að ef Siglufjarðarbær ætti að standa straum af sinni Skeiðsfossvirkjun, þá væri honum það alveg um megn, enda er svo komið nú, að það *er bara ríkissjóður*, sem verður að standa straum af öllum þeim hlutum. Það átti sér stað stór útborgun árið 1947 úr ríkissjóði út af ábyrgð vegna Siglufjarðar, ¾ millj. kr. Og það var ekki eins stór, en stór upphæð, sem krafizt var af fjmrn. eftir áramótin í sama skyni. Með þetta fyrir augum finnst mér, að þingið verði að hafa allan vara á. Og sé það rétt hermt, sem ég reyndar ekki efa, hjá hv. þm. Barð., að í þessu máli liggi fyrir umsögn raforkumálastjóra á þann veg, að hann sé ekki ánægður með undirbúning málsins, þá sé ég ekki, að það sé forsvaranlegt fyrir þeirra hluta sakir að hraða endanlegri afgreiðslu málsins á þessu þingi. Mér hafa ekki verið færð nein rök fyrir því, að málið sé nægilega undirbúið, og ég hef ekki séð nein rök til framdráttar því, að *málið sé sett allt í voða*, þó að það dragist um eitt þing. Hins vegar vita það allir, að ef sá dráttur yrði til þess, að undirbúningur þessa máls yrði betri, þá mundi það gera það að verkum, að framkvæmdirnar yrðu byggðar á öruggari grundvelli, bæði fyrir Ísafjarðarkaupstað og fyrir ríkið. Og þá gæti vel verið, að þeir mánuðir, sem framkvæmdir þessa fyrirtækis biðu, margborguðu sig, eins og oft hefur átt sér stað, að með betri undirbúningi mála hefur náðst betri grundvöllur undir framkvæmd þeirra heldur en með því að hrapa að framkvæmdunum að lítt yfirveguðu máli.

Hv. þm. Barð. hefur komið hér með till. til rökst. dagskrár, þess efnis, að frestað verði afgreiðslu þessa máls og það betur undirbúið. Ég skal ekkert um það segja, hvort þessi dagskrártill. er það rétta, sem fram þarf að koma í þessu máli. En hvað sem því líður, þá þarf að upplýsa það, hvað til þess ber, að það á nú, samkv. till. þessa frv., að taka upp nýja og ríkissjóði áhættumeiri ábyrgðarreglu heldur en tíðkazt hefur að undanförnu. Ég ætla þó, að allir hv. þdm. geti við það kannazt, að sá ábyrgðaþungi, sem raforkuframkvæmdir hingað til hafa lagt á ríkissjóðinn, mundi nú reynast honum alveg nægilega þungur.

Þar sem, eins og ég sagði áður, þetta mál er flutt án alls samráðs við fjmrn. og hins vegar er það, að sú n., sem hefur fjallað um það hér í þinginu, virðist vera sammála um, að það gangi fram, ætla ég ekki að leggja mig í líma til þess að stöðva það. En ég vildi nota þetta tækifæri til þess að benda hv. þingmönnum á, að í fyrsta lagi virðist hér farið gálauslega af stað og í öðru lagi er miðað að því, að brotin verði sú regla í ábyrgðarveitingum, sem Alþ. *hefur um nokkuð langt skeið verið búið að* viðurkenna.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Það er algerlega rangt hjá hv. þm. Barð., að þetta mál hafi verið afgr. í fjhn. á næturfundi. Það var afgr. í fjhn. í gærdag. Það er enn fremur rangt, að ekki hafi verið rætt við hæstv. fjmrh., og því kom mér ræða hans algerlega á óvart. N. óskaði álits hans og frestaði einmitt fundi af þeim sökum. Einn nm. fór á fund ráðh. og óskaði þess, að hann sæti fund með n., en mér skildist, að hann hefði ekki haft tíma til að koma á fundinn. *Hins vegar kom nm. með þau skilaboð*, að ráðh. tæki ekki afstöðu og léti n. eina um afgreiðslu málsins. — Því kom mér á óvart, þegar hæstv. ráðh. segir, að ekki hafi verið leitað til sín, og tekur í öðru lagi ákveðna afstöðu gegn málinu nú. Hefði hann gert það í gær, má vera, að málið hefði verið afgr. á annan hátt í n.

Hv. þm. Barð. telur, að þetta mál sé ekki nægilega undirbúið og eigi því ekki að ná fram að ganga, ófullkomin athugun sé lögð til grundvallar. — En það er nú svo, að þrír verkfræðingar, Eiríkur Briem, Gunnar Böðvarsson og Benedikt Gröndal, hafa gert áætlanir og skilað áliti um þetta og eru allir á einu máli um, að þetta sé rétt leið.

Hv. þm. Barð. sagði enn fremur, að raforkumálastjóri *væri þessu andvígur*. — Það er einnig rangt. Þvert á móti. Raforkumálastjóri hefur sagt, að ekki komi til greina að ráðast í Dynjandavirkjunina á næstu árum, en öðru máli gegni um þessa virkjun og stangist þær fram-

kvæmdir engan veginn. Og í umsögn raforkumálastjóra er talið, að gjaldeyrissparnaður af hitaveitunni muni nema um 220 þús. kr. á ári, miðað við kolanotkun til húsahitunar, — svo að það er algerlega rangt, að hann hafi mælt á móti þessu. Hitt er annað mál, að hann telur þurfa frekari athugana við — og því neitar heldur enginn.

Hér er aðeins farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa Ísafjarðarbæ að koma aflstöðinni upp og veita ríkisábyrgð á lánum til stöðvarinnar. Ríkisstj. hefur því málið algerlega í hendi sér, og ekkert verður gert, fyrr en hún telur málið fullkomlega undirbúið. Hér er því ekki um annað að ræða en það, að Alþ. treystir ríkisstj. til þess að láta gera þær athuganir, sem þarf, og ábyrgjast lánið. Það lítur ekki út fyrir, að hv. þm. Barð. treysti ríkisstj. til þess arna, og jafnvel sjálfur fjmrh. virðist ekki bera það traust til hennar. — En þótt mitt traust á hæstv. ríkisstj. sé ekki mikið, þá treysti ég henni til að flana ekki út í verklegar framkvæmdir, og ekki sízt eftir þá ræðu, sem hæstv. ráðh. flutti nú, sem var ekki annað að inntaki en almennur áróður á móti öllum framkvæmdum.

Þjóðin sýpur nú annars seyðið af því nú, að of lengi hefur verið beðið með ýmsar framkvæmdir fyrir stríð, svo að öll okkar framleiðslutæki voru í niðurníðslu. Af því sýpur hún seyðið, en ekki hinu. Og að nota einstök áföll sem almenn rök gegn heimild til að leggja í verklegar framkvæmdir er algerlega ósæmandi. Óhöpp geta alltaf komið fyrir, svo að slíkt eru engin rök.

Hv. þm. Barð. fetti mjög fingur út í 2. gr. frv. Nú er 2. gr. frv. ekkert aðalatriði í málinu. En hún er sett inn vegna þess, að bæjarstjóri telur nauðsynlegt, að slík ákvæði séu fyrir hendi til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins, og hún virðist því ekki vera óeðlileg.

Ég kem þá að því, sem hv. þm. Barð. og hæstv. fjmrh. hafa gert að höfuðatriði í andmælum sínum, að heimildin til ríkisábyrgða skuli vera 90% af stofnkostnaði, en hér stendur aðeins, að þegar ríkisstj. hefur gefið leyfi til framkvæmdanna, skuli hún fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgjast allt að 5.5 millj. kr. lán og þó ekki meira en 90% af stofnkostnaði. — Það er þannig algerlega rangt, að nokkru sé slegið föstu um þetta, og ríkisstj. hefur þetta alveg í hendi sér.

En þetta er heldur ekki höfuðatriði, heldur hitt, hvort Alþ. vill fyrir sitt leyti veita þessa heimild til mjög aðkallandi og nauðsynlegra framkvæmda.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Já, það þykir kannske nýlunda, að ég standi upp til að vitna með hv. 4. landsk., en það hefur nú orðið sá kostur á hans ráði, að við höfum orðið sammála í meginatriðum um eitt mál, og það er því sjálfsagt, að hann standi ekki alveg ber að baki, þótt ég fái e. t. v. lítið lið veitt.

Ég hef verið talinn dragbítur á allar framkvæmdir og fjárveitingar. En þegar farið var fram á þetta, þá hinkraði ég við og tók mér frest til þess að athuga málið náið, og er ég tók að velta því fyrir mér, minntist ég þess, að ýmsum kaupstöðum úti um land hafa verið veittar ábyrgðir og þær ekki smáar — ég nefni t. d. Skeiðsfossvirkjunina — og þori ekki að sverja, að hæstv. fjmrh. hafi ekki rétt upp hönd með þeirri ábyrgð. Svo þegar Ísafjarðarbær biður um þetta og telur sér svo nauðsynlegt, þá verð ég að segja alveg eins og er, að ég glúpnaði fyrir því, ekki sízt þar sem svo stendur á, að hér er aðeins um heimildarlög að ræða, og ríkisstj. er það í sjálfsvald sett, hvaða tryggingu hún heimtar fyrir láninu, og getur því séð svo um, að ábyrgðin sé ríkinu alveg hættulaus. Hún getur heimtað næga tryggingu og hefur því enga ástæðu til að skera lánið við nögl sér.

Það er rétt, að það er óeðlilegt að nefna 90%, og er ekki ætlazt til, að það verði regla, en það er þó ekki rétt að hrekja frv. milli deilda og drepa það þannig með því að breyta þessu. Og ég mun ekki ámæla hæstv. ráðh., þótt hann haldi sig við 85% eða jafnvel 80%. Og hann þarf ekki að lána 5.5 millj., en það er spursmál, hvort ekki er rétt að gera það, ef næg trygging er fyrir hendi.

Á þetta allt vil ég benda. Og ég segi fyrir mig, að ef ég hefði ekki treyst hæstv. ríkisstj. til að vera íhaldssöm og gætin, þá hefði ég ekki fylgt þessu frv. Þar gegnir öðru máli en um þá, sem eyða og sóa um efni fram.

Hermann Jónasson: Út af ummælum, sem hér féllu í sambandi við afgreiðslu þessa frv. og störf n., sem ég er í, vildi ég segja nokkur orð.

Ég gerði það, sem óskað var eftir af n., að ræða við hæstv. fjmrh., og spurði hann, hvort málið hefði verið rætt við ríkisstj., og hann kvað það ekki hafa verið gert. Ég sagði þá, að við vildum vita, hver afstaða ríkisstj. væri til málsins, þar sem í frv. væri farið fram á allmikla lánsheimild, eða 5,5 millj. kr. Þá svaraði hann því, að sér væri málið ókunnugt á þessu stigi og yrði n. að taka afstöðu til þess upp á eigin spýtur. — Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi gleymt þessu, þar sem ríkisstj. hefur í svo mörgu að vasast og svo margt hefur verið við hana rætt nú undanfarið.

Ég treysti mér ekki til þess nú á tveimur síðustu dögum þingsins að taka afstöðu til þessa máls og treysti mér ekki til að greiða atkvæði með því í n., og ég geri ráð fyrir, að ef þessi hv. þd. telur rétt að afgreiða þetta mál í slíku skyndi, þá treysti ég mér ekki til að taka þátt í því án frekari upplýsinga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að eins og fyrri daginn þá verði það álitin tóm andúð við þetta mál sem önnur, ef á að ræða það, ekki sízt nú á síðustu dögum þingsins — en ég mun ekki láta það aftra mér.

Afgreiðsla þessa máls er táknræn fyrir vinnubrögðin í fjhn. Form. n. lýsir því yfir, að hann hafi ekki séð sér fært að taka afstöðu í svo umfangsmiklu máli, fyrr en rætt hafi verið við aðra aðila, — en síðan tekur stjórnarandstaðan fyrir að afgreiða málið — stjórnarandstaðan, sem reynir að koma ríkisstj. í fjárhagslegt öngþveiti, ef hún gæti.

Það furðar engan á því, þótt hv. frsm. haldi

fast á málinu. Hitt er meiri furða, að jafnvel *gefinn maður skuli halda því fram gegn skriflegum* þskj., að raforkumálastjóri sé með málinu. — Ég skal aðeins benda á eitt atriði varðandi þetta. Raforkumálastjóri segir hér í áliti sínu meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkfræðingarnir miða áætlanir sínar við það, að íbúatalan á orkuveitusvæði rafveitunnar sé 4000 og að af þeim íbúafjölda búi 3000 á hinu skipulagða svæði Ísafjarðarkaupstaðar, en tilsvarandi tölur eru nú 3250 og 2300. Hér er því gert ráð fyrir 18.8% og 23.3% fólksfjölgun.“ — Það kemur hér strax fram, hvernig málið er undirbúið, það er miðað við 20% meiri fólksfjölda en til er á svæðinu. Og enn fremur segir: „Nú hefur fólksfjölgun verið hæg mjög um langan aldur á Ísafirði og í Hnífsdal, og jafnvel um fólksfækkun að ræða hin síðari árin. Er því nokkurt vafamál, hvort réttmætt er að byggja áætlanir á svo mikilli fjölgun sem gert er. Að vísu gera verkfræðingarnir ráð fyrir því, „að fólksfjöldinn mundi brátt ná því marki, ef staðurinn hefði upp á þá möguleika og þægindi að bjóða, sem umrætt fyrirtæki hefði í för með sér.“ Ég tel, að þessi fullyrðing þyrfti nánari rökstuðnings við.“

Eru þetta meðmæli með frv.? Er þetta ekki þvert á móti fullkomin ábending um það, að fleira sé í málinu, sem eftir er að rannsaka? Það er ekki vitað, hvort fyrirtækið geti borið sig. Til þess þarf að rannsaka, hvort fólksfjölgun verði jafnmikil og ráð er fyrir gert. — Tæknileg atriði eru heldur ekki undirbúin sem skyldi. Ég sé því ekki, að það sé neinn velgerningur við bæjarfélagið að hraða svo málinu, að önnur eins atriði og þetta svífi í lausu lofti, þegar hefjast skal handa.

Nú má segja, að hæstv. ráðh. þurfi ekki að gefa heimildina, fyrr en rannsókn hefur farið fram, og orð hv. frsm. féllu á þá leið, að hann mun vera mér sammála um, að málið þurfi frekari rannsóknar við, — en ef það er viðurkennt, þá á sú *rannsókn auðvitað að fara fram* áður en heimildin er samþ., því að lögin gefa Ísfirðingum fulla ábendingu um, að það sé vilji Alþ., að þeim sé veitt aðstoð eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja nú þegar. Þessi heimildarveiting yrði því enginn velgerningur við Ísafjörð, ef raunin kynni að verða öll önnur síðar. Það ber hér enn að sama brunni og við Skeiðsfoss- og Andakílsvirkjanirnar — það er hafizt handa og gerðar of lauslegar áætlanir, og svo reynist kostnaðurinn tvöfaldur við það, sem áætlað var, svo að fyrstu afborganir og vexti verður að greiða úr ríkissjóði. Það er óverjandi, að *ríkið skuli ekki setja yfirstjórn yfir* þessi mál, sem krefst meiri fórna af fólkinu í viðkomandi héruðum, t. d. á Siglufirði og í Andakíl, því fólki, sem nýtur góðs af þessum fyrirtækjum.

Ég get ekki séð, að þessu athuguðu, að það sé nein goðgá, að málinu sé frestað með vinsamlegri dagskrá þangað til í haust, og það væri ólíkt sterkari aðstaða, sem Ísafjörður hefði þá, ef málið væri fullrannsakað og það lægi fyrir um það skýrt álit raforkumálastjóra, þar sem hann mælti með, að ríkið gengi í þessa ábyrgð. Hversu miklu sterkari aðstaða væri það ekki fyrir bæjarfélagið heldur en ef það legði nú út í fyrirtækið, það bæri sig ekki og öll gjöld á mönnum yrðu að stórhækka til þess að fá í rekstrarkostnaðinn? Sé þessa gætt, má það teljast hreinn fjandskapur við Ísafjarðarkaupstað að bera þetta frv. fram nú.

Út af því, sem hv. þm. Dal. sagði, vil ég taka það fram, að ég tel óverjandi að brjóta í þessu frv. reglu raforkulaganna um 85% hámarkið, — jafnvel það er vafasamt, en hér er gengið enn lengra og miðað við 90%, enda þótt aðeins sé um heimild að ræða. En það þarf ekki nema meðalskynsemi til að sjá, að ef búið er að heimila það af Alþingi að fara svo og svo hátt, þá hefur viðkomandi ráðherra ekki þægilega aðstöðu til að stinga þar við fótum. Hugsum okkur, að bæjarstjórn Ísafjarðar kæmi til hans og segði: „Við verðum að fá svo og svo háa ábyrgð, ef unnt á að verða að ljúka verkinu.“ Hvaða pressa liggur þá ekki á ráðherranum að fylgja fyrirmælum Alþ.? Þetta ætti jafnskynsamur maður og hv. þm. Dal. að sjá. — Og svo verður ekki látið staðar numið við Ísafjörð einan, heldur kemur hvert einasta þorp á landinu á eftir. Og á sama tíma og verið er að afgreiða þetta mál hér, er verið að rífast um að fresta l. um ýmsar framkvæmdir, sem sett voru þegar meiri bjartsýni einkenndi athafnalíf þjóðarinnar en nú. Það er ekki ósamræmi í þessu!

Ef dagskráin verður felld, mun ég bera fram tvær brtt. við 3. umr., aðra um það, að 2. gr. verði *felld niður*, og *hina um*, að *hámark* ríkisábyrgðarinnar verði fært niður í 85% í stað 90% af stofnkostnaði. Ég mun svo ekki taka aftur til máls í þessu máli, nema sérstakt tilefni gefist til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Dal. sagði áðan, að óliku væri saman að jafna ríkisábyrgðum fyrir Ísafjörð og Siglufjörð. Ríkisábyrgðir fyrir Siglufjörð *eru komnar upp* í 15 milljónir króna, en á Ísafirði hefur ríkið ábyrgzt 80% af þriggja milljón króna kostnaði.

Í 7. gr. þessa frv. er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5.5 milljónum króna, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði. Ýmsir hafa hnotið um það, að hér skuli standa 90%, en frv. var þannig samið af raforkumálastjórninni og sett 90%, en ég hygg, að það stafi af mistökum og ætlunin hafi aldrei verið sú að fara hærra með þessa ábyrgð en almennar fastar reglur afmarka. Ég hef átt ýtarlegt viðtal við forseta bæjarstjórnar Ísafjarðar, hv. þm. N-Ísf., um þetta, og kom þá í ljós, að bæjarstjórnin fer ekki fram á hærra en 85% ábyrgð eða það, sem gildir samkvæmt almennum reglum hér að lútandi. Ég hef skýrt hæstv. fjmrh. frá þessu og rætt um það við hann, og ég hygg, að þar sem svo mjög er liðið á þingið og brtt. gætu stofnað málinu í verulega hættu, þá geti þeir, sem óánægðir eru með 90% ákvæðið, verið ánægðir, þar sem þessi *yfirlýsing* bæjarstjórnarinnar liggur hér fyrir, og flett upp umræðum í þingtíðindum, ef þeir vilja, til staðfestingar þeim skilningi, að ábyrgðin skuli ekki

fara fram úr föstum, almennum reglum, þó að 90% standi í lögunum.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um raforkumál Ísafjarðar almennt. Ísafjörður fær nú raforku frá orkuveri í Engidal. Það samanstendur af tveimur vatnsaflsvélum, önnur vélasamstæðan hagnýtir Fossavatn, en hin Nónvatn. Rafmagn er nægilegt mestan hluta ársins, en þegar langvarandi frostakaflar koma á útmánuðum, þá er aðrennsli í þessi vötn svo lítið, að þurrð verður í þeim, og það hefur endurtekið sig í allmörg ár, þegar frostakaflar hafa komið, og ýmist stöðvað eða truflað atvinnulífið, svo sem rekstur hraðfrystihúsa og iðnfyrirtækja, er sízt skyldi, og yfirleitt er rafmagn notað eins fjölbreytilega og hægt er á Ísafirði og í Eyrarhreppi, svo að það grípur inn í líf bæjarbúa á öllum mögulegum sviðum, þegar raforkan þverr vegna vatnsþurrðar þeirrar, sem ég hef áður nefnt. Vegna þessara vandkvæða hafa rafveitustjórn og rafveitustjóri á Ísafirði íhugað, hvað hægt væri að gera þessu til úrbótar. Vatnsvirkjun kemur trauðla til greina. Að vísu hefur verið bent á Langá, en hún hefur svo lítla fallhæð, að virkjun hennar gæfi ekki meira en 150—200 hestöfl, en sá kostur væri við hana, að hægt væri að sameina hana þeim tveimur smávirkjunum, sem fyrir eru, þ. e. hafa vatnsaflsvélina í sama stöðvarhúsi og þær tvær, sem fyrir eru. Vatnsvirkjun fyrir Vestfirði í heild og þá jafnframt Ísafjörð á vafalaust alllangt í land, hvort sem rætt er um virkjun Skúfnavatna eða Dynjanda, og þarf naumast að reikna með slíkri virkjun á næstu árum að sögn raforkumálastjóra. Önnur leið kemur þá til greina á Ísafirði, að koma upp dieselstöð og hafa hana sem toppstöð, þegar álagið er mest og vatnsrennslið minnst. En þegar þetta var til athugunar hjá rafveitustjórn bæjarins, kom Jón Gauti rafveitustjóri fram með þá hugmynd, að jafnframt því að vera toppstöð yrði stöðin oliukyndingarstöð fyrir alla byggðina, þó að nokkur hluti kaupstaðarins njóti að vísu ekki hitaveitunnar. Þegar þessi hugmynd kom fyrir bæjarstjórnina, var rafveitustjóra falið ásamt Chr. Högh Nielsen bæjarverkfræðingi að gera frumdrætti að þessu mannvirki, en þessir frumdrættir voru síðan sendir til rafmagnseftirlits ríkisins, og varð að ráði, að það tilnefndi þrjá menn, þá verkfræðingana Benedikt Gröndal, Eirík Briem og Gunnar Böðvarsson, til að gera áætlun um þetta. Sú áætlun hefur nú verið gefin út, og á henni byggist þetta frv. Þeir fullyrða, verkfræðingarnir, að áætlanir þeirra séu varlega gerðar, og er e. t. v. erfitt að vefengja það, þó að reynslan hafi stundum viljað hnekkja áætlunum, því ber ekki að neita. Nú hefur þessi áætlun verið send raforkumálastjóra til umsagnar, og er umsögn hans prentuð sem fskj. á þskj. 516 með áliti fjhn. Nd. Ég verð að segja eins og hv. þm. Barð., að fram hjá því verður ekki gengið, að svo virðist sem raforkumálastjóri dragi sum atriðin nokkuð í efa, ýmislegt í ummælum hans bendir til þess, bæði íbúatölu að fólksfjölgun, sem hann telur varlegt að reikna með, og fleira, sem hv. þm. Barð. benti á. Hvergi mælir hann þó beint á móti hinni fyrirhuguðu framkvæmd eða áætluninni. Hitt tekur hann réttilega fram, að aðeins hafi verið gerðar frumáætlanir. Það er rétt. Ekki hefur heldur verið gerð samanburðaráætlun og þar með borið saman, hvort hagkvæmara væri að koma upp dieseltoppstöð eða byggja sameiginlega hitaaflstöð og orkuver í einu lagi. Það ber að játa, að þessar áætlanir liggja ekki fyrir. Ég játa einnig fúslega, að þessi lausn málsins sé ekki til frambúðar. En það er næstbezta lausnin, hvað verð rafmagnsins snertir, af þremur, sem til greina koma og raforkumálastjóri drepur á, ódýrust yrði orkan frá Dynjanda, en sú virkjun kemur ekki til greina í bili, eins og hann tekur einnig fram, og í útreikningum sínum miðar hann við, að þær áætlanir standist, sem fyrir liggja.

Ég veit svo ekki, hvort ég á að flytja hér lengra mál. Ég hef játað, að fyrir liggja aðeins frumáætlanir, frumdrög gerð af rafveitustjóra og bæjarverkfræðingi á Ísafirði, því næst nýjar áætlanir gerðar af þremur íslenzkum verkfræðingum hjá rafmagnseftirliti ríkisins, og loks lætur raforkumálastjóri í té umsögn sína um þá áætlun. En fullnaðaráætlun er eftir að gera, og hún mundi verða gerð, áður en af framkvæmdum yrði. Þó væri hægt, ef frv. þetta næði samþykki, að halda undirbúningi áfram, sem raunar væri nú hægt án þess, og enn fremur væri þá aðstaða Ísafjarðar til að útvega sér lán bætt að miklum mun eða leita fyrir sér í því efni, þegar ríkisábyrgðin væri fengin.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur gert ályktun um málið og falið forseta bæjarstjórnarinnar, hv. þm. N-Ísf. það til flutnings, og get ég ekki annað en flutt það hér að því leyti, er til minna kasta kemur.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Barð. (sjá þskj. 660) felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, BK, GJ, HermJ.

nei: LJóh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BrB, EE, GÍG, HV.

BSt greiddi ekki atkv.

3 þm. (PM, BBen, JJós) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jóhannesson: Þar sem hér er aðeins um heimildarlög að ræða og í trausti þess, að ríkisstj. noti ekki þessa heimild, nema málið sé vel undirbúið fjárhagslega, og ekki verði ábyrgzt meira en 85% af stofnkostnaði, þá vil ég ekki leggja stein í götu þessa máls og segi því nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég tel afgreiðslu þessa máls eiga og vel mega bíða til hausts, þá segi ég já.

1. gr. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HV, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BrB, EE, BSt.

nei: GJ, BK.

HermJ, PZ greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJós, PM, BBen) fjarstaddir.

2.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál lengi. Eins og ég lýsti við 2. umr., mun ég flytja 2 brtt. við þetta frv., í fyrsta lagi, að 2. gr. falli niður, og hina við 7. gr., að í stað 90% komi 85%. Bent hefur verið á, sem rétt er, að þetta hafi verið sniðið eftir l. nr. 38 frá 1940, um hitaveitu Reykjavíkur. 2. gr. er tekin upp samhljóða, að bæjarstjórnin hafi heimild til að *banna að hita upp með öðru en hitaveituvatni*. Þetta tel ég rétt að fella niður, og hefur Reykjavíkurbær ekki séð sér fært að framfylgja þessu atriði. Verður því að taka tillit til reynslunnar. Þá tel ég, að þessar 2 hitaveitur séu ekki sambærilegar. Í öðrum staðnum er notað heitt uppsprettuvatn frá jörðinni og þannig sparaður gjaldeyrir í stórum stíl. Er því eðlilegt, að þetta atriði *gildi um hitaveitur, sem nota heitt uppsprettuvatn*. En um hina gegnir allt öðru máli, þar sem flytja þarf inn erlent eldsneyti. Ef til vill er hægt að hita ódýrara á annan hátt og spara þannig enn meiri gjaldeyri. Sé ég því ekki ástæðu til að samþykkja það. Ég vil því, að hámarkið sé 85% í samræmi við raforkulögin. Það er undarlegt, að þeir menn, sem byggt hafa upp frv., skuli ekki hafa athugað, að rafmagnsveitur eiga að njóta sömu hlunninda, þótt það sé í öðrum lögum, og er því nauðsynlegt að krefjast þess sama hér. Er því eðlilegast að breyta þessu þegar. Bent var á, að í l. nr. 38 frá 1940, um hitaveitu fyrir Reykjavík, *væri ekki takmark sett*, en ríkisstj. heimilað að ábyrgjast allar skuldbindingar í sambandi við hitaveituna, allt að 9 millj. kr. dönskum eða jafnvirði þeirra. Hér var ekkert ákvæði um 85% eða 100%. Hitaveitan kostaði miklu meira en 9 millj. En þetta er ekkert sambærilegt. Þá var um að ræða að hita upp heilan bæ með jarðhita. Því er ekki þannig farið á Ísafirði. *Þar á að flytja inn erlent eldsneyti*. Og þegar þetta er borið saman við vatnsveitur í bæjum, þá kemur í ljós, að þar er ábyrgð aðeins veitt fyrir ¾ hlutum kostnaðar við aðalvatnsæð og geyma, en ekki fyrir bæjarkerfið, en hér er farið fram á ábyrgð fyrir dreifingu í hvert hús. Þessu verður að breyta. 85% er of hátt, hvað þá 90%. Ég ætla ekki að tefja þetta lengur, en vona, að brtt. mínar við frv. verði samþ.

Forseti (BSt): Fram eru komnar 2 skrifl. brtt. við frv. frá hv. þm. Barð. Sú fyrri, að 2. gr. frv. falli niður, sú síðari, að 7. gr. breytist þannig, að í stað 90% komi 85%. Tvöfaldra afbrigða þarf við.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 669) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. upplýsti í deildinni, að þau tvö atriði í frv., sem helzt hafa orðið að ásteytingarsteini, að allir séu skyldir til að nota heita vatnið og 90% ábyrgðin styðjist við l. um hitaveitu Reykjavíkur, hið fyrra algerlega, en hið síðara þannig, að í sambandi við hitaveitu Reykjavíkur sé ábyrgðin 100%. Nú hefur hv. þm. Barð. borið fram brtt. um að fella 2. gr. niður, en það hefur í för með sér, að menn á hitaveitusvæðinu eru ekki skyldir til að nota hitaveituna, sem gerir það að verkum, að miklu vafasamara er, hvort hún ber sig, þegar ekki *er hægt að byggja á því*, að allir íbúarnir noti hana. Ef brtt. verður samþ., er því fjárhagslegur grundvöllur fyrirtækisins ótryggari. Varðandi hina brtt. um, að í stað 90% komi 85%, má geta þess, að áðan kom hér fram yfirlýsing í samráði við Sigurð Bjarnason og fjmrh. Hefði ég því ekki talið till. þörf og lítinn greiða við málið. Hefði hv. flm. átt að láta sér nægja þær yfirlýsingar, sem þar komu fram. Hins vegar hefði ég ekki verið á móti, að þetta kæmi fram, ef málið væri ekki komið í eindaga. Vil ég því mælast til, að hv. flm. taki till. sínar aftur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Viðvíkjandi ósk hv. 3. landsk. vil ég taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til að taka brtt. mínar aftur. Ég hef sýnt fram á þann reginmismun, sem er á þessum 2 hitaveitum. Á öðrum staðnum er notað jarðvatn, en á hinum þarf að nota erlent eldsneyti. Ef þarf lagaákvæði til að fá menn til að nota vatnið, þá held ég, að enginn fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir þessu og engin rök fyrir því, að það nái fram að ganga. Í gær var afgr. hér frv. um skiptingu prestakalla, og mun ekki enn þá búið að samþykkja það í Nd., og gæti þetta því fylgt því þar eftir. Ég vil sérstaklega, að brtt. við 7. gr. komi til atkvæða, og er sýnilega um misskilning að ræða hjá hv. 3. landsk. varðandi hana. Ég held fast við, að brtt. verði bornar upp.

ATKVGR.
Brtt. 669,1 felld með 9:2 atkv.
— 669,2 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, GJ, HermJ, PZ, BSt.
nei: BrB, EE, GÍG, HV, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS.
3 þm (BBen, JJós, PM) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Lárus Jóhannesson: Með tilvísun til aths. þeirra, sem ég gerði við atkvgr. við 2. umr. um rökst. dagskrártill., segi ég nei.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem yfirlýsing hefur nú verið gefin um það, að ekki verði óskað eftir að fá meiri ábyrgð en sem nemur 85% af stofnkostnaðinum, og þar sem það er auðséð, að það að hrekja málið á milli d. er hið sama sem að koma málinu fyrir kattarnef á þessu þingi, þá segi ég nei við brtt.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 670).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn í þessari hv. deild, allir ráðh. fjarverandi. Málið, sem ég ætlaði að víkja ofurlítið að, var fyrirspurn til sjútvmrh. — Nú, hann er kominn þarna, þá get ég borið fram þessa fyrirspurn.

Eins og kunnugt er, veiðist nú allmikil síld í Ísafjarðardjúpi. Þessi síld er öll flutt til Siglufjarðar til bræðslu, þó að ríkið eigi síldarverksmiðju á Sólbakka við Önundarfjörð. Nú vil ég spyrja, hvers vegna þessi síld er ekki flutt til Sólbakka í stað þess að flytja hana alla leið til Siglufjarðar. Ég hef það fyrir satt, að ríkið launi eftirlitsmann á Sólbakka, sem á að hafa alla umsjón með verksmiðjunni þar og sjá um, að hún sé starfhæf. Mun eftirlitsmaðurinn hafa gert þetta eftir því, sem efni hafa staðað til, og mun ekki þurfa nema smávægilega viðgerð á bryggjum verksmiðjunnar til þess, að hún geti tekið til starfa. Ég fullyrði, að það væri meira hægt að hagnýta af síldinni, ef hún væri flutt skemmri veg, auk þess yrði lýsið verðmeira. Mér er tjáð, að lýsið, sem unnið var úr Kollafjarðarsíldinni í fyrra, en það var eins og kunnugt er unnið fyrir norðan, hafi orðið súrt og þar af leiðandi allmiklu verðminna.

Þá má benda á það, að miklar líkur eru fyrir því, að sú síld, sem tapaðist á dögunum í Ísafirði, eftir að hún hafði verið tekin í landnætur, hefði ekki tapazt, ef brætt hefði verið í Sólbakkaverksmiðjunni, því að þá hefðu flutningarnir gengið miklu greiðara, þar er ekki um að ræða nema 2 til 3 stunda leið á milli. Af þessu má sjá, að notkun Sólbakkaverksmiðjunnar gæti verið stór hagsbót til að nýta sem bezt þann dýrmæta afla, sem þarna veiðist.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Í fyrra, þegar allt í einu vildi svo vel til, að síld fór að veiðast hér í flóanum, þá var stjórn síldarverksmiðja ríkisins falið að annast þessi mál og þá um leið, hvernig hagkvæmast væri að nytja þessa veiði. En eins og kunnugt er, þá var síldin flutt norður þrátt fyrir Sólbakkaverksmiðjuna. Þar sem stjórn síldarverksmiðjanna annast þessi mál einnig nú, hef ég ekki séð ástæðu til þess að skipta mér frekar af þeirra ráðstöfunum en það að heimila bræðslu í ríkisverksmiðjunum. Það liggur því beint fyrir að varpa þessari fyrirspurn til stjórnar síldarverksmiðjanna. Hins vegar hef ég heyrt lauslega, að verksmiðjan á Sólbakka sé ekki í starfhæfu standi.

Viðvíkjandi tapinu, sem varð við Ísafjarðardjúp á dögunum, er síld tapaðist úr lásum, þá er það lausleg ágizkun, að veðrið hefði ekki rifið næturnar, ef síldin hefði verið unnin á Sólbakka. Hitt er rétt, að það er styttri sigling á milli Sólbakka og Ísafjarðardjúps heldur en á milli Djúpsins og Siglufjarðar. En svona stóra lása fer mikill tími í að tæma, svo að það má endalaust gizka á um það, hvort það er því að kenna, að síldin var flutt til Siglufjarðar, að síldin tapaðist út nótunum á dögunum, sem var auðvitað ákaflega slæmt, að skyldi koma fyrir. — En þó að þetta sé allt látið liggja á milli hluta, þá er mér það útlátalítið að benda stjórn síldarverksmiðja ríkisins á þetta, sem hér hefur fram komið, þó í raun og veru að slíkt ætti að vera óþarft. Því að ég þykist vita, að með þeim mannakosti, sem er í þeirri stjórn, hljóti þeir að hafa haft opin augu fyrir möguleikunum til að hagnýta síldina á Sólbakka. En skipakostur er nægur til þess nú orðið að flytja síldina norður, þar sem bætzt hafa skip í þann hóp, sem síldina flytur. En ég tek undir það með hv. þm., sem fyrirspurnina gerði, að ef ekki væru einhverjar sérstakar ástæður, sem kæmu til á móti því, þá væri heppilegra að geta unnið á Sólbakka síldina, sem þarna veiðist í Ísafjarðardjúpinu. En ég þykist vita, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi álitið eða vitað einhverjar hindranir í vegi fyrir því, sem hafi gert það að verkum, að henni hafi ekki þótt tilvinnandi að snúa sér á þann veg í málinu og hafi þess vegna sent síldina norður, þar sem þar eru vitanlega síldarverksmiðjur, sem eru alveg tilbúnar til þess að taka á móti þessari síld.

Ég mun, að gefnu þessu tilefni, ræða þetta mál við stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér var kunnugt um það, að hægt var að koma þessu máli á framfæri gegnum fyrirspurn samkv. sérstöku ákvæði þingskapa, sem hæstv. forseti minntist á. En það mundi líða um það bil vika með því móti, frá því að fyrirspurnin kæmi fram og þangað til hún yrði tekin til umr. Og þess vegna kaus ég — í trausti þess, að hæstv. ráðh. væri fús til að upplýsa málið — heldur að bera

hana fram eins og ég hef gert, vegna þess að þetta mál þarf skjótra aðgerða við, ef hægt væri að gera þessa verksmiðju á Sólbakka rekstarhæfa nú. Ég gerði ráð fyrir, að hæstv. ráðh. væri kunnugt um, hvers vegna síldin hefur verið flutt úr Djúpinu með miklum kostnaði og töfum í annan landsfjórðung, fram hjá einni af síldarverksmiðjum ríkisins, sem er til þarna í námunda við veiðisvæðið. En ég þakka fyrir, að hæstv. ráðh. ætlar að afla sér upplýsinga um þetta hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Ég taldi áðan, að síldarverksmiðjan á Sólbakka væri rekstrarhæf, og hafði ég þar fyrir mér ummæli eftirlitsmannsins, Ásgeirs Torfasonar, sem sagði í haust, að hún væri í rekstrarhæfu standi að öllu leyti öðru en því, að bryggjan er ekki í eins góðu standi og æskilegt væri. — Einnig taldi hann í vor, að hún væri í rekstrarhæfu standi, þegar síldarganga var þarna fyrir vestan. Nú hefur einhver sagt mér, að það, sem stæði í vegi fyrir því, að hægt væri að nota þessa verksmiðju, væri, að einhverjar skilvindur úr henni hefðu verið fluttar til síldarverksmiðja ríkisins á Norðurlandi. Ef svo væri, skilst mér, að ekki mundi vera ærinn kostnaður því samfara að flytja þessar skilvindur aftur í Sólbakkaverksmiðjuna og setja þær þar, til þess að losna við mikinn kostnað við flutning á síldinni norður.

Það er rétt, að það er ekki hægt að fullyrða um það, hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir það gífurlega tjón, sem nam nokkrum hundruðum þús. kr., er síldin tapaðist þarna fyrir vestan á dögunum, þegar þessir lásar sprungu, ef hægt hefði verið að flytja síldina til Sólbakka, en líkur benda til þess. Og þó að ekki sé hægt að fullyrða, hve mikið þetta tap hefur verið, hefur það þó numið allmörgum hundruðum þús. kr. í gjaldeyri. Og slíkt gæti endurtekið sig, ef ekki er hægt að losa slíka síldarlása, sem hér er um að ræða á þessum stað, fljótlega. — Af því að útgerðarmenn vestra spyrja mjög um þetta, hvers vegna Sólbakkaverksmiðjan sé ekki notuð, sá ég ástæðu til að spyrja hæstv. sjútvmrh. um þetta mál. Og þakka ég honum fyrir, að hann ætlar að taka málið til athugunar og ræða það við stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 30. fundi í Sþ., 11. des., utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Ég las í blaði nýlega, að nú væri horfið frá því ráði að gera aðgerðir í Hvalfirði í sambandi við hina væntanlegu Hvalfjarðarferju. Sú frásögn kom flatt upp á mig, að sjá getið um það opinberlega, að hætta ætti við það verk, sem þegar er alllangt á veg komið. Því vil ég spyrja hæstv. samgmrh., hvort hann eða ríkisstj. hafi tekið nokkra ákvörðun, sem hægt sé að byggja á slíka frásögn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég er nú að visu óviðbúinn að svara þessari fyrirspurn hv. þm. Borgf. eins ýtarlega og ég hefði gjarnan viljað, m. a. hef ég ekki athugað, hve mikið hefur verið unnið að framkvæmdum og undirbúningi í sambandi við ferjuna, en ég get þó sagt fyrir mig, að mér er alveg ókunnugt um, að hætt sé við þá framkvæmd, ég veit ekki, hvaðan sú frétt er komin. Hins vegar býst ég við, að stöðvun á framkvæmdum í bili stafi af því, að ekki hafi verið meira fé fyrir hendi, er vinnu var hætt. Ég get svo ekki meira um þetta sagt. Það er fjarri því, að ég hafi stöðvað þetta mál eða framkvæmd Hvalfjarðarferjunnar, og mér er ókunnugt um, að ríkisstj. hafi gert það.

Pétur Ottesen: Ég þakka svar hæstv. ráðh. og sé nú, að frásögn sú, er ég nefndi áðan, muni hafa verið gripin úr lausu lofti.

Á 52. fundi í Nd., 6. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. vegna blaðaummæla, sem höfð eru eftir brezka útvarpinu þess efnis, að hæstv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, hafi látið þau ummæli falla við fréttamenn erlendis, að hann væri ekki sammála afstöðu skandinavisku landanna til einingar Vesturlanda, og sagt meðal annars: „Vér Norður-Evrópumenn tilheyrum Vestur-Evrópu". Út af þessu vil ég leyfa mér að spyrja, hvort ríkisstj. sé kunnugt um, hvort þessi frétt sé rétt, og ef svo er, þá hvort hún sé gefin í samráði við eða með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn 2. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég get ekki svarað henni nema að litlu leyti. Hann spurði í fyrsta lagi að því, hvort frétt sú, sem birt er í Þjóðviljanum í morgun, væri rétt. Um það atriði veit ég ekki, enda er ég manna ólíklegastur til að svara því, hvort fregnir, sem Þjóðviljinn birtir, séu réttar, og tel, að það standi nær einhverjum öðrum. En um hitt atriðið, hvort frétt þessi sé birt í samráði við ríkisstj., þá get ég gefið þær upplýsingar, að það hefur engin ályktun verið gerð um þetta mál í ríkisstj., og ég hef ekkert heyrt um þetta nema það, sem Þjóðviljinn birtir í morgun. Ef þessi ummæli forsrh. eru rétt hermd, þá eru þau hans persónulega prívatskoðun, en ekki ályktun frá ríkisstj., því að eins og ég hef tekið fram, hefur ríkisstj. ekki tekið afstöðu til þessa máls.

Einar Olgeirsson: Ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir svör hans. Mér þykir vænt um, að ríkisstj. stendur ekki að þessum ummælum, og leyfi mér að vænta þess, að það verði ekki tekin afstaða til þessa máls fyrr en utanrmn. og Alþingi hafa fengið um það að fjalla. Varðandi sannleiksgildi þessarar yfirlýsingar hæstv. forsrh., þá mun hún vera höfð eftir brezka útvarpinu, og má ætla, að hún sé ekki búin til þar, annars þykir mér sennilegt, að fleiri hafi heyrt þessa frétt í brezka útvarpinu, þó að hún hafi ekki verið birt nema í Þjóðviljanum. Hæstv. samgmrh. sagði, að ef þessi frétt væri rétt, þá væri hér um að ræða prívatskoðun forsrh. Út af því vil ég taka það fram, að ég tel hvorki stað né stund fyrir forsrh. að gefa slíkar yfirlýsingar á þeim vettvangi, sem hann hefur þarna gert.

Hann hlýtur að gefa þessa yfirlýsingu sem forsrh., því að það er ekki verið að spyrja Stefán Jóh. Stefánsson þarna nema af því, að hann svarar sem forsrh. Vegna þess álít ég nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að senda leiðréttingu þess efnis, að hér hafi aðeins verið um persónulega skoðun forsrh. að ræða, en ekki skoðun íslenzku ríkisstjórnarinnar. Stefán Jóh. Stefánsson gat vel gefið þessa yfirlýsingu sem form. Alþfl., en ekki sem forsrh., úr því að ríkisstj. hafði enga ályktun gert um málið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eins og ég tók fram áðan, hef ég ekki aðrar fregnir af þessu máli en þær, sem standa í Þjóðviljanum, og af gömlum vana teldi ég rétt að athuga fyrst, hvort í alla staði sé rétt með þetta farið. Það væri því fyrst að athuga, hvað forsrh. hefur raunverulega sagt, en síðan mætti athuga, hvort ástæða væri til að senda leiðréttingu. Að öðru leyti vil ég segja það, að þótt ég telji, að hér muni vera um persónulega skoðun forsrh. að ræða, ef þessi frétt er rétt, þá býst ég við, að margir muni vera sömu skoðunar, og áður en ástæða væri til að „dementera", þyrfti að ganga úr skugga um, hvaða stefna yrði tekin í þessu máli. Ég skal ekkert segja um, hvert sú skoðanakönnun leiddi, en hitt er víst, að það eru margir sömu skoðunar og forsrh. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. muni athuga þetta mál á næstunni, afla sér upplýsinga og taka það síðan til meðferðar í utanrmn., ef ástæða þykir til, ekki vegna ummæla forsrh. sérstaklega, heldur vegna þess, að það getur dregið til þess, að Íslendingar þurfi að taka afstöðu til málsins.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh. að því, hvort það, sem forsrh. segir opinberlega erlendis, sé ekki símað til ríkisstj. jafnóðum. Það sýnist vera harla óviðkunnanlegt, að forsrh. gefi yfirlýsingar, án þess að hann ráðfærði sig við ríkisstj., auk þess sem það er alveg ófært, að erlendar útvarpsstöðvar og erlend blöð birti slíkar yfirlýsingar, áður en ríkisstj. hefur fengið hugmynd um efni þeirra. Hvað snertir sjálfa afstöðu ráðh., þá hélt ég, að það hefði verið rætt í ríkisstj., að forsrh. tæki ekki opinbera afstöðu til málsins á þessu stigi. Það er að sjálfsögðu alveg rétt hjá samgmrh., að það er óvíst, hvaða stefna verður tekin í þessu máli, en einmitt þess vegna vil ég þakka ráðh. fyrir, að hann ætlar að sjá svo um, að Alþingi fái að ræða málið, áður en landið verði á nokkurn hátt bundið með yfirlýsingum ríkisstj.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það var óþarft hjá 2. þm. Reykv. að spyrja, hvort ríkisstj. hefði borizt skýrsla um þetta mál, því að eins og ég tók fram í upphafi, þá hef ég ekkert heyrt um þetta, nema það sem stendur í Þjóðviljanum í dag. En sem sagt, það verður fyrst athugað, hvort þessi frétt hefur við rök að styðjast, og gefi sú athugun tilefni til frekari aðgerða, þá mun ríkisstj. taka það til athugunar.

Á 82. fundi í Nd., 23. marz, utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. varðandi starf þingfararkaupsnefndar, sem haft hefur með kaup þingmanna að gera. Nefnd þessi átti fyrir löngu að birta álit sitt. Og ég vildi gjarnan fá að vita, hvernig þessi mál standa, áður en þingi er slitið. Ég hef búizt við þessu nú undanfarið, og þingfararkaupsnefnd hefur tjáð mér, að hæstv. forsrh. væri kunnugt, hvernig mál þessi stæðu nú. Og væri nú bezt, að hæstv. forsrh. upplýsti, hvernig þessum málum er nú komið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Fyrir um það bil 2 árum var skipuð mþn. til þess að athuga kaup og kjör þingmanna. N. þessi aflaði sér upplýsinga um kaup og kjör í nágrannalöndunum og skilaði frv. til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin vildi ekki bera það fram sem sérstakt frv. Eftir að þessi stjórn tók við, fékk hún þessar upplýsingar hjá mþn. En um þessar mundir fréttist, að breytingar mundu hafa orðið á kjörum þm. hjá nágrannaþjóðunum. Lét því ríkisstjórnin sendiráðin safna upplýsingum, og ætlun mín var að senda flokkunum frv. mþn. og þær upplýsingar, sem sendiráðin höfðu aflað. En ekki hefur enn þá unnizt tími til að senda þetta til flokkanna, en ég mun senda það til formanna flokkanna. Æskilegt væri þá, að flokkarnir tækju fyrir næsta þing afstöðu til málsins með hliðsjón af upplýsingum þeim, sem borizt hafa, og gætu komið sér saman um nýtt frv. fyrir næsta þing.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það eru nú liðin meira en 3 ár síðan mþn. var skipuð. Hún starfaði tafarlaust og leitaði sér upplýsinga í öllum löndum Norðurálfu, sem þá bjuggu við svipað stjórnskipulag og Ísland, og auk þess í Bandaríkjunum. En víðast hvar var kaupgjald og kjör þau sömu sem fyrir stríð. Nefndin hafði mikið fyrir þessu og samdi síðan frv. um kaup og kjör þm. hér. Þetta frv. var síðan, svo sem hæstv. forsrh. gat um, sent ríkisstjórninni, sem ekki sá sér fært að leggja frv. fyrir Alþingi. Síðan hef ég bent hæstv. forsrh. á, að þetta lægi í hans ráðuneyti. Og nú hefur hæstv. ráðh. gert grein fyrir því.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir upplýsingarnar. Þetta mál hefur dregizt allt of lengi. En nú skilst mér, að náist samkomulag um þetta milli flokkanna, verði frv. lagt fyrir næsta þing.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 30. fundi í Sþ., 11. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil vekja eftirtekt hæstv. forseta á því, sem ég hef áður gert, að enn þá er ekki farið að kalla utanrmn. til fundar á þessu þingi, og hefur Alþ. þó bráðum setið í tvo og hálfan mánuð. Ég þykist vita, að þetta hafi leitt af sér vanrækslu utanríkismála, og ég álít, að þetta sé með öllu óviðunandi og óviðeigandi. Forseti fól upphaflega þeim, sem fékk flest atkv. við kosningu þessarar nefndar, að kveðja hana saman til fundar.

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á miðju síðasta Alþ., eða í janúar 1947, flutti ég till. til þál. um síldarbræðsluskip á þskj. 344. Í þessari þáltill. var lagt til, að Alþ. skoraði á ríkisstj. að athuga, hvort tiltækilegt væri að kaupa skip, sem setja mætti í síldarbræðsluvélar. Þegar þessi till. var flutt, var hæstv. núverandi sjútvmrh. formaður þeirrar n., sem þessu máli var vísað til. Síðar varð hann sjútvmrh., og tók þá annar hv. þm. við formannsstarfi í n. — Ég spurðist nokkrum sinnum fyrir um meðferð þessa máls í fyrra og fékk vitneskju um, að málið hefði aldrei verið tekið til meðferðar í n. Þinginu lauk svo, án þess að nokkurt álit kæmi um það. Þess vegna flutti ég þessa sömu þáltill. í upphafi þessa þings, óbreytta á þskj. nr. 25, og síðan var henni vísað til n., og hefur hún verið í n. síðan. Í morgun var hins vegar útbýtt í hv. Nd. frv. til l. um kaup á skipi til síldarbræðslu o. fl., og er hæstv. sjútvmrh. 1. flm. þessa frv., sem er flutt í hv. Ed. — Ég spurðist fyrir um það, hvort nokkurt samráð hefði verið haft við n., sem tók við þáltill. minni, um þetta mál, hvort nokkuð hafi verið grennslazt um það hjá þeirri n., hvaða afgreiðslu þáltill. mín hafi fengið, og ég hef fengið þau svör, að það hafi ekki verið gert. Mér vitanlega hefur a. m. k. ekki við form. þessarar hv. n. verið nefnt á nafn neitt um flutning þessa frv., sem flutt hefur nú verið í hv. Ed. af hæstv. ráðh. og tveimur öðrum hv. þm. En á grg. þessa frv. sést, að hæstv. sjútvmrh. hefur látið fara fram rannsókn á því, hvort tiltækilegt væri að setja vélar í skip til þess að nota það til síldarbræðslu. — Um leið og ég spyrst fyrir um það, hvað líði afgreiðslu n. á þessari þáltill. minni, sem ég flutti á þessu þingi, vil ég láta í ljós mestu furðu mína á meðferð þessa máls. Ég hygg, að ekki verði annað sagt en að það séu undarleg vinnubrögð, að þegar mál kemur tvívegis fram, þar sem skorað er á ríkisstj. að láta fara fram tilteknar athuganir, þá skuli því máli af hálfu viðkomandi aðila ekki vera sinnt í neinu, en þó gerðar bak við tjöldin þær athuganir, sem þarna er um að ræða, en till. síðan flutt í frv.formi án þess að virða þá n., sem um málið er að fjalla, nokkurs viðtals, og þá auðvitað ekki heldur flm. málsins, sem n. er að fjalla um. Mér finnst þessi aðferð í mesta máta furðuleg, og vil ég átelja mjög þann skort á góðum þingsiðum, sem kemur fram í þessari meðferð málsins, og raunar skort á almennum mannasiðum líka.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég satt að segja veit nú varla, hvað á að segja við svona uppátæki. Þessi hv. þm., sem síðast talaði, var nú svo taugaóstyrkur, að það er líklegt, að það gangi eitthvað að honum. En ég hef nú aldrei heyrt annað eins og þetta, að sjútvmrh. hafi ekki leyfi til þess, án þess að spyrja þennan hv. þm., að láta athuga leiðir til þess að hagnýta síld og bræða hana, af því að það vill svo til, að þessi hv. þm. hefur verið með till., sem liggur einhvers staðar í n. Svo má ráðh. bara ekki hreyfa sig — og sjálfsagt þá enginn annar maður heldur — til að nefna slíkt á nafn nema fara til herra prófessorsins fyrst. — Það er sem sé algerlega á misskilningi byggt þetta, sem hv. þm. er hér að bera fram. Hans till. er svona almenns eðlis um síldarbræðsluskip. Í raun og veru hefur þessi hugmynd áður komið fram. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að mér hafi komið fyrstum manna í hug þessi hugmynd um síldarbræðsluskip, og ég held, að þessi hv. þm. ætti heldur ekki að eigna sér þá hugmynd, þó að hann hafi flutt þetta mál inn á þing. Um þetta hefur verið skrifað þráfaldlega í blöðum og minnzt á þessar leiðir jafnt og aðrar leiðir til þess að hagnýta síldarafla landsmanna betur. Menn hafa talað um síldarbræðsluskip og fljótandi síldarþrær fyrir utan síldarbræðslurnar á landi. Og það hefur hingað til verið mönnum heimilt og frjálst að koma fram með hugmyndir sínar og jafnvel bera þær fram á þingi. En nú skeður það undarlega, að það er alveg eins og það sé orðið saknæmt af manni, sem hefur með sjávarútvegsmál að gera sem ráðh., að hann komi ásamt öðrum þm. fram með till. í ákveðna átt til lausnar þessu vandamáli, sem þetta frv. er um, af því að hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki verið um það spurður. Ég held, að það séu bara mörg dæmi um það, að menn beri fram till. um einhver mál og að þær till. fari í n. til athugunar, og svo geti komið fram till., sem fari í svipaða átt, frá öðrum manni og þyki engin stórfurða.

En svo að ég víki að málinu sjálfu, þá er það þannig fram borið af hv. 4. þm. Reykv., að hann hefur sýnilega fyrir augum síldarbræðsluskip í svipuðu formi og þegar menn tala um hvalbræðsluskip. En hér er í raun og veru farið inn á annað. Það verður ekki annað ráðið af orðalagi hans till. en að hans hugmynd sé sú, að það ætti að vera um að ræða skip, sem ynni úr síldinni á hafi úti og geymdi afurðirnar, a. m. k. að einhverju leyti, þangað til það kæmi til lands. En hér í frv., sem komið er fram í hv. Ed., er alls ekki um slíkt að ræða. Og þó svo að um það sama væri að ræða í frv. eins og þáltill. þessa hv. þm., þá væri það meinlaust fyrir því. Hér í frv. er verið að ræða um í grg. að nota gamalt skip, sem Íslendingar eiga, og setja í það síldarvinnsluvélar, en láta það starfa

í sambandi við landsstöðvar. Ég ætla svo ekki að skýra málið frekar nú. Menn geta lesið þskj. — Hv. 4. þm. Reykv. má náttúrlega minnka sig eins og hann vill fyrir Alþ. út af þessu máli. En ég frábið mig algerlega ávítum af hans hálfu og hvers annars sem er fyrir það, þó að ég leggi fram hugmynd eða till., sem ég hef látið þá færustu menn starfa að að undirbúa fyrir hæstv. Alþ., til lausnar vandamáls, sem ég held, að allir hv. þm. séu sammála um, að sé mjög aðkallandi. Og hvað sem um það má segja að athuga fleiri leiðir í þessu sambandi, þá fannst mér a. m. k. leyfilegt og þó jafnvel frekar skylt fyrir mig að hafa forgöngu í þessu heldur en ekki.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Út af fyrirspurn, sem beint var til allshn., þá vil ég taka fram, að ég ætla, að n. hafi tekið þessa till., sem hv. 4. þm. Reykv. talaði um, strax fyrir á næsta fundi, sem hún hélt, eftir að till. var vísað til n., og sendi hana til umsagnar ég held Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og stjórn síldarverksmiðja ríkisins. En mér er ekki kunnugt um, að borizt hafi svör við þessu.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Í fyrra, raunar örlitlu áður en hv. 4. þm. Reykv. flutti till. þá, sem hann gat um að hann hefði flutt, flutti ég ásamt hv. þm. Siglf. till. um athugun á því að koma upp síldarbræðsluskipi. Sú till. fór einnig til n. og var athuguð hjá þeirri sömu n. sem hv. 4. þm. Reykv. hefur getið um. Sú till. var ekki flutt af okkur aftur nú á þessu þingi, af því að hv. 4. þm. Reykv. kom fram með hana. Ég get um þetta vegna þess, að þetta hefur verið rætt í sambandi við frv., sem lagt var fram í hv. Ed. um kaup á skipi til síldarbræðslu. — Ég segi sem mína skoðun, að ég er þakklátur þeim mönnum, sem standa að því að flytja þetta mál fram á þingi nú í frv.-formi og hafa athugað það svo vel sem raun ber vitni. Mér finnst þar gengið í rétta átt, án þess að ég slái föstu, að það sé það bezta, sem komið geti til greina, sem þar er talað um. Mér skilst það vera sameiginleg skoðun allra hv. þm., að ástandið hér í sambandi við vinnslu síldar, sem veiðist við Faxaflóa, sé langt frá að vera gott. Ég er engin undantekning frá þeirri skoðun. Með hliðsjón af því vil ég leyfa mér að þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir þá rögg, sem hann hefur tekið á sig með því að leggja fram frv. um þetta mál eins og hér hefur verið gert í hv. Ed.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég fæ ekki séð, hvernig hæstv. sjútvmrh. fær það út úr ræðu minni, að líklegt sé, að eitthvað sé að mér. Hann talaði um, að ég hefði verið taugaóstyrkur. Ég verð að segja, að mér virðist eitthvað vera að hæstv. ráðh., að hann skuli komast að slíkri niðurstöðu. — Till. mín var um að fela ríkisstj. að athuga tiltekið mál. Það, sem ég hef fundið að, er, að hann sem form. n., sem málinu þá var vísað til í fyrra, og nú sem sjútvmrh. skyldi aldrei hafa sýnt þessari till. hinn minnsta áhuga. Kom það fyrst fram í því, að till. var aldrei tekin fyrir í n. í fyrra, og eftir að till. hefur verið endurflutt nú og ekki enn verið afgreidd í n. á þessu þingi, horfir hann á þetta aðgerðalaus gagnvart n., en lætur framkvæma þá rannsókn, sem um er að ræða, án þess að tala við n., sem hafði till. mína til meðferðar — og án þess reyndar líka að tala við mig, en til þess ætlaðist ég þó ekki. — En til hins hefði mátt ætlast af honum, að hann talaði við þá n., sem hefur með höndum till. um mál, sem hann lætur rannsaka og flytur svo frv. um. Ég er viss um, að hann á fáa skoðanabræður um það, að það sé óeðlilegt, sem ég hef sagt um þetta nú. Ég býst við, að hv. þm. yfirleitt muni þykja þetta mjög undarleg og óviðeigandi vinnubrögð. Og mér kemur það ekki óvænt, þó að ýmsir allshnm. taki undir þessa skoðun mína, að sjálfsagt hefði verið, að ráðh. sýndi n. þann sóma a. m. k. að segja henni af því, að hann væri að gera ráðstafanir, sem jafngiltu samþykkt till., sem sú n. hefði með höndum athugun á. Hæstv. ráðh. þarf því ekki að kvarta yfir því, þó að ég lýsi yfir, að ég áliti þetta af hans hendi vera skort á góðum þingsiðum og góðum mannasiðum, því að það er rétt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. gengur lítið að batna. Af því að honum verður svo tíðrætt um allshn. í þessu sambandi, þá er rétt að geta þess, að ég mun hafa kannske einhvern tíma í fyrra setið í allshn. En það voru svo að segja strax mannaskipti, og annar maður tók við mínu starfi í n. löngu áður en til mála kom að afgr. till., sem vísað var til n. Og satt að segja man ég ekkert um það nú á þessari stundu, hvort þetta merkilega plagg frá hv. 4. þm. Reykv. var þá komið til n. Annars ætti þessi hv. þm. að vita það, að máli eins og þessu frv., sem hér hefur verið um talað og borið er fram í hv. Ed., því mun alls ekki verða vísað til allshn. og sízt til allshn. Sþ. Þessi mál fara vitanlega til sjútvn. Og ég ræddi við sjútvnm. í hv. Ed. um þetta frv., sem ýmist vildu flytja það með mér eða þá vissu af því, að ég ætlaði að flytja það. (**PO:** Og sjútvnm. í Nd. líka.), — og sjútvnm. í hv. Nd. líka, enda heyra slík mál undir sjútvn. Það er þess vegna tæplega svara vert, sem þessi hálærði hv. 4. þm. Reykv. er hér að bera fram. Hann sýnir það, að hann þekkir ekki gang mála í þinginu og veit eiginlega ekki neitt um það, hvaða nefndir eiga að taka við hvaða málum. — Það er svoleiðis fáránlegur kjánaskapur, sem ég leyfi mér að segja, af hv. þm. að vera að fyrtast út af þessu. Hvað hefðu þeir mátt segja, hv. þm. Siglf. og hv. 11. landsk. þm., sem fluttu sams konar mál á þinginu í fyrra um síldarbræðsluskip? Ekki var það að heyra á hv. 11. landsk. þm. hér áðan, að hann fyrtist við mig fyrir það, þó að ég flytti þetta mál nú, enda er ekki nauðsynlegt, þó að einhver hafi stungið upp á svona hlut, að taka hann upp til flutnings nákvæmlega á sama hátt. Það er hér í frv. í Ed. farið, eins og ég sagði áðan, inn á nýja leið í þessu efni, sem ég vona, að við nánari athugun muni reynast hagkvæmari og hafa minni kostnað í för með sér heldur en það, sem bæði mér og öðrum hefur oft dottið í

hug áður og rætt hefur verið um, hin mikla, fljótandi síldarverksmiðja, sem menn hafa látið sig dreyma um, að landið gæti kannske eignazt, og ég skal ekkert dæma um á þessu stigi málsins. Þessi hugmynd, sem við þrír þm. í hv. Ed. höfum borið fram frv. um, mun fá sína nefndarafgreiðslu. — Og það er broslegt að þurfa að standa í umr. utan dagskrár um svona mál, bara af því, að hégómagirnd einhvers framgjarns þm. er eitthvað særð — af tómum misskilningi og vanþekkingu á þingmálum og venjum.

Á 36. fundi í Sþ., 22. jan., utan dagskrár, mælti

Jónas Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur mörgum málum, sem legið hafa fyrir Sþ., verið vísað til hv. allshn., en n. hefur fá þessara mála afgreitt, þótt hún hafi á að skipa miklu og góðu starfsliði sem kunnugt er. Vildi ég því leyfa mér að spyrja hæstv. forseta og hv. form. allshn., sem mun vera hv. 1. þm. Árn., hvort ekki muni hægt að ljúka þessum málum í Sþ. sem fyrst. Margar till. til þál. um áfengismál liggja fyrir, en n. hefur enga þeirra afgreitt. Enn fremur er óafgreidd till. viðvíkjandi lyfjabúðum hér í bænum, en þar er um að ræða brennandi spursmál fyrir bæjarbúa. Ég vil að lokum mælast til þess, að málum þessum verði almennt sinnt, því að það er leiðinlegt bæði fyrir Alþingi sjálft og hv. allshn., sem málin hefur til meðferðar, að afgreiða ekki þau mál, sem fyrir liggja.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. S-Þ., að margar þáltill. liggja hjá allshn. í Sþ. Sakir ýmissa orsaka var n. ekki við því búin að afgreiða þau mál svo fljótt sem skyldi. N. hafði sent þau ýmsum aðilum til umsagnar, og höfðu fæstir þeirra svarað fyrir jól. Nú er það auðvitað nefndarinnar að afgreiða þessi mál svo fljótt sem auðið verður, svo að þau geti sætt þinglegri meðferð, en það, sem veldur því, að n. hefur ekki þegar hafizt handa, er það, að allir nm. eru ekki enn komnir til þings, og hefur því verið dokað við með fundahöld. En strax og allir nm. eru mættir, verða málin afgreidd, eftir því sem ástæður leyfa.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég þykist vita, að hv. form. allshn. muni sýna röskleika um afgreiðslu þessara mála, og mun fylgjast með því, sem gerist.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi fluttum við nokkrir þm. þáltill hér í Sþ. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum. Þetta mál var til athugunar í allshn., og fyrir nokkru kom nál. frá minni hl. n. Hins vegar hefur þess verið getið í nál. um annað mál, sem er til meðferðar í sömu n., að nál. væri ekki að vænta frá meiri hl. n. um þessa till. og því ekki eftir neinu að bíða, hvað álit snertir. Fyrir nokkrum dögum minntist ég á það í samtali við forseta, hvort hann mundi vilja taka þessa till. á dagskrá jafnhliða till. til þál. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn. Nú hefur þetta ekki verið gert, og leyfi ég mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort hann sjái sér fært að taka þessa till. okkar á dagskrá á fyrsta fundi hér eftir, þar sem önnur mál en fjárl. verða á annað borð tekin fyrir.

Jónas Jónsson: Ég hef líka hugsað mér að hreyfa svipuðu máli og hv. þm. V-Húnv. og vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér fært að láta koma til umr. till. um áfengismál, sem komnar eru frá ýmsum þm.

Enn fremur vil ég spyrja hæstv. menntmrh., hverju það sætir, að fæðingarstofnunin tekur ekki til starfa, þar sem hún er fyrir löngu tilbúin. Það er búið að ráða lækni, en húsið stendur tómt, en mikil þörf er á, að það verði notað. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðh. sjái ástæðu til vegna málefnisins að svara þessu.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Árn., sem er formaður allshn., hverju það sætir, að frv. um lyfjabúðir situr þar fast. Þetta er stórt mál fyrir þingið og bæinn og vekur eftirtekt, og þess er krafizt af n., að hún gefi fulla skýringu á, hvers vegna málið er þannig komið.

Þá vildi ég spyrja hv. þm. Barð., sem er form. fjvn., hvenær von væri á nál. um till. um markaðsleit í Bandaríkjunum. Það er mjög aðkallandi og ekki ástæða til, að slíkt mál verði svæft.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. S-Þ. í sambandi við afgreiðslu þáltill. um markaðsleit í Bandaríkjunum skal ég upplýsa, að n. hafði þetta mál til umr. nú síðast í dag á fundi og ákvað að reyna að ganga frá málinu á næsta fundi. Hún þurfti að leita umsagnar ýmissa aðila um þetta mál, en vegna margvíslegra anna í sambandi við afgreiðslu fjárl., hefur ekki verið unnt að afgreiða þessa till. fyrr. Vænti ég, að n. geti skilað þessu nál. bráðlega.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. S-Þ. sagði um fæðingardeildina, er það að segja, að hún er ekki enn þá tilbúin. Ef hv. þm. vill vita meira um það, þá verður hann að flytja skriflega fsp.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. S-Þ. viðvíkjandi till. um lyfjabúðir þá er það mál til athugunar í n., og býst ég við, að þeirri athugun verði fljótt lokið. Það er nú svo, að þau málefni, sem berast n., þó að góð þyki við fyrstu sýn og þyki einföld, þá er það ætíð svo, þegar þau eru athuguð nánar, að þau koma ekki strax aftur frá n., þar með talin allshn.

Jónas Jónsson: Ég get ekki sannfærzt af því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, að þetta hús sé ekki enn þá tilbúið. Það sjá allir, hvernig það er að utan, og það er búið að ráða lækni. Það er varla hægt að skilja það öðruvísi en það sé af ódugnaði mjá menntamálastjórninni að láta húsið standa svona. Annars geri ég ráð fyrir því, að þm. Rvíkurbæjar láti það meira til sín taka en ég.

Ég vil svara hv. 1. þm. Árn., form. allshn., því, að það er mér sjálfum kunnugt, að hvaða leyti það var erfitt að fjölga lyfjabúðum úr 2 í 4. Bærinn heimtar þetta, og það er rangt af hv. þm., sem er sjálfur greindur maður, að halda, að það sé erfiðleikum bundið. Það er bara af silakeppshætti í n.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. S-Þ. um langan drátt hjá allshn. að skila áliti um till. varðandi fjölgun lyfjabúða í Rvík. Ég veit ekki, hvað langt er síðan málinu var vísað til n., en það er margfalt lengri tími en það, sem eðlileg athugun ætti að taka. Ef ekki koma skýlaus loforð frá heilbrigðisstjórninni, þá er ekki öllu lengur þolandi annað en að flytja á þessu þingi frv., þar sem hún sé skylduð til að veita leyfi til þessa. Ég hef skorað á allshn. að skila áliti sem fyrst til þess að fá úr þessu skorið, og mér skildist í viðtali við form. n., áður en fundur hófst, að von væri á áliti, áður en langt um líður. Einnig vil ég beina því til n., að hún skili áliti um hina till., sem sami þm. flytur varðandi fæðingarstofnunina í Rvík. Mér skilst, að n. ætli ekki að skila áliti um það, heldur sofna á því, og tel ég það illa farið. Eins og í þeim málum er ástatt, þá er fullkomin nauðsyn á, að fram komi opinber grg. um það, hvernig á þeim óskiljanlega drætti stendur. Ég vil skýra frá því, að í fyrra sumar var farið fram á það að fá keyptar þvottavélar, sem herinn hafði í Kamp Knox, og var þá talið óhjákvæmilegt annað en að fá þessar vélar, til þess að fæðingardeildin gæti tekið til starfa. Féllst bæjarstjórnin á þetta, svo að það stæði ekki fyrir því, að hún gæti tekið til starfa. Um leið og þetta var, þá var farið fram á að fá upplýsingar frá aðalframkvæmdamanni í þessu máli, landlækni, hvenær vænta mætti, að hún tæki til starfa, ef Rvíkurbær seldi þessar þvottavélar 17. júní s. l. Nú eru 8 mánuðir síðan. Þá skrifaði landlæknir að lokum staðfest ummæli um, að nái ríkisstjórnin í þvottavélarnar og komi ekkert óvænt fyrir, ætti fæðingardeildin að taka til starfa í haust. Nú er komið fram undir miðjan marz, og hún er ekki enn tekin til starfa, og hæstv. ráðh. upplýsir, að hún sé ekki enn fullbúin. Ég spyr, hvað óvænt hafi komið fyrir, þannig að opnun stofnunarinnar hefur dregizt meira en hálft ár. Mér finnst allur gangur þessa máls vera þannig, að fullkomin nauðsyn sé á að fá skriflega grg. um, hvernig ástatt er um þetta mál, og skora á allshn. að skila áliti um þessa till. hv. þm. S-Þ., en sofna ekki á henni.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég þjóst ekki við því, að farið yrði að ræða efni þessara till., sem liggja hjá allshn., en fyrst svo er mjög kallað eftir áliti um þessar tvær till., þá get ég sagt það viðvíkjandi hinni fyrri, um lyfjabúðir, að n. er með það til athugunar, hvernig heppilegast er að afgr. málið. Það er nú svo með jafneinfalt mál, sem ekki þarf margar umr., að þá getur það enn tekizt, að málið fái þinglega afgreiðslu. N. mun, hvað þetta mál snertir eins og önnur, gera sér grein fyrir því, sem hún leggur til málsins og afgreiðslu slíkra mála. Viðvíkjandi hinu málinu, sem hv. þm. Snæf. minntist á, fæðingardeildinni, þá er það að segja um það málefni, að ef n. hefði afgr. það á þeim tíma, sem hún er búin að fá, og eftir upplýsingum um, hvernig ástatt er um það mannvirki, þá hygg ég, en skal þó ekki fullyrða það beinlínis, en hygg, að afgreiðsla málsins hefði þá verið sú, að Alþ. hefði vísað því til ríkisstj., eins og þá stóð á. Allshn. kvaddi á sinn fund þá ráðh., sem þessi mál heyra undir, og landlækni og húsameistara, og þá kom í ljós, að húsnæðið var ekki nærri tilbúið. Og get ég reyndar búizt við, að því sé ekki lokið enn, eða ef svo er, þá nýlega. Hins vegar virðist mér eftir skýringum, sem gefnar voru um húsið, að það hafi tafizt vegna þess, að illa gengi að fá nema smátt og smátt, seint og síðar meir, það efni, sem þyrfti til stofnunarinnar frá útlöndum. N. getur nú kynnt sér á ný, hvað líður byggingunni og hvort hún er tilbúin. En um það mál má segja, að eftir því, sem kom fram af hálfu heilbrigðisstj., landlæknis og ráðh., þá mundi hún taka til starfa, þegar það þætti forsvaranlegt. Og þá er ekki tilefni hjá Alþingi til þess að gera ályktun um málið. Ég skal svo fyrir hönd n. kynna mér á ný, hvað þessu máli líður, og að því athuguðu er það svo nefndarinnar að taka sínar ákvarðanir.

Forseti (JPálm): Út af beiðni hv. þm. V-Húnv. og hv. þm. S-Þ., þá bjóst ég við, að hv. allshn. hefði ætlazt til, að till. þeirra kæmu til umr. um leið og brtt. n. við þáltill. á þskj. 30, en get fallizt á að taka hverja till. fyrir sig á dagskrá.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að það er furðulegur áróður, sem hv. þm. S-Þ. heldur uppi um fæðingardeild landsspítalans, því að ég hélt, að það væri svo innangengt milli hans og húsameistara ríkisins, að honum ætti að vera fullkunnugt, að húsið er enn ekki fullgert. Ég vil, út af þeim áróðri, sem haldið er hér uppi um þetta mál, óska þess, að n. kynni sér málið og leggi þær upplýsingar, sem hún fær, fyrir hv. þd.

Skúli Guðmundsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir undirtektir hans varðandi till. þá, er ég minntist á áðan. Það tíðkast nú mjög að bera fram skriflegar fyrirspurnir, svo að ekki líður svo vika, að ekki komi fram eitthvað af því tagi, auk þess, sem munnlegar fyrirspurnir eru bornar fram. Hér eru nú á dagskrá 2 fyrirspurnir frá hv. þm. S-Þ., samtals í 13 liðum, en það hefur hv. þm. víst ekki þótt nóg, því að hann hefur nú munnlega gert fyrirspurn til hæstv. forseta og aðra til eins af hv. þdm. Þar sem skriflegar fyrirspurnir eru aðeins gerðar til ríkisstj., þá vil ég nú beina þeirri munnlegu fyrirspurn til hv. þm. S-Þ., hvort hann hafi athugað, hvað Suður-Þingeyingar eigi að meðaltali um langan veg að sækja til lyfjabúða. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvaða landsmenn eiga lengst til lyfjabúða og lækna að sækja og hvernig ástandið í þessum málum er úti um landið yfirleitt.

Á 78. fundi í Nd., 22. marz, utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Mér skilst á forseta, að tilætlunin sé að halda næturfund í þessari d. Mér þykja það nokkuð ströng vinnubrögð, þar sem fundur hófst klukkan 10 í morgun og til þess ætlazt, að þm. standi í útvarpsumræðum í kvöld og annað kvöld. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum og vil, að borið sé undir atkvæði þm., hvort þessu eigi að fara fram.

Forseti (BG): Ég sé ekkert á móti því að taka til greina þessa ósk hv. þm.

ATKVGR.
Samþ. að halda næturfund með 18:5 atkv.

Á 60. fundi í Sþ., 23. marz, utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Mér þykir ástæða til að vekja hér athygli á þremur þáltill., sem bornar voru fram nokkuð snemma á þessu þingi. Þessar till. allar voru um áfengismál, ýmsa liði í framkvæmd þeirra mála hér innan lands. Þeim var vísað til n. dagana 24. okt. og 5. nóv. Minnihlutaálit um allar þessar till. var svo gefið út 29. jan. Meirihlutaálit var gefið út 11. febr., og þó að það væri ekki stílað nema við eina till., þá var það meining þessa meiri hl., að með því vildi hann afgr. allar till. fyrir sitt leyti. Þannig hefur full afgreiðsla fengizt á þessum till. öllum hjá n., þó að það tæki alllangan tíma fyrir meiri hl. að gefa út álit sitt. Síðan var málið ekki tekið hér á dagskrá fyrr en 3. marz, en þá tekið út, og síðan tekið aftur á dagskrá 10. marz og tekið þá til umr. og svo aftur 17. marz, en umr. um málið er ekki lokið enn, eins og kunnugt er. Nú er gert ráð fyrir að slíta þingi á morgun, svo að það er alveg sýnt, að þeim tilgangi, að þessi mál fái enga afgreiðslu frá þinginu, virðist verða alveg náð. Ég vil benda á þetta, sem er að mínum dómi mjög ósæmileg meðferð mála, að forseti hagi svo til gangi þessara mála, eftir að þau hafa fengið afgreiðslu frá n., að þau fái enga afgreiðslu, og því ósæmilegra, þar sem hér er um að ræða persónulegt hagsmunamál fyrir þá menn, sem eiga að stjórna gangi mála hér á þingi, sem sé forseta. Vil ég alveg sérstaklega vekja athygli á því, þó að ekki verði úr bætt að þessu sinni, þá er það vissulega til athugunar fyrir seinni tímann.

Forseti (JPálm): Ég sé ekki ástæðu til að fara að hefja umr. um þessi mál nú.

III. Orlofsfé þingmanna.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hæstv. forseta: Er það rétt, að einhverjir þingmenn fái greitt orlofsfé á þingfararkaup sitt? Ef svo er, hversu lengi hefur svo til gengið og hvaða reglur gilda þar um? Ég skal taka það fram, að ég ber ekki þessa fyrirspurn fram vegna þess, að ég ætli að bera fram nokkrar nýjar kaupkröfur eða hafi heyrt um að slíkra krafna sé von frá öðrum.

Forseti (JPálm): Ég vil taka það fram í sambandi við þessa fyrirspurn, að kaup þingmanna heyrir ekki undir forseta, heldur þingfararkaupsnefnd. Ég hef spurzt fyrir um þetta, og mun það vera rétt, að orlofsfé hefur verið greitt til tveggja þingmanna, sem engum öðrum opinberum störfum gegna. Þetta var gert í samráði við lögfræðing, og hygg ég, að allt sé því lögum samkvæmt.

Sigurður Guðnason: Ég hef fengið orlofsfé í tvö ár. Það stendur í orlofslögunum, að allir eigi rétt á að fá orlof, og ég geri ráð fyrir, að hv. 4. þm. Reykv. fái orlof frá störfum sínum. Ég hef alltaf fengið orlof fyrir vinnu mína, og mér datt ekki annað í hug en að krefjast míns orlofsfjár hér, og ég skammast mín ekkert fyrir það.

Gylfi Þ. Gíslason: Það er nú upplýst, að hv. 8. þm. Reykv. (SG) hefur fengið greitt orlofsfé á þingfararkaup sitt. Nú vildi ég fá að vita, hver hinn hv. þm. er, sem eins er ástatt um.

Forseti (JPálm): Það er engin ástæða til að leyna því, hinn þingmaðurinn er hv. 11. landsk. þm. (HermG).

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég var ekki hér er þessar umr. hófust, en þegar ég kom inn, var verið að tala um orlof þingmanna. Ég veit ekki, hvað hefur komið hv. 4. þm. Reykv. til að spyrja um þetta. Ég hef fengið greitt orlof og enda krafizt þess, því að ég er ekki fastlaunamaður hjá ríkinu.

Páll Zóphóníasson: Það mátti skilja á hæstv. forseta, að það væri þingfararkaupsn., sem hefði með þetta að gera, en til að fyrirbyggja misskilning þá get ég upplýst, að svo er ekki. Þingfararkaupsn. hefur aldrei haft með þetta orlofsfé að gera.

Einar Olgeirsson: Ég vildi biðja hæstv. forseta að gefa upplýsingar um, hvort það sé rétt, að það séu aðeins tveir þingmenn, sem lifa af þingfararkaupi sínu einu, en allir hinir hv. þm. líti á kaup sitt hér sem aukagetu. Ef svo er, að meginþorri þingmanna lítur á þessar rúmar tvö þúsund krónur sem aukagetu, en hefur svo full laun frá öðrum, þá fer ég að skilja vel afstöðu þessara manna til þeirra mála, sem nú liggja fyrir Alþingi. Því undarlegra þykir mér, að hér skuli nú koma fram fyrirspurn frá einum af hæst launuðu mönnum ríkisins um orlofsfé tveggja verkamanna, sem sæti eiga á þingi. Ég óska eftir því, að forseti upplýsi nú þegar, eða a. m. k. fyrir jól, hvaða embætti og laun þm. hafa. Ég æski þess, að hann láti útbúa slíkan lista nú þegar, svo að það komi í ljós, hvaða laun þm. hafa fram yfir þingfararkaup sitt, svo að þjóðin fái að sjá, hvernig

þingmenn lita á rúmlega tvö þúsund króna laun sín fyrir þingstörf. Ég skal geta þess út af hinu einkennilega skilningsleysi hv. 4. þm. Reykv., að alltaf þegar barizt hefur verið fyrir þingræði, hvar sem er, þá hefur það ætíð verið krafa, að þingmenn væru það vel launaðir, að þeir þyrftu ekki að vera upp á aðra komnir, að þjóðin sjái svo fyrir fulltrúum sínum, að þeir þyrftu engum að knékrjúpa. Nú vitum við, að þegar maður er kosinn á þing, þá missir hann atvinnu sína, og í þingfrestun er hann meira eða minna atvinnulaus. Það hefur verið barizt fyrir því hér á Alþ., að þm. væru launaðir árið út. Englendingar hafa það þannig, að þingmenn þar eru ekki öðrum háðir fjárhagslega. Embættismenn ríkisins fá ekki að sitja á þingi. Ef sá háttur væri hér upp tekinn, fengi hv. 4. þm. Reykv. ekki að sitja á Alþingi. Ég óska svo eftir upplýsingum um aukastörf þingmanna, helzt á þessum fundi.

Forseti (JPálm): Ég vildi óska eftir því, að menn yrðu ekki langorðir um þetta mál, því að aðkallandi störf liggja fyrir. Slíkar fyrirspurnir sem þessa ætti heldur að leggja fram formlega til ríkisstjórnarinnar. Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að hér eiga sæti á þingi allmargir menn, sem kallast mega atvinnurekendur, bændur, kaupmenn og fleiri, og munu þeir ekki geta farið fram á orlofsfé. Hér eru og allmargir embættismenn, sem eðlilega gegna ýmsum störfum, og gæti það orðið langur listi, ef allt ætti að tína til. Hitt hefur skrifstofustjóri látið vita, að þeir þm., sem engin önnur störf hafa en þingmennsku, fengju orlofsfé.

Gylfi Þ. Gíslason: Það eru aðeins örfá orð. Þeir tveir þm., sem orðið hafa aðnjótandi þessara launabóta, hafa gefið þá skýringu, að þeir gegndu engum fastlaunuðum störfum hjá ríkinu. Ég get þá ekki séð annað en að allir bændur, sem sæti eiga á þingi, ættu rétt á þessari orlofsfjárgreiðslu. Mér finnst, að þingfararkaupsnefnd ætti að taka þetta til athugunar. Út af þeim orðum hv. 2. þm. Reykv., að það sæti ekki á mér að koma fram með slíka fyrirspurn sem hér um ræðir, þar sem ég væri einn af hæst launuðu mönnum ríkisins, þá vil ég benda honum á, að ég hygg, að hann hafi tekið munninn helzt til fullan. Ég er á launum hjá háskólanum, hann hjá Sósfl., og ég hygg, að hann hafi hærri laun hjá flokknum en ég hjá háskólanum, en laun mín þar eru 11100 kr. á ári í grunnlaun. Auk þess á ég sæti í stjórnarskrárnefnd, en svo vill til, að hv. 2. þm. Reykv. á þar sæti líka. Hv. þm. þarf því ekkert að vera með neinn samanburð í þessu efni.

Hermann Guðmundsson: Ég skal ekki vera langorður. En út af því, sem hér hefur verið sagt, vil ég taka það fram, að ég mæli alls ekki á móti því, að það séu fleiri hv. þm. en við tveir, sem rétt eiga á orlofsfé. Ég sem starfandi verkamaður hef framvísað minni orlofsbók hér og krafizt míns orlofsfjár. Það mun ekki standa á mér að endurgreiða kaupið, ef það reynist rangt, sem gert hefur verið. Ég tel rétt að athuga þetta mál betur, svo að jafnrétti megi ríkja. Það var ekki ástæðan hjá okkur með því að krefjast orlofsfjár, að við vildum fá meira kaup en aðrir þingmenn, heldur réð gerðum okkar aðeins sú venja, sem við höfum átt við að búa í vinnu okkar.

Finnur Jónsson: Hæstv. forseti taldi það réttara að beina slíkri fyrirspurn sem þessari til ríkisstj. Ég álít þó, að þetta mál heyri ekki undir ríkisstj., heldur sé það undir ákvörðun forseta komið. Ég vil ekki draga það í nokkurn efa, að þessir tveir þingmenn eigi rétt á orlofsfé, en þessi aðferð finnst mér nokkuð óvenjuleg, að greiða þingmönnum fé á bak við þingið og án þess að hafa um það samstarf við þingfararkaupsnefnd. Í fljótu bragði virðist mér, eftir því sem komið hefur fram í þessum umr., að allir þm. eigi rétt á orlofsfé. — En ég býst við, að það sé alveg nýtt í þingsögunni að mismuna þingmönnum fyrir störf sín á Alþingi, og ef þessir tveir þm. eiga að hafa rétt til orlofsfjár, þá gefur það tilefni til að taka þetta mál upp í heild og endurskoða það.

Forseti (JPálm): Ef hv. þm. Ísaf. hefur ekki verið viðstaddur og því ekki heyrt það, sem ég sagði áðan, þá endurtek ég það, að það er ekki hlutverk forseta að taka ákvarðanir í þessu máli. Hvort þm. eða starfsmönnum Alþingis skuli greitt orlofsfé, heyrir vitaskuld undir skrifstofustjóra Alþingis eða þingfararkaupsnefnd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tek undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, að fleiri alþm. muni hafa rétt til þess að krefjast orlofsfjár. Það virðist sjálfsagt að samþ. nú á Alþingi launahækkun fyrir alþm., er launalækkunarfrv. ríkisstjórnarinnar til handa almenningi er að komast í framkvæmd. Það væri mjög virðingarvert, ef hv. þm. sýndu nú þann dugnað að ganga á undan öðrum launþegum landsins og sameinuðust um að krefjast orlofs á kaup sitt, sem samsvarar 4% kauphækkun. Ég mun styðja hv. 4. þm. Reykv. í þessu réttlætismáli, að fleiri þm. verði gefinn kostur á að hirða orlofsfé á laun sín. Hv. þm. upplýsti, að hann hefði 11100 kr. grunnlaun sem prófessor við Háskóla Íslands auk sinna þingmannslauna. Hvað mig varðar, þá get ég frætt hv. þm. á því, að frá 1. okt. s. l. hef ég aðeins haft mín þingmannslaun, en engin önnur. Ég hef heldur ekki átt sæti í neinum fastlaunanefndum nema einni, sem er stjórnarskrárnefnd, sem er alveg nýskipuð. Að vísu átti ég sæti í stjórnarskrárnefnd þeirri, sem var skipuð árið 1942, en fyrir þau störf hef ég ekki fengið nein laun enn þá. Ef eins langt líður nú, þangað til vænta má launa fyrir störf í hinni nýju stjórnarskrárnefnd sem í þeirri fyrri, þá má búast við því, að þau laun komi að litlum notum, a. m. k. í ár. Þetta vildi ég leyfa mér að upplýsa.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég gerði kröfu til að fá greitt orlof vegna þess, að yfir

að hneppa en að sinna þingstörfunum. Að vísu hafði mér alls ekki dottið í hug, að ég fengi orlof greitt sem þm., og fyrsta árið, sem ég sat á þingi, fékk ég ekki orlof greitt, og játa ég, að þar hefur mér yfirsézt. Ég geri vart ráð fyrir, að alþm. þurfi að slá sér saman til að fá greitt orlofsfé. Ég fór með mína orlofsbók til skrifstofustjóra og fékk mitt orlofsfé greitt. Ég mun halda því áfram að rukka orlofsfé mitt, hvort sem það er hér á hæstv. Alþingi eða annars staðar, og ég skil ekki, hvers vegna hv. þm. eru svo uppnæmir fyrir þessu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. hélt hér launakröfuræðu. Hann er ekki síður skeleggur í kröfum sínum fyrir sjálfan sig heldur en aðra. Ég vildi aðeins taka það fram, ef hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki heyrt það, að fyrirspurn mín um þetta mál er ekki fram komin vegna mín eða neins ákveðins þm. annars. Ég fyrir mitt leyti mun ekki taka við orlofsfé fyrir þingstörf mín, þótt mér væri fengið það. Tilgangur minn var einungis sá, að fá nokkra skýringu á því, hverju það sætti, að tveim þm. hefði verið greitt orlofsfé á kaup sitt, en öðrum ekki.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að blanda mér inn í þessar umr. með löngu máli, en það hefur verið upplýst hér í dag, að tveir þm. fá greitt orlofsfé, en aðrir ekki. Þetta hafði ég ekki heyrt áður, og mér finnst það skrýtið. Ég hafði haldið, að þm. væri greitt sama kaup fyrir störf sín, en þessir tveir fá 4% uppbót á laun sín. Ég veit nú ekki, hvernig þetta er metið. Er farið í Alþingistíðindin til þess að meta störf manna, og afreka þessir tveir menn 4% meira en aðrir þm.? Ég vil skjóta því hér að, hvort ekki væri rétt að setja það í l., að þm. skuli fá sömu laun. Ég felldi mig bezt við, að greiðsla orlofsfjár félli niður og þessir tveir þm. fengju engar uppbætur fyrir þetta þing.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skil varla, við hvað hv. þm. V-Húnv. hefur átt, er hann talaði um það áðan, að þm. væri mismunað fyrir störf sín. Mér skilst, að skrifstofa Alþingis hafi veitt tveim þm. orlofsfé samkv. l., er þeir fóru fram á það að fá það greitt, en aðrir þm. hafi ekki beiðzt orlofsfjár. Ég býst ekki við því, að utanbæjarmönnum sé greitt öðruvísi en innanbæjarmönnum. Þm. þeir, sem nú eiga sæti á Alþingi, hafa mjög mismunandi störfum að sinna utan sinna þingstarfa, og finnst mér eðlilegast, að þingfararkaupsn. taki þessi mál til athugunar. Væri nógu fróðlegt fyrir stjórnarliðið að kanna þetta nokkuð og fá upplýsingar um tekjur þm.

Forseti (JPálm): Umr. um þetta mál er lokið. Út af ummælum hv. þm. V-Húnv., að rétt væri, að þingfararkaupsn. athugaði mál þetta, þá skilst mér, að það geti heyrt undir hana að svo miklu leyti sem greiðslur á orlofsfé heyra ekki undir l. um orlof.

IV. Ræðuskil þingskrifara.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef haft þann sið, síðan ég kom á Alþing, að reyna að lesa yfir þingræður mínar. Ég reyndi þetta líka í sumar, og þótt nú sé komið þing, eru ekki enn komnar til þingsins allar þingræður frá í fyrra. Nú hef ég heyrt, að forsetar hafi „honorerað“ alla þingskrifarana með því að ráða þá aftur, en ég veit, að frá þrem skrifurum voru ókomnar ræður í ágúst. Tveir þeirra hafa nú skeinzt til að skila, en frá þeim þriðja er ókomið enn. Ég vildi mælast til þess, að forsetar sæju um það, að þm. ættu þess sem fyrst kost að leiðrétta ræður sínar og að það þyrfti ekki að bíða alveg milli þinga, að þm. fengju að sjá þær, heldur gætu gert það, meðan á þingi stendur.

V. Orðsending frá ríkisarfa Norðmanna.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., áður en gengið var til dagskrár, mælti

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt eftirfarandi orðsending:

Herra Jón Pálmason
forseti sameinaðs Alþingis.

Sem heiðursforseti norsku Snorranefndarinnar og formaður sendinefndar norsku ríkisstjórnarinnar við afhjúpun Snorralíkneskisins í Reykholti leyfi ég mér að færa yður, herra forseti sameinaðs Alþingis, og íslenzku ríkisstjórninni innilegustu þakkir vorar fyrir þær ágætu móttökur, sem norsku fulltrúarnir urðu aðnjótandi á Íslandi á s. l. sumri.

Það varð oss öllum til innilegrar ánægju, að íslenzka ríkisstjórnin og þjóðin tóku við Snorralíkneskinu með sama hugarþeli og gjöfin var afhent sem einlægan vott um þakklæti vort og tákn um vináttu milli norrænu frændþjóðanna.

Vér munum ætíð minnast þessara júlídaga á Íslandi, hátíðarinnar í Reykholti, þar sem þjóðin kom þúsundum saman ásamt forustumönnum sínum með forseta Íslands í öndvegi, hinnar fögru og áhrifaríku minningarathafnar í Fossvogskirkjugarði. Þar hreif oss mest hið innilega vinarþel, sem tengir oss Íslandi.

Ekki munum vér sízt minnast samverustundanna, gestrisninnar og einlægninnar, sem kom í ljós í veizlum og ferðalögum á degi hverjum.

Ég þakka yður, herra forseti sameinaðs Alþingis, fyrir hönd allra Norðmanna.

Konungshöllinni í Oslo í ágúst 1947
Olav (sign.)
Johan E. Mellbye (sign.).

VI. Minning Einars Árnasonar.

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., mælti

forseti (BSt): Eins og yður, hv. þm. í Ed., er kunnugt, hefur sá sorgaratburður gerzt, að Einar Árnason á Eyrarlandi andaðist snögglega á heimili sínu í morgun. Þessa gagnmerka manns, sem m. a. var um mörg ár forseti þessarar d., verður minnzt á sérstökum þingfundi síðar í dag, en vegna þessa atburðar verður ekki gengið til dagskrár nú og dagskrármálið tekið út af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (BG): Vegna andláts fyrrv. alþingisforseta Einars Árnasonar, sem minnzt verður á fundi Sþ. kl. 4.45 í dag, fellur fundur niður í deildinni, og segi ég hér með þessum fundi slitið.

Á 21. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (JPálm): Í morgun varð bráðkvaddur að heimili sínu, Eyrarlandi í Eyjafirði, Einar Árnason fyrrv. alþingisforseti, tæpra 72 ára að aldri.

Einar Árnason fæddist 27. nóv. 1875 á Hömrum við Akureyri, sonur Árna bónda þar og síðar á Naustum og Eyrarlandi Guðmundssonar og konu hans Petreu Sigríðar Jónsdóttur bónda á Ytra-Laugalandi Halldórssonar. Hann útskrifaðist úr gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum 1893, vann síðan að mestu í foreldrahúsum til 1900, en stundaði farkennslu á vetrum. Árið 1901 reisti hann bú á Eyrarlandi og bjó þar góðu búi til dauðadags. Héraðsmenn kusu hann snemma til ýmissa trúnaðarstarfa. Hann átti sæti í hreppsnefnd frá 1903 og var oddviti hennar næstu 6 árin, sat í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga frá 1906 og var formaður þess frá 1917, sýslunefndarmaður frá 1939 og í fasteignamatsnefnd Eyjafjarðarsýslu 1916—'18. Árið 1936 var hann kosinn í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga og var jafnframt formaður sambandsins frá þeim tíma til dauðadags. Eyfirðingar kusu hann á þing 1916, og átti hann þar sæti óslitið til 1942, eða um 26 ára skeið. Hann var forseti sameinaðs Alþingis 1932 og forseti efri deildar 1933—'42. Fjármálaráðherra var hann um tveggja ára skeið, 1929—'31. Þess má geta, að hann var forseti landsbankanefndar á árunum 1937—'46.

Einar Árnason var fyrir margra hluta sakir hinn merkasti maður. Um búsýslu alla var hann, eins og í öðru, snyrtimenni, glöggur á það, sem til framfara horfði, og með mestu umbótamönnum í héraði sínu. Eins og drepið var á í yfirliti um störf hans, hóf hann snemma að taka þátt í samvinnufélagsstarfseminni, var mjög áhugasamur um þau mál, innan héraðs og utan, gerðist og brátt einn meðal helztu forvígismanna samvinnuhreyfingarinnar. Kom það og í ljós, að hann hafði meira traust í þeim félagsskap en flestir menn aðrir, þar sem hann var kosinn í hinar æðstu trúnaðarstöður, honum falin formennska um langt skeið í stærsta kaupfélagi landsins og síðan jafnframt formennska í Sambandi ísl. samvinnufélaga síðustu 11 ár ævinnar. Var og almennt talið, að hann rækti störf sín á þessu sviði af áhuga og trúmennsku.

Á Alþingi naut Einar Árnason mikils trausts og vinsælda. Hann var stilltur maður og hóglátur, en beitti sér af árvekni og áhuga við þingstörf. Hann lét samvinnu- og landbúnaðarmálin mest til sín taka auk margháttaðra framfaramála héraðs síns, var prýðilega máli farinn, rökvís og laginn að koma fram málum sínum. Forsetastörfin fóru honum mjög vel úr hendi, enda var maðurinn glöggur og athugull.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu þessa merkismanns og héraðshöfðingja virðingu sína með því að rísa úr sætum.

[Allir þm. risu úr sætum.]

VII. Kosningar.

1. Landsbankanefnd.

Á 34. fundi í Sþ., 20. jan., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í landsbankanefnd og jafnmargra varamanna, allra til 6 ára, fyrir árabilið frá 1. jan. 1948 til 31. des. 1953, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, og l. nr. 40 12. febr. 1940, um breyt. á þeim lögum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 4. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar, og voru á þeim samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
- Sigurður Kristjánsson (A),
- Skúli Guðmundsson (B),
- Áki Jakobsson (C),
- Sigurjón Á. Ólafsson (D),
- Hallgrímur Benediktsson (A).

Varamenn:
- Jón Pálmason (A),
- Guðmundur Kr. Guðmundsson (B),
- Brynjólfur Bjarnason (C),
- Finnur Jónsson (D),
- Sigurður Bjarnason (A).

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 34., 41. og 43. fundi í Sþ., 20. jan. og 4. og 11. febr., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1946, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson og Sigurjón Á. Ólafsson, á B-lista Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 35 atkv., B-listi 10 atkv., en einn seðill var auður. — Samkv. því hlutu kosningu:
Jón Pálmason,
Jörundur Brynjólfsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var tekin til meðferðar
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1947, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson og Sigurjón Á. Ólafsson, á B-lista var Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 35 atkv., B-listi 10 atkv. — Kosningu hlutu því:
Jón Pálmason,
Jörundur Brynjólfsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

3. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.
Á 34., 41. og 43. fundi í Sþ., 20. jan. og 4. og 11. febr., var tekin á dagskrá
kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, skv. reglum um sjóð þennan frá 16. okt. 1912, 3. gr.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður, Þorkell Jóhannesson prófessor og Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari. — Á B-lista var Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari. — B-listi var tekinn aftur. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Matthías Þórðarson,
Þorkell Jóhannesson,
Þórður Eyjólfsson.

4. Stjórn byggingarsjóðs verkamanna.
Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var tekin til meðferðar
kosning eins manns í stjórn byggingarsjóðs verkamanna, til ársloka 1949, í stað Magnúsar bankastjóra Sigurðssonar, sbr. 8. gr. og bráðabirgðaákvæði l. nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Þar sem aðeins einn maður var tilnefndur, lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:
Jón G. Maríasson bankastjóri.

5. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.
Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning fjögurra manna nefndar skv. 15. gr. A. IX í fjárlögum fyrir árið 1948 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Fram komu fjórir listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:
Þorsteinn Þorsteinsson alþm. (D),
Þorkell Jóhannesson prófessor (B),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C),
Ingimar Jónsson skólastjóri (A).

6. Endurskoðandi reikninga landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.
Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning endurskoðanda reikninga landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, til ársloka 1949, í stað Þórhalls Vilhjálmssonar (sem skipaður hefur verið hafnarstjóri), sbr. 13. gr. og bráðabirgðaákvæði l. nr. 25 23. apríl 1946.

Þar sem aðeins einn maður var tilnefndur, lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:
Steindór Pétursson, Keflavík.

VIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir lausir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur.
Sigríður Bjarklind, Jóhannes Halldórsson, Unnur Árnadóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla.
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla.
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir.
Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Ólafur Siggeirsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Róbert Bjarnason, Emil Björnsson, Þórunn Bjarnadóttir, Gísli Jónsson, Sigfríður Bjarnar, Ólafur Jónsson (lét af starfi 2. marz; í hans stað var ráðinn Baldur Jónsson), Halldór Ó. Jónsson, Auðbjörg Tryggvadóttir, Sölvi Blöndal, Þórarinn Þór (fram að þinghléi; í hans stað var ráðinn eftir þinghlé Þorsteinn Valdimarsson), Ingólfur Árnason.

Dyra- og pallavarzla.
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Blandon, Guðmundur Davíðsson, Jón Hjartarson, Þórður Jónsson, Þorlákur Haldorsen, Magnús Guðmundsson, Bjarni Ólafsson (fram að þinghléi; í hans stað var ráðinn eftir þinghlé Albert Guðmannsson).

Þingsveinsstörf.
Ráðnir í þingbyrjun: Hafsteinn Halldórsson, Oddur Ólafsson, Pálmi Ágústsson, Gunnar M. Björnsson.
Allir létu þessir þingsveinar af starfi fyrr eða síðar á þingtímanum, og voru síðar ráðnir til lengri eða skemmri tíma: Guðmundur Arnar Guðmundsson, Sigurður Sigurðsson, Rúnar Ólafsson, Hjálmtýr Hjálmtýsson, Erlingur Ólafsson.

Enginn þingsveinanna gegndi starfinu allan þingtímann, og lengst af voru þeir fjórir samtímis.

Símavarzla.

Ingibjörg Pétursdótir, Halldóra B. Björnsson, Erna Stefánsdóttir.

Fatagæzla.

Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi.

Helgi Hjörvar.

IX. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 33. fundi í Sþ., 20. des., er samþ. hafði verið þál. um frestun á fundum Alþingis, mælti

forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 67. löggjafarþings, frá 20. desember 1947, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 20. janúar 1948.

Ritað í Reykjavík 20. des. 1947.

Sveinn Björnsson

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson."

Í samræmi við þetta bréf lýsi ég því yfir, að fundum Alþingis er frestað, og það verður kvatt saman til framhaldsfunda eigi síðar en 20. janúar n. k.

Forseti (JPálm): Verkefni þessa fundar er nú lokið og þingfundum frestað, eins og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir. — Ég óska hv. þm. gleðilegra jóla og gleðilegs og farsæls komandi nýárs, með þakklæti fyrir samvinnuna á því liðna. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar, góðrar heimkomu og góðrar ferðar hingað aftur og að við megum allir heilir hittast, þegar þingið kemur saman á ný.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og ég veit, að ég tala fyrir alla þm. — að óska hæstv. forseta gleðilegra jóla og nýárs, góðrar heimferðar og hingaðkomu og leyfi mér að biðja hv. þm. að taka undir þessar kveðjur mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. og öðrum þm. góðar kveðjur í minn garð.

Á 34. fundi í Sþ., 20. jan., mælti

forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil leyfa mér að lesa upp forsetabréf, er hljóðar svo:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi, 67. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 20. janúar 1948, kl. 13.30.

Ritað í Reykjavík 9. jan. 1948.

Sveinn Björnsson

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson."

Samkvæmt þessu bréfi tekur Alþ. nú til starfa að nýju.

Forseti (JPálm): Hæstv. forsrh. hefur nú skýrt frá, að störf Alþ. skuli nú hefjast að nýju, og vil ég um leið bjóða hv. þm. velkomna hingað aftur til starfa, og óska ég hv. þm. og starfsfólki gæfu og farsældar á þessu nýbyrjaða ári.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 89. fundi í Ed., 24. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Ég geri nú ráð fyrir, að með þessum fundi sé störfum þessarar hv. d. lokið á þessu þingi.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil gera fyrirspurn um það, hvort ekki verði tekið fyrir á fundinum þetta mál, sem tekið var hér fyrir áðan, frv. um rekstrarsjóð symfóníuhljómsveitar Íslands. Mér skildist, að hæstv. forsrh. mundi leyfa afbrigði fyrir málinu. En hæstv. ríkisstj. hefur það á valdi sínu að neita um afbrigði við 3. umr. Og ég kynni þá betur við, að það kæmi skýrt fram.

Forseti (BSt): Hv. þdm. urðu varir við það, að það var ekki með ljúfu geði, sem afbrigði fyrir þessu máli voru fyrst veitt. Og eftir að það var, kom hæstv. menntmrh. til mín og bað mig að taka málið af dagskrá. Ég tel nú eiginlega ófært að fara að breyta því. Og ef málið væri tekið fyrir, mundum við sennilega þurfa að vaka hér nokkuð lengi nætur. En ef vilji er fyrir því að fá það samþykkt, þá ætti það ekki að þurfa að taka marga mánuði á næsta þingi að koma því í gegn. En ég get ekki farið að halda hér nýjan fund nú út af þessu máli, eins og ástatt er. Málið var tekið af dagskrá eftir ákveðinni beiðni ríkisstj. **(BrB:** Það jafngildir því að neita um afbrigði.) Ég legg ekki dóm á það. Það hefur oft komið fyrir, að mál hafa verið tekin af dagskrá samkvæmt ósk ríkisstj. Og ég held, að forsetar úr öllum flokkum þingsins hafi þá farið eftir því og gert svo. Og þar af leiðandi, af því að ég treysti mér ekki til að fara að halda nýjan fund um þetta mál nú, þá geri ég ráð fyrir, að með þessum fundi ljúki störfum þessarar hv. d. að þessu sinni.

Vil ég nota tækifærið, áður en ég slít fundi nú, til að þakka öllum hv. þdm. samvinnuna á þessu þingi, sem í alla staði hefur verið góð gagnvart mér, og ég tek þar engan undan. Þó að ég sé enginn viðvaningur við að sitja á þingi, þá var ég viðvaningur í þessu starfi, þegar ég settist í þennan stól í haust, og veit ég, að mér muni hafa orðið ýmislegt á við fundastjórnina. En hv. þdm. hafa sýnt mér hið mesta umburðarlyndi, og aldrei hefur borið neitt út af á milli mín og hv. þdm., að því er fundarstjórn snertir.

Óska ég öllum hv. þdm., sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimkomu, og öllum hv. þdm. góðrar framtíðar og gleðilegs sumars.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil í nafni deildarinnar þakka hæstv. forseta fyrir hans ágætu og röggsamlegu og réttlátu fundarstjórn hér í hv. d. Og vil ég óska honum alls góðs, góðrar heimkomu og góðrar framtíðar, og þakka honum fyrir hið ágæta samstarf, sem hefur verið milli hans og hv. þdm. — [Deildarmenn risu allir úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka.

b. Í neðri deild.

Á 83. fundi í Nd., 23. marz, mælti

forseti (BG): Dagskrá þessa fundar er þrotin, en enn er ekki hægt að segja með vissu, hvort störfum þingdeildarinnar er lokið. Þar sem það þó þykir ólíklegt, að frekari fundir verði, vil ég færa hv. þingdeildarmönnum beztu þakkir fyrir ágætt samstarf og þakka þeim þá þolinmæði, sem þeir hafa sýnt mér sem forseta deildarinnar. Ég vil óska þingmönnum góðrar ferðar og góðrar heimkomu og giftu og gengis í framtíðinni.

Einar Olgeirsson: Ég vil þakka forseta góðar óskir og veit, að ég mæli fyrir munn allra þingdeildarmanna, þegar ég þakka honum góða og réttláta fundarstjórn og óska honum allrar giftu. Ég vil leyfa mér að biðja þingmenn að standa upp og taka þannig undir þessar óskir. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (BG): Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessu vingjarnlegu orð og hv. þingdeildarmönnum fyrir þá virðingu, er þeir hafa sýnt mér. — Fundi er slitið.

XI. Þinglausnir.

Á 64. fundi í Sþ., 24. marz, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 1. okt. 1947 til 24. marz 1948, eða alls 176 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	83
- efri deild	89
- sameinuðu þingi	64
Alls	236 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	15		
b. — — efri deild	21		
c. — — sameinað þing	3		
			39
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	48		
b. — — - efri deild	27		
			75
			114
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	31		
Þingmannafrumvörp	31		
		alls	62 lög
b. Felld:			
Þingmannafrumvarp	1		
c. Afgr. með rökst. dagskrá:			
Þingmannafrumvörp	6		
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvarpi	1		
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	8		
Þingmannafrumvörp	36		
	114		

II. Þingsályktunartillögur:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi		72
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	16	
b. Afgr. með rökst. dagskrá	4	
c. Vísað til ríkisstj.	1	
d. Ekki útræddar	51	
	72	

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 27, en sumar eru saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema		15
Þar af:		
a. Svarað	26	
b. Ekki svarað	1	

Mál til meðferðar í þinginu alls 201
Tala prentaðra þingskjala alls 692

Síðan mælti

forseti (JPálm): Háttvirtu alþingismenn.

Það þing, sem nú er að enda, er allmiklu styttra en sum önnur, sem háð hafa verið að undanförnu. Þó er það orðið alllangt, eins og þegar hefur verið tekið fram. Þær orsakir, er liggja til þess, að það hefur tekið svo langan tíma, eru þær sömu og að undanförnu, sem sé sívaxandi óvissa og sívaxandi fjöldi mála, sem Alþingi þarf að fjalla um. Þegar svo stendur sem nú, að þrír allólíkir stjórnmálaflokkar standa að ríkisstjórninni, þá kostar afgreiðsla allra stærri mála langvarandi og víðtækan undirbúning, sem venjulega veldur miklum örðugleikum og kostar mikla vinnu. Þannig hefur

gengið á þessu þingi, að þau tvö stórmál, sem fyrst og fremst setja svip sinn á þingið, dýrtíðarlögin og fjárlögin, hafa haft í för með sér miklar rannsóknir og athuganir. Vinnan við undirbúning þeirra og afgreiðslu hefur tekið mestan tíma þingsins. Gildir það ekki einkum fundarhöld og umræður í þingsölunum, heldur fyrst og fremst erfitt, tímafrekt og vandasamt starf hjá hæstvirtri ríkisstjórn í þeim flokkum, sem styðja hana, og í umsvifamestu nefnd þingsins, háttvirtri fjárveitinganefnd.

Þessi tvenn lög, dýrtíðarlögin og fjárlögin, hafa áhrif á hag og atvinnu svo að segja hvers einasta manns í landinu á því ári, sem yfir stendur, og lengra fram í tímann. Það er ágreiningur um minni hluti en þá, sem þar er um að ræða, og því er eðlilegt, að svo sé einnig um þetta. Ég mun ekki gera neina tilraun til þess hér að lýsa þessum eða öðrum lögum og samþykktum, sem þingið hefur afgreitt. Þýðingarmestu lögin, fjárlögin fyrir árið 1948, eru nokkuð kunn landsfólkinu af nýafstöðnum útvarpsumræðum. Ég sé eigi ástæðu til við þetta tækifæri að gefa af þeim frekari lýsingar og ekki heldur af öðrum lögum. En ég óska þess, að sú gæfa hljótist af starfi og ráðstöfunum þessa Alþingis, sem þeir menn gera ráð fyrir, sem bjartsýnastir eru á áhrif þeirra.

Ég þakka háttvirtum alþingismönnum, hæstvirtri ríkisstjórn og öllum starfsmönnum þingsins góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta. Ég óska þeim öllum gleðilegrar í hönd farandi páskahátíðar og gæfuríks komandi sumars. Öllum utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Óska ég þess og lýsi þeirri von, að þegar Alþingi hefst næst, þá megi allir núverandi alþingismenn hittast heilir heilsu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti sameinaðs Alþingis. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þm. — og ég veit ég tala þá í nafni allra þeirra — að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðarkveðjur til okkar þm. Ég vil leyfa mér um leið að þakka honum fyrir réttláta og einarða og ágæta fundastjórn, fyrir gott samstarf við okkur þm. Ég vil leyfa mér að óska honum góðrar heimferðar og honum og hans fjölskyldu alls góðs, þar til við sjáumst næst. Ég óska honum gleðilegra páska og vænti þess, að við megum hittast heil, þegar Alþ. kemur saman á ný. Ég vil biðja hv. alþm. að staðfesta þessar óskir mínar til hæstv. forseta með því að standa upp. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir þakkarorðin og óskir í minn garð og öðrum hv. þm. fyrir undirtektir undir það.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 22. þ. m. var gefið út svolátandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, að Alþingi, 67. löggjafarþingi, skuli slitið miðvikudaginn 24. marz 1948.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gert í Reykjavík 23. marz 1848.

Sveinn Björnsson

Stefán Jóh. Stefánsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, segi ég þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum sínum, slitið. Um leið og ég óska þingmönnum velfarnaðar, vil ég biðja þá að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson,** mælti: „Lifi Ísland". Þingmenn tóku undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.